

100 ^{ára}
1916
2016


Alþýðusamband Íslands




Skýrsla forseta

um störf Alþýðusambands Íslands 2016

42. þing ASÍ 26.-28. október 2016





SKÝRSLA FORSETA
um störf
Alþýðusambands Íslands
árið 2016

Skýrsla forseta ASÍ 2016

Skýrsla forseta um störf ASÍ er unnin af starfsfólki á skrifstofu ASÍ, á ábyrgð deildarstjóra. Nokkrir kaflar eru teknir saman með aðstoð samstarfsfólks úr verkalýðshreyfingunni, starfsfólki Mímis-símenntunar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Virk-Starfsendurhæfingarsjóðs og Listasafns ASÍ.

Ritstjóri: *Snorri Már Skúlason*

Ábyrgðarmaður: *Gylfi Arnbjörnsson*

Umbrot og prentun: *Ísafoldarprentsmiðja*

Myndir: *Lárus Karl og starfsfólk ASÍ*

Kápuhönnun: *Ennemm og Tómas Bolli Hafþórsson*

Skýrslan lögð fyrir formannafund ASÍ

42. þing ASÍ 26.-28. október 2016.

Reykjavík, október 2016 – Ísafoldarprentsmiðja

Efnisyfirlit

Inngangur	7
Formannafundur ASÍ 2015	11
Ávarp forseta ASÍ	11
Horfur í efnahagsmálum	13
Kjara- og efnahagsmál og nýtt samningalíkan	16
Ályktun um kjaramál	22
Reglugerð um bókhald og ársreikninga aðildarsamtaka ASÍ	23
Tillögur starfshóps um upplýsinga- og kynningarmál	24
EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL!	25
Fulltrúar á formannsfundi ASÍ 2015	29
ASÍ 100 ára	33
Af vettfangi miðstjórnar ASÍ	41
Ályktanir miðstjórnar ASÍ	51
Efnahagsmál	57
Verðlagseftirlit ASÍ	64
Kjaramál	71
SALEK	71
Rammisamkomulag aðila vinnumarkaðarins	75
Kjarasamningar í janúar 2016	80
Rafræn allsherjaratkvæðagreiðsla um kjarasamning 21.1.2016	84
Deilur um þjóðhagsráð	91
Úrskurður kjararáðs	92
Atvinnumál	95
Aðstæður á vinnumarkaði	95
Velferðarmál	101
Kaup og kjör	101
Ráðstöfunartekjur	102
Skuldir og fjárhagur heimila	103
Heilbrigðiskerfið	106
Almanna- og sjúkratryggingar	110
Fjárhagsaðstoð sveitafélaga	111
Húsnæðismál	113
ASÍ stofnar nýtt íbúðafélag á 100 ára afmælinu	118
Staða leigjenda	126
Velferðarnefnd ASÍ	129
Lífeyrismál	131
Jöfnun lífeyrisréttinda og kjarasamningar	132
Endurskoðun á kjarasamningi ASÍ og SA um lífeyrismál	134

Endurskoðun almannatrygginga	137
Umhverfismál	149
Félags- og vinnumarkaðsmál	153
Jafnrétti á vinnumarkaði	154
Jafnréttis- og fjölskyldunefnd	155
Starfshópur um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum	158
Aðgerðarhópur um launajafnrétti	161
Klukk – tímaskráningar-app	162
EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL	163
Efling vinnustaðaeftirlitsins	171
FINNUR – Gagnagrunnur um vinnumarkaðinn	172
Yfirlýsing um sjálfbodastörf	173
Vinnuvernd	178
Atvinnuleysistryggingar, vinnumiðlun og vinnumarkaðsaðgerðir	182
Starf – vinnumiðlun og ráðgjöf	183
Barátta ASÍ gegn kennitölulakki og svartri atvinnustarfsemi	184
Framkvæmd EES-samningsins og Evrópusamvinnan	185
Málefni flugliða hjá Primera Air	187
Málshöfðun vegna skattlagningar á lífeyrissjóðina	188
Fræðslu- og menntamál	191
MFA Fræðsludeild ASÍ	192
Félagsmálaskóli alþýðu	192
Fagháskólastigið	198
Mat á námi til launa	204
Áttin.is	205
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	207
Styrkir Fræðslusjóðs 2015	209
Öflun upplýsinga um markhóp og menntunarfær hans	212
Námskrár og námslýsingar	214
Þróun aðferða í framhaldsfræðslu	215
Gæði og þróun raunfærismats	216
Gæði í framhaldsfræðslu	220
Mímir-símenntun	222
Nám fyrir starfsmenn á leikskóla og í heilbrigðis- og félagsþjónustu	226
Námsleiðir í tilraunakennslu	227
Nám fyrir fólk af erlendum uppruna	229
Erlend samstarfsverkefni	235
Gæðastjórnun	237
Almennt um rekstur Mímis-símenntunar	238

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar.....	238
Erlend samskipti	241
Norraena verkalýðssambandið - NFS.....	241
Samstarf norraenu alþýðusambandanna um samningamál.....	242
Verkalýðshreyfingin í Norður-Atlantshafi (VN).....	242
Evrópusamband verkalýðsfélaga – ETUC.....	243
Evrópusambandið.....	244
EFTA - EES.....	245
Samak.....	251
Fundir hagfræðinga á Norðurlöndunum.....	252
105. þing ILO.....	252
Þríhliðanefnd ILO á Íslandi.....	255
Norraena ILO samstarfið.....	256
Friverslunarsamningur Íslands og Kína.....	256
Alþjóðlegur samráðsfundur um mannsæmandi störf í hnattrænum aðfangakeðjum (GSC).....	256
NFJS- Samráðsfundur lögfræðinga aðildarsamtaka NFS.....	257
Netlex – Networks of Legal Experts.....	258
Lagabreytingar og skipulagsmál	261
Verklag við rafrænar atkvæðagreiðslur.....	262
ASÍ-UNG.....	264
Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ	271
Listasafn ASÍ	275
VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður.....	281
Samstarf við lífeyrissjóði.....	285
Einstaklingar í þjónustu.....	287
Árangur VIRK.....	291
Kerfislægar hindranir við aukna atvinnuþátttöku.....	297
Virk í tölum.....	299
Umsagnir um þingmál.....	303
Fulltrúar ASÍ í nefndum og ráðum	363
Málefnanefndir miðstjórnar.....	377
Kynjabókhald 2015	381
Fundir og fundarsókn miðstjórnarmanna	395
Fjöldi félagsmanna í ASÍ eftir landssamböndum.....	399
Fjöldi félagsmanna í ASÍ eftir félögum/deildum.....	401
Stjórnir landssambanda, aðildafélaga og deilda.....	405
Reikningar ASÍ og stofnana	421


INNGANGUR

Skýrsla forseta um störf ASÍ árið 2016 er hugsuð til afnota í verkalýðshreyfingunni sjálfri, fyrir félögin, forystumennina og starfsfólkið á skrifstofum verkalýðsfélaganna. Hún er uppflettirit þar sem finna má á einum stað allt það helsta sem fram hefur farið á vettvangi Alþýðusambandsins frá september 2015 til september 2016. Skýrslan er prentuð í lágmarksupplagi en verður þess í stað dreift í rafrænu formi. Þetta er liður í þeirri viðleitni ASÍ að minnka pappírseyðslu en þing sambandsins haustið 2016 verður pappírslaut.

Árið 2016 er hundrað ára afmælisár Alþýðusambandsins og hafa hátíðarhöld af því tilefni verið áberandi á árinu. Á afmælisdaginn sjálfan, 12. mars, stóð ASÍ fyrir fernum stórtónleikum víðs vegar um landið. Þeir voru allir vel sóttir en um 8 þúsund manns sóttu afmælisviðburði þann dag í Reykjavík, á Ísafirði, Akureyri og Neskaupstað. Þá var haldið vel heppnað afmælisboð ASÍ á Árbæjarsafni í lok ágúst þar sem þrjú þúsund manns mættu og var það mesta aðsókn á safnið á einum degi á árinu. Að auki var haldin afar metnaðarfull ljósmyndasýning í Þjóðminjasafninu á vormánuðum og myndlistarsýning á helstu perlum í eigu Listasafns ASÍ í safnahúsinu við Freyjugötu í mars. Nánar má lesa um viðburði vegna aldarafmælis ASÍ á öðrum stað í þessu riti.

Vinna við nýtt samningalíkan fyrir Ísland hefur verið fyrirferðarmikið á árinu. Afar merkilegt samkomulag náðist í október 2015 á milli ASÍ og BSRB annars vegar og SA, samninganefndar ríkis og sveitarfélaga hins vegar, um bæði sameiginlega launastefnu til ársloka 2018 og meginstoðir nýs samningalíkans fyrir íslenskan vinnumarkað. Veigamikill hluti þessa samkomulags er að nýtt samningalíkan muni byggja á jöfnun lífeyrisréttinda og að taxtalaunahópar á almennum og opinberum vinnumarkaði fái tryggingu fyrir því að sitja ekki eftir ef launaskrið verður mikið. Því miður ákváðu KÍ og BHM að vera ekki aðilar að þessu samkomulagi, einkum vegna óánægju með hugmyndir um breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna.

Unnið hefur verið að því að móta nýtt samningalíkan í takt við það sem notað hefur verið á Norðurlöndunum undanfarna áratugi og gengur út frá sjálfbærri launaþróun. Í stuttu máli gengur samstarf SALEK-hópsins út á að stíga út úr því mynstri sem einkennt hefur íslenskan vinnumarkað þar sem hraðar launabreytingar um tíma leiða til ofpenslu sem aftur endar í efnahagslegri niðursveiflu með gengishruni og mikilli verðbólgu með háum



vöxtum. Í staðinn er horft til þess að reyna að tryggja að laun hækki á hraða sem er sjálfbær og hefur á endanum í för með sér mun meiri kaupmáttaraukningu en „Íslenska“ leiðin. Í þeirri viðleitni að skýra þessa framtíðarsýn var leitað til norska hagfræðingsins Steinar Holden, sem skrifaði skýrslu um þetta norræna samningalíkan, forsendur þess og helstu áskoranir sem við stöndum frammi fyrir. Er þessi skýrsla mikilvægt innlegg inn í þá umræðu sem hreyfingin þarf að fara í gegnum og er eitt af meginviðfangsefnum þings ASÍ í október 2016.

Með ramma-samkomulaginu frá því í október 2015 náðist einnig samkomulag um sameiginlega launastefnu til ársloka 2018, þar sem miðað er við að laun hækki um 32% frá nóvember 2013.

Þann 21. janúar 2016 var skrifað undir nýjan kjarasamning aðildarfélaganna Alþýðusambands Íslands við Samtök atvinnulífsins. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2018. Kjarasamningurinn fól í sér verulegar viðbætur við þær hækkanir sem samið var um árið 2015 fyrir félagsmenn ASÍ á almennum vinnumarkaði. Samningurinn byggir á fyrrgreindu ramma-samkomulagi og bókun um lífeyrisréttindi frá 5. maí 2011 og er ætlað að tryggja jafnræði í kjarabróun á grundvelli sameiginlegrar launastefnu og jöfnun lífeyrisréttinda. Kjarasamningurinn var síðan samþykktur í sameiginlegri allsherjaratkvæðagreiðslu allra félagsmanna aðildarsamtaka ASÍ á almennum vinnumarkaði með 91% atkvæða. Kjörsoðkn var 14%. Var þetta í fyrsta sinn sem aðildarfélag ASÍ afgreiða kjarasamning með þessum hætti.

Þrátt fyrir góða niðurstöðu í almennum samningunum á síðasta ári var stál í stál í Straumsvík þar sem starfsmenn álversins gerðu kröfu um sambærilegar launahækkanir og samið hafði verið um á almennum vinnumarkaði. Samtök atvinnulífsins f.h. ÍSAL gerðu það hins vegar að úrslitaatriði að stéttarfélagin á svæðinu myndu samþykkja verulegar breytingar á heimild fyrirtækisins til að beita undirverktökum til að sinna verkum sem hingað til hafa verið unnin á grundvelli kjarasamningsins í ÍSAL. Þessu var hafnað og endaði með því að Verkalýðsfélagið Hlíf boðaði til verkfalls hafnarverkamanna á svæðinu. Yfirmenn í álverinu brugðust við með því að ganga í störf þeirra sem voru í verkfalli og við það harðnaði deilan verulega. Miðstjórn ASÍ samþykkti harðorða ályktun um bæði framgöngu Samtaka atvinnulífsins og brot yfirmanna á vinnulöggjöfinni með því að ganga í störf á löglega boðuðu verkfalli. Forseti ASÍ hafði bein afskipti af þessari deilu og fór með formanni Hlífar á hafnarsvæðið í Straumsvík með verkfallsvörslu og gerði kröfu til þess að yfirmennirnir létu af þessu lögbroti. Fór ÍSAL með málið fyrir héraðsdóm með lögbannsbeiðni á aðgerðir verkfallsvarða og féllst héraðsdómur á lögbannsbeiðnina en með verulegum takmörkunum þannig að einungis æstu stjórnendur félagsins mættu ganga í störf undirmanna. Eftir nokkuð harðar

deilur náðist samkomulag í deilunni og var kjarasamningur undirritaður á grundvelli rammasamkomulagsins þar sem starfsmenn samþykktu ákveðnar breytingar á fyrirkomulagi undirverktöku en tókst að tryggja að slík vinna yrði framkvæmd á grundvelli sambærilegra kjara og gilda hjá ÍSAL.

Í kjarasamningum aðildarfélaganna ASÍ í maí 2015 var sérstaklega fjallað um húsnæðismál og tókst að ná fram yfirlýsingu og fyrirheitum um verulegar breytingar á húsnæðisbótum (húsaleigubótum) fyrir almennt launafólk. Jafnframt tókst samkomulag um að sett yrðu lög um nýtt almennt íbúðaleigukerfi sem tryggja myndi okkar tekjulægstu félagsmönnum öruggt og hagkvæmt húsnæði til langs tíma, þar sem ríkisstjórnin og sveitarfélögin hétu því að leggja fram 30-40% stofnkostnaðarstyrk fyrir 2.300 íbúðum á næstu 4 árum. Eftir mikla vinnu og náð samráð ASÍ og BSRB við atvinnurekendur, sveitarfélögin og ráðherra húsnæðismála tókst samkomulag um lög um almennar íbúðir sem afgreidd voru í júní sl. Í tilefni af 100 ára afmæli ASÍ ákvað miðstjórn ASÍ að stofna almennt íbúðafélag og af sama tilefni ákvað stjórn BSRB að leggja þessu mikilvæga málefni lið og gerast samstarfsaðilar okkar. Var félagið stofnað í sumar og heitir Almenna íbúðafélagið og hefur þegar tekið til starfa. Jafnframt náði ASÍ samkomulagi við Reykjavíkurborg um byggingu 1000 íbúða og Hafnarfjarðabæ um byggingu 150 íbúða á næstu 4 árum. Jafnframt hafa fjölmörg sveitarfélög víða um land leitað eftir samstarfi við þetta nýja félag um uppbyggingu almennra íbúða á landsbyggðinni. Enginn vafi er á því að hér er um mikilvægt skref í húsnæðismálum almenns launafólks að ræða og verður vonandi til þess að tryggja þeim öruggt húsnæðisúrræði á viðráðanlegum kjörum, en lögin miða við það að húsaleiga, að teknu tilliti til húsnæðisbóta, verði ekki hærri en sem nemur 25% af tekjum.

Alþýðusambandið ákvað í byrjun árs 2016 að hrinda af stað sérstöku samstarfsverkefni ASÍ og aðildarsamtakanna undir yfyrskriftinni EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL! Verkefninu er beint gegn undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi með áherslu á erlenda starfsmenn og ungt fólk sem er að hefja þátttöku á vinnumarkaði. Ástæða þess að ráðist er í verkefnið nú er mikil og stöðugt vaxandi brotastarfsemi á vinnumarkaði í kjölfar mikillar þenslu, sérstaklega í ferðaþjónustu, byggingariðnaði og mannvirkjagerð. Var þetta gert í kjölfar ákvörðunar miðstjórnar ASÍ að auka umsvif skrifstofu ASÍ með ráðningu tveggja nýrra sérfræðinga.

Verkefnið hefur þegar sannað gildi. Tekist hefur mikið og gott samstarf Alþýðusambandsins og aðildarfélaganna sem hafa stóraukið vinnustaðæftirlit og upplýsingamiðlun til félagsmanna og eftirfylgni þar sem brotastarfsemi á sér stað. Þá hefur einnig tekist ágætt samstarf við þær stjórnýslustofnanir sem málið varðar helst, þ.e. ríkisskattstjóra, Vinnumálastofnun, Vinnueftirlitið og lögregluna.

Liður í baráttunni gegn undirboðum á vinnumarkaði er sameiginleg yfirlýsing ASÍ og SA vegna svokallaðra sjálfboðaliðastarfa, þar sem aðilar áréttu að kjarasamningar skuli gilda um þau störf sem unnin eru á íslenskum vinnumarkaði og ef kjarasamningar eru ekki virtir gangi það gegn hagsmunum launafólks og grafi það undan starfsemi fyrirtækja sem virða lög og rétt. Þá ber að fagna því að hafnar eru viðræður um að hér á landi verði tekin upp svokölluð keðjuábyrgð til að tryggja kjör og réttindi starfsmanna þar sem um er að ræða keðju verktaka og undirverktaka.



FORMANNAFUNDUR ASÍ 2015

Miðvikudagur 28. október 2015

Formannafundur Alþýðusambands Íslands 2015 var haldinn 28. október í Rafiðnaðar-skólanum, Stórhöfða 27, Reykjavík.

Fundurinn hófst kl. 09.30 með skráningu og afhendingu fundargagna.

Formleg dagskrá hófst kl. 10.00.

Fundarstjórar, Sigurður Bessason, formaður Eflingar-stéttarfélags og 2. varaforseti ASÍ og Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.

Fundarritarar, Maríanna Traustadóttir og Halldór Oddsson frá skrifstofu ASÍ.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, setti fundinn.

Ávarp forseta ASÍ

Gylfi bauð fundargesti velkomna á formannafund ASÍ sem haldinn er á milli þinga sambandsins, en þau eru annað hvert ár. Hann byrjaði á því að fjalla um nýtt samningalíkan, en mikil umræða hefur verið að undanfögnu um það mál. Sú vegferð hófst árið 2013 í samstarfi við stærstu samtök launafólks og annarra aðila vinnumarkaðarins, en þá var farin ferð til Norðurlandanna til að kynna sér umhverfi kjarasamninga í löndunum með það að markmiði að bæta þekkingu og vinnubrögð við undirbúning og gerð kjarasamninga.

Í desember 2013 voru gerðir aðfarasamningar þar sem aðildarfélög ASÍ og einnig BSRB lögðu áherslu á að halda stöðugleika og lágrí verðbólgu, en jafnframt skýra tekjujöfnun með krónutöluáðgerðum undir yfirskriftinni „samræmd launastefna“. Aðgerðin tókst að því leyti að verðbólga á árinu 2014 var lægri en við höfum séð um árabil, sagði hann, en að aðgerðin hafi mistekist að því leyti að kennarar og aðrir háskólahópar hjá ríki og sveitarfélögum lýstu tekjujöfnunarstefnunni stríð á hendur. Þetta birtist í því að gerðardómur taldi eðlilegt að launahækkun tekjulægstu 5% í landinu yrði að fyrirmynd um hlutfallslega hækkun tekjuhæstu 5% í landinu. Þetta stríð stendur ennþá yfir og hefur fengið viðurnefnið „höfrungahlaupið“. Það er ljóst að ennþá er langt í land með að ná víðtækri samstöðu um tekjujöfnunarstefnuna í kjarasamningum, bæði innan sambandsins og í samskiptum við önnur heildarsamtök launafólks, sagði Gylfi. Þetta er áleitin og erfið umræða sem verður að leiða til lykta á næstu misserum, en ef við á vinnumarkaði ráðum ekki við að glíma við fátækt með kjarasamningum þá hlýtur Alþingi að taka við boltanum og setja lög um lágmarkslaun og það er staða sem við ekki viljum.

Okkur er sannarlega mikill vandi á höndum, sagði Gylfi, það er mikill ágreiningur á milli ólíkra tekjuhópa og allir virðast stefna á „leiðréttingu“ sinna mála. Gerðardómur frá því í ágúst sl. er viðmiðið í dag, en hann varpaði tekjujöfnunarstefnunni fyrir róða í sínum úrskurði. Það er óumdeilt bæði meðal hagfræðinga samtaka launafólks og atvinnurekenda að óbreyttu, þá stefnir í mikið óefni með tilliti til verðlags, vaxta og atvinnustígs og það mun hafa áhrif á félagsmenn aðildarfélaganna ASÍ, sérstaklega í lykilatvinnugreinum og á landsbyggðinni. Því er mikilvægt að við brjótumst út úr viðjum þessa vana og leggjum grunn að nýjum og breyttum vinnubrögðum. Félagsmenn okkar og þjóðin öll krefst nýrra háttá sem lagt getur grunn að bættum lífskjörum. Því er það skylda okkar að endurmeta aðgerðir okkar á vinnumarkaði, ekki svo að vinnumarkaðurinn beri ábyrgð á því sem hefur gerst hér á landi, síður en svo, það er líka skylda stjórnvaldaflokka að endurmeta sínar aðferðir. Sú umræða sem fram mun fara á næstu misserum um ný og breytt vinnubrögð á ekki eingöngu að snúa að vinnumarkaðinum heldur eiga allir aðilar að vinna saman. Skilaboð landsfundar Sjálfstæðisflokksins frá síðustu helgi bar ekki vott um nýja hugsun eða nýjar leiðir. Hin ferski andblær ungliðanna, sem mikið var fjallað um, var bæði tilviljanakenndur og einkenndist af hreinræktari nýfrjálshyggu, og sagðist Gylfi ekki hafa trú á að ungt fólk laðist að slíkum málflutningi.

Gylfi sagði að þetta nýja samningalíkan sem verið er að fjalla um sé ekki bara um kjarasamninga heldur um hagstjórn í viðum skilningi og ekki síst hvernig samfélagsgerð við viljum. Við viljum að unnið sé á grunni norrænna gilda, norræna samfélagsgerðin er það sem við teljum vera leið til árangurs.

Hún byggir á þeirri sýn að nota hagvöxt og aukna verðmætasköpun til þess að bæta lífskjör og tryggja jöfnuð. Aukin verðmæti eru sótt í aukinn útflutning og afgangur á viðskiptum við útlönd er forsenda, en til þess að það geti orðið þá er samkeppnisstaða útflutnings- og samkeppnisgreina lykilatriði og á henni byggir samningalíkanið. Því er mikilvægt að samstaða og sameiginlegur skilningur sé á því að skipta verður auknum verðmætum með sanngjörnum hætti, með áherslu á bætt lífskjör, jöfnuð og traust velferðarkerfi.

Gylfi sagði að öflugt velferðarkerfi væri lykilatriðið. Forsenda þess að sátt sé um þessa nýju leið og að geta og vilji launafólks og samtaka launafólks byggja á því að geta gengið að öryggi velferðarkerfisins sem vísu. Að hagkvæmni og framleiðni atvinnulífsins hvíli á traustum grunnstöðum, ekki bara á efnislegum stöðum, heldur einnig á félagsstöðum á borð við menntun, dagvistun, heilbrigði, lífeyri o.s.frv. Sáttin um þessa samfélagsgerð hvílir einnig á því að það sé jöfnuður og réttlát tekjuskipting, að allir leggi til eftir getu og fái notið eftir þörfum. Að lokum sagði hann frá því að deginum áður hafi verið skrifað undir samkomulag samtaka vinnumarkaðarins, að undanskildum BHM og KÍ, um að fara í þá vegferð að undirbúa vinnu við heildarendurskoðun samningalíkansins og að bæta þekkingu og vinnubrögð við undirbúning og gerð kjarasamninga, en hann gerði nánari grein fyrir þeirri vinnu síðar í dagskránni. Einnig sagði hann frá því að mikil vinna hafi farið fram á að finna lausnir vegna húsnæðisvandans og að náðst hafi samkomulag um grunn á nýju frumvarpi um almennar leiguíbúðir sem byggir að miklu leyti á tillögum ASÍ frá því á síðasta ári. Gylfi endaði ávarp sitt á því að benda á að á dagskrá fundarins væri umræða um aðgerðir gegn félagslegum undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi en þar væri ábyrgð ASÍ og aðildarfélaganna mikil og þar myndum við sannarlega axla okkar ábyrgð.

Sigurður Bessason tók við fundarstjórn og staðfesti að fundurinn væri boðaður með réttmætum hætti og allir skráðir inn með réttum hætti eins og lög sambandsins gera ráð fyrir. Því næst fór hann yfir dagskrá fundarins.

Horfur í efnahagsmálum

Róbert Farestveit hagfræðingur gerði grein fyrir haustspá hagdeildar ASÍ 2015-2017 og byrjaði á því að fjalla um helstu niðurstöður skýrslunnar. Hann sagði umsvif vaxa hratt, verðbólga verði þrálát og hætta á offhitnun aukist þegar fram í sækir. Þetta eru í raun neikvæðar afleiðingar jákvæðrar þróunar, sagði hann, þar sem hagvöxtur og þá sérstaklega aukinn útflutningur hefur losað um slaka í efnahagslífinu og fjölgað störfum. Samkvæmt spánni mun þessi hagvöxtur halda áfram, í dag er hann drifinn áfram af innlendi eftirspurn þar sem vöxtur þjóðarútgjalda, þ.e. neysla heimilanna og fjárfestingar, drífa

hagvöxtinn. ASÍ óttast að stjórnvöld muni magna upp þessa þróun, ýta undir hraðari uppsveiflu þar sem aukin ríkisútgjöld, lægri skattar og afnám aðflutningsgjalda dregur úr aðhaldi á sama tíma og verðbólguhorfur versna. Þetta ásamt aðstæðum á vinnumarkaði gera það að verkum að verðbólga fer fljótt yfir markmið Seðlabankans, þó getur þróun gengis krónunnar annaðhvort aukið eða dregið úr þessari þróun. Að lokum, nefndi Róbert, þá birtist spenna á vinnumarkaði þar sem lítið framboð er á vinnuafli á sama tíma og uppgangur fer af stað.

Hagvaxtahorfur eru bjartar en þenslumerki eru farin að birtast. Búist er við 4,3% hagvexti á þessu ári, á því næsta 4,1% og árið 2017 3,3% hagvexti. Vöxtur þjódarútgjalda er mikill, þ.e. innlenda hluta hagkerfisins, 6,6% á þessu ári og að jafnaði 5,2% á næstu tveimur árum. Hann sagði að óttast bæri fjármálastefnu ríkisins. Við vaxandi umsvif aukast tekjur ríkisins og á slíkum tíma væri mikilvægt að greiða niður skuldir og skila miklum afgangi. Það er ekki á stefnuskrá núverandi ríkisstjórnar, en auka launakostnað og koma skattabreytingum í framkvæmd. Afnám tolla og vörugjalda er jákvæð breyting en afar illa tímasett að mati hagdeildarinnar. Ofan á þær breytingar leggst einnig lækkun á tekjuskatti. Einnig er óráðið hvernig sveitarfélögin takast á við aukin útgjöld og hvernig þessum útgjöldum verður mætt, með hækkun gjalda eða skerðingu á þjónustu? Aðhald hins opinbera birtist helst í því að það eru litlar fjárfestingar á vegum þess, þó gæti sú þróun tekið óvæntum breytingum.

Mikill vöxtur einkaneyslu á næstu árum og fjárhagsstaða heimila mun batna, sagði Róbert, og það eru afar jákvæð tíðindi. Skuldir heimilanna lækka hraðar hér á landi en í nágrannalöndunum og vanskilum fækkar. Hærra íbúðarverð hefur jákvæð áhrif á íbúðaeigendur og bætir um leið eiginfjárstöðu og eykur eign heimilanna. Þessi þróun styður við aukna einkaneyslu á næstu árum, en hagdeild ASÍ spáir að vextir verði 4,6% árið 2015 og 4,8% árið 2016. Vöxtur ráðstöfunartekna mun hafa mikið að segja um neyslu heimilanna á næstu misserum. Þar hafa áhrif, launahækkanir, bati á vinnumarkaði og aðgerðir stjórnvalda. Róbert benti á að á árunum fyrir fund hafi neysla tekið meira mið að þróun ráðstöfunartekna heldur en kaupmætti launa og á þeim árum fór neysla auðveldlega í 7-10% á ári. Það er hætta á því að á næstunni geti skapast svipaðar aðstæður ef gengi krónunnar styrkist, þ.e. hlutabréfaverð eykst og kaupmáttur ráðstöfunartekna veikst langt umfram kaupmáttlauna. Slík þróun er ekki sjálfbær. Einnig sagði hann að hætta væri á því að batanum sé misskipt. Seðlabankinn benti á að vísbendingar bentu til þess að bati hjá þeim sem búa í eigin húsnæði hafi verið meiri en hjá þeim sem búa í leiguhúsnæði.

Stór fjárfestingaverkefni og atvinnuvegir ýta undir fjármundamyndun

þar sem að á síðasta ári jukust fjárfestingar yfir 16% og var vöxtur í ólíkum atvinnugreinum. Þetta eru jákvæð tíðindi, þar sem fjárfestingar hafa verið takmarkaðar, aðallega bundnar við skip og flugvélar. Almenn er fjallað um að fjárfesting þurfi að vera meiri en 20% af VLF til að standa undir eðlilegri endurnýjun framleiðslutækja. Með byggingu kísilvera, orku-uppbyggingu á Þeistareykjum og almennri fjárfestingu mun fjárfesting ná 22% af VLF í lok spátímans.

Róbert gerði grein fyrir að óvenjulegar aðstæður væru til staðar á fasteignamarkaði. Mikil eftirspurn og lítið framboð muni ýta undir hækkun húsnæðisverðs á næstu árum. Verð á fasteignum hefur hækkað töluvert undanfarin ár, sem í eðlilegu árferði ætti að hvetja til íbúðabyggingar. Niðurstaðan er hins vegar samdráttur í íbúðafjárfestingu á fyrri helmingi árs og allar líkur á því að ekki verði markverð aukning í íbúðafjárfestingu á næstu árum. Þeir kraftar sem ýta undir aukna einkaneyslu á næstu árum hafa sömu áhrif á íbúðamarkaðinn. Kaupgeta heimilanna hefur styrkst en þessu til viðbótar er til staðar uppsöfnuð eftirspurn frá hruni, auk þess sem búferlaflutningar og stórir hópar fyrstu kaupenda bíða eftir að komast á markaðinn. Það er því hætt á að lítið vinni á móti hækkun húsnæðisverðs næstu árin þar sem framboð vex ekki í takt við eftirspurn.

Innflutt verðhjöðnun tekst á við innlenda verðbólgu. Róbert benti á að það ætti ekki að hafa farið framhjá neinum að verðbólga hefur verið afar lítil hér á landi undanfarin misseri. Það sem kemur þó á óvart er hversu svart/hvít skipting vísitölunnar er. Þar takast á innflutt verðhjöðnun og innlend verðbólga. Samkvæmt verðbólguáætlun Hagstofunnar frá því í september mældist 1,9% verðbólga. Húsnæði hækkar um 6%, dagvara um 3,9% og innlendar vörur um 4,6%. Þessi áhrif koma hins vegar ekki fram í vísitölunni vegna þess að bensín hefur lækkað um 16% og innfluttar vörur um 4%. Hann sagði að innflutt verðhjöðnun skýrist af hagstæðri þróun hrávöru, gengisstyrkingu og afnámi vörugjalda á meðan innlend verðbólga skýrist af kostnaðarverðbólgu, hærri launum og mögulega hærri vöxtum. Sú sviðsmynd sem hagspáin byggir á gerir ráð fyrir að mestu óbreyttu gengi, þannig mun áhrif af innfluttu verðhjöðnuninni hverfa og eftir stendur innlend verðbólga sem magnast enn meira út af aukinni eftirspurn, launaskriði og hækkun húsnæðisverðs.

Hagspá hageildar ASÍ geri því ráð fyrir að verðbólga verði 3,8% á næsta ári og 3,5% árið 2017. Helstu óvissuþættir eru hins vegar þróun gengis. Ef Seðlabankinn nær ekki að tempra innflæði fjármagns þá gæti gengið styrkst, en sú sviðsmynd myndi draga úr verðbólgu en ýta undir innlenda neyslu og innflutning. Aftur á móti gæti of sterkt gengi hafa neikvæð áhrif á ferðapjónustuna. Gengið gæti hins vegar líka veikst við afnám hafta

með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á verðlag, því er ljóst að aðstæður í efnahagslífinu eru afskaplega brothættar og viðkvæmar, sagði Róbert.

Að lokum fjallaði hann um hvort framboð vinnuafls geti haldið í við eftirspurn eftir vinnuafli, þar sem aðstæður á vinnumarkaði eru góðar. Það er lítið atvinnuleysi og það hefur dregið verulega úr langtímaatvinnuleysi og störfum hefur fjölgað. Starfandi fjölgar um sjö þúsund einstaklinga á milli ára. Útflutningsgreinarnar hafa fjölgað störfum undanfarin ár og umsvif munu aukast í mannaflsfrekum greinum. Það verður erfitt að mæta vinnuaflseftirspurninni án innflutts vinnuafls, sem mun slá á spennu á vinnumarkaði líkt og á árunum 2005-2008, sagði Róbert að lokum.

Tvær fyrirspurnir voru úr sal vegna nánari útskýringa sem Róbert svaraði.

Kjara- og efnahagsmál og nýtt samningalíkan

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, fór ítarlega yfir samkomulag aðila vinnu- markaðar frá deginum áður undir yfirskriftinni „Betri vinnubrögð – aukinn ávinningur“. Í máli Gylfa kom fram að lítil ágreiningur væri um markmiðið, en öðru máli gegndi um hvernig þangað ætti að komast. Samkomulagið nærði til 70% launafólks í stéttarfélagum og því væri mikill slagkraftur að baki. Um forsendur þess af hverju lagt væri í vegferðina nefndi Gylfi nokkrar ástæður: Í fyrsta lagi að þrátt fyrir næstum tvöfalt meiri launahækkanir á Íslandi hefur kaupmáttur atvinnutekna aukist helmingi minna en á hinum Norðurlöndunum á síðustu 15 árum. Uppsafnað muni þetta ríflega 14% í hreinum kaupmætti á þessum árum. Í öðru lagi hafi verðbólga á Íslandi verið þrefalt meiri en á hinum Norðurlöndunum síðustu 15 árin. Í þriðja lagi hafi gengi íslensku krónunnar fallið um 50% frá árinu 2000 á meðan gengi mynta hinna Norðurlandanna haldist nánast óbreytt gagnvart evru. Í fjórða og síðasta lagi séu vextir á Íslandi að jafnaði þrefalt hærri en á hinum Norðurlöndunum vegna mikillar verðbólgu og efnahagslegs óstöðugleika. Því næst rakti Gylfi aðdragandann, sem sé fyrst og fremst sú vinna sem hófst 2013 með úttekt á umhverfi kjarasamninga á hinum Norðurlöndunum þar sem markmiðið hafi verið að bæta þekkingu og vinnubrögð við undirbúning og gerð kjarasamninga. Efnislega þá búi samkomulagið til ramma sem unnið verði eftir með það að leiðarljósi að til verði íslenskt kjarasamningslíkan til framtíðar. Lagði Gylfi áherslu á að afraksturinn yrði íslenskur og tæki mið af atvinnuháttum hér á landi þó svo að vissulega væri horft til þeirrar þekkingar og aðferða sem þróast hafi á hinum Norðurlöndunum. Samkomulagið kveði á um stofnun svokallaðs Þjóðhagsráðs vinnumarkaðar sem spili stórt hlutverk í að greina stöðu efnahagsmála hverju sinni í tengslum við kjarasamningsgerð. Að öðru leyti kveði samkomulagið á um sameiginlega launastefnu til ársloka 2018 þar sem horft verði til allra kostnaðaráhrifa kjarasamninga, að meðtöldum

kostnaði við jöfnun lífeyrisréttinda. Launakostnaðarvísitala einstakra hópa hækki ekki meira en 32% á tímabilinu og opinberum starfsmönnum verði á tímanum tryggt það umfram launaskrið sem verður á almennum vinnumarkaði að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Með þessu nýja samningslíkani, sem eigi að finna svigrúm til launabreytinga út frá samkeppnisstöðu Íslands, verði til aukinn efnahagslegur og félagslegur stöðugleiki og varanleg aukning kaupmáttar. Tók Gylfi sérstaklega fram að til þess að þetta geti allt orðið að veruleika sé þó mikil vinna framundan sem allir hlutaðeigandi verði að taka þátt í og axla ábyrgð á. Næstu skref séu því að aðilar samkomulagsins verði í fyrsta lagi að ljúka gerð kjarasamninga til ársloka 2018. Í öðru lagi verði að ljúka gerð samkomulags um jöfnun lífeyrisréttinda. Í þriðja lagi verði að semja við stjórnvöld um efnahagslegar mótvægisáðgerðir til að stuðla að framgangi sameiginlegrar launastefnu. Í fjórða lagi muni hefjast vinna við gerð íslenska samningslíkansins með aðstoð norsks sérfræðings í vinnumarkaðsmálum. Að lokum vitnaði Gylfi til fyrirliggjandi ályktunar fundarins, las hana upp og kvaðst vilja gera eina breytingu sem fæli í sér að bætt yrði við í lok hennar svohljóðandi málsgrein:

„Formannafundurinn styður það rammasamkomulag sem undirritað var af helstu viðsemjendum á almennum og opinberum vinnumarkaði 27.10.2015 um breytt og bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga og telur það leggja grunn að bættum lífskjörum launafólks til framtíðar.“

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, kvaðst vera þeirrar skoðunar að aðildarfélag ASÍ hafi undanfarið gert mjög skynsamlega kjarasamninga. Sjónum hafi verið beint að lægstu launum sem hafi hækkað um 250% frá árinu 1998 sem sé kaupmáttaraukning um 6% á ári sem sé umfram það sem gerst hafi á Norðurlöndunum. Árangur væri hér á landi almennt góður og meðaltalskaupmáttaraukning væri meiri hér á landi en annars staðar ef frá væru dregin svokölluð hrunár 2008 og 2009. Vilhjálmur lýsti því að hann væri tortrygginn í garð sameiginlegu launastefnunnar og stofnun svokallaðs þjóðhagsráðs og tiltók sem dæmi að árslaun hjá starfsfólki í Norðuráli væri einni milljón lægri ef samið hefði verið þar í anda sameiginlegu launastefnunnar. Að endingu nefndi Vilhjálmur að honum þætti að baráttan eigi að snúast um vextina frekar en að tempra hækkun launa verkafólks. Kvaðst finnast þjóðhagsráðið vera inngríp í lögbundinn rétt stéttarféлага um kjarasamningsréttinn og að hann teldi að samkomulagið yrði til þess að stjórnvöld myndu breyta vinnulöggjöfinni. Þannig að allir þurfi að fara

eftir því sem þjóðhagsráðið segði og hann myndi þ.a.l. ekki styðja þetta samkomulag í núverandi mynd.

Arnar Hjaltalín, Drifandi stéttarfélag, sagðist fagna umræðunni um breytt vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Kvaðst þó vilja nefna að hann teldi að nýafstaðið þing SGS hafi hafnað norrænu leiðinni enda væri ekki allt sem vera skyldi þar. Slæmt ástand sé í Finnlandi og í Svþjóð að hluta og sagðist því vilja horfa til fleiri nágrannalanda. Arnar sagðist óánægður með að ekki sé minnst á hluti eins og heilbrigðiskerfið og vaxtastigið í landinu í ályktuninni. Það þyrfti því að hans mati að setja fleiri vörður í ályktunina sem taki mið af því að misskiptingin sem sé að aukast í samfélaginu verði tempruð. Að lokum ítrekaði Arnar að hann vildi taka út tengingu við hin Norðurlöndin í ályktuninni enda hafi helmingur ASÍ hafnað henni á þingi SGS og hann myndi leggja fram breytingartillögu þess efnis ef fundurinn brygðist ekki við þessu.

Finnbogi Sveinbjörnsson, Verkalýðsfélagi Vestfirðinga, kvaðst fagna mjög umræðu um breytt vinnubrögð við kjarasamningsgerð. Vitnaði hann í umræðurnar á nýafstöðnu þingi SGS og sagði þær hafa verið ákall á stöðugleika en ekki endilega snúist um að herma eftir Norðurlöndunum. Hins vegar hafi verið kallað eftir sambærilegum lífskjörum og á Norðurlöndunum. Sagðist hann í því samhengi vilja vita hvort sátt hafi náðst við stjórnvöld um hagstjórnarbreytingu enda séu ekki miklar líkur á lífskjarabótum með samkomulaginu ef vaxta- og verðbólguþing lækkar ekki. Jafnframt sé skrýtið að vera þátttakandi í að auka þrýsting á húsnæðisverð í gegnum aðildina að líffeyrissjóðskerfinu. Finnbogi lýsti áhyggjum sínum af viðvarandi óstöðugleika sem birtist m.a. í því að ekki sé lengur hægt að treysta lofordum á milli ríkisstjórnar. Kvaðst hann að endingu vilja breyta fyrirleggjandi ályktun lítillaga með hliðsjón af þeim umræðum sem fram hefðu komið. Nær væri að styðjast við orðalagið í kjaramálaályktun þings SGS þar sem talað var um lífskjör á Norðurlöndunum en líkanið væri okkar eigið þótt það sækti stoð annað.

Haldóra Sveinsdóttir, Báran stéttarfélag, kvaðst vilja velta upp spurningunni hvort þetta væri einungis tvíhliða samkomulag. Lýsti hún áhyggjum sínum af því að ríkisstjórnin væri t.d. ekki með og eins þau samtök sem hafi undanfarið farið á eftir og krafist meira en aðildarfélög ASÍ hafi samið um og nefndi hún í því samhengi kjarasamningana frá 2013. Haldóra kvaðst jafnframt telja að í samkomulaginu þyrfti að leggja áherslu sérstaklega á lægstu laun sem væru ennþá of lág. Að endingu sagðist hún vilja færa ályktunina meira í átt til ályktunar SGS-þingsins og ekki mætti einangra ákveðna hluti án þess að fjallað væri t.d. um velferðina í samfélaginu almennt.

Björn Snæbjörnsson, Einingu-Iðju, kvaðst vera ósammála þeirri túlkun

að þing SGS hafi hafnað norræna módelinu. Skýrlega komi fram í ályktuninni sem kallaði eftir stöðugleika og breyttum vinnubrögðum að verið væri að horfa til lífskjara á Norðurlöndunum. Björn sagðist vilja ítreka það sem áður hafi komið fram að samkomulagið feli ekki í sér neina snarlega breytingu. Samkomulagið feli í sér skuldbindingu til að leggja í ákveðna vegferð og ekkert sé fast í þeim efnum og félagsmaðurinn muni eiga lokaorðið. Að endingu sagði Björn í ljósi þess sem fram hafi komið um aðkomu stjórnvalda að það sé sjálfgefið að samkomulagið sé einskis virði ef stjórnvöld spila ekki með þótt þau séu ekki formlegir aðilar að samkomulaginu.

Guðmundur Ragnarsson, VM, vitnaði í hagspána og sagði sína skoðun að augljóst yrði hvar við myndum enda, þ.e. gengisfalli og verðbólgu. Vissulega komi góð tímabil en okkar fólk þurfi stöðugt að vinna upp áföllin sem verði vegna óstöðugleika. Guðmundur sagði að sér þætti ályktunin vera ágætis veganesti í komandi vegferð sem krefjist kjarks og áræðni ef gott á að koma út úr henni eins og t.d. íslenskt módel sem vonandi verður fyrirmynd annarra. Hann kvaðst annars harna það að umræðan og spjótin beinist oft að verkalyðshreyfingunni fyrir eitthvað sem stjórnmalin eigi að bera ábyrgð á. Í því samhengi þyrfti líka að fá raunverulega mynd af stöðu mála í hagkerfinu. Ríkið og allir hlutadeigandi notist við úreltar tölur eða þá að tölur séu hreinlega ekki til. Þetta þurfi að bæta verulega ef nýtt líkan eigi að verða að veruleika.

Guðbrandur Einarsson, Verslunarmannafélagi Suðurnesja, sagðist vilja taka undir með síðasta ræðumanni. Hann sé tilbúinn að skoða nýja nálgun við kjarasamningsgerð. Guðbrandur velti upp ástæðum þess að lífskjör eru almennt betri á hinum Norðurlöndunum, fyrst kæmi upp í hugann stöðugleiki og lágt vaxtastig sem augljósar ástæður. Kvaðst hann vilja skoða leiðir til að ná betri árangri, þ.e. auknum kaupmætti fyrir okkar félagsmenn. Að endingu vildi Guðbrandur nefna í ljósi undanfarinna umræðna að Norðurlöndin séu líkt og önnur lönd ekkert ónæm fyrir alþjóðavæðingu og breyttum viðskiptaháttum. Áföll í Finnlandi og Svíþjóð megi fyrst og fremst rekja til félagslegra undirboða og norræna módelið sé ekkert undanþegið slíkum áföllum frekar en önnur módel.

Ásgerður Pálsdóttir, Samstöðu stéttarfélagi, kvaðst telja ályktunina skref í rétta átt og í þá átt sem þing SGS hafi kallað eftir í sinni ályktun. Þetta væri góð byrjun en vildi bæta við að hún teldi þó að það yrðu mörg ljón á veginum. Ásgerður kvaðst vilja bera upp breytingartillögu á ályktuninni, nánar tiltekið í neðstu málsgrein hennar, þar sem hún taldi mikilvægt að fram kæmi að draga þyrfti úr kynbundnum launamun.

Finnbjörn Hermannsson, Byggið, kvaddi sér hljóðs og sagði að hann teldi innihaldið skipta meira máli en hvort þetta er kennt við norrænu leiðina eða ekki. Finnbjörn kvaðst sammála því sem fram hafi komið um

að verklagið þrengdi að sjálfsákvörðunarrétti einstakra stéttarfélaga en það þurfi ekki að vera slæmt ef niðurstaðan er hagfelldari fyrir félagsmenn en nú er. Hann sagðist telja að það vanti í ályktunina að fleiri sýni aga en bara verkalyðsfélögin, nefndi hann sem dæmi kerfisbundið kennitölulflakk og gjaldþrot. Nefndi hann jafnframt að hann teldi ekki að samkomulagið fæli í sér neina óafturkræfa lokaákvörðun. Staðreyndin væri jafnframt að stór hluti af lífskjörum er ákveðinn annars staðar en hjá aðilum vinnumarkaðarins og því þurfi í raun að beita sér og krefja alla hlutaðeigandi að sýna aga og róa í sömu átt að bættari lífskjörum. Nefndi hann sérstaklega að Alþingi og stjórn málin ættu ekki að vera undanskilin í þeirri vegferð.

Signý Jóhannesdóttir, Stéttarfélagi Vesturlands, sagðist hafna þeim skilningi af þingi SGS að norrænu leiðinni hafi verið hafnað. Signý kvaðst vilja ítreka það að engin ein aðferð sé til sem verki best fyrir alla, aðstæður og kerfi eru mismunandi og verði að staðfæra en þær leiðir sem notaðar hafi verið á Norðurlöndunum sýni reynslan að hafi gefið best. Kvaðst hún jafnframt vilja taka fram í ljósi þess sem fram hafi komið um að ef hrunárin væru tekin frá þá væri árangurinn mjög góður, að hennar fólk hafi a.m.k. borið tjón af gengishruninu þá. Nefndi hún jafnframt að leggja ætti áherslu á kaupmátt en ekki endilega launahækkunarir og ef það væri hægt að auka kaupmátt með norrænum aðferðum þá ættum við að styðjast við þær. Hún hafi fullt umboð frá sínu félagi til að vinna að slíkum leiðum.

Vilhjálmur Birgisson, VLFA, kvaðst vilja í ljósi undanfarinna umræðna um launatólur á hinum Norðurlöndunum nefna að verkafólk í stóriðjunni sé með 5-600 þúsund krónur í mánaðarlaun og í því samhengi sé tungutak hagfræðinnar teygjanlegt en hagfræði heimilanna sé einföld. Hvað varðar ályktun frá þingi SGS sagði hann það sinn skilning að hafnað hafi verið að eingöngu einn þáttur norræna móðelsins sé tekinn upp en hinir skildir eftir. Þakkaði Vilhjálmur jafnframt Finnbirni fyrir að nefna að nýtt verklag þrengi að sjálfsákvörðunarrétti stéttarfélaga. Að endingu nefndi Vilhjálmur tölur um stéttarfélagasáðild í Noregi sem séu umtalsvert lægri en hér á landi og kvaðst hann hafa áhyggjur af svipaðri þróun hér ef kjarasamningagerð yrði of miðstýrð.

Hádegishlé kl. 12.15

Fundi haldið áfram kl. 13.00

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Sigurður Bessason, Eflingu stéttarfélagi, sagði að 2008 og 2009 hafi verið erfitt tímabil fyrir okkur öll, ekki bara í umhverfi kjarasamninga heldur í samfélaginu öllu. Það hefði verið í lagi ef þetta hefði verið einstakt tilvik, en svo hafi alls ekki verið. Þegar horft er um öxl til ársins 1990, sagði Sigurður,

Þá er ár eftir ár eltingaleikur við verðbólguna árinu á undan. Í hruninu sem þá varð gerðist ekkert í nokkur ár, við vorum að vinna með stöðuna eins og hún var á hverjum tíma. Enn og aftur, árið 2002, stóðum við frammi fyrir því að allt var að fara úr böndunum og verðbólgan á hraðri uppleið. Við getum ekki, sagði Sigurður, búið við það ástand á vinnumarkaði að með jöfnu millibili verði hrun, í því fyrirkomulagi þar sem hver eltir annan. Sigurður benti á að hreyfingin hefði fram til 2017 að vinna að því að komast að samkomulagi um vinnumarkaðsmódel, því félagar aðildarfélaganna hefðu úrslitavaldið í kosningum sem þyrftu að fara fram. Félagar Flóabandalagsins eru tilbúnir í þessa vegferð, sagði hann að lokum.

Már Guðnason, Verkalýðsfélagi Suðurlands, kvaðst munu greiða atkvæði með framgangi tillögunnar enda væri hann mjög hrifinn af þeirri vinnu sem sé að fara af stað um ný vinnubrögð og samningslíkan. Okkar verkefni sé að bæta lífsskjör og þetta verði vonandi til þess. Már sagðist hafa litlar áhyggjur af því hvað vinnan eða líkanið væri kallað, við værum ekki það stór að við hefðum efni á því að draga ekki lærdóm af öðrum löndum og í því samhengi sæi hann ekkert athugavert við tilvísun til norræna samningslíkansins. Staðreyndin sé sú að þau samfélög standi betur en við. Að endingu nefndi hann að hann teldi nauðsynlegt að ríkisvald hvers tíma sé með, ella gangi þessi leið ekki upp.

Finnbogi Sveinbjörnsson, VerkVest, kvaddi sér hljóðs og sagði frá því að hann og forsetinn hefðu í hádegishléinu stungið saman nefjum og komið sér saman um breytingar á ályktunardrögunum sem lágu fyrir fundinn. Forsetinn myndi bera upp tillöguna á eftir og hann sagðist telja að hún kæmi til móts við flestar þær athugasemdir sem fram hefðu komið.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, RSÍ, lýsti sig jákvæðan í garð þeirrar vinnu sem væri í gangi um nýtt verklag við kjarasamningsgerð. Vildi þó halda því til haga að ekki sé búið að smíða módelið heldur einungis semja um verklagið fram að 2018. Gæta þyrfti þó að því að launafólk setti mark sitt á módelið og að þetta yrði ekki bara módel SA. Stefnan sé að bæta lífsskjör og auka kaupmátt og hann telji að þetta sé tækifæri til slíks. Tiltók Kristján jafnframt að óvinurinn sé verðbólga, hátt vaxtastig og gengisfellingar og að nýja módelið verði að fela í sér varanlega breytingu. Ná verði stöðugleika og nefnir í því samhengi gengisþróun íslensku krónunnar sem virðist við núverandi aðstæður falla verulega á u.þ.b. 10 ára fresti.

Jóhann Sigurðsson, Félagi málmíðnaðarmanna á Akureyri, sagði að Samiðn hafi þegar hafið umræðuna um nýtt verklag við kjarasamningsgerð og að Samiðn sé reiðubúið að halda í þá vegferð. Jóhann kvaðst ekki óttast það að samningsréttur einstakra félaga skertist ef hagur félagsmanna myndi vænkast. Þó verði þetta að vera svo að allir séu með af fúsum og frjálsum vilja og enginn verði þvingaður til að vera með. Nefndi Jóhann að hann teldi nauðsynlegt að

ná kostnaðarliðum í samfélaginu niður og í því samhengi þyrfti jafnframt að nást samkomulag við atvinnurekendur um raunveruleg framfærsluviðmið. Í því sambandi þurfi að skoða erfiðleika- og menntunarstig starfa.

Aðalsteinn Baldursson, Framsýn, sagðist vera fullur efasemda í garð samkomulags SALEK-hópsins. Aðalsteinn kvaðst fá á tilfinninguna af samkomulaginu að aðildarfélög ASÍ séu vandamálið í hagstjórninni. Hann sagðist telja að traust væri ekki nægilegt í þessa vegferð og nefndi sem dæmi meintan tvískinnung formanns SA í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði annars vegar og kjarasamninga Icelandair við flugmenn hins vegar. Sagðist hann einnig vilja halda því til haga í þessu sambandi að stjórnsmál á hinum Norðurlöndunum væru agaðri og þroskaðri en hér á landi. Í því samhengi kvaðst hann þó jafnframt vilja taka fram að það sé ekki allt fullkomið á hinum Norðurlöndunum og tók dæmi af niðursveiflum í Finnlandi og Noregi. Að endingu sagði Aðalsteinn að hann væri ekki tilbúinn að svo stöddu að skerða umboð og frelsi stéttarfélaganna í landinu, hann hefði hreinlega ekki umboð til þess. Kvaðst hann jafnframt telja að samkomulagið kallaði jafnframt á umræðuna innan hreyfingarinnar um uppbyggingu m.t.t. frekari sameiningar og fækkunar félaga sérstaklega.

Gylfi Arnbjörnsson, ASÍ, byrjaði á því að fagna þeim góðu umræðum sem átt höfðu sér stað, hún færði málefnið nær niðurstöðunni og sagðist reikna með að þing ASÍ 2016 yrði undirlagt umræðum um hið nýja samningslíkan. Ítrekaði hann að ekki væri búið að búa til módelið heldur væri eingöngu verið að hefja þá vegferð. Hvað varðar umræðu um aðkomu stjórnvalda þá sagði hann það ljóst að þau þyrftu að spila með þó að þau væru sem slík ekki aðilar að samkomulaginu enda væri það búið til af og fyrir aðila vinnumarkaðarins sem sé best að halda frjálsum og óháðum. Ítrekaði Gylfi jafnframt að boltinn væri hjá aðildarsamtökum og félagsmönnum og allar breytingar væru á þeirra forræði. Gylfi kvaðst ekki telja að samkomulagið núna þyrfti að fara í atkvæðagreiðslu á meðal félagsmanna, umboð forsvarsmanna félaga nái vel til þess að vegferðin sé farin en tók þó sérstaklega fram að kjarasamningurinn við SA, sem þyrfti að endurskoða á grundvelli samkomulagsins fyrir febrúar nk. og líkanið sem þá hugsanlega verði til árið 2018, muni fara í atkvæðagreiðslu eðli málsins skv. Að lokum fór Gylfi yfir ný ályktunardrög fundarins sem hefðu tekið mið af fram komnum tillögum og umræðum á fundinum.

Ályktun um kjaramál

Fundarstjóri bar þá tillögu upp við fundinn að greidd yrðu atkvæði um ályktunina í heild sinni í stað fyrir hverja breytingu fyrir sig og var það samþykkt.

Fundarstjóri bar því upp svohljóðandi ályktun fyrir fundinn sem samþykkti hana með meginþorra atkvæða en fimm greiddu atkvæði gegn henni.

„Fundurinn telur mikilvægt að breyta um vinnubrögð við gerð kjarasamninga og horfa til þess hvernig við getum byggt upp kaupmátt til framtíðar með raunverulegum verðmætum. Þar getum við lært margt af félögum okkar á öðrum Norðurlöndum. Þar er mikið lagt upp úr ábyrgð, aga og vönduðum undirbúningi til að tryggja sem hagfelldasta útkomu fyrir launafólk. Nýtt samningalíkan byggi á norrænu samfélagsgerðinni sem grundvallast á þeirri sýn að nota hagvöxt og aukna verðmætasköpun til þess að bæta lífskjör og tryggja jöfnuð. Meiri verðmæti eru sótt í aukinn útflutning en forsendan er sterk samkeppnisstaða, frjáls utanríkisviðskipti og aðgangur að mörkuðum. Samstaða og sameiginlegur skilningur er á því að skipta verður auknum verðmætum með sanngjörnum hætti með áherslu á bætt lífskjör, jöfnuð og traust velferðarkerfi.

Formannafundur ASÍ telur mikilvægt að þróað verði íslenskt samningalíkan þar sem horft verði til þeirra vinnubragða sem tíðkast hafa á Norðurlöndunum. Fyrsta skrefið í þá átt er að tryggja sem best jafnræði milli hópa í launapróun á komandi misserum, þar með talið að jafna lífeyrisréttindi milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins, tryggja meira jafnræði varðandi áhrif launaskriðs og jafna kynbundinn launamun á vinnumarkaði. Þá verða allir hópar að axla ábyrgð á breyttum vinnubrögðum. Þannig getum við í sameiningu náð hámarksárangri við að byggja upp kaupmátt og efla lífskjör til lengri tíma lítið.

Formannafundurinn styður það rammisamkomulag sem undirritað var af helstu viðsemjendum á almennum og opinberum vinnumarkaði 27.10.2015 um breytt og bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga og telur það leggja grunn að bættum lífskjörum launafólks til framtíðar.

Jafnframt áréttar formannafundurinn mikilvægi þess að stjórnvöld taki upp ábyrga hagstjórn og breytta peningastefnu sem hafi að markmiði að treysta stöðugleika. Það er á ábyrgð stjórnmalanna að tryggja félagsglegan stöðugleika og víðtæka sátt um forgangsröðun í velferðarmálum, einkum heilbrigðis-, mennta- og húsnæðismálum.“

Reglugerð um bókhald og ársreikninga aðildarsamtaka ASÍ

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ gerði grein fyrir breytingum á reglugerð um bókhald og ársreikninga aðildarsamtaka ASÍ. Frá því í febrúar 2003 var reglugerðin sett sem leiðbeinandi reglugerð en á 41. þingi ASÍ 2014 var gerð lagabreyting á 4. mgr. 47. gr. þar sem kveðið er á um að „Við gerð ársreikninga skal farið eftir reglugerð sem miðstjórn samþykkir.“

Ein breyting var lögð til, hún varðar skýringar með ársreikningi og gert til þess að auðvelda útreikning á sköttum til ASÍ:

„Ef hluti af tekjum félagssjóðs er endurgreiddur t.d. vegna þess að lög félagsins kveða á um hámarksíðgjald skal gera grein fyrir því í skýringum þannig að fram komi hverjar tekjurnar eru fyrir endurgreiðslu og heildarupphæð endurgreiðslanna.“

„Ef tekjur félagssjóðs ráðast af fastri krónutölu á félagsmann skal gera grein fyrir því í skýringum með ársreikningi þannig að fram komi upphæð íðgjaldsins á mann. Ef félagið innheimtir mismunandi upphæð eftir hópum innan félagsins skal gera sérstaklega grein fyrir því og reikna út vegið meðal krónutöluiðgjald félagsins.“

Engar aðrar efnisbreytingar eru lagðar til en ákvæði úr greinagerð um gerð fjárhagsáætlunar og fjárfestingastefnu eru færð inn sem sérstök grein. Sérstakt ákvæði til bráðabirgða á 41. þingi ASÍ 2014 var samþykkt sem er eftirfarandi:

„Reglugerð miðstjórnar sem samþykkt er með vísan til þessa ákvæðis skal í fyrsta sinn kynnt á formannafundi ASÍ 2015 og skal aðildarfélögunum veittur 2ja mánaða frestur til að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum áður en hún verður endanlega afgreidd af miðstjórn.“

Tillögur starfshóps um upplýsinga- og kynningarmál

Snorri Már Skúlason, deildarstjóri upplýsinga- og kynningardeildar ASÍ, kynnti niðurstöður vinnu starfshóps um upplýsinga- og kynningarmál sem skipaður var eftir 41. þing ASÍ 2014. Á þinginu var lögð áhersla á að taka upplýsinga- og kynningarstarf sambandsins til gagnerrar endurskoðunar með það að markmiði að gera starf og stefnu ASÍ sýnilegri og að málflutningur hreyfingarinnar í samfélagsumræðunni verði settur fram með ákveðnari og markvissari hætti þannig að hann nái til allra hópa samfélagsins, ekki síst unga fólksins, sagði Snorri. Því næst fór hann yfir tillögu miðstjórnar ASÍ, sem lögð var fram eftir þingið, þar sem óskað væri eftir því að kannaður væri fýsileiki þess að verkalýðshreyfingin sameinaðist um útgáfu fréttablaðs. Í tillögunni kemur einnig fram verkefni starfshópsins og að hópurinn skili rökstuddu álit um hvort farið skuli í útgáfu fréttablaðs og þá hvort kostnaður við útgáfu slíks fréttablaðs væri sambærilegur kostnaði og útgáfu núverandi stéttarfélagsblaða og vefmiðla.

Samastarfhópurinn skilaði skýrslu í október 2015, en í honum voru

fulltrúar allra landssambanda ASÍ og fulltrúi frá félögum með beina aðild. Í skýrslunni kemur fram að blaðalestur hefur dregist mikið saman einkum hjá ungu fólki, og að stjórn mála flokkarnir hafa allir hætt dagblaðarekstri. Árið 1980 voru 6 dagblöð gefin út á Íslandi, en í dag eru þau 2. Ef litid er til Bandaríkjanna þá hættu á árunum 2008-2010 tæplega 200 dagblöð að koma út þar í landi. Þessar tölur benda til að útgáfa fréttablaðs sé ekki fýsilegur kostur. Í grein í Kjarnanum frá því í september 2015, kemur fram að allir stóru prentmiðlar landsins mælast með lestur í sögulegu lágmarki. Samstarfshópurinn gerði grófa kostnaðaráætlun við útgáfu blaðs og hafði til hliðsjónar Bændablaðið sem kemur út á tveggja vikna fresti í 32.000 eintökum. Sú athugun leiddi í ljós að verkalýðshreyfingin yrði að vera tilbúin að tapa háum fjárhæðum ef ákvörðun yrði tekin um að ráðast í útgáfu fréttablaðs.

Niðurstöður samstarfshópsins voru þær að með minnkandi blaðalestri og háum kostnaði, þar sem árlegt tap gæti orðið allt að 70-100 milljónir króna, þá væri mikilvægt að hlúa að blaðaútgáfu stéttarfélaganna sjálfra sem þegar væri til staðar. Einnig gæti samkeppni hreyfingarinnar við aðra fjölmiðla, ef farið væri í útgáfu sameiginlegs fréttablaðs, skadað aðgengi okkar að þeim, sagði Snorri. Niðurstöður samstarfshópsins eru þær að ekki sé grundvöllur fyrir blaðaútgáfu af þeirri stærðargráðu sem hugmyndir þær, sem fjallað var um á þingi ASÍ, gerir ráð fyrir.

Snorri sagði að hópurinn hafi horft á aðra valkosti. Einn liður í því var að gera tilraun til að ná til ungs fólks með tímaskráningar appi í snjallsíma þar sem óskum unga fólksins væri svarað. Appið er kallað KLUKK og fór hann yfir helstu þætti appsins. Klukk er ennþá í þróun en á að vera tilbúið í desember og verður farið í kynningarherferð með það eftir áramótin.

Að lokum sagði Snorri að samráðshópurinn hafi verið mjög ánægður með samstarfið og væru mikil tækifæri í auknum samskiptum og samstarfi þeirra aðila sem koma að þessum málaflokki innan hreyfingarinnar. Horft væri á sameiginlegt átak í að kynna hreyfinguna, átak sem hópurinn nefndi „Boðhlaupið“. Einnig sagði hann að „Einn réttur – ekkert svindl“ væri gott dæmi um verkefni sem starfshópurinn gæti komið að.

EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL!

Aðgerðir gegn félagslegum undirboðum á vinnumarkaði

Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, kynnti átakið „Einn réttur – ekkert svindl“. Í máli Halldórs kom fram að félagsleg undirboð og svört atvinnustarfsemi séu vaxandi vandi í samfélaginu og því sé öflugra aðgerða þörf þar sem viðfangsefnið er; að tryggja kjör og réttindi á íslenskum vinnumarkaði fyrir alla sem hér starfa, þ.m.t. útlendinga sem hingað koma og ungt fólk sem er að hefja þátttöku á vinnumarkaði; að tryggja starfsemi og

eðlilega samkeppnisstöðu fyrirtækja sem virða kjarasamninga og lög og þau viðmið og samskipti sem gilda á íslenskum vinnumarkaði og eru kjölfestan í íslensku atvinnulífi; að tryggja að samfélagið fái sitt til að reka hér á landi öflugt heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfi. Sagði Halldór að átakið yrði með svipuðum hætti og það var á árunum 2005-2007, dýrmat reynsla og þekking hafi þá orðið til. Að einhverju leyti sé þó viðfangsefnið vandasamara núna þar sem óprúttir aðilar séu kræfir í að ganga eins langt og þeim er leyft. Að sama skapi séu verkfærin öflugri að því leytinu til að viðeigandi lög og reglur hafi að einhverju leyti verið uppfærð með hliðsjón af þeim gloppum sem til staðar voru í tíð síðasta átaks. Því næst vék Halldór að fyrirhugaðri uppbyggingu verkefnisins. Því verði stýrt af ASÍ í gegnum sérstakan stýrihóp fulltrúa allra landssambanda og félaga með beina aðild. Skipulagning verði sameiginleg og öll nálgun á upplýsinga- og kynningarstarf, eftirlit á vinnustöðum og eftirfylgni samræmd til að hámarka árangur. Jafnframt verði að tryggja gott samstarf við hlutaðeigandi ríkisstofnanir og SA. Halldór tiltók að markhóparnir væru fyrst og fremst erlent launafólk og ungt fólk á vinnumarkaði enda sé það hvað berskjaldaðast fyrir svindli. Reynt verði því að ná til þeirra með útgáfu ýmiss konar efnis til viðbótar við þau tæki og tól sem nú eru til eða eru í smíðum, s.s. *Klukk* tímaskráningarappið. Að endingu lýsti Halldór þeim verkefnum sem eru í þápunum á næstu misserum, t.d. að koma á viðtæku og reglubundnu samstarfi við stjórnvöld, skipuleggja og efla vinnustaðaeftirlit og fullklára alla vinnslu gagna og annars útgáfuefnis. Ef allt gangi vel og hlutaðeigandi sýni vilja í verki sé stefnt að því að ýta áttakinu formlega úr vör í janúar nk.

Sigurður Bessason, Eflingu, kvaðst fagna verkefninu og að hann trúir því að hægt sé að standa mjög vel að málum ef samstaða er fyrir hendi. Lagði hann sérstaka áherslu á að gera þetta að sameiginlegu verkefni allrar verkalyðshreyfingarinnar.

Í kjölfarið bar Sigurður sem fundarstjóri upp þá tillögu að formannafundurinn samþykki að gera þetta eitt af stóru verkefnum ASÍ á þessu og næsta ári og lýsti fundurinn yfir einróma samþykki á þeirri tillögu.

Kolbeinn Gunnarsson, Verkalýðsfélaginu Hlíf, lýsti yfir fullum stuðningi við verkefnið. Sagðist hann telja að ástandið eigi bara eftir að versna enda séu framkvæmdir í gangi vítt og breitt um landið og skortur sé á vinnuafli. Nefndi Kolbeinn jafnframt yfirstandandi deilu í Ísal og í því samhengi sé það hans tilfinning að margir atvinnurekendur vilji brjóta niður allt sem tengist verkalýðsfélögum. Nauðsynlegt væri því að spyrna við þessu með öflugum hætti. Að endingu kveðst Kolbeinn vera þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að endurvekja átakið „Allir vinna“, svört vinna hafi færst það mikið í aukana.

Önnur mál

Finnbogi Sveinbjörnsson, VerkVest, kvaðst vilja koma inn á lítils háttar vefrit sem hann fékk sent í morgun. Rak augun í eina grein í vestfirsku vefriti. Fyrirsögnin sé „hvað gerði Matti Bjarna“. Lýsir dæmisögu um þegar ráðherra bannaði bönkum að hækka þjónustugjöld og færði verkalýðshreyfingin honum blómvönd af því tilefni. Spurning sé hvort að ekki megi gera það oftar?

Signý Jóhannesdóttir, StéttVest, þakkaði formanni Samstöðu fyrir tillögu sína um að jafna launamun kynjanna inn í ályktun fundarins. Mikið verk sé framundan í þeim efnum. Um leið vildi hún vekja athygli á jafnréttisráðstefnu ASÍ þann 12. nóvember á Hótel Natura í Reykjavík og hvatti alla til að mæta.

Fundarslit

Fundarstjóri þakkaði öllum fyrir góðan fund og sagði að von sín væri að sættir um húsnæðismál yrðu á sama hátt og samstaðan um nýtt samningalíkan.

Gylfi Arnbjörnsson, ASÍ, þakkaði öllum fyrir málefnalegar umræður á fundinum. Umræðan sem þar fór fram sé upphaf spora sem vonandi verði mörkuð á næstu misserum félagsmönnum okkar til hagsbóta. Viðfangsefnið sé að bæta lífskjör og því verði að halda til haga. Að lokum óskaði hann öllum góðrar heimferðar og sleit formannafundinum.

Fundi lauk kl. 15.10



FULLTRÚAR Á FORMANNSFUNDI ASÍ 2015

Félag bólkagerðarmann

Georg Páll Skúlason

VM - Félag vélstjóra og málmæknimanna

Guðmundur Þórður Ragnarsson

MATVÍS

Niels Sigurður Olgeirsson

Félag hársnyrtisveina

Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir

Félag leiðsögumanna

Júlía Hannam

Mjólkurfræðingafélag Íslands

Kristján Rudolf Larsen

VR

Bjarni Þór Sigurðsson

Verslunarmannafélag Suðurnesja

Guðbrandur Einarsson

Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri

Eiður Stefánsson

Verslunarmannafélag Suðurlands

Guðmundur Gils Einarsson

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Finnur Magnússon

AFL-Starfsgreinafélag

Gunnhildur Imsland

Félag ísl. símamanna

Birna Dögg Granz

Félag ísl. rafvirkja

Borgþór Hjörvarsson

Félag rafeindavirkja

Eyjólfur Ólafsson

Félag tæknifólks í rafíðnaði

Jakob Tryggvason

BYGGIÐN - Félag byggingamanna

Finnbjörn A. Hermannsson

Félag iðn- og tæknigreina

Tryggvi Arnarson

Stéttarfélag Vesturlands

Guðbrandur Magnússon

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Guðjón Kristinn Harðarson

ÞINGIÐN

Jónas Kristjánsson

Stéttarfélagið Samstaða

Birkir Hólm F. Freysson

AFL-Starfsgreinafélag

Sigurður Hólm Freysson

Félag málmíðnaðarmanna**Akureyri**

Jóhann Rúnar Sigurðsson

VI. og sjóm.fél. Keflavíkur og nágr.

Kristinn G Pormar

Sjómannafél. og vélstj.fél.**Grindavíkur**

Einar Hannes Harðarson

Stéttarfélagið Samstaða

Guðmundur Finnbogason

Aldan, stéttarfélag

Bjarki Elmar Tryggvason

Sjómannafélag Eyjafjarðar

Konráð Þorsteinn Alfreðsson

Efling, stéttarfélag

Tryggvi Marteinnsson

Sjómannafélagið Jötunn

Þorsteinn I. Guðmundsson

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Sævar Gestsson

Efling, stéttarfélag

Sigurður Bessason

Verkalýðsfélagið Hlíf

Kolbeinn Gunnarsson

VI. og sjóm.fél. Keflavíkur og nágr.

Kristján G. Gunnarsson

Verkalýðsfélag Grindavíkur

Magnús Már Jakobsson

VI. og sjóm.fél. Sandgerðis

Magnús Sigfús Magnússon

Verkalýðsfélag Akraness

Vilhjálmur E. Birgisson

Stéttarfélag Vesturlands

Signý Jóhannesdóttir

Stéttarfélagið Samstaða

Ásgerður Pálsdóttir

Verkalýðsfélag Snæfellinga

Sigurður A Guðmundsson

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Finnbogi Sveinbjörnsson

Aldan, stéttarfélag

Pórarinn Guðni Sverrisson

Eining - Iðja

Björn Snæbjörnsson

Framsýn, stéttarfélag

Aðalsteinn Árni Baldursson

AFL-Starfsgreinafélag

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir

Drífandi, stéttarfélag

Arnar G. Hjaltalín

Verkalýðsfélag Suðurlands

Már Guðnason

Báran, stéttarfélag

Halldóra Sigríður Sveinsdóttir

Miðstjórn ASÍ

Gylfi Arnbjörnsson

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Kristján Þórður Snæbjarnarson

Sigurrós Kristinsdóttir

Valmundur Valmundarson

ASÍ-UNG

Friðrik Guðni Óskarsson

Gestir:

SGS

Drífa Snædal

LÍV

Stefán Sigurbjörnsson

Samiðn

Þorbjörn Guðmundsson




ASÍ 100 ÁRA

Verkalýðshreyfingin er ein öflugasta félagshreyfing þjóðarinnar. Flestir vita af hreyfingunni, margir njóta þjónustu hennar, sýna skilning á hlutverki hennar en þeir eru líklega fleiri sem gera sér ekki grein fyrir hversu stórt hlutverk hennar er í sögu þjóðarinnar síðustu 100 árin. Þess vegna er mikilvægt að rifja upp söguna og vekja athygli á framlagi verkalýðshreyfingarinnar til mótnar íslensks samfélags. Þann 12. mars 2016 voru 100 ár liðin frá því að 20 einstaklingar frá sjö verkalýðsfélögum bundust samtökum til að efla samtakamátt sinn í baráttunni fyrir bættum kjörum og Alþýðusambandið varð til.

Á fyrstu árum hreyfingarinnar snerust baráttumálin um að verkafólk fengi greitt fyrir vinnu í peningum, um hvíldartíma og mannsæmandi mannabústaði. Alla tíð síðan hafa réttindamál af ýmsum toga einkennt starf verkalýðshreyfingarinnar og er nú svo komið að réttindi og aðbúnaður íslensks launafólks er með því allra besta sem þekkest í heiminum. Má þar nefna veikinda- og orlofsrétt, sjúkrasjóði og lífeyrisréttindi. Það má þó ekki sofna á verðinum því stöðugt þurfa stéttarfélögin að verja það sem hefur áunnist auk þess að sækja fram til frekari sigra.

Þegar undirbúningur að 100 ára afmæli ASÍ hófst árið 2014 hafði forystufólk ASÍ þetta í huga, þ.e. að nota þessi merkilegu tímamót til að minnast sögunnar og baráttu þeirra sem á undan gengu. Fyrsta skrefið var stigið árið 2013 þegar saga Alþýðusambands Íslands kom út í tveimur bindum.

Upprifjun á sögu verkalýðshreyfingarinnar hélt áfram á sjálfu afmælisárinu eins og sjá má á eftirfarandi upptalningu á afmælisviðburðunum.



Þjóðminjasafn Íslands

Sögu Alþýðusambandsins voru gerð viðeigandi skil á ljósmyndasýningunni Vinnandi fólk í Þjóðminjasafninu sem var opnuð 5. mars og stóð til 23. maí. Þar var birtu brugðið á það hvernig aðstaða og aðbúnaður vinnandi fólks á Íslandi hefur breyst frá stofnun ASÍ. Sýningin var vitnisburður um framþróun hjá vinnandi fólki á mörgum sviðum á síðustu hundrað árum. Máttur ljósmyndarinnar er magnaður, hún sýnir okkur betur en flest, veruleikann eins og hann var. Í tengslum við sýninguna var gefin út vegleg sýningarskrá.

Listasafn ASÍ

Í stórfenglegri listaverkagjöf Ragnars Jónssonar í Smára til Alþýðusambands Íslands, sem varð kveikjan að stofnun Listasafns ASÍ 1961, eru mörg af þekktustu myndverkum tuttugustu aldar eftir nokkra fremstu listamenn þjóðarinnar; Ásgrím Jónsson, Jón Stefánsson, Jóhannes Sveinsson Kjarval, Nínu Tryggvadóttur og Svavar Guðnason. Á sýningunni, GERSEMAR úr safneign Listasafns ASÍ, sem var opnuð 5. mars voru verk eftir ofangreinda listamenn sýnd í bland við aðrar og minna þekktar perlur úr safneigninni. Sýningin var í Ásmundarsal við Freyjugötu og stóð í einn mánuð.

1916 **ASÍ** 2016

100 ÁRA

Tónleikaveisla og hátíðarmöld 12. mars
Afhending miða hefst 4. mars á tix.is

Í gæmi af afmælinni hlygumst okkur. Mennirnir eru til sögunnar og til framtíðar. Á þessum tíðum á landinu á afmælinni 12. mars.

<p>Alþýttur (1916-1917) (2016)</p> <p>AGENT FRESKO EMMSJÉ GAUTI YJA - HVARMDALSGJÖNGUR</p>	<p>Alþýttur (1916-1917) (2016)</p> <p>PÁLL ÓSKAR ÚLFUR ÚLFUR HUNDUR Í ÓSKILUM LÖNGADUVEY VERKALYÐSINS HEIÐ ÖPP Á AÐRU, KAFFI OG SUGLA</p>
<p>Láðáttur (1916-1917) (2016)</p> <p>MUGISON LÁRA RÚNARS</p>	<p>Þessir (1916-1917) (2016)</p> <p>RETRO STEFSON MANNAKORN VÁLDIÐ - HEMMUT HUNDUR Í ÓSKILUM LÖNGADUVEY VERKALYÐSINS</p>
<p>Reisastafur (1916-1917) (2016)</p> <p>ÚLFUR ÚLFUR LAY LOW BJARTMAR</p>	

Aðgengið á keyptis.is og tix.is

Fagnað með tónlist

Tónlist hefur leikið stórt hlutverk í verkalýðshreyfingunni alla tíð og tónlist var einkennandi í afmælisfagnaði ASÍ. Í því skyni að gera tónlistardagskrána sem best úr garði réði ASÍ Grím Atlason framkvæmdastjóra Iceland Airwaves sem sérstakan verkefnastjóra yfir tónleikadagskránni 12. mars og vann hann ásamt Snorra Má Skúlasyni deildarstjóra upplýsinga- og kynningarmála að undirbúningi viðburða á sjálfum afmælisdeginum. Boðið var upp á tónleika á fjórum stöðum á landinu 12. mars þar sem ungir og ferskir listamenn stigu á svið í bland við eldri og reyndari. Þrátt fyrir vonskuveður lét fjöldi fólks það ekki aftra sér frá því að mæta í gleðskapinn en boðið var upp á veglega tónlistarveislu í Hörpu í Reykjavík, Edinborgarhúsinu á Ísafirði, Hofi á Akureyri og Egilsbúð í Neskaupstað. Uppselt var á alla kvöldtónleikana en fyrirkomulagið var þannig að gestir þurftu að sækja sér miða á tix.is fyrirfram.

Frábær stemning var á öllum tónleikunum og mikil ánægja meðal gesta og þeirra listamanna sem fram komu.

Í Reykjavík var einnig dagskrá um miðjan daginn í Hörpu. Þar var boðið upp á 20 metra afmælistertu auk tónleika með Páli Óskari, Úlfi Úlfi og Lúðrasveit verkalýðsins auk þess sem Hundur í óskilum bauð upp á afar vel heppnaðan verkalýðskabarett. Þá framkvæmdu Lúðrasveit verkalýðsins, kvennakórarnir Hrynjandi og Katla auk meðlima í Karlakór Reykjavíkur magnaðan gjörning (Flashmob) á göngum Hörpunnar í Reykjavík. Alls tóku 160 manns þátt. Lagið sem þau fluttu var Maístjarnan eftir Jón Ásgeirsson við texta Halldórs Laxness. Myndband af þessari uppákomu má sjá á Youtube eins og reyndar hátíðartónleikana í Eldborgarsal Hörpu og kabarett Hunds í óskilum. Um fimm þúsund gestir sóttu fjölskyldudagskrána sem fór fram eftir hádegi laugardaginn 12. mars. Þá var húsfyllir í Eldborginni um kvöldið þar sem Ólaffa Hrönn Jónsdóttir og Halldóra Geirharðsdóttir stýrðu samkomunni af alkunnri snilld. Þar komu fram hljómsveitirnar Mammút, Valdimar, Mannakorn, Hundur í óskilum og Retro Stefson sem sló botn í dagskrána með stórbrotnu tónlistaratriði ásamt Lúðrasveit verkalýðsins. Sjónvarpið tók hátíðartónleikana í Eldborg upp og sendi út klukkutíma þátt tileinkaðan afmæli ASÍ að kvöldi 1. maí 2016.

Á Ísafirði mættu tæplega 300 manns þrátt fyrir ofsaveður og þar glöddu Lára Rúnars og Mugison sitt heimafólk. Á Akureyri voru tæplega 500 manns í Hofi þar sem Agent Fresco, Ylja og Hvanndalsbræður áttu sviðið. Í Neskaupstað mættu 340 manns í Egilsbúð þar sem Bjarmar, LayLow og Úlfur trylltu lýðinn.

Á hátíðarsamkomunni í Eldborgarsal Hörpu flutti Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, eftirfarandi ræðu:

Ágætu gestir, fyrir hönd Alþýðusambands Íslands býð ég ykkur öll hjartanlega velkomin á þessa afmælistónleika í tilefni 100 ára afmælis ASÍ – og mjög viðeigandi að minnst þessara tímamóta hér í eldraudri Eldborginni.

Þegar við hófum undirbúning að þessu merka afmæli var lögd áhersla á tvennt. Í fyrsta lagi vildum við gera þetta með gleðilegum og skemmtilegum hætti, en það er ekki óalgengt að birtingarmynd verkalýðshreyfingarinnar og forystumanna hennar sé fólk sem er mikið niðri fyrir í gagnrýni á atvinnurekendur eða stjórnvöld hverju sinni, já eða jafnvel út í hvert annað á stundum. Þótt ástæðan fyrir þessu sé nokkuð augljós, verkalýðsbaráttan er okkur hjartans mál og stutt í heitar tilfinningar, langaði okkur á þessu afmæli að venda okkar kvæði í kross, því við erum mjög oft glöð og hress, og engin leið er betri til þess en að bjóða upp á hressilega tónleika. Menning og listir hafa reyndar frá upphafi verið samofin verkalýðsbaráttunni og skiptir

þá engu hvort talað er um bókmenntir, leiklist eða myndlist. Hver man ekki eftir Menningar- og fræðslusambandi alþýðu í því sambandi? Tónlistin hefur einnig verið mikilvægur þáttur í starfi okkar. Ég hygg að fáir hafi t.d. gefið út eins mikið af söngbókum og verkalýðsfélögin í landinu. Þetta kemur ekki á óvart því bæði er fátt sem sameinar fólk jafn vel og söngur – og sigrar okkar hafa ávallt byggt á samstöðunni og þeir sem syngja eru yfirleitt með gleði í hjarta. Þess vegna lá beint við að halda upp á aldarafmæli ASÍ með tónleikum og það gerum við samtímis á fjórum stöðum á landinu. Hér í Hörpu, í Edinborgarhúsinu á Ísafirði, í Hofi á Akureyri og Egilsbúð í Neskaupstað.

Í öðru lagi var það vilji miðstjórnar ASÍ að láta aldarafmælið snúast um innihald og árangur þessarar 100 ára baráttu launafólks fyrir jöfnuði og jöfnum tækifærum. Við höfum með útgáfu á sögu ASÍ og samstarfi við Þjóðminjasafnið um veglega ljósmyndasýningu reynt að draga upp skýra mynd af ólíkum störfum alþýðufólks og baráttu þess fyrir réttindum og þéttum lífskjörum í heila öld. Saga Íslands er saga þessa fólks og baráttu þess. Það er hverjum manni ljóst sem skoðar sögu 20. aldar á Íslandi, að hlutur verkalýðshreyfingarinnar og Alþýðusambandsins í mótun okkar samfélagsins og þess velferðarkerfis og þeirra kjara sem við búum við í dag er bæði stór og hann er mikilvægur.

En ágætu gestir, sagt er að það sé nauðsynlegt að þekkja söguna til að skilja betur samtímamann og sjá hann í réttu samhengi. Ef það er eitthvað sem er raudur þráður í baráttu Alþýðusambandsins sl. 100 ár, fyrir utan kjarabaráttuna sjálfa auðvitað, þá eru það húsnæðismálin. Öruggt húsnæði á viðunandi kjörum eru mikilvæg mannréttindi og launafólk hefur frá upphafi beitt verkalýðshreyfingunni – og þá einkum Alþýðusambandinu – til þess að tryggja almennu launafólki viðunandi úrræði í húsnæðismálum. Því fannst okkur í miðstjórn ASÍ við hæfi að horfa til húsnæðismála þegar við veltum því fyrir okkur hvað væri viðeigandi gjöf sambandsins til félagsmanna sinna í tilefni afmælisins. Það er nokkuð langt síðan verkalýðshreyfingin kom með beinum hætti að framkvæmd húsnæðisstefnunnar, en á fundi sínum þann 3. mars sl. ákvað miðstjórn ASÍ að sambandið myndi standa fyrir stofnun almenns íbúðafélags með því að leggja fram stofnfé og leita til aðildarfélaga ASÍ um að veita íbúðafélaginu fjárhagslegan stuðning í upphafi til að treysta framgang verkefnisins. Þetta nýja íbúðafélag fær það verkefni að standa fyrir byggingu á leiguhúsnæði á hagstæðu verði fyrir tekjulágar fjölskyldur. Það er mat miðstjórnar ASÍ að ef verkalýðshreyfingin tekur ekki þetta frumkvæði er hætt við að enginn muni taka þetta verkefni að sér. Það er einnig mikið fagnadarefni að geta sagt frá því hér, að í dag var undirrituð viljayfirlýsing Alþýðusambandsins og Reykjavíkurborgar um uppbyggingu á 1000 íbúðum

á næstu fjórum árum hér í borginni. Jafnframt hefur stjórn BSRB ákveðið, í tilefni af aldarafmæli ASÍ, að leggja þessu nýja íbúðafélagi til aukið stofnfé. Ég vil, fyrir hönd Alþýðusambandsins, þakka bæði Degi B. Eggertssyni borgarstjóra fyrir hönd Reykjavíkurborgar og Elínu Björgu Jónsdóttur, formanni BSRB, fyrir hönd félaga okkar í BSRB fyrir að veita þessu mikilvæga málefni brautargengi með þessum hætti. Nú getum við hætt að tala um húsnæðisvanda þessa hóps og ráðist af krafti gegn honum með markvissum hætti. Svo getum við snúið okkur að nýju húsnæðislánakerfi á samfélagslegum grunni, en ekki meira um það hér.

Með þessum orðum fel ég listafólkinu stjórn á þessari samkomu og vona innilega að þið njótið.

Takk fyrir.



Árbæjarsafn

Þá var aldarafmælisins minnst með veglegu afmælisboði ASÍ í Árbæjarsafni þann 28. ágúst. Alþýðusambandið bauð frítt inn á safnið þann dag, auk þess að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá þar sem brugðið var birtu á aðstæður og aðbúnað íslensks verkafólks á síðustu öld. Boðið var upp á leiðsagnir, ratleik, þvottaburð, kassabílaakstur auk þess sem börnin fengu stutta ferð á hestbaki. Þorskur var þurrkaður á túni, Leikhópurinn Lotta bauð upp á söngvasyrpu, lummur voru bakaðar í Háabæ, prentari, skósmiður og gullsmiður tóku á móti gestum á verkstæðum sínum og Lúðrasveit verkalýðsins þrammaði um svæðið af sinni alkunnri snilld. Óhætt er að segja að almenningur hafi brugðist vel við því rétt tæplega þrjú þúsund manns lögðu leið sína í safnið milli klukkan eitt og fjögur og naut sín í einmuna blíðu. Þetta er mesti fjöldi sem komið hefur í Árbæjarsafn á einum degi á þessu sumri.

Samkeppni meðal nemenda í 10. bekk

Í tilefni af afmælinu var efnt til samkeppni meðal nemenda í 10. bekkjum grunnskóla. Keppnin bar heitið ASÍ 100 ára – réttindabarátta í heila öld. Meginþemað var réttindi og skyldur á vinnumarkaði, réttindi sem orðið hafa að veruleika vegna baráttu verkalýðshreyfingarinnar. Markmiðið með keppninni var að hvetja til umræðna og auka skilning ungmenna á ýmsum lykilatriðum í 100 ára sögu verkalýðshreyfingarinnar.

Í samkeppnina skiluðu sér rúmlega 20 hópar og þar að baki stóðu um 60 nemendur. Gæði verkefnanna fóru langt fram úr björtustu vonum og eiga allir þeir sem skiluðu inn verkefni svo sannarlega hrós skilið. Eftir erfitt val dómnefndar voru veitt verðlaun fyrir þau tíu verkefni sem þóttu skara

fram úr og komu þau úr þremur skólum; Vatnsendaskóla, Kelduskóla og Austurbæjarskóla. Einnig voru gerð myndbönd með þeim krökkum sem voru í fyrstu fimm sætunum. Þar öðluðust verkefni þeirra líf á myndrænan hátt og voru þau sýnd í Eldborgarsal Hörpu á sjálfan afmælisdaginn.

Yfirlit yfir þau 10 verkefni sem fengu verðlaun fyrir þátttöku sína má sjá hér:

1. sæti	Útvarpskonur	Lilja Hrönn, Þorbjörg og Sandra Ósk
2. sæti	Jafnrétti	Tríóið Trémenn: Eyþór, Daníel og Jón Þór
3. sæti	Atvinnuleysisbætur	Katla, Ásta, Rannveig og Heiða
4. sæti	ASÍ 100 ára	Anna og Elva
5. sæti	Það var í þá daga	Anna Sigrún, Rósa og Sigrún María
6. sæti	Vinnuslysa- og atvinnusj.spilið	Írena og Ósk
7. sæti	Jafnrétti ASÍ	Ólöf Lára
8. sæti	Konurnar tvær	Freyja og Ráðhildur
9. sæti	Vinnufatnaður og búnaður	Eyja, Guðrún, Ilmur og Sóley
10. sæti	Jafnréttisbaráttan og tíska	Hekla, Hrafnhildur, Joana, Silva og Melkorka



AF VETTvangi MIÐSTJÓRNAR ASÍ

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands kemur að jafnaði saman tvisvar í mánuði ef frá er talið tímabilið frá miðjum júní fram í seinni hluta ágústmánaðar ár hvert. Miðstjórn stjórnar daglegri starfsemi Alþýðusambandsins í samræmi við lög þess og samþykktir sambandsþinga, og reglulegra formannafunda eftir því sem við á. Miðstjórn ber ábyrgð á allri starfsemi Alþýðusambandsins og stofnana þess og fyrirtækja á vegum þeirra. Á vettvangi miðstjórnar er fjallað um allt það helsta er varðar stefnumótun og starf Alþýðusambandsins og samskipti við aðildarsamtökin, önnur samtök launafólks, samtök atvinnurekenda, stjórnvöld og aðra aðila er varða starf verkalýðshreyfingarinnar og hagsmuni launafólks. Ákvarðanir eru teknar um meginlínurnar í starfseminni með gerð starfs- og fjárhagsáætlunar sem samþykkt er í byrjun hvers árs. Þá eru áherslur og stefna ASÍ í þeim málum sem hæst ber hverju sinni mótaðar og útfærðar frekar á grundvelli samþykktar þinga og reglulegra formannafunda ASÍ.

Fjöldmörg mál komu til kasta miðstjórnar ASÍ á tímabilinu frá september 2015 til september 2016.

Haustið 2016 fjallaði miðstjórn ítrekað um undirbúning, málefni og fyrirkomulag 42. þings ASÍ sem haldið verður í lok október það ár.

Í byrjun árs 2016 afgreiddi miðstjórn starfs- og fjárhagsáætlun ASÍ fyrir yfirstandandi ár. Starfs- og fjárhagsáætlunin mótar þann ramma sem starfs-

emin byggir á og leggur stóru línurnar varðandi áherslur í starfinu og nýtingu þeirra fjármuna sem Alþýðusambandið hefur til ráðstöfunar hverju sinni.

Eðli málsins samkvæmt eru kjaramálin í víðum skilningi fyrirferðarmest í störfum miðstjórnar og voru þau á dagskrá á öllum fundum hennar á tímabilinu. Auk þess hefur ítrekað verið fjallað um vinnumarkaðs- og félagsmál, s.s. stöðuna á vinnumarkaði almennt og félagsleg undirboð og stöðu heimilanna í landinu, húsnæðismálin, heilbrigðis- og velferðarmálin, lífeyrismálin og málefni ungs fólks.

Miðstjórnin fjallaði um allar tilnefningar af hálfu ASÍ í nefndir og ráð og setur umboð fyrir fulltrúa Alþýðusambandsins.

Hér á eftir er gerð frekari grein fyrir umfjöllun og ákvörðunum miðstjórnar ASÍ í nokkrum málum á því tímabili sem skýrslan tekur til. Á öðrum stöðum í skýrslunni eru ályktanir miðstjórnar birtar sérstaklega. Þar er einnig fjallað ítarlega um fjölmörg þeirra mála sem voru til umfjöllunar í miðstjórn ASÍ. Þar má nefna þátttöku í vinnu varðandi kjaramálin og nýtt kjarasamningalíkan, áframhaldandi vinnu ASÍ í húsnæðismálum, aðgerðir gegn undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi, menntamál, lífeyrismál, heilbrigðismál, almannatryggingar og verðlagseftirlit. Þá voru málefni Listasafns ASÍ ítrekað til umfjöllunar í miðstjórn á tímabilinu.

Umfjöllun um efnahags- og atvinnumál og kjaramál

Eins og segir hér að framan var umfjöllun um efnahags- og kjaramál og hagur launafólks almennt helsta viðfangsefni miðstjórnar allt tímabilið. Ítrekað var ályktað um þessi mál. Alþýðusambandið og starfsmenn þess komu með virkum hætti að gerð kjarasamningsins sem undirritaður var 21. janúar 2016. Þá var atkvæðagreiðslan um samninginn skipulögð og stýrt af Alþýðusambandinu í samstarfi við aðildarsamtökin. Í fyrsta skipti í sögu ASÍ var um sameiginlega atkvæðagreiðslu um kjarasamning meðal aðildarfélaganna að ræða og var hún rafræn. Þá hefur það komið í hlut Alþýðusambandsins og starfsmanna þess að fylgja eftir bókunum í kjölfar samninga síðustu ára, þar sem fjölmörg hagsmunamál launafólks eru undir. Þar má sem dæmi nefna vinnutímamál, veikindarétt, mat á námi og launasetningu, orlofsmál, lífeyrismál og sveigjanleg starfslok. Loks hefur á vettvangi miðstjórnar ítrekað verið fjallað um SALEK-samkomulagið og vinnu við nýtt kjarasamningalíkan að norrænni fyrirmynd.

Starfs- og fjárhagsáætlun ASÍ fyrir árið 2016

Starfs- og fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2016 var til umfjöllunar á fundi miðstjórnar ASÍ í desember 2015 og staðfest 6. janúar 2015. Að þessu sinni var auk hefðbundinna verkefna sérstök áhersla á:

- Í fyrsta lagi þjónusta og aðstoð við aðildarsamtökin í viðræðum við SA um breytingar á gildandi kjarasamningum í framhaldi af undirritun rammksamkomulags frá 27. október 2015.
 - Fylgja þarf eftir þeim bókunum sem eru í kjarasamningum aðildarsamtakanna og SA.
 - Einnig að fylgja eftir bókunum úr eldri samningum.
- Í öðru lagi þátttaka í vinnu við samkomulag um samræmda launastefnu til ársloka 2018 með atvinnurekendum, öðrum heildarsamtökum launafólks, fulltrúum launanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og fulltrúa launanefndar ríkisins.
- Í þriðja lagi lokaundirbúningur og framkvæmd á 100 ára afmælisári ASÍ árið 2016.
 - Samkeppni nemenda í 10. bekk
 - Listasýningar í Listasafni ASÍ
 - Ljósmyndasýning í Þjóðminjasafninu
 - Hátíðir í öllum landsfjórðungum 12. mars
 - ASÍ helgi í Árbæjarsafni
- Í fjórða lagi barátta gegn undirboðum á vinnumarkaði, svartri atvinnustarfsemi, kennitölulflakki og fyrir bættu siðferði í viðskiptalífinu.
- Í fimmta lagi eftirfylgni með stefnumótun á sviði fullorðins- og framhaldsfræðslu á vettvangi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, í Fræðslusjóði, í samskiptum við aðila vinnumarkaðarins og í samskiptum við menntamálaráðuneytið.

Þjóðgarður á miðhálandinu

Vorið og sumarið 2015 komu fulltrúar fjölmargra samtaka, sem eiga það sameiginlegt að vilja vinna að verndun hálandis Íslands, saman til að fjalla um viðfangsefnið og komu fulltrúar atvinnumálanefndar og umhverfisnefndar ASÍ að þeirri vinnu. Umhverfisnefnd og atvinnumálanefnd funduðu síðan sameiginlega um málið í byrjun september þar sem óskað var eftir að miðstjórn ASÍ tæki til umfjöllunar eftirfarandi erindi nefndanna:

Að miðstjórn taki afstöðu til meðfylgjandi athugasemda við samantekt vinnufundar sem haldinn var 11. júní sl. Á þeim fundi var fjallað um eftirfarandi spurningar:

- A. *Sjáið þið miðhálandið varanlega verndað sem eina skipulagsheild?*
- *Hvaða grundvallaratriði þarf að huga að þegar fjallað er um vernd,*

- stjórnun og stýringu hálandisins?*
- *Hvað gæti falist í þjóðgarði?*
- B. *Hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að þín samtök styðji hugmyndina um þjóðgarð á miðhálandi Íslands?*

Markmið verkefnisins er að þeir aðilar sem láta sig varða verndun hálandisins og sjálfbæra nýtingu þess og eiga hagsmuni að gæta komi sér saman um skilgreiningu á því hvað felst í því að miðhálandi Íslands verði gert að þjóðgarði.

Miðstjórn fjallaði um efnið á fundum sínum 16. september og svo aftur 7. október 2015. Á seinni fundinum var samþykkt að komið yrði á framfæri athugasemdunum frá umhverfisnefnd og atvinnuálanefnd ASÍ. Jafnframt var áréttað að í því fælist engin skuldbinding varðandi þátttöku eða stuðning við þjóðgarð á miðhálandinu. Miðstjórn mundi taka afstöðu til þess þegar drög að ályktun um efnið liggja fyrir og þau hafa verið kynnt og rædd.

Í minnisblaði sem lagt var fyrir miðstjórn ASÍ 6. janúar 2016 segir:

Gerð var grein fyrir afstöðu ASÍ á fundi með verkefnisstjórn og hagsmunaaðilum þann 30. nóvember 2015. Í stuttu máli gerði ASÍ athugasemd við þann lið viljayfirlýsinga sem sneri að takmörkunum virkjanaf framkvæmda innan þjóðgarðs en fulltrúar ASÍ töldu ekki rétt að fallið yrði frá lýðræðislegu ferli rammaáætlunar og að áhersla ætti fremur að vera á stofnun þjóðgarðs á þessu stigi en ekki á hvað skuli vera bannað innan þjóðgarðs. Eftirfarandi breytingartillaga var því lögð fram þar sem setningin:

„Með stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu yrði fallið frá frekari virkjunum og háspennulínum og náttúrugæði þar með tryggð.“

Yrði orðuð á þennan veg:

„Stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu fæli í sér aukna áherslu á mikilvægi og verðmæti ósnortinnar náttúru. Flokkun í mismunandi verndarflokka og nýting þess verði á grundvelli faglegs ferlis um vernd og orkunýtingu landsvæða (Rammaáætlunar) og umhverfismats.“

Tillagan fékk ekki hljómgrunn hjá verkefnisstjórn sem verður að teljast vonbrigði þar sem ljóst er að stofnun þjóðgarðs myndi ein og sér bæta stöðu náttúrunnar í ferli rammaáætlunar.

Í umræðunum í miðstjórn var áréttað að þegar ljóst var að afstaða ASÍ um að

fylgja ætti faglegu og lýðræðislegu ferli skv. Rammaáætluninni næði ekki fram að ganga var ekki um annað að ræða en að ASÍ drægi sig út úr verkefninu.

100 ára afmæli ASÍ

Dagskrá og viðburðir vegna 100 ára afmælis Alþýðusambands Íslands var ítrekað til umfjöllunar á vettvangi miðstjórnar. Drög að dagskrá með tímasetningum voru kynnt á fundi 8. nóvember 2015. Málið var síðan aftur til umfjöllunar í tengslum við afgreiðslu starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016, þar sem fjárhagsramminn var samþykktur. Síðan var ítrekað fjallað um málið í aðdraganda og framhaldi af hátíðardagskrá 12. mars 2016 og áfram.

42. þing ASÍ

Síðla árs 2015 ákvað miðstjórn að 42. þing ASÍ yrði haldið dagana 26.–28. október 2016. Þingið var til umfjöllunar á fundi miðstjórnar vorið 2016. Samþykkt var að yfirskrift þingsins yrði „Samstaða í 100 ár - sókn til nýrra sigra“. Þá var samþykkt að þingið yrði rafrænt og pappírslaut. 15. júní voru síðan samþykkt til útsendingar fyrstu umræðuskjölin til aðildarfélaganna. Málafni fyrir þingið voru ákveðin: Nýtt kjarasamningslíkan; Velferð; Atvinna og menntun; og, Vinnumarkaður og jafnrétti. Á fundi miðstjórnar 7. september var svo kynnt úthlutun þingfulltrúa eftir aðildarsamtökum.

Reglugerð um bókhald og ársreikninga aðildarsamtaka ASÍ

Miðstjórn ASÍ afgreiddi á fundi sínum 17. febrúar 2016 reglugerð um bókhald og ársreikninga aðildarsamtaka ASÍ. Áður höfðu drög að reglugerðinni verið kynnt á formannafundi ASÍ 2015 og í framhaldinu verið send út til aðildarsamtakanna til umsagnar. Í reglugerðinni er tekið á öllum helstu atriðum er varða færslu bókhalds og gerð ársreikninga.

STARF – vinnumiðlun og ráðgjöf

Á fundi miðstjórnar 18. nóvember 2016 var kynnt samantekt um starfsemi STARFs. Þar er sett fram spurningin: „Af hverju á þjónustan að vera hjá stéttarfélagnum?“ Um það segir í samantektinni:

„Nú að tilraunatímabili STARFs nýloknu, er edlilegt að spurt sé af hverju þjónustan við félagsmenn stéttarfélaganna sem eru á atvinnuleysisbótum ætti að vera á vegum stéttarfélaganna? Það er staðreynd að stéttarfélögin bera ávallt talsverðar skyldur gagnvart sínum félagsmönnum – einnig þegar þeir eru tímabundið án atvinnu. Þau ná því edlilega betri trúnaðartengslum við sína atvinnuleitendur og hafa meiri þekkingu á þeirra starfsumhverfi heldur en opinber stofnun getur náð. Stéttarfélögin þjónusta félaga sína sem eru með vinnu, eru án vinnu vegna heilsubreysts (gegnum VIRK) og því er

mjög edlilegt að þau þjóni einnig þeim sem eru atvinnulausir. Atvinnulausir félagsmenn stéttarfélaganna fá þannig fjölbreytta og mikilvæga þjónustu á einum stað, s.s. ráðgjöf og vinnumiðlun, ráðgjöf og upplýsingar um kjaramál, starfsendurhæfingu (VIRK), sjúkrasjóð félaganna, ýmsa styrki s.s. úr starfsmenntasjóðum, aðgang að orlofshúsum, afsláttarkort o.fl.

Stéttarfélögin bjóða almennt upp á fjölbætta þjónustu – þannig að enginn er brennimerktur atvinnulaus sem sækir þjónustuna í miðstöð þeirra, sem því miður er eitt helsta umkvörtunarefni þeirra atvinnuleitenda sem þurfa að sækja þjónustu til VMST. Þannig hefur útrekað komið fram að atvinnuleitendum hugnast betur að sækja þjónustuna til síns stéttarfélags heldur en til VMST. Stéttarfélögin ná einnig fram ýmsum samlegðaráhrifum í þjónustu sinni og ná betri tengslum við félagana sem annars hafa ekki komið í þjónustumiðstöðvar þeirra og ná að upplýsa þá betur um réttindi þeirra og þjónustu félagsins. Þá hefur verið auðvelt fyrir atvinnuráðgjafa STARFs að fara með atvinnuleitendur milli sviða hjá stéttarfélögum og geta þannig leiðbeint þeim um aðra þjónustu þar innandyra sem stendur þeim til boða – sem ekki er á færi ráðgjafa VMST að gera. Þannig verður þjónustan persónulegri og markvissari.“

Í umræðunum var áréttað að reynslan af starfsemi STARFs hafi almennt verið jákvæð. Þannig hefðu atvinnuleitendur sem nutu þjónustunnar verið ánægðir og áréttað mikilvægi þess að geta leitað þjónustu og aðstoðar hjá sínu stéttarfélagi í stað þess að þurfa að fara til opinberrar stofnunar og vera um leið stimplaðir sem atvinnulausir. Fram kom að Alþýðusambandið mun halda málinu vakandi gagnvart velferðarráðuneytinu og ráðherra félagsmála.

Aðkoma ASÍ að dvalar- og hjúkrunarheimilum fyrir aldraða

Málefni aldraðra og aðkoma ASÍ að rekstri dvalar- og hjúkrunarheimila fyrir aldraða var til umfjöllunar í miðstjórn í byrjun árs 2015. Það var aftur á dagskrá 3. febrúar 2016 í tengslum við vaxandi rekstrarvanda öldrunarstofnana. Áréttað var að: „*Miklar áskoranir blasa við í málefnum aldraðra á komandi árum. Ljóst er að fjölga þarf hjúkrunarrýmum og efla þjónustu við aldraða.*

Í lögum um málefni aldraðra er sett fram það markmið „... að aldraðir eigi vól á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem er edlilegast miðað við þörf og ástand hins aldraða. Einnig er markmið laganna að aldraðir geti, eins lengi og unnt er, búið við edlilegt heimilislíf en að jafnframt sé tryggð nauðsynleg stofnanaþjónusta þegar hennar er þörf.“ Stefnan í öldrunarmálum er því

sú að í stað sérstakra dvalarheimila fyrir aldraða eiga að koma öflug heimahjúkrun, dagdvalarrými, fjölgun hjúkrunarrýma og auknir möguleikar á hvíldarinnlögnum.

Samtals voru 3.736 rými fyrir aldraða á árinu 2015. Hjúkrunarrými voru 2.482, önnur rými s.s. geðhjúkrunarrými, voru 149, dvalarrými voru 390 og dagdvalarrýmin voru 715. Á liðnum árum hefur fjölgað á biðlistum eftir hjúkrunarrýmum. Árið 2010 voru 155 á biðlistum en voru orðnir 277 í fyrra,

það jafngildir tæplega 80% aukningu. Í skýrslu ríkisendurskoðunar, Dvalarheimili aldraðra, rekstur og starfsemi 2006–2011 kemur fram að meðaltími karla á biðlistum eftir dvalarrýmum hafi verið 274 dagar á árunum 2006–2011 en 306 dagar hjá konum.

Hjúkrunarheimilin hafa lengi búið við rekstrarvanda. Í skýrslu ríkisendurskoðunar, Rekstarafkoma og fjárhagsstaða hjúkrunarheimila á árinu 2013, kemur fram að hjúkrunarheimilin voru rekin með samtals 761 m.kr. halla á árinu 2013 sem er 3,31% af rekstrartekjum. Hluti vandans virðist liggja í því að daggjöld sem ríkið greiðir hjúkrunarheimilum er ekki ætlað að standa undir húsnæðiskostnaði. Sérstöku húsnæðisgjaldi er ætlað að standa undir hluta húsnæðiskostnaðar, þ.e. kostnaði vegna fasteignagjalda, trygginga, viðhalds, eftirlits og umsýslu húsnæðis en ekki stofnkostnaði, afskriftum og meiriháttar breytingum og endurbótum á húsnæði. Þá hafa Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu talið að rangar forsendur hafi verið lagðar til grundvallar við útreikning verðlags- og launabóta sem valdi því að daggjöld hækki ekki eðlilega milli ára.“

Þá er bent á að vandinn muni bara aukast ef ekkert verður að gert. Fram kom að Alþýðusambandið hefur beint því til ráðherra málaflokksins að setja á stofn nefnd sem hafi sem viðfangsefni að fjalla bæði um búsetuúrræði fyrir aldraða og þjónustu við þá. Þá lítur ASÍ þannig á að félagslegi hluti húsnæðisfrumvarpanna nái líka til þessa hóps. Það þurfi að koma fram með skýrum hætti. Einnig var rætt um ábyrgð ríkisins og sveitarfélaganna gagnvart málefnum aldraðra og þá óvissu sem þar er uppi.

Í lok umræðunnar var árettuð áhersla ASÍ á að ráðherrar setji málið á dagskrá með afdráttarlausum hætti og mikilvægi þess að kortleggja málið og þau úrlausnarefni sem samfélagið stendur frammi fyrir nú þegar og í fyrirsjáanlegri framtíð. Sett verður frétt á vef ASÍ til að vekja umræðu um málefni aldraða þar sem fram komi að ASÍ muni vinna að því að fylgja málinu eftir.

1. maí 2016

Á fundi miðstjórnar 16. mars 2016 var samþykkt að yfirskrift aðgerða

verkalýðshreyfingarinnar 1. maí 2016 yrði „**Samstaða í 100 ár – Sókn til nýrra sigra!**“. Í greinargerð með yfirskriftinni segir: „Með yfirskriftinni er annars vegar verið að vísa til þess að 12. mars sl. átti Alþýðusamband Íslands 100 ára afmæli. Samstaða launafólks í þessi 100 ár gerði verkalýðshreyfinguna að mikilvægasta geranda í baráttunni fyrir bættum kjörum og réttindum á öllum sviðum. Hún hefur jafnframt verið öflugasta félagshreyfing landsins og mikilvægasti gerandinn við mótun velferðarsamfélags á Íslandi. Þess vegna er mikilvægt að við minnumst sögunnar, þeirra fórna sem þeir sem á undan okkur komu færðu og þess mikilvæga árangurs af starfi verkalýðshreyfingarinnar sem við njótum í dag.

Í yfirskriftinni felst einnig hvatning til verkalýðshreyfingarinnar um að halda baráttunni áfram vegna þess að henni lýkur aldrei. Barátta okkar í dag fyrir réttindum og stöðu bæði erlends verkafólks og ungs fólks á vinnumarkaði minnir okkur á, að það er mikilvægt fyrir launafólk að verja þann árangur sem náðst hefur til að hann verði ekki af okkur tekinn. Réttindi launafólks eru ekki sjálfgefin. En það má ekki láta þar við sitja. Verkefni verkalýðshreyfingarinnar í dag er að sækja frekari kjarabætur og aukin réttindi á vinnumarkaði og tryggja velferð og góð lífskjör allrar alþýðu. Sókn til nýrra sigra er hér eftir sem hingað til drifkrafturinn í íslenskri verkalýðshreyfingu.“

Verðlagsnefnd búvara

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands fjallaði á fundi sínum 1. júní sl. um ósk atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins að Alþýðusamband Íslands tilnefndi fulltrúa í verðlagsnefnd búvara. Það var niðurstaða miðstjórnar að þar sem ekkert það hefði gerst sem gefur tilefni til að endurskoða þá afstöðu miðstjórnar frá síðasta ári að tilnefna ekki í verðlagsnefndina stæði sú ákvörðun.

Stuðningur við ýmsa aðila

Alþýðusambandið styrkir líknar- og góðgerðarfélög á hverju ári um sem nemur u.þ.b. 2 milljónum króna. Er leitast við að dreifa þessum styrkjum sem víðast. Auk þessa styrkir ASÍ jólaúthlutun Hjálparstarfs kirkjunnar, Rauða krossins og Mæðrastyrksnefndar um 600 þúsund krónur fyrir jólin. Aðstoðin fer fram um allt land, m.a. með úthlutun á matvælum og fatnaði til þeirra sem eiga í fjárhagslegum erfiðleikum.

Alþýðusamband Íslands og Jafningjafræðslan hafa unnið saman undanfarin sumur. Samvinna ASÍ og Jafningjafræðslunnar hófst árið 2009 og hefur tekist afar vel. Leiðbeinendur Jafningjafræðslunnar uppfræða 13–15 ára krakka í Vinnuskóla Reykjavíkur, Vinnuskóla Kópavogs og Vinnuskóla Seltjarnarness um verkalýðshreyfinguna og helstu réttindamál á vinnumarkaði. Í staðinn styrkir ASÍ starf Jafningjafræðslunnar fjárhagslega. Alþýðusambandinu er

heiður að því að koma að því góða starfi sem Jafningjafræðslan innir af hendi en Jafningjafræðslan er forvarnastarf, unnið af ungu fólki þar sem fræðslan byggist á að bæta sjálfsmynd unga fólksins. Þá styrkir ASÍ starf Lúðrasveitar verkalýðsins um 250 þúsund kr. á ári en fimm ára styrktarsamningur þess efnis var undirritaður í desember 2015.

Fundargerðir miðstjórnar ASÍ - Fréttamolar frá skrifstofu ASÍ

Til að mæta sjálfsagðri kröfu um að stjórnarmenn aðildarsamtaka ASÍ og félagsmenn séu upplýstir um þau málefni sem tekin eru til umfjöllunar af miðstjórn ASÍ, stefnumótun sem þar á sér stað og ákvarðanir sem þar eru teknar er störfum miðstjórnar nú gerð skil með eftirfarandi hætti:

1. Allar ályktanir, meiri háttar stefnumótun og ákvarðanir miðstjórnar ASÍ eru birtar á vef ASÍ www.asi.is um leið og þær liggja fyrir.
2. Fréttamolar - frá skrifstofu ASÍ er rafrænt rit sem kemur út á mánudagsmorgnum eftir fundi miðstjórnar (sem haldnir eru á miðvikudögum e.h.). Í Fréttamolunum er sagt nokkuð ítarlega frá því helsta sem fram kom á síðasta miðstjórnarfundi, auk þess sem birt er ýmislegt efni til upplýsingar og fróðleiks fyrir stjórnarmenn, trúnaðarmenn, starfsmenn og virka félagsmenn aðildarsamtaka ASÍ. Fréttamolarnir eru sendir til miðstjórnar ASÍ, formanna allra aðildarsamtaka ASÍ, stjórnar ASÍ-UNG og tengiliða aðildarfélaga ASÍ samkvæmt tölvupóstföngum skrifstofu ASÍ. Aðildarfélögunum er frjálst og þau eru hvött til að dreifa Fréttamolunum áfram til stjórnar, trúnaðarráðs, trúnaðarmanna og starfsmanna félaganna.
3. Rafrænt Fréttabréf ASÍ kemur út mánaðarlega yfir vetrarmánuðina. Þar gerir forseti ASÍ grein fyrir starfi og áherslum ASÍ í þeim málum sem hæst ber hverju sinni, auk þess sem fjallað er um mál sem efst eru á baugi í starfi ASÍ.
4. Í skýrslu forseta sem út kemur árlega í október og bæði er gefin út á pappír og rafrænt, er síðan að finna samantekt á starfi miðstjórnar ASÍ og helstu málum sem þar hafa verið til umfjöllunar á starfsárinu.

ÁLYKTANIR MIÐSTJÓRNAR ASÍ

Samkomulag um ný og betri vinnubrögð í uppnámi, 18. nóvember 2015

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands krefst þess að Samtök atvinnulífsins beiti sér fyrir því að gengið verði hið fyrsta frá kjarasamningi á milli ISAL og hlutaðeigandi verkalýðsfélaga. Síðustu mánuði hefur verið lögð mikil vinna í að móta nýtt íslenskt samningalíkan að norrænni fyrirmynd. Staðan sem upp er komin í Straumsvík og framganga SA í málinu er afleitt innlegg í það samkomulag sem aðilar á vinnumarkaði skrifuðu undir fyrir fáeinum dögum. Það er með miklum ólíkindum að SA skuli ganga erinda RioTinto og halda starfsmönnum eins fyrirtækis í gíslingu. Þannig er komið í veg fyrir að þeim verði boðin sama launahækkun og flestir launamenn á íslenskum vinnumarkaði hafa fengið.

ASÍ hvetur SA til að starfa í anda þess samkomulags sem undirritað var 27. október sl. og ganga frá kjarasamningi við starfsmenn álversins í Straumsvík. Að öðrum kosti er trúverðugleiki SA farinn fyrir lítið og samkomulag um ný og betri vinnubrögð á íslenskum vinnumarkaði komið í fullkomið uppnám.

Ályktun miðstjórnar ASÍ um rangar áherslur í fjárlögum, 16. desember 2015

Miðstjórn ASÍ gagnrýnir harðlega áhuga- og úrræðaleysi ríkisstjórnar-flokkanna þegar kemur að hagsmunum og aðstæðum þeirra tekjulægstu í samfélaginu. Enn er minnisstæð lækkun tekju- og eignaskatta stóreigna- og hátekjufólks og lækkun auðlindaskatta sem kallar á niðurskurð ríkisútgjalda, þ.m.t. til heilbrigðismála. Þessi ríkisstjórn hækkar skatt á mat en lækkar skatta á lúxusvörur. Hækkar á bótum almanna- og atvinnuleysistrygginga sitja eftir á sama tíma og skuldir eignafólks eru lækkaðar.

Í því fjárlagafrumvarpi sem nú er til umræðu stendur ekki til að mæta nauðsynlegri fjárþörf heilbrigðiskerfisins vegna þeirra kjarasamninga sem gerðir hafa verið. Það mun óhjákvæmilega leiða til dýrari og lakari lækniþjónustu. Á sama tíma er verið að undirbúa enn frekari markaðsvæðingu heilbrigðiskerfisins. Fyrir liggur að nú þegar hefur hópur fólks ekki efni á að nýta sér þessa þjónustu.

Þrátt fyrir að allir kjarasamningar sem ríkið hefur staðið að miði við að hækkan launa verði afturvirk frá og með 1. maí sl. og kjararáð hafi hækkað laun alþingismanna og ráðherra frá og með 1. mars, hafnar ríkisstjórnin að hækka bætur almannatrygginga með sambærilegum hætti og nemur hækkan lægstu launa og miða við 1. maí. Á sama tíma leggur meirihluti efnahags- og skattanefndar til breytingar á tekjuskattsfrumvarpi fjármálaráðherra og heimila fulla samsköttun tekna hjóna/sambýlisfólks sem gæti lækkað tekjuskatt þeirra sem eru með meira en 1,4 milljónir kr. á mánuði um allt

að 900 þús. kr. á ári. Þessi aðgerð er talin kosta ríkissjóð um 3.500 milljónir króna á ári.

Áhugaleysi ríkisstjórnarinnar á málefnum og aðstæðum tekjulágra fjölskyldna endurspeglast einnig í húsnæðismálum. Mikil vinna hefur verið lögð í mótun tillagna um nauðsynleg úrræði, einkum verulega hækkun húsaleigubóta og nýtt félagslegt húsaleigukerfi. Breið samstaða náðist um þá niðurstöðu. Þrátt fyrir að ríkisstjórnin héti því að beita sér fyrir að lögfesta þessar breytingar á haustþingi, er fyrirséð að þessi mál muni dragast fram á næsta ár. Miðstjórn ASÍ lýsir fullri ábyrgð af þessum drætti á fjármála- og efnahagsráðherra, en fyrirséð er að þetta er forsendubrestur gagnvart endurskoðun kjarasamninga í febrúar.

Miðstjórn ASÍ hafnar þeim áherslum og forgangsroðun sem lýst er hér að framan.

Úrskurður kjararáðs um hækkun launa dómara, 6. janúar 2016

Miðstjórn ASÍ gagnrýnir harðlega ákvörðun kjararáðs um laun dómara og krefst þess að stjórnvöld setji á hátekjuskatta til þess að stemma stigu við ofurlaunum.

Á fundi kjararáðs þann 17. desember sl. úrskurðaði ráðið um meira en 40% hækkun á launum dómara og verulega hækkun á launum bankastjóra Landsbankans. Þessar launahækkningar eru úr öllum takti við þann veruleika sem þorri launafólks býr við. Miðstjórn ASÍ telur augljóst, að kjararáð sé með þessum úrskurði sínum að taka mið af þeirri ofurlaunaþróun sem átt hefur sér stað hjá stjórnendum fyrirtækja á undanförunum misserum. Þarna er verið að hækka hálaunahópa langt umfram aðra og almenningur sér augljóslega ekki hvaða sanngirni er í því. Það er eitthvað bogið við samfélag sem hækkar mánaðarlaun hátekjufólks um fleiri hundruð þúsund krónur í einu veffangi á meðan hluti þjóðarinnar berst í bökkum.

Miðstjórn ASÍ varar einnig við því að með þessum nýjustu hækkunum kjararáðs sé í reynd lagður grunnur að frekari launahækkunum æstu embættismanna ríkisins. Í næstu lotu verður því væntanlega haldið fram að komin sé skekkja í myndina og forseti, ráðherrar og alþingismenn þurfi ámóta glaðning frá kjararáði.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands áréttar andstöðu sína við þessa þróun ofurlaunanna og vill undirstrika að þróun í kjörum æstu forystumanna, bæði atvinnulífs og á hinum opinbera vettvangi, hefur aukið hér launamun og valdið mikilli reiði almenns launafólks. Afleiðingin er að sífellt er verið að endurnýja tilefni deilna og átaka í samfélaginu og lýsir miðstjórn ASÍ þessa aðila ábyrga fyrir afleiðingunum. Jafnframt krefst ASÍ þess að ríkisstjórn og Alþingi bregðist við með þeim eina hætti sem getur skapað sátt meðal almennings og það er að taka hér upp alvöru hátekjuskatta á ofurlaun.

Miðstjórn ASÍ ályktar um kjaradeiluna í Straumsvík, 1. mars 2016

Alþýðusamband Íslands ítrekar kröfu sína frá 18.11 2015, þess efnis að Samtök atvinnulífsins beiti sér fyrir því að gengið verði hið fyrsta frá kjarasamningi á milli RioTintoAlcan á Íslandi (ISAL), sem SA fer með samningsumboð fyrir, og hlutaðeigandi verkalýðsfélaga.

Í gildi er löglegt ótímabundið verkfall (útflutningsbann á áli úr Straumsvíkurhöfn) sem fyrirtækið leitar allra leiða til þess að skjóta sér undan. Alþýðusamband Íslands fyrir hönd allra aðildarsamtaka sinna lýsir yfir fullum stuðningi við verkfallsaðgerðir félagsmanna Verkalýðsfélagsins Hlífar í Hafnarfirði. Jafnframt skorar ASÍ á Samtök atvinnulífsins að sjá til þess að aðildarfyrirtæki þess virði lög- og venjubundnar samskiptareglur á íslenskum vinnumarkaði.

ASÍ hvetur félagsmenn allra aðildarsamtaka sinna og allt launafólk á Íslandi til að virða aðgerðir félagsmanna Hlífar og stuðla að því að verkfallsbrot verði ekki framin.

Alþýðusambandið mun aldrei fallast á einkavæðingu heilsugæslunnar, 2. mars 2016

Heilbrigðisráðherra hefur kynnt áform um róttækar breytingar á rekstri heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu. Breytingarnar eru tvíþættar, annars vegar breytt fyrirkomulag fjármögnunar heilsugæslunnar og hins vegar áform um að fjölga einkareknum heilsugæslustöðvum á svæðinu um þrjár á þessu ári. Markmið breytinganna er samkvæmt ráðherranum að auka faglega og fjárhagslega hvata í heilsugæslunni sem stuðli að betri þjónustu, hagkvæmari rekstri og geri heilsugæslunni kleift að vera fyrsti viðkomustaður fólks í heilbrigðiskerfinu.

Fyrir liggur að brýn þörf er á að efla og styrkja heilsugæsluna sem grunnstoð í heilbrigðisþjónustunni og áform í þá veru eru jákvætt skref. Hins vegar ber að gjalda varhug við þeim áformum að auka samhliða vægi einkarekstrar í heilsugæslunni. Því fylgja fjölmörg álitamál sem brýnt er að greina betur og ræða. Alþýðusambandið mun aldrei fallast á einkavæðingu heilsugæslunnar.

Ályktun miðstjórnar ASÍ um búvörusamninga, 2. mars 2016

Miðstjórn ASÍ skorar á Alþingi að hafna búvörusamningum, taka tillit til sjónarmiða neytenda um aukna samkeppni í landbúnaði og móta sóknðjarfa stefnu í landbúnaði sem kæmi öllum til góða, bændum, starfsmönnum í greininni og neytendum. Það er mat Alþýðusambands Íslands að búvörusamningar næstu tíu ára feli í sér óbreytt ástand og muni ekki bæta hag neytenda.

Miðstjórn ASÍ gagnrýnir harðlega skort á samráði við undirbúning búvörusamninganna. Samráðsleysið birtist meðal annars í því að nefnd sem

átti að vinna að stefnumótun í mjólkurframleiðslu vorið 2014 var lögð niður og aldrei kölluð saman eftir að skýrsla Hagfræðistofnunar um stöðu og horfur í mjólkurframleiðslu kom út. Síðan þá hefur Alþýðusambandið enga aðkomu haft að undirbúningi búvörusamninga en það verður að teljast stórundarlegt, í ljósu gríðarlegra hagsmuna launafólks og neytenda, að búvörusamningar séu gerðir bak við luktur dyr.

Það hefur lengi verið skoðun ASÍ að þörf sé á auknum innflutningi landbúnaðarvara og þar af leiðandi aukinni erlendri samkeppni til að veita aðhald á markaði með íslenskar landbúnaðarvörur, markaði sem einkennist af fákeppni og einokun. Þessir markaðsbrestir eru sérstaklega sýnilegir í mjólkurframleiðslu þar sem ríkjandi fyrirkomulag ásamt undanþágu frá samkeppnislögum hefur leitt til þess að stórir framleiðendur hafa kerfisbundið komið í veg fyrir innkomu nýrra aðila á markað og misnotað markaðsráðandi stöðu sína til að koma í veg fyrir samkeppni.

Það er ótrúlegt að í búvörusamningi sé að finna ákvæði um að ráðherra sjávarútvegs- og landbúnaðar skuli beita sér fyrir að magntollar á mjólkur- og undanrennuþvottum og ostum hækki til sama raunverðs og þeir voru í júní 1995.

Það er mat ASÍ að sóknarfæri liggja í breytingum í landbúnaði, breytingum sem geta stuðlað að fjölgun starfa og útflutningi fyrir íslenskar landbúnaðarafurðir. ASÍ telur að óbreytt kerfi stuðli ekki að meginmarkmiði búvörusamnings sem er að stuðningur ríkisins stuðli að áframhaldandi hagræðingu, bættri samkeppnishæfni og lægra vöruverði.

Ályktun miðstjórnar ASÍ um boðaðar breytingar á greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu, 5. maí 2016

Alþýðusamband Íslands fagnar því að fram sé komnar hugmyndir heilbrigðisráðherra um breytingar á greiðsluþátttöku sem miða að því að setja hámark á þann kostnað sem sjúklingar þurfa að greiða fyrir heilbrigðisþjónustu.

Miðstjórn ASÍ gerir hins vegar alvarlegar athugasemdir við að breytingarnar séu eingöngu fjármagnaðar með aukinni kostnaðarþátttöku allflestra notenda heilbrigðisþjónustunnar. Hér er verið að færa kostnað á milli hópa. Ekki stendur til að auka fjármagn til málaflokksins og draga úr heildarkostnaðarþátttöku sjúklinga. Þetta mun leiða til þess að kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu hækkar bæði hjá sjúklingum almennt en ekki síður hjá öldruðum og öryrkjum.

Þá telur Alþýðusambandið það kostnaðarþak sem sett er fram í frumvarpinu of hátt. Ekki síst í ljósi þess að lyfjakostnaður og sálfræðiþjónusta er fyrir utan þetta kerfi en báðir þættir eru mjög dýrir fyrir fjölda fólks. Margir munu því áfram hafa heilbrigðiskostnað sem fer talsvert umfram það hámark sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Það býður heim hættunni á því að þeim fjölgi

enn sem hafa ekki efni á að sækja sér viðeigandi heilbrigðisþjónustu. Það er með öllu óásættanlegt.

Loks má benda á að frumvarp heilbrigðisráðherra gerir ráð fyrir því að heimilt verði að hækka gjald fyrir ákveðna þætti heilbrigðisþjónustunnar ef sjúklingur sækir þjónustu án tilvísunar frá heilsugæslulækni. Alþýðusambandið telur að taka eigi upp tilvísunarkerfi enda sé heilsugæslan styrkt þannig að hún verði í stakk búin til að sinna hlutverki sínu sem fyrsti viðkomustaður sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Það er fjarri lagi í dag og því telur miðstjórn ASÍ ekki tímabært að taka upp tilvísunarkerfi að sinni.

Ályktun miðstjórnar ASÍ um fjármálaáætlun fyrir árin 2017-2021, 18. maí 2016

Miðstjórn Alþýðusambandsins gagnrýnir harðlega forgangsroðun í ríkisfjármálum sem fram kemur í þingsályktun um fjármálaáætlun fyrir árin 2017-2021. Í áætluninni er hvorki að finna merki þess að efnahagsstefna stjórnvalda til næstu ára muni treysta efnahagslegan stöðugleika né undirbyggja félagslega velferð og aukinn jöfnuð í samfélaginu.

Slaki í ríkisfjármálum samhliða vaxandi spennu í hagkerfinu og uppgangi á vinnumarkaði mun ýta undir ofpenslu og óstöðugleika og vinna gegn peningamálastefnunni. Það mun auka verðbólguþrýsting og hækka vexti.

Samhliða þessu er misskipting aukin og dregið úr félagslegum stöðugleika með því að veikja mikilvæg stuðningskerfi á borð við barna- og húsnæðisbótakerfin. Brýnar velferðarumbætur eins og uppbygging félagslegs húsnæðiskerfis, innleiðing nýs húsnæðisbótakerfis og endurskoðun almannaþrygginga eru án fullnægjandi fjármögnunar í áætluninni.

Ekki er tryggð nauðsynleg fjármögnun á þjónustu heilbrigðiskerfisins og lækkun á gjaldtöku sjúklinga. Í allt of ríkum mæli byggir framtíðarsýn stjórnvalda í velferðarmálum á þeirri forsendu, að jöfnun byrða eigi að afmarkast við viðkomandi hópa. Þannig á að fjármagna þak á útgjöld til heilbrigðismála með hækkun á almenna þjónustu, fjármagna á félagslegt húsnæðiskerfi og húsnæðisbótakerfi með skerðingum á öðrum þáttum velferðarkerfisins og breytingar á almannatryggingakerfinu eiga í of ríkum mæli að fjármagnast með auknum tekjutengingum.

Þessi stefnumörkun stjórnvalda styður á engan hátt við þau markmið sem sett voru fram í rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins, um bætt og breytt vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Rammasamkomulag þessara aðila byggir á sameiginlegri ábyrgð á eflingu kaupmáttar byggðum á efnahagslegum og félagslegum stöðugleika. Verkalýðshreyfingin mun ekki sætta sig við að stjórnvöld skili auðu og leggi enn og aftur byrðarnar á herðar launa-fólks.

Ályktun miðstjórnar ASÍ um úrskurði kjararáðs, 24. ágúst 2016

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands mótmælir harðlega nýlegum úrskurðum kjararáðs þar sem embættismönnum og forstöðumönnum ríkisstofnana eru úrskurðaðir tugprósenta launahækkanir í einu veffangi. Niðurstaða kjararáðs gengur þvert á sameiginlega launastefnu sem samið var um á vinnumarkaði og lá til grundvallar vinnu aðila vinnumarkaðar um mótun nýs samningalíkans. Með þegjandi samþykki sínu gefa stjórnvöld launafólki langt nef og grafa undan viðræðum aðila vinnumarkaðarins um nýtt samningamódel sem byggir á stöðugleika og öruggri kaupmáttaraukningu.

Miðstjórn ASÍ áréttar að það kemur ekki til greina að tekjuhæstu hópar samfélagsins fái sérstaka meðferð og deili ekki kjörum með almenningi í landinu – um slíkt verður engin sátt. Okkar félagsmenn munu ekki sætta sig við að skapa jarðveg fyrir stöðugleika og aukna verðmætasköpun með ábyrgum launahækkunum til þess að hátekjuhópar geti á einu bretti fengið hækkanir sem nema mánaðarlaunum margra félaga okkar.

Hér er á ferðinni versta birtingarmynd þess ranglætis sem við höfum alltof lengi búið við. Það er löngu tímabært að þeir sem telja sig vera yfirstétt þessa lands geri sér grein fyrir því að nú þurfa þeir eins og aðrir að taka afstöðu til þess hvort þeir vilja byggja hér upp samfélag þar sem jafnræði ríkir í launamálum. Til þess þurfum við hugarfarsbreytingu sem felst í norrænu fyrirmyndinni og tímabært að stjórnvöld horfist í augu við alvarlegar afleiðingar þessara úrskurða.



EFNAHAGSMÁL

	Helstu kennitölur					
	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Hlutfallsleg breyting						
Einkaneysla	-0,3	2,5	2,1	1	3	4,8
Samneysla	-3,7	-0,1	-1,8	1	1,7	1,1
Fjármunamyndun	-8,6	11,6	5,3	2,2	16	18,6
<i>þar af atvinnuvegir</i>	-1,9	23,8	7,9	-2,1	17,3	29,5
<i>þar af húsnæði</i>	-18	5,4	6,9	10,8	14,8	-3,1
<i>þar af hið opinbera</i>	-17,5	-16	-6,1	12,1	12,5	-1,1
Þjóðarútgjöld	-2,5	3,5	1,6	0,7	5,3	6,3
Útflutningur	1	3,4	3,6	6,7	3,1	8,2
Innflutningur	4,4	6,8	4,6	0,1	9,8	13,5
Landsframleiðsla	-3,6	2	1,2	4,4	2	4
Launavísitala	4,8	6,8	7,8	5,7	5,8	7,2
Kaupmáttur launa	-0,7	2,6	2,6	1,7	3,7	5,5
Verðbólga ¹	5,4	4	5,2	3,9	2	1,6
Atvinnuleysi ²	7,6	7,1	6	5,4	4,9	4
Gengisvísitala ³	216	217	222	219	207	201
Vöru- og þjónustujöfnuður ⁴	10,1	8,4	6,1	7,4	6,4	7

¹ Breyting milli ársmeðaltala, neysluverðsvísitala

² Hlutfall af áætluðum mannafla

³ Ársmeðaltal

⁴ Hlutfall af landsframleiðslu án innlánsstofnana í slitameðferð

Verg landsframleiðsla hefur vaxið undanfarin fimm ár og mældist hagvöxtur 4% á síðasta ári. Þjóðarútgjöld jukust um 6,3% á síðasta ári sem skýrist bæði af aukinni neyslu heimilanna og miklum vexti fjárfestinga atvinnuveganna. Vöxtur útflutnings hefur ekki verið meiri undanfarin ár, eða 8,2%, og skýrist nær eingöngu af mikilli fjölgun ferðamanna.


Hagdeild ASÍ hefur gefið út tvær spár um efnahagsmál á undanförunum tólf mánuðum, aðra að hausti 2015 og hina að vori 2016. Þróun efnahagslífsins hefur verið í takt við síðustu spár hagdeildar sem gerðu ráð fyrir umtalsverðum hagvexti og kraftmiklum vexti þjóðarútgjalda. Spárnar gera ráð fyrir áframhaldandi hagvexti á næstu árum og eru aðstæður í efnahagslífi Íslendinga á flesta mælikvarða góðar þótt vissulega séu efnahagslegar áskoranir til staðar. Spenna gerir nú vart við sig á vinnumarkaði sem ekki sér fyrir endann á þar sem fjölgun ferðamanna og aukin innlend eftirspurn munu kalla á fjölgun á vinnumarkaði á næstkomandi árum.

Verðbólga hefur verið undir markmiði um langt skeið en það skýrist öðru fremur af styrkingu gengis krónunnar og ytri áhrifum. Af þeim sökum hefur það reynst Seðlabankanum erfitt að lækka vexti þar sem verðbólga hefur hjaðnað á sama tíma og eftirspurn og umsvif í hagkerfinu hafa farið vaxandi. Kraftmikill vöxtur innlestrar eftirspurnar

Neysla heimilanna jókst um 4,8% á síðasta ári sem var í takt við spá hagdeildar þar sem væntingar voru um 4,6% vöxt. Vöxtur einkaneyslunnar jókst eftir því sem leið á síðasta ár, var orðinn 6,1% á fjórða ársfjórðungi og 7,1% á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Þessi þróun hefur í raun ekki verið óvænt sé horft til þróunar fjárhagsstöðu heimilanna en heimilin hafa notið góðs af hressilegum vexti launa undanfarin misseri og mælist kaupmáttur nú hærri en nokkru sinni fyrir.


Kaupmáttur launa jókst um 5,5% á síðasta ári en sé horft á fyrri hluta þessa árs hefur kaupmáttur aukist um 10,4% milli ára sem gerir um 12,4% hækkun nafnlauna á sama tímabili. Sé horft yfir lengra tímabil er kaupmáttur í dag meira en þriðjungur meiri en þegar hann var sem lægstur eftir hrun og meira en 13% meiri en þegar hann var sem hæstur fyrir hrun.

Vöxtur einkaneyslu á ársfjórðungi



Heimild: Hagstofa Íslands


Vísitala kaupmáttar



Heimild: Hagstofa Íslands

Fleiri mælikvarðar benda til sterkari stöðu heimilanna líkt og Seðlabankinn bendir á í riti sínu, *Fjármálastöðugleiki*. Sparnaður heimilanna hefur aukist þar sem vöxtur ráðstöfunartekna hefur verið meiri en vöxtur einkaneyslunnar. Skuldir heimilanna hafa dregist hratt saman sem m.a. má rekja til niðurfærslu lána og nýtingu séreignarsparnaðar til greiðslu húsnæðislána. Þessu til viðbótar hefur skuldastaða heimilanna batnað í kjölfar hækkunar húsnæðisverðs sem bætt hefur eiginfjárstöðu heimilanna. Hins vegar hafa aðgerðir stjórnvalda í húsnæðismálum eingöngu náð til þeirra sem eiga sitt eigið húsnæði ásamt því að það er sá hópur sem nýtur góðs af hækkun eignaverðs. Hinn hópurinn, einstaklingar á leigumarkaði, er nú um fjórðungur þeirra sem eru á húsnæðismarkaði og er líklegri til að vera með íþyngjandi húsnæðiskostnað¹.

Fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu




Heimild: Hagstofa Íslands

¹ Sjá nánar *Fjármálastöðugleiki*, 1/2016.

Staða fyrirtækja hefur einnig batnað og bregðast fyrirtæki nú við aukinni eftirspurn með auknum fjárfestingum. Fjármunamyndun jókst um 18,6% á síðasta ári og sá mikli vöxtur skýrist eingöngu af auknum fjárfestingum atvinnuveganna þar sem íbúðafjárfesting og fjárfesting hins opinbera drógust saman á sama tímabili. Fjárfestingar atvinnuveganna jukust um 29,5% á síðasta ári og vísbendingar eru um að töluverður vöxtur verði einnig á þessu ári. Sé horft framhjá áhrifum skipa og flugvéla jókst fjármunamyndun um 14,6% á síðasta ári og fjárfesting atvinnuveganna um 23,9%. Sé rýnt nánar í þróun fjárfestingarinnar má sjá að fjárfesting jókst um 26% í hótél og veitingarekstri, 48% í samgöngum á landi og 40% í mannvirkjagerð svo dæmi séu nefnd.

Fjárfesting hins opinbera á föstu verðlagi




Heimild: Hagstofa Íslands

Fjármunamyndun hefur frá hruni verið í sögulegu lágmarki en í kjölfar vaxtar atvinnuvegafjárfestingar á síðasta ári mælist fjármunamyndun nú tæplega 20% af vergri landsframleiðslu. Lítil breyting hefur hins vegar verið á íbúðafjárfestingu og fjárfestingu hins opinbera undanfarin ár. Á árunum 1997-2007 var fjárfesting hins opinbera að meðaltali um 4,5% en á árunum 2008-2016 er sama hlutfall einungis 3,23% og meðaltalið undanfarin þrjú ár 2,9%. Þrátt fyrir bætta stöðu í ríkisfjármálum hefur ekki orðið stór breyting á fjárfestingu hins opinbera sem vekur furðu, sérstaklega í ljósi þess að álag á innviði hefur aldrei verið meira. Fólksfjölgun og fjölgun ferðamanna hefur aukið álag á innviðum landsins undanfarin ár án þess að nægjanlegt fjármagn hafi verið sett í viðhald og endurnýjun en líkt og sést á myndinni hefur fjárfesting hins opinbera ekki verið minni í áraraðir.


Húsnæðismarkaður kominn í fyrra horf

Þróun húsnæðisverðs




Heimild: Þjóðskrá

Velta á húsnæðismarkaði



Heimild: Hagvísar Seðlabankans

Framboð íbúða



Heimild: Hæstofa Íslands

Einstaklingar í eigin húsnæði hafa notið góðs af hækkun húsnæðisverðs undanfarin misseri líkt og komið er inn á hér að ofan. Nafnverð húsnæðis hækkaði um 9,4% á síðasta ári og hefur ekki orðið lát á hækkunum á þessu ári, eða 8,4% hækkun á fyrri hluta árs. Sökum lítillar verðbólgu er ljóst að um umtalsverðar raunhækkunarir er að ræða og hefur eiginfjárstaða heimilanna batnað í kjölfarið. Fjölmargir þættir á eftirspurnarhlið hafa gert það að verkum að velta á fasteignamarkaði hefur farið vaxandi undanfarin ár. Bætt fjárhagsstaða heimilanna hefur þar veruleg áhrif en til viðbótar hefur mannfjölgun, eftirspurn frá fyrstu kaupendum, fjölgun ferðamanna og búferlaflutningar erlendis vinnuafli haft þau áhrif að eftirspurn eftir húsnæði hefur aukist verulega. Á hinn endann hefur ekki orðið stór breyting á framboðshlið markaðarins undanfarin ár. Uppsöfnuð þörf er eftir smærrí

eignum og íbúðarfjárfesting hefur verið í lágmarki um langt skeið. Fyrstu merki um aukið framboð sjást í því að framkvæmdir hófust við um 1600 íbúðabyggingar á síðasta ári. Það er fjölgun um þúsund íbúðir milli ára en ólíklegt er að það dugi til að kæla niður markaðinn. Þróunin er ólík því sem átti sér stað fyrir hrun þegar aukin skuldsetning heimilanna var megindrífkraftur hærra húsnæðisverðs og blés lofti í fasteignabólu. Aðstæður í dag eru þó eðlilegri að því leyti að heilbrigðari þróun í fjárhagsstöðu heimilanna skýrir aukna eftirspurn frekar en ósjálfbær skuldsetning. Hins vegar eru fasteignir orðnar dýrar, markaðurinn kallar á smærri eignir og erfitt reynist fyrir ákveðna hópa að safna sér fyrir útborgun og standast greiðslumat. Þörf er á að leysa þann vanda sem sá hópur glímir við, m.a. með því að stuðla að sterkum og heilbrigðum leigumarkaði.

Staða ríkisfjármála batnað en staða sveitarfélaga enn þung

Staða ríkisfjármála hefur batnað verulega undanfarin misseri. Skatttekjur ríkissjóðs hafa aukist í takt við aðra þróun í efnahagslífi þar sem laun hafa hækkað og fleiri starfa nú á vinnumarkaði. Þessu til viðbótar hafa framlög vegna óreglulegra liða verið veruleg, m.a. skattar á fjármálafyrirtæki í slitameðferð. Á síðasta ári jukust skattar á launagreiðslur um 8,5% frá fyrra ári, tryggingagjöld um 7,5% og skattar á vöru og þjónustu um 8,3%. Vöxturinn hefur ekki verið minni á þessu ári, þvert á móti hækkuðu skatttekjur af launagreiðslum einstaklinga um 21% á fyrri hluta árs auk þess sem virðisaukaskattstekjur jukust um 15,8%. Engu að síður var tekjujöfnuður ríkissjóðs eingöngu lítillaga jákvæður á síðasta ári sem vekur eftirtekt sé miðað við stöðu hagsveiflunnar. Svigrúm hefur því verið nýtt í þensluhvetjandi aðgerðir stjórnvalda, t.d. lækkun vörugjalda, lækkun tekjuskatta og skuldalækkun. Á sama tíma hafa stjórnvöld verið gagnrýnd fyrir að bæta ekki útgjöld til mennta- og heilbrigðismála ásamt því að útgjöld til viðhalds og fjárfestinga hafa lítið breyst.

Eitt af forgangsmálum ríkisstjórnarinnar hefur verið losun fjármagnshafta sem líklegt er að klárast fyrir þinglok. Kjöraðstæður ríkja nú til losunar fjármagnshafta þar sem innstreymi erlendis fjármagns hefur verið mikið undanfarin misseri. Auðveldara er því að mæta þrýstingi á gengi krónunnar og lítil áhætta að króna veikist sökum stærðar gjaldeyrisforða Seðlabankans og hagstæðra skilyrða sem draga úr útflæði fjármagns. Losun fjármagnshafta felur í sér rýmkaðar heimildir innlendra aðila til fjárfestingar erlendis, kaupa á gjaldeyri, fasteignakaupa auk fjárfestinga í fjármálagerningum upp að ákveðnu marki. Ákveðnar hindranir verða því áfram til staðar auk þess sem heimildir Seðlabankans til upplýsingaöflunar verða rýmkaðar sem gera honum kleift að tryggja fjármálastöðugleika.


Skuldir ríkissjóðs eru enn miklar, voru 68% af VLF á síðasta ári en

hafa farið lækkandi. Vaxtagjöld hafa því enn þvingjandi áhrif á ríkissjóð en vaxtagjöld voru 97 ma. kr. á síðasta ári. Samkvæmt ríkisfjármálaáætlun er gert ráð fyrir því að dregið verði úr skuldum ríkissjóðs og að þær nemi 50% af VLF í lok árs 2019.

Staða sveitarfélaganna er öllu verri en staða ríkissjóðs og hafa þau verið rekin með halla frá hruni. Líkt og tekjur ríkissjóðs, jukust útsvarsgreiðslur sveitarfélaganna á síðasta ári. Hins vegar jókst launakostnaður sveitarfélaganna um 10,2% milli ára og vaxtagjöld um 6,7%. Útlit er fyrir að afkoma sveitarfélaganna versni á þessu ári en launakostnaður vegur þungt í rekstri sveitarfélaganna og ljóst að nýlegir kjarasamningar sveitarfélaganna setja þrýsting á afkomuna.


Verðbólga undir markmiði í á þriðja ár

Verðbólga



Heimild: Hagstofa Íslands


Gengisvísitala krónunnar



Heimild: Seðlabankinn

Verðbólga hefur verið undir markmiði Seðlabankans vel á þriðja ár eða frá því í febrúar 2014. Sögulega er þetta langt tímabil verðstöðugleika á íslenskan mælikvarða, sérstaklega sé litið til þess efnahagslega uppgangs sem nú ríkir og þeirrar spennu sem farin er að gera vart við sig á vinnumarkaði. Þrátt fyrir litla verðbólgu hefur Seðlabankinn verið varfærin í setningu stýrivaxta. Stýrivextir fóru hækkandi á síðasta ári og voru settir í 6,5% í lok síðasta árs og héldust óbreyttir þar til nú í ágúst þegar þeir voru lækkaðir um 0,5 prósent. Seðlabankinn hefur hlotið gagnrýni fyrir að hafa ekki gengið hraðar í lækkun stýrivaxta en í ljósi þróunar efnahagsmála kunna ákvarðanir bankans að vera skiljanlegar. Launaþróun síðasta árs hefur sett ákveðinn kostnaðarþrýsting, sérstaklega í opinbera geiranum, ásamt því að aðgerðir stjórnvalda í húsnæðismálum hafa verið þensluhvetjandi og ýtt undir hækkun húsnæðisverðs. Þessu til viðbótar hafa aðgerðir stjórnvalda í skattamálum verið illa tímasettar og líklegar til að auka þenslu.

Verðbólga ágúst 2016 - m.v. ólíka mælikvarða



Heimild: Hagstofa Íslands

Sé litið á innlent verðlag hefur verðbólga verið á bilinu 2-4% undanfarið en í júní mátti sjá t.d. 3% hækkun á innlendri mat- og drykkjarvöru, 2,7% hækkun á annarri innlendri vöru og 3,5% hækkun á opinberri þjónustu. Megindrifkraftur verðbólgu hefur þó verið þróun húsnæðisverðs. Á móti hækkun innlends verðlags hefur verið afar hagfelld þróun á hrávörum og gengi krónunnar. Gengi krónunnar styrktist um 3% á síðasta ári en styrkingin hefur verið öllu meiri á þessu ári, 8% á fyrri hluta árs. Þetta kemur fram í lækkun á innfluttum vörum og eldsneyti sem draga úr áhrifum af hækkun innlendu verðlagi. Verðbólga var einungis 1,7% á fyrri hluta árs og einungis 1% í ágúst. Sé horft framhá áhrifum húsnæðisverðs mældist verðhjöðnun í ágúst upp á 0,9%. Útlit er fyrir að verðstöðugleiki ríki fram á næsta ár þó að hefðbundnir óvissuþættir ráði þar miklu. Þetta er til dæmis hvernig verð á hrávörum þróast og hvernig krónunni mun reiða af við losun fjármagnshafta.

Verðlagseftirlit ASÍ

Verðlagseftirlit ASÍ er hluti af reglubundnu starfi skrifstofu Alþýðusambandsins og hefur það hlutverk að veita neytendum upplýsingar um verðlag og verðþróun á helstu neytendamörkuðum. Með því má skapa aðhald og auka samkeppni til að koma í veg fyrir óhóflegar verðhækkningar.

Sem fyrr hefur verðlagseftirlitið lagt mesta áherslu á að fylgjast með verðlagi og verðþróun á matvörumarkaði enda hefur sá liður mikil áhrif á útgjöld heimilanna.

Síðastliðið ár, eða frá 31. ágúst 2015 til 1. september 2016, hefur verðlagseftirlitið framkvæmt eftirfarandi kannanir:

- 10 kannanir á matvöruverði í lágvöruverðsverslunum og stórmörkuðum um allt land, m.a. jólamat, bökunarvörur og páskaegg

- 3 kannanir á vörukörfunni
- 2 kannanir á umfelgun og heilsársdekkjum
- 1 könnun á fiskmeti
- 1 könnun á jólabókum
- 1 könnun á nýjum og notuðum skólabókum

Þar fyrir utan hefur verðlagseftirlitið tekið saman breytingar á gjaldskrár hjá 15 stærstu sveitarfélögum landsins, gjaldskrár sem skoðaðar voru eru: leikskólagjöld, skóladagvistun ásamt hádegismat og síðdegishressingu, útsvar og fasteignagjöld.

Einnig heldur verðlagseftirlitið utan um hvað kostar að fara í sund, verð sumarnámskeiða ungmenna og hvað kostar að æfa fimleika, fótbolta og handbolta. Að auki hefur verðlagseftirlitið gert samanburð á bíltryggingum og fylgst með hvernig afnám tolla á fatnað og skó, sykur og á byggingavörum hefur skilað sér til neytenda.

Verðlagseftirlitið neita þátttöku í könnunum verðlagseftirlits

Tvisvar á ári hefur verðlagseftirlitið skoðað verð á umfelgun, jafnvægisstillingu og verði dekkja. Vorið 2016 neitaði um helmingur dekkjaverkstæða þátttöku í könnun verðlagseftirlitsins þegar tilraun var gerð til að kanna verð. Vísbendingar voru um að samráð hafi verið á milli aðila um að vísa fulltrúum verðlagseftirlitsins frá og neita þannig að upplýsa neytendur um verð á þjónustu sinni. Einnig voru dæmi um að þjónustuaðilar vísuðu verðtökufólki á annan stað, svo sem á skrifstofu viðkomandi fyrirtækis til að fá verð uppgæfið, slíkt samræmist ekki rétti neytenda. Að fyrirtæki velji að neita fulltrúum neytenda um að safna og birta þessar upplýsingar veldur verulegum vonbrigðum og vekur eðlilega spurningar um hvað fyrirtæki hafi að fela. Af þessum sökum gat verðlagseftirlit ASÍ ekki birt upplýsingar um verð á umfelgun og verði dekkja vorið 2016 eins og það hefur gert mörg undanfarin ár.

Fyrir hver jólfyrirspurn gerir verðlagseftirlitið verðsamanburð á jólabókum í bókabúðum og matvöruverslunum. Til að bera saman verð og vöruúrval. Hefur borið á því undanfarin ár að stórir bóksalar neita þátttöku í könnunum verðlagseftirlitsins fyrir jólfyrirspurn vegna ósættis við að matvöruverslanir séu með í samanburðinum. Fyrir jólin 2015 töldu Penninn-Eymundsson, A4 og Mál og menning Laugavegi það ekki þjóna hagsmunum sínum að verðlagseftirlitið upplýsti neytendur um verð á jólabókum.


Afnám tolla á fatnaði og skóm skilar sér hægt til neytenda

Í upphafi árs 2016 voru tollar felldir niður af fatnaði og skóm. Samkvæmt

mati fjármála- og efnahagsráðuneytis átti afnámið að skila að meðaltali 13% verðlækkun til neytenda á þeim vörum sem áður báru tolla. Áætlað var að um 60% vara í vöruflokknum bæru toll fyrir breytingarnar. Því má áætla að afnám tolla af fötum og skóm ætti að skila um 7,8% lækkun á fötum og skóm í vísitölu neysluverðs.

Í meðfylgjandi línuriti má sjá hvernig verð á fatnaði og skóm hefur þróast samkvæmt vísitölu neysluverðs frá því í ágúst 2014 þar til nú í ágúst 2016. Eins og sjá má eru árstíðarsveiflur í verði á fötum og skóm verulegar í kringum sumar- og vetrarútsölur. Þegar vísitalan er skoðuð nánar má sjá að frá því í júní 2015 og júní 2016 er lækkunin aðeins 5% og frá desember 2015 til júní 2016 er lækkunin 3,6%, sem er allt of lítið miðað við áætlun verðlagseftirlitsins.

Íslenska krónan hefur einnig styrkst töluvert sl. ár, eða um 13% þegar vísitala meðalgengis – vöruskiptavog víð er skoðuð. Afnám tolla og styrking íslensku krónunnar hefðu þess vegna átt að skila meiri lækkun en sést á vísitölunni.




Vörucarfa ASÍ

Frá árinu 2008 hefur verðlagseftirlitið gert reglulegar verðmælingar á vörukörfu ASÍ í öllum helstu matvöruverslunarkerðjum landsins í þeim tilgangi að skoða hvernig verð þróast yfir tíma hjá einstaka verslunum. Vörucarfan á að endurspeglar innkaup meðalheimilis í öllum almennum matar- og drykkjarvörum, t.d. brauðmeti, morgunkorni, pasta, kjöti, fiski, grænmeti, ávöxtum, pakkavörum, kaffi, gosi, safe, auk hreinlætis- og snyrtivara.

Við samsetningu körfunnar eru hafðar til hliðsjónar vogir Hagstofunnar sem notaðar eru til útreiknings á vísitölu neysluverðs. Benda má á að hér eru einungis birtar upplýsingar um verðbreytingar í verslanakeðjunum á milli verðmælinga, ekki er um beinan verðsamanburð að ræða. Einnig er rétt að athuga að skoðað er það verð sem er í gildi í versluninum á hverjum tíma og geta tilboð á einstaka vöruliðum því haft áhrif á niðurstöðurnar. Verðbreytingar voru skoðaðar í eftirfarandi verslunum: Í lágvöruverðsverslunum Bónus, Krónunni, Nettó og Iceland; í almennu matvöruversluninum Hagkaup og Samkaupum-Úrvali, Tíu-ellefu, Samkaupum-Strax og Víði; á landsbyggðinni Kjarval, Kaskó, Kaupfélagi Skagfirðinga og Kaupfélagi Vestur-Húnavetninga.

Verð vörukörfunnar hækkaði um 11% í verslunum 10/11 frá því í júní 2015 sem er langtum meira en í öðrum verslunum á sama tímabili. Frá því í júní 2015 hefur verð vörukörfunnar hækkað mest um 11% hjá 10/11. Hjá Samkaupum-Strax, Iceland og Kaupfélagi Vestur-Húnavetninga hækkar karfan um 2-3% á tímabilinu. Hjá Krónunni nemur hækkingin 1,8% og Nettó 1,1% en hjá Hagkaup, Bónus, Samkaup-Úrval og Kjarval nemur breyting á verði körfunnar innan við 0,5% á milli ára. Mest hefur vörukarfan lækkað hjá Víði, um 1,6% frá því í júní í fyrra. Þess má geta að verð á matar- og drykkjarvörum í vísitölu neysluverðs hjá Hagstofunni hækkað um 1,5% frá því í júní 2015 þar til í júní síðastliðnum.




Afnám sykurskatts

Vörugjöld af sykri, svonefndur sykurskattur var afnuminn í upphafi árs 2015. Á sama tíma var virðisaukaskattur á matvöru hækkadur úr 7% í 11%. Áhrif breytinganna voru misjöfn eftir vörum, allt eftir því hve mikinn sykur/sætuefni viðkomandi vara innihélt.

Verðlagseftirlitið áætlaði að vöruflokkurinn sykur, súkkulaði, sælgæti o.fl. í vísitölu neysluverðs ætti að lækka um u.þ.b. 10% í kjölfar breytinganna en þar er að finna megnið af þeim vörum sem sykurskatturinn var lagður á að undanskildum sætum mjólkurvörum, gosi, morgunkorni og sætabrauði.

Samkvæmt vísitölu neysluverðs lækkaði verð á sykri, súkkulaði, sælgæti o.fl. strax í upphafi árs 2015 um 6% og var verðlag nokkuð stöðugt fram að hausti. En frá haustmánuðum 2015 hefur verð þessara vara farið stighækkandi og nú er hann næstum því kominn á sama stað fyrir afnám. Þrátt fyrir að vöruflokkurinn hafi lækkað í verði lækkaði hann ekki jafnmikið og verðlagseftirlitið gerði ráð fyrir, því er ekki að sjá að verslanir hafi skilað afnáminu að fullu til neytenda.




Þegar rýnt er í undirflokkka vöruflokksins má sjá mikinn mun á því hvernig verð ólíkra vörutegunda hefur þróast á þessum tíma.

Sykur hefur lækkað í verði um 59%, verð á sultum, marmelaði og hunangi hefur einnig lækkað töluvert, eða um 21%, og ís um 7%. En á þessu tímabili, ágúst 2014 til ágúst 2016, þegar ekkert bendir til þess að verð ætti að vera að hækka, hefur verð á súkkulaði og sælgæti hækkað um 8%. Benda má á


að sælgæti inniheldur um og yfir 50% sykur og súkkulaði inniheldur einnig mikinn sykur.

Á sama tíma og sykurskattur er afnuminn og gengi hefur verið að styrkjast kemur á óvart að sjá að undirflokkar í vöruflokknum séu að hækka í verði.



Afnám vörugjalda af byggingavörum fór allt til verslunarinnar

Í upphafi árs 2015 voru vörugjöld á byggingavörum afnumin. Verðlagseftirlit ASÍ áætlaði að verð þeirra byggingavara sem áður báru 15% vörugjöld hefðu í kjölfarið átt að lækka um 14%. Á sama tíma lækkaði einnig almennur virðisaukaskattur úr 25,5% í 24% og ef sú lækkun er tekin með í reikninginn hefði heildarlækkunin átt að nema um 15,2% á þeim vörum sem báru vörugjöld. Um er að ræða margs konar byggingavörur, m.a. gipsplötur, gólfefni, vaska og salernisskálar. Vísbendingar um verðþróun þessara vara má sjá í undirvísitölunni efni til viðhalds í vísitölu neysluverðs sem hefur frá því í ágúst 2014 hækkað um 1,5%. Samkvæmt því hefur afnám vörugjalda af byggingavörum ekki skilað sér út í verðlag og neytendur eiga því inni skattalækkunina hjá söluaðilum.



Þegar rýnt er í vísitöluna fyrir efni til viðhalds sl. 2 ár sést að verð lækkar örlítið á fyrri hluta árs 2015 eða um 0,8% en sú lækkun nemur ekki einu sinni lækkun virðisaukaskattsins.

Frá því í ágúst 2014, þegar breytingarnar voru tilkynntar, þar til nú í ágúst 2016 hefur efni til viðhalds hækkað um 1,5%. Á sama tíma hefur gengi krónunnar styrkst um 14% sem einnig hefði átt að leiða til lækkunar á þessum vörulið. Engar vísbendingar eru því í þessum tölum um að afnám vörugjalda, lækkun á virðisaukaskatti og styrking krónunnar hafi skilað sér í lægra verði á byggingavörum til neytenda.



KJARAMÁL

Salek

Skipulag umræðunnar um nýtt samningalíkan fyrir íslenskan vinnumarkað
Forystumenn allra heildarsamtaka á vinnumarkaði hafa á undanföllum misserum átt í viðræðum um nýtt samningalíkan fyrir vinnumarkaðinn. Að mestu hafa þessar viðræður verið um undirliggjandi forsendur slíks líkans, samhliða því sem norskur sérfræðingur í vinnumarkaðsmálum hefur unnið að greiningu á því hvaða leiðir eru færar og hvaða álitamál kunna að vera til að koma hér á samningalíkani að norræni fyrirmynd. Skipulag þessarar umræðu á liðnum og komandi misserum er í grófum dráttum eins og að neðan greinir en nánar er fjallað um einstaka þætti þess í kaflanum:

I. kafli - Upphaf málsins í þessari lotu:

1. Rammasamkomulag aðila vinnumarkaðarins frá 27. október 2015 um sameiginlega launastefnu til ársloka 2018 og þróun nýs samningalíkans þar sem gert er ráð fyrir eftirfarandi meginstöðum:
2. Ályktun formannafundar ASÍ 28. október 2015. Formannafundur ASÍ telur mikilvægt að þróað verði íslenskt samningalíkan þar sem horft verði til þeirra vinnubragða sem tíðkast hafa á Norðurlöndunum.

Fyrsta skrefið í þá átt er að tryggja sem best jafnræði milli hópa í launaþróun á komandi misserum, þar með talið að jafna lífeyrisréttindi milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins, tryggja meira jafnræði varðandi áhrif launaskriðs og jafna kynbundinn launamun á vinnu- markaði.

Formannafundurinn styður það rammasamkomulag sem undirritað var af helstu viðsejendum á almennum og opinberum vinnumarkaði 27.10.2015 um breytt og bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga og telur það leggja grunn að bættum lífskjörum launafólks til framtíðar.

3. Kjarasamningur ASÍ og SA frá 21. janúar 2016 um að auka lífeyrisréttindi á almennum vinnumarkaði úr 56% í 76% af meðalævitekjum og jafna ávinnslu lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnu- markaðarins. Mótframlag atvinnurekanda í lífeyrissjóð hækkar um 3,5%, úr 8% í 11,5% í áföngum til ársins 2018. Jafnframt voru launa- og kjarabreytingar árána 2016-2018 lagaðar að rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá 27. október 2015.
4. Fundur Samninganefndar ASÍ með Steinar Holden, norskum sér- fræðingi um efnahags- og vinnumarkaðsmál, var haldinn þann 23. febrúar 2016.
5. Samningaviðræður samtaka opinberra starfsmanna um breytingar á opinbera lífeyriskerfinu á grundvelli rammasamkomulagsins, með það að markmiði að virkja m.a. launaskriðsákvaðið. Viðræður standa yfir og góðar líkur á því að þeim ljúki núna í september með samkomulagi. Sjá nánari umfjöllun í kaflanum um lífeyrismál.

II. kafli - Mótun innihalds nýs samningalíkans á Íslandi:

6. 500-550 manna stefnumót aðila vinnumarkaðarins um:
 - Kosti og galla núverandi fyrirkomulags við gerð kjarasamninga á vinnumarkaði á Íslandi.
 - iðbrögð við hugleiðingum Steinars Holden um breytingar á samningalíkaninu í átt að norrænu hefðinni.Til stóð að halda þjóðfund með fulltrúum aðila vinnumarkaðarins til að ræða þessa þætti þann 7. maí 2016 en fundinum var frestað um óákveðinn tíma á meðan unnið var að lausn á aðlögun opinbera lífeyriskerfisins. Þess í stað var haldið minna stefnumót þar sem samninganefndir aðila vinnumarkaðarins komu saman og hlýddu á erindi Steinars Holden þar sem fram komu mikilvæg sjónarmið um áskoranir í samningamálum hér á landi.
7. Málþing hagdeildar ASÍ um kjarasamninga á Norðurlöndunum var haldið þann 12. maí 2016, þar sem hagfræðingar alþýðusambandanna

- á Norðurlöndunum ræddu um eðli og framkvæmd kjarasamninga út frá ólíkum sjónarhornum landanna.
8. Í ágúst kom skýrsla Steinars Holden um tillögur að meginstöðum í nýju íslensku samningalíkani, þar sem hann tók m.a. mið af niðurstöðum stefnumótsins. Skýrsla Holdens er eins konar hlaðborð hugmynda og áskorana. Taka þarf afstöðu til og aðlaga hugmyndirnar að íslenskum hefðum og fyrirkomulagi á vinnumarkaði, m.a. skipulagi verkalýðshreyfingarinnar.
 9. Fyrirhugað er að halda opinn fund á haustdögum 2016 þar sem skýrsla Holden verður kynnt.
 10. Til að undirbúa næstu skref í viðræðum forystumanna heildarsamtakanna á vinnumarkaði, Salek-hópnum, þurfa fulltrúar í baklandi hvers aðila fyrir sig að rýna tillögur Holdens og móta afstöðu til framhaldsins.
 - Mikilvægt verður að funda vítt og breitt meðal aðildarsamtaka ASÍ á næstu mánuðum til að ræða þessar tillögur Steinars Holden.
 - 100 ára þing ASÍ verður haldið dagana 26.-28. október 2016 og verður það helgað umræðu um nýtt samningalíkan og verður mikilvægur vettvangur til að móta viðbrögð við þeim tillögum sem fram verða komnar.
 11. Miðstjórn ASÍ mun fara til Kaupmannahafnar daganna 6.–7. október 2016, þar sem danska alþýðusambandið býður til málþings um danska vinnumarkaðsmódelið í tilefni af 100 afmæli ASÍ.
 12. Á tímabilinu frá nóvember 2016 til janúarloka 2017 munu Salek-hópurinn, formenn heildarsamtaka á vinnumarkaði, ræða nánari útfærslur á þessu íslenska líkani og setja hana fram í formi sérstaks samnings um aðdraganda og gerð kjarasamninga á Íslandi.
 - Samninganefnd ASÍ er bakhjarlinn í þessum viðræðum og fulltrúar hennar munu leita viðbragða og leiðsagnar í samninganefndum sínum.
 13. Í febrúar og mars 2017 munu fara fram viðræður innan einstakra heildarsamtaka og aðildarfélaga þeirra, bæði í trúnaðarráðum einstakra aðildarfélaga sem og samninganefndum landssambandanna um drög að tillögum Salek-hópsins að nýju samningalíkani.
 14. Í apríl 2017 mun Salek-hópurinn fara yfir stöðu mála og endurmeta drögin í ljósi viðbragða baklandsins og setja Samning um aðdraganda og gerð kjarasamninga á Íslandi í formlega afgreiðslu. Samninganefnd ASÍ hefur áður ákveðið að þessi atkvæðagreiðsla verði meðal allra félagsmanna ASÍ í tengdri atkvæðagreiðslu.

III. kafli - Endurskoðun lagamma samningagerðarinnar:

15. Verði samningurinn samþykktur af félagsmönnum hefst þriðji kafli þessarar vinnu sem er endurskoðun laganna um stéttarfélög og vinnudeilur og samningsrétt opinberra starfsmanna á grundvelli Salek-samningsins.
 - Einnig hér verður samninganefnd ASÍ bakhjarlinn og fulltrúar hennar munu leita til sinna samninganefnda um viðbrögð og mat.
 - Í þessum fasa verður einnig mikilvægt að leita til aðildar-samtakanna og trúnaðarmannaráða um viðbrögð og álit.
16. Vinnu við endurskoðun þarf að ljúka fyrir árslok 2017 með drögum að frumvarpi sem sátt er um. Afgreiða þarf það frumvarp á vörþinginu 2018 og takist það ætti hér að verða komið á formlegur ramma að nýju samningalíkani á vinnumarkaði.
17. Samningar á almennum vinnumarkaði losna í lok nóvember 2018 og mikilvægt að haga undirbúningi þeirra viðræðna á þessum nýja og breytta grunni, ef um hann næst samkomulag.

Samskipti vinnumarkaðar og stjórnvalda

Samhliða umræðu um nýtt vinnumarkaðslíkan hefur ASÍ og verkalýðshreyfingin öll lagt mikla áherslu á mikilvægi þess að breytingar verði á öllum samskiptum vinnumarkaðarins við stjórnvöld. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28. maí 2015 voru gefin fyrirheit um stofnun þjóðhagsráðs, þar sem oddvitar ríkisstjórnar, aðila vinnumarkaðarins og Seðlabanka Íslands myndu funda sérstaklega um þau tækifæri og þær áskoranir sem þjóðin stæði frammi fyrir í efnahagsmálum. Í framhaldi af þessari yfirlýsingu var þetta tekið upp í rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðar frá 27. október 2015, þar sem sérstaklega var kveðið á um mikilvægi þess að horfa samhliða á forsendur bæði efnahagslegs og félagslegs stöðugleika. Til að skapa forsendur fyrir því að almennt launafólk sættist á þá miklu ábyrgð og áskoran, sem felst í nýju samningalíkani, er afar mikilvægt að sæmileg sátt ríki um stöðu velferðarmála og getu velferðarkerfisins til að standa undir þeirri þjónustu sem launafólk má vænta. Um þetta hefur verið deilt, en ASÍ hefur ekki viljað fallast á drög að samkomulagi um þjóðhagsráð þar sem ekki var gert ráð fyrir samráði og sátt um félagslegan stöðugleika. Af hálfu forsætisráðherra hefur verið leitað leiða til þess að koma til mótis við áherslur verkalýðshreyfingarinnar, m.a. með því að stofna formlegan vettvang forystumanna allra stjórnmalaflokka og aðila vinnumarkaðar – þ.e. breiðari hóp en í þjóðhagsráði – sem fengi það hlutverk að draga upp megináskoranir í þróun velferðarkerfisins og grunnforsendur félagslegs stöðugleika með það að markmiði að sammælast um forgangsroðun til næstu 5-10 ára. Þessi umræða hefur ekki enn sem komið er skilað neinum

árangri og er því óleyst. Nánar er fjallað um deilur um þjóðhagsráð síðar í kaflanum.

Rammasamkomulag aðila vinnumarkaðarins

Í tengslum við vinnu heildarsamtaka launafólks og atvinnurekenda á almennum og opinberum vinnumarkaði hefur frá árinu 2013 verið unnið í sk. SALEK-hópi að breyttum og bættum vinnubrögðum við gerð kjarasamninga með það að markmiði að auka kaupmátt á grundvelli lágrar verðbólgu, stöðugs gengis og lægri vaxta. Þann 27. október 2015 skrifuðu fulltrúar ASÍ, BSRB, SA, fjármálaráðuneytis, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga undir rammasamkomulag um mörkun sameiginlegrar launastefnu til ársins 2018 ásamt því sem stefnt verði að þróun nýs samningalíkans á íslenskum vinnumarkaði, stofnunar þjóðhagsráðs og bættu samspili aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda. Innan sameiginlegs kostnaðarramma til ársins 2018 er meðtalinn kostnaður vegna jöfnunar lífeyrisréttinda. Þá kveður samkomulagið á um að opinberum starfsmönnum verði tryggt það launaskrið sem verður á almennum vinnumarkaði að því gefnu að samkomulag liggi fyrir um jöfnun lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði. Launaskriðstrygging verði metin og framkvæmd í fyrsta sinn í nóvember 2016. Með rammasamkomulaginu var jöfnun lífeyrisréttinda þannig gerð að nauðsynlegri forsendu þess að unnt yrði að koma á nýju samningamódeli fyrir allan vinnumarkaðinn og viðurkennt að kostnaður vegna þessa væri hluti af því svigrúmi sem fyrir hendi væri til launahækkana hjá opinberum starfsmönnum en vegna ágreinings um þetta sáu Kennarasamband Íslands og Bandalag háskólamanna sér ekki fært að undirrita samkomulagið

Rammisamkomulag milli aðila vinnumarkaðar

Með samkomulagi þessu er lagður grunnur að meiri sátt á vinnumarkaði með breyttum og bættum vinnubrögðum við gerð kjarasamninga. Markmiðið er að auka kaupmátt við efnahagslegan og félagslegan stöðugleika á grundvelli lágrar verðbólgu, stöðugs gengis og lægra vaxtastígs. Þar leikur vinnumarkaðurinn stórt hlutverk í samsplí við stjórn opinberra fjármála og peningamála.

1. Stofnun Þjóðhagsráðs

Þjóðhagsráð verði stofnað en hlutverk þess verður að greina stöðuna í efnahagsmálum og ræða sambengi ríkisfjármála, peningastefnu og vinnumarkaðar í tengslum við helstu viðfangsefni hagstjórnar hverju sinni.

2. Sameiginleg launastefna til ársloka 2018

Sameiginleg launastefna til ársloka 2018 felist í eftirfarandi:

- Launastefnan er samræmd í sameiginlegri kostnaðarvísitölu miðað við skýrslu aðila (í aðdraganda kjarasamninga, febrúar 2015) þar sem nóvember 2013=100¹.
- Unnið er út frá sameiginlegum kostnaðarramma fyrir yfirstandandi samningatímabil, þar sem kostnaðaráhrif kjarasamninga (að meðtöldum kostnaði vegna jöfnunar lífeyrisréttinda), mega ekki leiða til hærri niðurstöðu en 132 í árslok 2018.
- Opinberum starfsmönnum sem eru eða gerast aðilar að samkomulagi þessu verður á næstu þremur árum tryggt það launaskrið sem verður á almennum vinnumarkaði umfram launaskrið á opinberum vinnumarkaði (launaskriðstrygging).² Horft verður til launaþróunar þeirra hópa á opinberum vinnumarkaði sem skilgreindir eru í skýrslunni „Í aðdraganda kjarasamninga 2015“ (kafli 3.2) í þessu sambengi. Launaskriðstrygging verður metin og framkvæmd miðað við árslok ár hvert (í fyrsta sinn nóvember 2016)³, en tekur ekki gildi fyrr en:
 - Samningsaðilar hafa lokið gerð kjarasamnings á forsendum sameiginlegrar launastefnu til ársloka 2018. SA, ríki, Reykjavíkurborg og Samband Íslenskra sveitarfélaga skuldbinda sig til að framfylgja þessari launastefnu gagnvart þeim hópum sem utan samkomulagsins standa.
 - Samkomulag um jöfnun lífeyrisréttinda á opinberum og almennum vinnumarkaði liggur fyrir.
 - Samningsaðilar hafa náð samkomulagi um forsenduákvæði.
- Að skilyrðum c - liðar uppfylltum verði öll forsenduákvæði núgildandi kjarasamninga er lúta að launastefnu, þ.m.t. tenging við launaþróun annarra hópa og kaupmáttarviðmiðun felld út. Þeir aðilar sem eiga ósamið á tímabilinu setji inn forsenduákvæði með vísan í lið 2. c – iii.
- Verði kostnaðarhækkun á tímabilinu (að meðtöldu endurgjaldi vegna jöfnunar lífeyrisréttinda) meiri en samkvæmt fyrrgreindum kostnaðarramma (sbr. b – liður) dregst sú hækkun frá launaauka vegna launaskriðstryggingar uns jöfnuði er náð.⁴

¹ Miðað verði við árið 2013 sem 100 en þar sem samið var áður um endurskoðun starfsmats hjá sveitarfélögum en leiðrétting kom til greiðslu 2014 og 2015 eru aðilar sammála um að eingreiðslur vegna þeirra leiðréttinga séu undanskildar í þessum samanburði.

² Ef samið er um tiltekið fjármagn til stofnanasamninga í tengslum við kjarasamningsgerð, mælist það ekki sem kostnaður samkvæmt b-lið, heldur sem hluti launaskriðs á opinberum markaði.

³ Aðilar eru sammála um að við mat á vísitölu verði tekið tillit til áhrifa upphafshækkana þeirra kjarasamninga sem gerðir eru eftir 1. október 2015.

⁴ Á grundvelli launaskriðsmælingar 2017 munu aðilar samkomulags þessa útfæra þetta ákvæði nána

Handwritten notes and signatures in blue ink, including the number '200' and various initials and scribbles.

- f. Samkomulag verði gert við stjórnvöld fyrir 1. febrúar 2016 um mótvægisáðgerðir til að stuðla að efnahagslegum stöðugleika á tímabilinu.

3. Meginstoðir nýs íslensks samningalíkans til framtíðar

Samkomulag er milli aðila um að þróa nýtt samningalíkan sem gilda muni við gerð kjarasamninga á Íslandi. Meðal annars verði leitað ráðgjafar frá vinnumarkaðssérfræðingum á Norðurlöndum í undirbúningi þess, sbr. minnisblað frá ríkissáttasemjara til SALEX hópsins frá 21. september 2015. Unnið verður að mótun þessa líkans á grundvelli neðangreindra meginstoða. Reiknað er með að niðurstaða í þeirri vinnu liggi fyrir eigi síðar en í árslok 2017.

- Gengið verður út frá samkeppnisstöðu samkeppnis- og útflutningsgreina⁵ gagnvart helstu viðskiptalöndum við skilgreiningu á svigrúmi til launabreytinga, að teknu tilliti til framleiðniþróunar og viðskiptakjara. Kjarasamningar miði að því að auka kaupmátt á grundvelli stöðugs raungengis sem samrýmist viðskiptajöfnuði til lengri tíma.
- Samningsaðilar í þessum greinum semji fyrst og móti þannig það svigrúm sem til launabreytinga er. Öllum stéttarfélögum er þó tryggt raunverulegt tækifæri til að semja um sín mál innan þessa svigrúms, þó þannig að jafnræði ríki. Ákveða þarf hvernig skapaður verði sveigjanleiki til útfærslu sameiginlegrar launastefnu innan svigrúmsins.
- Mikilvægt er að skilgreina svigrúm til dreifðra samninga (stofnanasamninga, fyrirtækjasamninga) þar sem fjallað verði um framleiðni og ábataþætti af skipulagsbreytingum og áhrifa slíkra breytinga á „launavísitölu“.
- Verði launaskrið á almennum vinnumarkaði skili það sér í sambærilegum launabreytingum á opinberum vinnumarkaði að teknu tilliti til áhrifa frá stofnanasamningum (launaskriðstrygging). Jafnframt verði staða taxtalaunahópa á almennum vinnumarkaði sérstaklega skoðuð með hliðsjón af launaskriði.
- Aðilar samkomulags þessa eru sammála um að bæta skipulag við gerð kjarasamninga, með það að markmiði að nýr kjarasamningur taki gildi um leið og sá fyrri rennur út.

Þegar aðilar þessa samkomulags hafa sammælt um nýtt samningalíkan verði skoðað hvort og þá hvaða breytingar þurfi mögulega að gera á vinnulöggjöf til að treysta nýtt samningalíkan í sessi.

4. Samspil aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda


Í tengslum við þróun nýs samningalíkans þarf að nást sameiginlegur skilningur á milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um eftirfarandi:

- Stöðu, stjórnun og fjármögnun lykilstofnana vinnumarkaðarins, þ.e. Atvinnuleysisstryggingasjóðs, Ábyrgðarsjóðs launa og Fæðingarorlofsjóðs.
- Aukið vægi samstarfs aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda á hverjum tíma, enda er það forsenda ábyrgra vinnubragða á vinnumarkaði.
 - Virkt samráð sé á milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðar.
 - Unnið sé sameiginlega að því að tryggja félagslegan stöðugleika og viðtæka sátt um forgangsroðun í velferðarmálum.
- Endurskoðun og samhæfing peningastefnu við nýtt samningalíkan á vinnumarkaði.
- Lokið verði innleiðingu laga um opinber fjármál sem stuðli að efnahagslegum stöðugleika.

⁵ Hér er átt við fyrirtæki sem eru í beinum útflutningi eða framleiða vöru og þjónustu í beinni samkeppni við innflutta vöru og þjónustu.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including a large signature at the bottom and several smaller ones to the right.


Reykjavík, 27. október 2015



F.h. Alþýðusambands Íslands



F.h. Samtaka atvinnulífsins



F.h. Bandalags starfsmanna Háskis og bæja



F.h. fjármálaráðuneytisins



F.h. Reykjavíkurborgar



F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga

Á formannafundi ASÍ þann 28. október 2015 var samþykkt eftirfarandi ályktun um kjaramál:

Formannafundur ASÍ lýsir yfir áhyggjum af stöðu efnahags- og kjaramála. Skortur á samstöðu, órói og átök hafa einkennt íslenskan vinnumarkað, allt frá því að þeirri launastefnu sem samið var um á almennum vinnumarkaði í árslok 2013 var hafnað. Síðan þá hefur hver hópur á vinnumarkaði farið fram og reynt að rétta sinn hlut óháð því hvaða áhrif slíkt hefði á aðra hópa eða hagkerfið. Niðurstaðan er sú að horfur eru á vaxandi verðbólgu og hækkandi vöxtum.

Fundurinn telur mikilvægt að breyta um vinnubrögð við gerð kjarasamninga og horfa til þess hvernig við getum byggt upp kaupmátt til framtíðar með raunverulegum verðmætum. Þar getum við lært margt af félögum okkar á öðrum Norðurlöndum. Þar er mikið lagt upp úr ábyrgð, aga og vönduðum undirbúningi til að tryggja sem hagfelldasta útkomu fyrir launafólk. Nýtt samningalíkan byggir á Norrænu samfélagsgerðinni sem grundvallast á þeirri sýn að nota hagvöxt og aukna verðmætasköpun til þess að bæta lífskjör og tryggja jöfnuð. Meiri verðmæti eru sótt í aukinn útflutning en forsendan er sterk samkeppnisstaða, frjáls utanríkisviðskipti og aðgangur að mörkuðum. Samstaða og sameiginlegur skilningur er á því að skipta verður auknum verðmætum með sanngjörnum hætti með áherslu á bætt lífskjör, jöfnuð og traust velferðarkerfi.

Formannafundur ASÍ telur mikilvægt að þróa verði íslenskt samningalíkan þar sem horft verði til þeirra vinnubragða sem tíðkast hafa á Norðurlöndunum. Fyrsta skrefið í þá átt er að tryggja sem best jafnræði milli hópa í launapróun á komandi misserum, þar með talið að jafna lífeyrisréttindi milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins, tryggja meira jafnræði varðandi áhrif launaskriðs og jafna kynbundinn launamun á vinnumarkaði. Þá verða allir hópar að axla ábyrgð á breyttum vinnubrögðum. Þannig getum við í sameiningu náð hámarksárangri við að byggja upp kaupmátt og efla lífskjör til lengri tíma litið.

Formannafundurinn styður það rammasamkomulag sem undirritað var af helstu viðsejendum á almennum og opinberum vinnumarkaði 27.10.2015 um breytt og bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga og telur það leggja grunn að bættum lífskjörum launafólks til framtíðar.

Jafnframt áréttar formannafundurinn mikilvægi þess að stjórnvöld taki upp ábyrga hagstjórn og breytta peningastefnu sem hafi að markmiði að treysta stöðugleika. Það er á ábyrgð stjórnmalanna að tryggja félagslegan stöðugleika og víðtæka sátt um forgangsroðun í velferðarmálum, einkum heilbrigðis-, mennta- og húsnæðismálum.

Kjarasamningar í janúar 2016

Á grundvelli rammasamkomulagsins frá 27. október 2015 og bókunar um jöfnun lífeyrisréttinda frá 5. maí 2011 undirritaði samninganefnd ASÍ og SA kjarasamning þann 21. janúar 2016. Samningurinn tryggir jafnræði í kjarabróun á grundvelli sameiginlegrar launastefnu og jöfnunar lífeyrisréttinda. Í samningunum fólust umtalsverðar viðbætur við þær launahækkningar sem samið var um í samningunum 2015.

Helstu atriði samningsins eru:

- Í stað launabróunartryggingar ársins 2016 var samið um 6,2% almenna launahækkun þann 1. janúar 2016, að lágmarki 15.000 krónur á mánaðarlaun fyrir fulla dagvinnu, þ.m.t. hækkun annarra kjaratengdra liða en desember og orlofsuppbóta.
- 4,5% almenna launahækkun þann 1. maí 2017
- 3,0% almenna launahækkun þann 1. maí 2018
- Hækkun á framlagi launagreiðenda í lífeyrissjóð um 3,5 prósentustig á árunum 2016-2018 og verður:
 - 8,50% þann 1. júlí 2016
 - 10,0% þann 1. júlí 2017
 - 11,5% þann 1. júlí 2018.
 - Samningurinn tryggir að mánaðarlegur ævilangur ellilífeyrir launafólks nemi 76% af meðal mánaðartekjum yfir starfsævina en hjá almennu launafólki hefur hingað til verið miðað við 56%. Áfallatryggingar lífeyrissjóðanna – örorkubætur og barna- og fjölskyldulífeyrir hækka í sama hlutfalli. Samið verður um frekari útfærslu á ráðstöfun 3,5% viðbótarframlagsins við endurskoðun á kjarasamningi ASÍ og SA um lífeyrismál en gert er ráð fyrir að sjóðfélagar muni hafa val um að ráðstafa því að hluta eða fullu í svokallaðan bundinn séreignarsparnað með það fyrir augum að auka sveigjanleika í starfslokum.

Í samningunum var jafnframt ákvæði um að fresta skoðun forsendunefndar í febrúar 2016 hvað varðar samþykkt Alþingis á frumvörpum um húsnæðisbætur og almennar íbúðir frestað fram í febrúar 2017 hafi þau ekki verið samþykkt við mat forsendunefndar í febrúar 2016.

KJARASAMNINGUR

milli

Alþýðusambands Íslands, Flóabandalagsins¹, Landssambands íslenskra verslunarmanna, Rafiðnaðarsambands Íslands, Samiðnar- sambands iðnfélaga og Starfsgreinasambands Íslands f.h. aðildarfélagi og VR, Stéttarfélag Vesturlands, VM félags vélstjóra og málmteknimanna, Félag hársnyrtisveina, Grafu – stéttarfélagi í prent- og miðlunargreinum, Félag leiðsögumanna, MATVÍS og Mjólkurfræðingafélags Íslands

og

Samtaka atvinnulífsins

1.gr.

Grundvöllur samningsins

Samningur þessi byggir á rammisamkomulagi aðila, dags. 27. október 2015 og bókun um lífeyrismál um jöfnun lífeyrisréttinda, dags. 5.5. 2011.

2.gr.

Gildissvið

Samningur þessi tekur til þeirra almennu kjarasamninga sem aðilar gerðu sín á milli á tímabilinu máí til september 2015. Aðra kjarasamninga aðila, sem og samninga sem byggja á 5. kafla aðalkjarasamninga um fyrirtækjapátt, skal uppfæra sérstaklega í samræmi við grein 2.b. í rammisamkomulagi, dags. 27. október 2015, sem segir að kostnaðarhækkun vegna kjarasamninga (að meðtöldum kostnaði vegna jöfnunar lífeyrisréttinda) skuli ekki verða meiri en samsvarar vísitölugildinu 132 í árslok 2018, miðað við gildið 100 í nóvember 2013. Þessari vinnu verði lokið fyrir lok mars og miðist við að breytingar taki gildi á sömu dagsetningum og í þessum samningi.

3. gr.

Framlag í lífeyrissjóði

Framlag launagreiðenda hækkar og verði eftirfarandi:

Frá 1. júlí 2016: 8,5%.

Frá 1. júlí 2017: 10,0%.

Frá 1. júlí 2018: 11,5%.

Samstaða er meðal aðila vinnumarkaðar um samræmingu lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins þannig að einstaklingum á vinnumarkaði verði, við 67 ára aldur, tryggður mánaðarlegur ellilífeyrir sem nemi 76% af meðaltals mánaðartekjum sem viðkomandi höfðu á starfsævinni. Almenna lífeyriskerfið hefur hingað til miðast við 56%. Þessi trygging felur í sér 35% meiri ávinnslu lífeyrisréttar en áður og næst með hækkun framlags launagreiðenda úr úr 8,0% í 11,5%. Við endurskoðun kjarasamnings ASÍ og SA um lífeyrismál, sem ljúka skal fyrir lok maí 2016, verði einstaklingum heimilt að ráðstafa, að hluta eða fullu, 3,5% auknu framlagi

¹ Til Flóabandalagsins teljast Efling-stéttarfélag, Verkalýðsfélagið HÍÍ og Verkalýðs- og sjómanna félag Keflavíkur og nágrennis

launagreiðanda í bundinn séreignarsparnað í stað samtryggingar til að auðvelda launafólki starfslok og auka sveigjanleika. Með bundnum séreignarsparnaði er átt við að settar eru þrengri skorður en gilda gagnvart öðrum viðbótarlífeyrissparnaði. Nauðsynlegt er að undirbúa þessa heimild vandlega. Annars vegar með tilliti til tryggingafræðilegrar stöðu lífeyriskerfisins og hins vegar með tilliti til áhrifa þessa vals á réttindi til áfalla- og fjölskyldutrygginga og ævilangs lífeyris þannig að sjóðfélagar geti tekið upplýsta ákvörðun um samsetningu réttinda sinna.

4. gr.

Almennar launabreytingar

Launabæturtrygging fyrir árið 2016 fellur brott. Í stað hennar kemur 6,2% almenn launahækkun þann 1. janúar 2016, að lágmarki kr. 15.000 á mánaðarlaun fyrir dagvinnu, þ.m.t. hækkun annarra kjaratengdra liða en desember og orlofsuppbóta, sbr. þó meðfylgjandi bókun með þessari grein.

1. maí 2017: 4,5% almenn launahækkun.

1. maí 2018: 3,0% almenn launahækkun.

5. gr.

Hafi þau frumvörp sem félags- og húsnæðismálaráðherra flutti á Alþingi í desember 2015 um húsnæðisbætur og almennar íbúðir ekki verið afgreidd sem lög án verulegra efnisbreytinga fyrir lok febrúar 2016, eru aðilar sammála um að fresta skodun forsendunefndar í febrúar 2016 hvað þessi frumvörp varðar til febrúar 2017 og telst það þá vera ný forsenda.

6. gr.

Afgreiðsla samningsins

Kjarasamning þennan skal með vísan til 2. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938, bera upp í sameiginlegri atkvæðagreiðslu félagsmanna allra aðildarfélaga Alþýðusambandsins sem taka laun skv. almennum kjarasamningum við SA frá 1. maí til september 2015 og skulu atkvæði talin sameiginlega. Með sama hætti verður kjarasamningurinn borinn upp í sameiginlegri atkvæðagreiðslu aðildarfyrirtækja Samtaka atvinnulífsins. Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 eru aðilar sammála um að tilkynna skuli niðurstöðu atkvæðagreiðslna fyrir kl. 14:00 26. febrúar 2016.

Bókun til skýringar á 4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. og þrátt fyrir ákvæði bókunar aðila frá 5.5.2011 um almennar launahækkningar, er launagreiðanda heimilt að draga frá umsáminni launahækkun á árinu 2016, ótilkynnta almenna hækkun launa starfsmanna sem framkvæmd hefur verið eftir gildistöku kjarasamninga viðkomandi aðildarsamtaka á árinu 2015 og fram að undirskrift þessa samnings, hafi launagreiðandi framkvæmt slíka hækkun launa gagnvart þorra starfsmanna. Þó skal enginn starfsmaður fá minna en 6,2% launahækkun, að lágmarki kr. 15.000 á mánaðarlaun fyrir dagvinnu, á tímabilinu 2. maí til 31. desember 2015.

Reykjavík, 21. janúar 2016

F.ð. Alþýðusambands Íslands



F.h. Samtaka atvinnulífsins



F.h. VR



F.h. Flóabandalagsins og Stéttarfélags Vesturlands



F.h. Landssambands íslenskra verslunarmanna/VR



F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands




F.h. Samiðnar - sambands iðnfélaga



F.h. Starfsgreinasambands Íslands



F.h. félaga með beina aðild




Rafræn allsherjaratkvæðagreiðsla um kjarasamning 21.1 2016

Löng hefð er fyrir því að breytingar á grundvallaratriðum lífeyriskerfisins séu afgreiddar með sameiginlegum hætti og jafnframt fyrir því að þegar samið er undir friðarskyldu sé gildistaka bundin við afgreiðslu samninganefndar sem nú er sameiginleg. Við þær aðstæður sem uppi voru þegar gengið var til þeirra samninga við SA sem undirritaðir voru 21.1 2016 og vegna kröfu SA varð niðurstaðan sú, með vísan til 2. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938, að bera kjarasamning ASÍ og SA upp til afgreiðslu í einni sameiginlegri atkvæðagreiðslu. Í hönd fór risavaxið verkefni en aldrei fyrr í sögu ASÍ hafði einn sameiginlegur kjarasamningur verið borinn undir atkvæði allra félagsmanna, allra aðildarfélaganna ASÍ sem starfa skv. kjarasamningum aðildarfélaganna við samtök atvinnurekenda.

Þegar eftir undirritun kjarasamnings var skipuð kjörstjórn sem lögfræðingur ASÍ stýrði og ákveðið að atkvæðagreiðslan skyldi vera rafræn. Samið var við fyrirtækið Advania um tæknilega framkvæmd sem fram skyldi fara eftir verklagsreglum um framkvæmd rafrænna atkvæðagreiðslna sem þá var unnið að í skipulags- og starfsháttanefnd og sem miðstjóri síðan staðfesti á fundi sínum 28.1 og áður en atkvæðagreiðslan hófst. Landssamböndin og félag með beina aðild sameiginlega söfnuðu saman rafrænum upplýsingum um félagsmenn sína sem atkvæðisrétt höfðu en miðað var við þann hóp sem iðgjöldum hafði verið skilað af vegna október 2015. Þau sem greitt var af eftir það eða töldu sig eiga atkvæðisrétt en fengu ekki send kjörgögn, gátu snúið sér til skrifstofu síns stéttarfélags með viðeigandi gögn, t.d. launaseðil, kært sig inn á kjörskrá og greitt atkvæði. Á kjörskrá voru að lokum 75.635 félagsmenn og alls kærðu sig inn á kjörskrá 328. Það var mat kjörstjórnar, að þótt útbreiðsla rafrænna skilríkja væri orðin talsverð, myndi það geta tryggt auðveldari framkvæmd ef hverri kennitölu yrði jafnframt gefið lykilorð sem sent væri út með kynningarefni fyrir upphaf kosningar en að félagsmenn gætu hvort heldur sem er notað lykilorð eða rafræn skilríki. Kjörgögn voru póstlögð 15.2 2016 og hófst atkvæðagreiðsla kl. 08.00 þann 16.2. Útbúinn var sérstakur „atkvæðagreiðsluhnappur“ sem settur var upp á heimasíðu ASÍ en sem aðildarsamtökin gátu annaðhvort sett upp á sínum síðum eða vísað á heimasíðu ASÍ. Atkvæðagreiðslunni lauk 26.2 og þá höfðu 10.653 greitt atkvæði, eða 14,08%. Já sögðu 9.724, eða 91,28%. Nei sögðu 832 eða 7,81%. Auðu skiluðu 97, eða 0,91%, og var kjarasamningurinn því samþykktur.

Kjörstjórn ákvað að kaupa greiningu á þátttöku í atkvæðagreiðslunni og voru helstu niðurstöður þessar:





Kjörstjórn gat þess í mati sínu að af þessu virðist mega ráða að með minnkandi tölvulæsi og hærri aldri aukist þátttaka, þ.e. rafrænu kynslóðirnar taka síður þátt. Skýring gæti verið sú að auglýsingar hafi ekki höfðað til ungra og því þurfi að virkja facebook, twitter, snapchat og þess háttar. Kjørsókn var tiltölulega jöfn kjørsókn um land allt (Austurland sker sig þó úr með 22% þátttöku) og jafnvægi milli kynja. Stærsti einstaki kostnaðarliður vegna atkvæðagreiðslunnar var póstkostnaður. Póstlagningin virðist hins vegar ekki tryggja betri þátttöku og því taldi kjörstjórn að þróa mætti nýjar aðferðir við framkvæmdina að höfðu samráði við sáttasemjara og skv. samkomulagi við atvinnurekendur. T.d. þannig að hætt verði útsendingu sérstakra kjörgagna en keyrðar auglýsingar þess í stað auk þess sem alfarið yrði stuðst við rafræn skilríki.

Niðurstaða forsendunefndar í febrúar 2016

Forsendunefnd samninganefndar aðildarsamtaka ASÍ og SA vegna endurskoðunar kjarasamninga kom saman til fundar þann 29. febrúar 2016 og úrskurðaði kjarasamninga gilda með eftirfarandi niðurstöðu:

1. Efnir ákvæða í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, dags. 28.5.2015: Forsendunefndin telur, að teknu tilliti til samkomulags aðila um að fresta skoðun á efnendum í húsnæðismálum, að þessi forsenda hafi í meginatriðum staðist.
2. Mat á því hvort sú launastefna og þær launahækkningar sem í samningunum fólust hafi verið stefnumarkandi fyrir aðra samningagerð á vinnumarkaði: Kjarasamningarnir frá því í maí til september byggðu á þeirri launastefnu að hækka þá tekjulægstu sérstaklega og gekk það í meginatriðum eftir í öðrum kjarasamningum gagnvart sambærilegum hópum. Þegar tillit er tekið til þessa og annarra þeirra kjarasamninga sem gerðir hafa verið frá maí 2015 telur nefndin þessa forsendu standast.
3. Aukinn kaupmáttur á samningstímanum: Að teknu tilliti til þess að kaupmáttur launa í ársbyrjun 2016 er umtalsvert meiri en við gerð kjarasamninga telur nefndin þessa forsendu standast.

Í júlí 2016 kom út skýrsla á vegum samstarfsnefndar um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga þar sem tekið er saman mikið efni um launaþróun ólíkra hópa á vinnumarkaði auk upplýsinga um verðlag og kaupmáttarþróun. Þessi skýrsla er sú fjórða í röðinni sem gefin er út undir merkjum samstarfsnefndarinnar sem lið í breyttum og bættum vinnubrögðum við undirbúning kjarasamninga til samræmis við það sem tíðkast í nágrennalöndunum. Að samstarfsnefndinni standa heildarsamtök launafólks: ASÍ, BSRB, BHM, og KÍ auk fulltrúa atvinnurekenda frá SA, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Kjaradeila í ÍSAL

Í mars 2016 var lögð fram miðlunartillaga til þess að ljúka deilu SA vegna RioTintoAlcan á Íslandi hf. (ÍSAL) og Verkalýðsfélagsins Hlífar, VM Félags vélstjóra og málmteknimanna, Rafiðnaðarsambands Íslands vegna Félags íslenskra rafvirkja og Félags rafeindavirkja, FIT Félags iðn- og tæknigreina, VR og MATVÍS. Miðlunartillagan var lögð fram í framhaldi langvinnrar deilu og verkfalls þar sem sameinast var um að beina aðgerðum að höfninni í Straumsvík (útskipunarbann). 20.2 2016 hafði ÍSAL höfðað mál fyrir félagsdómi og freistað þess að fá verkfallsboðun ónýtta. Á það féllst dómurinn ekki og hófst verkfall þann 24.2. 2016. Lögbann var þann 1.3. 2016 sett á að hindra mætti með verkfallsvörslu, tiltekinn hluta „yfirmanna“ hjá ÍSAL í að ganga í störf verkfallsmanna. Ekki kom til þess að lögbannið væri staðfest. Einn erfiðasti hluti deilunnar laut að útvistun verkefna sem ÍSAL sóttist eftir að auka í andstöðu við gildandi kjarasamninga. Miðlunartillaga sáttasemjara tók á þeim hluta deilunnar með eftirfarandi ákvæði sem koma á í veg fyrir að útvistun verkefna verði einungis gerð til þess að taka niður laun í störfum sem hingað til hafa verið unnin undir kjarasamningi félaganna við ÍSAL: „Samkomulag þetta skal tryggja að starfsmenn verktaka á athafnasvæði ÍSAL, sem vinna störf hliðstæð störfum starfsmanna ÍSAL og við hliðstæðar aðstæður, hafi að lágmarki sambærileg laun við starfsmenn ÍSAL. Þegar talað er um sambærileg laun er átt við grunnlaun að viðbættum ferðapeningum, fastri yfirvinnu, lágmark bónusa og sveinsbréfsálagi þar sem það á við. Að öðru leyti skal fylgja kjarasamningum á almennum markaði. ÍSAL skal árlega reikna upp viðmiðunarlaun samkvæmt ofangreindu fyrir verkamenn (lfl.11) iðnaðarmenn með sveinsbréf (lfl.14 með 5 ára sveinsbréfsálagi) og iðnaðarmenn með tvö sveinsbréf sem nýttast í starfi eða meistaraþróf (lfl. 15- 5 ára sveinsbréf).“ Samhliða gengust félögin undir að setja starfsmenn verktaka ekki í verkfall vegna óskyldra samninga. Efnt var til rafrænnar allsherjaratkvæðagreiðslu undir stjórn lögfræðings ASÍ og féllu atkvæði þannig að já sögðu 61,35%, nei sögðu 37,23%. 85,45% atkvæðisbærra tóku þátt.

Fjölsmiðjan – kjarasamningar, félagsaðild og kjör

Í kjölfar bókonar í miðstjórn var gerð könnun á réttarstöðu starfsmanna í Fjölsmiðjum sem starfa á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurnesjum og á Akureyri. Samkvæmt skipulagsskrám er hlutverk þeirra verkþjálfun og fræðslustarfsemi auk þess að gefa kost á hagnýtri vinnu, framleiðslu og fræðilegri þjálfun sem tengist þeim þáttum fyrir ungt fólk á aldrinum 16-24 ára. Samkvæmt skrá ríkisskattstjóra er Fjölsmiðjan með skráð VSK númer vegna Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám og reksturs bón- og þvottastöðvar (Akureyri). Samkvæmt heimasíðu Fjölsmiðjunnar er þar stunduð ýmiss konar atvinnustarfsemi, m.a. í rafdeild, bíladeild, smíðadeild og við tölvur og þökkun. Ekki liggur fyrir hve stór hluti starfseminnar lýtur að framleiðslu og þjónustu og hve stór hluti að fræðslustarfsemi, en fyrir liggur að Fjölsmiðjan selur frá sé bæði vöru og þjónustu á almennum markaði í samkeppni við annan atvinnurekstur. Niðurstaða lögfræðings ASÍ var að engum vafa sé undirorpið að þau störf sem unnin eru í þeim falli undir ákvæði gildandi kjarasamninga á þeim svæðum þar sem vinnan er innt af hendi sbr. 1. gr. laga 55/1980. Laun skuli því greiða skv. ákvæðum kjarasamninga og standa stéttarfélögum og sjóðum þeirra skil á þeim iðgjöldum sem kjarasamningar og lög greina þótt um hlutastörf kunni að vera að ræða. Jafnframt kemur fram í álit hans að starfsemi þeirra sé sérstök og blanda náms, vinnu og virkni. Af þeim ástæðum sé eðlilegt að samið sé sérstaklega um þau störf sem þarna eru unnin. Ákveðið var í framhaldinu að efna til samráðs viðkomandi stéttarfélaga og forsvarsmanna Fjölsmiðjanna. Á starfsárinu voru haldnir 4 fundir. Vorið 2016 var eftirfarandi tillaga að yfirlýsingu kynnt aðilum:

Aðilar eru sammála um nauðsyn þess að stuðla að því, að á öllum vinnustöðum Fjölsmiðjunnar séu grundvallarréttindi skv. kjarasamningum virt. Aðilar eru sammála um að vegna þess sérstaka hlutverks sem Fjölsmiðjurnar hafa sem úrræði og menntastofnanir fyrir sérstakan hóp ungmenna, sé nauðsynlegt að þróa náms- og starfsmat sem sniðið verði að þörfum þessa hóps og þeim skyldum sem Fjölsmiðjurnar bera gagnvart þeim og samfélaginu. Aðilar eru jafnframt sammála um að nauðsynlegt sé og mikilvægt fyrir þau ungmenni sem nema og starfa hjá Fjölsmiðjunni, að þau útskrifist þaðan og til vinnu, eftir að hafa þegar byrjað að ávinna sér réttindi sem fylgi þeim út á vinnumarkaðinn. Af þessum ástæðum eru aðilar sammála um að meta þurfi hlutfall náms, starfsþjálfunar og vinnu á hlutlægan og samræmdan hátt og að laun og önnur starfskjör skv. kjarasamningum verði greidd eftir því. Jafnframt að gerðir séu skriflegir ráðningar- og námssamningar þar sem hlutfall starfsþjálfunar og vinnu sé sérstaklega tilgreint og vísað til viðeigandi kjarasamninga.

Efling – stéttarfélag, Eining-Íðja og Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis lýsa því yfir að þau séu tilbúin til þess að taka þátt í vinnu með Fjölsmiðjunni við samræmt mat á námi, starfsþjálfun og vinnu þar sem greitt er fyrir vinnuframlag skv. kjarasamningum og til þess að aðlaga kjarasamninga sína að þeim niðurstöðum verði talin ástæða til þess. Aðilar beina því jafnframt sameiginlega til ráðherra menntamála, að nám og starfsþjálfun á vegum Fjölsmiðjunnar verði metið til eininga á framhaldsskólastigi. Samhliða yfirlýsingu þessarar hefja aðilar vinnu að verkáætlun vegna mats á hlutfalli náms, starfsþjálfunar og vinnu með það fyrir augum að niðurstöður um samræmt mat liggi fyrir á vormánuðum 2016.

Ekki tókst að ljúka málinu á starfsárinu, aðallega vegna fyrirstöðu félagsmála-yfirvalda í Reykjavík og Kópavogi.

Stuðningur við verkefni stéttarféлага í tengslum við stórframkvæmdir

Á síðustu misserum hafa verið tvennar mjög mannaflsfrekar stórframkvæmdir í gangi. Annars vegar er um að ræða byggingu álvers á Bakka við Húsavík og virkjunar á Peistareykjum ásamt afleiddum verkum. Hins vegar er um að ræða stækkun Búrfellsvirkjunar á Suðurlandi. Síðarnefnda framkvæmdir er reyndar talsvert skemur á veg komin en þó eru verkefni viðkomandi stéttarféлага töluverð. Sérfræðingar á skrifstofu ASÍ hafa veitt viðkomandi stéttarfélögum, sem eiga hagsmuna að gæta af framkvæmdunum, sérstaka aðstoð þegar þess hefur verið óskað.

Svo mannaflsfrekar framkvæmdir kalla á alls konar áskoranir frá bæjar-dyrum stéttarféлага. Reyndin er sú að verkefnin eru að stórum hluta unnin af fyrirtækjum sem koma hingað til landsins á grundvelli meginreglu EES um frjálsa för þjónustu. Þá eru viðkomandi starfsmenn einungis á íslenskum vinnumarkaði í takmarkaðan tíma en eiga engu að síður að njóta sömu kjara og stéttarsystkin þeirra hér á landi gera. Þetta hefur kallað á ýmsar flækjur, ýmist af völdum þekkingarleysis viðkomandi fyrirtækis og erlendra starfsmanna þess og/eða um er að ræða einbeittan brotavilja enda er það gömul saga og ný á Íslandi og nágrennalöndum að talsvert sé um undirboð í byggingageiranum.

Það er óhætt að segja að viðkomandi stéttarfélög hafi staðið sig vel í sínum verkefnum sem eru að gæta að því að leikreglur íslensks vinnumarkaðar séu virtar. Samstarf þeirra og sérfræðinga ASÍ hefur verið með besta móti til fyrirmyndar um það hvernig sameinuð og öflug verkalýðshreyfing virkar þegar á reynir. Sérfræðingar á skrifstofu ASÍ hafa dregið mikinn lærdóm af þessu ferli og notað tækifærið til greiningar á því hvernig megi bæta

viðeigandi regluverk í því skyni að allir njóti þeirra réttinda sem þeir eiga á íslenskum vinnumarkaði.

Bókanir úr eldri kjarasamningum sem unnið er að

2015 - Viðræður um breytingar á veikinda-, slysa- og örorkubótarétt

- Tjón á tönnum við vinnuslys
- Skipulag vinnutíma
- Mat á námi til launa
- Könnun á framkvæmd uppsagna
- Kjarasamningur um lífeyrismál - endurskoðun o.fl.
- Endurskoðun orlofslaga

2013 - Starfsmenntamál

2011 - Stýrihópur VIRK um fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu og vinnuvernd

- Lokun vegna forcemajor aðstæðna
- Kynningar- og fræðsluefni um persónuvernd starfsmanna

2007 - Upplýsingar og samráð

- Tilkynning veikinda og læknisvottorð
- Evrópsk samstarfsráð

Eftirfylgni við yfirlýsingar ríkisstjórna – í vinnslu

2015 - Þjóðhagsráð

-
- Vinnumarkaðsaðgerðir
- Kostnaður sjúklinga í heilbrigðiskerfinu
- Framhaldsfræðsla og starfsmenntun (VI)
- Fagháskóli
- Eftirlit með atvinnustarfsemi

2011 - Starfsmannaleigur

- Útfærsla á nýju húsnæðisbótakerfi
- Svört atvinnustarfsemi
- Skipulag og samhæfing endurhæfingarmála
- Opinber innkaup og verktakastarfsemi
- Læknisvottorð og komugjöld
- Kennitölufلاك
- Jöfnun lífeyrisréttinda

- Fyrirkomulag atvinnuleysistrygginga
- Átak í menntamálum og vinnumarkaðsúræðum

Fundur samninganefndar ASÍ

Samninganefnd ASÍ starfar á grundvelli samstarfssamnings aðildarsamtaka ASÍ frá 21.6 2010. Samninganefndin hittist á 18 fundum á tímabilinu.

Deilur um þjóðhagsráð

Í rammisamkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá 27. október 2015 sam-mæltust aðilar um nauðsyn þess að koma á fót sérstöku þjóðhagsráði sem hefði það hlutverk að greina stöðu efnahagsmála og ræða samhengi ríkisfjármála, peningastefnu og vinnumarkaðar í tengslum við helstu viðfangsefni hagstjórnar hverju sinni. Í viðræðum um stofnun við stjórnvöld og Seðlabanka um stofnun ráðsins lögðu fulltrúar ASÍ og BSRB ríka áherslu á að þjóðhagsráð fjalli ekki eingöngu um forsendur efnahagslegs stöðugleika í þessu samhengi heldur einnig félagslegs stöðugleika sem sé lykilþáttur í breyttu vinnumarkaðsmódeli og jafnframt grundvöllur þess. Stjórnvöld féllust ekki á sýn fulltrúa launafólks og var þjóðhagsráð formlega stofnað í júní 2016 með fulltrúum atvinnurekenda, Seðlabankans og stjórnvalda en án aðildar fulltrúi launafólks. ASÍ og BSRB sendu af því tilefni frá sér sameiginlega yfirlýsingu þann 8. júní 2016.

Undanfarið ár hafa fulltrúar þeirra samningsaðila sem eiga aðild að rammisamkomulagi á vinnumarkaði frá því í október 2015 (SALEK) átt í viðræðum við stjórnvöld og Seðlabanka Íslands um stofnun þjóðhagsráðs. Í þeim viðræðum hefur verið ágreiningur milli fulltrúa ASÍ og BSRB annars vegar og annarra aðila að ráðinu hins vegar um hlutverk og markmið ráðsins. ASÍ og BSRB gera kröfu til þess að þjóðhagsráð fjalli ekki einungis um forsendur efnahagslegs stöðugleika heldur einnig forsendur félagslegs stöðugleika í samfélaginu.

Fulltrúar BSRB og ASÍ hafa lagt til að myndaður verði annar samhliða vettvangur um samræðu fulltrúa stjórnar og stjórnarandstöðu og fulltrúa samningsaðila á vinnumarkaði. Þar geti þessir aðilar freistað þess að mynda breiða samstöðu um meginviðfangsefni og forgangsröðun í uppbyggingu velferðarkerfisins og fjármögnun þess. Samræða um þessa hugmyndafræði hefur verið í gangi undanfarið en engin niðurstaða hefur náðst. Forsætisráðherra hefur boðað til stofnfundar þjóðhagsráðs í dag, 8. júní, þrátt fyrir að engin niðurstaða sé um málsmeðferð um hina velferðarpólítísku hlið málsins.

Fulltrúar ASÍ og BSRB telja þetta miður og eru sammála um að

félagslegur stöðugleiki sé ekki síður mikilvægur en efnahagslegur stöðugleiki. Það er skoðun beggja aðila að ótímabært sé að stofna þjóðhagsráðið á meðan ekki hefur náðst sátt um hlutverk þess og markmið. Af þeim orsökum munu hvorki ASÍ né BSRB taka þátt í stofnun þjóðhagsráðs, né taka þátt í starfi ráðsins fyrir en fyrir liggur með hvaða hætti umræðum og samstarfi um félagslegan stöðugleika verður háttað.

Úrskurðir kjararáðs

Kjararáð hefur á árinu ítrekað úrskurðað um launahækkanir embættismanna og forstjóra ríkisstofnana sem eru þvert á þá samræmdu launastefnu sem mörkuð hefur verið á vinnumarkaði. Í desember 2015 um ríflega 40% hækkun á launum dómara og verulega hækkun á launum bankastjóra Landsbankans og ályktaði miðstjórn ASÍ um málið á fundi sínum þann 6. janúar 2016.

Miðstjórn ASÍ gagnrýnir harðlega ákvörðun kjararáðs um laun dómara og krefst þess að stjórnvöld setji á hátekjuskatta til þess að stemma stigu við ofurlaunum.

Á fundi kjararáðs þann 17. desember sl. úrskurðaði ráðið um meira en 40% hækkun á launum dómara og verulega hækkun á launum bankastjóra Landsbankans. Þessar launahækkanir eru úr öllum takti við þann veruleika sem þorri launafólks býr við. Miðstjórn ASÍ telur augljóst, að kjararáð sé með þessum úrskurði sínum að taka mið af þeirri ofurlaunaþróun sem átt hefur sér stað hjá stjórnendum fyrirtækja á undanförnum misserum. Þarna er verið að hækka hálaunahópa langt umfram aðra og almennigur sér augljóslega ekki hvaða sanngirni er í því. Það er eitthvað bogið við samfélag sem hækkar mánaðarlaun hátekjufólks um fleiri hundruð þúsund krónur í einu veffangi á meðan hluti þjóðarinnar berst í bökkum.

Miðstjórn ASÍ varar einnig við því að með þessum nýjustu hækkunum kjararáðs sé í reynd lagður grunnur að frekari launahækkunum ædstu embættismanna ríkisins. Í næstu lotu verður því væntanlega haldið fram, að komin sé skekkja í myndina og forseti, ráðherrar og alþingismenn þurfi á móta glöðning frá kjararáði.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands áréttar andstöðu sína við þessa þróun ofurlaunanna og vill undirstrika að þróun í kjörum ædstu forystumanna bæði atvinnulífs og á hinum opinbera vettvangi hefur aukið hér launamun og valdið mikilli reiði almenns launafólks. Afleiðingin er að sífellt er verið að endurnýja tilefni deilna og átaka í samfélaginu og lýsir

miðstjórn ASÍ þessa aðila ábyrga fyrir afleiðingunum. Jafnframt krefst ASÍ þess að ríkisstjórn og Alþingi bregðist við með þeim eina hætti sem getur skapað sátt meðal almennings og það er að taka hér upp alvöru hátekjuskatta á ofurlaun.

Þann 1. júní 2016 úrskurðaði kjararáð 7,15% almenna launhækkun til allra þeirra sem heyra undir ráðið til samræmis við úrskurð gerðardóms um hækkun til aðildarfélaga BHM. Að auki úrskurðaði ráðið m.a. um hækkun á launum ráðuneytis- og skrifstofustjóra um 22-25%, einkum með fjölgun á föstum yfirvinnutímum. Alþýðusambandið mótmælti harðlega þessum hækkunum og lýsti því yfir að eðlilegt væri að Alþingi gripi inn í þessa niðurstöðu sem grafi undan viðleitni aðila vinnumarkaðarins um að koma á nýju samningamódeli með stöðugleika að leiðarljósi. Miðstjórn ASÍ fjallaði um málið á fyrsta fundi sínum að loknu sumarleyfi þann 24. ágúst 2016 og sendi frá sér eftirfarandi ályktun.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands mótmælir harðlega nýlegum úrskurðum kjararáðs þar sem embættismönnum og forstöðumönnum ríkisstofnana eru úrskurðaðir tugprósenta launahækkanir í einu veffangi. Niðurstæða kjararáðs gengur þvert á sameiginlega launastefnu sem samið var um á vinnumarkaði og lá til grundvallar vinnu aðila vinnumarkaðar um mótun nýs samningalíkans. Með þegjandi samþykki sínu gefa stjórnvöld launafólki langt nef og grafa undan viðræðum aðila vinnumarkaðarins um nýtt samningamódel sem byggir á stöðuleika og öruggri kaupmáttaraukningu.

Miðstjórn ASÍ áréttar að það kemur ekki til greina að tekjuhæstu hópar samfélagsins fái sérstaka meðferð og deili ekki kjörum með almenningi í landinu – um slíkt verður engin sátt. Okkar félagsmenn munu ekki sætta sig við að skapa jarðveg fyrir stöðugleika og aukna verðmætasköpun með ábyrgum launahækkunum til þess að hátekjuhópar geti á einu bretti fengið hækkanir sem nema mánaðarlaunum margra félaga okkar.

Hér er á ferðinni versta birtingarmynd þess ranglætis sem við höfum alltof lengi búið við. Það er löngu tímabært að þeir sem telja sig vera yfirstétt þessa lands geri sér grein fyrir því að nú þurfa þeir eins og aðrir að taka afstöðu til þess hvort þeir vilja byggja hér upp samfélag þar sem jafnræði ríkir í launamálum. Til þess þurfum við hugarfarsbreytingu sem felst í norrænu fyrirmyndinni og tímabært að stjórnvöld horfist í augu við alvarlegar afleiðingar þessara úrskurða.

Skýrsla Steinars Holden – Nýtt samningalíkan fyrir Ísland

Steinari Holden, prófessor við Oslóarháskóla, var í umboði Salek-hópsins falið að gera tillögu að nýju samningalíkani fyrir íslenskan vinnumarkað með það að markmiði að tryggja sjálfbæra launaþróun sem stuðlar að efnahagslegum stöðugleika og auknum kaupmætti. Holden hefur verið ráðgjafi og stýrt þremur vinnuhópum um mótun og endurskoðun norska samningalíkansins. Holden skilaði skýrslu sinni til Salek-hópsins í september 2016 og eru í henni lagðar fram ýmsar hugmyndir um það hvernig megi bæta vinnubrögð við kjarasamningagerðina hér á landi. Markmið skýrslunnar er að hvetja til umræðna með því að kynna lykilatriði sem gott samningalíkan þarf að uppfylla, lýsa reynslu og lausnum frá öðrum Norðurlöndum og benda á þau úrlausnarefni sem Íslendingar standa frammi fyrir í tengslum við upptöku nýs samningalíkans. Til að tryggja sjálfbæra launaþróun hér á landi, telur Holden gagnlegt að taka upp nýtt samningalíkan og byggja tillögur hans á fyrirkomulagi samningamála á Norðurlöndum, einkum í Noregi. Þá voru einnig hafðar til hliðsjónar við mótun tillagnanna, ábendingar sem um það bil 80 manns úr baklandi Salek-hópsins komu á framfæri á fundi með Steinari í maí 2016.

Tillögurnar eru nokkurs konar hlaðborð hugmynda um það hvernig megi betrubæta kjarasamningagerðina hér á landi.




ATVINNUMÁL

Aðstæður á vinnumarkaði

Árið 2015 var vinnumarkaður ekki einungis búinn að rétta úr kútnum frá hrúni heldur voru þenslumerki farin að gera vart við sig í hagkerfinu. Líkt og rakið er í kaflanum um Efnahagsmál hafa umsvif í hagkerfinu aukist hratt undanfarin ár og aukin neysla heimilanna, stór fjárfestingaverkefni, vaxandi umsvif í mannvirkjagerð og fjölgun ferðamanna meðal þeirra þátta sem snúa hjólum atvinnulífsins um þessar mundir. Leita þarf aftur til áraanna 2007-2008 til að finna viðlíka þróun á vinnumarkaði en á síðasta ári var fjöldi starfandi í fyrsta sinn orðinn meiri en frá hrúni ásamt því að atvinnuþátttaka og atvinnuleysi voru farin að ná fyrri hæðum. Fjölgun starfa stýrist þó að mestu leyti af uppgangi í mannaflsfrækum greinum, t.d. mannvirkjagerð en framar öðru hefur megindrífraftur aukinnar vinnuaflseftirspurnar þó verið vegna fjölgunar ferðamanna.

Mikil áhrif ferðaþjónustu á vinnumarkað

Fjöldi erlendra ferðamanna




Heimild: Hagstofa

Erfitt er að fjalla ítarlega um þróun vinnumarkaðar án þess að setja hann í samhengi við þróun ferðaþjónustunnar. Ekkert lát hefur orðið á stöðugum straumi ferðamanna hingað til lands frá hruni og hafa árin 2015-2016 verið engin undantekning. Þvert á móti hefur fjölgun ferðamanna sótt í sig vedrið en erlendum ferðamönnum fjölgaði um 35% á fyrri hluta þessa árs og 31% á síðasta ári miðað við 23% meðalfjölgun á árunum 2011-2014. Útlit er fyrir að yfir 1,7 milljónir ferðamanna komi til landsins á þessu ári sem er meira en fjögur hundruð þúsund fleiri gestir en komu á síðasta ári, en það er fjölgun um meira en milljón ferðamenn frá árinu 2012.

Eitt af því sem einkennir ferðaþjónustuna er hversu víða áhrif hennar koma fram á vinnumarkaði, í ólíkum störfum og víða um land. Þannig sjást ekki bara bein áhrif með fjölgun starfa í gistingu, veitingum, verslun og samgöngum heldur fjölgar einnig afleiddum störfum, t.d. við byggingu og stækkun flugstöðvar, byggingu hótela auk þjónustu við þann fjölda fyrirtækja sem er í ferðaþjónustu.


Þenslumerki sjáanleg á vinnumarkaði

Atvinnuþátttaka - ársfjórðungsleg



Heimild: Hagstofa Íslands


Atvinnuleysi - ársfjórðungslegt



Heimild: Hagstofa Íslands

Aldrei hafa fleiri verið á vinnumarkaði en um þessar mundir en alls voru tæplega tvö hundruð þúsund einstaklingar á vinnumarkaði á öðrum ársfjórðungi, þar af 192 þúsund starfandi og rúmlega sjö þúsund atvinnulausir. Líkt og bent er á hér að framan hefur fjölgun á vinnumarkaði verið ör undanfarin ár. Sé fyrri hluti þessa árs borinn saman við sama tímabil árið 2012 eru í dag að jafnaði yfir 20 þúsund fleiri starfandi og rúmlega sex þúsund færri atvinnulausir sem gefur til kynna að mikill fjöldi hefur leitað inn á vinnumarkað undanfarin ár en atvinnuþátttaka mælist 83,4% á fyrri hluta ársins. Nokkur munur er á atvinnuþátttöku kynjanna, en um 88,8% karla á aldrinum 16-74 ára eru virkir á vinnumarkaði borið saman við 80,9% kvenna. Atvinnuþátttakan hefur þó aukist hjá báðum kynjum en þó mismikið eftir aldri. Minnst hefur atvinnuþátttakan aukist hjá konum á aldrinum 55-74 ára á meðan veruleg aukning hefur verið í aldurshópnum 16-24 ára og þá hjá báðum kynjum.

Langtímaatvinnuleysi á fyrri hluta árs




Heimild: Hagstofa Íslands

Um sextán hundruð færri einstaklingar voru í atvinnuleit á fyrri hluta ársins heldur en á sama tímabili árið 2015. Atvinnuleysi var á tímabilinu 3,4% og hefur ekki verið lægra frá árinu 2008. Sé titið á atvinnuleysi er þó tvennt sem vekur sérstaka athygli. Annars vegar er það jákvæð þróun langtímaatvinnuleysis sem nú er að mestu leyti horfið en á fyrri hluta ársins voru færri en fimm hundruð einstaklingar sem höfðu verið án atvinnu lengur en 12 mánuði. Langtímaatvinnuleysi mælist því 6,8% sem er mikill viðsnúningur en árið 2012 hafði um fjórðungur atvinnulausra verið án atvinnu í meira en eitt ár, eða um þrjú þúsund einstaklingar.

Hitt sem vekur athygli er hversu víða um land atvinnuleysi hefur dregist saman en þar er þróunin á Suðurnesjum sérstaklega ánægjuleg, þar sem atvinnuleysi hafði um langt skeið verið hærra en í öðrum landshlutum.

Atvinnuleysi eftir landshlutum



Heimild: Vinnuálagstofnun

Í síðustu uppsveiflu lengdist meðalvinnuvikan í takt við aukna vinnuafleiðingarspurn og var að jafnaði tæplega 42-43 stundir á viku á árunum 2004-2007.

Mikil breyting varð við efnahagshrunið, þar sem fyrirtæki mættu minnk-

Meðalfjöldi unnina vinnustunda



Heimild: Hagstofa Íslands


andi eftirspurn ekki einungis með fækkun starfsfólks heldur stýttist vinnutími einnig umtalsvert. Þessi þróun átti sér stað í langflestum atvinnugreinum. Líkt og fram hefur komið hefur orðið viðsnúningur í fjölda starfa en á sama tíma hefur lítil breyting orðið í vinnutíma. Meðalvinnustundum hefur fjölgað lítilla undanfarið og þá helst í mannvirkjagerð og sérhæfðri þjónustu. Í flestum atvinnugreinum hefur þó ekki orðið stór breyting undanfarin ár og áhugavert að ekki hafi orðið meiri breyting á vinnustundum við uppgang á vinnumarkaði. Velta má því fyrir sér hvort einstaklingar kjósi í dag meiri frítíma frekar en fleiri vinnustundir.

Flestir hagvísar á vinnumarkaði sýna fram á hversu kröftuglega vinnuafleiftirspurn hefur aukist undanfarið og leiða í ljós vaxandi spennu á vinnumarkaði. Þriðjungur fyrirtækja finnur nú fyrir skorti á starfsfólki samkvæmt könnun meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins en helst eru það fyrirtæki í byggingariðnaði, flutningum og ferðaþjónustu sem eiga erfitt með að fá til sín vinnuafli². Nýleg könnun Stjórnstöðvar ferðamála³ á mannaflaþörf í ferðaþjónustu segir svipaða sögu. Þar má sjá að fyrirtæki í ferðaþjónustu búast við að þurfa að bæta við sig starfsfólki á næstu misserum, þar af mest á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi. Helst eru þetta störf í gistingu, veitingaþjónustu og samgöngum þar sem fyrirtæki nefna helst að starfsfólk skorti í ræstingar, gestamóttöku auk sérhæfðari starfa á borð við t.d. leiðsögumenn og matreiðslumenn.

² Sjá nánar <http://sa.is/frettatengt/frettir/stjornendur-400-staerstu-efnahagslifid-ofhitnar/>

³ Sjá nánar <http://stjornstodin.is/calendar-event/konnun-a-mannafla-og-frasluorf>

Búferlaflutningar á ársfjórðungi



Ekki þarf að leita lengi til að sjá að búferlaflutningar erlendra ríkisborgara hafa stutt við vöxt efnahagslífsins undanfarin ár en það er ekki ólíkt þróuninni sem átti sér stað fyrir hrun. Ljóst er að erfitt hefði verið að mæta fjölgun ferðamanna og vexti í mannvirkjagerð ef ekki nyti erlends vinnuafli þar sem skortur er á innlendu vinnuafli í þeim greinum. Frá árinu 2012 hafa erlendir ríkisborgarar verið nærri tíu þúsund aðfluttir umfram brottflutta og þar af hefur aukningin verið mest undanfarna þrjá ársfjórðunga eða á fjórða þúsund. Það hefur vakið athygli að efnahagsbatinn hafi haft minni áhrif á búferlaflutninga íslenskra ríkisborgara. Þannig voru Íslendingar yfir þúsund fleiri brottfluttir heldur en aðfluttir á síðasta ári. Ljóst er að miðað við fyrirbyggjandi horfur á vinnumarkaði og í efnahagslífinu mun áfram vera vöxtur á vinnuaflseftirspurn í fyrirsjáanlegri framtíð.

VELFERÐARMÁL

Kaup og kjör


Kaupmáttur launa hefur vaxið umtalsvert undanfarin misseri í kjölfar launahækkana í kjarasamningum samhliða stöðugleika í verðlagi. Í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði í janúar 2016 var m.a. samið um breytingar á launalið kjarasamninganna frá vorinu 2015 og í stað launaþróunartryggingar ársins 2016 var samið um 6,2% almenna launahækkun þann 1. janúar 2016, að lágmarki 15.000 krónur á mánaðarlaun fyrir fulla dagvinnu, þ.m.t. hækkun annarra kjaratengdra liða en desember og orlofsuppbóta.

Verðlag hefur undanfarin misseri haldist stöðugt. Verðlag hafði í júlí 2016 hækkað um 1,1% á síðustu 12 mánuðum og hafði árs verðbólga þá verið að meðaltali rúmlega 1,5% frá því í ársbyrjun 2015. Frá júlí 2015 til júlí 2016 hækkuðu laun á vinnumarkaði um 11,3%. Kaupmáttur launa jókst því um 10% á tímabilinu.

Samkvæmt launavísitölu hækkuðu regluleg laun að meðaltali um 7,1% á árinu 2015. Laun á almennum vinnumarkaði hækkuðu að meðaltali um 6,6% en laun opinberra starfsmanna um 8,2%. Þegar tekið er tillit til verðbólgu jókst kaupmáttur launa að meðaltali um 4,7% á almennum vinnumarkaði en um 6,3% hjá opinberum starfsmönnum.


Á fjórða ársfjórðungi 2015 voru regluleg laun að meðaltali 9% hærri en á fjórða ársfjórðungi árið áður. Á sama tímabili hækkuðu laun á almennum vinnumarkaði um 8,9% en laun opinberra starfsmanna um 9,0% að meðaltali, þar af hækkuðu laun ríkisstarfsmanna um 10,2% og starfsmönnum sveitarfélaga um 7,6%.

Á almennum vinnumarkaði hækkuðu laun á fjórða ársfjórðungi 2015, samanborið við sama tíma árið áður, mest hjá verkafólki (11%), þjónustu-, sölu- og skrifstofufólki (9,9%), tæknum og sérmenntuðu starfsfólki (9,7%), skrifstofufólki (9,5%), iðnaðarmönnum (8,0%) og sérfræðingum (6,8%) en stjórnendur reka lestina (5,9%).



Ráðstöfunartekjur

Launahækkningar, batnandi atvinnuástand og bætt eignastaða heimila hefur haft jákvæð áhrif á ráðstöfunartekjur undanfarin misseri. Samhliða hefur verðlag verið stöðugt og 12 mánaða verðbólga mælst undir 2,5% verðbólgu markmiði Seðlabankans frá því í byrjun árs 2015. Seðlabankinn áætlar að kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi vaxið um 8,6% á árinu 2015 og muni á árinu 2016 vaxa um 10,4% sem er mesti vöxtur frá aldamótum, og hærri en síðustu spár bankans gerðu ráð fyrir. Gert er svo ráð fyrir að hægi talsvert á vexti ráðstöfunartekna á árunum 2017 og 2018 en hann verði þó um 5% á árinu 2017 en síðan ekki nema um 2% 2018.



Skuldir og fjárhagur heimila

Skuldir heimilanna hafa undanfarin ár lækkað verulega sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) og námu í árslok 2015 um 83,8% af landsframleiðslu ársins. Hlutfallið lækkaði alls um 11 prósentustig á árinu 2015. Skuldahlutfallið er svipað nú og árið 1999. Frá þessu er greint í riti Seðlabankans, *Fjármálastöðugleika*, (2016/1).

Skuldirnar námu hæst um 133% af VLF á fyrsta ársfjórðungi ársins 2009. Mikil skuldsetning á uppgangsrúnum fyrir efnahagshrunið árið 2008, hrun á gengi krónunnar í árslok 2008 sem þrýsti upp gengisbundnum og verðtrygðum lánnum, samhliða mikilli lækkun fasteignaverðs leiddi til þess að fjöldi heimila lenti í miklum greiðslu- og skuldavanda með yfirveðsett íbúðarhúsnæði.

Lækkunin á árinu 2015 má rekja til aukinnar landsframleiðslu auk lækkunar á nafnverði skulda sem stafar aðallega af aðgerðum ríkisstjórnar til lækkunar verðtryggðra húsnæðislána. Lækkun skulda heimilanna undanfarin ár, bæði vegna beinnar niðurfærslu og vegna heimildar til nýtingar séreignalfeyrissparnaðar hefur leitt til þess að skuldastaða íslenskra heimila hefur batnað mikið í alþjóðlegum samanburði þó enn séu skuldir heimilanna miklar.

Hrein eign heimila sem hlutfall af ráðstöfunartekjum hefur aldrei verið hærri en í árslok 2015 en Seðlabankinn áætlar að hlutfallið hafi þá verið um 512% en til samanburðar þá var hlutfall eigna af ráðstöfunartekjum um 380 prósent í árslok 2008 og um 300 prósent í árslok 1997. Aukning á hreinni eign heimila á árinu 2015 má helst rekja til lægri skulda, en einnig lifeyrissjóðseignar sem jókst nokkuð í hlutfalli við ráðstöfunartekjur.

Hlutfall skulda af ráðstöfunartekjum heldur einnig áfram að lækka líkt og undanfarin ár, en hlutfallið var í árslok 2015 177% og lækkar um 30% frá árinu áður en hæst var það tæplega 270% í árslok 2010 í kjölfar mikils samdráttar ráðstöfunartekna.

Bætt staða heimila er þó mjög misjöfn eftir hópum. Gripið hefur verið til ýmissa ráðstafana eftir hrun sem miða að því að lækka skuldir heimila og dómar um ólögmati lána verið hagfelldir mörgum heimilum, þó einungis þeim sem eiga húsnæði sitt. Þeir aðilar sem leigja húsnæði sín hafa setið eftir. Þeir sem eru í leiguhúsnæði eru yngri og tekjulægri en þeir sem eiga húsnæði sitt og á því bætt staða heimilanna einkum við um eldri og tekjuhærri heimili. Athygli vekur að leigjendur sem njóta félagslegra úrræða verja nú herra hlutfalli ráðstöfunartekna í húsnæði en þeir sem búa í skuldsettu húsnæði. Fyrir rúmum 10 árum síðan var hlutfallið svipað. Frá þessu er greint í *Fjármálastöðugleika* (2016/1).

Samkvæmt gögnum frá umboðsmanni skuldara var árið 2010 63% þeirra

sem sóttu um greiðsluaðlögun í eigin húsnæði og 27% á leigumarkaði en í upphafi árs 2016 var hlutfallið komið niður í 22% meðal þeirra sem eru í eigin húsnæði og 56% meðal leigjenda.

Fyrsta fasteign

Í ágúst 2016 kynnti forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra nýjar aðgerðir í húsnæðismálum. Um ræðir frumvarp til laga um stuðning við kaup á fyrstu íbúð (mál 818 á 145. lögjafafþingi). Samkvæmt frumvarpinu verður þeim sem hafa ekki áður átt fasteign heimilt að nýta séreignarsparnað sinn skattfrjálst í allt að 10 ár til öflunar íbúðarhúsnæðis. Heimildin nær til bæði eigin framlags launamanns (allt að 4% af launum) og framlags launagreiðenda (2% af launum), samtals að hámarki kr. 500.000 á einstakling á hverju 12 mánaða tímabili. Til að fullnýta heimildina þurfa mánaðarlaun að vera a.m.k. 694.444 kr. Ráðstöfunin nær til iðgjalda í séreignarsparnað sem greidd eru á 10 ára tímabili sem getur hafist í fyrsta lagi frá gildistöku laganna þann 1. júlí 2017. Málið var óafgreitt frá Alþingi um miðjan september 2016.

Í frumvarpinu er einnig lagt til framlenging á núverandi heimild til ráðstöfunar á séreignarlífeyrissparnaði skattfrjálst inn á höfuðstól húsnæðisláns um tvö ár til viðbótar, eða til 30. júní 2019. Sú heimild var upphaflega veitt fyrir tímabilið 1. júlí 2014-30. júní 2017 og nær til allra þeirra sem skulda lán með veði í íbúðarhúsnæði. Heimildin nær bæði til eigin framlags launamanns, að hámarki 4%, og framlags launagreiðenda 2%. Hámarksfjárhæð séreignarsparnaðar sem heimilt er að ráðstafa inn á húsnæðislán skv. þessu ákvæði nemur kr. 750.000 á ári hjá hjónum og sambúðarfólki og 500.000 kr. á ári hjá einstaklingi.

Það vekur þó athygli að úrræðið gagnast fyrst og fremst þeim sem eiga eigið fé og hafa greiðslugetu til þess að standast greiðslumat hjá fjármálastofnunum. Skattfrelsið hvetur vissulega til húsnæðissparnaðar en það tekur ungt fólk fjölda ára að safna nægilegu fé sem dugar til útborgunar í fasteign. Í töflunni hér að neðan eru tekin dæmi um heimili með mismunandi heimilistekjur og þann árafjölda sem tekur að safna upp í útborgun á íbúð miðað við það að lagt sé fyrir 6% af launum á mánuði (4% framlag launamanns og 2% framlag atvinnurekanda). Af þessu sjáum við að það 10 ára tímabil sem úrræðið nær til dugar heimilum með heimilistekjur undir 600.000 krónum á mánuði í engu tilviki til þess að safna eigið fé til útborgunar í fasteign. Hafi heimilið t.a.m. 700.000 krónur í samanlagðar mánaðartekjur tekur um 8 ár að safna fyrir 20% útborgun í húsnæði sem kostar 20 milljónir króna. Ef safna á fyrir útborgun í 28 milljón króna íbúð tekur það 11 ár.

Kaupverð	Eigið fé (20%)	300.000	400.000	500.000	600.000	700.000	800.000	900.000	1.000.000
20.000.000	4.000.000	19	14	11	9	8	7	6	6
24.000.000	4.800.000	22	17	13	11	10	8	7	7
28.000.000	5.600.000	26	19	16	13	11	10	9	8
30.000.000	6.000.000	28	21	17	14	12	10	9	8

Samandregnar niðurstöður um frumvarpið sem birtust í minnisblaði til miðstjórnar:

- Skattfrjáls nýting séreignarsparnaðar til kaupa á fyrstu íbúð gagnast fyrst og fremst þeim hópi sem á eigið fé og hefur greiðslugetu til þess að standast greiðslumat hjá fjármálastofnun. Fyrir þann hóp mun úrræðið flýta eignarmyndun og draga úr vaxtakostnaði.
- Úrræðið mun í bráð ekki leysa vanda þeirra sem eru verst staddir á húsnæðismarkaði – ungt fólk sem á ekki eigið fé til útborgunar í húsnæði og/eða hefur ekki tekjur til þess að standast greiðslumat hjá lánastofnunum.
- Reynslan hefur kennt okkur að of mikil skuldsetning og of hátt lánshlutfall getur reynst dýrkeypt í efnahagssveiflum. Það kann því að vera skynsamlegt að gefa ungu fólki kost á að nýta séreignarsparnað sinn fyrstu árin skattfrjálst til að safna fyrir útborgun í húsnæði. Það er hins vegar ekki skyndilausn á húsnæðisvanda ungs fólks.
- Raunverulegar lausnir í húsnæðismálum fyrir ungt fólk og tekjulág heimili felast þess vegna í því að ráðast að rót vandans sem eru háir vextir, gallað húsnæðislánakerfi og vöntun á hagkvæmu leiguhúsnæði.
- Góð byrjun væri að forgangsraða nægilegu skattfé í húsnæðisstuðning og til uppbyggingar í nýja almenna leiguíbúðakerfinu sem gæfi ungu fólki tækifæri á öruggu húsnæði á viðráðanlegum kjörum á meðan það safna sér upp nauðsynlegu sparifé til kaupa á eigin húsnæði.
- Þær 400 almennu íbúðir á ári sem stjórnvöld áætla skv. fjármálaáætlun til næstu fimm ára að styðja byggingu á duga þar engan veginn til.
- Auka þarf fjármagn til húsnæðisbótakerfanna og styðja betur við ungt fólk en undanfarin ár hafa þessi kerfi verið veikt verulega og dregið úr stuðningnum. Fimm ára fjármálaáætlun gerir hins vegar ráð fyrir að húsnæðisstuðningskerfin verði veikt enn frekar.

Vanskil og greiðsluferfiðleikar

Vanskil heimila jukust mikið í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 og voru

mest í lok desember 2010, eða um 20% af heildarútlánnum þriggja stærstu viðskiptabankanna og Íbúðalánasjóðs m.v. bókfært virði og lánþegaaðferð⁴. Vanskil hafa minnkað jafnt og þétt undanfarin misseri og var vanskilahlutfallið hjá þessum sömu aðilum um 6,8% í febrúar 2016.

Þrátt fyrir að vanskilahlutfall heimila hafi lækkað þá fækkar einstaklingum á vanskilaskrá hægt. Í lok febrúar 2016 voru um 25.226 einstaklingar á vanskilaskrá en þeim hafði þá fækkað um 6% frá árslokum 2014. 6.459 einstaklingar voru með skráð gjaldþrot og árangurslaust fjárnám í lok febrúar 2016 og hafði þá fækkað um 3% frá árslokum 2014. Mikil fjölgun varð í desember 2015 meðal einstaklinga með skráð gjaldþrot og árangurslaust fjárnám, alls 760 skráningar. Seðlabankinn telur það vera sökum þess að margir einstaklingar væntu þess að fyrningarfrestur krafna yrði afturkallaður eftir áramót en slíkt átti sér ekki stað. Frá þessu er greint í *Fjármálastöðugleika* (2016/1).

5.690 einstaklingar höfðu í júlí 2016 sótt um greiðsluaðlögun hjá Umboðsmanni skuldara frá því að úrræðinu var komið á fót um mitt ár 2010 og af þeim hafa tæplega 5.500 umsóknir verið afgreiddar. Langflestar umsóknirnar komu inn á árinu 2011 en þeim hefur fækkað nokkuð síðan. Athygli vekur þó að á fyrstu 6 mánuðum ársins 2016 bárust fleiri umsóknir um greiðsluaðlögun einstaklinga en á sama tíma fyrir ári.

Heilbrigðiskerfið

Erfið staða í heilbrigðiskerfinu veldur miklum áhyggjum og niðurskurður og fjársveldi víða farið að hafa mikil áhrif á starfsemina. Heilbrigðismál hafa verið ofarlega á baugi í störfum hreyfingarinnar.

Greiðsluþátttaka sjúklinga

Í mars 2016 gaf hagdeild ASÍ út skýrslu um greiðsluþátttöku í heilbrigðisþjónustu og þann háa kostnað sem fylgir því að veikjast hér á landi. Bein greiðsluþátttaka heimilanna í heilbrigðiskostnaði hefur farið sívaxandi undanfarið og leggst þungt á tekjulægri hópa og sjúklinga sem eykur hættuna á misskiptingu og skertu aðgengi verulega. Tekin voru raunveruleg dæmi þar sem meðferðir við sjúkdómum gátu kostað allt að hálfri milljón.

Í ljós kemur að greiðsluþátttökukerfin eru margþætt og flókin og samspil þeirra takmarkað. Þá er ljóst að fyrirkomulag gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu veldur ójafnræði milli sjúklingahópa þar sem kostnaður einstaklinga ræðst að verulegu leyti af því hvers konar þjónustu eða meðferð þeir þurfa og hvar þeir

4

Með lánþegaaðferð teljast öll lán viðskiptavinar í vanskilum ef eitt lán er komið í vanskil (e. crossdefault method).

geta sótt hana. Sér í lagi vegna þess að lyf, hjálpartæki og sálfræðisþjónusta eru undanskilin almennri greiðsluþátttöku.

Heilbrigðisráðherra lagði á vordögum 2016 fram frumvarp til laga um breytinga á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (hámarksgreiðslur sjúkratryggðra og þjónustustýring), 676. mál. Miðstjórn sendi frá sér eftirfarandi ályktun vegna málsins:

Ályktun miðstjórnar ASÍ um boðaðar breytingar á greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu

Alþýðusamband Íslands fagnar því að fram séu komnar hugmyndir heilbrigðisráðherra um breytingar á greiðsluþátttöku sem miða að því að setja hámark á þann kostnað sem sjúklingar þurfa að greiða fyrir heilbrigðisþjónustu.

Miðstjórn ASÍ gerir hins vegar alvarlegar athugasemdir við að breytingarnar séu eingöngu fjármagnaðar með aukinni kostnaðarþátttöku allflestra notenda heilbrigðisþjónustunnar. Hér er verið að færa kostnað á milli hópa. Ekki stendur til að auka fjármagn til málaflokksins og draga úr heildarkostnaðarþátttöku sjúklinga. Þetta mun leiða til þess að kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu hækkar bæði hjá sjúklingum almennst en ekki síður hjá öldruðum og öryrkjum.

Þá telur Alþýðusambandið það kostnaðarþak sem sett er fram í frumvarpinu of hátt. Ekki síst í ljósi þess að lyfjakostnaður og sálfræðisþjónusta er fyrir utan þetta kerfi en báðir þættir eru mjög dýrir fyrir fjölda fólks. Margir munu því áfram hafa heilbrigðiskostnað sem fer talsvert umfram það hámark sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Það býður heim hættunni á því að þeim fjölgi enn sem hafa ekki efni á að sækja sér viðeigandi heilbrigðisþjónustu. Það er með öllu óásættanlegt.

Loks má benda á að frumvarp heilbrigðisráðherra gerir ráð fyrir því að heimilt verði að hækka gjald fyrir ákveðna þætti heilbrigðisþjónustunnar ef sjúklingur sækir þjónustu án tilvísunar frá heilsugæslulækni. Alþýðusambandið telur að taka eigi upp tilvísunarkerfi enda sé heilsugæslan styrkt þannig að hún verði í stakk búin til að sinna hlutverki sínu sem fyrsti viðkomustaður sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Það er fjarri lagi í dag og því telur miðstjórn ASÍ ekki tímabært að taka upp tilvísunarkerfi að sinni.

Samkvæmt reglugerðardrögum sem kynnt voru með lagafrumvarpinu var gert ráð fyrir því að almennir notendur greiði að hámarki 95.200 krónur á ári fyrir heilbrigðisþjónustu. Alþýðusambandið tók heilshugar undir þá fyrirætlan að setja hámark á þann kostnað sem sjúklingar þurfa að greiða fyrir

heilbrigðisþjónustu en taldi kostnaðarþakið allt of hátt, ekki síst í ljósi þess að lyf eru áfram í sérstöku greiðsluþáttökukerfi og sálfræðiþjónusta, sem er mjög dýr fyrir einstaklinga, er áfram undanskilin greiðsluþátttöku sjúkratrygginga. Þar að auki eru þættir eins og tannlækningar, hjálpartæki, ferðakostnaður, o.fl. sem ekki eru hluti af almenna greiðsluþáttökukerfinu. Kostnaður vegna þessara þátta bætist þannig við hámarkskostnað sjúklinga samkvæmt nýju greiðsluþáttökukerfi.

Í sameiginlegu nefndaráriti velferðarnefndar Alþingis um málið er tekið undir þessa gagnrýni og greint frá því að heilbrigðisráðherra hafi á fundi nefndarinnar gefið fyrirheit um að í fjárlögum fyrir árið 2017 verði fjármagn til málaflokksins aukið þannig að hámarksgreiðsla almennra notenda verði ekki hærri en 50.000 krónur á ári fyrir heilbrigðisþjónustu þegar lögin taka gildi í febrúar 2017.

Alþýðusambandið fagnaði þessum áformum sem eru mikilvægt fyrsta skref í að lækka kostnaðarþátttöku sjúklinga í heilbrigðisþjónustunni en eins og ASÍ hefur ítrekað fjallað og ályktað um á liðnum árum er nauðsynlegt að draga úr kostnaðarþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Auknum beinum útgjöldum sjúklinga fylgir veruleg hætta á að kostnaður verði hindrun á aðgengi að nauðsynlegri þjónustu fyrir viðkvæma hópa sem eykur misskiptingu, bæði fjárhagslega, félagslega og heilsufarslega.

Aukinn einkarekstur í heilsugæslunni

Heilbrigðisráðherra kynnti í mars 2016 áform um breytingar á rekstri heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu. Breytingarnar eru tvíþættar, annars vegar breytt fyrirkomulag fjármögnunar heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar áform um að fjölga einkareknum heilsugæslustöðvum á svæðinu um þrjár á þessu ári. Fjármögnun heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins verður breytt þannig að fjármagn til reksturs endurspegli betur þann sjúklingahóp sem viðkomandi heilsugæslustöð þjónar. Markmið breytinganna er samkvæmt ráðherranum að auka faglega og fjárhagslega hvata í heilsugæslunni sem stuðli að betri þjónustu, hagkvæmari rekstri og geri heilsugæslunni kleift að vera fyrsti viðkomustaður fólks í heilbrigðiskerfinu.

Ýmis álitamál komu upp í umræðunni um fyrirætlanir ráherrans og má þar m.a. nefna:

- Breytt aðferðafræði við úthlutun fjármuna til heilsugæslunnar er jákvætt skref sem tryggir jafnræði milli rekstraraðila og ætti að leiða til þess að fjármunir leiti þangað sem mest þörf er fyrir þá.
- Ekki hefur hins vegar komið fram að breytingunni muni fylgja aukið fé til málaflokksins. Heilsugæslan hefur verið fjársvelt undanfarin ár og

breyting á fyrirkomulagi úthlutunar fjármuna ein og sér breytir því ekki að nauðsynlegt er að leggja meira fé í málaflokkinn.

- Þrátt fyrir að ráðherra hafi farið þá leið að tilkynna breytingar á úthlutun fjármuna til heilsugæslunnar samhliða áformum um aukinn einkarekstur er ekki nauðsynlegt að tengja þessa þætti saman þótt forsenda aukins einkarekstrar sé vissulega að jafnræði ríki í fjármögnun allra rekstraraðila.
- Breytingin á fjármögnunarfyrirkomulaginu er umfangsmikil aðgerð sem krefst mikilla breytinga innan heilsugæslunnar. Skynsamlegt kann að vera að fá reynslu og þekkingu á því fyrirkomulagi innan kerfisins áður en tekin eru skref í átt að frekari einkarekstri í heilbrigðiskerfinu.
- Þrátt fyrir að sett séu ákveðin skilyrði sem rekstraraðilum er gert að uppfylla er ljóst að eftirfylgni og eftirlit með þeim kann í mörgum tilvikum að vera flókið. Það að heimila einungis heilbrigðisstarfsfólki að reka einkareknar heilsugæslustöðvar er ekki endilega trygging fyrir góðum og hagkvæmum rekstri og bann við arðgreiðslum tryggir eitt og sér ekki að eigendur geti ekki tekið fé út úr rekstrinum með öðrum leiðum.
- Þá má benda á að stjórnvöldum hefur á liðnum árum gengið illa að hafa stjórn á hratt vaxandi útgjöldum vegna samninga Sjúkratrygginga við sérfræðilækna á einkareknum stofum á sama tíma og verulega hefur skort fé til reksturs og uppbyggingar í grunnstofum opinberu heilbrigðisþjónustunnar, heilsugæslunni og Landspítalanum.
- Furðu vekur að kaupandi þjónustunnar (ríkið) ætlar ekki sjálfur að skilgreina hvar er þörf á nýjum heilsugæslustöðvum heldur verður rekstraraðilunum í sjálfsvald sett hvar þær verða staðsettar. Þannig mætti ætla að hvati væri til að opna heilsugæslu á svæði þar sem samsetning íbúanna er hentug fyrir rekstraraðilann fremur en þar sem þörfin fyrir þjónustu er mest. Þótt kerfið geri ráð fyrir því að sjúklingar geti sjálfir valið sér stöð og sótt þjónustu þangað sem þeir sjálfir kjósa, er heilsugæsla í eðli sínu nærþjónusta sem fólk þarf að hafa aðgang að nærri heimili sínu, einkum þeir hópar sem þurfa hvað mest á þjónustunni að halda s.s. barnafjölskyldur, eldra fólk og langveikir sem eru ólíklegri en aðrir til þess að fara um langan veg til þess að sækja þjónustu.

Miðstjórn ASÍ ályktaði um málið á fundi sínum þann 2. mars 2016:

Alþýðusambandið mun aldrei fallast á einkavæðingu heilsugæslunnar Heilbrigðisráðherra hefur kynnt áform um róttækar breytingar á rekstri heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu. Breytingarnar eru tvíþættar, annars vegar breytt fyrirkomulag fjármögnunar heilsugæslunnar og hins vegar áform um að fjölga einkareknum heilsugæslustöðvum á svæðinu um

Þrjár á þessu ári. Markmið breytinganna er samkvæmt ráðherranum að auka faglega og fjárhagslega hvata í heilsugæslunni sem stuðli að betri þjónustu, hagkvæmari rekstri og geri heilsugæslunni kleift að vera fyrsti viðkomustaður fólks í heilbrigðiskerfinu.

Fyrir liggur að brýn þörf er á að efla og styrkja heilsugæsluna sem grunnstoð í heilbrigðisþjónustunni og áform í þá veru eru jákvætt skref. Hins vegar ber að gjalda varhug við þeim áformum að auka samhliða vægi einkarekstrar í heilsugæslunni. Því fylgja fjölmörg álitamál sem brýnt er að greina betur og ræða. Alþýðusambandið mun aldrei fallast á einkavæðingu heilsugæslunnar.

Málþing um einkarekstur í heilbrigðisþjónustunni

Þann 3. maí 2016 efndi ASÍ í samstarfi við BSRB til opins málþings til þess að ræða stöðuna í heilbrigðismálum sem bar yfirskriftina: *Er einkarekstur í heilbrigðisþjónustu almannahagur?* Á málþinginu fluttu Rúnar Vilhjálmsson, prófessor í félagsfræði við hjúkrunarfræðideild HÍ, Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, dósent í opinberri stjórnsýslu við HÍ, og Þórarinn Ingólfsson, formaður Félags íslenskra heimilislækna, erindi. Að framsögum loknum gafst gestum tækifæri til spurninga og umræðna um þetta mikilvæga velferðarmál.

Skýrsla hagdeildar um langvarandi fjársveltí heilbrigðiskerfisins

Sem innlegg í umræðuna um fjármögnun heilbrigðiskerfisins gaf hagdeild ASÍ einnig út skýrslu um þróun heilbrigðisútgjalda á Íslandi. Athylgin beindist þá að því hvernig heilbrigðiskerfið er fjármagnað, en útgjöld til heilbrigðismála koma annars vegar úr sameiginlegum sjóðum hins opinbera í gegnum skattkerfið og hins vegar með beinni greiðsluþátttöku sjúklinga. Þróunin undanfarin ár hefur verið þannig að hlutur heimilanna hefur vaxið mun hraðar en þáttur hins opinbera.

Samkvæmt gögnum OECD hafa heilbrigðisútgjöld aukist hægar hér á landi en í nágrannalöndum og litlu fé varið til uppbyggingar í innviðum kerfisins. Heilbrigðisútgjöld uxu hlutfallslega lítið á uppsveiflu árunum 2005-2009, mun minna en í nágrannalöndum og drógust svo hlutfallslega mikið saman á árunum eftir hrun. Heimilin juku samt sem áður útgjöld sín til heilbrigðismála fyrstu árin eftir hrun meðan framlög hins opinbera drógust saman. Þetta hefur leitt til þess að kostnaðarhlutdeild sjúklinga í heilbrigðiskerfinu er orðin allt of mikil.

Almanna- og sjúkratryggingar

Þann 1. janúar 2016 voru gerðar eftirtaldar breytingar:


- Fjárhæðir bóta almannatrygginga hækkuðu um 9,7%. Hlutfall orlofs- og desemberuppbóta er óbreytt frá fyrra ári. Orolfssuppbót nemur 20% af tekjutryggingu og heimilisuppbót og desemberuppbót 30% af tekjutryggingu og heimilisuppbót.
- Lágmarksframfærslutrygging hækkar um 9,7%, úr kr. 225.070 í kr. 246.902 fyrir einstakling sem býr einn en úr kr. 193.962 í kr. 212.776 fyrir einstakling í sambúð.
- Frítækjumörk vegna annarra tekna eru breytt frá fyrra ári.
- Grunnatvinnuleysisbætur hækka um 9,7%, úr kr. 184.188 í kr. 202.054 á mánuði.
- Lágmarksgreiðslur úr fæðingarorlofssjóði og fæðingarstyrkur hækka um 9,7%, úr kr. 139.591 í kr. 153.131 á mánuði. Hámarksgreiðsla úr sjóðnum er óbreytt, kr. 370.000 kr. á mánuði.
- Pak á árlegum hámarkskostnaði vegna niðurgreiddra lyfja var óbreytt frá fyrra ári, kr. 62.000 hjá almennum notendum og 41.000 hjá börnum, lífeyrisþegum og ungmennum undir 22 ára aldri.
- Sex og sjö ára börn bætast í hóp þeirra sem falla undir gjaldfrjálsar tannlækningar barna skv. samningi Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og tannlækna frá árinu 2013. Samningurinn tekur þá til allra barna á aldrinum 6–17 ára og að auki til 3 ára barna.
- Gjaldskrá sjúkratrygginga hækkaði þann 1. janúar 2016. Komugjöld á heilsugæslustöðvum voru óbreytt en komur til sérfræðilækna, á göngu- og slysadeildir og gjöld vegna rannsókna hækkuðu um 5-9%. Hámarksgreiðsla áður en afsláttarkort er gefið út hækkaði einnig um 5%.
- Þá hækkaði einingaverð fyrir þjónustu sérfræðilækna úr 348 kr. í 367 kr. þann 1. janúar 2016 og í 382 kr. þann 1. júlí 2016.

Alþýðusambandið hefur á árinu tekið þátt í vinnu nefndar um endurskoðun á almannatryggingakerfinu og vinnslu frumvarpa þess efnis. Sjá nánar umfjöllun um endurskoðun almannatrygginga í kaflanum um lífeyrismál.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna er sú lágmarksframfærsla sem sveitarfélögum ber að tryggja öllum íbúum sínum. Fyrir þá einstaklinga, sem missa atvinnu og eiga engan eða lítinn rétt til atvinnuleysisbóta eða hafa fullnýtt bótarétt sinn, er fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna sú lágmarksframfærsla sem þeir þurfa að reíða sig á. Í kjölfar efnahagshrunsins fjölgaði mjög í hópi þeirra sem þurfa að leita til sveitarfélags síns vegna fjárhagsaðstoðar en merki batnandi efnahags- og atvinnuástands sjást nú í fækkun viðtakenda fjárhagsaðstoðar.

Í Reykjavík, þar sem yfirleitt hefur verið hæsta grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar, nam hún 180.550 kr. á mánuði á árinu 2016. Fólk í sambúð fær 1,5-falda grunnfjárhæð, eða 270.825 kr. á mánuði.



Aukið atvinnuleysi á árunum eftir efnahagshrun hefur endurspeglast í tölum um fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna síðustu ár. Stytting á bótatímabili atvinnuleysisbóta, fyrst úr 4 árum í 3 á árinu 2013 og síðan í 2,5 ár á árinu 2015, skýra þessa þróun að verulegu leyti þar sem atvinnuleitendur án bótaréttar hafa ekki að annarri framfærslu að hverfa. Skilyrði fjárhagsaðstoðar eru þó mjög þröng og taka mið af heimilistekjum viðkomandi einstaklings, og maka ef við á, og því fellur að líkindum verulegur hluti þess hóps utan allra kerfa.

Fjöldi heimila sem fengu greidda fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögunum náði hámarki árið 2013 þegar fjöldinn fór upp í 8.040 heimili. Síðan þá hefur fjöldinn smám saman lækkað og árið 2015 fengu 6.996 heimili aðstoð sem er svipaður og árið 2010. Fjölmennustu hóparnir, sem fá fjárhagsaðstoð, eru sem fyrr einstæðir, barnlausir karlar og einstæðar konur með börn.

Útgjöld sveitarfélaganna til fjárhagsaðstoðar voru rúmlega 4,5 ma.kr. á árinu 2015 og höfðu þá hækkað um ríflega 80% að raungildi frá árinu 2005. Á sama tíma hefur meðalfjárhæð fjárhagsaðstoðar á mánuði hækkað að raungildi um tæplega 7,5% og var á árinu 2015 um 132.000 krónur á mánuði.

Húsnæðismál

Uppbygging almennra íbúða og aukinn húsnæðisstuðningur

Í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði í maí 2015 lagði verkalyðshreyfingin mikla áherslu á umbætur í húsnæðismálum sem skilaði sér í yfirlýsingu ríkisstjórnar um húsnæðismál þar sem því var m.a. lýst yfir að stuðningur við leigjendur yrði aukinn með afgreiðslu frumvarps um húsnæðisbætur á vörþingi 2015 og uppbyggingu á nýju félagslegu leiguíbúðakerfi fyrir tekjulág heimili.

Brýn þörf á auknum stuðningi við leigjendur – Húsnæðisbætur

Fyrir liggur að staða leigjenda er þröng, framboð af öruggu húsnæði er lítið og leiguverð hefur hækkað mikið á liðnum árum. Opinber stuðningur við leigjendur hefur verið óbreyttur frá árinu 2013 þegar húsaleigubætur hækkuðu síðast og hefur því dregist saman bæði að raunvirði en ekki síst sem hlutfall af síhækkandi leiguverði. Tekjulág heimili og ungt fólk er fjölmennt í hópi leigjenda og margir greiða langtum stærri hluta ráðstöfunartekna sinna til húsnæðis en æskilegt er. Tugmilljarða skuldalækkunaraðgerðum til handa þeim sem áttu íbúðarhúsnæði á árinu 2008 undanskildu með öllu heimili á leigumarkaði og þrátt fyrir ítrekuð loforð um aðgerðir til að létta stöðu þessa verst stadda hóps á húsnæðismarkaði hafa umbætur enn ekki komið til framkvæmda.

- Tæplega fimmtungur leigjenda greiðir 40% eða meira af ráðstöfunartekjum sínum í húsnæði sem talinn er verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður og hefur sá hópur stækkað mjög undanfarin ár.
- Almennt er talið ásætlanlegt að 20-25% ráðstöfunartekna fari til öflunar á húsnæði.
- Hlutfall þeirra sem búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað er mun lægra meðal húsnæðiseigenda, eða um 6%, og hefur farið lækkandi á liðnum árum.
- Tekjulægri heimili eru mun líklegri til að vera á leigumarkaði – árið 2014 bjuggu 37% fólks í lægsta tekjufimmtungi í leiguhúsnæði samanborið við 9% í efsta fimmtungi.
- Fjórðungur tekjulægsta hópsins hefur íþyngjandi húsnæðiskostnað.
- Fjórðungur einhleypra og 18% einstæðra foreldra hafa íþyngjandi húsnæðiskostnað.
- Tæplega 30% barna í fjölskyldum sem bjuggu í leiguhúsnæði árið 2013 bjuggu undir lágtekjumörkum.
- Hár húsnæðiskostnaður tekjulágra á leigumarkaði kemur illa niður á uppeldisskilyrðum barna. Ný skýrsla Unicef sýnir að börn þeirra sem eru



á leigumarkaði búa við umtalsvert meiri skort á öllum sviðum en þau börn sem eiga foreldra í eigin húsnæði.

- Af þeim sem leita aðstoðar hjá Umboðsmanni skuldara hefur leigjendum fjölgað mikið á liðnum árum á sama tíma og eigendum húsnæðis hefur fækkað og eru leigjendur nú fjölmennasti hópurinn sem leitar til umboðsmanns.

Frumvarp um húsnæðisbætur til leigjenda var fyrst lagt fram haustið 2015 (Mál 788 á 144. löggjafarþingi) en hlaut ekki framgang. Málið var síðan lagt fram að nýju í desember 2015 og var í meðförum þingsins fram í júní þegar það varð loks að lögum sem taka þó ekki gildi fyrir en í upphafi árs 2017. Frumvarpið er í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28. maí 2015 og kemur að nokkru til móts við áherslur ASÍ í málefnum leigjenda. Stuðningur við leigjendur er aukinn og skref stigin í þá átt að jafna þann mun sem er á opinberum stuðningi við kaupendur og leigjendur þó ekki sé stigið það skref að fullu að sameina kerfi vaxta- og húsaleigubóta í eitt kerfi húsnæðisbóta. Þá er aukið tillit tekið til fjölda þeirra sem búa í leiguhúsnæðinu og tekna þeirra.

Meginefni laga um húsnæðisbætur:

- Ríkið taki yfir almennan stuðning við leigjendur af sveitarfélögunum og greiði mánaðarlegar húsnæðisbætur.
- Sveitarfélögum gert skylt að greiða sérstakar húsaleigubætur sem hluta af félagslegum húsnæðisstuðningi.
- Stuðningur við eigendur og leigjendur er ekki samræmdur í eitt kerfi – áfram er gert ráð fyrir stuðningi við eigendur húsnæðis í gegnum vaxtabótakerfið.
- Stuðningur við leigjendur er aukinn með upptöku nýs húsnæðisbótakerfis en áfram er stuðningur meiri við eigendur en leigjendur með sambærilegar tekjur og eignastöðu
- Grunnfjárhæðir og tekjuskerðingarmörk húsaleigubóta hækka.
- Aukið tillit er tekið til fjölda heimilismanna í nýju kerfi og að hámarki miðað við fimm heimilismenn.
- Tekjuskerðingarmörk taka mið af fjölda heimilismanna ólíkt því sem er í núverandi kerfi.
- Bætur almannatrygginga teljast til tekna í nýju kerfi sem jafnsetur einstaklinga með jafnháar tekur óháð uppruna þeirra. Hækkun á tekjuskerðingarmörkum tryggir að einstaklingar með lágmarksbætur almannatrygginga fá áfram óskertar húsnæðisbætur.



Samanburður á stuðningi við leigjendur fyrir og eftir gildistöku nýrra laga um húsnæðisbætur í janúar 2017.

Lög um almennar íbúðir

Alþýðusambandið þrýsti í kjölfar kjarasamninga voridd 2015 mjög á um að lögð yrðu fram lög um nýtt félagslegt leiguíbúðakerfi og lagði í því samhengi

fram hugmyndir sínar að frumvarpi þar að lútandi (nánari umfjöllun í skýrslu forseta fyrir árið 2015). Fulltrúi ASÍ tók virkan þátt í undirbúningi að frumvarpi til laga um almennar íbúðir sem lagt var fram á Alþingi í desember 2015. Frumvarpið byggir í meginatriðum á þeim hugmyndum sem ASÍ hefur lagt fram og hefur ráðuneytið átt náið og beint samráð við ASÍ um gerð þess. Að þeirri vinnu hafa auk þess komið Samband sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og fjármálaráðuneytið. Í minnisblaði sem lagt var fyrir miðstjórn í október er farið yfir stöðu málsins:

Markmið frumvarpsins er að tekjulágar og efnaminni fjölskyldur og einstaklingar njóti góðs og viðeigandi íbúðarhúsnæðis og hafi húsnæðiskostnað í samræmi við greiðslugetu. Leigufjárhæð fyrir almennar íbúðir skal ákveðin þannig að leigutekjur af almennum íbúðum standi undir öllum kostnaði við rekstur þeirra, þar á meðal lóða og sameignar sem til þeirra heyra, sem og arðgreiðslum sem félaginu ber að inna af hendi.

Almenn íbúðafélög. Meginreglan verði sú að íbúðir verði byggðar upp í gegnum almenn íbúðafélög sem hafa það að meginstarfsemi að byggja, eiga og hafa umsjón með rekstri almennra íbúða. Enn eru á borðinu mikilvægar og allt of miklar undanþágur hér frá. Það á við um starfandi félög í eigu sveitarfélaga en einnig er gert ráð fyrir opnum heimildum fyrir sveitarsjóði almenn og félög sem ekki eru í eigu sveitarfélaga. ASÍ vill takmarka það. Í fyrsta lagi gagnvart leigufélögum svf. m.v. hlutfall íbúða sem fá stofnstyrki skv. þessum reglum. Í öðru lagi að sett verði „Skorradalsákvæði“ þ.e. að litil svf. með litlar skyldur geti byggt og rekið einstakar íbúðir í kerfinu og í þriðja lagi að „félög“ verði að stofna sérstakar og algerlega sjálfstæðar deildir um þessar íbúðir innan félaganna þ.a. að öll ákvæði laganna gildi um þau.

Íbúalýðræði. Enn í skötulíki en gert ráð fyrir fulltrúaráðum sem kjósi stjórn en óskýrt um annað hlutverk í umönnun um eignir og rekstur. Óljóst hvernig því verður komið fyrir í öðrum félögum en almennum leigufélögum.

Stofnframlög. Stofnframlag ríkisins vegna almennra íbúða skal nema 18% af stofnverði almennrar íbúðar. Stofnframlag getur falist í eingreiðslu eða niðurgreiðslu vaxta af láni sem tekið hefur verið vegna byggingar eða kaupa á almennri íbúð sem ætluð er fólki sem er undir ákveðnum tekju- og eignamörkum. Miðað verður við það að tekjur íbúa verði í tveimur lægstu tekjufimmtungunum þegar flutt er inn í húsnæðið og skulu tekjumörkin endurspeglja það. Stofnframlag sveitarfélags skal nema a.m.k. 12% af stofnverði almennrar íbúðar. Stofnframlagið getur m.a. falist í lækkun eða niðurfellingu á gjöldum sem almenna íbúðafélaginu ber að standa skil á til sveitarfélags vegna byggingar eða kaupa á umræddum almennum íbúðum. Geta fengið til ráðstöfunar fyrir sína hópa 25% íbúðanna og samið um herra hlutfall.

Íbúðagreiðsla leigjenda. Þegar almennri íbúð er ráðstafað til leigjanda skal leigjandi greiða sérstaka íbúðagreiðslu sem nemur 2% af stofnvirði íbúðarinnar. Endurgreitt þegar afnotum lýkur.

Endurgreiðsla stofnframlaga. Getur átt sér stað vegna breyttrar notkunar, sölu og tiltekið eiginfjárlutfall félags. Ágreiningur um aðallega tvennt. Annars vegar vill ASÍ að öll endurgreiðsla ríkisins renni til Húsnæðismálasjóðs sem endurúthlutar til nýrra framkvæmda meðan fjármálaráðuneytið vill að renni beint til ríkissjóðs og hins vegar að endurgreiðsla til sveitarfélaganna beri ekki vexti. ASÍ er einnig gegn endurgreiðslu við tiltekið eiginfjárlutfall en ef til þess kemur renni það til Húsnæðismálasjóðs.

Viðhald almennra leiguíbúða. Almenn íbúðafélög skulu sjá til þess að almennar leiguíbúðir í eigu félagsins fái edlilegt viðhald og að nauðsynlegar endurbætur séu gerðar á þeim sem og fasteignum sem þær tilheyra. Um það sér framkvæmdasjóður sem m.a. tekur við hluta leigu.

Húsnæðismálasjóður. Tiltekið iðgjald en auk þess tvo þriðju hluta af leigugreiðslum vegna leigu á íbúðum þegar lán sem tekin voru vegna þeirra hafa verið greidd upp, arð af sölu íbúða og eignir almennra íbúðafélaga sem eftir standa þegar skuldir hafa verið greiddar við slit félags. Greiðslur úr sjóðnum eru tvískiptar. Annars vegar eiga almenn íbúðafélög forgangsrétt til styrkja sem nema 60% af þeim fjármunum sem viðkomandi félag hefur greitt til sjóðsins. Slíka styrki má nýta aðallega til nýbygginga, viðbygginga og endurnýjunar og breytinga á húsnæði í eigu almenna íbúðafélagsins. Styrkur vegna hvers verkefnis má í mesta lagi nema 60% af kostnaði við verkefnið sem sótt er um styrk til. Heildarsamtök launafólks fá einn stjórnarmann af fimm og heildarsamtök atvinnurekenda einn.

Eftirlit og upplýsingaskylda almennra íbúðafélaga. Í kjölfar skýrsluskila frá hverju félagi skal Íbúðalánasjóður eiga árlegan fund með hverju almennu íbúðafélagi þar sem fjallað er um starfsemi félagsins. Að auki getur Íbúðalánasjóður krafist almenn íbúðafélög, sveitarfélög og félög sem fengið hafa stofnframlög um útarlegri upplýsingar um rekstur félagsins eða viðkomandi íbúða, þ.m.t. bókhaldsgögn. Ef Íbúðalánasjóður telur að rekstur almenns íbúðafélags sé ekki í samræmi við ákvæði laga þessara getur sjóðurinn beint fyrirmælum um úrbætur til félagsins. Ef ekki er farið að fyrirmælum Íbúðalánasjóðs er sjóðnum heimilt að tilnefna tímabundinn eftirlitsmann með félaginu og skal hann fylgjast með rekstri þess og veita leiðbeiningar um það sem betur má fara.

Velferðarnefnd Alþingis tók málið til umræðu á vordögum 2016 og gerði í kjölfarið tillögur að ýmsum breytingum sem Alþýðusambandið hafði verulegar athugasemdir við, einkum er lúta að bókhaldslegu fyrirkomulagi

og endurgreiðslum stofnframlaga, ákvörðun leigu, tekjumörk íbúa í kerfinu og nafngift nýrra laga. Eftir náði samráð við nefndina ásamt fulltrúum sveitarfélaga var fallist á öll meginsjónarmið ASÍ í málinu og frumvarpið varð að lögum í júníþyrjun 2016.

ASÍ stofnar nýtt íbúðafélag á 100 ára afmælinu

Alþýðusamband Íslands og Reykjavíkurborg skrifuðu þann 12. mars 2016 á 100 ára afmæli Alþýðusambandsins undir viljayfirlýsingu um uppbyggingu á 1000 íbúðum á næstu fjórum árum. Í tilefni afmælisins stóð Alþýðusambandið fyrir stofnun almenns íbúðafélags og lagði því fram nauðsynlegt stofnfé auk þess sem aðildarfélag sambandsins komu að nauðsynlegri rekstrarfjármögnun. Félagar okkar í BSRB lögðu í tilefni afmælisins sömuleiðis fram 1 milljón króna í stofnframlag til félagsins. Reykjavíkurborg mun leggja til lóðir vegna uppbyggingarinnar. Markmið félagsins er að bjóða upp á ódýrt leiguhúsnæði fyrir tekjulágar fjölskyldur og einstaklinga.

Hið nýja íbúðafélag, sem verður sjálfseignastofnun með takmarkaða ábyrgð og rekið án hagnaðarmarkmiða, verður stofnað um leið og Alþingi hefur afgreitt frumvarp félags- og húsnæðismálaráðherra um almennar íbúðir. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar til aðildarsamtaka ASÍ í tengslum við gerð kjarasamninganna í maí 2015 er þegar búið að tryggja stuðning við byggingu a.m.k. 2.300 félagslegra íbúða á næstu fjórum árum. Með stofnun þessa félags vill Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess leggja sitt af mörkum til þess að af byggingu og rekstri þessara íbúða geti orðið sem fyrst. Jafnframt mun Alþýðusambandið leggja áherslu á að félagið nýti þekkingu sína og stöðu til að reka samhliða leiguhúsnæði á almennum húsnæðismarkaði og verði sá rekstur einnig án hagnaðarsjónarmiða. Alþýðusamband Íslands mun leggja fram 10 mill.kr. í stofnfé til þessa almenna íbúðafélags þannig að ekki þurfi að koma til þess að væntanlegir íbúar þurfi að leggja fram slíkt stofnfé. Til að leggja þessu mikilvæga málefni lið verður leitað til aðildarféлага ASÍ um að veita íbúðafélaginu víkjandi lán upp á allt að 100 mill.kr. til að tryggja félaginu rekstrarfjármögnun fyrstu 5 árin, eða þar til reksturinn er orðinn að því umfangi að hann verði sjálfbær. Félagið verður skipulagt á grundvelli virks íbúðalýðræðis um daglegan rekstur einstakra deilda/húsfélaga og fulltrúalýðræðis m.t.t. stjórnar sameiginlegra heildarhagsmuna og uppbyggingar félagsins. Verkefnið verður samstarfsverkefni stéttarfélaganna og íbúanna, þannig að fulltrúaráðið verður skipað bæði fulltrúum viðkomandi stéttarféлага, tilnefndum af miðstjórn ASÍ, og fulltrúum þeirra íbúa sem búa í leigubúðum félagsins hverju sinni. Fulltrúaráðið mun fara með æstu stjórn félagsins, sem kýs stjórn og endurskoðendur, afgreiðir ársreikninga og mótar stefnu íbúðafélagsins á grundvelli stofnsamþykktu þess. Fulltrúar

stofnaðila í fulltrúaráði skulu tilnefna a.m.k. þriðjung stjórnar, þ.m.t. formann, en fulltrúaráðið kýs aðra stjórnarmenn. Stjórn íbúðafélagsins fer með daglega stjórn félagsins og deilda þess. Stjórnin er ábyrg fyrir rekstri, þ.m.t. útleigu, fjárhagsáætlun, bókhaldi og gerð ársreikninga, ákvörðun húsaleigu og að daglegur rekstur sé í samræmi við gildandi lög og reglur. Stjórnin er jafnframt ábyrg fyrir samskiptum við stjórnvöld, þ.m.t. skilum á gögnum og upplýsingum um reksturinn og útleiguna, ræður framkvæmdastjóra og setur honum starfsreglur.

Við undirritun yfirlýsingarinnar við hátíðlega athöfn í Hörpu á afmælisdaginn sagði Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ: „*Eins og umræða um húsnæðismálin hefur þróast var orðið ljóst að ef verkalýðshreyfingin beitti sér ekki í því að koma á fót íbúðafélagi sem byði tekjulágum fjölskyldum upp á ódýrar leiguíbúðir þá myndi enginn gera það. Þess vegna ákváðum við að verða aftur virkir þátttakendur á húsnæðismarkaði eins og hreyfingin var svo lengi á síðustu öld. Að fá lóðir undir 1000 íbúðir frá borginni inn í verkefnið reið baggamuninn. Án þess hefði þetta varla verið gerlegt.*“

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, sagði við sama tilefni: „*Þessi yfirlýsing markar tímamót. Það eru áratugir síðan verkalýðshreyfingin hefur komið að byggingu húsnæðis á viðráðanlegu verði með jafn afgerandi hætti. Það er sérstakt fagnaðarefni. Áformin falla fullkomlega að húsnæðisstefnu og húsnæðisáætlun borgarinnar sem miðar að uppbyggingu fjölbreytts húsnæðis á viðráðanlegu verði. Oft var þörf en nú er nauðsyn.*“

Björn Traustason var á vordögum 2016 ráðinn til að sjá um stofnun og rekstur nýs íbúðafélags. Í stjórn félagsins voru kjörin Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR og 1. varforseti ASÍ, Sigurður Bessason, formaður Eflingar og 2. varforseti ASÍ, Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður Afls starfsgreinafélags og Elín Björg Jónasdóttir, formaður BSRB. Varamenn eru: Bjarni Þór Sigurðsson (VR) og Garðar Hilmarsson (BSRB).

Reykjavík, 12. mars 2016

Í ljósi þeirra brýna verkefna sem blasa við í húsnæðismálum hafa Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík og Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík f.h. óstofnaðs almenns íbúðafélags ákveðið að taka höndum saman um að hefja uppbyggingu eitt þúsund leiguíbúða í Reykjavík. Verkefnið verður unnið á grundvelli væntanlegra laga um almennar íbúðir, sem nú liggur fyrir Alþingi og er háð fyrirvara um samþykkt þess.

Að uppbyggingunni verður unnið í samræmi við samþykktir ASÍ í húsnæðismálum, samþykktir almenna íbúðafélagsins, húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar, leiðarljósa borgarráðs um Nýju Reykjavíkurhúsin, sem samþykkt var í borgarráði 10. apríl 2014 og samningsmarkmið Reykjavíkurborgar um ný uppbyggingarsvæði, sem samþykkt voru í borgarráði 27. nóvember 2014.

Viljayfirlýsing um samstarf um uppbyggingu leiguíbúða í Reykjavík

Viljayfirlýsingin tekur til:

- Að Alþýðusamband Íslands vinni að stofnun og fjármögnun almenns íbúðafélags til að hefja uppbyggingu eitt þúsund leiguíbúða fyrir fjölskyldur og einstaklinga í Reykjavík á næstu fjórum árum, en félagið mun starfa á landsvisu.
- Að Reykjavíkurborg gefi vilyrði um úthlutun á lóðum til að reisa leiguíbúðir og/eða byggingarrétti í fyrirhuguðum Reykjavíkurhúsunum til fyrirhugaðs íbúðafélags á vegum Alþýðusambands Íslands.
- Reykjavíkurborg stefnir að því að úthlutað verði lóðum fyrir uppbyggingu 1.000 almennra íbúða (leiguíbúða) á grundvelli væntanlegra laga frá Alþingi feli í sér stofnframlag Reykjavíkurborgar til uppbyggingarinnar, í samræmi við ákvæði fyrirhugaðra laga.
 - árið 2016 verði úthlutað lóðum fyrir 150 íbúðir
 - árið 2017 verði úthlutað lóðum fyrir 250 íbúðir
 - árið 2018 verði úthlutað lóðum fyrir 300 íbúðir
 - árið 2019 verði úthlutað lóðum fyrir 300 íbúðir.

Hluti þessara íbúða getur risið sem hluti af verkefnum undir merkjum Nýju Reykjavíkurhúsanna. Fyrirvari er hafður um fjölda íbúða og hraða úthlutana ef ekki fást





stofnframlög til verkefnanna, en endanleg veiting stofnframlaga er háð samþykkt umsókna um stofnframlög, annars vegar af hálfu Reykjavíkurborgar og hins vegar Íbúðalánasjóðs, skv. ákvæðum væntanlegra laga um almennar íbúðir og reglum þar um.

- Við uppbygginguna skal horfa til leiðarljósa Nýju Reykjavíkurhúsanna, sem nánar verði útfærð í samvinnu aðila og leiðarljóss um félagslega blöndun, yfirbragð, íbúðalyðræði og hönnun. Jafnframt skal huga að félagslegri blöndum í tengslum við hvert verkefni.
- Reykjavíkurborg gerir það að skilyrði fyrir veitingu stofnframlaga til verkefnisins að Félagsbústaðir Reykjavíkurborgar skuli að jafnaði eiga kauprétt að 10-20% íbúða í viðkomandi uppbyggingarverkefnum skv. sérstöku samkomulagi sem aðilar munu gera um hvert verkefni. Hluttur Félagsbústaða skal ekki skerða þann heildarlóðafjölda sem almenna íbúðafélagið hefur til ráðstöfunar gagnvart sínum skjólstæðingum.
- Alþýðusamband Íslands eða almennt íbúðafélag á vegum þess og Reykjavíkurborg skipi sameiginlega verkefnisstjórn til að vinna að framgangi verkefnisins.
- Að samstarfið byggji á grundvelli væntanlegra laga um almennar íbúðir.

1. gr.

Uppbygging í Reykjavík

Reykjavíkurborg áformar að setja sérstakar reglur um byggingu íbúða í Reykjavík á grundvelli væntanlegra laga.

Reykjavíkurborg lýsir yfir vilja sínum til að úthluta lóðum eða lóðarhlutum til uppbyggingarinnar árið 2016, skv. nánara samkomulagi, sem m.a. skilgreini hlutdeild almenna íbúðafélagsins í uppbyggingu á viðkomandi reit, aðkomu Félagsbústaða og eftir atvikum annarra aðila að uppbyggingunni í samræmi við væntanlegar reglur Reykjavíkurborgar ásamt öðrum skilmálum:

- Urðarbrunnur nr. 33-35 og nr. 130-134. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er heimilt að reisa á lóðunum 53 íbúðir. Lóðirnar eru byggingarhæfar.
- Móavegur nr. 2-4. Breyting á deiliskipulagi í skipulagsferli. Áætlað er að heimilt verði að reisa á lóðarhlutanum um 50 íbúðir. Lóðin er byggingarhæf þegar deiliskipulagsbreyting hefur verið staðfest.
- Nauthólsvegur nr. 79. Breyting á deiliskipulagi í skipulagsferli. Áætlað er að heimilt verði að reisa á lóðarhlutanum um 40 íbúðir.



Ákvæði um fyrirkomulag húsa, skipulag, útlit, frágang lóða og umhverfis, uppbyggingarhraða o.fl. verða í væntanlegum deiliskipulagsáætlunum og/eða úthlutunarbréfum.

2. gr.

Greiðslur fyrir byggingarrétt

Greiðslur fyrir byggingarrétt á framangreindum lóðum verða ákvarðaðar í reglum sem Reykjavíkurborg mun setja um íbúðir sem falla munu undir væntanleg lög og nánara samkomulagi. Greiða skal lóðaverð sem ekki er hærra en það sem almennt gerist. Stofnframlag sveitarfélaga skv. væntanlegum lögum er 12% af stofnvirði. Stofnframlag Reykjavíkurborgar getur verið í formi byggingaréttargjalds þar sem horft verði til þessara 1000 íbúða að jafnaði, en gagnagerðargjöld greiðist þess utan. Byggingarleyfis-, tengigjöld o.fl. greiðist skv. gjaldskránn.

Greiðslufyrirkomulag verður eftir reglum Reykjavíkurborgar og nánara samkomulagi, þar sem tekið verður tillit til þarfa almenna íbúðafélagsins í upphafsfasa m.t.t. sjóðsstreymis.

3. gr.

Um skipan verkefnastjórnar

Aðilar lýsa yfir vilja sínum til að skipa sérstaka verkefnastjórn með þremur fulltrúum frá Alþýðusambandi Íslands og/eða almenna íbúðafélaginu og þremur fulltrúum frá Reykjavíkurborg.

4. gr.

Afturköllun yfirlýsingar þessarar

Forsendur fyrir þeirri uppbyggingu sem viljayfirlýsing þessi fjallar um er að Alþingi samþykki frumvarp til laga um almennar íbúðir sem nú liggur fyrir þinginu og að Alþýðusamband Íslands stofni almennt leigufélag. Breytist frumvarpið mikið í meðförum Alþingis eða það ekki hlotið staðfestingu innan eins árs frá undirskrift viljayfirlýsingar þessarar er hvorum aðila um sig heimilt að afturkalla yfirlýsinguna.

Reykjavík, 12 mars 2016

F.h. Alþýðusambands Íslands;





Reykjavíkurborg



Gylfi Arnbjörnsson



Ólafía B. Rafnsdóttir



Sigurður Bessason

F.h. Reykjavíkurborgar



Dagur B. Eggertsson

Vitundarvottar:



Frumvarp um breytingar á hlutverki Íbúðalánasjóðs

Í ágúst 2016 lagði félags- og húsnæðismálaráðherra fram frumvarp sem gerir ráð fyrir grundvallar breytingum á starfsemi Íbúðalánasjóðs. Samkvæmt frumvarpinu verður Íbúðalánasjóði ekki heimilt að veita almenn húsnæðislán til einstaklinga og lánveitingar takmarkaðar við sértæk lán sem bundin eru þeim skilyrðum að einstaklingar sýni fram á að þeir fái ekki lán á ásættanlegum kjörum vegna fasteignar hjá fjármálastofnun s.s. vegna staðsetningar fasteignar eða af öðrum ástæðum sem ekki eru tilgreindar í frumvarpinu. Alþýðusambandið lagði alfarið gegn breytingunum með þeim rökum að þær muni hafa víðtækar afleiðingar á starfsemi Íbúðalánasjóðs og auka verulega áhættu í lánasafni sjóðsins. Að öðru óbreyttu mun það leiða til þess að vaxtakjör sjóðsins versna og þeir hópar sem ekki eiga annarra kosta vöð en að taka lán hjá sjóðnum, sem ætla má að verði einkum íbúar á landsbyggðinni og tekjulægri heimili, greiða hærri vexti af húsnæðislánum sínum en aðrir landsmenn. Frumvarpið var óafgreitt frá Alþingi um miðjan september 2016.

Könnun Varasjóðs húsnæðismála á félagslegu leiguhúsnæði

Gögn frá sveitarfélögum sýna að það er mikil þörf fyrir leiguhúsnæði á viðráðanlegum kjörum sem tekjulægstu hópar samfélagsins ráða við. Samkvæmt nýjustu skýrslu Varasjóðs húsnæðismála er þörfin fyrir leiguhúsnæði sérstaklega mikil meðal fjölmennustu sveitarfélaga landsins. Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnafjarðarkaupstaður og Akureyrarkaupstaður voru meðal þeirra sem töldu sig búa við hvað mestan skort á leiguíbúðum á síðasta ári.

Félagslegar leiguíbúðir eru tæplega 5.000 á landinu öllu, þar af eru rúmlega 2.300 í Reykjavík og um 760 til viðbótar í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Alls fjölgaði félagslegum leiguíbúðum um 1,1% milli árana 2014 og 2015. Mest varð fjölgunin í Reykjavík um 84 íbúðir. Fjöldi leiguíbúða á hverja 100 íbúa, meðal 50 fjölmennustu sveitarfélaga, voru fæstar í Hafnarfirði, 0,88. Í Reykjavík voru 1,9 félagslegar íbúðir á hverja 100 íbúa, í Kópavogi 1,27 og á Akureyri 1,66. Í Hafnarfirði varð engin fjölgun á íbúðum milli árana 2014 og 2015. Í Kópavogi fjölgaði þeim aðeins um 13 og á Akureyri um 16.

Lítill fjölgun íbúða endurspeglar í löngum biðlistum, en nær þrjú fjórðu umsækjenda á biðlista eftir félagslegu húsnæði voru á síðasta ári að finna á höfuðborgarsvæðinu. Hlutfallslega flestir umsækjendur voru í Hafnarfirði. Biðtíminn eftir húsnæði var þar að meðaltali 42 mánuðir við lok árs 2015. Í Reykjavík var meðalbiðtíminn 38 mánuðir, í Kópavogi 36 mánuðir og á Akureyri 30 mánuðir en þessi sveitarfélög voru með lengstan biðtíma sem allir höfðu lengst frá árinu á undan.

Það vekur þó athygli að umsóknum og fjölda umsækjenda á biðlistum hefur almennt farið fækkandi á síðastliðnum tveim árum á sama tíma og meðalbiðtíminn hefur lengst. Þetta gefur til kynna að vandinn liggur í því að framboðið er einfaldlega ekki nægilegt af húsnæði. Uppsafnaður skortur á íbúðum veldur því að framboðið hefur dregist verulega aftur úr eftirspurninni. Hjá Reykjavíkurborg var langflestum umsóknum synjað, alls 546, sem er tæplega helmingur umsókna sem bárust sveitarfélaginu á árinu. Þetta sýnir að það er stór hópur fólks sem fær ekki úrlausn sinna mála hjá Félagsbústöðum og þarf því að fjölga verulega búsetuúrræðum.

Flestar umsóknir um félagslegt húsnæði koma frá einstaklingum eða einstæðum foreldrum, aðeins 5% umsókna á árinu 2015 komu frá hjónum eða sambúðarfólki. Það er því ljóst að börn líða mörg hver vegna ástandsins sem uppi er á húsnæðismarkaði. Unicef gaf nýverið út skýrslu sem leiddi í ljós talsverða breytingu til hins verra á stöðu þeirra barna sem eiga foreldra sem búa í leiguhúsnæði. Árið 2009 bjuggu 6,6% barna á leigumarkaði við efnislegan skort en árið 2014 hafði það hlutfall þrefaldast og var komið upp í 19%.

Taka skal fram að til þess að umsókn um félagslegt húsnæði sé tekin til afgreiðslu og umsækjanda úthlutað pláss þarf hann jafnan að uppfylla ákveðin skilyrði, s.s. að búa við erfiðar félagslegar aðstæður og vera undir ákveðnum tekju- og eignamörkum. Hjá Reykjavíkurborg eru eignamörk t.a.m. 4,6 milljónir króna og tekjumörk einhleypings 3,4 milljónir á ári (tæplega 280.000/mánuði) og hjóna um 4,7 milljónir á ári (tæplega 390.000/mánuði). Ef þessi skilyrði eru skoðuð í ljósi upplýsinga um tekjur í neðri tekjufjórðungi, er ljóst að þau útiloka stóran hóp frá því að sækja um, þrátt fyrir þrönga stöðu, og því ljóst að fjöldi umsókna og biðlistar eftir félagslegu húsnæði endurspeglar ekki nema hluta vandans.

Dreifing launa⁵ fullvinnandi launamanna eftir hópum 2014

	Neðri fjórðungsmörk	Miðgildi
Alls	364.000	454.000
Starfsmenn á almennum vinnumarkaði	367.000	465.000
Opinberir starfsmenn	361.000	442.000

Heimild: Hagstofa Íslands

Staða leigjenda

Litlar breytingar hafa orðið á stöðu þeirra sem búa á leigumarkaði. Mikill skortur er á íbúðum sem boðnar eru til langtímaleigu. Margir leigusalar sjá fremur hag sinn í því að bjóða íbúð sína til skamms tíma til ferðamanna en til langtímaleigu á almennum leigumarkaði þar sem margfalt hærrí tekjur fást þannig. Þetta hefur þær afleiðingar í för með sér að framboð leiguíbúða til almennings dregst saman og verð hækkar. Leigjendum hefur fjölgað mjög mikið síðustu ár eftir efnahagshrunið, mun meira en eigendum hefur hlutfallslega fækkað. Mesta fjölgunin á leigumarkaði er meðal tekjulágra heimila og yngra fólks og hafa aðgerðir ríkisstjórnar í húsnæðismálum því miður ekki komið til móts við þennan hóp.

Síðla árs 2015 framkvæmdi Gallup, að ósk félags- og húsnæðismálaráðherra, könnun þar sem gert var grein fyrir viðhorfi fólks til stöðu sinnar á húsnæðismarkaði. Í ljós kom að hagar leigjenda á almennum leigumarkaði hefur farið mjög versnandi undanfarin ár. Þeir eru almennt ekki jafn ánægðir með húsnæði sitt og áður og síður ánægðri en þeir sem eiga húsnæði sitt.

Könnunin leiddi í ljós að meirihluti fólks á leigumarkaði ver yfir 40% ráðstöfunartekna sinna í leigu. Æskilegt er talið að húsnæðiskostnaður fari ekki yfir 25% af ráðstöfunartekjum heimilis en einungis rúmlega 12% svarenda á leigumarkaði sagði að leigan væri undir því marki. Það gefur auga leið að þegar jafn hátt hlutfall ráðstöfunartekna fer í leigu og raun ber vitni gefst lítið tækifæri til þess að leggja til hliðar og koma af stað eignamyndun. Það má því segja að leigumarkaðurinn í þeirri mynd sem hann er í dag leiði fólk í fátæktargildru.

Fólk er í auknum mæli tilneytt inn á leigumarkað þar sem líkurnar á að fá öruggt framtíðarhúsnæði eru litlar sem engar. Í könnuninni sögðust einungis 10,4% leigjenda vera á leigumarkaði af því að þeir vilja vera þar, aðrir eru á leigumarkaði af nauðsyn eða tímabundið. Árið 2003 var hlutfall fólks sem var á leigumarkaði af frjálsum vilja mun hærra, eða 18,9%. Aðspurðir hvort leigjendur telji hagstætt eða ekki að vera á leigumarkaði, töldu 88,8% leigjenda það vera óhagstætt. Þrátt fyrir það töldu 61,7% leigjenda sig mun vera áfram á leigumarkaði næst þegar þau skipta um húsnæði. Þetta sýnir að leigumarkaðurinn er ekki fyrsti valkostur fólks þegar kemur að húsnæðisvali.

Mun erfiðara er orðið fyrir fólk að finna leiguhúsnæði. Hlutfall leigjenda sem sagðist hafa átt auðvelt með að verða sér úti um húsnæði fór úr 66% árið 2003 í 26% árið 2015. 66,4% leigjenda sögðust telja líklegt að þurfa að skipta um húsnæði á næstu þrem árum meðan hlutfallið var einungis 17,9% meðal eigenda. Þegar spurt var hversu oft fólk hefði flutt síðan 2005 var meðaltalið fjórum sinnum meðal leigjenda en einungis 1,2 sinnum meðal eigenda. Við sjáum að leigjendur eiga erfiðara með að festa rætur og þurfa ef til vill oftar

að láta börnin sín skipta um skóla og aðlagast nýju umhverfi. Mikill kostnaður, bæði beinn og óbeinn, fylgir slíku umróti.

Til þess að reyna að fá raunhæfa mynd af því hvernig staðan á leigumarkaði er framkvæmd Hagdeild ASÍ markaðskönnun á leiguverði höfuðborgarsvæðisins eins og það birtist í leiguglýsingum⁶. Könnunin leiddi í ljós að meðalleiguverð fyrir stúdíóíbúð á höfuðborgarsvæðinu er tæplega 110.000 kr. á mánuði, tveggja herbergja íbúðir eru að meðaltali á hátt í 185.000 kr. á mánuði, þriggja herbergja íbúðir eru á tæplega 225.000 og 4-5 herbergja íbúðir á 270.000 kr. Niðurstöðurnar sjást nánar í töflunni á næstu síðu.

Miðað við þetta leiguverð og þær húsaleigu- og barnabætur sem bjóðast fær einstaklingur með 350.000 kr. í mánaðarlaun hvergi íbúð fyrir sig eða fjölskyldu sína nema að minnsta kosti hátt í 40% ráðstöfunartekna fari í leigu. Í töflunni eru tekin dæmi um fjölda barna og stærð íbúðar sem myndi henta hverju sinni. Við sjáum að leiga þriggja herbergja íbúðar má ekki fara langt umfram 100.000 kr. ef einstætt foreldri með eitt barn á að verja undir 25% ráðstöfunartekna í húsaleigu. Leigan þarf að lækka um rúmlega 50% til þess að svo sé. Eins sjáum við ef hjón eru samanlagt með 700.000 kr. í tekjur fyrir skatt, tvö börn á framfæri og vilja leigja 4-5 herbergja íbúð má leigan ekki fara nema upp í tæplega 160.000 kr. á mánuði. Þetta er langt frá því verði sem finnst á almennum leigumarkaði.

Fá úrræði eru í boði fyrir tekjulág heimili, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Félagshjónusta sveitarfélaganna nær ekki að anna eftirspurn, biðlistar eru alltof langir auk þess sem ekki allir eiga rétt á aðgengi þar. Fólk á ekki annarra kosta vól en að fara út á almennan leigumarkað þar sem allt að 70% ráðstöfunartekna fólks getur farið í leigu. Leigumarkaðurinn í sinni núverandi mynd er ekkert annað en fátæktargildra þar sem leigjendur eru óánægðir og óruggir um framtíð sína. Fjölga þarf verulega leiguíbúðum á viðráðanlegum kjörum.

6

Farið var í gegnum allar auglýsingar um leiguíbúðir hjá visir.is, mbl.is, leiga.is og leigufélögum höfuðborgarsvæðisins þann 13. júlí s.l. Einungis voru teknar til greina íbúðir þar sem verð og fjöldi herbergja var tilgreint.

	Einstaklingur m. 350 þús.kr. í mánaðartekjur fyrir skatt			Hjón m. 700 þús.kr. í mánaðartekjur fyrir skatt		
Engin börn	Stúdíó			2. herbergja		
	leiga 109.750			leiga 184.429		
	húsaleigubætur	núgildandi reglur	frumvarp 2017	húsaleigubætur	núgildandi reglur	frumvarp 2017
		10.945	20.950		-	2.628
	húsnæðiskostn. sem hlutfall af ráðst.tekjum			húsnæðiskostn. sem hlutfall af ráðst.tekjum		
		38%	34%		35%	35%
leiga 25% af ráðst.tekjum			leiga 25% af ráðst.tekjum			
	76.123 kr.	86.128 kr.		130.357 kr.	132.985 kr.	
leiga þarf að lækka um			leiga þarf að lækka um			
	31%	22%		29%	28%	
Eitt barn, yngri en 7 ára	3. herbergja			3. herbergja		
	leiga 223.078			leiga 223.078		
	barnabætur 25.688			barnabætur 4.653		
	húsaleigubætur	núgildandi reglur	frumvarp 2017	húsaleigubætur	núgildandi reglur	frumvarp 2017
		24.945	30.768		-	14.901
	húsnæðiskostn. sem hlutfall af ráðst.tekjum			húsnæðiskostn. sem hlutfall af ráðst.tekjum		
	69%	67%		42%	40%	
leiga 25% af ráðst.tekjum			leiga 25% af ráðst.tekjum			
	96.545 kr.	102.368 kr.		131.520 kr.	146.421 kr.	
leiga þarf að lækka um			leiga þarf að lækka um			
	57%	54%		42%	34%	
Tvö börn, annað yngri en 7 ára	4-5. herbergja			4-5 herbergja		
	leiga 270.714			leiga 270.714		
	barnabætur 51.149			barnabætur 18.482		
	húsaleigubætur	núgildandi reglur	frumvarp 2017	húsaleigubætur	núgildandi reglur	frumvarp 2017
		33.445	43.041		5.305	24.719
	húsnæðiskostn. sem hlutfall af ráðst.tekjum			húsnæðiskostn. sem hlutfall af ráðst.tekjum		
	76%	73%		49%	45%	
leiga 25% af ráðst.tekjum			leiga 25% af ráðst.tekjum			
	111.411 kr.	121.007 kr.		140.282 kr.	159.696 kr.	
leiga þarf að lækka um			leiga þarf að lækka um			
	59%	55%		48%	41%	

Velferðarnefnd ASÍ

Húsnæðis- og heilbrigðismál hafa verið fyrirferðarmikil í starfi velferðarnefndar á árinu. Nefndin stóð fyrir ráðstefnu um einkarekstur í heilbrigðiskerfinu og fjallaði um kostnaðarþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Umfjöllun um verkefni ASÍ á sviði húsnæðismála, þ.m.t. breytingar á húsnæðisstuðningskerfunum, uppbyggingu almennra íbúða og slæma stöðu leigjenda, voru meðal viðfangsefna nefndarinnar. Þá fjallaði nefndin einnig um stöðu öldrunarmála og þörfina fyrir uppbyggingu hjúkrunarheimila.

Formaður velferðarnefndar á sæti í stýrihóp Velferðarvaktar ríkisstjórnarinnar sem hefur það hlutverk að fylgjast með félagslegum þáttum og fjárhagslegri afkomu fjölskyldna og gera tillögur um aðgerðir í þágu heimilanna. Sigurrós Kristinsdóttir, varaformaður Eflingar stéttarfélags og formaður velferðarnefndar ASÍ, er fulltrúi sambandsins á Velferðarvaktinni og hefur reglulega upplýst nefndina um störf Velferðarvaktarinnar og þá vinnu sem þar fer fram og miðlað sjónarmiðum ASÍ til Velferðarvaktarinnar.

LÍFEYRISMÁL

Afkoma lífeyrissjóðanna var góð á árinu 2015 og hafa lífeyrissjóðir launafólks innan ASÍ nú að nýju náð jafnvægi milli eigna og skuldbindinga í kjölfar mikilla áfalla í efnahagshruninu árið 2008. Hagstætt efnahagssumhverfi, lítil verðbólga og góð ávöxtun á innlendum hlutabréfum, sem hækkuðu um 47% á árinu, hafa jákvæð áhrif en ávöxtun erlendra hlutabréfa var síðri. Gjalddeyrishöft hafa þó sett sjóðunum verulegar skorður og hindra nýfjárfestingar þeirra erlendis og koma niður á möguleikum til áhættudreifingar. Á vordögum 2016 samþykktu stjórnir Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs að hefja viðræður um mögulega sameiningu sjóðanna til að auka hagkvæmni í rekstri, draga úr áhættu og bæta þjónustu við sjóðfélaga. Samrunasamningur verður formlega lagður fyrir á aukaársfundum í báðum sjóðum í lok september. Gjalddeyrishöft hafa frá árinu 2008 takmarkað mjög nýfjárfestingar íslenskra lífeyrissjóða erlendis og sett sjóðunum verulegar skorður við áhættudreifingar á eignum sínum. Í kjölfar aðgerðaráætlunar stjórnvalda til losunar fjármagnshafta í júní 2015 heimilaði Seðlabankinn lífeyrissjóðunum að fjárfesta erlendis fyrir allt að 10 milljarða króna á árinu 2015 og frá janúar til september 2016 veitti bankinn samtals 70 milljarða heimild í þremur áföngum.

Samkvæmt bráðabirgðamati LL var raunávöxtun lífeyrissjóðanna að jafnaði 8,1% á árinu 2015. Raunávöxtun sjóðanna undanfarin fimm ár hefur þá verið 6,2% á ári að jafnaði (2011-2015) og 1,8% á ári undanfarin 10 ár (2006-2015). Heildareignir lífeyrissjóða í lok árs 2015 voru alls um 3.269 milljarðar króna, þar af 2.543 í innlendum verðbréfum og 726 milljarðar í erlendum verðbréfum.


Mikill munur er á stöðu lífeyrissjóða launafólks á almennum og opinberum vinnumarkaði. Staða almennu lífeyrissjóðanna hefur farið stigbatnandi undanfarin ár og hafa þeir nú flest allir rétt af stöðu sína í kjölfar efnahagshrunsins á sama tíma og vandi opinbera lífeyriskerfisins hefur vaxið með ári hverju.

Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða launafólks innan ASÍ var jákvæð um ríflega 88 milljarða í árslok 2015 sem samsvarar um 3,6% af skuldbindingum. Viðsnúningur um 288 milljarða hefur orðið á stöðu almennu lífeyrissjóðanna á sl. sex árum en þegar verst lét í kjölfar efnahagshrunsins á árinu 2009 nam halli almennu lífeyrissjóðanna um 200 milljörðum eða 10% af skuldbindingum. Lögbundin skerðing réttinda og góð ávöxtun undanfarin ár hefur rétt stöðu sjóðanna sem nú eru allir með jákvæða tryggingafræðilega stöðu að einum undanskildum, þar sem staðan er nánast í jafnvægi.

Halli sjóða opinberra starfsmanna sem bera launagreiðendaábyrgð hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár. Heildar tryggingafræðileg staða sam-

tryggingadeilda þessara sjóða var í árslok 2015 neikvæð um ríflega 671 milljarð króna, eða sem samsvarar um 36% af skuldbindingum sjóðanna. Hallinn hefur frá árinu 2009 vaxið úr um 500 milljörðum, eða um u.þ.b. 176 milljarða króna.

Sem hluti af aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar um höfuðstólslækkun húsnæðislána var þeim sem ráðstafa séreignarlífeyrissparnaði til lækkunar á höfuðstól húsnæðislána veitt skattaívilnun á tímabilinu frá júlí 2014-júlí 2017. Einnig er þeim sem ekki eiga húsnæði heimilt að ráðstafa séreignarlífeyrissparnaði sínum skattfrjálst til kaupa á húsnæði á næstu árum. Áætlað er að aðgerðin nemi í heildina um 70 milljörðum á tímabilinu. Fyrir Alþingi lá í september frumvarp um að framlengja heimildina til ársins 2018 og heimila jafnframt þeim sem kaupa sína fyrstu fasteign að nota séreignarsparnað sinn skattfrjálst í allt að 10 ár til öflunar íbúðarhúsnæðis.



Jöfnun lífeyrisréttinda og kjarasamningar

Allt frá árinu 2011 hafa samningsaðilar á almennum vinnumarkaði verið ásáttir um að liður í jöfnun lífeyrisréttinda launafólks á almennum og opinberum vinnumarkaði væri hækkun iðgjalda til almennu lífeyrissjóðanna úr 12% í 15,5% til samræmis við sjóði opinberra starfsmanna. Yfirlýsing þess efnis var fyrst undirrituð í tengslum við kjarasamninga SA og aðildarféлага ASÍ í maí 2011 var síðan tvívegis endurnýjuð, í desember 2013 og í maí 2015. Atvinnurekendur gera sem fyrir þann fyrirvara að samkomulag hafi náðst um laun á fortíðarvanda opinbera lífeyriskerfisins áður en til hækkana á iðgjaldi

til almennu sjóðanna geti komið. Ósamkomulag milli stjórnvalda og samtaka opinberra starfsmanna um lausn á þeim vanda hefur hins vegar komið í veg fyrir að unnt væri að ljúka samningaviðræðum við atvinnurekendur um útfærslu á hækkun iðgjalda.

Í tengslum við vinnu heildarsamtaka launafólks og atvinnurekenda á almennum og opinberum vinnumarkaði hefur frá árinu 2013 verið unnið í sk. SALEK-hópi að breyttum og bættum vinnubrögðum við gerð kjarasamninga með það að markmiði að auka kaupmátt á grundvelli lítillar verðbólgu, stöðugs gengis og lægri vaxta. Þann 27. október 2015 skrifuðu fulltrúar ASÍ, BSRB, SA, fjármálaráðuneytis, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga undir rammaskomulag um mörkun sameiginlegrar launastefnu til 2018 ásamt því sem stefnt verði að þróun nýs samningalíkans á íslenskum vinnumarkaði. Innan sameiginlegs kostnaðarramma til ársins 2018 er meðtalinn kostnaður vegna jöfnunar lífeyrisréttinda. Þá kveður samkomulagið á um að opinberum starfsmönnum verði tryggt það launaskrið sem verður á almennum vinnumarkaði að því gefnu að samkomulag liggi fyrir um jöfnun lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði. Launaskriðstrygging verði metin og framkvæmd í fyrsta sinn í nóvember 2016. Með rammaskomulaginu var jöfnun lífeyrisréttinda þannig gerð að nauðsynlegri forsendu þess að unnt yrði að koma á nýju samningamódeli fyrir allan vinnumarkaðinn og viðurkennt að kostnaður vegna þessa væri hluti af því svigrúmi sem fyrir hendi væri til launahækkana hjá opinberum starfsmönnum. Samningaviðræður um breytingar á skipan lífeyrismála hjá opinberum starfsmönnum til samræmis við þetta hafa staðið yfir undanfarna mánuði og stefnir í að samkomulag náist um að samræma lífeyrisréttindi milli almenna og opinberra markaðarins með aldurstengingu réttinda og hækkun á lífeyrisaldri í 67 ár líkt og á almennum markaði. Þannig verði stuðlað að sjálfbærni lífeyrissjóða opinberra starfsmanna til framtíðar. Til að tryggja verðmæti réttinda núverandi sjóðfélaga í A-deild LSR og lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga (Brú) munu ríki og sveitarfélög leggja sjóðunum til fjármuni. ASÍ hefur lagt á það áherslu að við þessar breytingar verði réttindi félagsmanna á samningssviði ASÍ sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum tryggð sambærileg verðmæti til samræmis við yfirlýsingar fyrri ríkisstjórna.

Á grundvelli rammaskomulags aðila vinnumarkaðarins frá því í október 2016 og bókunar um jöfnun lífeyrisréttinda frá 5. maí 2011 var í kjarasamningum milli aðildarfélaga ASÍ og Samtaka atvinnulífsins sem undirritaðir voru þann 21. janúar 2016 samið um hækkun á framlagi launagreiðenda í lífeyrissjóð um 3,5 prósentustig á árunum 2016-2018. Framlagið hækkaði í 8,5% þann 1. júlí 2016, 10% þann 1. júlí 2017 og 11,5% þann 1. júlí 2018. Samningurinn tryggir að mánaðarlegur ævilangur ellilífeyrir launafólks nemi

76% af meðal mánaðartekjum yfir starfsævina en hjá almennu launafólki hefur hingað til verið miðað við 56%. Áfallatryggingar lífeyrissjóðanna – örorkubætur og barna- og fjölskyldulífeyrir hækka í sama hlutfalli. Samið verður um frekari útfærslu á ráðstöfun 3,5% viðbótarframlagsins við endurskoðun á kjarasamningi ASÍ og SA um lífeyrismál en gert er ráð fyrir að sjóðfélagar muni hafa val um að ráðstafa því að hluta eða fullu í svokallaðan bundinn séreignarsparnað með það fyrir augum að auka sveigjanleika í starfslokum. Með bundinni séreign er átt við að settar séu þrengri skorður en gilda gagnvart öðrum viðbótarlífeyrissparnaði en þessa heimild er nauðsynlegt að undirbúa vel með tilliti til tryggingafræðilegrar stöðu lífeyriskerfisins og áhrif á réttindi til áfalla- og fjölskyldulífeyris sem og ævilangs lífeyris. Sjá nánar um samninginn í kafla um kjaramál.

Endurskoðun á kjarasamningi ASÍ og SA um lífeyrismál

Í febrúar 2016 hófust samningaviðræður milli Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins um endurskoðun á gildandi kjarasamningi um lífeyrismál frá árinu 1995. Í samninganefnd fyrir hönd ASÍ sitja Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ og formaður lífeyrisnefndar, Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR og 1. varaforseti ASÍ, Sigurður Bessason, formaður Eflingar og 2. varaforseti ASÍ og Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar. Starfsmaður samninganefndar er Henny Hinz, hagfræðingur ASÍ. Margir þættir lífeyrissamningsins þarfnast endurskoðunar og uppfærslu í samræmi við breytingar á umhverfi sjóðanna og gildandi löggjöf og leggur ASÍ áherslu á að koma lykilþáttum úr stefnumótun sambandsins í lífeyrismálum inn í kjarasamninginn. Skerpa þarf á framtíðarsýn samningsaðila um þróun lífeyriskerfisins og áherslur til framtíðar auk þess sem nauðsynlegt er að taka stjórnkerfi sjóðanna og fyrirkomulag fulltrúalýðræðisins til endurskoðunar með það að markmiði að styrkja það og efla. Þá er í samningunum nauðsynlegt að útfæra áform um hækkun á lífeyrisaldri og samhliða því leiðir til að auka sveigjanleika í lífeyristöku m.a. með því að auka val sjóðfélaga innan skyldutryggingar.

Gert er ráð fyrir að einstaklingum verði heimilt að ráðstafa, að hluta eða fullu, 3,5% viðbótarframlaginu sem samið var um í kjarasamningum aðila í janúar 2016 í bundinn séreignarsparnað í stað samtryggingar með það að markmiði að auðvelda launafólki starfslok og auka sveigjanleika. Ljóst var að heildarendurskoðun kjarasamningsins um lífeyrismál yrði ekki lokið í tæka tíð áður en nánari útfærsla viðbótarframlagsins þurfti að liggja fyrir og því settu samningsaðilar þann þátt samninganna í sérstakan forgang.

Alþýðusambandið lagði í þeim viðræðum áherslu á að um yrði að ræða aukid val einstaklinga um skiptingu á skylduþjald milli samtryggingar

og bundinnar séreignar. Kjarasamningsbundinn samtryggingarsjóður tæki ávallt við öllu skylduiðgjaldinu en sjóðfélagar hafi sjálfir möguleika á að taka upplýsta ákvörðun um að hve miklu leyti þeir ráðstafa 3,5% viðbótarframlaginu í bundna séreign hjá sínum lífeyrissjóði. Val sjóðfélagsins snúi þannig að því hvernig tryggingarvernd hans hjá lífeyrissjóðunum skiptist milli samtryggingar sem tryggir ævilangan lífeyri og erfanlegrar bundinnar séreignar sem byggir eingöngu á inngreiddum iðgjöldum og ávöxtun þeirra. Þá væri í útfærslunni nauðsynlegt bæði að koma í veg fyrir andval gagnvart almannatryggingum og tryggja að val eins sjóðfélaga um ráðstöfun framlagsins hefði ekki neikvæð áhrif á réttindi annarra sjóðfélaga. Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur var fenginn til að leggja mat á áhrif viðbótarframlagsins bæði á lífeyriskerfið í heild og einstaka þætti er varða réttindi sjóðfélaga. Fulltrúar ASÍ óskuðu sérstaklega eftir því að lagt yrði mat á áhrif valfrjálsrar ráðstöfunar 3,5% viðbótariðgjaldsins til bundinnar erfanlegrar séreignar á samtryggingahluta lífeyrissjóðanna. Mat Bjarna var í stuttu máli að erfanleiki bundnu séreignarinnar hafi óveruleg áhrif til lækkunar á réttindaöflun í samtryggingu en þó kunni að vera ákveðnir þættir sem skoða þurfi nánar.

Þann 15. júní 2016 undirrituðu fulltrúar Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins samkomulag um framkvæmd á hækkun framlags atvinnurekenda í lífeyrissjóð á grundvelli samnings aðila frá 21. janúar 2016.

Samkomulag milli ASÍ og SA um framkvæmd á hækkun framlags atvinnurekenda í lífeyrissjóði á grundvelli samnings aðila frá 21. janúar 2016

Undanfarið hafa fulltrúar ASÍ og SA átt í viðræðum um lífeyrismál, m.a. um með hvaða hætti eigi að framkvæma 3,5% hækkun á móttframlagi atvinnurekenda í lífeyrissjóði sem kemur til framkvæmda í þremur áföngum 1. júlí 2016, 1. júlí 2017 og 1. júlí 2018 gagnvart þeim lífeyrissjóðum, sem starfa á grundvelli kjarasamnings þessara aðila um lífeyrismál frá 1969 og 1995.

Í samningi aðila frá 21. janúar 2016 kom m.a. fram að „Við endurskoðun kjarasamnings ASÍ og SA um lífeyrismál, sem ljúka skal fyrir lok maí 2016, verði einstaklingum heimilt að ráðstafa, að hluta eða fullu, 3,5% auknu framlagi launagreiðanda í bundinn séreignasparnað í stað samtryggingar til að auðvelda launafólki starfslok og auka sveigjanleika. Með bundnum séreignarsparnaði er átt við að settar eru þrengri skorður en gilda gagnvart öðrum viðbótarlífeyrissparnaði. Nauðsynlegt er að undirbúa þessa heimild vandlega. Annars vegar með tilliti til tryggingafræðilegrar stöðu lífeyrskerfisins og hins vegar með tilliti til áhrifa þessa vals á réttindi til áfalla- og fjölskyldutrygginga og ævilangs lífeyris þannig að sjóðfélagar geti tekið upplýsta ákvörðun um samsetningu réttinda sinna.“

Í viðræðum aðila hafa verið lagðir fram útreikningar sem sýna að ráðstöfun iðgjalds í bundna séreign hafi óveruleg áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðanna, ef það val felur í sér hlutfallslega lækkun áfalla- og fjölskyldutrygginga og ævilangs lífeyris úr samtryggingu viðkomandi. Ljóst er að núverandi löggjöf um starfsemi lífeyrissjóða hefur ekki að geyma ákvæði sem heimillar sjóðsfélögum að ráðstafa hluta af skylduigjaldi í bundna séreign. Einnig er ljóst að tíminn fram til 1. júlí 2016 er ekki nægur til að lífeyrissjóðirnir geti sett upp gagnsætt og skilvirkt kerfi svo sjóðsfélagar geti tekið upplýsta ákvörðun um að ráðstafa hluta skyldutryggingariðgjalds í bundna séreign og áhrif þeirrar ákvörðunar á samsetningu réttinda sinna. Því er óhjákvæmilegt að fresta gildistöku þeirrar heimildar til 1. júlí 2017

I. Almenn um ráðstöfun á hækkun lífeyrisiðgjalds

Samningsaðilar eru sammála að atvinnurekendur skuli undir öllum kringumstæðum skila bæði sínu framlagi og framlagi launamanns til skyldutryggingarlífeyrissjóðs viðkomandi launamanns á grundvelli gildandi kjarasamninga ASÍ og SA frá 1969 og 1995, með síðari breytingum. Réttur launamanns til þess að ráðstafa hluta eða allri hækkuninni í bundna séreign er gagnvart viðkomandi lífeyrissjóði og er atvinnurekanda óviðkomandi.

II. Ráðstöfun á 0,5% viðbótarframlagi atvinnurekenda 1. júlí 2016

Hækkun framlags atvinnurekenda um 0,5% frá og með 1. júlí 2016 verður fyrst um sinn ráðstafað til samtryggingar viðkomandi lífeyrissjóðs þar til valrétturinn tekur gildi frá og með 1. júlí 2017.

Samningsaðilar eru sammála um að réttur launamanns til þess að ráðstafa hluta eða allri hækkun framlags atvinnurekenda í bundna séreign taki gildi frá og með 1. júlí 2017 og getur þá orðið 2%. Jafnframt verði launamanni heimilt að bæta við allt að 1,5% frá og með 1. júlí 2018 og ná þá 3,5% hámarkinu.

Sá fyrirvari er settur við gildistöku þessa valréttar að samkomulag hafi náðst við stjórnvöld um breytingar á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, þar sem lífeyrissjóðunum verði gert kleift að stofna deildir sem taki við og varðveiti bundinn séreignasparnað. Náist slikt samkomulag ekki og nauðsynleg lagabreyting í framhaldi þess munu iðgjöldin renna til samtryggingar.

Reykjavík, 15. júní 2016

F.h. Samtaka atvinnulífsins



Þorsteinn Víguldsson

F.h. Alþýðusambands Íslands



Gyfi Arnbjörnsson

Endurskoðun almannatrygginga

Alþýðusambandið og fjölmargir aðrir hagsmunaaðilar hafa með hléum allt frá árinu 2007 tekið þátt í vinnu nefnda sem skipaðar hafa verið til að endurskoða almannatryggingakerfið í heild með það að leiðarljósi að einfalda kerfið og bæta samspil þess við lífeyriskerfið. Fram að þessu hefur þessi vinna ekki skilað sér í breytingum á lögum um almannatryggingar. Núverandi áfangi endurskoðunarinnar má rekja til nefndar sem félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði haustið 2013 en hlutverk hennar er að ljúka við heildarendurskoðun almannatrygginga og gera drög að frumvarpi til nýrra laga um lífeyrisréttindi. Starf nefndarinnar miðar við að nýtt starfsgetumat komi í stað örorkumats og að skoðaðir verði kostir og gallar þess að auka möguleika til sveigjanlegra starfsloka og einföldunar á lífeyriskerfinu. Verkefni nefndarinnar er tvíþætt, annars vegar innleiðing starfsgetumats í stað örorkumats og hins vegar að fjalla um fjárhæðir lífeyrisgreiðslna til aldraðra og öryrkja. Þá er nefndinni ætlað að kanna kosti þess og galla að hækka lífeyrisaldur í áföngum ásamt því að auka möguleika til sveigjanlegru starfsloka. Formaður nefndarinnar var skipaður Pétur H. Blöndal alþingismaður en eftir andlát hans sumarið 2015 tók

Þorsteinn Sæmundsson alþingismaður við formennsku. Gylfi Arnbjörnsson á sæti í nefndinni fyrir hönd ASÍ en henni var upphaflega ætlað að skila tillögum til ráðherra fyrir 1. júní 2014 en starfið tafðist og skilaði nefndin tillögum sínum til Eyglóar Harðardóttur félags- og húsnæðismálaráðherra í mars 2016.

Veigamesta breytingin í tillögunum snýr að sameiningu á bótaflokkum almannatrygginga í einn bótaflokk og samræmingu tekjuskerðingar þannig að samanlagðar tekjur skerði lífeyri um 45%. Þetta mun draga verulega úr jaðarskerðingum hjá stórum hópi lífeyrisþega sem í dag fá tiltölulega lágar greiðslur úr lífeyrissjóðum sem skerðast nánast að fullu. Þá leggur nefndin til að gerð verði sú grundvallarbreyting að horfið verði frá núverandi örorkumati sem byggir á læknisfræðilegu mati á heilsufari og tekið upp nýtt starfsgetumat. Starfsgetumatið verði í tveimur þrepum og samhliða því verða teknar upp hlutabætur í almannatryggingakerfinu. Nefndin leggur einnig til að lífeyrisaldur almannatrygginga hækki í skrefum úr 67 árum í 70 ár. Varðandi víxlverkanir milli örorkulífeyris almannatrygginga og lífeyrissjóða leggur nefndin til að lífeyrissjóðirnir hætti að líta til greiðslna almannatrygginga samhliða því að tekið verði upp starfsgetumat og bótaflokkar almannatrygginga sameinaðir skv. tillögum nefndarinnar. Forsenda þessa er að framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóðanna sé tryggt þar sem sjóðirnir hafi ekki bolmagn til að taka á sig auknar byrðar vegna örorkulífeyris.

Meginniðurstöður nefndar um endurskoðun almannatrygginga sem skilað var til félags- og húsnæðismálaráðherra þann 1. mars 2016 eru eftirfarandi:

1. **Einföldun kerfisins:** Nefndin leggur til að almannatryggingar greiði einn lífeyri til elli- og örorkulífeyrisþega sem komi í stað grunnlífeyris, tekjutryggingar og framfærsluuppþótar. Þessi lífeyrir lækki um 45% af öllum samanlögðum tekjum viðkomandi, utan séreignarlífeyrissparnaðar og fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga, og verði án frítekjumarka, sem verði lögð niður. Nefndin leggur til að heimilisuppbót verði áfram sérstakur bótaflokkur en að skoða þurfi betur þær skilgreiningar er liggja að baki henni við mat á því hvort um fjárhagslegt hagræði sé að ræða af sambýli við aðra eða ekki.
2. **Barnalífeyrir og fjölskyldubætur:** Nefndin gerir ekki tillögu um breytingar á barnalífeyri almannatrygginga en fjallað er um réttindi barna í fjölskyldustefnu sem unnið er að á vegum félags- og húsnæðismálaráðherra.
3. **Hækkun lífeyrisaldurs:** Nefndin leggur til að lífeyrisaldur hækki í skrefum, frá 67 ára aldri til 70 ára aldurs.
4. **Sveigjanleg starfslok og starfslokaaldur:** Nefndin leggur til að heimilaður verði aukinn sveigjanleiki í almannatryggingakerfinu hvað

varðar lífeyristöku. Þannig verði heimilað að fresta lífeyristökunni til 80 ára aldurs sem og að flýta lífeyristöku, en þó geti hún fyrst orðið frá 65 ára aldri. Bæði frestun lífeyristöku sem og flýtt taka lífeyris hafi varanleg áhrif á fjárhæð lífeyrisins til hækkunar eða lækkunar á tryggingafræðilegum forsendum. Einnig leggur nefndin til að fólk greiði í lífeyrissjóði af launum sínum á meðan það er á vinnumarkaði.

5. **Víxlverkanir í samspili almannatrygginga og lífeyrissjóða:** Nefndin leggur til að lífeyrissjóðir hætti að líta til greiðslna frá almannatryggingum við tekjuathugun vegna örorkulífeyrisgreiðslna. Það verði gert samhliða upptöku starfsgetumats samkvæmt tillögum nefndarinnar og sameiningu þriggja bótaflokka, þ.e. örorkulífeyris, tekjutryggingar og framfærsluuppþótar, í einn bótaflokk með 45% skerðingarhlutfalli. Þá sé það forsenda að framlag ríkisins til að jafna örorkubyrdi milli lífeyrissjóðanna verði endurskoðað.
6. **Staða einstaklinga sem ekki eru með full réttindi:** Nefndin óskaði eftir að hópur sérfræðinga myndi ræða þetta atriði sérstaklega og skoða hvaða leiðir séu þar helst færar til úrbóta. Nefndin ákvað að leggja ekki fram sérstakar tillögur um þetta efni en að stutt umfjöllun um málið verði í skýrslu nefndarinnar til ráðherra.
7. **Starfsgetumat og endurhæfing:** Nefndin leggur til að tekið verði upp nýtt matskerfi þar sem metin verði starfsgeta (starfsgetumat) í stað læknisfræðilegs mats á heilsufari eins og nú er (örorkumat). Lagt er til að matskerfið verði tveggja þrepa, í fyrsta þrepi verulega skert starfsgeta (26-50%) og í öðru þrepi lítil sem engin starfsgeta (0-25%). Í tengslum við nýtt matskerfi verði teknar upp hlutabætur í almannatryggingum. Nefndin leggur til að allir sem sækja um örorkulífeyri eftir gildistöku nauðsynlegra lagabreytinga verði metnir samkvæmt hinu nýja matskerfi og að nýja matskerfið verði notað bæði í almannatryggingum og lífeyrissjóðum.

Í lokaskýrslu nefndarinnar til ráðherra er eingöngu að finna meginhugmyndir sem í flestum tilvikum þarf að útfæra nánar, auk þess sem fjölmargir hópar sem fulltrúa áttu í nefndinni skiluðu séráliti, þar á meðal Öryrkjabandalag Íslands sem lagðist gegn tillögum varðandi starfsgetumatið. Til að vinna málið áfram setti ráðherra á fót samráðsnefnd sem fékk það hlutverk að útfæra tillögurnar varðandi ellilífeyri almannatrygginga. Henný Hinz var skipuð fulltrúi ASÍ í samráðsnefndinni.

Drög að frumvarpi um breytingar á lögum um almannatryggingar var kynnt í júní 2016 og gerði Alþýðusambandið eftirfarandi athugasemdir við frumvarpsdrögin:



Velferðarráðuneytið
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
101 REYKJAVÍK

Reykjavík 12. ágúst 2016
Tilvísun: 201604-0009

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1998, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru í fyrsta lagi lagðar til grundvallarbreytingar á bótakerfi og réttindum almannatrygginga gagnvart ellilífeyrisþegum, í öðru lagi tímabundið tilraunaverkefni um starfsendurhæfingu og innleiðingu starfsgetumats og í þriðja lagi tilraunaverkefni um nýtt greiðslufyrirkomulag um greiðsluþátttöku íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum.





A/ Ellilífeyrir almannatrygginga

Sá þáttur frumvarpsins sem snýr að bótakerfi og réttindum ellilífeyrisþega í almannatryggingakerfinu er í samræmi við niðurstöðu nefndar um endurskoðun laga um almannatryggingar sem skilaði tillögum sínum til velferðarráðherra í mars sl.

Samkvæmt þeim er lagt til að bótakerfi almannatrygginga gagnvart ellilífeyrisþegum verði einfaldað verulega með sameiningu bótaflokka, afnámi frítekjumarka og mismunandi skerðingareglum eftir uppruna tekna. Þess í stað verði tekinn upp einn sameinaður bótaflokkur ellilífeyris sem lækki um 45% af samanlögðum tekjum öðrum en séreignarsparnaði. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að ellilífeyrisaldur hækki í skrefum úr 67 árum í 70 ár á 24 ára tímabili auk þess sem sveigjanleiki almannatrygginga til töku lífeyris er aukinn. Þannig verði heimilt að flýta töku ellilífeyris til 65 ára aldurs gegn varanlegri lækkun lífeyris á tryggingafræðilegum grunni og að sama skap frest töku ellilífeyris til 80 ára aldurs gegn varanlegri lækkun. Auk þess sem tekin verður upp heimild til töku hálfes ellilífeyris sem einnig eykur möguleika til sveigjanlegra starfsloka.

Líkt og rakið er í greinargerð frumvarpsins hefur vinna við endurskoðun almannatrygginga staðið yfir nær samfleytt síðastliðinn áratug í þverpólitískum nefndum með aðkomu fjölmargra hagsmunaaðila. Núverandi áfangi endurskoðunarinnar má rekja til nefndar sem félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði haustið 2013. Segja má að leiðarljós endurskoðunarinnar hafi frá upphafi snúið að því að einfalda kerfi almannatrygginga og auka gagnsæi, bæta samspil þess við lífeyriskerfið, auka sveigjanleika og efla starfsendurhæfingu. Ofangreindar breytingar eru afrakstur þessarar vinnu og munu einfalda til muna bótakerfi almannatrygginga gagnvart

ellilífeyrisþegum. Er nú svo komið að fyrir allan almenning er nánast ógerningur að hafa yfirsýn yfir réttindi sín í almannatryggingakerfinu og áhrif breytinga á tekjum á þau. Í dag eru bætur almannatrygginga samsettar af grunnlífeyri, tekjutryggingu, framfærsluþpþót og heimilisuppbót til þeirra sem búa einir – þessir bótaflokkar skerðast með mismunandi hætti eftir uppruna tekna (lífeyrissjóðstekjur, atvinnutekjur eða fjármagnstekjur) og hafa mis há frítekjumörk. Auk þess valda skerðingarreglur fyrir bótaflokkinn framfærsluþpþót, sem skerðist krónu fyrir krónu gagnvart öllum tekjum, því að ellilífeyrisþegar hafa í reynd lítinn eða jafnvel engan ávinning af því að hafa greitt iðgjald til lífeyrissjóða í áratugi. Þannig hefur einhleypur ellilífeyrisþegi sem fær 60.000 krónur greiddar úr lífeyrissjóði á mánuði engan ávinning af þeim tekjum og fái hann 100.000 krónur heldur hann eftir um 19.000 krónum. Þessi mikla tekjuskerðing að viðbættum tekjuskerðingum annarra bótaflokka vegur að stoðum lífeyrissjóðakerfisins og getur til lengdar eyðilagt þá sátt sem þarf að vera um sjálfbærni kynslóðanna um fjármögnun lífeyrisbyrðarinnar. Þetta er ótækt. Sú breyting sem iðgð er til í frumvarpinu um að sameina bótaflokkana grunnlífeyri, tekjutryggingu og framfærsluþpþót í einn bótaflokk, ellilífeyri sem skerðist um 45% af tekjum mun bæði einfalda kerfið til muna og bæta samspilið við lífeyriskerfið umtalsvert. Þetta mun einkum bæta kjör þess hóps sem í dag hefur tiltölulega lágar greiðslur úr lífeyrissjóði en þar á meðal er sú kynslóð sem ekki náði að safna fullum réttindum í lífeyrissjóð á starfsævinni. Áhrif breytinganna á samspil tekna frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum má sjá á neðangreindum myndum.



Aukin velsæld og framfarir í læknávisindum hafa síðustu áratugi stöðugt aukið lífslíkur. Frá því samið var um stofnun almennu lífeyrissjóðanna árið 1969 hefur meðalævi íslenskra karla lengst úr tæpum 72 árum í tæpt 81 ár og kvenna úr 77,5 í tæp 84 ár. Sextug kona gat árið 1970 vænst þess að lifa í 21,7 ár til viðbótar og vera á lífeyri í 14,7 ár m.v. 67 ára eftirlaunaaldur. Í dag getur sextug kona vænst þess að lifa í rúm 25 ár og vera rúm 18 ár á lífeyri. Þessi jákvæða þróun hefur áhrif á samfélagið allt og er nú víðast horft til hækkunar á almennum eftirlaunaaldri til að mæta þessari þróun. Slík breyting dugar ekki ein og sér þar sem þessari þróun fylgja fjölmargar áskoranir fyrir lífeyris- og velferðarkerfið og ekki síður fyrir atvinnulífið. Í því felst m.a. að auka verður möguleika eldra fólks til lengri og virkari þátttöku á vinnumarkaði með auknum sveigjanleika á starfslokum og töku lífeyris. Í tillögnum er komið til móts við þetta með tillögu um að lífeyrisaldur hækki í hægunum skrefum næstu 24 árin og verði árið 2041 orðin 70 ár. Samhlíð því eru sveigjanleiki til töku lífeyris aukinn verulega bæði með því að heimila töku ellilífeyris almannatrygginga frá 65-80 ára aldurs gegn varanlegri lækun/hækkun á lífeyrinum auk þess sem tekin er upp sú mikilvæga nýbreytni að unnt verður að taka hálfan ellilífeyrir t.d. samhlíða hlutastarfi.

Alþýðusambandið fagnar ofangreindum breytingum varðandi ellilífeyrir almannatrygginga, að baki þeim liggur áralöng þverpólísk vinna fjölmargra aðila þar sem samhljómur hefur ríkt um um nauðsyn slíkra breytinga án þess að til þeirra hafi komið.

Alþýðusambandi vekur þó athygli á því að samkvæmt frumvarpinu er áfram gert ráð fyrir að séreignarlífeyrissparnaður sé undanskilin við mat á tekjum og hafi því ekki áhrif á útreikning ellilífeyris almannatrygginga. Þetta getur þýtt að hópar sem fá miklar séreignarlífeyristekjur fái jafnframt óskertar bætur almannatrygginga á sama tíma og þeir sem fá greiðslur úr samtryggingarlífeyrissjóðum eða fjármagnstekjur af öðrum sparnaði eru skertir. Eðlilegt er að séreignarsparnaður sé sé gerður jafnsettur öðrum sparnaði, þannig að greint sé á milli höfuðstóls og ávöxtunar.

Líkt og ASÍ gagnrýndi í umsögn sinni um tillögu til þingsályktunar um fjármálastefnu og fjármálaáætlun fyrir árin 2017-2021, (þingmál 740. og 741 á 145. löggjafarþingi), eru umræddar umbætur á almannatryggingarkerfinu ófjármagnaðar þrátt fyrir að legið hafi fyrir áform þar um. Á þetta er einnig bent í kostnaðarumsögn velferðarráðuneytisins með frumvarpinu.

B/ Starfsendurhæfing og starfsgetumat

Í umræðum liðinna ára um endurskoðun almannatrygginga hefur áhersla verið á upptöku starfsgetumats í stað núverandi örorkumats samhlíða auknum möguleikum fólks sem slasast eða veikist til starfsendurhæfingar til að auka virkni á vinnumarkaði og draga úr örorkutiðni. Mikilvægi þessa endurspegladist m.a. í samningum aðila vinnumarkaðarins um stofnun Virk starfsendurhæfingarsjóds á árinu 2008. Í tillögum nefndar um endurskoðun almannatrygginga frá því sl. vor var lagt til að tekið yrði upp nýtt tveggja þrepa starfsgetumatskerfi sem yrði samræmt milli almannatrygginga og lífeyrissjóða. Samhlíða því yrði bótakerfi almannatrygginga til einstaklinga með skerta starfsgetu breytt til samræmis við nýtt einfaldað bótakerfi (sbr. ofangreindar tillögur um ellilífeyrir) og teknar upp hlutabætur almannatrygginga (hálfur lífeyrir). Útfærsla á þessum þætti breytinganna var umdeildari en breytingar á ellilífeyri. Í apríl sl. var óskað var eftir fulltrúum til þátttöku í sérstökum samráðshópi um almannatryggingar til samráðs um gerð frumvarps til laga um breytingar á

lögum um almannatryggingar byggðum á skýrslu nefndar um endurskoðun laga um almannatryggingar frá því í febrúar sl. Vegna ágreinings um breytingar er varða örorkulífeyrisþega var samráðshópnum falið að vinna tillögur að breytingum á ákvæðum varðandi ellilífeyrir almannatrygginga í samræmi við tillögur nefndarinnar sem leggja átti fram til kynningar á sumarmánuðum. Var sú vinna unnin í góðu samstarfi en undir lok hennar voru kynntar lauslega hugmyndir um að koma á fót tilraunaverkefni um starfsendurhæfingu og starfsgetumat sem þó voru að mestu óútfærðar. Alþýðusambandið lýsti efasemdum sínum um hugmyndina og taldi hana óljósa. ASÍ hefur ítrekað lýst þeirri skoðun sinni að rétt sé að ráðast nú þegar í heildarendurskoðun á ákvæðum almannatryggingalaga varðandi örorkulífeyrisþega í samræmi við niðurstöður nefndar um endurskoðun almannatrygginga líkt og frumvarpið gerir ráð fyrir varðandi ellilífeyrisþega. Ný nálgun í mati á starfsgetu og endurskoðun á bótakerfi almannatrygginga er löngu tímabær og fyrir liggur að langan tíma mun taka að innleiða breytingarnar að fullu. Gert er ráð fyrir að í fyrstu verði nýir umsækjendur metnir skv. nýju matskerfi en hjá þeim sem orðnir eru 55 ára og þeim sem hafa varanlegt örorkumat haldi eldra mat gildi sínu. Þannig muni taka um 15 ár þar til hið nýja matskerfi verði að fullu komið í gagnid.

Í þeim drögum að frumvarpi sem sett voru til kynningar á vef Velferðarráðuneytisins þann 24. júní sl. er að finna ákvæði um tímabundið samstarfsverkefni ríkis, sveitarfélaga, aðila vinnurmarkaðarins og hagsmunasamtaka fólks með skerta starfsgetu um starfsendurhæfingu, starfsgetumat og stuðning við atvinnuleit. Útfærsla og innihald þessa ákvæðis kom hins vegar aldrei til efnislegrar umræðu í umræddum samráðshópi. Margir þættir varðandi verkefnið eru óljósir og æskilegt hefði verið að útfæra verkefnið í samráði, ekki síst við Virk starfsendurhæfingarsjóð sem eru reyndir fagaðilar á þessu sviði og lykilorðtakendur í innleiðingu á nýju ferli.

Meðal þess sem óljóst er varðandi tilraunaverkefnið er með hvaða hætti Tryggingastofnun er ætlað að leggja mat á þætti eins og hvaða umsækjendur örorku- og endurhæfingarlífeyris eru taldir geta bætt starfsgetu sína með þátttöku í verkefninu, hvort starfsendurhæfing skili tilætluðum árangri og hvenær starfsendurhæfingu er lokið. Ætla má að með þessu sé TR falið hlutverk við mat á innihaldi og árangri endurhæfingarferilsins sem eðlilegt er að sé í höndum þverfaglegra teyma sérfræðinga á sviði starfsendurhæfingar. Grundvallaratriði er að TR sé úrskurðaraðili sem taki í úrskurðum sínum mið af sérfræðimati Virk eða annarra endurhæfingarstofnanna. Heppilegra orðalag væri: „Við mat á starfsgetu og á því hvort starfsendurhæfing sé raunhæf eða árangursrík skal TR taka mið af niðurstöðum þverfaglegrar vinnu sérfræðinga hjá VIRK eða öðrum endurhæfingarstofnunum“

Af texta frumvarpsins er að skilja að tilraunaverkefnið nái eingöngu til þeirra einstaklinga sem í lok starfsendurhæfingarferilsins eru metnir með 50% starfsgetu eða minna og þeir fái áframhaldandi endurhæfingarlífeyrir og stuðning við atvinnuleit. Aðrir verða metnir samkvæmt núgildandi örorkumatsstaðli út frá læknisfræðilegum forsendum um vangetu. Æskilegt hefði verið að horfa einnig til þess að innleiða nýjan staðal byggðan á hugmyndafræði starfsgetumats í stað núgildandi örorkumatsstaðals sem samstaða er um að sé úrelt matstæki.

Ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir neinum breytingum á bótakerfi almannatrygginga gagnvart örorkulífeyrisþegum og engin tenging nýs matkerfis/tilraunaverkefnis við breytt bótakerfi almannatrygginga. Örorkulífeyrisþegar munu því áfram búa við hið flókna, ógegnsgæja

bótakerfi almannatrygginga en eins og m.a. hefur komið fram í máli forsvarsmanna Virk starfsendurhæfingarsjóðs eru ýmsar hindranir í núverandi bótakerfi sem koma í veg fyrir árangur í starfsendurhæfingu.

Sé vilji stjórnvalda að innleiða umræddar breytingar með tilraunaverkefni líkt og lagt er til í frumvarpinu leggur ASÍ áherslu á að nánara samráð verði haft um innihald og útfærslu ákvæða varðandi verkefnið þar sem byggt er á reynslu og sérfræðipækkingu innan Virk starfsendurhæfingarsjóðs.

C/ Tilraunaverkefni um nýtt greiðslufyrirkomulag um greiðsluþátttöku íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum

Í stefnu Alþýðusambands Ísland í lífeyrismálum frá árinu 2013 segir:

Horfið verði frá tekjutengingum milli heilbrigðiskerfisins og lífeyristekna í gjaldtöku á dvalar- og hjúkrunarheimilum fyrir aldraða. Skilgreindur verði almennur húsnæðis- og fæðiskostnaður en hjúkrunarkostnaður verði á vegum opinberra aðila.

Alþýðusambandið fagnar áformum um breytingar á fyrirkomulagi greiðsluþátttöku íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum sem miðar að því að íbúar fái greiddan lífeyrir sinn og greiði milliliðalaust framfærslu- og húsnæðiskostnað á heimilunum en greiðsluþátttaka fyrir lyf og aðra heilbrigðisþjónustu lúti almennum reglum sem það gilda.

Virðingarfyllst,



Henný Hinz
hagfræðingur ASÍ

Í kjölfar athugasemda frá aðilum vinnumarkaðarins og Virk starfsendurhæfingarsjóði varðandi áform um tilraunaverkefni um starfsgetumat var sá þáttur tekinn út úr frumvarpinu og ráðherra lagði fram annað frumvarp varðandi starfsgetumat, starfsendurhæfingu og breytingu á bótakerfi gagnvart einstaklingum með skerta starfsgetu í samræmi við tillögur nefndar um endurskoðun almannatrygginga.

Frumvarp um ellilífeyri almannatrygginga var tekið til umræðu á Alþingi í byrjun september 2016 og var óafgreitt um miðjan september.

Tímabundin lækkun á framlagi til VIRK

Stjórn VIRK stafsendurhæfingarsjóðs hafði í árslok 2015 frumkvæði að þvi við fjármálaráðherra og félags- og húsnæðismálaráðherra að leggja til tímabundna lækkun á framlagi atvinnurekenda og ríkisins til sjóðsins árin 2016 og 2017. Ástæðan er m.a. sú að vegna tafa á endurskoðun almannatrygginga og upptöku starfsgetumats í stað örorkumats er fyrir séð að einstaklingum sem sækja þjónustu VIRK mun fjölga minna en áætlanir gerðu ráð fyrir. Stjórn VIRK lagði á það ríka áherslu að hér yrði um tímabundna lækkun að ræða sem endurskoða þurfi við upptöku starfsgetumats en sú breyting mun kalla á mikla aukningu í þjónustu VIRK. Alþingi samþykkti í kjölfarið ákvæði til bráðabirgða í lögum 113/1990 um tryggingagjald og ákvæði til bráðabirgða í lögum 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða sem kveða á um að iðgjöld atvinnurekenda og þeirra sem stunda sjálfstæða starfsemi og lífeyrissjóða til starfsendurhæfingarsjóðs skuli vera 0,10% vegna árana 2016 og 2017 í stað 0,13%.

Málþing um örorkulífeyrismál

Landssamtök lífeyrissjóða stóðu fyrir málþingi um örorkulífeyrismál með áherslu á hlutverk lífeyrissjóðanna í greiðslum lífeyris vegna orkutaps þann 31. mars 2016. Á málþinginu fór Kristján Geir Pétursson, formaður réttindanefndar LL, yfir úrlausnarefni í örorkulífeyrismálum lífeyrissjóða og Katrín Ólafsdóttir hagfræðingur fjallaði um Fjölgun öryrkja og samspil bótagreiðslna – þróunin á Íslandi og innan OECD og Tómas Möller, lögfræðingur Lífeyrissjóðs Verzlunarmanna, fjallaði um Örorkulífeyri frá lífeyrissjóðum. Þá hélt Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK, erindi um hlutverk starfsendurhæfingar, samvinnu VIRK og lífeyrissjóðanna og ákvörðun um framfærslu. Í kjölfar erinda voru pallborðsumræður með aðilum vinnumarkaðarins þar sem þau Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA, Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB og Páll Halldórsson, varaformaður BHM, tóku þátt. Finnbjörn Hermannsson, formaður byggiðnar, var fundarstjóri.

Ráðstefna um áhrif og áskoranir hækkandi lífaldurs

Þann 26. apríl 2016 hélt Alþýðusambandið ásamt Landssamtökum lífeyrissjóða og heildarsamtökum launafólks og atvinnurekenda á almennum og opinberum vinnumarkaði ráðstefnu undir yfirskriftinni Áhrif og áskoranir hækkandi lífaldurs. Aukin velsæld og framfarir í læknávisindum hafa síðustu áratugi stöðugt aukið lífslíkur okkar. Frá því samið var um stofnun almennu lífeyrissjóðanna árið 1969 hefur meðalævi íslenskra karla lengst úr tæpum 72 árum í tæpt 81 ár og kvenna úr 77,5 í tæp 84 ár. Sextug kona gat árið 1970 vænst þess að lifa í 21,7 ár til viðbótar og vera á lífeyri í 14,7 ár m.v. 67 ára eftirlaunaaldur. Í dag getur sextug kona vænst þess að lifa í rúm 25 ár og vera rúm 18 ár á lífeyri. Þessi jákvæða þróun hefur umtalsverð áhrif á samfélagið og er nú víða horft til hækkunar á almennum eftirlaunaaldri. Slík breyting dugar ekki ein og sér þar sem þessari þróun fylgja fjölmargar áskoranir fyrir lífeyris- og velferðarkerfið og ekki síður fyrir atvinnulífið. Í því felst m.a. að auka verður möguleika eldra fólks til lengri og virkari þátttöku á vinnumarkaði með góðum vinnuaðstæðum og heilsueflingu, sí- og endurmenntunartækifærum sem viðhalda og auka þekkingu og auknum sveigjanleika í starfslokum og töku lífeyris. Þorbjörn Guðmundsson, formaður stjórnar LL, setti ráðstefnuna en aðalfyrirlesari var danski læknirinn og öldrunarsérfræðingurinn Henning Kirk sem í erindi sínu, sem kallaðist „Longer lives – better brains“, fjallaði um hverjar eru afleiðingar hækkandi lífaldurs á stefnumörkun varðandi atvinnuþátttöku eldra fólks, eftirlaunaaldur og lífeyri. Kirk leitaðist einnig við að svara því hvort vilji sé til þess á vinnumarkaði að nýta þekkingu og hæfni eldra fólks. Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði, ræddi um stöðu eldra fólks á vinnumarkaði og Jakobína Hólmfríður Árnadóttir, hópstjóri ráðninga hjá Capacent, sagði frá reynslu af ráðningum eldri starfsmanna. Þá fjallaði Þórey Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, um hugmyndir að breytingum á lífeyrisaldri næstu áratugina og auknum möguleikum til sveigjanlegra starfsloka og að lokum voru pallborðsumræður undir stjórn Þórðar Snæs Júlíussonar með fulltrúum frá aðilum vinnumarkaðarins. Þar tóku þátt Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, Þórður Hjaltested, formaður KÍ, Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA, Gunnar Björnsson, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu og Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundur FA um hækkun á framlagi atvinnurekenda í lífeyrissjóð

Þann 18. mars 2016 hélt Félag atvinnurekenda fund um fyrirhugaða 3,5 prósentustiga hækkun á framlagi atvinnurekenda í lífeyrissjóð. Ásgeir Jónsson, forseti hagfræðideildar Háskóla Íslands og Gunnar Baldvinsson,

framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins, fluttu framsögur um áhrif af hækkun framlags atvinnurekenda í lífeyrissjóði úr 8% í 11,5%, en um hana var samið í kjarasamningunum í janúar síðastliðnum. Í pallborði voru auk Ásgeirs og Gunnars, Henny Hinz, hagfræðingur Alþýðusambands Íslands og Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.



UMHVERFISMÁL

Í umhverfisstefnu ASÍ sem samþykkt var árið 2014 er meðal annars lögð áhersla á að nauðsynlegt er að byggja upp sjálfbært samfélag þar sem velferð okkar rýrir hvorki velferð komandi kynslóða né kjör annarra þjóða né heldur dragi úr möguleikum þeirra til að bæta kjör þegna sinna.

Það er mikilvægt að umhverfisnefnd ASÍ hafi stefnu sambandsins í málaflokknum sem vegvísi í sínu umfangsmikla verkefni að efla þekkingu almennings á mikilvægi málaflokksins. Þekking er lykillinn að almennri þátttöku fólks í að takast á við breyttar aðstæður þar sem sjálfbærni og umhverfisvitund er höfð að leiðarljósi.

Parísarsamkomulagið 2015 – COP21

Nýr loftslagssamningur Sameinuðu þjóðanna var undirritaður í París 12. desember 2015 þar sem þjóðir heims sammæltust um að halda hlýnun jarðar af mannavöldum innan við 2 °C marksins og jafnvel undir 1,5 °C. Þetta er metnaðarfullra en margir þorðu að vona en um leið mjög jákvætt.

Umhverfisnefnd í samvinnu við atvinnumálanefnd hélt fund 20. janúar þar sem farið var yfir hvað samkomulagið fæli í sér og hvað íslensk stjórnvöld ætla að gera í framhaldi. Eftirfylgni samkomulagsins er mikilvægt og það knýr stjórnvöld um allan heim að setja fram aðgerðaáætlanir í

kjörfar aðgerðaloforðanna. Á fundinum héldu erindi Hrund Hafsteinsdóttir, lögfræðingur hjá utanríkisráðuneytinu og Jón Ólafsson, hafefnafræðingur en hann fjallaði um súrnun sjávar og afleiðingar fyrir lífríkið.

Á kvennaráðstefnu ASÍ sem fór fram dagana 14.-15. apríl var meðal annars áhersla á umhverfismál. Marianna Traustadóttir, starfsmaður umhverfisnefndar, hélt erindi um Parísarsamkomulagið og hvaða þýðingu það hefur í baráttunni um loftslagsbreytingar af mannavöldum og Anna Pála Sverrisdóttir, lögfræðingur hjá utanríkisráðuneytinu, fjallaði um ný heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Að lokum má nefna að haldnir hafa verið örfyrirlestrar um umhverfismál í samvinnu við fræðsludeild ASÍ.

Þjóðgarður á miðhálandi Íslands

Frá því í mars 2015 fram í janúar 2016 tók umhverfisnefnd í samvinnu við atvinnumálanefnd þátt í viðræðum með fulltrúum fjölmargra samtaka sem eiga það sameiginlegt að vilja vernda miðhálandi Íslands með það að markmiði að stofna þjóðgarð. Fulltrúar ASÍ tóku þátt og hýstu fundi verkefnisstjórnarinnar sem sóttist eftir víðtæku samráði við ólíka hagsmunaaðila.

Samhliða fundarhöldum með verkefnisstjórn og öðrum hagsmunaaðilum, sóttust fulltrúar nefndanna eftir að fá kynningu á kerfisáætlun Landsnets og áætlunum þeirra um raflínu yfir Sprengisand.

Í lok sumars 2015 lágu fyrir drög að viljayfirlýsingu og óskað var eftir því að hagsmunaaðilar tækju afstöðu til hennar, og svöruðu jafnframt hvaða skilyrði þyrfti að uppfylla til þess að ASÍ styddi hugmynd um þjóðgarð á miðhálandi Íslands. Í framhaldi var ætlunin að leggja fram tillögu verkefnisstjórnar um þjóðgarð á miðhálandi í nafni allra þátttakenda.

Gert var grein fyrir afstöðu ASÍ á fundi með verkefnisstjórn og hagsmunaaðilum þann 30. nóvember 2015. Í stuttu máli gerði ASÍ athugasemd við þann lið viljayfirlýsinga sem sneri að takmörkunum virkjanaframkvæmda innan þjóðgarðs en fulltrúar ASÍ töldu ekki rétt að fallið yrði frá lýðræðislegu ferli rammaáætlunar og að áhersla ætti fremur að vera á stofnun þjóðgarðs á þessu stigi en ekki á hvað skuli vera bannað innan þjóðgarðs. Eftirfarandi breytingartillaga var því lögð fram þar sem setningin:

„Með stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu yrði fallið frá frekari virkjunum og háspennulínum og náttúrugæði þar með tryggt.“

Yrði orðuð á þennan veg:

„Stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu fæli í sér aukna áherslu á mikilvægi og verðmæti ósnortinnar náttúru. Flokkun í mismunandi verndarflokka og nýting þess verði á grundvelli faglegs ferlis um vernd og orkunýtingu landsvæða (Rammaáætlunar) og umhverfismats.“

Tillagan fékk ekki hljómgrunn hjá verkefnisstjórn sem verður að teljast vonbrigði þar sem ljóst er að stofnun Þjóðgarðs myndi ein og sér bæta stöðu náttúrunnar í ferli rammaáætlunar.

Viljayfirlýsing um stofnun Þjóðgarðs á miðhálandi Íslands var undirrituð í mars 2016 án aðkomu Alþýðusambands Íslands.



FÉLAGS- OG VINNUMARKAÐSMÁL

Félags- og vinnumarkaðsmálin eru eðli málsins samkvæmt mikilvægur hluti af kjarnastarfsemi Alþýðusambandsins og starfsfólks þess. Þetta gildir bæði um viðfangsefni sem Alþýðusambandið stendur eitt að og í samstarfi við aðra aðila, s.s. önnur samtök launafólks, samtök atvinnurekenda og stjórnvöld. Með aðild sinni að stjórnnum Vinnuálastofnunar, Atvinnuleysistrygginga-sjóðs, Ábyrgðasjóðs launa, Vinnueftirlitsins og Jafnréttisráði, auk fjölmargra nefnda á sviði félags- og vinnumarkaðsmála, taka fulltrúar ASÍ einnig virkan þátt í að móta og framkvæma stefnu stjórnvalda á þessu sviði.

Samdráttur og erfiðleikar á vinnumarkaði í kjölfar hrunsins haustið 2008 settu lengi vel mark sitt á stöðu mála og úrlausnarefnin. Nú er svo komið að afleiðingar hrunsins eru að mestu horfnar þegar kemur að vinnumarkaðinum og stöðunni þar. Atvinnulífið hefur tekið við sér og mikill vöxtur er í greinum eins og ferðaþjónustunni, byggingariðnaði og mannvirkjagerð og þjónustustarfsemi af ýmsu tagi. Um leið hefur brotastarfsemi og undirboð á vinnumarkaði vaxið hratt.

Í byrjun árs 2016 var hrundið af stað verkefninu EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL! í samstarfi við aðildarsamtök Alþýðusambandsins. Markmið verkefnisins er að vinna gegn brotastarfsemi og undirboðum á vinnumarkaði, einkum gagnvart ungu fólki og erlendum starfsmönnum.

Jafnframt hefur tekist ágætt samstarf við ríkisskattstjóra, Vinnumálastofnun, Vinnueftirlitið og lögregluna í þessum efnun.

Eins og áður hefur Alþýðusambandið lagt mikla áherslu á jafnréttismálin og að vera leiðandi á því sviði, bæði innan verkalýðshreyfingarinnar og í samstarfi við aðra aðila.

Í síðustu skýrslu forseta ASÍ var gerð grein fyrir vinnu nefndar á vegum félags- og húsnæðismálaráðherra um stefnu í vinnumarkaðsmálum og tillögum nefndarinnar. Það er skemmst frá því að segja að þrátt fyrir yfirlýsingar þar um hefur lítið verið gert til að fylgja tillögunum eftir í samráði við Alþýðusambandið og aðra aðila sem voru virkir í mótun stefnunnar.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir nokkrum helstu málaflökum á sviði félags- og vinnumarkaðsmála sem unnið var að á vettvangi ASÍ frá hausti 2015 til hausts 2016. Í einhverjum tilfellum var jafnframt um að ræða eftirfylgni með kjarasamningunum sem gerðir hafa verið á undangengnum árum og yfirlýsinga ríkisstjórna í tengslum við þá.

Jafnrétti á vinnumarkaði

Jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði er ekki aðeins réttlætismál, ekki síður leiðir jafnrétti til efnahagslegrar hagsældar. Rannsóknir hafa sýnt að með því að auka jafnrétti og bæta stöðu kvenna er hægt að auka hagvöxt og efnahagslegan stöðugleika. Jafn réttur og jöfn tækifæri kvenna og karla til starfa, starfsþróunar og launa eru meðal þeirra grundvallarþátta mannréttinda sem verkalýðshreyfingin byggir á og skal standa vörð um. Margt hefur áunnist í baráttunni að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði á undanförunum áratugum, en betur má ef duga skal og er enn nokkur vegur þar til jafnrétti verður náð á íslenskum vinnumarkaði.

ASÍ tekur virkan þátt í stefnumótun og aðgerðum í baráttunni fyrir jöfnum rétti kvenna og karla á öllum sviðum samfélagsins með þátttöku sinni í ráðum og vinnuhópum á vegum stjórnvalda og aðilum vinnumarkaðarins, sem tengist jafnréttis- og fjölskyldumálum. ASÍ á fulltrúa í kvennanefnd Evrópusamtaka verkalýðsfélaga, þar er tekið þátt í umræðu og stefnumótun í jafnréttis- og fjölskyldumálum á Evrópuvísu, einnig um innleiðingu og framkvæmd Evrópureglna í málaflöknum hér á landi. ASÍ tekur þátt í norrænum vinnufundum systrasamtakanna á Norðurlöndum þar sem fjallað er um stefnumótun og helstu verkefni verkalýðshreyfingarinnar í málaflöknum.

Kynjabókhald ASÍ

Kyngreindar tölulegar upplýsingar um hlutfall fulltrúa í nefndum, stjórnnum og ráðum meðal aðildarféлага sambandsins eru teknar saman á hverju hausti. Kynjabókhaldið er sett fram myndrænt og í töflum og því aðgengilegt að

skoða. Kynjabókhaldið er í stöðugri þróun og undanfarin ár hafa viðaukar, þar sem fram koma kyngreindar upplýsingar um stjórnir lífeyrissjóða aðildarféлага ASÍ og þátttaka á námskeiðum Félagsmálaskóla alþýðu, verið bætt við.

Markmið kynjabókhaldsins er að upplýsa um stöðuna eins og hún er á hverjum tíma og ekki síst á bókhaldið að nýttast sem verkfæri þeirra sem tilfærna í nefndir og ráð á vegum sambandsins. Kynjabókhaldið er að finna í skýrslu forseta og einnig er kynjabókhaldið gefið út í rafrænu formi og er að finna á heimasíðu ASÍ.

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd

Nefndinni er ætlað að hafa frumkvæði að stefnumótun og aðgerðum á sviði jafnréttis- og fjölskyldumála og að vera vettvangur fyrir upplýsingar til aðildarféлага ASÍ. Nefndin kemur saman eftir þörfum frá hausti fram á sumar og þess á milli nýta nefndarmenn sér tölvutæknina til samskipta. Nefndin er mikilvægt bakland fyrir jafnréttisfulltrúa ASÍ og þá fulltrúa sambandsins sem sitja í nefndum og ráðum þar sem fjallað er um jafnrétti á vinnumarkaði.

Ráðstefna - Vinnumarkaðurinn og jafnréttisbaráttan

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd bauð til ráðstefnu 12. nóvember 2015 í tilefni þess að á árinu voru 40 ár frá því að íslenskar konur lögðu niður störf þann 24. október til að sýna fram á mikilvægi vinnuframlags þeirra og krefjast bættra kjara. 60 ár voru einnig frá því að fyrsta jafnlaunaráðstefna ASÍ var haldin, þar sem fjallað var um kjör kvenna. Á árinu 2015 fögnuðu konur 100 ára afmæli kosningaréttar og ASÍ fagnaði 100 ára afmæli sínu árið 2016. Því var næg ástæða að bjóða til ráðstefnu og fjalla um vinnumarkaðinn og jafnréttisbaráttuna undir yfirskriftinni – *Eru verðmætin í jafnréttinu falin?*

Á ráðstefnunni voru áhugaverð erindi flutt, þar sem fjallað var m.a. um fæðingarorlofið en Ingólfur V. Gíslason, dósent frá HÍ, spurði hvort þetta væri árangur í glatkistuna. Þóra Kristín Þórsdóttir, doktorsnemi í HÍ, fjallaði um árekstra vinnu og heimilis í hruni og endurreisn. Þá fengur ráðstefnugestir „rödd úr raunveruleikanum“ þegar Valgeir Sveinn Eyþórsson, frá Afli Starfsgreinafélagi, sagði frá sinni reynslu sem ungur faðir í fæðingarorlofi og hvaða áhrif það hafi haft á innkomu heimilisins. Sif Einarsdóttir, prófessor við HÍ, gerði grein fyrir rannsókn sinni um kynbundið náms- og starfsval. Kristín Tómasdóttir rithöfundur talaði um sjálfsmynd stelpna, Maríanna Traustadóttir, jafnréttisfulltrúi ASÍ, fjallaði um launajafnrétti og jafnlaunastaðalinn og Katrín Ólafsdóttir, lektor við HR, spurði hvort jafnrétti væri í augsýn? Andrea Sigrún Hjálmsdóttir, frá HA, sagði frá rannsókn sem fjallaði um stöðu kynjanna í Fjallabyggð fyrir og eftir Héðinsfjarðargöng og Hrönn Jónsdóttir frá Grafía spurði hvort verkalýðshreyfingin væri í raun fyrir ungt fólk á vinnumarkaði.

Erna Indriðadóttir, ritstjóri Lífðu núna, fjallaði um stöðu eldri borgara undir yfirskriftinni, á fólk að segja sig til sveitar? Að lokum flutti Valgerður Bjarnadóttir hugsjónakona hugvekju þar sem féllu nokkur snjókorin um kynjajafnrétti og birtingarmyndir þess.

Ráðstefnan var vel sótt, tæplega hundrað manns skráðu sig til leiks og var samdóma álit þeirra sem létu álit sitt í ljós að áhersla og efnistöð hafi verið fjölbreytt og þátttakendur öðlast nýja þekkingu.

Tökum brúna – Kvennaráðstefna ASÍ

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd í samvinnu við fræðsludeild ASÍ boðaði talskonur aðildarféлага ASÍ á fræðslu- og tengslaráðstefnuna Tökum brúna dagana 14.-15. apríl. Ráðstefnan var einstaklega vel sótt en um 40 konur víðs vegar að af landinu komu saman til að fræðast, efla tengslanet og skiptast á skoðunum. Þetta er í fimmta skiptið frá árinu 2006 sem slík ráðstefna er haldin. Síðast var það árið 2014, eftir nokkra hvíld, að konur voru kallaðar saman upp á dekk, en fyrri kvennaráðstefnur ASÍ voru haldnar undir yfirskriftinni *Hvað vilt upp á dekk?*

Þema ráðstefnunnar var AÚÐUR KVENNA þar sem áhersla var á framlag kvenna vegna þeirra áskorana sem hnattvæðing, fólksflutningar og loftslagsbreytingar fela í sér. Dagskráin samanstóð af hópefli, erindum og hópastarfi og var afrakstur Tökum brúna 2016 í formi ályktunar sem send var miðstjórn. Einnig var í framhaldi ráðstefnunnar stofnuð FB síða sem ætluð er öllum konum innan hreyfingarinnar þar sem geta farið fram skoðanaskipti og upplýsingastreymi meðal kvenna.

Dagskráin var fjölbreytt, Signý Jóhannesdóttir, formaður jafnréttisnefndar, bauð konur velkomnar og í framhaldi hélt Eyrún Björg Valsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar, utan um hópefli fyrir hópinn. Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor við HÍ, sagði frá rannsókn sem hún hefur unnið hér á landi og í Filippseyjum um reynslu filippseyskra kvenna á Íslandi, þá fjallaði Brynja Elísabet Halldórsdóttir, lektor við HÍ, um birtingarmyndir dulinna fordóma í íslensku samfélagi. Tvö erindi voru haldin þar sem áhersla var á umhverfismál, Maríanna Traustadóttir, sérfræðingur hjá ASÍ, gerði grein fyrir loftslagsráðstefnunni sem haldin var í París í desember 2015 og niðurstöðum hennar og Anna Pála Sverrisdóttir, lögfræðingur hjá utanríkisráðuneytinu, fjallaði um ný heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Síðari dagurinn hófst með erindi Ingu Dóru Pétursdóttur, framkvæmdastýru UN Women hér á landi, en hún fjallaði um stöðu flóttakvenna, en aldrei hafa fleiri konur verið á flóttu frá því eftir seinni heimsstyrjöld. Því næst gerði Erla S. Kristjánsdóttir, lektor við HÍ, grein fyrir rannsókn sinni um upplifun háskólamenntaðra innflytjenda af samskiptum og samningsstöðu gagnvart

vinnuveitendum. Sumarliði Ísleifsson sagfræðingur hélt erindi í tilefni af 100 ára afmæli ASÍ, um verkalýðshreyfinguna og verkakonur í sögulegu ljósi. Ólafía B. Rafnsdóttir, varaforseti ASÍ, sleit ráðstefnunni og hvatti konur til áframhaldandi góðra starfa.

Eitt af markmiðum ráðstefnunnar var að konur ræddu saman og skiptust á skoðunum. Því var gefinn rúmur tími til að vinna í smærri í hópum með ákveðnar spurningar og afrakstur þeirrar vinnu kom fram í eftirfarandi ályktun sem send var miðstjórn ASÍ.

„Kvennaráðstefna ASÍ 2016 skorar á miðstjórn að nýta upplýsingar úr kynjabókhaldi ASÍ sem raunverulegt verkfæri þegar skipa á fulltrúa í nefndir og ráð á vegum hreyfingarinnar, með það að markmiði að fjölga konum. Kynjakvóti og fléttulisti er aðferðarfræði sem nýtt hefur verið s.s. í stjórnum lífeyrissjóða og við uppstillingu stjórnarkjörs hjá stærsta aðildarfélagi ASÍ.

Kvennaráðstefna ASÍ 2016 skorar á miðstjórn að veita brautargengi verkefnum sem vinna að eflingu kvenna til starfa fyrir hreyfinguna. Það er hægt að gera með því að efla fræðslu um jafnrétti og halda fræðslufundi með það að markmiði að efla konur og gera þær enn virkari á 42. þingi ASÍ á komandi hausti.

Kvennaráðstefna ASÍ 2016 skorar á miðstjórn að sjá til þess að á 42. þingi sambandsins verði gert ráð fyrir umræðu í dagskrá þingsins um jafnrétti og þann auð sem fjölbreytileikinn veitir sem og umræðu um loftslagsbreytingar og þeim afleiðingum sem þær geta haft á samfélagið.

Kvennaráðstefna ASÍ 2016 skorar á miðstjórn að sjá til þess að haldin verði karlaráðstefna þar sem fjallað er um jafnréttismál og þann ávinning sem felst í því að nýta auð allra. Karlar jafnt sem konur bera ábyrgð á jafnréttismálum enda er jafnrétti allra hagur.

Kvennaráðstefna ASÍ 2016 leggur áherslu á mikilvægi fræðslu. Það þarf að efla fræðslu um umhverfismál, því alvarleiki áhrifa loftslagsbreytinga af mannavöldum er staðreynd sem verkalýðshreyfingin, sem fjölmennasta fjöldahreyfing hér á landi, getur ekki skorast undan að takast á við. Einnig þarf að efla fræðslu um kynjajafnrétti og mannréttindi í viðum skilningi. Til þess er hægt að nýta fjarfundarbúnað þannig að allir, án tillits til búsetu, hafi aðgang að fræðslunni.

Kvennaráðstefna ASÍ 2016 áréttar mikilvægi þess að virkja ungt fólk til þátttöku í baráttunni um jafnrétti á vinnumarkaði og betri kjör. Það þarf að nálgast unga fólkið á þeirra forsendum og upplýsa um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Auk þess þarf hreyfingin að sýna í verki að unnið sé að jafnrétti innan hennar raða og að hún ætli sér að vera vettvangur fyrir alla.

Ásýnd hreyfingarinnar á að endurspeglar fjölbreytileika félagsmanna og veita svigrúm fyrir alla sem vilja efla og styrkja starf hreyfingarinnar án fordóma.“

8. mars – alþjóðlegur baráttudagur kvenna

Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars var hádegisverðarfundur á Grand hótél sem bar yfirskriftina „*Örugg í vinnunni?*“ Að fundinum stóðu auk ASÍ, BSRB, BHM, KÍ, Jafnréttisstofa og Jafnréttisráð.

Alþjóðlega verkalyðshreyfingin – ITUC vill meina að helmingur kvenna á vinnumarkaði í þróðu löndunum hafi orðið fyrir kynferðislegri áreitni og hefur Evrópuráðið komist að sömu niðurstöðum í sínum rannsóknum. Sterkar vísbendingar eru um að áreitni sé meiri í þjónustugreinum en annars staðar. Starfsgreinasambandið lét gera rannsókn meðal starfsfólks á veitingahúsum og hótél- og ferðaþjónustu. Þar kemur fram að algengasta starfsheiti þeirra sem urðu fyrir kynferðislegri áreitni var þjónn, flestir yngir en 24 ára.

Á fundinum voru haldin þrjú áhugaverð erindi. Sonja Ýr Þorbergsdóttir, lögfræðingur BSRB, gerði grein fyrir nýrri reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi á vinnustöðum sem tók gildi í lok síðasta árs. Hún kynnti einnig nýjan bækling, *Kynbundin og kynferðisleg áreitni og ofbeldi á vinnustöðum*, sem undirbúningshópur fundarins vann í sameiningu. Þá fjallaði Finnborg Salome Steinþórsdóttir, doktorsnemi í kynjafræði við HÍ, um rannsókn sem hún gerði um kynferðislega áreitni meðal lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Helstu niðurstöður hennar eru að normalisering og samfélagslegar hugmyndir um hvað er kynferðisleg áreitni viðhalda og réttlæta kynferðislega áreitni. Oft er ábyrgðin færð frá geranda yfir á þolanda, þ.e. lítið er gert úr brotunum. Drífa Snædal, framkvæmdastjóri SGS, fjallaði um kynbundna og kynferðislega áreitni á vinnumarkaði út frá hugmyndum um kynbundið vald þar sem hún telur að ekki sé hægt að skilgreina þar á milli. Birtingarmyndir valdsins koma fram á margvíslegan hátt á vinnumarkaðinum og er þá helst að nefna launamun kynjanna. Íslenskur vinnumarkaður er mjög kynskiptur og allt sem er kvenlægt er verðlagt skör lægra bæði í launum og virðingu. Það hafa ekki verið gerðar rannsóknir hér á landi um tenginu valds og ofbeldis á vinnustað en mikilvægt er að rannsaka hvaða áhrif ofbeldi á vinnustað hefur t.d. á laun, framgang og almennt stöðu einstaklinga á vinnumarkaði.

Starfshópur um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum

Starfshópur um mótun tillögu að framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum sem skipaður var í desember 2014 af félagsmálaráðherra skilaði skýrslu til ráðherra í mars 2016. Meginmarkmið hópsins var að setja fram tillögur sem auðveldaði eftirfarandi:

- Báðir foreldrar nýti til fulls rétt sinn til fæðingarorlofs til samvista með börnum sínum.

- Foreldrar nýti til jafns sameiginlegan rétt til fæðingarorlofs til samvista með börnum sínum.
- Dregið verði úr tekjumissi heimila á þeim tíma sem foreldrar nýta rétt sinn til fæðingarorlofs.
- Að jafna stöðu kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði.

Með ofangreint að leiðarljósi vann starfshópurinn að þeim tillögum sem settar voru fram í skýrslunni og eru eftirfarandi:

- Foreldrar fái fyrstu 300.000 kr. af viðmiðunartekjum óskertar.
- Foreldrar fái 80% af viðmiðunartekjum sínum sem eru umfram 300.000 kr.
- Hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði verði 600.000 kr.
- Samanlagður réttur foreldra til fæðingarorlofs verðir tólf mánuðir. Skiptingin; mæður fimm mánuðir, fedur fimm mánuðir og sameiginlegur fæðingarorlofsréttur foreldra verði tveir mánuðir.

Samtök atvinnulífsins settu sig alfarið á móti tillögunni um óskertar viðmiðunartekjur og um lengingu fæðingarorlofsins og fylgir afstaða þeirra með sem sérstakt fylgiskjal tillögunum.

ASÍ setti fram sína afstöðu um tillögur starfshóps um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum og er hún eftirfarandi:

„ASÍ telur að þær tillögur sem fram koma í skýrslu starfshóps um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum styrki markmið laganna um fæðingar- og foreldraorlof frá árinu 2000, þar sem annars vegar er kveðið á um að tryggja barni samvistir við báða foreldra og hins vegar að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Þótt ASÍ hefði viljað hraða þessum breytingum styður sambandið þá málamiðlun sem tillögur starfshópsins endurspeglar og sem fram koma í skýrslunni. Á þetta bæði við um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði til foreldra í fæðingarorlofi, lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði og skiptingu fæðingarorlofsins milli foreldra.

Í skýrslunni er lagt til að lenging fæðingarorlofsréttar hefjist 1. janúar 2019 og verði komin til fullra framkvæmda 1. janúar 2021. Þótt ASÍ hefði viljað sjá lengingu fæðingarorlofsréttar koma mun fyrr til framkvæmda, styður það tillöguna á þeim forsendum að hún feli í sér raunhæfa aðlögun í framkvæmd.

Samkvæmt útreikningum ASÍ eiga tillögur starfshópsins, eins og þær eru lagðar fram í skýrslunni, að rúmast innan þess tryggingargjalds sem Fæðingarorlofssjóður fékk á árunum 2012-2013, þ.e. 1,28% af tryggingagjaldinu, en gjaldið var lækkað um næstum helming árið 2014.

ASÍ telur mikilvægt að áréttta þá afstöðu sína, að sambandið er alfarið á móti því að lækun almenns tryggingargjalds komi niður á hlutdeild Fæðingarorlofssjóðs af tryggingargjaldinu. Endurreisn fæðingarorlofskerfisins og frekari framþróun þess verður hér að hafa forgang.“

Kynning á áherslum verkalýðshreyfingarinnar

Í vinnu starfshóps um framtíðarskipan fæðingarorlofsmála var samstaða milli ASÍ og BSRB um þær tillögur sem settar eru fram í skýrslu starfshópsins. Stjórnvöld virðast ætla að hunsast tillögurnar og ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á fæðingarorlofskerfinu á næsta fjárlagaári. Því var ákveðið að ASÍ og BSRB færu saman í kynningu á áherslum verkalýðshreyfingarinnar með það að markmiði að efla umræðu meðal almennings um stöðu mála og að umræðan um stöðu fæðingarorlofskerfisins hafi þau áhrif að ekki verði undan því komist að stjórnmalaflokkar og stjórnmalahreyfingar fjalli á ábyrgan hátt um hvaða sýn þau hafa á málaflokknum í aðdraganda kosninga til Alþingis haustið 2016.

Ákveðið er að nýta samfélagsmiðla í þessu átaki, gerð voru þrjú myndbönd sem segja sögu barnafjölskyldna og kröfur ASÍ og BSRB til breytinga koma þar fram. Einnig er til staðar fésbókarsíða þar sem hægt er að deila reynslusögum og #betrafræðingarorlof verður einnig nýtt til útbreiðslu málefnsins.

Það þarf að finna raunhæfa lausn sem byggir á tillögum starfshópsins, t.d. er mikilvægt að endurvekja þann árangur sem varð á þátttöku fedra í fæðingarorlofstöku eftir að ný lög tóku gildi árið 2000. Lögin kváðu á um að foreldrar ættu sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs hvort um sig. Með setningu laganna varð grundvallarbreyting á stöðu kynjanna á vinnumarkaði, þar sem fedur tóku í síauknum mæli fæðingarorlof og árið 2008 voru umsóknir fedra um fæðingarorlof orðnar 90% af umsóknum mæðra. Eftir að hámarksgreiðslur voru skertar 2009 hefur þeim fedrum fækkað jafnt og þétt sem hafa nýtt sér rétt sinn til fæðingarorlofs en árið 2014 var hlutfall fedra sem tóku fæðingarorlof miðað við umsóknir mæðra orðið 80%. Á sama tíma þá fjölgar þeim fedrum sem fullnýta ekki rétt sinn en árið 2014 var hlutfallið 40% á móti 22% árið 2008.

Þessi þróun er andstæð þeim markmiðum laganna að gera bæði kynjum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf og veita börnum möguleika á að njóta samvista við báða foreldra sína á fyrstu mánuðum ævinnar. Leiða má að því líkur að fedur sem nýta sér rétt sinn til fæðingarorlofs taki meiri þátt í lífi barna sinna þegar frá líður en þeir sem ekki nýta sér þennan rétt. Einnig leiða líkur til þess að almenn nýting ferða á rétti sínum verður til þess að auka jafnrétti inni á heimilum, s.s. verkaskipting á heimilisstörfum sem

leiðir til viðhorfsbreytinga í samfélaginu og hefur áhrif á stöðu kynjanna á vinnumarkaði.

Aðgerðarhópur um launajafnrétti

Aðgerðarhópur stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti hefur verið starfandi frá því í október 2012. Skipunartími hópsins var framlengdur árið 2014 til loka árs 2016.

Verkefni aðgerðarhópsins samkvæmt erindisbréfi er meðal annars að vinna að samræmingu rannsókna á kynbundnum launamun, stýra tilraunaverkefni um innleiðingu jafnlaunastaðals og gera tillögu að framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að brjóta upp kynjaskiptingu starfa á vinnumarkaði.

Tilraunaverkefnið um innleiðingu jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012 sem hófst formlega í desember 2013 er að ljúka. Á næstu mánuðum munu a.m.k. 9 stofnanir og fyrirtæki fá staðfestingu á að þau hafa innleitt og uppfyllt kröfur staðalsins og hljóta því jafnlaunavottun frá viðurkenndum vottunaraðila. Verkefnið hefur tekið lengri tíma en ætlað var, en innleiðing jafnlaunastaðalsins er vandasamt verk þar sem að þetta er í fyrsta skiptið sem slíkt er gert og í raun engin fyrirmynd til að verklagi.

Samhliða innleiðingu staðalsins þá hefur skapast þekking og reynsla og hefur verið sett á laggimar heimasíða með „verkfærakistu“ fyrir þá sem áhuga hafa á að kynna sér staðalinn og góð ráð við innleiðingu.

Eins og fram kemur í skýrslu forseta ASÍ frá síðasta ári þá er greint frá því að aðgerðarhópurinn hafi kynnt niðurstöður tveggja skýrslna sem unnar voru að tilstuðlan hópsins. Önnur skýrslan fjallaði um stöðu kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði og hin skýrslan var unnin í samvinnu við Hagstofu Íslands og er könnun á launamun karla og kvenna á tímabilinu 2008-2013.

Aðgerðarhópurinn vinnur að framtíðarstefnu í jafnlaunamálum, og er stefnt að því að skila skýrslu til velferðaráðherra 24. október. Þar verða setta fram tillögur að aðgerðum varðandi aukið launajafnrétti sem og að framtíðarstefnu stjórnvalda um jafnlaunamál og jafnrétti á vinnumarkaði. Tillögurnar byggjast á rannsóknum og verkefnum aðgerðarhópsins.

Þess má að lokum geta að jafnréttisfulltrúi ASÍ hefur kynnt verkefnið um innleiðingu jafnlaunastaðals bæði innanlands og erlendis og vekur verkefnið alltaf mikla athygli, en verið er að þýða staðalinn yfir á ensku.

Reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni og offeldi á vinnustöðum

Eins og fram hefur komið í fyrri skýrslum forseta ASÍ þá hefur verið unnið að endurskoðun reglugerðar nr. 1000/2004 um aðgerðir gegn einelti á vinnustað.

Í nóvember 2015 tók gildi ný reglugerð 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Í tilefni þess var ákveðið að efni og yfirskrift hádegisfundar í tengslum við 8. mars, sem er alþjóðlegur baráttudagur kvenna, bæri yfirskriftina *Örugg í vinnunni?*, og að sjónum væri beint að kynbundinni og kynferðislegri áreitni á vinnustöðum. Þeir aðilar sem stóðu að fundinum sem fyrir utan ASÍ voru BSRB, BHM, KÍ, Jafnréttisstofa og Jafnréttisráð kynntu nýjan bækling, *Kynbundin og kynferðisleg áreitni og ofbeldi á vinnustöðum*, þar sem ný reglugerð er kynnt og aðilar unnu saman að. Í bæklingnum er m.a. að finna skýringar á hugtökum og dæmi um kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni og ofbeldi, hvort sem það er orðbundið, táknrænt eða líkamlegt. Þar er að finna upplýsingar um ábyrgð atvinnurekenda, forvarnir og viðbrögð og þær leiðir sem í boði er fyrir þolendur sem ekki eru örugg í vinnunni. Bæklingurinn er eingöngu í rafrænu formi og er að finna m.a. á heimasíðu ASÍ.

Klukk – tímaskráningar-app

Þeir aðilar hjá ASÍ sem sinna fræðsluheimsóknum í framhaldsskólum hafa á undanförunum misserum fundið að skráning á vinnutíma er oft á tíðum vandamál hjá ungu fólki. Þannig eru deilur um vinnutíma meðal helstu umkvörtunarefna sem stéttarfélagin fá inn á sitt borð frá ungu fólki. ASÍ og aðildarfélag vildu bregðast við þessu vandamáli og niðurstaðan var nýtt hjálpartæki í símann sem fékk nafnið Klukk. Það var starfshópur um upplýsinga- og kynningarmál sem tók Klukk-málið upp á sína arma og sigldi í höfn ásamt nokkrum starfsmönnum á skrifstofu ASÍ. Fyrirtækið sem ASÍ valdi til samstarfs í þessu verkefni heitir Stokkur. Það hefur sérhæft sig í gerð smáforrita fyrir snjallsíma og á heiður af nokkrum vinsælustu öppum landsins, eins og Strætó, Dominos, Veður, 112 og Nova.

En hvað er Klukk? Klukk er tímaskráningar-app fyrir Android/iOS sem ætlað er launafólki. Notandi skráir vinnutímana sína með Klukk og hefur þannig yfirsýn yfir unnar vinnustundir. Í Klukk er hægt að virkja staðsetningarbúnað sem minnir notandann á að klukka sig inn þegar hann mætir til vinnu og klukka sig út þegar hann yfirgefur vinnustaðinn. Einnig er hægt að senda sér tímaskráningarskýrslu úr Klukk á netfang viðkomandi. Klukk er ókeypis og hægt að nálgast það í Appstore og Playstore.

Útgangspunkturinn var frá byrjun að Klukk væri einfalt í notkun. Ef appið er of flókið er hætt á að fólk nenni ekki að nota það og gefi því ekki séns. Með því að minnka flækjustigið sem mest er líklegra að fólk noti appið. Sú varð líka raunin því á tímabilinu febrúar til september 2016 sóttu tæplega 13 þúsund manns Klukk í símann sinn. Af þeim má búast við að 15%-20% séu virkir notendur.

Það verður að horfa á app sem nýjan miðil í fjölmiðlaflóru verkalýðshreyfingarinnar (ASÍ notar í dag heimasíðu, Facebook, Twitter og Youtube). Með þessari nýju leið nær verkalýðshreyfingin til töluverðs fjölda ungmenna en það er einmitt sá hópur sem hreyfingin hefur átt hvað erfiðast með að snerta með áþreifanlegum hætti.

EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL!

Alþýðusamband Íslands ákvað í byrjun árs 2016 að hrinda af stað sérstöku samstarfsverkefni Alþýðusambandsins og aðildarsamtakanna undir yfirskriftinni EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL! Verkefninu er beint gegn undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi með áherslu á erlenda starfsmenn og ungt fólk sem er að hefja þátttöku á vinnumarkaði. En á undangengnum mánuðum og misserum í kjölfar aukinnar þenslu, sérstaklega í ferðaþjónustu og byggingariðnaði og mannvirkjagerð, hafa stéttarfélögin orðið áskynja um stöðugt vaxandi vanda vegna undirboða á vinnumarkaði og svartrar atvinnustarfsemi.

Ákveðið var að byggja á þeirri sögu sem Alþýðusambandið býr að og rakin er hér að neðan sem og því samstarfi sem hefur verið í gangi milli stéttarfélaga í byggingariðnaði á höfuðborgarsvæðinu og Ríkisskattstjóra.

Kjarasamningar og samstarf við samtök atvinnurekenda og stjórnvöld

Í tengslum við kjarasamninga ASÍ og SA 17. febrúar 2008 var gerð sérstök bókun um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Af hálfu Alþýðusambandsins var markmiðið með vinnustaðaskírteininum og eftirliti á vinnustöðum að vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og tryggja eins og kostur er að starfsmenn njóti launa og annarra réttinda í samræmi við það sem þeim ber samkvæmt kjarasamningum og lögum.

Veturinn 2008 til 2009 hófst vinna við að hrinda efni bókunarinnar í framkvæmd í samstarfi ASÍ og SA. Samstaða var um að byrja með einfalt fyrirkomulag sem síðan mætti byggja á og þróa í framhaldinu. Þannig væru meiri líkur á því að koma mætti verkefninu í framkvæmd. Fyrirkomulagið byggði annars vegar á vinnustaðaskírteinum, sem uppfylltu lágmarkskröfur um upplýsingar, og hins vegar eftirliti úti á vinnustöðunum sem styddist við rafrænar upplýsingar úr þjóðskrá og fyrirtækjaskrá og rafræna skráningu í gagnagrunn sem vinna mætti frekar með og senda upplýsingar úr til opinberra aðila, s.s. ríkisskattstjóra og Vinnumálastofnunar.

Til að treysta grundvöll samninga ASÍ og SA í þessum efnum, tryggja réttarstöðu og heimildir eftirlitsfulltrúa aðila vinnumarkaðarins og skapa refsiheimildir gagnvart þeim fyrirtækjum sem ekki virða reglur um vinnustaðaskírteini var málinu fylgt eftir í tengslum við gerð Stöðugleikasáttmáls

í júní 2009 og aflað stuðnings af hálfu stjórnvalda. Í sáttmálanum sagði um þetta: „Aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld taki upp virkt samstarf um eftirlit á vinnustöðum og vinnustaðaskírteini í samræmi við bókun ASÍ og SA frá 17. febrúar 2008. Markmiðið með slíku samstarfi er m.a. að tryggja að starfsmenn njóti umsaminna réttinda og vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og misnotkun atvinnuleysisbóta. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum um almennt eftirlit á vinnustöðum og vinnustaðaskírteini.“

Haustið 2009 hófst síðan vinna við samningu rammalöggjafar um vinnustaðaskírteini og vinnustaðaeftirlit og samhliða unnu fulltrúar ASÍ og SA að samkomulagi milli samtakanna um sama efni sem fæli í sér nánari útfærslu á framkvæmd laganna. Lagafrumvarpið og samkomulag ASÍ og SA voru tilbúin í byrjun árs 2010 en framkvæmdin beið þess að frumvarpið yrði að lögum. Það varð í maí 2010 (lög nr. 42/2010) og í framhaldinu var fyrsta samkomulag ASÍ og SA undirritað 15. júní sama ár. Á sama tíma var tilbúinn sérstakur hugbúnaður (FINNUR) og gagnagrunnur til að skrá í upplýsingar sem aflað er í vinnustaðaeftirlitinu. Þá var settur upp sérstakur vefur, www.skirteini.is. Á vefnum er að finna upplýsingar um samkomulag ASÍ og SA, lögin og annað sem málið varðar. Þar eru einnig leiðbeiningar um gerð vinnustaðaskírteina.

Til að byrja með féllu byggingastarfsemi, mannvirkjagerð, rekstur gisti-staða og veitingarekstur undir gildissvið samkomulagsins og var gert ráð fyrir að fleiri atvinnugreinar fylgdu í kjölfarið. Samhliða gerð kjarasamnings á milli aðildarsamtaka ASÍ og SA 5. maí 2011 var undirritað viðbótarsamkomulag um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum sem fól í sér að gildissviðið var útvíkkað. Eftirtöldum atvinnugreinum var m.a. bætt við: Söluturnum, húsgagna- og innréttingaiðnaði, gleriðnaði og skyldri starfsemi, kjötiðnaði, bakstri, bílgreinum, rafíðnaði, ýmsum málm- og véltæknigreinum, veitustarfsemi, fjarskiptum og upplýsingastarfsemi og öryggisþjónustu. Þá var ákveðið að skyldan til að bera vinnustaðaskírteini nái einnig til atvinnurekenda og starfsmanna þeirra sem ekki starfa við þær atvinnugreinar sem samkomulag ASÍ og SA nær til, en vegna vinnu sinnar sinna verkefnum í slíkum fyrirtækjum, þegar þeir eru við þau störf. Með samkomulagi sem undirritað var í apríl 2013 var enn bætt við atvinnugreinum: Ræktun nytjajurta, svína- og alifuglarækt, eggjaframleiðsla, farþegaflutningum á landi og ferðaþjónustu, skrudgarðyrkju og ýmissi þjónustustarfsemi. Segja má að með samkomulaginu falli allar helstu atvinnugreinar sem máli skipta undir skyldu starfsmanna til að bera vinnustaðaskírteini, ef frá eru taldar fiskvinnslan og dagvöruverslunin.

Í samkomulaginu 2011 var ákveðið að fela Staðlaráði Íslands gerð staðals um vinnustaðaskírteini. Þann 10. september 2012 tók gildi staðall um vinnustaðaskírteini, ÍST 132:2012. Í staðlinum er fjallað um gildissvið hans

og markmið, hugtök skilgreind, stærð og gerð ákveðin og tilgreint hvaða upplýsingar eiga að koma fram á vinnustaðaskírteinunum. Samningsaðilar hafa ákveðið að kanna kosti þess að taka upp rafræna skráningu starfsmanna sem valkost fyrir fyrirtæki í stað vinnustaðaskírteinis eins og mælt er fyrir um í framangreindum staðli. Meðan sú vinna er í gangi er ekki gerð krafa til þess að vinnustaðaskírteini uppfylli kröfur staðalsins um stærð og efni enda tryggt að allar upplýsingar, sem fram koma á skírteininu, séu auðlæsilegar. Þetta þýðir að auk annarra upplýsinga er nú skylt að hafa starfsheiti á skírteininu.

Almennt má segja að samstarfið við SA hafi gengið ágætlega og ekki hafi komið til ágreinings sem neinu nemur. Tveir starfsmenn á vegum SA í fullu starfi sinntu vinnustaðaeftirliti um tveggja ára skeið, en þeim var sagt upp störfum í lok árs 2013.

Samstarf við ríkisskattstjóra og aðra opinbera aðila

Í aðdraganda kjarasamninganna í maí 2011 áttu fulltrúar ASÍ og SA samræðu við ríkisskattstjóra og fulltrúa embættisins (RSK) um umfang og útbreiðslu svartrar atvinnustarfsemi og hvernig sporna mætti við henni með samstarfi þessara aðila. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð samninganna var sérstaklega fjallað um þetta efni, þar sem sagði:

„Svört atvinnustarfsemi

Ráðist verður í tímabundið átaksverkefni til að sporna við svartri atvinnustarfsemi. Embætti ríkisskattstjóra, með fulltingi fjármálaráðuneytis, munu standa fyrir tímabundnu átaki, í samvinnu við ASÍ og SA, með það að markmiði að leiðbeina um tekjuskráningu, sporna við svarti atvinnustarfsemi og upplýsa um skyldur smærri og meðalstórra rekstraraðila.

Skipulag leiðbeinandi þjónustueftirlits verður með þeim hætti að starfsmenn munu heimsækja rekstraraðila og verða niðurstöður slíkra heimsókna skráðar og unnid úr þeim af hálfu RSK. Átakið er tímabundið og mun standa yfir í a.m.k. 4 mánuði sumarið 2011, undir stjórn vettvangsteymis RSK. Skýrslu verður skilað um eftirlitið og árangur þess.“

Átakið hófst síðan í júní 2011 með yfirskriftinni „Leggur þú þitt af mörkum?“ og stóð fram í lok ágúst. Heimsótt voru lítil og meðalstór fyrirtæki, alls 2.024 lögaðilar og 2.136 starfsstöðvar um allt land. Þá voru skráðar 6.167 kennitölur einstaklinga/starfsmanna. Ákveðið var að skoða einkum þrjá þætti: Tekjuskráningu og virðisaukaskattskil, launa- og eða starfssamband, og réttindi og skyldur aðila. Í ljós kom að í meira en helmingi fyrirtækja voru hlutirnir ekki í lagi og í sumum tilfellum var allt í ólestri. Þá var áætlað út frá þeim gögnum sem safnað var að um svarta atvinnustarfsemi væri að ræða í 12% tilfella með tilheyrandi tjóni fyrir starfsmenn og samfélagið allt.

Samstarf ASÍ og SA og ríkisskattstjóra hélt síðan áfram með þremur átaksverkefnum undir yfirskriftinni „Leggur þú þitt af mörkum?“. Verkefnin byggðu í aðalatriðum á sama grunni, þótt áherslur varðandi það hvaða atvinnugreinar voru skoðaðar hafi verið aðeins mismunandi frá einum tíma til annars. Þessi vinna stóð yfir veturinn 2011-2012, sumarið 2012 og sumarið 2013.

Pá er rétt að geta þess að með stuðningi ASÍ og SA fengust vorið 2014 ríkari heimildir en áður í lögum til að loka atvinnustarfsemi, ef um brotastarfsemi væri að ræða.

Að mati allra þeirra sem málið varðar, þ.e. ASÍ, SA og RSK, var samstarfið gott og árangursríkt og gagnaðist öllum sem að því komu. Það gildir ekki síst um ASÍ og SA enda ljóst að því fylgir ákveðinn þungi að hafa starfsmenn Ríkisskattstjóra með í för við vinnustaðaeftirlitið. Það olli því vonbrigðum þegar í ljós kom vorið 2014 að RSK var ekki til í að halda samstarfinu áfram, a.m.k. að svo komnu máli. Báru þau fyrir sig breyttar áherslur í starfi embættisins og að komið hefði fram að ekki væri áhugi hjá SA á frekara samstarfi.

Frá því að vinnustaðaeftirlitið hófst til loka árs 2014 voru yfir 30.000 kennitölur starfsmanna skráðar í gagnagrunninn FINN. Nánar má fræðast um þetta samstarf og árangurinn af því á www.skirteini.is.

Á þessum tíma má segja að ákveðnu tilrauna- og reynslutímabili hafi lokið og komið var að því að ákveða næstu skref. Aðildarfélög ASÍ höfðu verið mjög mis virk í vinnustaðaeftirlitinu og framkvæmd þess, þar sem sum höfðu sett í það umtalsverða vinnu og fjármuni meðan önnur tóku lítinn eða engan þátt. Pá skorti upp á að eftirlitið hafi verið nægilega markvisst og eftirfylgni var oft ábótavant. Þannig má fullyrða að þau tækifæri og möguleikar sem felast í vinnustaðaskírteinunum og vinnustaðaeftirlitinu hafi ekki verið nýttir að fullu.

Aðdragandinn: Heildstæð, öflug og markviss nálgun gegn undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi

Áhugi var á því innan Alþýðusambandsins og aðildarfélaga þess að þróa áfram starfið varðandi vinnustaðaskírteinin og vinnustaðaeftirlitið. Annars vegar vegna þess árangurs sem menn höfðu séð að vinnan skilaði og hins vegar vegna þess að í upptaktinum að nýju þenslutímabili fór að bera á aukinni brotastarfsemi á vinnumarkaði, einkum í ferðaþjónustunni og bygginga- og mannvirkjagreinum, og því brýnt að bregðast við af festu. Fjallað var um málið á vettvangi ASÍ, landssambandanna og í miðstjórn og kom þar fram eindrægur vilji til að efla vinnustaðaeftirlitið og jafnframt nýta þá möguleika og þau tækifæri sem löggjöfin og samningarnir um

vinnustaðaskírteini og vinnustaðaeftirlit fela í sér með kerfisbundnari hætti til að kynna launafólki réttindi sín og starf verkalýðshreyfingarinnar. Í upphafi árs 2016 var því lögð áhersla á aukna festu og heildstæða og markvissa nálgun gagnvart viðfangsefninu og að Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess sammæltust um hvert skuli stefna. Í byrjun árs 2015, með afgreiðslu starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016, var ákveðið að fara af stað með verkefnið EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL!

Til að tryggja meiri og varanlegri árangur af verkefninu var ákveðið að Alþýðusambandið tæki að sér ákveðið forystu- og samræmingarhlutverk gagnvart aðildarfélögnum. Á móti myndu stéttarfélögin skuldbinda sig til að taka virkan þátt í vinnustaðaeftirlitinu hvert á sínu svæði.

Ákveðið var að byggja á þeirri reynslu og þekkingu sem byggst hafði upp árin á undan í gegnum átakið „EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL!“ á árunum 2005–2007. Einnig í verkefninum „Leggur þú þitt af mörkum?“ sem unnin voru í samstarfi ASÍ, SA og ríkisskattstjóra á árunum 2011, 2012 og 2013 og gerð er grein fyrir hér að framan. Og loks samstarfi sem tekist hefur með aðildarfélögum ASÍ í bygginga- og mannvirkjagerð á höfuðborgarsvæðinu, Vinnuálastofnun, ríkisskattstjóra, Vinnueftirlitinu og lögreglunni. Samstarfi sem draga mætti lærdóm af fyrir aðrar atvinnugreinar og landið allt.

Mikilvægt er að halda til hags að hér á landi er að mörgu leyti betri og traustari löggjöf og regluverk þegar kemur að því að glíma við svika- og brotastarfsemi á vinnumarkaði.

Pá bíða tvær tilskipanir ESB þess að vera innleiddar hér á landi sem hafa að markmiði m.a. að styrkja framkvæmd tilskipunar um útsenda starfsmenn. Loks má nefna boðaða endurskoðun Evrópusambandsins á tilskipuninni um útsenda starfsmenn til að styrkja grundvallarregluna um „sömu laun fyrir sömu vinnu“ sem nánar er fjallað um síðar í þessari skýrslu.

Af hverju EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL!?

Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess höfðu á undangengnum mánuðum og misserum orðið áskynja um stöðugt vaxandi vanda vegna undirboða á vinnumarkaði og svartrar atvinnustarfsemi. Helst má líkja ástandinu við stöðuna eins og hún var þegar verst lét á árunum fyrir hrunið 2008, en þó bara ennþá verri. Birtingarmyndir brotastarfseminnar eru einkum með þrennum hætti:

- Gagnvart útlendingum og ungu fólki í ráðningarsambandi við innlend fyrirtæki. Þar sem kjarasamningar eru ekki virtir og réttindi fótum troðin, launafólk hvatt til að vera í svartri vinnu og ungmenni blekkt til að til að vinna „prufudaga“ eða „prufuvakt“ eða ráða sig „til reynslu“ án launa.

- Gagnvart útlendingum sem starfa hjá erlendum verktakafyrirtækjum

og starfsmannaleigum. Gjarnan er um að ræða laun og önnur starfskjör sem eru langt undir því sem íslenskir kjarasamningar kveða á um. Um er að ræða fyrirtæki í hefðbundinni verktökuþjónustustarfsemi, en einnig í vaxandi mæli starfsmannaleigur. Þá er einnig dæmi um gerviverktöku í tengslum við þessa samninga.

- Gagnvart erlendum ungmennum við „sjálfboðaliðastörf“ af ýmsu tagi, sem oftar en ekki falla undir reglur vinnumarkaðarins og eru launavinna án þess að nokkur laun séu greidd. Sama gildir um sumt af svokölluðu „starfsnámi“ sem erlend ungmenni eru sögð stunda hér.

Þessari brotastarfsemi fylgir ekki aðeins að brotið sé á þeim einstaklingum sem um ræðir, bæði hvað varðar laun og önnur starfskjör og greiðslu iðgjalda sem veita margháttuð réttindi á vinnumarkaði. Henni fylgir jafnframt að fyrirtækin sem um ræðir eru með öllum ráðum að koma sér undan sköttum og skyldum og að greiða til samfélagsins því sem þeim ber. Loks ber að geta þess að svört atvinnustarfsemi og önnur brotastarfsemi, s.s. kennitölufلاكk, eru oft tvær hliðar á sama peningi og mikilvægt að átta sig á því samhengi.

Að mati þeirra sem gerst þekkja til eru þær aðferðir sem notaðar eru við þessa brotastarfsemi um margt „þróaðri“ og ósvífarnari en áður hefur sést.

Markmið verkefnisins EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL!

Ljóst var að þörf væri á öflugum og markvissum aðgerðum gegn brotastarfseminni. Viðfangsefnið er:

- Að tryggja kjör og réttindi á íslenskum vinnumarkaði fyrir alla sem hér starfa, þ.m.t. útlendinga sem hingað koma og ungt fólk sem er að hefja þátttöku á vinnumarkaði.
- Að tryggja starfsemi og eðlilega samkeppnisstöðu fyrirtækja sem virða kjarasamninga og lög og þau viðmið og samskipti sem gilda á íslenskum vinnumarkaði og eru kjölfestan í íslensku atvinnulífi.
- Að tryggja að sameiginlegir sjóðir samfélagsins fái sitt til að fjármagna m.a. öflugt heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfi.

Áhersla var lögð á einföld og skýr skilaboð; það tapa allir á undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi nema svindlararnir. Markmiðið er að allur þorri landsmanna styðji baráttuna gegn brotastarfseminni með virkum hætti.

Settur var á fót stýrihópur fulltrúa ASÍ, landssambandanna og félaga með beina aðild til að koma verkefninu af stað og leiða fyrstu skrefin. Nýr starfsmaður var ráðinn á skrifstofu ASÍ til að halda utan um daglegan rekstur verkefnisins. Verkefni Alþýðusambandsins og stýrihópsins voru einkum að annast sameiginlega skipulagningu og samræma nálgun aðildarsamtaka ASÍ.

Staða verkefnisins EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL!

Frá því að ákvörðunin var tekin á vettvangi ASÍ um að fara af stað með verkefnið „EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL!“ og þar til verkefninu var formlega hleypt af stokkunum í byrjun mars 2016 var verkefnið kynnt aðildarfélögum í kringum landið og unnið að margháttaðu upplýsinga- og kynningarefni. Einnig var unnið að uppfærslu stuðningsefnis fyrir eftirlitsfulltrúa og vinnustaðaheimsóknir, verkferlar voru mótaðir og komið var á tengslum við mögulega samstarfsaðila utan verkalýðshreyfingarinnar.

Ljóst er að verkefnið er umfangsmikið og því nauðsynlegt að nálgast það frá mörgum hliðum. Ein snýr að því að upplýsa erlenda starfsmenn um réttindi sín, ungt fólk um sín réttindi og skyldur og atvinnurekendur um skyldur sínar sem og afleiðingar af brotastarfsemi. Auk þess er mikilvægt að auka meðvitund í samfélaginu almennt um málefnið og afleiðingar undirboða á vinnumarkaði.

Eins og áður kom fram var ráðist í þróun og útgáfu kynningarefnis bæði í prentuðu formi og til notkunar á vefmiðlum. Efninu hefur verið dreift víða og má ætla að EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL! sé nú orðið nokkuð þekkt vörumerki.

- Veggblöð hafa verið hengd upp í matvöruverslunum Bónus og Samkaupa og Work in Iceland bæklingum, sem eru stuttir bæklingar um réttindi á íslenskum vinnumarkaði, dreift þar.
- Veggblöð, kjarasamningsbæklingar (útdrættir úr kjarasamningum á ensku/íslensku og pólsku/íslensku), Work in Iceland bæklingar og annað efni hefur verið dreift á þær stofnanir og félagasamtök þar sem útlendingar sækja sér þjónustu. Svo sem hjá RKÍ, Þjóðskrá, VMST, Reykjavíkurborg, Mannréttindaskrifstofu og Fjölmenningssetri.
- Kynningarefni ætlað erlendum starfsmönnum hefur verið dreift í útlendingasamfélaginu með öllum mögulegum leiðum. Byrjað var á að kortleggja samskiptaleiðir fólks af erlendum uppruna og var þá ljóst að árangursríkast yrði að dreifa efninu rafrænt á fréttaveitum og Facebook-hópum en þeir hópar eru mjög fjölmennir og síðurnar mikið sóttar. Einnig hefur efni verið dreift í pólsku búðunum, þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar og fleiri stöðum
- Ákveðið var að nýta samfélagsmiðla til að ná til unga fólksins. Gerð voru ellefu stutt myndskreið þar sem þekktir einstaklingar af yngri kynslóðinni fræða jafnaldra sína og hvetja til að standa vörð um sín réttindi. Á Facebook-síðu verkefnisins hafa öll myndböndin verið skoðuð mörg þúsund sinnum, eða 62.329, það sem oftast hefur verið sótt en 18.845 það sem sjaldnast hefur verið sótt. Þessi stuttu myndbönd hafa einnig verið

- birt á Youtube, Google og sem auglýsingar í bíóhúsum.
- Lendingarsíðan www.ekkerstvindl.is er nokkuð mikið heimsótt; sem dæmi voru 2221 heimsóknir í ágúst sl. og eins eru erlendu bæklingarnir mikið sóttir af heimasíðu ASÍ sem 12000 manns skoðuðu í sama mánuði. Þeir eru það efni sem mest eftirsókn er í fyrir utan forsíðu síðunnar.
 - Einblöðungarnir Ráðning erlendra starfsmanna og Workers from the EEA area, for workers and employers to consider, þar sem farið er yfir að hverju þarf að huga við ráðningu erlendra starfsmanna, hefur verið dreift meðal helstu samtaka atvinnurekenda auk þess sem eftirlitsfulltrúar nýta þann bækling mikið úti á vettvangi. Þannig virðist hann hafa mætt ákveðinni þörf þar sem innflæði erlendra starfsmanna er mikið þessi misserin og fæstir atvinnurekendur virðast kynna sér af sjálfdáðum þær reglur sem um þá gilda.

Einnig má nefna að upplýsingaefnið hefur komið að góðum notum í námskeiðum sem haldin eru á vegum stéttarfélaganna og Félagsmálaskólans.

Einn mikilvægasti þáttur verkefnisins snýr einmitt að kynningu og uppfræðslu bæði til starfsmanna og atvinnurekenda þar sem viðhorfið í samfélaginu þarf að breytast þegar kemur að félagslegum undirboðum og svartri atvinnustarfsemi. Vegna þessa var mikil áhersla og metnaður lagður í kynningarherferðina.

Viðbrögðin hafa verið mjög jákvæð, mikil þörf virðist vera á efni sem þessu þar sem starfsmenn af erlendum uppruna er sá hópur sem manna flest þau störf sem hafa verið að skapast þessi misserin og stendur langveikast og er helst brotið á. Það er því eitt mikilvægasta atriðið í þessu verkefni að ná til þess hóps með upplýsingum um réttindi á vinnumarkaði. Ítrekað hefur verið kallað eftir efni bæði frá stofnunum og félögum fólks af erlendum uppruna. Einnig virðist ungt fólk flest kannast við Einn rétt, ekkert svindl og er þá vonandi um leið meðvitaðra um sinn rétt og að sækja sér aðstoð ef þarf.

Í þessu sambandi er einnig vert að nefna að í vinnslu er vefsíðan www.posting.is. Aðilar vinnumarkaðarins og opinberar stofnanir sem hlutverki gegna standa saman að þessari vinnu. En fulltrúar ASÍ lögðu mikla áherslu á að útbúið yrði einfalt og aðgengilegt upplýsingaefni fyrir eftirtalda aðila:

1. Fyrir innlend notendafyrirtæki sem gera samninga um þjónustu við erlend þjónustufyrirtæki, þ.m.t. starfsmannaleigur, sem hingað koma með starfsmenn og sem vilja vera með hlutina í lagi.
2. Fyrir þau erlendu þjónustufyrirtæki sem hingað koma með starfsmenn sína og vilja vera með hlutina í lagi.

Lögð er áhersla á að aðildarfélög ASÍ og aðrir sem málið varðar setji efnið á heimasíður sínar eða setji krækjur í efni á heimasíðurnar og komi því á framfæri í félagsblöðum sínum og staðbundnum miðlum.

Vefútgáfuna af „Icelandic Labour Law“ er hægt að nálgast á heimasíðu ASÍ. Einnig er hægt að setja krækju í hana á aðrar heimasíður. Þetta efni hentar vel þeim sem vantar ítarefni um íslenska vinnumarkaðinn á ensku, bæði einstaklingum og fyrirtækjum.

Auk þess sem að framan greinir er lögð áhersla á að eiga gott samstarf við „útlendingasamfélagið“ og aðra þá aðila sem eru í tengslum við og þjónusta útlendinga sem hér dvelja. Sama gildir um þá aðila sem starfa með ungu fólki og eru í tengslum við það.

Efling vinnustaðaeftirlitsins

Áður en verkefninu var formlega hleypt af stokkunum voru, eins og áður kom fram, haldnir kynningarfundir víða um land í því skyni að sameina verkalyðshreyfinguna á bak við verkefnið og stuðla að því að virkt eftirlit væri sem víðast. Starfsmaður verkefnisins hefur síðan í samvinnu við stéttarfélög á hverjum stað skipulagt sameiginlegt vinnustaðaeftirlit með stjórnarsýslustofnunum. Ákveðið var að hafa þennan háttinn á bæði til að koma á eftirliti þar sem virknin var lítil og til að mynda staðbundið samstarf við þær stjórnarsýslustofnanir sem hlutverki hafa að gegna í eftirliti með vinnumarkaðnum. Einnig hafa þessar sameiginlegu ferðir gegnt lykिलlutverki í að þróa sameiginlegt eftirlit með stjórnarsýslustofnunum. Nú með haustinu tókst að loka hringnum og er nú virkt eftirlit um allt land og flest félög koma nú með einum eða öðrum hætti að vinnustaðaeftirliti. Vinnustaðaeftirlit er í dag orðinn vaxandi þáttur í starfsemi stéttarfélaganna og víða hluti af kjarnastarfsemi þeirra. En hátt á þriðja tug nýrra eftirlitsfulltrúa hafa bæst við frá því verkefninu var hleypt af stokkunum, mörg stéttarfélög hafa einnig sameinast um ráðningu verkefnastjóra vinnustaðaeftirlits. Þá má nefna að skráningar í gagnagrunninn FINN hafa aukist mikið eða úr 641 skráningu (1. apríl–1. september 2015) í 3041 (1. apríl–1. september 2016).

Verkefnastjórar vinnustaðaeftirlitsins og þeir eftirlitsfulltrúar sem virkastir eru hittast reglulega á samráðsfundum. Fundirnir eru nýttir til að skerpa á verklagi og samræma vinnubrögð í vinnustaðaeftirliti. En mikilvægt er að eftirlitsfulltrúar fái tilfinningu fyrir því að þeir séu að vinna saman að sameiginlegu verkefni, hafi stuðning hver af öðrum og að ekki sé hver í sínu horni. Því eru reglulegir samráðsfundir mjög mikilvægir til að skiptast á upplýsingum, móta starfið áfram og læra hver af öðrum.

Einnig var lagt upp með reglulega kynningar- og upplýsingafundi fyrir alla eftirlitsfulltrúa sem áhuga höfðu en nú munu námskeið á vegum

Félagsmálaskólans koma í þeirra stað. Annars vegar verður haldið þriggja stunda námskeið í lok september og hins vegar þriggja daga námskeið í byrjun desember. Ef þörf er á og áhugi fyrir hendi verður fleiri námskeiðum eða kynningarfundum bætt við.

FINNUR – Gagnagrunnur um vinnumarkaðinn

Ákveðið var að hrinda af stað þróun öflugs gagnagrunns þar sem mögulegt væri að skrásetja og greina brotastarfsemi og byggja þannig smám saman upp gagnagrunn um vinnumarkaðinn. Í nýja FINNI er aukin áhersla á að skrá upplýsingar um atvinnurekendur. Þar verður til ákveðin hvít- og svartlistun fyrirtækja sem auðveldar vinnustaðaeftirlitinu að beina spjótum að þeim fyrirtækjum sem helst þurfa skoðunar við en láta önnur í friði. Skráningum hefur, eins og áður kom fram, fjölgað mikið eða því sem næst fimmfaldast frá fyrra ári.

FINNUR er mikilvægasta verkfærið þegar kemur að vinnustaðaeftirliti og gegnir einnig mikilvægu hlutverki þegar kemur að samstarfi okkar við stjórnarsýslustofnanir. Okkar samstarfsaðilar hjá Ríkisskattstjóra, Vinnu-málastofnun, lögreglu og Vinnueftirliti nýta skráningarnar markvisst og skoða reglulega allar nýjar skráningar og bera saman við sín gögn. Út úr þeirri vinnu hafa ófá mál komið sem unnin hafa verið áfram af viðkomandi stofnun eða í samstarfi okkar á milli.

Samstarf við stjórnarsýslustofnanir

Einn mikilvægasti áfangi verkefnisins hingað til er að hafa náð að koma á formlegu og reglubundnu samstarfi og virkja stjórnarsýslustofnanir með í vinnunni. Ekki síst í eftirlitinu því það hefur sýnt sig að þegar við leggjum saman heimildir okkar, úrræði og viðurlög náum við mun meiri árangri en hver aðili hefur áður verið fær um einn og sér. Þar sem brotin sem átt er við eru í mörgum tilvikum mjög alvarleg og brotavilji fyrirtækja einbeittur er mikilvægt að eftirlitsaðilar vinni saman og leggi saman sínar heimildir. Sameiginlegar eftirlitsferðir hafa verið ákveðnar með tilliti til þess fyrst og fremst hvar á landinu þurfti að virkja eftirlit stéttarfélaganna. Einnig hafa verið farnar sameiginlegar ferðir þegar þörf hefur verið talin á svo sem norður á Bakka og Þeistareyki vegna þeirra miklu framkvæmda sem þar standa yfir, í ferðaþjónustuna á Suður- og Vesturlandi og á veitingastaði í miðbæ Reykjavíkur. Þar sem brotin sem átt er við eru í mörgum tilvikum mjög alvarleg og brotavilji fyrirtækja einbeittur er mikilvægt að eftirlitsaðilar vinni saman og leggi saman sínar heimildir. Mikill vilji er til að halda þessu samstarfi áfram þar sem allir aðilar eru mjög ánægðir með þann árangur sem náðst hefur og vilji er til að gera enn betur. Í þessu sambandi má nefna að

staðarþekking stéttarfélaganna er mjög mikilvæg í þessari vinnu. Til að þróa verklagið áfram vann hver stofnun þarfagreiningu þar sem fram kemur hvaða upplýsinga er aflað í vinnustaðaeftirliti og hvernig, viðbrögð við brotum og heimildir til aðgerða. Á grundvelli þessa er komið nokkuð fastmótað verklag í sameiginlegum vinnustaðaheimsóknum. Sem dæmi um þann ávinning sem samvinnan gefur má nefna að samkomulag náðist um ákveðið verklag varðandi sjálfboðaliða: Ef stéttarfélagin sem „launalögga“ í landinu og með stuðningi sameiginlegrar yfirlýsingar ASÍ og SA um sjálfboðaliða, lýsa því yfir að þau líti svo á að sjálfboðaliðar í ákveðnu fyrirtæki séu í raun starfsmenn þá getur Vinnueftirlitið og Ríkisskattstjóri farið inn með sínar heimildir og gefið tilmæli sem geta verið mjög þþyngjandi, og vanefndir valdið sektum og jafnvel lokunum.

Mikilvægt er að framangreindir aðilar vinni saman því það gefur aðgerðunum mun meiri slagkraft auk þess sem markmið allra er það sama, þ.e. að vinna gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Einnig sýnir reynslan að ef atvinnurekandi er að brjóta á sínu starfsfólki þá er yfirleitt pottur brotinn á fleiri sviðum og því er samstarf af þessu tagi bæði nauðsynlegt og árangursríkt.

Samstarf framangreindra aðila nær einnig til úrbóta varðandi sameiginlega túlkun, bættu framkvæmd og breytingar á löggjöf til að styrkja vinnumarkaðinn og vinna gegn brotastarfsemi. Fjallað er um þann þátt á öðrum stað í skýrslunni.

Yfirlýsing um sjálfboðaliðastörf

Ein birtingarmynd brotastarfseminnar á vinnumarkaði, einkum í ferðaþjónustunni og landbúnaði, eru undirboð með svokölluðum sjálfboðaliðum. Um eru að ræða ungt fólk sem kemur erlendis frá og starfar hér á landi í efnahagslegri starfsemi launalaust, en fyrir fæði og húsnæði.

Af framangreindum ástæðum vann Alþýðusambandið minnisblað og gaf síðan út álit þar sem fram kemur sú afdráttarlaus skoðun sambandsins að gera verði skýran greinarmun á ólaunadri vinnu í efnahagslegri starfsemi annars vegar og ólaunadri samfélagslegri vinnu (sjálfboðavinnu) hins vegar. Ólaunúð vinna við efnahagslega starfsemi, framleiðslu og sölu á vöru eða þjónustu á markaði (í hagnaðarskyni) oft í samkeppni við fyrirtæki í sömu atvinnustarfsemi, felur í sér óásættanleg undirboð á íslenskum vinnumarkaði og stenst hvorki kjarasamninga né lög. Dæmi um efnahagslega starfsemi þar sem gjarnan finnst fólk í ólaunadri vinnu skv. athugun ASÍ er fyrst og fremst við ýmiss konar ferðaþjónustu, nánar tiltekið vinnu á kaffi- og veitingahúsum, á gistiheimilum og hótelum, hestaleigum og við hellaskoðanir auk ýmiss konar blandaðra starfa á sveitabýlum og/eða við bændagistingu.

Af hálfu ASÍ var lögð mikil áhersla á að samtök atvinnurekenda og stjórnvöld gæfu út sameiginlega yfirlýsingu með Alþýðusambandinu þar sem tekin væru af öll tvímæli um þetta efni. Viðræður við Samtök atvinnulífsins leiddu til þess að aðilar gáfu í byrjun september 2016 eftirfarandi yfirlýsingu:

„Yfirlýsing Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins vegna sjálfbodaliða

Heildarsamtök á vinnumarkaði hafa axlað sameiginlega ábyrgð á uppbyggingu vinnumarkaðarins og réttindum og skyldum sem þar gilda. Markmið samtakanna er að tryggja áfram samkeppnishæfan vinnumarkað þar sem samtök atvinnurekenda og launafólks semja um laun og önnur starfskjör í kjarasamningum. Aðilar vinnumarkaðarins bera þá skyldu að fylgja því eftir að farið sé að leikreglum á vinnumarkaði.

Það er sameiginlegt viðfangsefni aðila að stuðla að því að fyrirtæki í framleiðslu eða þjónustu, greiði laun og starfskjör í samræmi við kjarasamninga og lög hér á landi.

Ef kjarasamningar eru ekki virtir grefur það undan starfsemi annarra fyrirtækja og spillir forsendum eðlilegrar samkeppni og dregur úr ávinningi alls samfélagsins af traustu og heilbrigðu atvinnulífi.

Í því ljósi telja Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins og aðildarsamtök þeirra mikilvægt að sameiginlegur skilningur gildi á vinnumarkaði um störf sjálfbodaliða.

Samtökin áréttu að það er andstætt kjarasamningum og meginreglum á vinnumarkaði að sjálfbodaliðar gangi í almenn störf launafólks í efnahagslegri starfsemi fyrirtækja. Um þessi störf gilda ákvæði kjarasamninga, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks. Launafólk hefur sinnt þessum störfum og verður því ekki skipt út fyrir sjálfbodaliða. Samningar við einstaklinga um lakari kjör en kjarasamningar kveða á um eru ógildir.

Sjálfbodaliðastörf eiga sér hins vegar langa sögu og eru mikilvæg þeim aðilum sem vinna í þágu almannaheilla að góðgerðar-, menningar- eða mannúðarmálum. Ekki eru gerðar athugasemdir við þau störf sjálfbodaliða enda byggi þau á langri venju og sátt hefur verið um.“

Þegar þetta er skrifað er sambærileg yfirlýsing með Bændasamtökunum í burðarliðnum. Hins vegar hafa samræður við stjórnvöld um málið ekki skilað árangri, a.m.k. ekki sem komið er.

Vinnustaðanám, starfsnámsnemendur og undirboð á vinnumarkaði

Á undanfórnum misserum hafa komið upp vaxandi vandamál vegna nemenda erlendis frá sem komið hafa í „starfsþjálfun“ eða „starfsnám“ hér

á landi, einkum í tengslum við ferðaþjónustuna. Dæmi um þetta eru hótelstjórnunarnemendur. Einnig hafa orðið umræður um Erasmus+ nema sem hingað hafa komið í starfsþjálfun án milligöngu Íðunnar. Þá eru einnig vaxandi áhyggjur vegna nemenda við íslenska skóla og „fræðslustofnanir“, bæði á framhaldsskóla- og háskólastigi, sem stunda „starfsþjálfun“ eða „starfsnám“ án þess að um það gildi skýrar reglur.

Allt bendir til þess að í fyrirsjáanlegri framtíð muni þrýstingurinn á að fyrirtæki taki til sín/bjóði upp á starfsþjálfun fara vaxandi. Mikilvægt er að brugðist verði við þessari þróun með því að setja skýran ramma um það í hverju „starfsþjálfun“ eða „starfsnám“ á að felast, hvaða skyldum menntastofnanir, fyrirtæki sem taka slíka nema og nemarnir sjálfir þurfa að uppfylla. Þá ber að leggja sérstaka áherslu á að þessi starfsemi verði ekki til að raska þeim reglum og fyrirkomulagi sem gildir á íslenskum vinnumarkaði, þar sem kjarasamningar gegna lykilhlutverki.

Í ljósi framanritaðs hefur Alþýðusambandið átt frumkvæði að því að kalla saman fulltrúa þeirra aðila sem málið varðar, en það eru, auk fulltrúa aðildarsamtaka ASÍ, fulltrúar Samtaka atvinnulíffsins, menntamálaráðuneytisins og RANNÍS. Í byrjun september var haldinn fundur þessara aðila þar sem Alþýðusambandið lagði fram minnisblað um málið ásamt hugleiðingum um hvernig takast mætti á við úrlausnarefnið. Þar er fjallað um almenn skilyrði vegna starfsnáms/starfsþjálfunar á vinnustað og áréttað að:

- Móttaka starfsnema setur ríka ábyrgð á herðar atvinnurekenda. Ljóst er að ákveðið umfang verður að vera á starfsemi hans til þess að væntanlegur starfsnemi njóti góðs af til fullnustu („Fyrirtæki eða stofnun skal hafa með höndum nægilega fjölbætt verkefni á starfssviði sínu til að geta annast fullnægjandi kennslu samkvæmt námskrá starfsgreinarinnar“⁷).
- Fyrir liggi samningur á milli viðkomandi skóla og fyrirtækis um það vinnustaðanám sem um ræðir og í hverju það skal felast s.s. hvað varðar verkefni sem nemandinn skal læra að leysa af hendi og leiðsögn sem nemandinn skal fá.
- Fyrir liggi samningur á milli nemanda og fyrirtækis um tímalengd samningsins, starfskjör og starfsaðstæður, tryggingar og réttindi og skyldur samningsaðila að öðru leyti.
- Til staðar sé hæfur leiðbeinandi með tilskilda menntun („Fyrirtæki eða stofnun skal hafa á að skipa hæfum tilsjónarmanni sem fengið

7

Beinar tilvísanir í texta eru í reglugerð nr. 840/2011 um vinnustaðanám og starfsþjálfun á vinnustað.

hefur þjálfun í leiðbeiningu nýliða, býr að góðri færni í mannlegum samskiptum og hefur yfirsýn yfir helstu verkefni viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar.“)

- Fjöldi starfsnámsnemenda skal aldrei vera meiri en sem nemur X% af starfsmannafjölda í viðkomandi fyrirtæki/deild.
- Starfsnámsnemendur skulu ekki ganga í störf starfsmanna í þeim mæli að þeir komi í stað annarra. Leggja áherslu á að um starfsnám er að ræða. Nemandi getur aldrei unnið einn og ekki kemur til greina að fela henni/honum ábyrgð.
- Starfsnámsnemendur skulu halda sérstaka vinnubók/dagbók, þar sem þeir skrá verkefnin sem þeir inna af hendi og undir leiðsögn hvers/hverra.
- Fyrirtæki sem taka nemendur í starfsnám skulu hafa viðurkenningu menntamálaráðuneytisins („Starfsgreinaráð halda skrá yfir fyrirtæki og stofnanir sem uppfylla skilyrði sett samkvæmt reglugerð þessari og í almennum ákvæðum aðalnámskrár um vinnustaðanám. Starfsgreinaráð geta komið á fót nemaleyfisnefndum til þess að fara yfir umsóknir einstakra fyrirtækja eða meistara um heimild til að taka nemendur í starfsþjálfun eða á námssamning og afgreiða þær. Mennta- og menningarmálaráðherra setur nemaleyfisnefndum erindisbréf.“)
- Starfsnámsnemar skulu bera skírteinin þar sem fram koma persónuupplýsingar um viðkomandi, fyrirtækið sem hann er í námi hjá, hvers konar nám er um að ræða og hvenær viðkomandi hóf starfsnámið hjá viðkomandi fyrirtæki.

Hvað varðar laun og önnur starfskjör er áréttað að móta þurfi skýrar reglur sem byggja á því fyrirkomulagi sem gildir um iðnnema á framhaldsskólastigi.

Niðurstað fundarins í byrjun september var að Alþýðusambandið mundi vinna málið áfram og koma tillögum sínum á samstarfsaðilana með það að markmiði að gefin verði út sameiginleg yfirlýsing sem síðan geti orðið grundvöllur undir formlegri reglur á þessu sviði.

Um verklag vinnustaðaeftirlitsins þegar mansalsmál koma upp og samvinnu við aðra ábyrgðaraðila

Undanfarið hefur verið uppi nokkur umræða um mansal og má segja að ákveðin vitundarvakning hafi átt sér stað. Nokkur mál hafa komið upp en ástæða er til að ætla að vandinn sé mun stærri en flestir gera sér grein fyrir. Vísbendingar eru um að umfang mansals sé meira hér á landi en á hinum Norðurlöndunum og ástæða þess sé fyrst og fremst skortur á eftirliti og aðgerðum gegn mansali.

Mansal er alþjóðleg brotastarfsemi og því mikilvægt að Ísland taki þátt í

alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði. Palermo-samningur SP gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi tók gildi hér á landi 2010 en hann kveður m.a. á um aðgerðir gegn mansali. Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali tók síðan gildi hér á landi 2012.

Innanríkisráðuneytið leiðir vinnuna gegn mansali hér á landi. Ráðuneytið gefur út og hefur yfirumsjón með aðgerðaráætlun gegn mansali (útg. 2013 og gildir til loka árs 2016). Sú áætlun er mjög viðamikil en henni hefur hingað til ekki fylgt neitt fjármagn. Velferðarráðuneytið ber hins vegar ábyrgð á og heldur utan um aðstoð við fórnarlömb mansals.

Vinna að málaflökknum er annars á byrjunarstigi hjá flestum aðilum og verkferlar enn í þróun en sérstaklega er þörf á skýrum verkferlum varðandi hvað gerist þegar mansal uppgötvast.

Verklag vinnustaðaeftirlitsins í mansalsmálum:

Ef grunur vaknar um mansal í vinnustaðaeftirliti er lögregla kölluð til. Lögregla er einnig ávallt látin vita áður en farið er í sameiginlegt eftirlit með stjórnslustofnunum. Snorri Birgisson, helsti sérfræðingur lögreglunnar í málaflökknum, hefur einnig komið að vinnu samráðshóps aðila vinnumarkaðarins og stjórnslustofnana og hefur farið með í einstaka sameiginlegar eftirlitsheimsóknir.

Það er mikilvægt að lögreglan komi í auknum mæli að vinnustaðaeftirlitinu þar sem hún hefur heimildir sem aðrir aðilar hafa ekki (t.d. þegar einstaklingar geta ekki gert grein fyrir sér) sem eykur líkur á að borin séu kennsl á mansal sé slíkt fyrir hendi. Fullur vilji er fyrir hendi hjá lögreglunni en vegna anna hafa þeirra helstu sérfræðingar í mansalsmálum ekki komist mikið með í vinnustaðaeftirlit. Vonir standa þó til að úr því rætist með haustinu því ráða á inn fleiri starfsmenn í verkefnið hjá lögreglunni.

Hlutverk stéttarfélaganna í þessum málum sem öðrum er að fylgja eftir launakröfum og öðrum kröfum viðkomandi starfsmanna og mikilvægt að því sé fylgt eftir.

Starfsgreinasambandið hefur gefið út handbók sem kynnt hefur verið fyrir eftirlitsfulltrúum stéttarfélaganna og nýtist vel til að auka skilning þeirra á málaflökknum, hæfni til að bera kennsl á mansalsmál og bregðast við með réttum hætti. Einnig hafa helstu sérfræðingar lögreglunnar í mansalsmálum kynnt málefnið á kynningarfundum eftirlitsfulltrúa.

Eins og kemur fram hér að ofan eru þessi mál öll mikið í mótun og enn ekki fyrir hendi nógu skýrt verklag eða áætlanir t.d. um það sem tekur við þegar mansalsmál koma upp. Þó er mikil vinna í gangi víða og með haustinu ættu að liggja fyrir betri upplýsingar og þá væri hægt að þróa skýrari leiðbeiningar fyrir eftirlitsfulltrúa.

Samstarf við Vakann

Vinnumarkaðsnefnd ASÍ telur mikilvægt að taka umleitan Vakans, sem er gæðakerfi í ferðaþjónustunni, um samstarf með jákvæðum hætti og að leita beri leiða til að finna grundvöll til að byggja samstarfið á. Ef vel tekst til á slíkt samstarf að styðja vel við baráttu Alþýðusambandsins og aðildarfélaga þess gegn undirboðum á vinnumarkaði og brotastarfsemi í ferðaþjónustunni.

Á fundi miðstjórnar ASÍ vorið 2016 var samþykkt að Alþýðusambandið gangi til samstarfs við Vakann um að áður en fyrirtæki fái viðurkenningu Vakans verði leitað eftir umsögn ASÍ. Umsögn ASÍ byggi á upplýsingum frá þeim aðildarfélögum Alþýðusambandsins sem málið varðar.

Umsögnin felist í að upplýsa hvort viðkomandi fyrirtæki:

Er í sérstakri athugun eða mál eru í gangi gagnvart því vegna launa og annarra starfskjara starfsmanna og/eða hafi verið t.d. síðustu 12 mánuði. Einnig ef fyrirtækið er að mati ASÍ brotlegt við kjarasamninga og lög vegna sjálfboðaliða eða starfsnáms- eða starfsþjálfunarnema.

Fyrirtækið hefur ekki komist í kast við stéttarfélagin síðustu 12 mánuði.

Í þessu felist ekki neins konar heilbrigðisvottorð eða viðurkenning umfram það sem að framan segir.

Þá verði jafnframt komið upplýsingum til Vakans ef upp koma mál vegna fyrirtækis sem er með viðurkenningu Vakans.

Samþykkt var að nánari útfærsla verði í samráði við starfsmenn Vakans og er nú unnið að henni.

Lokaorð

Það sem nú liggur fyrir er að koma vinnunni geng brotastarfseminni og undirboðum á vinnumarkaði á næsta stig, fara með ákveðin mál fyrir félagsdóm og koma þeim málum á framfæri við fjölmiðla. Halda áfram að efla og styðja við vinnustaðaeftirlitið m.a. með aukinni samræmingu og samvinnu bæði milli eftirlitsfulltrúa aðildarfélaganna og samstarfsaðila okkar hjá stjórnslustofnunum. Einnig er mikilvægt að vinna áfram í því að fá fleiri aðila til liðs við okkur og auka enn í það kynningarstarf sem unnið hefur verið. En á endanum snýst þessi vinna um að breyta viðhorfinu í samfélaginu, ekki á að líðast að óvandaðir rekstraraðilar vaði uppi handan við lög og reglur samfélagsins með ómældum kostnaði fyrir þá starfsmenn sem í hlut eiga og á endanum fyrir samfélagið allt.

Vinnuvernd

Skipulag vinnunnar og vinnuvernd hafa mikilvægu hlutverki að gegna fyrir launafólk, velferð þess á vinnustað og öryggi og heilbrigði almennt. Þá hafa áherslur á þessu sviði tekið miklum breytingum með aukinni

þekkingu og breyttum aðstæðum á vinnumarkaði. Mikill árangur hefur náðst gagnvart mörgum þeirra úrlausnarefna sem varða öryggi við vinnu og aðbúnað á vinnustöðum. Samhliða hefur athyglin á undanförunum árum í vaxandi mæli beinst að öðrum þáttum vinnuverndar eins og atvinnusjúkdómum og ýmsum sálrænum og félagslegum þáttum tengdum vinnunni, skipulagi hennar og samskiptum fólks á vinnustað. Þá hefur áherslan í stöðugt meira mæli beinst að því að efla innra vinnuverndarstarf í fyrirtækjum með því að styrkja innviði þessa starfs á vinnustöðunum og með betri upplýsingum og meiri fræðslu.

Lykillinn að starfi verkalýðshreyfingarinnar í vinnuverndarmálum er aðkoma hennar að stjórn Vinnueftirlits ríkisins og samstarfi við Vinnueftirlitið.

Nefnd um stefnu í vinnuverndarmálum

Vorið 2016 hófst loksins starf nefndar á vegum velferðarráðuneytisins sem ætlað er að móta tillögu að vinnuverndarstefnu og skipulagi vinnuverndarmála hér á landi.

Leiðarljós nefndarinnar er að stefnan og skipulag vinnuverndar skapi velferð þeirra sem starfa á íslenskum vinnumarkaði. Lögð verði áhersla á að öryggi og góður aðbúnaður verði í fyrirrúmi á vinnustöðum og forvarnarstarf verði þáttur í starfseminni á öllum vinnustöðum með samstarfi atvinnurekenda og launamanna. Þá verði þáttur sálfélagslegra áhættuþátta aukinn í vinnuumhverfi, svo sem streitu og ofbeldi. Jafnframt verði lögð áhersla á að koma í veg fyrir vinnuslys og atvinnutengda sjúkdóma.

Vonandi tekst þessari nefnd að komast að niðurstöðu um tillögur í þessum málaflökki. Í framhaldi þarf síðan að fara í heildarendurskoðun á lögum um vinnuvernd sem eru að stofni til síðan 1980 og eru ekki í takt við nútímann að ýmsu leyti, vinnumarkaðurinn býr við ný vandmál sem krefjast nýrra lausna og verkefna sem þarf að koma á dagskrá.

Þegar þetta er skrifað í byrjun september þá hafa orðið mörg og mjög alvarleg vinnuslys og dauðsföll á íslenskum vinnumarkaði, langt umfram það sem oft er. Hér þarf því að fara vandlega yfir málin og kanna ástæður þess að allt of margir starfsmenn koma ekki heilir heim úr vinnu, nokkuð sem við hljótum að gera kröfu um. Með starfi nefndarinnar og því að hún klári sitt verk verður vonandi ástæða til að fara yfir þessi mál og stofna til umræðu um mikilvægi góðrar vinnuverndar. Verkalýðshreyfingin þarf að taka þessi mál upp á sína arma og gera vinnuverndarmál að sínu máli í samstarfi við Vinnueftirlitið og aðra þá aðila sem sinna þessum málaflökki. Við gerum að sjálfsgöðu kröfur til atvinnurekenda að þeir standi vel að þessum málum, en gleymum því ekki að það þarf líka að vera áhugi og vilji hjá starfsmönnum að vera þátttakendur í þessu starfi, með því til dæmis að nota persónuhlífar

sem eru til staðar. Eða að gera kröfur um þær ef þær eru ekki á vinnustað. Að mörgu er að hyggja þegar vinnuvernd er annars vegar.

Vinnueftirlitið og vinnuverndarstarf

Staða Vinnueftirlitsins er ekki nægilega góð, þar vantar fleiri eftirlitsmenn núna þegar mikil þensla er á vinnumarkaði. Þar má nefna mikla aukningu á byggingarvinnustöðum sem eru hættulegir vinnustaðir og sagan kennir okkur að þar þarf að fylgjast vel með að allt sé í lagi. Aðbúnaðarmál starfsmanna er einn þáttur sem þarf að huga að og fylgja vel eftir. Þar er pottur brotinn á mörgum stöðum.

Þá þarf að koma að í vinnuvernd á Íslandi sálfélagslegum þáttum eins og streitu og ofbeldi sem eru vandamál sem hafa aukist mjög á undaförnum árum. Með fækkun starfsmanna á mörgum vinnustöðum en oft á tíðum á sama tíma aukinni starfsemi hafa streita og stoðkerfisvandamál aukist mjög meðal launamanna og kemur það meðal annars fram í aukinni ásókn félagamanna verkalýðsfélaga í að fá styrki vegna sjúkraþjálfunar svo dæmi sé tekið. Hér þarf að gera átak í því að kynna og fræða bæði atvinnurekendur og launamenn. Það er best gert með því að gera þetta í gegnum vinnuverndarstarfið, með kynningum og eftirliti.

Þá er lítið verið að horfa til atvinnusjúkdóma og afleiðingar þeirra á lífsgæði og heilbrigði starfsmanna. Þrátt fyrir að nú sé búið að setja reglugerð um þetta, þá er lítið um tilkynningar til Vinnueftirlitsins vegna þessa, miklu minna en t.d. á öðrum Norðurlöndum. Hér þarf samræmt átak svo sem kynningar til lækna og annarra sem umgangast veikt fólk. Við þurfum að fá meiri vitneskju um þessi mál til að læra af þeim þannig að forvarnir byggi á reynslutölum um hvar þessir sjúkdómar eiga uppruna sinn. Það getur ekki verið að vinnumarkaður hér á Íslandi sé svo frábrugðinn vinnumarkaði í nágrannalöndum.

Á árinu hefur mikil og gagnrýnin umræða um fyrirtækjaeftirlitið og framkvæmd þess farið fram á vettvangi stjórnar Vinnueftirlitsins. Ástæðan er sérstakt eftirlitsátak í fiskvinnslu sem sýndi glögglega fram á að mikið skorti víða á að hefðbundið fyrirtækjaeftirlit væri nægilega vandað og niðurstöðum þess fylgt eftir af hálfu stofnunarinnar. Þessi lærdómur varð til þess að fulltrúar ASÍ í stjórn stofnunarinnar lögðu fram harðorða og gagnrýna bókun á stjórnarfundi í júní 2016. Bókuninni lýkur á þessum orðum: „Að framansögðu verða ekki dregnar aðrar ályktanir en þær að vinnustaðaeftirliti Vinnueftirlitsins sé verulega ábótavant og að brýnna og tafarlausra úrbóta sé þörf. Fulltrúar Alþýðusambands Íslands gera kröfu til þess að eftirlitsstarfsemi Vinnueftirlitsins verði þegar tekin á dagskrá stjórnar stofnunarinnar. Markmiðið er að leita allra leiða, ásamt starfsmönnum Vinnueftirlitsins, til að bæta tafarlaust úr brotalömmum við framkvæmd

eftirlitsheimsókna og eftirfylgni með þeim. Það verður ekki við það unað og fulltrúar Alþýðusambandsins hvorki geta eða vilja bera ábyrgð á því að: „Almannafé er notað til að stunda eftirlitsskoðanir sem í raun eru verri en engar skoðanir“. Hér er um dauðans alvöru að ræða, enda varðar málið líf og limi launafólks og öryggi þess við vinnu.“

Markmið okkar er og verður að vera að allir komi heilir heim úr vinnu og að því markmiði ber að vinna með öllum tiltækum ráðum.“

Á stjórnarfundinum var samþykkt að á næsta stjórnarfundinum yrðu kynnt drög að tímasettri verkáætlun vegna fyrirtækjaeftirlitsins. Það gekk eftir og á stjórnarfundinum Vinnueftirlitsins í september voru kynnt drög að verkáætlun fyrir fyrirtækjaeftirlitið ásamt breytingu á skipulagi stofnunarinnar sem er beinlínis ætlað að efla fyrirtækjaeftirlitið, gera það markvissara og að niðurstöðum þess verði fylgt eftir af festu.

Evrópsk vinnuverndarvika 2016 og 2017

Streita á vinnustöðum var þema vinnuverndarviku árin 2014 og 2015. Hér er tilvísunin til óhóflegrar streitu en streita felur í sér viðbrögð einstaklinga við álagi. Byggt á þeirri skilgreiningu þá felur streita ekki endilega í sér neikvæða hættu með neikvæðum afleiðingum, en í mæltu máli þá erum við öllu jöfnu að vísa til óhóflegrar streitu.

Streita hefur í áranna rás vísað meir og meir til álags vegna tímaþröngar, skipulags- og samskiptamála á vinnustöðum. Þetta leiðir til þess að aðrir þættir sem kalla á streituvíðbrögð hjá okkur fá minni athygli. Streita vegna viðvarandi slyshættu eða hættu af völdum efna eða eðlisfræðilegra þátta er ekki síður mikilvæg en streita sem er orsök af fyrrnefndum þáttum. Streita er til þess fallin að auka líkur á heilsutjóni af ýmsu tagi. Streita er áhættuþáttur fyrir sjúkdóma í hreyfi- og stoðkerfi, sem og geðsjúkdóma. Geðsjúkdómar koma margir hverjir fram snemma á ævinni, en sjúkdómar í hreyfi og stoðkerfi upp úr miðjum aldri. Það er ekki að undra að þessir tveir sjúkdómaflokkar séu ábyrgir fyrir tveimur þriðja til þremur fjórða hluta forfalla af vinnumarkaði í hinum vestræna heimi.

Hvað gerum við í því? Við sem samfélag setjum tugum sinnum meira fé í að endurhæfa fólk vegna þessara sjúkdóma en við setjum í að koma í veg fyrir þá. Í grein í Forbes fyrir tveimur árum var vakin athygli á því að venjulegur starfsmaður í dag verður fyrir truflun sjö sinnum á klukkustund, og einbeiting hans við vinnu er trufluð í um rúmar tvær klukkustundir á hverjum degi. Þá eru stórir hópar starfsmanna að ganga í gegnum meiri háttar skipulagsbreytingar á sínum vinnustað með tilheyrandi áhyggjum og óvissu um framtíðina.

Streita fyrirfinnst á öllum vinnustöðum en með einföldum aðgerðum er hægt að draga mikið úr henni. Leiðbeiningar fyrir starfsfólk og stjórnendur til

að draga úr vinnutengdri streitu hafa verið gefnar út í tilefni vikunnar. Helstu markmið:

Bæta skilning á vinnutengdri streitu og andlegum og félagslegum áhættum.

Efla stjórnun á þessum áhættum.

Fyrirbyggja neikvæð áhrif streitu.

Veita starfsmönnum og atvinnurekendum stuðning og leiðbeiningar.

Hvetja til notkunar á tiltækum verkfærum til að bæta andlegt og félagslegt vinnuumhverfi.

Vinnuverndarvikan 2016 og 2017 hefur yfirskriftina „Vinnuvernd alla ævina“. Fram hefur komið að 27% vinnuafls í ESB telja að þau muni ekki geta unnið sama starf fram að sextugu. Við þurfum að bæta starfsævi allra kynslóða vinnandi fólks og vinna að sjálfbærri vinnu og heilbrigðri öldrun.

Herferðin Vinnuvernd alla ævi snýst um sjálfbæra starfsævi í Evrópu þar sem aldur vinnuafls fer hækkandi. Forvarnir á starfsævinni eru lykilskilaboð, þar sem áhættumat er grundvöllur þess að koma í veg fyrir slys og sjúkdóma á vinnustað, ásamt endurhæfingu, endurkomu til vinnu og símenntun.

Helsti viðburður vinnuverndarvikunnar 2016 er ráðstefna sem Vinnu-
eftirlitið mun standa fyrir 20. október 2016.

Atvinnuleysistryggingar, vinnumiðlun og vinnumarkaðsaðgerðir

Það tímabil sem skýrsla forseta nær til hefur einkennst af mikilli þenslu á vinnumarkaði, bættu atvinnuástandi og hraðri lækkun atvinnuleysis. Reynsla umfangsmikilla vinnumarkaðsúræða sem gripið hefur verið til undanfarin ár og sérstaklega strax eftir efnahagshrunið 2008 er nú að koma vel fram. Þeir sem atvinnulausir voru, hafa getað haldið starfsvilja sínum og starfsgetu og eru tilbúnir að taka þau störf sem nú bjóðast í bættu atvinnuástandi.

Vinnumálastofnun hefur verið að laga rekstur sinn að breyttu ástandi, starfsfólki hefur fækkað um 35 frá því sem mest var. Stofnunin hefur jafnframt bætt við sig verkefnum eftir því sem svigrúm og aðstæður hafa leyft. Viðamest í þeim efnum eru stóraukin verkefni á sviði atvinnumála fatlaðra en verkaskipting milli ríkisvaldsins og sveitarfélaganna í málaflokknum hefur nú verið ákvörðuð með sérstöku samkomulagi sem tók gildi í byrjun árs 2016. Vinnumálastofnun hefur einnig unnið að innri skipulagsbreytingum vegna þessa, aukið fræðslu og þjálfun meðal starfsmanna en fyrst og fremst stórukið samskipti sín við hagsmunaaðila málaflokksins, sveitarfélögin, hagsmunasamtök fatlaðs fólks og síðast en ekki síst reynt að tengjast fyrirtækjum og stofnunum enn betur en áður til að skapa fleiri starfstækifæri fyrir skjólstaðinga sína. Jafnframt hefur stofnunin lagt áherslu á að aðstoða aðra hópa sem standa höllum fæti á vinnumarkaði með einstaklingsmiðaðri ráðgjöf og vinnumiðlun.

Bætt efnahagsástand og aukin fjárfesting í mannvirkjagreinum gengur hraðar fyrir sig en æskilegast væri svo að þensluáhrifa er að gæta í sumum greinum. Illa gengur að manna laus störf í sumum verkefnum jafnhratt og atvinnulífið helst vildi og því hefur flæði erlends vinnuaflds til landsins aukist til muna. Skráningar og eftirlit með aðstæðum og kjörum þessara mikilvægu þátttakenda á íslenskum vinnumarkaði er brýnt en viðamikíð og kallar á víðtækt samráð við aðila vinnumarkaðarins og aðrar stjórnsýslustofnanir. Vinnuálastofnun hefur á árinu lagt aukna áherslu á þennan þátt starfseminnar með meiri mannafla og skilvirkara samstarfi.

Þá hefur Vinnuálastofnun jafnframt lagt áherslu á þátttöku sína í móttöku flóttafólks til landsins og aðlögun þessara einstaklinga að samfélaginu og aðgengi þeirra að vinnumarkaðnum.

Starf – vinnumiðlun og ráðgjöf

Tilraunaverkefninu Starf – vinnumiðlun og ráðgjöf lauk um mitt ár 2015 og er gerð ítarleg grein fyrir starfseminni í síðustu skýrslu forseta. Það er þó vert að geta þess að um haustið 2015 kom út samantekt um starfsemi STARFs. Þar er sett fram spurningin „Af hverju á þjónustan að vera hjá stéttarfélögunum?“ Um það segir í samantektinni:

„Nú að tilraunatímabili STARFs nýloknu, er edlilegt að spurt sé af hverju þjónustan við félagsmenn stéttarfélaganna sem eru á atvinnuleysisbótum ætti að vera á vegum stéttarfélaganna? Það er staðreynd að stéttarfélögin bera ávallt talsverðar skyldur gagnvart sínum félagsmönnum – einnig þegar þeir eru tímabundið án atvinnu. Þau ná því edlilega betri trúnaðartengslum við sína atvinnuleitendur og hafa meiri þekkingu á þeirra starfsumhverfi heldur en opinber stofnun getur náð. Stéttarfélögin þjónusta félagi sína sem eru með vinnu, eru án vinnu vegna heilsubreysts (gegnum VIRK) og því er mjög edlilegt að þau þjóni einnig þeim sem eru atvinnulausir. Atvinnulausir félagsmenn stéttarfélaganna fá þannig fjölbreytta og mikilvæga þjónustu á einum stað, s.s. ráðgjöf og vinnumiðlun, ráðgjöf og upplýsingar um kjaramál, starfsendurhæfingu (VIRK), sjúkrasjóð félaganna, ýmsa styrki s.s. úr starfsmenntasjóðum, aðgang að orlofshúsum, afsláttarkort o.fl.

Stéttarfélögin bjóða almennt upp á fjölbætta þjónustu – þannig að enginn er brennimerktur atvinnulaus sem sækir þjónustuna í miðstöð þeirra, sem því miður er eitt helsta umkvörtunarefni þeirra atvinnuleitenda sem þurfa að sækja þjónustu til VMST. Þannig hefur útrekað komið fram að atvinnuleitendum hugnast betur að sækja þjónustuna til síns stéttarfélags heldur en til VMST. Stéttarfélögin ná einnig fram ýmsum samlegðaráhrifum í þjónustu sinni og ná betri tengslum við félagi sem annars hafa ekki komið í þjónustumiðstöðvar þeirra og ná að upplýsa þá betur um réttindi þeirra

og þjónustu félagsins. Þá hefur verið auðvelt fyrir atvinnuráðgjafa STARFs að fara með atvinnuleitendur milli sviða hjá stéttarfélagunum og geta þannig leiðbeint þeim um aðra þjónustu þar innandyra sem stendur þeim til boða – sem ekki er á færi ráðgjafa VMST að gera. Þannig verður þjónustan persónulegri og markvissari.“

Af hálfu miðstjórnar ASÍ hefur ítrekað komið fram að reynslan af STARFi gefi ríka ástæðu til að taka upp fyrirkomulag þar sem atvinnuleitendur geta leitað þjónustu og aðstoðar hjá sínu stéttarfélagi varðandi ráðgjöf og vinnumiðlun. Ljóst er að Alþýðusambandið mun halda þessu sjónarmiði á lofti og vinna að framgangi þess.

Bættir viðskiptahættir - barátta ASÍ gegn kennitöluflakki og svartri atvinnustarfsemi

Alþýðusamband Íslands hefur á undanförunum árum lagt mikla og vaxandi áherslu á baráttuna gegn kennitöluflakki og svartri atvinnustarfsemi. Fjallað hefur verið um starf Alþýðusambandsins í þessum málum og úrbótatillögur sambandsins í fyrri skýrslum forseta.

Í ljósi þessarar niðurstöðu var á vettvangi ASÍ unnin greinargerð og heildstæðar tillögur til að sporna við kennitöluflakki og var hvort tveggja kynnt í byrjun október 2013. Um er að ræða ítarlega greiningu og úrbótatillögur í 16 liðum.

Það er skemmst frá því að segja að þrátt fyrir að tekist hafi að fá mikla og ítrekaða fjölmiðlaumfjöllun um málið og að fundað hafi verið með iðnaðarráðherra þar sem ráðherra var hvattur til dáða og boðinn allur sá stuðningur sem Alþýðusambandið getur veitt, hefur ekkert gerst í málinu frekar. Alþýðusambandið mun halda málinu áfram á lofti og er stefnt að því að taka upp viðræður við Samtök atvinnulífsins og stjórnvöld um málið á næstunni til að kanna hvort samstarf getur tekist með þeim um framhaldið.

Keðjuábyrgð/samábyrgð á verktakamarkaði

Í tengslum við gerð kjarasamninga árið 2011 gerði Alþýðusambandið kröfu um að teknar yrðu upp viðræður um keðjuábyrgð á íslenskum verktakamarkaði, en þetta fyrirkomulag hefur verið að ryðja sér til rúms víða í Evrópu, einkum í kjölfar heimilda fyrirtækja til að veita þjónustu yfir landamæri. Í sem stystu máli felst keðjuábyrgð í því að launamenn geti sótt rétt sinn varðandi laun og önnur starfskjör til verkkaupa og/eða aðalverktaka eða þess fyrirtækis sem er næst fyrir ofan það fyrirtæki sem þeir starfa hjá í verktakakeðjunni. Það er síðan með mjög mismunandi hætti hvernig keðjuábyrgðin er útfærð í einstaka Evrópuríkjum og til hvaða þátta hún nær. Á sínum tíma höfnuðu

Samtök atvinnulífsins alfarið að semja um keðjuábyrgð og enginn stuðningur kom fram við þessa kröfu frá stjórnvöldum.

Með tilskipun Evrópusambandsins 2014/67/EU um styrkingu tilskipunar um útsenda starfsmenn var sett inn sérstök heimild til aðildarríkja EES að lögleiða keðjuábyrgð. Þar er ramminn að vísu nokkuð þröngur en jafnframt opnað á að einstök ríki fari út fyrir hann. Í viðræðum við stjórnvöld og Samtök atvinnulífsins um innleiðingu tilskipunarinnar hefur Alþýðusambandið sett fram kröfu um að keðjuábyrgð verði lögleidd hér á landi. Í minnisblaði um útfærslu keðjuábyrgðar/samábyrgðar á íslenskum verktakamarkaði og tillögum á þeim grunni sem ASÍ setti fram vorið 2016 kemur fram sú afstaða að keðjuábyrgðin eigi að vera eins víðtæk og kostur er. Þessi afstaða var kynnt Samtökum atvinnulífsins og skorað á þau að hefja viðræður um málið.

Á fundi sem haldin var með fulltrúa SA í ágúst kom fram að samtökin eru tilbúin til viðræðna um innleiðingu keðjuábyrgðar á íslenskum vinnumarkaði. Jafnframt kom fram að umboð fulltrúa SA næði eingöngu til þess að ræða innleiðingu keðjuábyrgðar innan ramma tilskipunar 2014/67/EU og vísaði hann til greinargerðar sem unnin hefur verið af vinnuáráðuneytinu í Svíþjóð til undirbúnings löggjafar þar í landi um þetta efni. Þegar þetta er skrifað um miðjan september hefur ekki verið tekin afstaða til framhaldsins en þar eru tveir kostir í stöðunni, að ganga til áframhaldandi viðræðna við SA um innleiðingu keðjuábyrgðar, hafandi í huga þau takmörk sem komið hafa fram hjá samtökunum, eða setja kröfuna um víðtækari keðjuábyrgð á dagskrá í kröfum á SA og stjórnvöld og láta reyna á hverju það skilar.

Framkvæmd EES-samningsins og Evrópusamvinnan

Starf Alþýðusambands Íslands, sem tengist Evrópusamvinnunni og samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er mikilvægur þáttur í starfsemi ASÍ. Áhrifin eru bæði bein og óbein. Þau birtast með skýrustum hætti í þeim þætti starfsins sem snýr að undirbúningi, fjölmiðlaumfjöllun um málið, gildistöku og eftirfylgni með framkvæmd tilskipana, samninga og reglna Evrópusambandsins á sviði vinnumarkaðs- og félagsmála hér á landi. Jafnframt liggur fyrir að reglur á íslenskum vinnumarkaði og réttindi launafólks byggja í stöðugt ríkari mæli á þróuninni í Evrópu á þessu sviði. Þessi þróun er í samræmi við það sem stefnt var að með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Alþýðusambandið hefur lagt áherslu á mikilvægi samráðs stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins þegar kemur að vinnumarkaðs- og félagsmálunum á Evrópuvísu. Það gildir bæði um að koma á framfæri sjónarmiðum og hagsmunum íslensks launafólks við mótn löggjafar á Evrópuvísu og síðan innleiðingar og eftirfylgni með framkvæmdinni hér á landi. Alþýðusambandið

hafði frumkvæði að því að kallað yrði til samráðs stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins í byrjun árs þar sem fjallað yrði um fjölmörg hagsmunamál sem nú eru í deiglu og snerta flest með einum eða öðrum hætti brotastarfsemi á íslenskum vinnumarkaði. Í minnisblaði sem fulltrúi ASÍ lagði fram í samráðinu var bent á álitamál og úrbætur varðandi sameiginlega túlkun, bætta framkvæmd og breytingar á löggjöf til að styrkja vinnumarkaðinn og vinna gegn brotastarfsemi. Talin eru upp viðfangsefni sem taka þurfi á og leysa með viðeigandi hætti eins og:

- Ólaunuð vinna og sjálfboðaliðastörf.
- Reglur um starfsnám og starfsþjálfun nema sem koma erlendis frá.
- Sett verði í lög ákvæði um keðjuábyrgð. Þ.e. að verkkaupi eða aðalverk-taki innlendir beri ábyrgð á launagreiðslum og öðrum skyldum gagnvart starfsmönnum og skattskilum.
- Reglur/lagabreytingar sem hafa að markmiði að skerpa á skilgreiningunni á mörkunum á milli verktaka (tímabundinni? þjónustuveitenda) og starfsmannaleigustarfsemi.
- Skerpt verði á skilgreiningunni á hvenær fyrirtæki eru að veita tíma-bundna þjónustu hér á landi og hvenær þau þurfa að skrá sig hér með öllum þeim réttindum og skyldum sem það felur í sér.
- Skerpa þarf á upplýsingaskyldu stjórnvalda gagnvart erlendum fyrir-tækjum sem hingað koma með starfsemi, þannig að þau geti ekki skákað í skjóli fáfræði/skorts á upplýsingum.
- Auka eftirlitsheimildir vegna erlendra fyrirtækja sem hingað koma með starfsemi sína.
- Auka lokunar- og refsheimildir gagnvart erlendum fyrirtækjum sem gerast brotleg.
- Innleidd verði tilskipun 2014/67/EU.
- Endurskoða þarf löggin um vinnustaðaskírteini og vinnustaðaeftirlit með það að markmiði að styrkja heimildir og kanna hvort fara eigi aðrar leiðir við útgáfu vinnustaðaskírteina og eftirfylgni.
- Skoðað verði hvort rétt sé að flytja Þjóðskrá og þar með útgáfu kennitalna og lögheimilisskráningu til Ríkisskattstjóra. Þannig má tengja saman réttindi og skyldur útlendinga sem hingað koma til starfa.

Eins og kemur fram á öðrum stöðum í skýrslu forseta hafa nokkur framan-greindra atriða komist í vinnslu og nokkur árangur náðst, eins og varðandi sjálfboðaliðana og erlendu starfsnámsnemendurna. Annað er skemmra á veg komið.

Á vegum forsætisráðuneytisins er starfandi stýrihópur sem hefur sem

verkefni að vinna forgangslista stjórnvalda fyrir tímabilið 2016–2017, þar sem haft er að leiðarljósi að greina þau mál sem eru í vinnslu á vettvangi ESB og þar sem íslenskir hagsmunir eru sérstaklega í húfi. Að tillögu ASÍ var bætt á listann efnisþætti um bætt réttindi útsendra starfsmanna með því að íslensk stjórnvöld taki þátt í og beiti sér fyrir framgangi tillögu framkvæmdastjórnar ESB um endurskoðun tilskipunar um útsenda starfsmenn (posting of workers). Tillagan byggir á því að útsendir starfsmenn skuli að lágmarki njóta sömu kjara og launafólk í því landi sem þeir starfa í hverju sinni. Efnisþættir tillögunnar eru þessir helstir:

- Útsendir starfsmenn njóti sömu launa og annarra starfskjara og launafólk viðkomandi lands. Einnig er aðildarríkjunum heimilt að gera kröfur um að undirverktakar greiði sömu laun og aðalverktaki.
- Sömu reglur gildi um innlendir sem erlendir starfsmannaleigur.
- Sett verði regla um hámark þess tíma sem starfsmaður getur verið útsendur.

Þess er vænst að forgangslistinn verði afgreiddur í ríkisstjórn um miðjan september og að hann verði í framhaldinu grundvöllur starfs stjórnvalda og annarra hagsmunaaðila að Evrópumálunum veturinn 2016–2017.

Innleiðing tilskipana ESB um bann við mismun

Í síðustu skýrslum forseta var greint frá því að vinnu við frumvarp til innleiðingar á tilskipunum ESB um bann við mismunun hefði lokið. Þrátt fyrir fyrirheit ráðherra var frumvarpið ekki lagt fyrir Alþingi og óvíst hvort það verður lagt fram fyrir kosningar í haust. Vinnan strandaði vorið 2016 á kröfu SA um mat á áhrifum þess. Það mat átti velferðarráðuneytið að framkvæma en hefur ekki lokið því.

Málefni flugliða hjá Primera Air

ASÍ hefur verið á þeirri skoðun að Primera Air brjóti með alvarlegum hætti gegn ákvæðum viðeigandi laga og kjarasamninga sem kveða á um lágmarksréttindi launafólks á íslenskum vinnumarkaði. ASÍ skoraði í upphafi síðasta árs á íslensk stjórnvöld að taka starfsemi Primera Air og tengdra fyrirtækja hér á landi til ræðilegrar skoðunar og stöðva starfsemi þeirra enda hefði ASÍ undir höndum gögn sem sýndu að félögin brjóti lög og grundvallarréttindi á því starfsfólki sem sinnir flugi fyrir Primera Air hér á landi. Þessum ásökunum hafnaði Primera Air og hótaði ASÍ málsókn. Vinnuálagstofnun, sem með málaflókkinn fer, tók málið til athugunar en taldi sig ekki hafa nægilega sterkan lagalegan grunn til aðgerða. ASÍ mótmælti afstöðu VMST og skoraði á

velferðarráðuneytið að endurskoða málið. Svo var gert og því beint til VMST að taka málið á ný til efnislegrar meðferðar, nánar tiltekið á grundvelli laga nr. 45/2007 um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra. Málið er enn til meðferðar og hefur dregist töluvert hjá stofnuninni, en vonir ASÍ standa til að niðurstaða fái stjórnslustofnana hvort að viðeigandi lögum er þeim er m.a. ætlað að framkvæma skuli framfylgt.

Málshöfðun vegna skattlagningar á lífeyrissjóðina

Eins og fram kemur í skýrslu forseta 2013, höfðaði ASÍ í eigin nafni mál á hendur íslenska ríkinu til viðurkenningar á því að skattlagning á lífeyrissjóðina væri andstæð stjórnarskrá. Málinu var vísað frá dómi og frávisun staðfest í Hæstarétti. Hinn 18. mars 2014 stefndi ASÍ málinu að nýju en nú í nafni Gildis lífeyrissjóðs. Málflutningur fór upphaflega fram 18.3 2015, málið og var endurflutt 18.8 2015 og dómur upp kveðinn 17.9 2015 og var íslenska ríkið sýknað. Dómnum var áfrýjað til Hæstaréttar og munnlega flutt 5.9 2016. Dómur var kveðinn upp 15.9 2016 og var héraðsdómur staðfestur án þess þó að vísað væri til forsendna héraðsdóms. Í forsendum Hæstaréttar segir:

„Í málatilbúnaði sínum gerir áfrýjandi grein fyrir því að í landinu séu tvö lögbundin „en ólík skyldusamtryggingar lífeyriskerfi“ launafólks. Annars vegar sé um að ræða svonefnda fastiðgjaldasjóði, sem séu án ábyrgðar launagreiðenda og beri sjálfir ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum sínum, sbr. 23. gr. laga nr. 129/1997. Ef eignir þeirra lífeyrissjóða rýrni geti þurft að skerða þau lífeyrisréttindi sem sjóðfélagar þeirra njóta. Hins vegar séu svonefndir fastréttindasjóðir sem lofi sjóðfélögum sínum tilteknum réttindum og ábyrgist launagreiðendur, sem séu einkum ríkið og sveitarfélög, skuldbindingar þeirra sjóða. Áfrýjandi telur það óumdeilanlegt að skattlagning sú sem fólst í bráðabirgðarákvæði XIV í lögum nr. 129/1997 hafi komið með ólíkum hætti niður á þeim tveimur flokkum lífeyrissjóða sem áður greinir og þar með sjóðfélögum þeirra. Það helgist af því að ábyrgð launagreiðenda á skuldbindingum fastréttindasjóða leiði til þess að réttindi sjóðfélaga skerðist ekki þótt sjóðirnir þurfi að standa skil á sköttum eins og þeim sem hér um ræðir. Á hinn bóginn sé greiðslugeta fastiðgjaldasjóðanna háð eignum þeirra og því geti slík skerðing á eignum, sem skattlagningin fól í sér, leitt til þess að takmarka þurfi lífeyrisréttindi sjóðfélaga.“

Síðan segir: „Lagt verður til grundvallar við úrlausn málsins að staða lífeyrissjóða í landinu sé mismunandi að því leyti sem lýst hefur verið og að sú staðreynd geti skipt máli við skattlagningu eins og þá sem málið varðar. Meta verður hverju sinni hvort mismunur á stöðu skattaðila, sem sæta sömu skattlagningu, fari í bága við jafnræðisreglu 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar.“

Með þessum hætti kemst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að lífeyrissjóðir á almennum og opinberum vinnumarkaði séu sambærilegir í skilningi laga og að þess vegna megi ekki mismuna þeim nema gætt sé réttra sjónarmiða. Þetta var ekki niðurstaða héraðsdóms sem komst að þeirri niðurstöðu að mismununina væri ekki að rekja til skattlagningarinnar sem slíkrar heldur skipulags lífeyrisréttinda. Í þessum skilningi er dómurinn sigur fyrir sjónarmið Alþýðusambandsins. Hæstiréttur kemst síðan að þeirri niðurstöðu að skattlagningin hafi ekki mismunað þar sem hún hafi bæði verið málefnaleg og hófleg af eftirfarandi ástæðum: (1) Skatturinn leiddi í raun ekki til skerðingar réttinda og skerti ekki möguleika þeirra til þess að auka réttindi síðar. Þar af leiðir hafði skattlagningin ekki „verulega þýðingu“ við mat afleiðinga hennar. (2) Skattlagningarhlutfallið var lágt, 0.0814%, og skattlagningunni bara ætlað að standa í tvö ár. Þar af leiðir var hún ekki líkleg til þess að hafa áhrif á greiðslugetu fastiðgjaldasjóðanna. (3) Markmið skattlagningarinnar var gott þ.e. hún átti að fjármagna sérstaka vaxtaniðurgreiðslu sem rök megi færa fyrir að hafi bætt greiðslugetu skuldsettra lánþega lífeyrissjóðanna.

Í málinu var einnig byggt á því að tekist hefði skuldbindandi samningur milli fjármálaráðherra og lífeyrissjóðanna um endurgreiðslu álagðra skatta gegn þátttöku í gjaldeyrisútbodum Seðlabankans. Hæstiréttur taldi að til þess að slíkt loforð teldist skuldbindandi þyrfti að koma til sérstök lagaheimild sbr. 41.gr. stjórnarskrár. Þessi niðurstaða er í samræmi við almenna skýringu stjórnarskrár en mun í raun þýða, að í samskiptum verkalýðshreyfingarinnar og stjórnvalda verður ekki lengur hægt að byggja á eiginlegum undirrituðum samningum við stjórnvöld, frekar en einhliða yfirlýsingum sem tíðkuðust áður fyrr. Stjórnvöld hafa á síðari árum ekki talið sér skylt að standa við gefin fyrirheit í tengslum við kjarasamninga nema þeim henti. Það er breyting frá því sem áður var er orðum ráðherra í þessu efni var treystandi. Dómurinn gefur því fullt tilefni til þess að breyta samskiptareglum og krefjast betri trygginga fyrir efndum og skýrari forsendum í kjarasamningum.



FRÆÐSLU- OG MENNTAMÁL

Alþýðusamband Íslands og stofnanir þess ásamt aðildarfélögunum taka virkan þátt í menntastarfi hér á landi, bæði með stefnumótun og þátttöku í framkvæmd á fjölmörgum sviðum menntamála. Það á við bæði um formlega menntakerfið og það óformlega. Þá standa MFA-fræðsludeild ASÍ og Mímir-símenntun, sem er í eigu ASÍ, fyrir öflugri fræðslustarfi. Einnig á Alþýðusambandið aðild að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóði og stjórn landsskrifstofu menntaáætlunar ESB, auk þess að tilnefna í starfsgreinaráðin á framhaldsskólastigi.

Aukinni áherslu Alþýðusambandsins og verkalýðshreyfingarinnar á menntun og mikilvægi hennar, bæði góðrar grunnmenntunar og símenntunar, hefur fylgt mjög aukið starf á þessu sviði á vettvangi samtakanna og vænta má þess að sú þróun haldi áfram enda mikilvægi öflugra menntastarfs fyrir launafólk og samfélagið allt öllum ljóst.

Eins og efni þessa kafla ber með sér hefur starf ASÍ og tengdra stofnana að menntamálum sjaldan verið umfangsmeira en nú og ekkert bendir til annars en að það mikla starf haldi áfram í fyrirsjáanlegri framtíð. Sem dæmi má nefna félagslegu fræðsluna á vettvangi ASÍ og Félagsmálaskólans og stöðugt öflugri framhaldsfræðslu. Þá ber að geta starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins,

Fræðslusjóðs og Mímis-símenntunar sem aldrei hafa verið mikilvægari en nú. Fulltrúar Alþýðusambandsins tóku á tímabilinu virkan þátt í stefnumótun og útfærslu verkefna á sviði fagháskólamenntunar, raunfærnimats og aukinna menntunarmöguleika fyrir verkafólk og verslunar- og skrifstofufólk og í umræðu og stefnumótun um hæfnirammann sem unnið er að fyrir íslenska menntakerfið með sérstakri áherslu á framhaldsfræðsluna og fagháskólastigið. Menntanefnd ASÍ hefur tekið virkan þátt í umræðu og stefnumótun á þeim sviðum sem nefnd eru hér að framan.

Hér á eftir verður fjallað nánar um nokkur viðfangsefni á sviði menntamála á tímabilinu á vettvangi Alþýðusambandsins og stofnana þess eða þar sem ASÍ hefur komið að með virkum hætti.

MFA Fræðsludeild ASÍ

Fræðsludeild ASÍ leggur áherslu á að styrkja talsmenn og trúnaðarmenn verkalyðshreyfingarinnar í starfi með fjölbreyttu framboði námskeiða og fræðslu. Boðið er upp á námskeið sem taka á málefnum hvers tíma og miðað er við að námsframboðið taki til þarfa og aðstæðna félaga hverju sinni. Aðildarfélög ASÍ hafa möguleika á að fá sértæka fræðslu eftir þörfum til að móta starf og stefnu. Þá býður Fræðsludeildin einnig upp á ráðgjöf og þarfagreiningu fyrir einstök félög og geta stéttarfélögin þannig nýtt sér námskeið og fræðslu sem hentar best hverju sinni. Menntanefnd ASÍ er stjórn MFA Fræðsludeildar. Haldnir voru fimm fundir árið 2015 og tveir fundir hafa verið haldnir það sem af er ársins 2016, auk nokkurra óformlegra aukafunda til upplýsinga.

Félagsmálaskóli alþýðu

Félagsmálaskóli alþýðu er rekinn af MFA og er deildarstjóri Fræðsludeildar jafnframt skólastjóri Félagsmálaskólans. Talsmenn BSRB hafa einnig aðgang að Félagsmálaskólanum. Skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu ber ábyrgð á rekstri skólans ásamt skólastjóra. Haldnir voru fimm fundir í skólanefnd á síðasta skólaári. Félagsmálaskólinn hefur verið að mestu fjármagnaður af framlagi frá ríkissjóði. Framlagið hefur verið um 14 milljónir á ári, síðustu sex ár. Félagsmálaskólinn er viðurkenndur fræðsluaðili. Skv. ákvæðum laga nr. 27/2010, 7. gr. um framhaldsfræðslu, er skólanum því heimilt að annast framhaldsfræðslu. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi fræðsluaðilans uppfylli á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Meðal atriða sem tekin eru sérstaklega fyrir, þegar veitt er viðurkenning, eru aðstaða til kennslu og námskeiðahalds, skipulag náms og umsjón með því, námskrár eða námslýsingar, hæfni með tilliti til þekkingar og reynslu, fjárhagsmálefni,

tryggingar og tilvist gæðakerfis með áherslu á nám fullorðinna. Alls voru haldin 70 námskeið á vegum Félagsmálaskólans, skólaárið 2015–2016. Heildarfjöldi þátttakenda var 939, þar af konur 654 og karlar 285. Starfsmenn skólans eru fjórir en stafshlutfall þeirra mismunandi. Einn er í fullu starfi, einn í hálfu starfi, einn í 40% starfi og einn í 70% starfi. Í samstarfi skólanefndar Félagsmálaskólans, menntanefndar og starfsmanna skólans, er mótuð heildarsýn fræðslustarfsins og stefnu fyrir hverja önn. Þarfagreining og stefnumótun fléttast inn í daglegt starf starfsmanna skólans og eru tengsl við talsmenn stéttarfélaga mikilvægur þáttur í starfi þeirra.

Trúnaðarmannanámskeið

Fræðsludeildin er með námskeið fyrir trúnaðarmenn og talsmenn stéttarfélaganna. Stéttarfélögin panta trúnaðarmannanámskeið hjá Félagsmálaskólanum og í samráði við starfsmenn hans eru gerð drög að dagskrá.

Við skipulag trúnaðarmannanámskeiða er unnið út frá námskránum *Trúnaðarmannafræðsla I og II* sem gefnar hafa verið út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Um er að ræða samtals 142 kennslustundir. Námskrárnar hafa hlotið viðurkenningu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er því hægt að fá trúnaðarmannanámið metið til eininga á framhaldsskólastigi. Markmiðið með formlegu mati er að efla trúnaðarmannafræðsluna, fjölga námsþáttum og gera trúnaðarmönnum kleift að nýta sér námskeiðin ef þeir vilja halda áfram námi. Nemendur sem ljúka báðum námskránum hafa möguleika á að fá allt að 11 einingar metnar, 6 einingar fyrir Trúnaðarmannafræðslu I og 5 einingar fyrir Trúnaðarmannafræðslu II.

Trúnaðarmannanámskeiðin voru með hefðbundnum hætti á síðasta skólaári. Alls voru 40 trúnaðarmannanámskeið haldin og voru þau allt frá tveimur dögum til fimm. Þetta eru aðeins færri námskeið en haldin voru á síðasta skólaári, en þá voru haldin 43 trúnaðarmannanámskeið. Haldin voru 15 námskeið á haustönn 2015 og 25 á vorönn 2016. Alls sóttu 529 námskeiðin sem er töluvert meiri þátttaka en undanfarin ár, en á síðasta ári voru 437 nemendur sem sóttu trúnaðarmannanámskeið skólans. Þar af voru 374 konur og 155 karlar. Þá hafa félögin innan ASÍ og BSRB haldið sameiginleg námskeið fyrir sína trúnaðarmenn og hefur það mælst vel fyrir. Auk þess hefur færst í aukana að trúnaðarmenn einstakra félaga sitji trúnaðarmannanámskeið hjá öðrum félögum.

Félagsmálaskólinn hefur frá áramótum 2013 rekið eigið nemendabókhald en jafnframt er skráð inn í sameiginlegt nemendabókhald Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Almenn námskeið

Félagsmálaskólinn býður einnig upp á almenn námskeið sem eru opin öllum talsmönnum og trúnaðarmönnum verkalýðshreyfinganna. Auk þess hafa einstaka stéttarfélög pantað sérstök námskeið fyrir sína talsmenn. Á haustönn 2015 var boðið upp á fjögur almenn námskeið, það voru: Hvíldartímaákvæði - frítökuréttur í vaktavinnu, Hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna í stéttarfélögum, Lífeyrissjóðsnámskeið og Lýðfræðileg áhætta – lengri lífaldur. Á vorönn 2016 var boðið upp á þrjú almenn námskeið. Það voru: Útlendingar og íslenskur vinnumarkaður, Einelti og Hvíldartímaákvæði - frítökuréttur í vaktavinnu. Einnig voru haldin 10 sérnámskeið fyrir einstaka félög eftir óskum þeirra. Sú nýbreytni var á síðasta skólaári að almennu námskeiðin voru einnig haldin með fjarfundarbúnaði. Það mæltist vel fyrir og greinilegt að þörf var á annarri nálgun. Alls sóttu 283 almenn námskeið, þar af 205 konur og 78 karlar.

Þá er verið að vinna við nokkrar námslínur þar sem tekin eru fyrir einstaka þemu. Þar má nefna Jafnréttisfræðslu, Umhverfisfræðslu og Einn réttur – ekkert svindl. Undir hverju þema eru teknir fyrir einstaka efnisþættir sem tengjast málefninu og mynda eina heild. Fyrirhugað er að bjóða upp á þetta frá og með áramótum 2016–2017.

Lífeyrissjóðsnámskeið

Haldið var eitt námskeið á haustönn 2015 fyrir stjórnarmenn lífeyrissjóða, í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Landssamtök lífeyrissjóða, til að undirbúa stjórnarmenn undir hæfismat FME. FME kallar alla stjórnarmenn til viðtals við sérstaka ráðgjafanefnd sem metur hæfi stjórnarmanna. Námskeiðunum er ætlað að tryggja að stjórnarmenn uppfylli skilyrði sem kveðið er á um í lagaheimild frá árinu 2008 sem bætt var í lífeyrissjóðalögin nr. 129/1997, en þar er farið fram á að stjórnarmenn búi yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Mat FME á faglegu hæfi stjórnarmanna byggir m.a. á þessari lagaheimild. Námskeiðin, sem standa yfir í þrjú og hálfan dag, tóku mið af þeim efnisþáttum sem hafðir voru til hliðsjónar í viðtali ráðgjafanefndarinnar og höfðu allir leiðbeinendur yfirgripsmikla þekkingu á starfsemi og stjórnun lífeyrissjóða. Alls hafa 172 sótt námskeiðið.

Þá voru einnig haldin styttri sí- og endurmenntunarnámskeið fyrir stjórnarmenn í lífeyrissjóðum, starfsfólk á skrifstofum lífeyrissjóðanna og þá sem áhuga hafa á lífeyrismálum. Um er að ræða símenntunarnámskeið þar sem m.a. þátttakendum fyrri námskeiða gefst kostur á að bæta við sig. Þetta eru stutt þriggja klukkustunda námskeið. Á haustönn 2015 var boðið upp á fjögur námskeið, það voru: *Nýjar reglur FME um ársreikninga lífeyrissjóða, Lestur ársreikninga við fjárfestingarákvarðanir, Reglur um innherjavíðskipti*

og Lýðfræðileg áhætta og lengri lífaldur. Á vorönn 2016 voru einnig haldin fjögur námskeið, það voru: *Innra eftirlit, Samfélagsleg ábyrgð, Hluthafastefnur og Lífeyrisnámskeið*.

Í tengslum við þessi námskeið, fyrir stjórnarmenn í lífeyrissjóðum vegna hæfismats FME, komu fram ítrekaðar fyrirspurnir og óskir um námskeið fyrir fleiri hópa um lífeyriskerfið og starfsemi lífeyrissjóðanna. Til að mæta þessu var sett upp styttra almennara námskeið þar sem farið var yfir helstu þætti lífeyriskerfisins og starfsumhverfi lífeyrissjóðanna og markhópurinn verðandi stjórnarmenn, starfsfólk á stéttarfélögum og þeir sem áhuga hafa á lífeyrismálum. Námskeiðið var tveggja daga yfirlitsnámskeið um íslenska lífeyriskerfið og starfsemi lífeyrissjóða. Farið var yfir helstu þætti er snerta hlutverk og starfsumhverfi lífeyrissjóðanna, fjallað um réttindakerfið, lagaumhverfi sjóðanna, eignir og fjárfestingarheimildir auk þess sem rætt er um hlutverk stjórnarmanna og hæfi þeirra. Námskeiðið er góður inngangur fyrir þá sem vilja kynna sér málaflokkinn og gagnast vel þeim sem áhuga hafa á stjórnarstörfum í lífeyrissjóðunum, tilvonandi stjórnarmönnum, (nýjum) starfsmönnum lífeyrissjóða, fulltrúaráðum lífeyrissjóða, starfs- og stjórnarmönnum stéttarfélaganna, fulltrúum í lífeyrisnefndum félaga og öðrum þeim sem hafa áhuga á málefnum. Haldið var eitt slíkt námskeið, haustið 2015. Alls sóttu 96 lífeyrissjóðsnámskeið, þar af 52 konur og 44 karlar.

Samstarf við Fræðslusetrið Starfsmennt

Undanfarin ár hafa Félagsmálaskólinn og Fræðslusetrið Starfsmennt, boðið upp á námslínu sem kallast *Forystufræðsla fyrir stjórnir og starfsfólk stéttarfélaganna*. Þessari námsleið er ætlað að mæta fræðsluþörfum starfsmanna stéttarfélaganna, hvort sem það eru formenn, stjórnendur eða starfsfólk. Tilgangur forystufræðslunnar er að styrkja alla þessa aðila til að uppfylla kröfur og væntingar sem gerðar eru til þeirra og útvega þeim tæki og þekkingu til að mæta flóknara umhverfi á vinnumarkaði og á vinnustað. Fræðslunni er jafnframt ætlað að efla liðsheild, efla samstöðu, greiða fyrir flæði upplýsinga innan heildarsamtakanna ASÍ og BSRB og aðildarfélaganna þeirra, ásamt því að samstarf heildarsamtakanna verði öflugra. Í byrjun árs 2016 var farið í endurskoðun á námslínunni og myndaðir voru rýnihópar, sem samanstóðu af kjörnum fulltrúum BSRB og ASÍ. Niðurstaða þeirrar vinnu var að námslínan stæði fyllilega undir þeim væntingum sem til hennar væru gerðar og ekki talin þörf á að breyta efnisþáttum.

Forystufræðslan er heildstæð námsleið sem skiptist í 9 námsþemu með 30 námskeiðum sem spanna alls 192 klukkustundir. Í ljósi þess að hópurinn hefur fjölbreyttar fræðsluþarfir og mismunandi starfsreynslu þá eru námskeiðin valfrjál. Því miður náðist ekki að halda námskeið á haustönn 2015, en á

vorönn voru haldin þrjú námskeið. Það voru: *Vinnustofa um markmið og skipulag*, *Að starfa í stjórn stéttarfélaganna* og *Umsjón funda og ólík fundarform*. Alls sóttu 31 námskeið í Forystufræðslu, þar af 23 konur og 8 karlar. Skipting milli félaga var 24 þátttakendur frá ASÍ og 7 frá BSRB.

Félagsmálaskólinn heldur utan um kennsluna en skráningarkerfi Fræðslusetursins Starfsmenntar er notað en þar má jafnframt nálgast þátttökuskjöl, þjónustukönnun og mat á námi ásamt því að fá yfirlit yfir námsframvindu.

Kynningar í framhaldsskólum

Fræðsludeild Alþýðusambandsins hefur boðið framhaldsskólum upp á fræðsluerindi um vinnumarkaðinn og kjarasamninga. Færst hefur í aukana að námsráðgjafar framhaldsskólanna og kennarar hafi samband og biðji um þessa fræðslu fyrir nemendur. Þetta hafa verið stutt erindi í kennslustundum, m.a. í lífsleikni og félagsfræði. Fyrst og fremst hefur verið lögð áhersla á grunnþætti er varðar réttindi og skyldur á vinnumarkaði svo sem vinnutíma, ráðningarsamninga, veikindarétt, uppsagnarfrest og launaútreikninga. Þörfin hefur verið brýn að fræða ungmenni um vinnumarkaðinn þar sem margir nemendur á framhaldsskólastigi eru farnir að vinna með skóla, en eru lítt meðvitaðir um réttindi og skyldur samkvæmt kjarasamningum og lögum. Farið var í um 50 heimsóknir á síðasta skólaári og í sumum tilfellum oftast en einu sinni í hvern skóla.

Útbúin hafa verið myndbönd þar sem helstu réttindi eru kynnt í stuttu máli á myndrænan hátt. Þau hafa m.a. verið notuð til kynningar í framhaldsskólum, fyrir kennara til kennslu, ásamt því að þeim var komið á framfæri til stéttarfélaganna. Þau má nálgast á heimasíðu ASÍ www.asi.is Þá hefur ASÍ verið í samstarfi við Jafningjafræðsluna síðan árið 2009. Þar hefur farið fram fræðsla fyrir unga fólkið um verkalýðshreyfinguna og helstu réttindi á vinnumarkaði, í gegnum Vinnuskóla Reykjavíkur, Kópavogs og Seltjarnarness. Hefur það samstarf gefist afar vel og verið mikilvægur þáttur í að efla þekkingu ungs fólks á vinnumarkaði.

Genfarskólinn

Norræni lýðháskólinn í Genf, Genfarskólinn, er haldinn samhliða Alþjóðavinnumálaþinginu í Genf. Nemendur kynnast þinghaldinu og Alþjóðavinnumálastofnuninni ILO. Stofnunin starfar að vinnumálum á vegum Sameinuðu þjóðanna. Fulltrúar á ILO-þinginu eru frá stjórnvöldum, atvinnurekendum og samtökum launafólks um allan heim. Þátttakendur kynnast norrænu samstarfi á vettvangi ILO og geta kynnt sér ýmis alþjóðasamtök verkalýðshreyfingarinnar sem starfa í tengslum við ILO. Námið fer fram í formi fjarnáms, fyrirlestra, hópstarfs og þátttakendur fylgjast með fundum

Alþjóðavinnuálagingsins og nefndarstarfi þess. Fornámskeið eru haldin í upphafi í Svíþjóð, oftast í mars, ár hvert. Að því loknu tekur við fjarnám sem stendur þar til þátttakendur fara út til Genfar, í lok maí. Skólinn er ætlaður virkum félagsmönnum í stéttarfélagunum. Gert er ráð fyrir því að umsækjendur hafi áhuga á alþjóðamálum verkalyðshreyfingarinnar. Æskilegt er að þeir hafi sótt fræðslustarf verkalyðshreyfingarinnar og þekki til starfsemi stéttarfélaganna og samtaka þeirra hér á landi. Aðild að Genfarskólanum eiga MFA-samböndin í Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Finnlandi og hér á landi. Íslensku þátttakendurnir í Genfarskólanum hafa verið tveir undanfarin ár. Þeir hafa sótt kynningarfundir hér á landi, sem haldnir hafa verið til undirbúnings þátttöku í skólanum. Á kynningarfundinum hitta þátttakendur fulltrúa Íslands sem sækja ILO þingið, ásamt þátttakendum síðasta árs. Deildarstjóri Fræðsludeildar situr í stjórn Genfarskólans. Slóð Genfarskólans er www.geneveskolan.org

Handbók trúnaðarmannsins

Handbók trúnaðarmannsins kom fyrst út vorið 2004 og hefur selst í 4229 eintökum. Mörg félög hafa keypt handbókina fyrir alla trúnaðarmenn sína. Handbókin er í stöðugri endurskoðun og samfara stöðugri endurskoðun á námskrám verður efni handbókarinnar gert ítarlegra. Þá hafa fimm kaflar verið þýddir á sex tungumál: ensku, pólsku, portúgölsku, tagalog, rússnesku og þýsku. Allt efni hennar er aðgengilegt á netinu www.felagsmalaskoli.is.

Skipulag hópfunda

Fræðsludeild hefur aðstoðað félögin við að skipuleggja hóp- og vinnufundi með aðferð er kallast Miðlunaraðferðin. Það er gagnleg aðferð til að vinna með hópum, hvort sem það er á fundum eða við kennslu. Aðferðin byggir á því besta sem þekkest úr kennslufræðinni og námssálarfræðinni. Þá hefur þessi aðferð verið notuð á ársfundum og þingum ASÍ og hefur Fræðsludeildin séð um þá vinnu.

Heimasíða

Í upphafi árs 2016 var hafin vinna við nýja heimasíðu. Verður hún tekin í notkun um mánaðamótin sept./okt. 2016. Markmið með nýrri heimasíðu er að gera hana einfaldari, símvæna og auðveldari í notkun. Þar má finna upplýsingar um námsframboð, handbók trúnaðarmannsins, efni um einelti og margt fleira.

Fjarfundareri

Frá áramótum hefur Fræðsludeild ASI boðið upp á stutt fjarfundareri.

Þau eru haldin einu sinni í viku og það sem tekið er fyrir er það sem efst er á baugi hverju sinni. Einnig eru haldin almennari fræðsluerindi. Jafnframt hefur verið leitað til félaganna eftir óskum um fræðslu, en búnaðurinn býður upp á að sá sem heldur fjarfundarfyrirlestur geti verið á sinni starfsstöð. Fræðslufundareriðin er hægt að nálgast á heimasíðu Alþýðusambandsins.

Vísinda- og tækniráð

ASÍ á tvo fulltrúa í Vísinda- og tækniráði. Með setu í ráðinu hefur ASÍ tækifæri til að koma áherslum í mennta- og atvinnumálum á framfæri og í framkvæmd. Vísinda- og tækniráð hefur það hlutverk að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu í því skyni að treysta stöðir íslenskrar menningar og auka samkeppnishæfni atvinnulífsins. Ráðið markar stefnu stjórnvalda í vísinda- og tæknimálum til þriggja ára í senn. Ráðið er skipað af forsætisráðherra og samanstendur af fimm ráðherrum, fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, fulltrúum úr atvinnulífi og fulltrúum menntastofnana. Fyrsta ráðið starfaði á árunum 2003-2006 og er núverandi ráð það fjórða sem lýkur störfum.

Helstu áherslur í stefnum Vísinda- og tækniráðs hafa verið að efla samkeppnissjóði í rannsóknum og þróun, auka klasasamstarf og alþjóðlega sókn í rannsóknarfjármagn. Jafnframt hefur ráðið unnið að og hvatt til úttekta á íslensku mennta- og rannsóknarkerfinu.

Innan Vísinda- og tækniráðs er starfað í tveim nefndum, *vísindanefnd* þar sem fulltrúar menntastofnana sitja og svo *tækninefnd* þar sem fulltrúar úr atvinnulífi sitja. Störf vísindanefndar snúa að mestu að rannsóknum og störfum háskóla á meðan störf tækninefndar snúa að tækniþróun. Jafnframt bera nefndirnar ábyrgð á skipun stjórnar og fagráðs fyrir þá sjóði sem heyra undir nefndirnar, t.d. Tækniþróunarsjóð, Rannsóknarsjóð o.fl. Nefndirnar hafa með sér samráð og hittast reglulega á sameiginlegum fundum vísinda- og tækninefnda. Sjálft ráðið hittist svo á þriggja mánaða fresti þar sem störf nefnda ber á góma og samráð er átt við ráðherra.

Stefna Vísinda- og tækniráðs fyrir árin 2014-2016 var unnin frá hausti 2012 og var hún samþykkt og gerð opinber í lok árs 2013. Í stefnunni voru fjögur meginmarkmið sem sneru að *mannauði og nýliðun í vísindum, samstarf og skilvirkni, sókn og verðmætasköpun og afrakstur og eftirfylgni*. Sú breyting var gerð á síðasta starfstímabili ráðsins að gerð var aðgerðaráætlun og var stöðuskýrsla birt í mars 2015.

Fagháskólastigið

Vorið 2015 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um ráðstafanir til að greiða fyrir gerð kjarasamninga. Í 6. lið sem fjallar um framhaldsfræðslu og starfsmenntun

segir: „Tryggt verður fjármagn til að [...] hefja vinnu við að skilgreina fagháskólastig og hvernig það gæti tengst bæði framhalds- og háskólakerfinu.“ Þegar fyrir lá haustið 2015 að engin vinna væri í gangi í menntamálaráðuneytinu til að fylgja yfirlýsingunni eftir hafði Alþýðusambandið frumkvæði að því að fá Runólf Ágústsson til að vinna hugmyndir um endurskoðun á verk- og tækninámi hér á landi. Hugmyndirnar voru kynntar á vettvangi ASÍ og síðan sameiginlega með ASÍ, SA og SI í lok október. Í framhaldinu áttu síðan fulltrúar ASÍ og SA fund með menntamálaráðherra þar sem hugmyndirnar voru kynntar ásamt tillögu að verk- og kostnaðaráætlun.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið óskaði síðan hinn 15. mars eftir tilnefningum í sérstakan verkefnahóp um fagháskólanám með aðild ASÍ. Verkefnahópurinn hóf störf í byrjun apríl 2016.

Á fyrsta fundi hópsins var ákveðið að Runólfur Ágústsson yrði starfsmaður hópsins.

Markmið verkefnisins er að vísir að skilgreindu fagháskólanámi verði kominn til framkvæmdar árið 2017.

Lýsing verkefnis

- a. Verkefnið snýr að fagháskólanámi sem skilgreint er hér sem starfstengt nám á fræðasviði háskóla. Meginverkefnið er að háskólar hafi í boði starfstengdar námsbrautir í takt við þarfir atvinnulífsins.
- b. Lögð er áhersla á að fagháskólanámsleiðir séu skipulagðar þannig að viðurkennt viðbótarnám við framhaldsskóla og viðurkennt iðnmeistarapróf sé metið að fullu til ECTS eininga. Til þess að það megi verða þarf að koma á samstarfi viðkomandi framhaldsskóla og þess háskóla sem býður upp á tilheyrandi fagháskóla-námsleið. Í vissum tilfellum gæti fagháskólanám brúað bil á milli framhaldsskólastigs og háskólastigs, þar sem fyrri hluti þess gæti fallið undir viðbótarnám við framhaldsskóla skv. 20 gr. laga nr. 92/2008 en há-skólagráða er veitt af viðurkenndum háskóla innan þess fræðasviðs sem hann býður upp á.
- c. Í fyrstu er miðað við að nemendur geti að loknu fagháskólanámi útskrifast annaðhvort með diplómu eða BA/BS gráðu, en skoða má í framhaldi reynslu annarra ríkja af atvinnulífstengdu meistaranámi.
- d. Kortleggja þarf í samvinnu við hagsmunaaðila hvaða og hvers konar námsleiðir henta. Í þeirri vinnu skal til að byrja með horft sérstaklega til þess náms sem nú þegar er í boði í framhaldsskólum og háskólum. Jafnframt þarf að kanna áhuga háskóla á að bjóða upp á slíkt nám auk þess að skoða að hvaða marki þeir bjóða þegar upp á nám sem flokkast gæti sem fagháskólanám.
- e. Víða erlendis (t.d. á Norðurlöndum) er háskólakerfinu skipt í fagháskóla og rannsóknarháskóla. Skoða þarf útfærslu á og reynslu af fagháskóla-

námi í þessum löndum en einnig aðrar útfærslur eins og University of the Highlands and Islands hjá Skotum.

- f. Kannad verður hvort og þá hvernig þurfi að breyta lögum og reglugerðum sem varða fagháskólanám.

Starfsmaður verkefnahópsins átti fyrir hönd verkefnahópsins fundi með helstu hagsmunaaðilum víða um land í samráði við verkefnastjóra. Alls var fundað með 42 aðilum og voru þeirra á meðal allir háskólar landsins ásamt samstarfsnefnd háskólastigsins, verknámsskólar á framhaldsskólastigi (6 skólar), símenntunaraðilar og aðrar menntaveitur, samtök stúdenta og framhaldsskólanema, sveitarfélög og menntaveitur á Austurlandi og Suðurlandi, samtök atvinnurekenda, stéttarfélög og samtök þeirra, menntamálastofnun og matsskrifstofa háskólastigsins.

Starfsmaður verkefnahóps, Runólfur Ágústsson, kynnti störf hópsins á fundi með fulltrúum Alþýðusambands Íslands og aðildarsamtaka þess 26. apríl sl. Í umræðum á fundinum kom fram að umræða um fagháskóla hér á landi hófst fyrir löngu síðan og hefur síðan komið upp ítrekað og með vaxandi þunga síðustu ár. Í tengslum við gerð kjarasamninga um mitt ár 2015 var af hálfu aðildarsamtaka ASÍ og í ágætu samstarfi við Samtök atvinnulífsins mikil áhersla lögð á að marktæk skref yrðu stigin í málinu sem leiddi til þess að gefin var út sérstök yfirlýsing af hálfu ríkisstjórnarinnar um þetta efni. Í framhaldinu höfðu aðilar vinnumarkaðarins síðan frumkvæði að því að setja málið á dagskrá og hrinda vinnu við það af stað.

Þann mikla áhuga sem Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess hafa lengi sýnt fagháskólanámi má rekja til þeirrar skoðunar samtakanna að það skorti verulega á menntunarúrræði á háskólastigi, þar sem áhersla er einkum lögð á hagnýta verk- og tæknimenntun og aðra starfsmenntun fyrir atvinnulífið og þá einstaklinga sem þar starfa. Um leið verði opnaðar greiðar leiðir til áframhaldandi náms fyrir þá einstaklinga sem velja verk- og starfsnám af ýmsu tagið á framhaldsskólastigi til að sækja sér í framhaldinu frekari menntun ef og þegar áhugi og hvati er til þess og byggja þá á því námi sem þegar er lokið. Slíkt sé í reynd nauðsynleg forsenda þess að hægt verði að tala um jafngildi verk- og starfsnáms og bóknáms, þótt fleira þurfi einnig að koma til.

Þá hefur af hálfu ASÍ verið lögð áhersla á að forsenda farsællar uppbyggingar og reksturs náms á fagháskólastigi sé að hvoru tveggja verði gert að frumkvæði atvinnulífsins og þeirra sem þar starfa í góðu samstarfi við menntastofnanir í landinu, bæði innan formlega menntakerfisins og endur- og símenntunarstofnana sem byggðar hafa verið upp í nánnum tengslum við atvinnulífið. Varpað var fram nokkrum spurningum af hálfu verkefnahópsins sem Alþýðusambandið svaraði í skriflegu svari.

1. Hvað þarf til að háskóli meti einingar úr fagháskólanámi?

Áherslu verður að leggja strax í upphafi á gæðamálin. Þ.e. að gæði þess náms sem boðið verður upp á séu hafin yfir allan vafa og þeir nemendur sem ljúka námi/námsþáttum á þessu stigi hafi öðlast þá hæfni sem námið á að skila. Þar sem einingamatíð byggir á ECTS einingum og unnið er eftir skýru og viðurkenndu gæðakerfi. Þetta er mikilvæg og nauðsynleg forsenda þess að allar menntastofnanir, hér á landi sem erlendis, meti námið að fullu. Þetta er jafnframt krafa sem bæði atvinnulífið og þeir einstaklingar sem sækja námið eiga að gera til þess.

2. Er þörf á slíku námi? Hver væri ávinningur af slíku fyrir samfélag og atvinnulíf? Það hefur ítrekað komið fram á vettvangi Alþýðusambandsins og af hálfu ASÍ og aðildarsamtaka þess að mikil þörf er fyrir hagnýta verk- og tæknimenntun og aðra starfsmenntun að loknum framhaldsskóla fyrir atvinnulífið og þá einstaklinga sem þar starfa.

- a. Nú þegar er í boði nám á vegum háskólanna og endurmenntunarstofnana sem klárlega fellur undir skilgreiningu á fagháskólanámi og á þar heima.
- b. Þá er í nokkrum greinum slíkt nám þegar til staðar, þ.e. á 4. þrepi skv. íslenska hæfnirammanum, kennt innan framhaldsskólans og því ekki viðurkennt sem slíkt, hvorki af menntastofnunum á háskólastigi né sem skyldi að atvinnulífni og þeim sem þar starfa.
- c. Fyrir liggur að þörf er á frekara hagnýtu verk- og starfsnámi á háskólastigi sem byggt er ofan á nám sem framhaldsskólar bjóða. Nefndar hafa verið sem dæmi fjölmargar verk- og tæknigreinar, heilbrigðisgreinar, þjónustugreinar s.s. í ferðaþjónustu og greinar sem tengjast verzlun og viðskiptum af ýmsu tagi.

Mikilvægt er að styrkja nú þegar þá vinnu sem þegar er hafin við að kortleggja störf og starfsgreinar, gera þarfagreiningar og í framhaldinu undirbúa nám á 4. og 5. þrepi (með möguleikum á framhaldi síðar) í samstarfi atvinnulífsins og menntastofnana. Jafnframt þarf að huga að forgangsriðun og fjármögnun slíkra verkefna. Við þá vinnu er eðlilegt að styðjast við spálkön og greiningar á þörfum atvinnulífsins fyrir hæft starfsfólk. Hér eiga og geta starfsgreinaráð einnig gegnt mikilvægu hlutverki þar sem skipulag námsins á framhaldsskólastigi taki þá mið af því sem á eftir kemur og samspil og samhengi framhaldsskólans og háskólastigsins sem best tryggt. Þá er mikilvægt að sú námskrárvinna sem nú er í gangi vegna iðnmeistaránámsins verði unnin í samhengi við þær hugmyndir sem uppi eru um fagháskólastigið.

Samhliða og í framhaldinu er jafnframt mikilvægt að huga að því hvernig

nýta má aðferðafræði raunfærnimats til að auðvelda þeim einstaklingum sem aflað hafa sér mikillar starfsreynslu og hæfni með þátttöku í atvinnulífínu að fá þá hæfni metna og sem grundvöll að frekara námi.

3. Hver eru sjónarmið ykkar um inntak fagháskólanáms og þær kröfur sem gera þarf?
 - a. Eins og áður segir er lykillinn að árangri að námið verði byggt upp og rekið á grundvelli þarfagreiningar í atvinnulífínu og í nánu samstarfi fyrirtækjanna og samtaka þeirra, starfsmanna og menntastofnana.
 - b. Í þessu sambandi þarf sérstaklega að huga að hagnýtum tilgangi og verklegum þáttum námsins og að hve miklu leyti þeir geti farið fram úti á vinnustöðunum sjálfum undir leiðsögn til þess bærri aðila.
 - c. Í annan stað verður strax frá upphafi að gera kröfur um að námið verði byggt upp þannig að það uppfylli viðurkennd og alþjóðleg gæðaviðmið og að þeir einstaklingar sem ljúka námi uppfylli þær hæfnikröfur sem gerðar eru og náminu er ætlað að uppfylla.
 - d. Tryggja verður að námið feli ekki í sér blindgötur eða öngstræti. Til að svo verði þarf að liggja fyrir að námið sé viðurkennt inn á aðrar brautir ef áhugi er á slíku.
 - e. Hugað verði sérstaklega að þeim möguleikum sem er til staðar með fjarnámi, dreifnámi, lotunámi og öðrum slíkum leiðum til að auðvelda þeim einstaklingum sem komnir eru út á vinnumarkaðinn að sækja sér frekari menntun á fagháskólastigi.
4. Er áhugi hjá ykkur að taka þátt í þessari vinnu og ef svo er hvernig viljið þið standa að slíku?

Af hálfu Alþýðusambandsins og aðildarsamtaka þess er ríkur vilji og áhugi til að taka þátt í mótun ramma og útfærslu náms á fagháskólastigi, bæði í tengslum við vinnu verkefnastjórnar og við útfærslu á náminu sjálfu á fjölmörgum sviðum í samstarfi við fyrirtækin og menntastofnanir. Af þessu tilefni hefur Alþýðusambandið falið menntanefnd sambandsins ásamt fleiri aðilum frá aðildarsamtökunum að vinna áfram að málinu og vera jafnframt bakhjarl fulltrúa ASÍ í verkefnastjórninni.

Jafnframt leggur Alþýðusambandið áherslu á að í þeirri vinnu sem er fram undan verði sérstaklega horft til útfærslu varðandi ramma um fagháskólastigið sem felur í sér þátttöku og samstarf sem flestra menntaveitna sem hafa áhuga á og eru til þess bærar að bjóða upp á nám á fagháskólastigi. Með því móti verður best nýtt sú þekking og færni sem þegar er til staðar í menntakerfinu. Til að stuðla að þátttöku í slíku samstarfi má nýta ýmiss konar hvata. Út frá

Þessu sjónarmiði er mikilvægt að tryggja að möguleikar menntaveitna til þátttöku í slíku samstarfsneti verði haldið opnum þrátt fyrir að þær séu ekki beinir þátttakendur í verkefninu strax frá upphafi, en fyrir því geta verið ýmsar aðstæður sem taka ber tillit til.

Loks leggur Alþýðusambandið áherslu á að verkefnið verði unnið af fullum metnaði af öllum sem málið varðar með það að markmiði að byggja upp öflugt og fjölbætt hagnýtt nám í verk- og tæknigreinum og annarri starfsmenntun af réttum gæðum. Þannig verði búið til módel/kerfi sem síðan verði hægt að raða inn í fjölbreyttu námsframboði, þótt í upphafi sé byrjað með nám sem er smærra í sniðum. Þetta er til að mynda mikilvægt að leggja til grundvallar þegar hugað verður að nauðsynlegum laga- og reglugerðabreytingum.

Í ágúst lagði starfsmaður verkefnahópsins fram drög að skýrslu og tillögum byggðum á vinnu hópsins og viðtölum við hagaðila. Af hálfu ASÍ kom fram að drögin væru vel og rökrétt uppbyggð og fenguðu í meginatriðum viðfangsefnið. Þannig gera þau ágætlega grein fyrir ábendingum sem komið hafa fram af hálfu þeirra aðila sem tekið hafa út íslenskt menntakerfi, þörfinni fyrir að efla hagnýtt nám á háskólastigi og hvaða kostir eru í stöðunni varðandi uppbyggingu og utenumhald um slíkt nám. Þá væri tillagan sem sett er fram í anda þess sem rætt hefur verið í verkefnahópnum og er vel ásættanleg, þótt hún gangi ekki jafn langt og æskilegast hefði verið.

Í ljósi framanritaðs lagði menntanefnd ASÍ til að áfram yrði haldið á þeirri braut sem lagt er upp með í drögunum, þau fullkláruð og þeim síðan fylgt eftir með viðeigandi hætti. Jafnframt benti menntanefnd ASÍ á að mikilvægt væri að í efni skýrslunnar og tillögunum sem þar eru settar fram verði eftirfarandi atriði dregin skýrar fram og þau áréttuð.

1. Mikilvægt er að inn í framsetninguna á hvað er fagháskólanám, þar sem fjallað er um forsendur og tillögur verði ríkari áhersla á atvinnulífs- og vinnumarkaðstenginguna. Þ.m. áherslu á samstarf menntastofnananna og atvinnulífsins við að meta þörf og setja fram hæfniröfurnar – learning outcome.
2. Sett verði inn með skýrari hætti hvað greinir fagháskólanám frá hefðbundnu akademísku námi, þ.e. áherslan á samspil bóklegs náms og starfsnáms/starfsþjálfunar á vinnustað/úti í atvinnulífinu.
3. Sett verði inn þar sem við á að háskólarnir geti samið aðrar menntaveitur en framhaldsskólana s.s. símenntunarmiðstöðvar og rannsóknarstofnanir.
4. Sett verði inn það sjónarmið að mikilvægt sé að sem flestir háskólar (og menntaveitur) verði með og jafnframt að samstarfið verði áfram opið fyrir þá sem vilja koma inn á seinni stigum.
5. Áréttá að markhópar námsins eru:

- a. Ungt fólk sem vill sækja sér hagnýta menntun á háskólastigi.
- b. Fólk sem er komið út á vinnumarkað og vill sækja sér frekari menntun.

Setja þarf inn áhersluna á hugmyndafræði raunfærnimats og mikilvægi þess gagnvart þeim sem eru á vinnumarkaði og vilja sækja sér frekari menntun á fagháskólastigi.

Á fundi starfshópsins í lok ágúst kom hins vegar fram að háskólarnir gerðu alvarlegar athugasemdir við tillögurnar sem settar voru fram í drögum starfsmannsins og höfnuðu þeirri nálgun sem þar var sett fram sem í meginatriðum gekk út á að stofnaður yrði sameiginlegur og formlegur samstarfsvettvangur um uppbyggingu og þróun fagháskólanáms með þátttöku háskólanna, aðila vinnumarkaðarins, framhaldskólanna og annarra menntaveitna. Var helst á þeim að skilja að verkefnið ætti að vera alfarið á þeirra forsendum og ábyrgð.

Framangreind afstað háskólanna setti málið allt í uppnám og þegar þetta er skrifað um miðjan september er mikil óvissa um framhaldið.

Mat á námi til launa

Með kjarasamningum SGS/Eflingar og LÍV/VR í maí 2015 fylgdi bókun um mat á námi til launa.

„Samningsaðilar munu vinna að því að meta nám/raunfærni til launa í tveimur þrepum á grundvelli hæfnigreininga starfa. Áætlun verði gerð um greiningu starfa með aðkomu beggja aðila í samráði við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, þar sem hæfnipættir starfs eru settir upp í námskrá.

Nefnd samningsaðila, þrír frá ASÍ og þrír frá SA, mun hefja störf eigi síðar en haustið 2015. Unnið verður áfram á grundvelli þeirra tillagna sem samningsaðilar hafa mótað í aðdraganda kjarasamninga. Stefnt er að því að námskeið og raunfærnimat verði sett af stað á grundvelli þessarar vinnu haustið 2016.

Fyrir 1. okt. 2016 skal liggja fyrir með hvaða hætti skuli greitt fyrir þá hæfni sem metin er í starfi.

Miklar tafir urðu á því að nefnd samningsaðila yrði skipuð og hóf hún ekki störf fyrr en í maí 2016. Á fyrsta fundi hennar var fjallað um verklag og markmið sem vinnu hennar væru sett. Jafnframt var ákveðið að samningsaðilar fengju Fræðslumiðstöð atvinnulífsins til að aðstoða nefndina í störfum hennar.

Í minnisblaði sem lagt var fram í nefndinni og samþykkt var að leggja til grundvallar segir m.a.: „*Æskilegt er að samningsaðilar setji sér sameiginleg markmið um ávinning með innleiðingu raunfærnimats þar sem notuð eru viðmið sem atvinnulífið hefur mótað.*

Koma á raunfærnimatskerfi sem nýtist einstaklingum og fyrirtækjum til að auðvelda færniuppbyggingu og auka samkeppnishæfni. Hæfniviðmið í mati munu byggja á hæfnigreiningum starfa og framkvæmd raunfærnimats mun byggja á væntingum og þörfum einstaklinga og fyrirtækja. Framkvæmd verður byggð á lögum um framhaldsfræðslu 27/2010 og reglugerð 1163/2011 og markmiðið er að starfsreynsla sé metin til jafns við nám. Markmiðið er að bæði starfsmenn og fyrirtæki nýti sér ávinning og tækifæri sem felast í því að gera hæfnikörfur og færni sýnilega.“

Á framangreindum grunni hefur verið unnið að því að kortleggja störf, m.a. í dagvöruverslun og ferðaþjónustu, hæfnigreina störf og undirbúa framkvæmd raunfærnimats á þeim grunni. Ljóst er að hér er um mjög viðamiklð verkefni að ræða og mikilvægt að öll vinnan byggi á vönduðum og traustum grunni sem hægt verði að nýta fyrir sem flest störf á vinnumarkaði.



Áttin.is

Í samkomulagi ASÍ og SA vegna endurskoðunar og framlengingar kjarasamninga frá 21. janúar 2013 var fjallað um eflingu starfsmenntasjóða og stefnt að því að framlög til þeirra hækkuðu í áföngum um 0,1% eigi síðar en 1. janúar 2015.

Þetta var síðan útfært í samningunum sem undirritaðir voru 21. desember 2013, þar sem ákveðið var að framlögin til sjóða verkafólks hækkuðu 1. janúar 2014, til sjóða iðnaðarmanna 1. júní 2014 og til sjóða verslunar- og skrifstofufólks 1. janúar 2015.

Samningnum fylgdi bókun um starfsmenntamál:

„Aðilar eru sammála um að ráðast í sameiginlega úttekt á núverandi fyrirkomulagi fræðslu- og starfsmenntamála með það að markmiði;

- a. að auka vægi náms sem metið er til eininga eða viðurkenndrar færni á vinnumarkaði,*
- b. að stuðla að auknu samstarfi milli sjóða til hagræðis fyrir fyrirtæki og einstaklinga og koma á sameiginlegri vefgátt fyrir þá,*
- c. að ráðast í átak til að kynna sjóðina og þann ávinning sem þangað er að sækja,*
- d. fjalla um með hvaða hætti ráðstafa megi hluta af þeirri hækkun sem samið er um í samningi þessum til þess að ná markmiðum í staflíðum b og c. Úttektinni skal lokið fyrir 1. maí 2014.“*

Ákveðið var að setja á fót sérstaka viðræðunefnd með fulltrúum bæði frá ASÍ og aðildarsamtökunum og Samtökum atvinnulífsins. Viðræðunefndin ákvað að leggja áherslu á liði b. og c. í bókuninni og að upplýsingum og úrræðum yrði einkum beint að fyrirtækjunum, enda sjóðirnir og úrræði þeirra vel þekkt meðal félagsmanna stéttarfélaganna.

Niðurstaða viðræðunefndarinnar var að láta vinna sérstaka vegfátt sem ætlað er að auðvelda fyrirtækjum sem greiða iðgjald í starfsmenntasjóði/-setur að sækja um styrki til námskeiðahalds fyrir starfsmenn sína. Einnig geta fyrirtæki fengið fræðslustjóra að láni inn í fyrirtækið og styrki til eigin fræðslu. Þannig þurfa fyrirtæki sem greiða starfsmenntagjald vegna starfsmanna sinna í eftirtalda sjóði aðeins að sækja um styrki á einum stað, í stað margra áður. Vefgáttin fékk heitið Áttin.is. Hún var opnuð í ársbyrjun 2016 og var af því tilefni kynnt á fundum vítt og breitt um landið. Þeirri kynningu hefur síðan verið fylgt eftir með heimsóknum og frekari kynningu úti í fyrirtækjunum.

Á vefgáttinni eru frekari upplýsingar um hvernig er sótt um, hvers konar styrkir eru í boði, reglur og listi yfir fræðsluaðila. Það er von þeirra sem standa að ÁTTINNI, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins og aðildarsamtaka þeirra, að nýja vefgáttin og þeir möguleikar sem hún gefur verði til að auka skilning og vitund fyrirtækjanna og starfsmanna þeirra á mikilvægi öflugrar starfsmenntunar og færnissuppyggingar til að treysta stöðu fyrirtækjanna og bæta hag þeirra sem hjá þeim starfa.

Hæfniramminn (NQF/EQF)

Með lögum um framhaldsfræðslu frá árinu 2010 eru námslok innan formlega menntakerfisins og námskrár innan framhaldsfræðslu tengdar við hæfniprep sem eru skilgreind með hliðsjón af þeirri hæfni sem nemandi á að búa yfir við lok hvers þreps. Þrjátíu Evrópulönd, þ.m.t. Ísland, vinna að því að tengja sín hæfniprep við evrópska hæfnirammann. Markmiðið með hæfniramma er að hann endurspegli menntakerfi hvers lands og gefi kerfisbundna lýsingu á námslokum innan formlega menntakerfisins frá grunnskóla til háskóla og lýsingu á vottuðu námi innan framhaldsfræðslu. Námslok í framhaldsfræðslu hafa hins vegar ekki verið skilgreind hér á landi. Fulltrúar atvinnulífs á Íslandi hafa, allt frá upphafi umræðna um íslenskan hæfniramma, lagt áherslu á að hæfniramminn stuðli að hreyfanleika á vinnumarkaði, m.a. með samanburð milli landa í huga og til að tryggja betur að samræmi sé milli mismunandi námsloka og þarfa atvinnulífsins. Samkvæmt framkvæmdastjórn Evrópusambandsins er evrópski hæfniramminn (EQF) settur fram í því skyni að stuðla að hreyfanleika milli landa og hreyfanleika á vinnumarkaði en einnig til að stuðla að og styðja við ævimenntun.

Vinnuhópur um hæfniramma fyrir framhaldsfræðslu hefur verið starfandi

síðan í september 2013 og hefur fulltrúi ASÍ tekið þátt í þeirri vinnu. Hópurinn var settur saman að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytisins eftir að aðilar framhaldsfræðslu höfðu gert athugasemdir við 7 þrepa rammann (NQF) sem birtist á vef ráðuneytisins. Athugasemdir sem bárust snerust fyrst og fremst um fjölda þrepa og að ekki væri tekið nægjanlegt tillit til óformlegs náms. Óskað var eftir meira samráði við hagsmunaaðila utan formlega skólakerfisins til að tryggja sameiginlegt eignarhald og víðtæka notkun rammans. Hlutverk vinnuhópsins var að þróa almenn hæfniviðmið í framhaldsfræðslu, flokka þau á hæfniþrep eftir þörfum og spegla þau inn í hæfniramma um íslenskt menntakerfi. Sú breyting varð á fyrirkomulagi þessarar vinnu við hæfnirammann að í lok árs 2014 ákvað ráðuneytið að fela Rannís yfirumsjón með áframhaldandi vinnu. Nýir vinnuhópar voru skipaðir, einn vinnuhópur sem fjallar um 1. þrepið, annar sem fjallar um fjórða þrepið og svo ráðgjafarhópur. Í þessa vinnuhópa voru kallaðir til aðilar allra skólastiga, fullorðinsfræðsluaðilar og hagsmunaaðilar og á ASÍ fulltrúa í þessum vinnuhópum. Þeirri vinnu er ekki lokið en markmið vinnuhópanna er að ná fram sameiginlegri sýn og móta tillögur að heildstæðum hæfniramma, sem rúmar allt nám, óformlegt og formlegt, ásamt því að gera hann atvinnulífstengdari.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Árið 2016 er 14. starfsár FA og sjötta ár starfseminnar byggt á lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. Starfsemin hefur verið með nokkuð reglubundnum hætti á árinu. Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir lét af störfum framkvæmdastjóra 1. júní og við tók Sveinn Aðalsteinnsson. Ingibjörg Elsa hefur verið framkvæmdastjóri FA frá stofnun, 2003, og eru henni færðar þakkir fyrir frábært brautryðjendastarf.

Hér á eftir er gert grein fyrir helstu verkefnum Fræðslumiðstöðvarinnar og Fræðslusjóðs. Ítarlegri upplýsingar er að fá í ársskýrslum þessara aðila sem eru birtar á vef Fræðslumiðstöðvarinnar www.frae.is.

Málaferli gagnvart Evrópusambandinu

Í kjölfar niðurstöðu umboðsmanns Evrópusambandsins í frumkvæðisrannsókn, sem embættið fór í, var ákveðið að fara í málaferli við framkvæmdastjórn ESB vegna einhliða riftunar ESB á samningi um IPA-styrk frá ESB sem var rift af hálfu ESB í kjölfar þess að ríkisstjórn Íslands stöðvaði aðildarviðræður árið 2014. Umboðsmaður Evrópusambandsins er afar harðorður í áliti sínu um riftun ESB á IPA-samningnum við FA og fordæmir framgöngu framkvæmdastjórnarinnar í málinu, segir hana óásættanlega og vera til þess gerða að grafa undan orðspori og trúverðugleika ESB. Málið varðar verkefnið:

„Próun raunfærnimats til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun“, en verkefnið fékk IPA-styrk frá Evrópusambandinu að upphæð 1.875.000 evrur, sem er 75% kostnaðaráætlunar. Mótframlag, 25%, hefur Fræðslusjóður greitt. Þetta er stærsta einstaka verkefnið, sem FA hefur tekið að sér utan þjónustusamnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Verkefnið var til 3ja ára frá 1. september 2012. Í janúar greiddi ESB framlag vegna hluta þeirrar vinnu sem hafði átt sér stað í verkefninu. Reiknað er með að niðurstaða málaferla komi í byrjun árs 2017.

Þjónustusamningur og starfsáætlun FA árið 2016

Í gildi er þjónustusamningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið sem tók gildi í ársbyrjun 2016 og gildir út árið 2021. Samningurinn byggir á lögum um framhaldsfræðslu sem ætlað er að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu. FA sinnir markhópnum ekki með beinum hætti, heldur í gegnum samstarfsaðila sína, sem eru fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar innan KVASIS, í iðngreinum og á vegum opinbera vinnumarkaðarins. Alls eru þetta 14 fræðsluaðilar, sem jafnframt eru samstarfsaðilar Fræðslusjóðs. Gerð er starfsáætlun fyrir hvert ár sem nálgast má á heimasíðu FA, www.frae.is og byggir hún á þjónustusamningnum við mennta- og menningarmálaráðuneytið og er lögð fyrir það til samþykktar. Í lok árs er gerð ársskýrsla, sem skilað er til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. FA vistar einnig tengilið Norræna netsins um nám fullorðinna, sem kostað er af Norrænu ráðherranefndinni.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu verkefnum FA á tímabilinu 1. janúar 2016 til 31. ágúst 2016. Vísað er til ársskýrslu FA 2015 varðandi ítarlega umfjöllun um starfsárið 2015 en hér á eftir má finna stutta tölfræðilega samantekt um árið 2015 auk umfjöllunar um starfið sem af er árinu 2016.

Umsýsla Fræðslusjóðs

FA þjónustar stjórn sjóðsins og hefur umsjón með honum samkvæmt þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

FA boðar fundi í samráði við formann stjórnar, ritar fundargerðir, annast fjármál, m.a. gerð fjárhagsáætlana á grundvelli ákvarðana stjórnar sjóðsins, annast bókhald og eftirfylgni með fjármunum og notkun þeirra.

FA gerir samninga við fræðsluaðila fyrir hönd stjórnar Fræðslusjóðs, safnar upplýsingum um framgang verkefna og safnar tölfræðilegum upplýsingum um árangur í starfinu og miðlar þeim til stjórnarinnar.

FA tekur á móti umsóknum vegna úthlutana úr Fræðslusjóði. Úthlutað er

í upphafi árs nema til nýsköpunar- og þróunarverkefna sem úthlutað er til á vormánuðum. Auk þessa er endurúthlutað fjármagni sem skilað er frá fræðsluaðilum á haustmánuðum, en skil voru lítil á tímabilinu.

Umsóknir ársins 2016 til vottaðra námsleiða voru alls rúmar 626 milljónir, til náms- og starfsráðgjafar tæplega 201 milljón og til raunfærnimats tæpar 194 milljónir. Samtals tæplega 1.021 milljón.

Úthlutað var eftirfarandi:

Vottaðar námsleiðir	494.140.000
Náms- og starfsráðgjöf	131.000.000
Raunfærnimat	178.536.900
Samtals úthlutað	803.676.900

FA veitir sérfræðiráðgjöf eftir því sem stjórn sjóðsins óskar eftir. Á þessu ári hefur sú ráðgjöf fyrst og fremst falist í því að fara yfir umsóknir um vottaðar námsleiðir, raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf. Þá hefur farið fram skoðun og greining á verkþáttum og kostnaði við framkvæmd raunfærnimats. Starfsmenn FA hafa tekið þátt í þessari vinnu og má skipta þeirra aðkomu í eftirfarandi:

Greina verkþætti og kostnað við raunfærnimat í samstarfi og með þátttöku framkvæmdaraðila.

Útfæra hugmyndir að breytingum í samstarfi við stjórn Fræðslusjóðs og meta áhrif þeirra miðað við umfang raunfærnimats.

Afla gagna um framkvæmd framhaldsfræðslu og leggja fram sérfræðiálit á vafatriðum í framkvæmdum ef upp koma.

Úthlutanir til nýsköpunar- og þróunarverkefna fóru fram á vormánuðum. Sérstök úthlutunarnefnd, skipuð af Fræðslusjóði, fer yfir umsóknir og gerir tillögur til sjóðsins um úthlutanir. Sótt var um styrki til 29 verkefna að upphæð kr.68.848.954. Úthlutað var til 14 verkefna alls kr. 33.758.100.


Styrkir Fræðslusjóðs 2015

Vottaðar námsleiðir

Fræðslusjóður greiddi nærri 509,7 milljónir til framkvæmdar á vottuðum námsleiðum hjá samstarfsaðilunum á árinu 2015. Samstarfsaðilar Fræðslusjóðs í þessu verkefni á árinu 2015 voru 13 símenntunarmiðstöðvar. Vottað nám er skilgreint sem nám samkvæmt námsleiðum sem hafa verið sérhannaðar fyrir fólk á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið framhaldsskóla og metnar hafa verið til eininga á framhaldsskólastigi.

Árið 2015 voru þátttakendur í vottuðum námsleiðum fjármögnuðum af Fræðslusjóði 2.706 í 215 námsleiðum. Um 66% þátttakenda eru af

landsbyggðinni en 34% sóttu námið á höfuðborgarsvæðinu. Þátttakendum hjá fimm símenntunarmiðstöðvum fjölgar á milli ára á meðan það er fækkun hjá átta. Í heild fækkaði þátttakendum á milli árunna 2014 og 2015 úr 2.804 í 2.706.



Mynd 1. Þátttakendur í námstilboðum símenntunarmiðstöðva 2015.

Náms- og starfsráðgjöf

Á árinu 2015 nam framkvæmd náms- og starfsráðgjafar alls tæpum 114,2 milljónum kr. Árið 2015 héldu átta af þrettán fræðsluaðilum samtals 108 kynningarfundum í náms- og starfsráðgjöf en þar af fóru 84 kynningar fram á vinnustöðum, eða 78%, en aðrar kynningar voru 24 eða 22%.

Heildarfjöldi ráðgjafaviðtala hjá símenntunarmiðstöðvunum og fræðslumiðstöðvum iðngreina árið 2015 var 8.319 viðtöl á móti 9.467 árið 2014 sem er fækkun um 1.148 viðtöl, eða um 12%, sbr. töflu 3 hér neðar. Sjö miðstöðvar skila hærri viðtalafjölda heldur en árið 2014 en sjö eru með færri viðtöl en árið áður. Mest fækkun viðtala var hjá Mími-símenntun, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og Fræðsluneti Suðurlands.

Árið 2015 voru 80% viðtala náms- og starfsráðgjafa við ráðþega, sem hafa ekki lokið námi á framhaldsskólastigi, þ.e. aðeins lokið grunnskóla eða hafið nám í framhaldsskóla og ekki lokið. Hlutfall viðtala við einstaklinga sem höfðu lokið iðn- eða starfsmenntun var 11%.

Raunfærnimat

Á árinu 2015 var framkvæmt raunfærnimat fyrir rúmlega 103,4 milljónir.

Raunfærnimat í löggiltum iðngreinum

Árið 2015 var úthlutað rúmlega 58,5 millj. til framkvæmdar á raunfærnimati í löggiltum iðngreinum og 1 millj. til gátlistagerðar. Samtals til framkvæmdar raunfærnimats í löggiltum iðngreinum var því rúmlegar 59,5 millj.

Meðaltal staðinna eininga í raunfærnimati í löggiltum iðngreinum, sem fer fram á móti námskrám árið 2015, er 50,8 fyrir hvern einstakling. Meðalfjöldi staðinna eininga voru allt frá 8,3 einingum í rafvirkjun og upp í 122 í bakara-iðn eins og kemur fram kemur í töflu 5.

Standist einstaklingar ekki viðmið í raunfærnimati felst töluverður kostnaður í því, að auki getur slíkt haft neikvæð áhrif á sjálfsmynd viðkomandi. Því er mikilvægt að hlutfall staðinna eininga sé gott. Mikilvægur liður í því að stuðla að góðu hlutfalli staðinna eininga er að skimun ráðgjafa í upphafi sé góð.

Fjöldi staðinna eininga eftir árum

Ártal	Einingar til mats	Staðnar einingar	Hlutfall staðinna eininga
2007	4.224	2.469	58%
2008	7.281	4.774	64%
2009	7.994	6.671	83%
2010	11.921	8.085	68%
2011	10.105	7.626	75%
2012	8.872	6.539	74%
2013	12.173	8.614	71%
2014	15.662	11.233	72%
2015	12.651	9.755	77%

Annað raunfærnimat í umsjón símenntunarmiðstöðva

Á árinu 2015 fengu ellefu símenntunarmiðstöðvar úthlutað til samtals 25 raunfærnimatsverkefna utan iðngreina. Heildarúthlutun til þessara verkefna var samtals rúmar 82,4 millj. auk þess sem 3,8 millj. voru eftirstöðvar frá fyrra ári. Heildarfjármagn til framkvæmdar á árinu voru því alls tæplega 86,2 millj.

Á árinu luku 258 einstaklingar raunfærnimati utan iðngreina á móti 231 einstaklingi 2014. Varðandi raunfærnimatið sjálft er annars vegar metið til

eininga á móti námskrám í framhaldsskólastigi og hins vegar metið á móti viðmiðum atvinnulífsins. Í þeim tilvikum eru engar einingar til mats heldur færniviðmið í tiltekinni grein.

Heildarfjöldi staðinna eininga í raunfærnimati utan iðngreina á árinu 2015 var 8.560 einingar. 226 einstaklingar þreyttu mat á móti námskrám og var meðaltal staðinna eininga á mann tæplega 38 einingar. Hlutfall staðinna eininga fyrir árið var 86%.

Öflun upplýsinga um markhóp og menntunarþarfir hans

Reglulega er aflað upplýsinga um markhópinn. Fræðsluhönnunarferli FA (greining, hönnun, innleiðing og mat) vegna starfstengds náms hefur verið í endurskoðun og þróun á árinu til að koma til móts við athugasemdir Menntamálastofnunar (sjá kafla um námskrár og námslýsingar).

Greiningarhluti ferlisins byggir á hæfnigreiningum FA, sem eru komnar í ákveðinn farveg og hafa námskrár og námslýsingar verið skrifaðar sem byggja á þeim. Greiningar geta bæði verið framkvæmdar af FA og samstarfsaðilum sem hafa hlotið þjálfun í að nota aðferðafræðina. Áfram verður unnið við að þróa vinnubrögð við hæfnigreiningar. Aflað er upplýsinga um markhópinn með því að kortleggja þau störf, sem til greina kemur að hæfnigreina. Stefnt er að fjölgun hæfnigreininga og uppbyggingu hæfnigrunnns FA.

Unnið hefur verið markvisst að því að efla þátttöku atvinnulífsins í hæfnigreiningum. Í ljós hefur komið að í mörgum tilvikum eru fyrirtæki treg að senda starfsmenn til þátttöku í greiningarvinnu. Leita þarf leiða til að kynna hæfnigreiningar FA, sýna fram á gagnsemi þeirra fyrir starfsgreinarnar og einnig hvaða gagn einstaklingar/fyrirtækin hafa af þátttöku í greiningarfundunum. Það gæti verið hlutverk vinnuveitendasamtaka að vinna að viðhorfi sameiginlegrar ábyrgðar á hæfniefningu í starfsgreininni.

Sem lið í að afla upplýsinga í samstarfi við atvinnulífið hefur FA tekið þátt í að kortleggja störf innan ákveðinna starfsgreina í þeim tilgangi að hvetja til hæfnigreininga.

Kortlagning á störfum og starfsheitum í ferðaþjónustu var unnin í samstarfi við Starfsgreinaráð matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreina. Markmið kortlagningar er að hafa yfirsýn yfir helstu störf og starfsheiti í ferðaþjónustu. Í því felst stutt lýsing á starfi þar sem áhersla er á að greina sjálfstæði og ábyrgð sem því fylgir. Undirbúningur fólst í að afmarka umfang verkefnisins og móta fyrstu drög að uppbyggingu kortlagningar. Fundað var með hagsmunaaðilum um uppbyggingu starfa innan einstakra starfssviða. Í þessu verkefni var ákveðið að undanskilja störf í ferðaþjónustu á vegum opinberra aðila, og fólksflutninga með flugi og skipum.

Í framhaldi af undirbúningi var fundað með stjórnendum fyrirtækja til að

fá mat á einstök störf út frá verkefnum, sjálfstæði og ábyrgð. Markmiðið með því var að gera skýr skil á milli starfa þar sem í mörgum tilvikum voru notuð mörg starfsheiti fyrir sambærileg störf, og einnig til að gera starfsþróunarmöguleika innan greinarinnar sýnilega. Alls voru haldnir 31 fundur af þessu tagi. Í flestum tilvikum var um að ræða fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu en í sumum tilvikum voru fyrirtækin með starfsstöðvar víða um landið. Stærð fyrirtækja var misjöfn.

Í apríl, maí og júní var unnið að kortlagningu starfa í skrifstofu- og verslunargreinum fyrir Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina. Markmið kortlagningar var að fá yfirsýn yfir helstu störf og starfsheiti í þessum greinum. Gerð var stutt lýsing á störfum þar sem áhersla var lögð á að greina sjálfstæði og ábyrgð sem þeim fylgir. Haldnir voru fjórir fundir með Starfsgreinaráðinu og stjórnendur 14 fyrirtækja voru heimsóttir. Verkefninu lauk með því að niðurstöður voru kynntar fyrir Starfsgreinaráðinu.

FA átti fulltrúa í verkefnahópi á vegum Stjórnstöðvar ferðamála sem hafði það meginverkefni að greina þarfir fyrir heildstæðar úrbætur sem styðja hæfni, gæði, fagmennsku og þekkingu innan ferðaþjónustunnar og gera tillögur að skilvirkum leiðum til úrbóta. Hann var skipaður af Stjórnstöð ferðamála í kjölfar Vegvísis í ferðaþjónustu sem kom út í október 2015. Verkefnahópurinn lauk störfum vorið 2016 og hefur skilað tillögum um aðgerðir til Stjórnstöðvar ferðamála. Skýrsla hópsins ber heitið Fjárfestum í hæfni starfsmanna. Þar eru m.a. gerðar tillögur um þrepaskiptingu náms, tengingu við ISQF og aukid vægi raunfærnimats. Einnig er lagt til að stofnað verði Þekkingarsetur ferðaþjónustunnar og það verkefni verði leitt af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

FA hefur sinnt beiðnum um greiningarverkefni eins og efni standa til og sett nýja starfaprófíla sem verða til við greiningar inn í hæfnigrunn FA. Fylgt hefur verið eftir ritun og notkun námskráa með það í huga að meta hvernig niðurstöður hæfnigreininga nýtast við námshönnun og námskrárritun.

Framvegis vann á árinu greiningu á starfi þeirra sem aðstoða notendur við upplýsingatækni og gagnavinnslu í fyrirtækjum (Starfsmaður við upplýsingatækni). FA aðstoðaði og ráðlagði við ferlið og lagði til viðeigandi gögn. Starfaprófillinn var settur í hæfnigrunn FA. Í þeim tilgangi að styðja við greiningarvinnu samstarfsaðila og yfirfærslu afurða í námskrár var fundað reglulega með Framvegis vegna þeirra þriggja greininga sem það hefur unnið. FA sinnti ráðgjöf við yfirfærslu í námskrá vegna upplýsingatækni, tæknipjónustu og skjalavörslu.

Í samstarfi við VR og SVP voru greindar hæfnikröfur til stjórnenda í smásöluverslun. Um var að ræða greiningu á tveim störfum. Mikilvægt þótti að taka þátt í þessu verkefni, þó færa megi rök fyrir því að ekki sé alltaf um

markhóp FA að ræða, þar sem nú höfum við yfirlit yfir 4 störf í smásöluverslun á þrepum 1-4 sem gefa mynd af starfsþróunarmöguleikum þeirra sem þar starfa. Tveir nýir starfaprófilar fóru í hæfnigrunn FA vegna þessa verkefnis. Áfram er unnið með VR að því að setja niðurstöður fram á aðgengilegan hátt og tengja við námstilboð. Stýrihópur verkefnisins verður tengdur þeirri vinnu.

Þróun greiningaræðferðarinnar í samræmi við þróun fræðsluhönnunarferlisins er í stöðugri vinnslu. Sú þróun helst í hendur við þróun á námskrám, t.d. hvernig unnið er með almenna starfshæfni í námskrám. Stefnt er að því að einfalda ferlið án þess að minnka gæði og aðkomu atvinnulífs.

Lýsingar á hæfnipáttum hafa verið endurskoðaðar eftir þörfum m.t.t. orðalags og þrepaskiptingar. Vinna hófst við þýðingu nokkurra nýrra hæfnipátta á seinnihluta 2015 í tengslum við þau greiningaverkefni sem lágu þá fyrir. Þeirri vinnu er lokið. Einnig voru aðrir þættir yfirfarnir og þýddar lýsingar á efri þrepum nokkurra þátta. Búið er að prenta 3. útgáfu af spjöldum sem inniheldur nú 71 þátt á 6 þrepum. Nokkrir stjórnunarþættir eru aðeins á 4 þrepum þar sem eðli málsins samkvæmt er þeim ekki lýst á neðstu þrepum viðmiðunarrámmans. Fjórir þættir til viðbótar eru í hæfnigrunninum en voru ekki settir á spjöld. Þar er um að ræða grunnleikni sem þróa þarf nánar.

Unnið hefur verið að viðhaldi á handbók og öðrum upplýsingum sem snúa að hæfnigreiningum. Verkið er hafið en ekki tímabært að leggja vinnu í endurskoðun þar sem meiri breytingar á ferlinu eru í deigluinni. Ekki hefur verið haldið námskeið fyrir umsjónarmenn greininga á þessu ári.

FA tekur þátt í norrænu samstarfi um sameiginlega sýn á hæfniparfir í atvinnulífi á Norðurlöndum og eflingu starfsnáms. Gerð er grein fyrir verkefninu í skýrslunni í kafla um norrænt samstarf. Verkefnið er „Færniþróun í atvinnulífinu“, sem er nýtt tengslanet á vegum NVL.

Áfram er fylgst með nýjungum á sviði hæfnigreininga og fræðsluhönnunar. Starfsmenn fylgjast með ýmsu efni og vefsíðum sem tengjast málefnum, s.s. hjá Dokkuni, Kompás og viðeigandi hópum á Facebook auk erlendra bóka og tímaritsgreina.

FA tekur þátt í innlendu og erlendu samstarfi við aðila atvinnulífsins að eflingu framhaldsfræðslunnar og öflun upplýsinga um markhópinn og menntunarþarfir hans með því að vinna með og túlka gögn frá innlendum og erlendum aðilum.

Námskrár og námslýsingar

Fræðsluhönnunarferli FA hefur verið í þróun á árinu. Upphaflegar hugmyndir þar sem námskrá og námsþættir myndu byggja á hæfnipáttum úr starfaprófil (hæfnigrunni FA) fengu ekki hljómgrunn hjá Menntamálastofnun (MMS, sem sér um vottun námskráa). Á árinu (og 2017) verður lögð áhersla á að

skilgreina enn betur hlutverk aðila í fræðsluferlinu sem og að vinna áfram að þróun námskráa og endurskoðun þeirra, en þar er mikið verk fyrir höndum á næstu árum. Jafnframt verður lögð áhersla á vinnu við hæfniramma fyrir framhaldsfræðsluna. Einnig verður lögð áhersla á að aðstoða samstarfsaðila við gerð námskráa og námslýsinga eins og kostur er. Áfram verður unnið að þróun og nánari útfærslu fræðsluferils í samræmi við tillögur um nýskipan náms í framhaldsfræðslu, í samstarfi við Menntamálastofnun og fræðsluaðila.

Það sem af er árinu hafa sex námskrár verið vottaðar í gegnum námskrárgrunn mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

F-einingar eru nú reiknaðar á sama hátt í framhaldsfræðslunni og í framhaldsskólum. Reynsla þeirra fullorðnu námsmanna sem stunda nám í framhaldsfræðslunni er þannig ekki metin til fulls. Unnið hefur verið að því að finna leiðir til að meta reynslu námsmanna, til dæmis með sérstökum námsþætti sem námsmenn geta fengið metinn á móti sinni reynslu eða með námi án leiðbeinanda sem reynslumeiri námsmenn eru fljótari að inna af hendi.

Rannís hefur leitt vinnu við þróun hæfniramma (ISQF) og starfsmenn FA hafa tekið þátt í vinnu vegna 1. þreps, þar með talið gerð tillagna um breytingar á 1. þrepi.

Unnið hefur verið að endurskoðun eldri námskráa eins og kostur er og þær settar inn í námskrárgrunn fyrir framhaldsfræðslu. Samstarfsaðilum er veitt ráðgjöf og aðstoð við gerð námskráa og námslýsinga eins og kostur er.

Verið er að skoða möguleika á framsetningu náms í almennri starfshæfni. Tillögur um að hægt væri að byggja námskrár og námsþætti á hæfnipáttum úr hæfnigrunni FA voru ekki samþykktar af MMS en viðræður eru í gangi (sjá ofar). Í því fólst að námskrá fyrir almenna starfshæfni myndi byggja á þeim hæfnipáttum sem hafa verið skilgreindir sem almenn starfshæfni hjá FA. Hugmyndin var að útfæra námskrána Stökkpallur í samræmi við námskrá um almenna starfshæfni. Þar sem tillagan var ekki samþykkt var námskráin Stökkpallur endurskrifuð á hefðbundinn hátt. Í námskránni er vísað í almennu starfshæfnina. Við endurskoðun á Opinni smíðju var vísað til almennrar starfshæfni en námskráin var nýlega vottuð.

Í því skyni að afla þekkingar á hönnun og þróun fræðsluferla og útfærslu þeirra var fræðilegt efni skoðað og nýtt við endurskoðun á fræðsluhönnunarferlinu. Kennslumiðstöð HÍ var heimsótt. Fyrirhugað er áframhaldandi samtal við miðstöðina.

Þróun aðferða í framhaldsfræðslu

Starfið hefur frá upphafi falist í að þróa og halda kennslufræðinámskeið en einnig í fræðslufundum og ráðgjöf. Frá árinu 2003 hefur FA byggt upp og

þróað áfram 20 mismunandi námskeið fyrir fræðslustarfsmenn, kennara og leiðbeinendur á sviði fullorðinsfræðslu sem nefnast Stiklur. Námskeiðin eru á mismunandi sviðum með þarfir markhóps FA að leiðarljósi og í samræmi við óskir og ábendingar samstarfsaðilanna. Einnig hefur verið byggt upp gagnasafn um framhaldsfræðslu, u.þ.b. 700 bækur og önnur gögn, og mótaðar ýmsar aðferðir og mælistikur fyrir kennsluskipulag og námsefnisgerð. Frá árinu 2004 hafa alls verið haldin um 85 kennslufræðinámskeið og fræðslufundir fyrir fræðslustarfsmenn og leiðbeinendur, samtals 14.219,5 nemendastundir og 1.404 nemendur.

Unnið hefur verið að því að þróa faglegt starf sem samræmist kröfum, þörfum og framtíðarsýn þar sem tekið er mið af fræðsluferli framhaldsfræðslu. Nokkur umræða hefur átt sér stað um kröfur til leiðbeinenda í framhaldsfræðslu. Hæfni leiðbeinenda hefur verið til umræðu meðal annars í tengslum við hugmyndir um almenna námskrá fyrir framhaldsfræðslu, mikilvægt er að viðhalda sveigjanleika kerfisins en á sama tíma að tryggja gæði. Einnig hefur verið fjallað um niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir verkefnastjóra og verktaka í vetur. Í niðurstöðum kemur fram vilji til að áfram verði unnið með þróun námskeiða í kennslufræði og kennsluáðferðum fyrir framhaldsfræðsluna en skýrar vísbendingar komu fram um vilja til að nýta betur vefmiðla og samfélagsmiðla til að koma námi á framfæri við leiðbeinendur í framhaldsfræðslu.

Einn liður í að efla umræðu um framhaldsfræðslu á samfélagsmiðlum er þátttaka í Nordplus-verkefninu *Openbadges for adulteducators*. Verkefninu lauk 31. ágúst 2016. Á árinu hafa verið haldnir 4 veffundir með þátttakendum verkefnisins auk eins vinnufundar í Helsinki í maí. Samhliða fundinum í Helsinki stóð verkefnið fyrir Seminar með yfirskriftinni „Opendays for OpenBadges“. Að hluta til var dagskránni streymt á netið en upptökur af erindum má finna hér <https://www.youtube.com/watch?v=ckB4YwXF3Tk>. Þá var boðið upp á vefstofu í janúar og upptöku af efni hennar má nálgast á heimasíðu verkefnisins: openbadge.wordpress.com. FA bar ábyrgð á vefsíðunni og er þeim verkþætti lokið. Þátttakendur í verkefninu (að Íslandi undanskildu) hafa sótt um og fengið styrk fyrir nýju verkefni byggt á þessu og mun áfram verða unnið við vefsíðuna í tengslum við það.

Gæði og þróun raunfærnimats

Helsta verkefni FA varðandi raunfærnimat er að tryggja gæði og þróun, fylgjast með framkvæmd þess, veita starfandi fagfólki þjálfun og leiðbeina um úrlausn álitamála. Áhersla er lögð á gæðamál, að tryggja aðkomu hagsmunaaðila og á réttindi þess sem fer í raunfærnimat. Einnig tekur FA þátt í innlendu og erlendu samstarfi um raunfærnimat og markmiðið er að miðla þeirri þekkingu

sem þar verður til inn í starfsemi FA og til samstarfsaðila. Sífellt færirst í vöxt að erlendir aðilar leiti til Íslands eftir upplýsingum um reynslu okkar af raunfærnimati.

Raunfærnimat hefur verið framkvæmt á móti 53 námskrám og 5 störfum auk þess sem unnið er að þróun fleiri verkefna. Á árunum 2007 til 2015 luku 402 einstaklingar raunfærnimati á vegum FA.

Undirritaður var samningur við Tækniskólann, skóla atvinnulífsins um skráningu eininga sem metnar eru með raunfærnimati í INNU. Samningurinn tryggir að upplýsingar um einingar séu ávallt aðgengilegar og sýnilegar.

Lokið var við að þróa gæðaviðmið fyrir framkvæmd raunfærnimats. Samningar tókust við tvo samstarfsaðila um að prófa viðmiðið í framkvæmd og þeirri vinnu lauk í apríl 2016. Unnið hefur verið úr athugasemdum, og endanleg viðmið tilbúin til innleiðingar í júní 2016, en ekki er komin ákvörðun um innleiðingu eða hvernig úttekt verður háttað.

Unnið hefur verið að þróun raunfærnimats þar sem stuðst er við viðmið atvinnulífs með tengingu við íslenska hæfnirammann (ISQF). Það verða að teljast vonbrigði að hagaðilum hafi ekki tekist að koma sér saman um orðalag og uppbyggingu á íslenska hæfnirammannum. Þrátt fyrir það hefur verið unnið að undirbúningi raunfærnimats sem styðst við viðmið atvinnulífs og meðan íslenskur rammur er ekki tilbúinn hefur verið stuðst við hugmyndafræði Evrópska rammans.

Á árinu 2016 var skipuð nefnd ASÍ og SA vegna bókunarinnar í kjarasamningum SGS, VR og Eflingar annars vegar og SA hins vegar um að meta nám/raunhæfni til launa á tveimur þrepum á grundvelli hæfnigreiningar starfa, og eru starfsmenn FA þeirri nefnd til ráðgjafar. Útbúið var minnisblað vorið 2016 um framkvæmd, álitæfni og undirbúning og tækifæri sem felast í því að gera hæfnikröfur og hæfni sýnilega, bæði fyrir starfsmenn og fyrirtæki. Það minnisblað var lagt fyrir og útskýrt á fundi með nefndinni í sumarbyrjun 2016.

Fulltrúi FA á sæti í nefnd sem fjallar um möguleika á að koma á raunfærnimati á háskólastigi. Helsta verkefni FA þar er að miðla reynslu og einnig hafa tengingar á Norðurlöndum komið sér vel til að miðla þekkingu erlendis frá til nefndarinnar.

Upplýsingagjöf um stöðu raunfærnimats á Íslandi

Talsvert er leitað til FA eftir upplýsingum um stöðu, árangur og framkvæmd raunfærnimats. Eitt af því sem vekur mikla athygli erlendis er þríhliða samstarf aðila vinnumarkaðarins og ríkis um fræðslumál og einnig hversu nákvæmar kostnaðartölur liggja fyrir. Á tímabilinu var tekið á móti hópum frá Ungverjalandi, Litháen og Færeyjum. Færeyjar eru að koma á raunfærnimati

og hefur sú þróun tekið mið af reynslu Íslands. Gert er ráð fyrir að FA muni senda fulltrúa til Færeyja til að stýra vinnustofum og flytja erindi á ráðstefnu sem er áætluð í september 2016. Á ráðstefnu um raunfærnimat (AVA) í Osló kynntu fulltrúar SA reynslu og framkvæmd Íslands af raunfærnimati. Einnig er tekið á móti nemum í háskólanámi, bæði til að kynna raunfærnimat og veita ráðgjöf um ritgerðasmíð og efnistöð.

Að beiðni Fræðslusjóðs var unnin kostnaðargreining fyrir raunfærnimat. Greindir voru verkþættir í raunfærnimati, tímar sem fara í framkvæmd verkþátta, umsýslukostnaður og önnur útgjöld. Verkefnið var unnið með þeim hætti að FA greindi verkþætti í samstarfi við þrjá fræðsluaðila sem síðan lögðu sjálfstætt mat á tíma sem varið var í framkvæmd þeirra. Að því loknu var fundað með þessum aðilum, niðurstöður ræddar og leitað eftir útskýringum á einstökum þáttum. Að því loknu var unnin samantekt fyrir Fræðslusjóð sem innihélt niðurstöður úr þessari vinnu ásamt útfærslum á breyttu greiðslumódeli og áhrif þess á heildarúthlutun. Þegar Fræðslusjóður hafði mótað meginhugmyndir að breytingum kynntu starfsmenn FA þær á fundum Kvasir, Starfsmenntar, Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins og IÐUNNI fræðslusetri. Teknar voru saman ábendingar og þeim komið til Fræðslusjóðs.

Farið var yfir og lagt mat á umsóknir sem bárust til Fræðslusjóðs tengdum raunfærnimati. Í framhaldinu var útbúið minnisblað til Fræðslusjóðs. Einnig var í sumum tilvikum beðið um mat á verkefnaskilum til Þróunarsjóðs, þ.e. ef verkefni tengdust raunfærnimati.

Erlent samstarf

Haukur Harðarson og Fjóra María Lárusdóttir sitja í sérfræðingahópi NVL um raunfærnimat. Þar eiga öll Norðurlöndin fulltrúa og einnig Grænland, Færeyjar og Álandseyjar.

Unnið er að Nordplus-verkefni þar sem sett verður upp vefsíða sem lýsir áherslum Norðurlandanna varðandi raunfærnimat og auk þess sem hún hýsir efni sem nýtist milli landa. Vefsíðan verður tilbúin seinni part árs 2016. Fulltrúi FA í þessari vinnu er Haukur Harðarson.

Söfnun, varðveisla og miðlun upplýsinga

Áreiðanlegar og traustar upplýsingar eru grundvöllur þess að FA geti skilað stjórnnum Fræðslusjóðs og FA skýrslum og miðlað upplýsingum innanlands sem utan. Söfnun og varðveisla upplýsinga er því mikilvægur þáttur í starfsemi FA.

Frá árinu 2006 hafa verið ákvæði um greiðslur vegna vottaðra námsleiða, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar í samningum við fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar. Á grundvelli laga um framhaldsfræðslu færðust

greiðslurnar frá FA yfir til Fræðslusjóðs frá og með árinu 2011. Árangur í vottuðum námsleiðum og raunfærnimati er tekinn saman tvisvar á ári (í janúar og ágúst) og skýrsla unnin úr þeim tölum. Í náms- og starfsráðgjöf er upplýsingum safnað saman ársfjórðungslega. Niðurstöður þessarar upplýsingaöflunar fyrir árið 2015 má sjá í kaflanum um starfsemi Fræðslusjóðs í þessari skýrslu.

Umsjón og þróun náms- og starfsráðgjafar

Náms- og starfsráðgjöf hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum er nú framkvæmd hjá 13 aðilum. Samtals sinna 25-27 ráðgjafar verkefninu um land allt, í mismiklu starfshlutfalli. Þeir eru með kynningarfundir á vinnustöðum, einstaklingsviðtöl, hópráðgjöf, taka þátt í virkniadgerðum fyrir atvinnuleitendur, verkefnum í raunfærnimati og þróun aðferðafræði í samstarfi við FA, m.a. í gegnum erlend þróunarverkefni.

Markmið FA er að efla sérfræðipækkingu í náms- og starfsráðgjöf innan framhaldsfræðslunnar með því að halda utan um samstarf ráðgjafa um allt land ásamt því að leita leiða til að efla gæði þjónustunnar í gegnum þróun aðferðafræði og endurgjöf frá notendum þjónustunnar.

Hér á eftir eru tiltekin nokkur verkefni á þessu sviði.

Unnið er með reynslu og lærdóm af verkefnum Menntun núna í þróun ráðgjafar í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir (fræðsluerindreki) og miðla inn í starfið. Efnið var rætt á ráðgjafafundi á sl. ári, einkum út frá reynslu af því að vinna með brottfallsnema og fræðsluerindreka. Unnið hefur verið að verkefnum sem varða hvernig best er að ná til fyrirtækja og fleiri hópa sbr. Worklife Guidance verkefni og GOAL – sjá umfjöllun í öðrum liðum.

Áfram hefur verið unnið með EQM-viðmið um gæði í náms- og starfsráðgjöf (sjá nánar kafla um gæði).

Áhersla verður lögð á að kynna ráðgjöfum atvinnulífið og áherslur þess. Á ráðgjafafundi í febrúar fengu ráðgjafar þjálfun í að nota verkfærakistu Evrópuverkefnisins Worklife Guidance og einnig var safnað endurgjöf um verkfærakistuna til áframhaldandi þróunar hennar.

Unnið verður að vefnum Næsta skref eftir því sem aðstæður leyfa. Unnið hefur verið að lágmarksendurbótum, einkum tengt endurnýjun tengla, út frá ábendingum frá ráðgjöfum. Unnið var að skipulagi áframhaldandi við vefinn, eftir að aukafjármagn barst frá ESB úr IPA-verkefninu. Arnar Þorsteinsson hóf störf hjá FA við endurnýjun vefsins í ágúst sl.

Skilgreina og vinna að úrbótum og þróun á grundvelli erlends samstarfs og þróunarverkefna.

Gæði í framhaldsfræðslunni

Frá árinu 2012 hefur verið unnið eftir gæðaviðmiðum European Quality Mark (EQM) í þeim tilgangi að auka gæði fræðslustarfs. Í árslok 2015 höfðu sextán fræðsluaðilar hér á landi hlotið gæðavottun samkvæmt evrópska gæðamerkinu EQM og 14 þeirra lokið þriggja ára vottunarferli. Gæðavottunarferli FA er nú í vinnslu með Menntamálastofnun og MRN og byggir á tillögu Verkefnahóps í fullorðins- og framhaldsfræðslu frá maí 2015 um gæðaferli í framhaldsfræðslu.

Markmið FA er að efla gæði fræðslustarfs með þróun á EQM-gæðakerfinu í framhaldsfræðslu. Unnið er að mótun gæðakerfis þar sem veitt verður gæðavottun til þriggja ára í senn. Lokið verður við endurskoðun viðmiða í fræðslustarfsemi og auk þess unnið að nýjum viðmiðum í ráðgjöf og raunfærnimati sem notuð verða í nýju vottunarferli. Á árinu verður sérstök áhersla lögð á að kynna ný viðmið fyrir fræðsluaðilum, veita ráðgjöf, miðla upplýsingum og stuðla að aukinni gæðavitund í framhaldsfræðslukerfinu.

Á árinu 2016 hefur verið unnið að eftirtöldum verkefnum:

Umsjón með gæðavottun fræðsluaðila hér á landi gagnvart þeim sem ekki hafa lokið þriggja ára gæðavottunarferli og birta upplýsingar á heimasíðu FA. Tveir fræðsluaðilar ljúka þriggja ára vottunarferli á þessu ári en hinir 14 bíða þess að nýtt ferli hefjist.

Vinna að nýju skipulagi á gæðavottun í samstarfi við MRN eða Menntamálastofnun. Fundað hefur verið með MRN og Menntamálastofnun um gæðavottunarferlið. Stefnt er að því að samræma ferlin við gæðavottun og viðurkenningu fræðsluaðila í þeim tilgangi að einfalda kerfið og gera það skýrara en nú er.

Áframhaldandi þróun EQM-gæðaviðmiða og vottunarferlis sem inniheldur þrjár stöðir framhaldsfræðslunnar, fræðslustarfsemi, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat. Búið er að útbúa viðmið fyrir náms- og starfsráðgjöf og fyrir raunfærnimat. Þessi viðmið hafa verið lesin yfir og prófuð hjá fræðsluaðilum og eru tilbúin til notkunar.

Þátttaka í erlendu og innlendu samstarfi um aukin gæði í framhaldsfræðslu. Við lok verkefnisins *Quality assurance within adult education* var verkefnahópurinn sammála um að vinna áfram að framgangi gæðakerfa í hverju landi fyrir sig. Umræður hafa verið um áframhaldandi samstarf fræðsluaðila sem tóku þátt í Nordplus-verkefninu en ekki hefur verið mótað nýtt verkefni. Hérlandis er megináhersla lögð á þróun gæðakerfis í samstarfi við Menntamálastofnun og MRN í því skyni að styrkja gæðakerfið og vinna að samræmingu á viðurkenningu fræðsluaðila og gæðavottun.

Nemendabókhald

Námsnetið/MySchool er í eigu Studia ehf. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins leigir afnot og greiðir fyrir aðlögun kerfisins. Námsnetið/MySchool hefur viðmót fyrir kennara, nemendur og starfsmenn sem annast skipulag náms og umsýslu gagna vegna námsins. Þrjú umsýslusvið eru í Námsnetinu/MySchool; Bekkir, Stök námskeið og Samskipti kennara og námsmanna.

Þrettán símenntunarmiðstöðvar og Félagsmálaskóli alþýðu sjá um nám samkvæmt námskrám sem FA skrifar og gefur út, vegna þessa náms færa símenntunarmiðstöðvarnar nemendabókhald í Námsnetið/MySchool. Framvegis, miðstöð símenntunar, hefur gert samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins þess efnis að FA sjái um færslu upplýsinga í nemendabókhaldið. 10 símenntunarmiðstöðvar, Starfsmennt, IDAN fræðslusetur, Framvegis og Fræðsluskrifstofa rafíðnaðarins nota námsnetið í tengslum við skráningu og umsýslu gagna um náms- og starfsráðgjöf.

Möguleikinn á því að nota skráningakerfið Innu fyrir nemendabókhald vegna raunfærnimats var skoðaður í samstarfi við Tækniskólann. Í framhaldinu var ákveðið að gera tilraun með skráningu á niðurstöðum raunfærnimats í kerfið til að meta kosti þess og möguleika til áframhaldandi notkunar. Síðsumars 2016 voru hafnar viðræður við þróunaraðila Innu um hugsanlega aðild FA og samstarfsaðila að Innu. Engin ákvörðun hefur enn verið tekin um aðild.

Miðlun upplýsinga um það starf sem fer fram á vettvangi framhaldsfræðslu

Gátt er ársrit Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og ber undirtitilinn Ársrit um framhaldsfræðslu. Gátt kemur út í þrettánda skipti í tengslum við ársfund Fræðslu-miðstöðvarinnar sem haldinn verður miðvikudaginn 30. nóvember 2016. Í ritinu er alhliða umfjöllun um framhaldsfræðslu á Íslandi og í Evrópu. Þema ársins er verkefni í þróun fullorðinsfræðslu, um það verður fjallað í fræðilegum greinum, reynslusögum og lýsingum á ýmsum möguleikum sem standa þeim til boða sem óska eftir fræðslu.

Upplýsingum er miðlað með ýmsum hætti, m.a. með kynningarbæklingum, útgáfu námskráa og dreifingu þeirra, þátttöku í ráðstefnum og móttöku gesta, bæði innlendra og erlendra.

Í ár mun FA, í samstarfi við NVL, standa að þremur ráðstefnum og námskeiðum, sjá nánar í kaflanum um Norrænt tengslanet um nám fullorðinna (NVL).

Undirbúningur aðkomu nýrra hópa um framhaldsfræðslu

Markmið laga um framhaldsfræðslu er að ná til sem flestra þeirra, sem

ekki hafa lokið námi frá framhaldsskóla. FA hefur gott aðgengi að þeim hluta hópsins, sem er á vinnumarkaði eða tímabundið utan hans. Þar sem atvinnuþátttaka á Íslandi er mjög mikil er um að ræða litla hópa, sem standa utan vinnumarkaðar. Á sl. tveimur árum hefur verið lögð talsverð vinna í að auka samstarf við Fjölmennt og voru uppi hugmyndir um formlegra samstarf, sem Fjölmennt setti í bið á árinu 2013. Í þeirri vinnu kom í ljós að stór hluti markhóps Fjölmenntar er á vinnumarkaði.

Markmið FA er að nýta samlegðaráhrif í starfi FA til hagsbóta fyrir hópa sem standa utan vinnumarkaðar með áherslu á innflytjendur, fatlaða og hælisleitendur.

Lögð hefur verið áhersla á náms- og starfsráðgjöf fyrir innflytjendur, fatlaða og hælisleitendur og byggt á nálgun á upplýsingum úr Menntun núna verkefnum og GOAL - erlendu samstarfsverkefni, sem lýst er sérstaklega hér fyrir neðan.

Norrænt tengslanet um nám fullorðinna (NVL)

NVL (norrænt tengslanet um nám fullorðinna) er starfrækt á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Netið var í flokki verkefna en var fært yfir í flokk áætlana til jafns við Nordplus menntaáætlunina árið 2015. FA hefur vistað NVL á Íslandi frá upphafi. Samningur er í gildi til loka ársins 2017 og gegnir Sigrún Kristín Magnúsdóttir starfi tengiliðs fyrir Íslands hönd.

Erla Sigurðardóttir er fulltrúi Íslands í ritstjórn NVL fyrir veftímaritið DialogWeb (<http://nvl.org/DialogWeb>). Hún skrifar greinar í ritið og miðlar upplýsingum um það sem efst er á baugi og varðar fræðslu fullorðinna á Íslandi.

Fulltrúi Íslands hefur umsjón með verkefni um færniþróun í atvinnulífinu. Að verkefninu koma tveir hópar, fjögurra manna stýrihópur og net með 12 fulltrúum frá aðilum vinnumarkaðarins. Það sem af er ári hefur netið haldið tvo fundi í febrúar og maí. Stýrihópurinn hefur haldið þrjá fundi á þessu ári.

Annað verkefni er ársfundur FA sem haldinn verður 30. nóvember í samstarfi við NVL á Grand hótél Reykjavík um upplýsingatækni í kennslu og námi. Aðalfyrirlesari verður Alastair Creelman en hann er fulltrúi Svíþjóðar í Distans neti NVL.

Mímir-símenntun

Breyttir tímar kalla á ný vinnubrögð. Atvinnuleysi nálgast lágmark en eftir sitja hópar sem þurfa stuðning við að komast út í atvinnulífið. Stór hluti þeirra er fólk af erlendum uppruna. Til að mæta þörfum þessa hóps hefur Mímir átt ánægjulegt samstarf við Vinnuálastofnun og leikskóla á höfuðborgarsvæðinu um nám sem samanstendur af starfstengdu námi sem heitir Vinna með börn-

um, íslenskukennslu og starfsþjálfun á leikskóla. Þessi samtvinnun íslensku-náms og starfsþjálfunar hefur skilað góðum árangri og mörgum þátttakendum hefur boðist vinna í framhaldinu. Ísland er og verður fjölmenningarlegt samfélag og er það mikill auður fyrir svo lítið samfélag. Samkvæmt upplýsingum frá Samtökum iðnaðarins má reikna með að á næstu 15 árum munum við hafa þörf fyrir um 2.000 erlenda starfsmenn á ári til að taka þátt í uppbyggingu atvinnulífsins, ekki síst innan ferðaþjónustunnar. Það er mikilvægt að við tökum vel á móti erlendu starfsfólki og auðveldum því eins og kostur er að starfa á Íslandi. Mímir er í fararbroddi í íslenskukennslu og mun halda áfram að bjóða íslenskukennslu og fjölmenningarfræðslu á vinnustöðum á komandi árum. Vel menntað og þjálfað starfsfólk er forsenda þess að hér verði byggt upp gæða þjónusta og gott samfélag.

Tölfræðin er mikilvæg til að hjálpa okkur að meta umfang og þróun fræðslustarfsins. Helsta breytingin árið 2015 er að náms- og starfsráðgjafaviðtölum fækkaði umtalsvert. Það má rekja til færri ráðgjafa í starfi og að ráðgjafar sinna jafnframt öðrum störfum s.s. raunfærnimati, þróunarverkefnum og kennslu.


Umfang náms er gjarnan metið í nemendastundum og er fjöldi þeirra svipaður og í fyrra en nemendum hefur fækkað. Þetta þýðir að hver nemandi er lengur í námi hjá okkur en áður var og er ein helsta skýringin sú að Menntastoðir, sem er 660 kennslustunda nám, hefur verið vinsæl námsleið.

Rekstur Mímis hefur verið í járnnum um nokkurt skeið og er umtalsverður taprekstur árið 2015. Fyrir því eru tvær megin ástæður. Annars vegar er rekstrarframlag til Mímis á fjárlögum lægra en til annarra símenntunarmiðstöðva á landinu og nemur framlagið tæpum 4% af tekjum og er því 96% tekna Mímis verkefnatengdar tekjur. Ójafnræði á fjárlögum hefur viðgengist í mörg ár og ítrekað hefur verið farið fram á leiðréttingu við mennta- og menningarmálaráðherra en án árangurs. Hins vegar er ástæðan sú að Mímir getur ekki haft áhrif á verðlagningu um 90% verkefna sinna. Stærsti áhrifavaldur þar er Fræðslusjóður og hefur sjóðurinn með samþykki mennta- og menningarmálaráðherra sett fræðsluaðilum íþyngjandi reglur, sem eru auk þess óljósar. Fræðslusjóður hefur sem dæmi breytt úthlutunarreglum vegna náms- og starfsráðgjafar þannig að ekki er lengur greitt fyrir rekstrarkostnað vegna hennar. Verði rekstrarframlag ekki tryggt með öðrum hætti, t.d. á fjárlögum, er grundvöllur ráðgjafarinnar brostinn og ekki verður hægt að bjóða markhópnum upp á ráðgjafaþjónustu. Mennta- og menningarmálaráðuneytið veitir styrki til íslenskukennslu. Árið 2015 lækkað ráðuneytið greiðslur vegna íslenskunámskeiða á miðju ári án skýringa og eru það óásættanleg rekstrarskilyrði.

Ef halda á úti öflugri framhaldsfræðslu, í þeim tilgangi að gefa fólki

með stutta formlega skólagöngu annað tækifæri til náms, þarf að tryggja rekstrargrundvöll starfsins ella er framtíð framhaldsfræðslu ógnað.

Vegna bágrar fjárhagsstöðu þurfti að fækka starfsfólki Mímis í upphafi árs 2016. Hjá Mími er fjöldi vel menntaðra sérfræðinga sem hafa byggt upp faglega gæðaþjónustu fyrir markhópinn. Það er þessu fólki að þakka hversu vel hefur verið staðið að menntun og þjónustu við markhópinn. Þetta er mannauður sem verður ekki metinn til fjár og mikilvægt fyrir Mími að geta haft áfram þessa miklu þekkingu og reynslu innanborðs. Ég óska starfsfólki, stjórn og eigendum Mímis alls hins besta í framtíðinni og þakka ánægjulegt samstarf sl. 13 ár.



GRAF 1 Nemendastundir

Vottaðar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins hjá Mími-símenntun

Aftur í nám 95 kennslustundir

Ótrúlega fá ár eru síðan fólk með lestrar- eða skriftarferfiðleika var einfaldlega afgreitt í skólakerfinu sem tossar. Námskeið fyrir lesblinda, Aftur í nám, hefur reynst mörgum sannkölluð hjálparhella og markað upphaf að frekara námi. Námsleiðin inniheldur íslensku- og tölvukennslu, sjálfstyrkingu og 40 einkatíma í aðferðum Ron Davis, auk einkatíma með námsráðgjafa. Haldið var eitt námskeið á árinu.

Grunnmenntaskóli 300 kennslustundir

Grunnmenntaskóli, önnur vinsælasta námsleiðin hjá Mími-símenntun, byggir upp almenna þekkingu og sjálfstraust sem er öllum nauðsynlegt veganesti, hvort heldur horft er til áframhaldandi náms eða hins daglega lífs. Þátttakendur læra m.a. námstækni, íslensku, framsögn, stærðfræði, ensku, að nýta sér tölvur og að gera færnimöppu. Sex námskeið voru haldin á árinu.

Almennar bóklegar greinar 300 kennslustundir

Almennar bóklegar greinar (Nám og þjálfun) er kjörin leið fyrir þau sem hætt hafa námi í framhaldsskóla og vilja taka upp þráðinn. Auk námstækni eru kenndar lykilgreinarnar íslenska, enska, danska og stærðfræði. Tölvunotkun er þjálfuð við upplýsingaleit og verkefnavinnu. Fjögur námskeið voru haldin á árinu.

Menntastoðir 660 kennslustundir

Þetta er ein best sótt námsleiðin hjá Mími, hún er krefjandi en skilar miklu. Námsleiðin veitir þeim sem ná tilskildum árangri greiðan aðgang að undirbúningsdeildum háskóla og háskólabrú Keilis og þar með eru nemendur komnir í lánshæft nám. Helstu námsgreinar eru, auk námstækni og sjálfsstyrkingar, íslenska, enska, danska, stærðfræði, tölvu- og upplýsingatækni og lokaverkefni. Kostur er á því að ljúka Menntastöðum á einni önn eða í dreifinámi á tveimur önnum. Níu námskeið voru haldin á árinu.

Hljóðsmiðja I 120 kennslustundir

Megin áhersla í Hljóðsmiðju I er að námsmenn öðlist innsýn í helstu verkferla er snúa að hljóðvinnslu. Námsmenn taka virkan þátt í upptöku, klippingu og hljóðblöndun tónlistar og leikins efni á námskeiðinu en sú reynsla nýtist þeim við að bæta við sig frekari þekkingu, leikni og hæfni. Haldið var eitt námskeið á árinu.

Hönnunar- og tilraunasmiðja í FABLAB 120 kennslustundir

Markmið Fab Labs er að veita innblástur til nýsköpunar og kenna hvernig fara má frá hugmynd til fullbúinnar vöru með stafrænni framleiðslutækni, hvort sem það er frumgerð, listaverk eða önnur hönnun. Megin áhersla smiðjunnar, Hönnunar – og tilraunasmiðja í Fab Lab, er að námsmenn öðlist innsýn í stafræna framleiðslutækni og auki áhuga sinn á hönnun og nýsköpun. Með því að kynnast ólíkum framleiðsluferlum frá upphafi til enda og sjá hugmyndir sínar verða að veruleika öðlast námsmenn innsýn í hvað liggur að baki því að búa til hluti og framleiða. Eitt námskeið var haldið á árinu.

Þjónusta við ferðamenn – Færni í ferðaþjónustu 160 kennslustundir

Ferðaþjónusta er orðin ein undirstöðugreina í íslensku atvinnulífi og almenn þekking og þjónustulund mikilvæg meðal allra þeirra er vinna við greinina. Meðal námsgreina eru samfélags- og staðarþekking, umhverfismál og ferðaþjónusta, skyndihjálp og öryggismál, upplýsingaleit og –gjöf. Enskukennsla er samþætt öðrum námsgreinum. Nemendur gera lokaverkefni sem þeir kynna í lokin. Haldin voru þrjú námskeið á árinu.

Starfsnám á samgangna-, umhverfis- og framkvæmdasviði 200 kennslustundir

Námið byggist upp af námstækni, greinum sem snúa að samskiptum manna á milli, líkamsbeitingu, slysavörnum og öryggismálum, auk faglegrar þekkingar sem gagnast við störf þátttakenda. Fyrsti hluti af þremur var kenndur á árinu en síðari hlutarnir tveir verða kenndir árið 2016.

Skrifstofuskólinn 240 kennslustundir

Skrifstofuskólinn, sem er samstarfsverkefni NTV og Mímis-símenntunar, er mjög vinsælt og hagnýtt nám, þar sem þátttakendur fá þjálfun í almennum skrifstofustörfum. Námsaðferðir eru byggðar á hagnýtum viðfangsefnum og er kennt samkvæmt nýlega endurskoðaðri námskrá. Haldin voru sex námskeið á árinu.

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám 410 kennslustundir

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám NTV og Mímis-símenntunar (SMR) hentar sérstaklega þeim sem hafa áhuga á að vinna við sölu-, rekstrar- og markaðsmál og þeim sem vilja stofna til eigin reksturs. Eftir námið hefur nemandi öðlast nægjanlega innsýn og færni í viðskipta-, markaðs- og sölumálum til að undirbúa eigin rekstur eða til að starfa sem sölu- og markaðsfulltrúi stærri fyrirtækja. Þrjú námskeið voru haldin á árinu.

Nám fyrir starfsmenn á leikskóla og í heilbrigðis- og félagsþjónustu

Fagnámskeið I og II fyrir starfsmenn leikskóla 200 kennslustundir

Fagnámskeið I og II fyrir leikskóla er nám í grunnatriðum leikskólastarfs sem starfsfólk leikskóla á kost á. Að þeim loknum sækja margir um áframhald í Leikskólalíðabré. Haldin voru tvö 100 kennslustunda námskeið á árinu.

Fagnámskeið I og II í aðhlyningu og umönnun 198 kennslustundir

Námið er grunnám fyrir starfsfólk við umönnun og aðhlyningu en að því

loknu halda margir áfram og ljúka námi af félagsliðabré. Haldin voru fjögur námskeið á árinu.

Leikskólaliðabré fjórar annir

Leikskólaliðabré er tveggja ára nám á framhaldsskólastigi, samhliða starfi og veitir starfsheitið Leikskólaliði. Þrjú hópar stunduðu nám á leikskólaliðabré á árinu.

Félagsliðabré fjórar annir

Félagsliðabré er fjögurra ára nám á framhaldsskólastigi, samhliða starfi og veitir starfsheitið Félagsliði. Fjórir hópar stunduðu nám á félagsliðabré á vor- og haustönn.

Framhaldsnámskeið 56 kennslustundir

Framhaldsnámskeið um fötlun var haldið á haustönn, í samvinnu við Eflingu stéttarfélag. Námið er sérhannað fyrir félagsliða. Haldið var eitt námskeið á árinu.

Námsleiðir í tilraunakennslu

Verkfærni í framleiðslu II 120 kennslustundir

Meginmarkmið verkefnisins er að hanna sérhæft nám og þjálfun fyrir starfsmenn í framleiðslufyrirtækjum og jafnframt greiða leið þeirra til náms í formlega skólakerfinu. Í kjölfar þarfagreiningar og námskrárskrifa fór Verkfærni í framleiðslu II í tilraunakennslu en kennslan fór fram hjá Marel líkt og var með VF I.

Í VF II er lagt upp með þá áherslu að dýpka efnisþætti VF I, vonast er til þess að það muni opna leiðir í formlega menntakerfið. Meðal námsgreina eru Tjáning og samskipti, Stærðfræði, Enska, Öryggismál, TIG-suða og Gæðavitund og framleiðslufræði. Nemendur og kennarar voru almennt ánægðir með námskeiðið og þökkum við gott samstarf við Marel. Haldið var eitt námskeið á árinu.

Þjónusta og upplýsingaveita 60 kennslustundir

Starfsfólk í móttöku og upplýsingaveitu er andlit síns fyrirtækis og gjarna fyrstu tengsl við viðskiptavinum. Mikilvægt er að hafa þekkingu og færni til að mæta fjölbreyttum hópi viðskiptavina og er náminu ætlað að efla þá færni, meðal annars með því að læra og æfa aðferðir til að þjónusta viðskiptavinum. Rík áhersla er lögð á verndun orðspors og notkun samskiptamiðla. Einn hópur tók þátt í námsleiðinni.

Starf í vöruhúsum 120 kennslustundir


Vöruhúsum hefur fjölgað mikið á undanförunum árum, ýmist eru þau hluti af fyrirtækjunum sjálfum eða þjóna tilgangi vöruhótela. Atvinnuauglýsingar gefa til kynna að töluverð eftirspurn sé eftir starfsfólki með þekkingu og reynslu af störfum í vöruhúsum. Meðal námsgreina eru vörumeðferð, afgreiðsla-tínsla, vörumóttaka, fyrirtækið-starfsmaðurinn, samskipti á vinnustað auk þess sem nemendur fóru í starfsþjálfun þar sem efni námskrár var tekið markvisst fyrir eftir því sem leið á námið. Einn hópur tók þátt á árinu.

Starfsleitarnámskeið 16 kennslustundir

Mímir hefur skipulagt og haldið starfsleitarnámskeið fyrir skjólstaðinga Vinnuálastofnunar. Námskeiðið miðar að því að tryggja atvinnuleitandanum ákveðna grunnþekkingu á undirstöðuatriðum atvinnuleitar. Segja má að helstu þarfir hópsins séu af tvennum toga; annars vegar þarf hann sjálfsstyrkingu og stuðning, hins vegar þarf hópurinn aðhald, hvatningu og að hann sé virkjaður til atvinnuleitar. Námskeiðið var því hannað með þessar þarfir í huga.

Í upphafi námskeiðsins er farið í sjálfsþekkingu og styrkingu til þess að atvinnuleitandinn geti betur gert sér grein fyrir styrkleikum sínum, hvað hann vill og hvert hann vill stefna. Í kjölfarið er farið yfir gerð ferilskrár og kynningarbréfs sem koma upplýsingum um hæfni og þekkingu viðkomandi einstaklings til skila. Aðrir þættir sem farið er í eru til dæmis skráning á atvinnumiðlanir, umfjöllun um tengslanet, námsmöguleikar, markmiðssetning, atvinnuviðtöl, hvernig best sé að halda utan um atvinnuleit og hvernig útvíkka megi starfshugmyndir og leiðir í atvinnuleitinni.

Starfsleitarnámskeiðið hefur veitt náms- og starfsráðgjöfum Mímis tækifæri til að leiðbeina fólki í atvinnuleit, t.d. varðandi nám og einnig að veita þeim persónulega aðstoð og stuðning til að takast á við breyttar aðstæður. 16 hópar sóttu nám í starfsleit á árinu. Sextán hópar tóku þátt í starfsleitarnámskeiði.



Nám fyrir fólk af erlendum uppruna

Vinna með börnum - Grunnám fyrir skólaliða

70 kennslustundir (+ 60 kest. viðbót í íslenskunámi)

Þessi námsleið er ætluð þeim sem hafa hug á að starfa sem skólaliðar í grunnskólum eða sem starfsmenn á leikskólum. Þessi námsleið hefur verið þróuð hjá Mími-símenntun þannig að hún hentar vel atvinnuleitendum af erlendum uppruna. Í þessari útfærslu er 60 kennslustundum í íslensku sem öðru máli bætt við námið og nemendurnir ljúka náminu með fjögurra vikna starfsþjálfun á leikskólum. Í íslenskuhluta námsins þjálfar nemendur bæði almennan og starfstengdan orðaforða, auk þess að vinna sérstök samskiptaverkefni á vinnustöðum. Íslenskukennarinn vinnur einnig með fagkennurum námsleiðarinnar við að aðlaga námsefni svo það henti erlendum nemendum sem eru að læra íslensku og aðstoðar nemendur við að skilja betur helstu lykillugtök í fagtegndum greinum.

Þrjú slík námskeið voru haldin á árinu. Þau voru öll haldin fyrir Vinnumálastofnun, fyrir atvinnuleitendur af erlendum uppruna.

Þjónustuliðar

60 kennslustundir (+ 60 kest. viðbót í íslenskunámi)

Námskeiðið er 60 kennslustunda grunnám og er ætlað þeim sem starfa við ræstingar, hreingeringar eða sóttgreinsun, starfa í býtibúrum, borðstofum, kaffistofum, matsölum eða þvottahúsum. Þessi námsleið hefur einnig verið í þróun hjá Mími fyrir erlenda atvinnuleitendur með svipuðu sniði og Vinna með börnum - Grunnám fyrir skólaliða.

Eitt slíkt námskeið var haldið á árinu og var það fyrir atvinnuleitendur.

Landnemaskólinn – Íslenska og samfélagið

120 kennslustundir

Landnemaskólinn er námsleið vottuð af FA. Í námsleiðinni er fléttað saman íslenskukennslu og samfélagsfræðslu á fjölbreyttan hátt. Farið er í vettvangsferðir og þátttakendur vinna blað saman með myndum og textum úr ferðum og íslenskunáminu. Ferilskráargerð, sjálfstyrking og tölvupjálfun eru einnig hluti af náminu. Flestir þátttakendur komu á vegum Vinnumálastofnunar og hjá einum hópi var 2ja vikna starfsþjálfun fyrir atvinnuleitendur bætt við námið í lokin.

Tveir Landnemaskólar voru haldnir á árinu í samvinnu við verkefnið Menntun núna í Breiðholti og Þjónustumiðstöð Breiðholts og var það niðurgreitt að hluta fyrir nemendur sem komu úr Breiðholti. Öðrum hópunum var kennt í Gerðubergi en hinum í Höfðabakka 9.

Að lesa og skrifa á íslensku

120 kennslustundir

Námsleið FA Að lesa og skrifa á íslensku er ætluð fólki af erlendum uppruna sem þarf þjálfun í lestri og skrift, glímir við ólæsi eða hefur ekki náð tökum á latneska letrinu. Námsgreinar eru lestur, skrift, tölvupjálfun og sjálfstyrking. Námskráin er komin í námskrárgrunn menntamálaráðuneytisins og bíður vottunar Menntamálastofnunar.

Námsleiðin Að lesa og skrifa á íslensku var kennd einu sinni á árinu.

Íslenska sem annað mál

Almenn námskeið

Íslenskunámskeiðin voru vel sótt og brottfall nemenda úr námskeiðum lítið. Kennt var á þremur stöðum, þ.e. í Höfðabakka, í húsnæði Mímis á Öldugötu og einnig í Gerðubergi í tengslum við verkefnið Menntun núna í Breiðholti. Íslenskunámskeið fyrir foreldra af erlendum uppruna í Fellaskóla og á leikskólanum Ösp voru einnig haldin í þeim skólum með stuðningi frá verkefninu Menntun núna í Breiðholti. Flest íslenskunámskeið hjá Mímisímenntun eru 60 kennslustundir en einnig voru haldin 30 stunda námskeið í talþjálfun. Boðið er upp á fimm stig í almennri íslensku, bæði morgun- og kvöldnámskeið. Kennsla og námsefni taka mið af námskrá mennta- og menningarmálaráðuneytisins og lögð er áhersla á fjölbreyttar kennsluáferðir, fjölmenningarlega kennsluhætti og hagnýtt daglegt mál. Fyrir byrjendur er boðið upp á kennslu þar sem kennarinn styðst við móðurmál nemenda á sjö mismunandi tungumálum. Áður en námskeið hefjast býðst nemendum að taka stöðumat svo hægt sé að meta hvaða stig hentar þeim best og við lok námskeiðs fá þátttakendur ráðleggingar um næstu skref í íslenskunáminu.

Einnig er hægt að taka íslenskupróf vegna umsóknar um búsetuleyfi auk þess sem erlendir hjúkrunarfræðingar þreyta íslenskupróf hjá Mími sem hluta af umsókn um að hljóta íslenskt hjúkrunarleyfi. Mímir-símenntun býður að auki upp á námskeið til að undirbúa innflytjendur fyrir próf í íslensku vegna umsóknar um íslenskan ríkisborgararétt. Á árinu hófst samstarf Mímis við velferðarsvið Reykjavíkurborgar um að hælisleitendum sem þiggja þjónustu hjá Reykjavíkurborg standi til boða að sækja eitt íslensku- (eða enskunámskeið) á önn hjá Mími á meðan þeir bíða eftir svari við hælisumsókn sinni. Töluverður hluti hælisleitenda hefur nýtt sér þetta sem er jákvætt, en sýnt þykir að virkni í daglegu lífi hefur góð áhrif á andlega heilsu fólks sem býr við óvissu.

Starfstengd íslenskunámskeið á vinnustöðum

Starfstengdum íslenskunámskeiðum sem eru haldin að beiðni fyrirtækja, fjölgaði á árinu. Svo virðist sem vinnumarkaðurinn sé að taka við sér aftur og bjóða upp á íslenskunámskeið fyrir erlent starfsfólk sitt. Það eru jákvæðar fréttir og vonandi heldur sú þróun áfram. Hjá Mími-símenntun hefur verið unnið að fjölmörgum þróunarverkefnum, bæði innlendum sem erlendum, sem tengjast tungumálakennslu innflytjenda og tengslum við vinnustaði. Sú vinna hefur skilað markvissari og árangursríkari íslenskunámskeiðum í fyrirtækjum.

Á árinu 2015 voru alls haldin 103 námskeið í íslensku sem öðru máli með 982 þátttakendum.

Annað nám

Tungumálanámskeið

Á árinu var boðið upp á námskeið í 15 tungumálum. Námskeið í arabísku var haldið aftur eftir nokkurt hlé. Mímir-símenntun bauð Rauða krossi Íslands það námskeið að kostnaðarlausu fyrir sjálfboðaliða sem sinna stuðningi við flóttafólk frá Sírylandi. Á námskeiðinu var samtvinnað námi í arabísku og fræðslu um arabíska menningu eftir ólíkum svæðum og menningarheimum. Námskeiðið vakti lukku og hefur verið kennt áfram. Aukning hefur verið í aðsókn í enskunámskeið og eru það jafnt Íslendingar og fólk af erlendum uppruna, m.a. hælisleitendur, sem sækja þau í auknum mæli. Flest námskeið voru haldin í norsku en meirihluti þeirra þó á vorönninni. Að auki var boðið upp á einkatíma í tungumálum en um 50 einkatímar voru kenndir.

Haldin voru 44 tungumálanámskeið á síðasta ári og voru nemendur alls 325.

Fjölmennt

Mímir-símenntun og Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð um námskeiðahald fyrir fatlað fólk, eiga með sér samstarf um námskeið. Markmiðið með þessu samstarfi er að veita fötluðu fólki tækifæri til að sækja námskeið hjá Mími og þar með stuðla að því að fatlað fólk njóti símenntunar á sama stað og hjá sömu fræðsluaðilum og ófatlaðir. Hver þátttakandi hefur rétt á að sækja eitt námskeið á önn.

Á síðasta ári voru haldin 23 námskeið af ýmsum toga og voru nemendur alls 131 talsins.

Ýmislegt

Fræðslustjóri að láni

Verkefnið „Fræðslustjóri að láni“ er hlutlaus ráðgjöf þar sem farið er yfir fræðslu- og þjálfunarmál viðkomandi fyrirtækis og unnin þarfagreining. Þá liggja til grundvallar þau námskeið og sú fræðsla sem fyrirtæki býður að jafnaði upp á, horft er til stefnu fyrirtækis til framtíðar auk þess sem rýnihópar eru nýttir til að fá mynd af því hvar þarfir fyrir nýja og/eða endurbætta fræðslu liggja. Afurð verkefnisins er tímasett fræðsluáætlun sem fyrirtækin vinna eftir. Þau fyrirtæki sem nýtt hafa sér þessa þjónustu Mímis-símenntunar eru í ferðaðþjónustu- og veitingageiranum.

Fræðslustjóri að láni er unnið í samstarfi við starfsmenntunar- og starfsþróunarsjóði stéttarfélaga.

Starfslokanámskeið 16 kennslustundir

Sex starfslokanámskeið voru haldin fyrir félagsmenn Eflingar á árinu. Þar var fjallað um lífeyristryggingar, réttindi félagsmanna Eflingar, heilsu, hreyfingu og næringu, réttindi vegna heilbrigðisþjónustu, búsetumál og frístundir og starfslok.

Fjölmenning hjá Mími-símenntun

Mímis-símenntunar býður upp á fræðslu um fjölmenningu og fjölmenningarlegt samfélag. Í öllum lengri námsleiðum sem Mímir stendur fyrir hefur verið boðið upp á slíka fræðslu sl. tvö ár og hefur það mælst vel fyrir. Í ljósi vaxandi þarfar fyrir fræðslu á samfélagsvísu býður Mímir nú upp á fyrirlestra og námskeið fyrir atvinnulífið og hafa slík námskeið þegar verið haldin fyrir starfsfólk Eflingar-stéttarfélags við góðar undirtektir.

Náms- og starfsráðgjöf


Á síðasta ári veittu náms- og starfsráðgjafar Mímis-símenntunar 1328 viðtöl,

bæði í einstaklings- og hópráðgjöf. Ráðþegar óska oft eftir viðtali að eigin frumkvæði en erfitt getur reynst að ná til þyngsta hluta markhópsins sem þó hefur hvað mesta þörf fyrir stuðning og hvatningu ráðgjafa. Ráðþegum nýtist vel að fara yfir mögulegar leiðir í námi, byggðar á styrkleikum, áhuga og færnikröfum.

Nemendur Mímis eiga greiðan aðgang að ráðgjöfum. Ráðgjafar leiðbeina með námsaðferðir, veita stuðning við að vinna á prófkvíða og einbeitingarskorti og ýmsu öðru sem leitar á nemendur hverju sinni. Þessi stuðningur ræður oft úrslitum um hvort nemendur geta lokið námi, oft á tíðum í fyrsta sinn síðan í grunnskóla.

Helstu viðfangsefni í ráðgjafaviðtölum hafa snúið að:

- * vali á námi og námskeiðum.
- * aðstoð við skipulögð vinnubrögð.
- * leiðir til að takast á við hindranir í námi og starfsleit.
- * áhugasviðs- og færningreiningu.
- * leiðsögn við ferilskrágerð, gerð starfsúmsókna, kynningar- og fyrirspurnabréfa.
- * útvíkkun hugmynda í starfsleit og eftirfylgni við að sækja um störf.
- * hvatningu, stuðningi og sjálfseflingu.
- * raunfærnimati.



Raunfærnimat

Mat á raunfærni er staðfesting á þekkingu

Raunfærnimat er öflugt tæki fyrir þá sem hafa reynslu úr atvinnulífinu en stutta formlega skólagöngu. Með því er hægt að sýna fram á reynslu og færni í

starfi sem nýtist við atvinnuumsókn, byggja undir frekari starfsþróun og stytta nám. Matið getur styrkt stöðu einstaklinga á vinnumarkaði og eftt sjálfstraust.

Á árinu voru eftirfarandi greinar í boði:

Raunfærnimat á móti viðmiðum áfanga á Þjónustubraut Borgarholts-skóla. Undir þjónustubraut í Borgarholtsskóla fellur leikskólaliðabraut, félagsliðabraut og félags- og tómsundabraut. Alls luku 16 einstaklingar raunfærnimatinu; fimm í leikskólaliðabraut, fimm í félagsliðabraut og sex í félags- og tómsundabraut.

Raunfærnimat á móti viðmiðum Skrifstofubrautar I í Menntaskólanum í Kópavogi. Þrettán þátttakendur luku matinu.

Raunfærnimat í almennum bóklegum greinum (ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði). 22 einstaklingar luku mati með góðum árangri.

Þróunarverkefni

Alls var unnið að sautján þróunarverkefnum á síðasta ári, bæði innlendum og erlendum. Innlendu verkefni voru styrkt af þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar, þróunarsjóði innflytjendaráðs, sjóði mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar og starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks. Á síðasta ári var m.a. unnið að eftirfarandi þróunarverkefnum:

Námsleið fyrir starfsfólk á endurvinnslustöðvum

Verkefnið snýst um þarfagreiningu og gerð þriggja 60 st. námskráa fyrir starfsfólk við söfnun, móttöku og meðhöndlun úrgangs, endurvinnslu brotamálma og annarra endurvinnsluefna og móttöku spilliefna. Markmiðið er að skapa námstækifæri á sviði þar sem slíkt er ekki fyrir hendi. Það eykur þekkingu og öryggi starfsmanna auk þess að efla starfsstöðvar sem sinna endurvinnslu til símenntunar fyrir starfsfólk sitt og hefur jákvæð áhrif á sviði umhverfismála.

Sjósókn - tækifæri og áskoranir í íslenskum sjávarútvegi

Markmiðið er að efla menntun sjómanna og hækka menntunarstig þeirra. Raunfærnimat og leiðir svo hægt sé að stunda nám í Menntastöðum án nettengingar er hluti af verkefninu. Námskipulag og námsefni er aðlagð að þörfum markhópsins í þessu skyni, auk þess sem þátttakendur hafa góðan aðgang að stuðningi námsráðgjafa. Grunnám fyrir fiskvinnslufólk verður einnig aðlagð markhópnum. Verkefninu er stýrt af SÍMEY en Mímir er samstarfsaðili og ber ábyrgð á hluta verksins.

Raunfærnimat í öryggisfræðum í affreyngarþjónustu

Í verkefninu eru unnir gátlistar, skimunarlistar og verkfæri til raunfærnimats fyrir námsleiðina Björgunarmaður I sem er kennd í Björgunarskóla Slysavarnarfélagsins Landsbjargar.

Til heilsu og starfa

Verkefnið snýst um að gera þarfagreiningu og hanna og kenna námskeið í íslensku sem nýtist fólki af erlendum uppruna sem þarf að komast í endurhæfingu á Reykjalundi eða hjá VIRK - endurhæfingu. Þátttakendur á námskeiðinu hafa ekki getað nýtt sér endurhæfingu vegna skorts á íslenskukunnáttu, en oft er um sérhæfðan orðaforða að ræða.

Íslenska og starfsþjálfun

Í verkefninu var þróað 60 st. viðbótarnám í íslensku sem öðru máli við námsleiðir FA, auk fjögurra vikna starfsþjálfunar þar sem stuðningur bæði við nemendur og vinnustaði var hluti af þjálfuninni. Í íslenskunáminu var áhersla lögð á bæði starfstengdan orðaforða og samvinnu við fagkennarana þannig að sá hluti námsins nýttist nemendum sem best. Hugmynda- og aðferðafræði Íslenskuþorps HÍ var hluti af verkefninu en í náminu lærðu nemendur nýjar aðferðir við að læra tungumál, m.a. með því að tengja saman íslenskunámið og starfsþjálfunina. Verkefninu lauk á árinu.

Túlkánám framhald: Þarfagreining og námskeið

Þetta verkefni snerist um að gera þarfagreiningu og halda framhaldsnámskeið fyrir starfandi túlka. Aðaláherslan í því námi sneri að orðaforða og þjálfun í túlkun á sviði löggæslu, þjónustu við hælisleitendur og félagsþjónustu. Afurð verkefnisins er m.a. grunnur að námskrá í námi fyrir túlka sem hentar markhópi framhaldsfræðslunnar. Verkefninu lauk á árinu.

Verslunarfulltrúi – ný námskrá

Verkefnið sneri að því að skrifa nýja námskrá fyrir verslunarfulltrúa með möguleika á framhaldi innan formlega skólakerfisins. Í tengslum við skrifin var gerð ítarleg þarfagreining innan greinarinnar. Námskráin er núna í vottunarferli hjá Menntamálastofnun. Verkefninu lauk á árinu.

Erlend samstarfsverkefni

GOAL

(Guidance and Orientation for Adult Learners) - styrkt af Erasmus+ áætluninni.

Verkefnið miðar að því að þróa ráðgjöf í átt að færniuppbyggingu fyrir viðkvæma hópa fullorðinna nemenda sem erfitt er að ná til. Hópráðgjöf og eftirfylgni er hluti af verkefninu. Verkefninu er stýrt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu en FA stýrir því á Íslandi. Mímir-símenntun er einn af samstarfsaðilum um framkvæmd verksins á Íslandi.

Fast Track

– styrkt af Erasmus+ áætluninni.

Verkefnið er samstarfsverkefni fimm landa. Er því ætlað að þróa tæki og aðferðir við að meta starfshæfni innflytjenda, sem hafa litla þekkingu í tungumáli þess lands sem þeir vilja starfa í. Að okkur snýr mat sem tengist störfum í aðhlyningu.

CoachLang

(Coaching and encouraging adult migrants language use in working life) - styrkt af Nordplus áætluninni.

Verkefnið var mannaskiptaverkefni þar sem verkefnastjórar, náms- og starfsráðgjafar og kennarar í íslensku sem öðru máli fóru til annara Norðurlanda og kynntu sér tungumálanám, úrræði fyrir erlenda atvinnuleitendur og starfstengt nám fyrir innflytjendur. Verkefninu lauk á árinu.

eEnrich

– styrkt af Grundtvig áætluninni.

Markmið verkefnisins var að kynslóðir lærðu hvor af annarri. Mörg lönd tóku þátt og verkefnið voru af ýmsum toga. Verkefninu lauk á árinu.

LETSGO through Culture

(Language, Education, Teaching Skills, Growing Opportunities through Culture) – styrkt af Grundtvig áætluninni.

Markmið verkefnisins var að tengja saman menningar- og tungumálakennslu auk fjölmennigarlegra kennsluhátta, bæði í kennslu erlendra tungumála og í kennslu fyrir innflytjendur. Verkefninu lauk á árinu.

ABF i Norden

Mímir-símenntun er aðili að ABF i Norden, fræðslusamtökum verkalýðsfélaga á Norðurlöndum. Markmið samtakanna er m.a. að styrkja og þróa samfélags- og menningarleg gildi og einnig að efla alþýðufræðslu sem byggir á samstöðu og sameiginlegri ábyrgð til þátttöku í samfélaginu.


Haldnir eru tveir fundir, ásamt stuttum ráðstefnum, á ári. Mímir sá sér ekki fært að mæta á báða fundina af sparnaðarástæðum. Fulltrúi Mímis tók

Þátt í ráðstefnu í lok október 2015 á vegum ABF-Norden í Danmörku sem hét: The opportunities of adult education in the digital civil society (Tækifæri fullorðinsfræðslunnar í tölvutækni hversdagsins). Þar kom fram að AOF í Danmörku hafi gert markaðskönnun og samkvæmt henni eru færri nemendur og færri námskeið og því úrbóta þörf. Rætt var um nauðsyn þess að fylgjast með tækninni, samkeppni kemur úr ýmsum áttum m.a. gegnum internetið og youtube. Kynnt var nýtt app sem heldur utan um starf AOF og voru möguleikar á að fá appið á tungumálum hinna Norðurlandanna ræddir. Allir lýstu yfir áhuga á að skoða verkefnið áfram.

Gæðastjórnun

Mímir hélt áfram á sömu braut varðandi gæðamál og fékk góða umsögn úttektaraðila. Gæðateymi vann að fleiri vinnureglum og lagði áherslu á kynningu til starfsmanna. Komið var á rafrænni könnun á viðhorfum nemenda til námsins. Á árinu vann gæðateymi Mímis áfram að endurbótum og uppsetningu ferla, gátlista og verkreglna fyrir hin ýmsu verkefni fyrirtækisins. Gæðateymi Mímis, sem skipað er fjórum starfsmönnum, hefur á árinu unnið að því að bæta gæðahandbók fyrirtækisins. Ýmis skjöl hafa verið uppfærð og ný búin til. Vinna við gæðahandbókina miðar að því að til sé sameiginlegur þekkingarbrunnur fyrir starfsmenn og stjórnendur sem auðveldar utanumhald og yfirsýn verkefna.

Tekjur Mímis 2015



GRAF 4 Uppruni tekna

Almennt um rekstur Mímis-símenntunar

„Árið 2015 var Mímir-símenntun rekinn með 9.805.904 kr. tapi. Nú er svo komið að frá árinu 2011 hefur Mímir lagt 54 milljónir af eigin fé til framhaldsfræðslunnar. Það er staðreynd sem talar sínu máli og kallar á umræður um það hvert framhaldsfræðslan stefnir.

Frumástæða þessarar stöðu er sú að það verð sem greitt er fyrir þjónustu framhaldsfræðslunnar er of lágt. En frá því að Fræðslusjóður lækkaði verðið á námsleiðunum árið 2011 hefur Mímir barist við að skera niður útgjöld eins og mögulegt er. Þau ráð eru nú fullreynd og ekki hægt að ganga lengra nema með því að ganga á gæði þjónustunnar við nemendur.

Í rekstrarframlagi Alþingis til símenntunarmiðstöðva um land allt kemur ár eftir ár fram óútskýrð mismunur þar sem Mímir er með lægstu fjárhæðina þrátt fyrir að vera langstærstur. Þetta hlýtur að teljast brot á jafnræðisreglum. Mímir bindur vonir við að þetta leiðréttist nú þegar stjórnvöld eru farin að vinna eftir nýjum lögum um opinber fjármál.

Símenntunarmiðstöðvarnar þurfa að fá stöðugri, gagnsærri og sýnilegri reglur um greiðslur vegna þeirra samninga sem stjórnvöld gera við þær um framhaldsfræðsluna. Það á einnig við um greiðslur vegna íslensku fyrir útlendinga. Á miðju seinasta ári var einingarverð lækkað án þess að tóm gæfist til að bregðast við með hækkun nemendagjalda. Þannig verklag gengur ekki upp í rekstri.

Fræðslusjóður annast umsýslu með þeim fjármunum sem veitt er til framhaldsfræðslunnar, setur reglur um úthlutun þeirra og ákveður gjaldskrá. Í stjórn fræðslusjóðs eru fulltrúar skipaðir í samræmi við lög um framhaldsfræðslu. Þar er ekki gert ráð fyrir að fulltrúi frá framkvæmdaraðilum framhaldsfræðslunnar sitji í stjórn. Þetta hljóta að hafa verið mistök við lagasetninguna sem Alþingi verður að leiðrétta við fyrsta tækifæri.

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar var stofnaður samkvæmt ákvörðun miðstjórnar ASÍ 21. júlí 1983 og var skipulagsskrá sjóðsins staðfest af forseta Íslands og gefin út 11. desember 1984.

Stofnfé sjóðsins var kr. 1.000.000 en tekjur sjóðsins hafa einkum verið vaxtatekjur, auk þess sem eitthvað var um sölu minningarkorta á fyrstu árunum.

Auglýst var eftir umsóknum um fræðimannastyrki úr Minningarsjóði Eðvarðs Sigurðssonar vegna ársins 2016. Í tilefni þess að í ár eru liðin 100 ár frá stofnun Alþýðusambands Íslands ákvað stjórn sjóðsins að úthluta að þessu sinni styrkjum til tveggja verkefna:

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor við HÍ og Guðbjörg Andrea

Jónsdóttir forstöðumaður, f.h. Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, styrkur að fjárhæð kr. 750.000 vegna verkefnisins „Alþjóðlegu viðhorfsrannsóknirnar – ISSP um vinnuviðhorf og vinnuaðstæður“.

Alþjóðlegu viðhorfsrannsóknirnar - International Social Survey Programme (ISSP) eru eitt umfangsmesta og metnaðarfullsta samstarf á sviði félagsvísinda í heiminum. Innan ISSP eru árlega gerðar kannanir í allt að 48 löndum þar sem viðhorf almennings til mismunandi málaflokka eru könnuð. Viðfangsefni könnunarinnar árið 2015 (framkvæmd hér á landi 2016) eru vinnuviðhorf og vinnuaðstæður (Work Orientation). ISSP gagnasafnið er eitt mest notaða gagnasafnið í félagsvísindum, en mörg þúsund fræðigreinar hafa verið birtar sem nota gögn úr þessari könnun.

Gögnin verða vistuð í opnum aðgangi og munu því nýtast öllum þeim sem hafa áhuga á að greina viðhorf Íslendinga til vinnu og bera þau saman við viðhorf annarra þjóða. Þá er einnig hægt að skoða breytingar yfir tíma en vinnuviðhorf voru síðast könnuð af ISSP árið 2005 (þá var Ísland þó ekki með) og verða væntanlega skoðuð aftur 2025.

Katrín Ólafsdóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík, styrkur að fjárhæð kr. 750.000 vegna verkefnisins „Launahækkunar í kreppu: Er konum hlíft?“

Markmiðið með rannsókninni er að sannreyna hvort marktækur munur sé á launabreytingum karla og kvenna á tímabilinu sem hófst með kreppunni haustið 2008. Lækkðu laun kvenna síður en laun karla? Var það einungis vegna þess að konur voru með lægri laun eða liggur munurinn annars staðar og þá hvar? Einnig er ætlunin að skoða hvort það er munur á launaþróun hjá konum og körlum þegar laun taka að hækka þegar niðursveiflunni lauk. Launagrunnur Hagstofunnar verður notaður til að svara þessum spurningum.



ERLEND SAMSKIPTI

Alþýðusamband Íslands er virkur þátttakandi í alþjóðastarfi bæði á vettvangi verka-lýðshreyfingarinnar og alþjóðastofnana. Þátttaka ASÍ endurspeglar hvort tveggja, alþjóðlegan uppruna samtaka launafólks og vaxandi mikilvægi alþjóðastarfs fyrir verkalýðshreyfinguna og félagsmenn hennar.

Hnattvæðingunni, með auknum viðskiptum og samskiptum á öllum sviðum, fylgja ný úrlausnarefni, hættur en einnig tækifæri fyrir samtök launafólks. Aukið samstarf Evrópu-ríkja og þátttaka Íslands í EES með sameiginlegum vinnumarkaði Evrópuríkja og löggjöf og samstarf á fjölmörgum sviðum er mikilvægur þáttur í þessari þróun. Með þátttöku sinni á alþjóðavettvangi tekur ASÍ þátt í umræðu, stefnumótun og ákvarðanatöku á alþjóðavísu, nýtir þekkingu og reynslu úr alþjóðlegu starfi og árangur alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar fyrir íslenskt launafólk, leggur sitt af mörkum til að efla alþjóðlega samstöðu launafólks og styður uppbyggingarstarf og réttinda-baráttu í þróunarríkjunum.

Norræna verkalýðssambandið - NFS

Samstarf norræna heildarsamtaka á árinu NFS snerist að miklu leyti um samræmingu sjónarmiða okkar innan ETUC. Ítrekað hefur krafan um lögbindingu lágmarkslauna á Evrópuvísu komið upp, einkum eftir

að DGB (Þýska alþýðusambandið) tók þessa kröfu upp á sína arma, en Norðurlöndin hafa alfarið staðið gegn þessum tilraunum og krafist þess að málið verði áfram á forræði einstakra landa. Hafa norrænu heildarsamtökin lagt mikla áherslu á að upplýsa félaga okkar í Evrópu um forsendur norræna móðelsins, bæði með tilliti til samningalíkans og samfélagsgerðar, þar sem umboð verkalýðshreyfingarinnar til gerðar kjarasamninga er lykilatriði. Alþýðusambandið hefur hins vegar haldið á lofti íslensku leiðinni með lögunum nr. 55/1980 þar sem kjarasamningar öðlast gildi sem lágmarkskjör. Með því er forræði launafólks í samskiptum við atvinnurekendur tryggt en jafnframt komið í veg fyrir félagsleg undirboð með því að tryggja að innihald kjarasamninga móti lágmarkskjörin.

Frankvæmdastjóri NFS hefur verið ötull í að fylgja eftir ályktun þings NFS frá síðasta ári um styrkingu þríhliða samráðs stjórnvalda, samtaka launafólks og atvinnurekenda á norrænum vettvangi. Bent er á einstakan árangur norræna kjarasamningsmóðelsins við að tryggja kjör og réttindi launafólks ásamt því að auka samkeppnishæfni og aðlögunarhæfni Norðurlandanna. Jafnframt er áréttað að leið Norðurlandanna við að treysta samkeppnishæfni sína og sjálfbærni til framtíðar á að felast í að byggja á og styrkja helstu einkenni norræna samfélagsmóðelsins; félagslegt öryggi og velferð, jafnrétti, gagnsæi, lýðræði og öflug og góð menntun fyrir alla.

Samstarf norrænu alþýðusambandanna um samningamál

Alþýðusamböndin á Norðurlöndunum hittast einu sinni á ári til að bera saman bækur sínar um samningamál og -tækni, þróun kjaramála og bera saman bækur sínar um helstu málefni á norrænum og evrópskum vettvangi. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ og Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ, sóttu fundinn á þessu ári sem haldinn var í Hróarskeldu í Danmörku. Að þessu sinni var fjallað um norræna samningalíkanið, þar sem forseti ASÍ gerði grein fyrir umræðum í Salek hér á landi, Svíar gerðu grein fyrir undirliggjandi ágreiningi um þróun kjaramála innan sænska alþýðusambandsins og Danir gerðu grein fyrir ágreiningi danska alþýðusambandsins við stjórnvöld varðandi frekari hækkun lífeyrisaldurs – en meðalaldur félagsmanna þeirra er tilfinnanlega lægri en annarra hópa og því muni hækkun lífeyrisaldurs koma einkar illa niður á þeim.

Verkalýðshreyfingin í Norður-Atlantshafi (VN)

Árlegur fundur Vest norden – samstarf verkalýðshreyfingarinnar í Norður Atlantshafi – var að þessu sinni haldinn í Nuuk á Grænlandi samhliða grænlenku útgáfunni af „fundi fólksins“. Grænlenka alþýðusambandið, SIK, hefur leikið mikið og stórt hlutverk í þróun grænlenks samfélags

á undanförnum árum og áratugum. Hafa þeir mikið leitað í smíðju okkar á Íslandi, bæði m.t.t. lífeyrismála og beinna afskipta af uppbyggingu velferðarmála. Forseti ASÍ ásamt formanni færeyska verkamannasambandsins tók þátt í pallborðsumræðum um norræna samningamódelið og sambengið á milli kjarasamninga um kaup og kjör og traust velferðarkerfis á vinnumarkaði.

Ljóst er að VN stendur frammi fyrir miklum breytingum á næsta ári. Í aðdraganda kreppunnar hér á landi árið 2008 lagði ASÍ það til að hætt yrði að innheimta félagsgjöld í sambandið vegna þess að miklar peningalegar eignir voru til í sambandinu og þáverandi skattur skilaði talsverðum hagnaði á hverju ári sem væri óverjandi í þeirri aðstöðu sem ASÍ og aðildarfélög þess stæðu frammi fyrir í fyrirsjáanlegum samdrætti iðgjaldstekna. Nú er svo komið að peningaleg staða sambandsins er veik. Enginn vafi er á því að þetta samstarf okkar við frændur okkar á Grænlandi og í Færeyjum er okkur öllum mikilvægt, en ASÍ hefur lagt áherslu á að tengja bæði SGS, SSÍ og iðnaðarmenn inn í þessi samtöl. Samstaða er um það milli þessara landa að halda þessu samstarfi áfram, en ákveða þarf fyrirkomulag fjármögnunar þess á næsta ári.

Evrópusamband verkalýðsfélaga – ETUC

Framkvæmdastjórn ETUC

Evrópusamband verkalýðsfélaga hefur verið í ákveðinni tilvistarkreppu undanfarin misseri sem m.a. hefur orsakast af miklum innbyrðis ágreiningi um leiðir út úr kreppunni, þar sem samningahefðir í norður- og vesturhluta álfunnar og suður- og austurhluta takast á um viðbrögð við erfiðum efnahagslegum aðstæðum. Ítrekað hefur komið til ágreinings um kröfuna um lögbindingu lægstu launa.

Þing ETUC var haldið í lok september á síðasta ári og var mikil umræða meðal aðildarsamtakanna um bæði skipan forystu sambandsins og næstu skref í samstarfinu. Forseti ASÍ tók sem formaður NFS þátt í því að koma á sérstakri óformlegri samráðsnefnd, eins konar uppstillingarnefnd, sem fékk það verkefni að leita eftir frambjóðendum í æðstu embætti sambandsins en jafnframt að finna leiðir til þess að aðildarsamtökin axli meiri ábyrgð á þeirri stöðu sem upp væri komin í samtökunum. Tókst náíð samstarf milli Norrænu samtakanna, DGB í Þýskalandi, ÖGB í Austurríki og Ítölsku hreyfingarinnar, þar sem samkomulag var um Ítalann Luca Visentini sem framkvæmdastjóra, og Þjóðverjann Peter Scherrer og Svíann Veronicu Nilsson sem aðstoðarframkvæmdastjóra.

Helsta baráttumál ETUC á þessu ári hefur verið vinna að breytingum á tilskipuninni um útsenda starfsmenn, þar sem nokkrum áfanga varð náð varðandi keðjuábyrgð aðalverktaka. Jafnframt hafa samtökin lagt mikla

áherslu á að félagsmálasáttmáli Evrópu verði óaðskiljanlegur hluti af regluverki ESB (og þar með EES-svæðisins) þannig að ríki geti ekki látið nægja að innleiða einungis hluta hans líkt og hér hefur verið gert. Forsætisráðherra Svíþjóðar, fyrrum forystumaður í sænska alþýðusambandinu, hefur m.a. tekið þetta upp á sína arma í samstarfi við sænska alþýðusambandið og lagt þrýsting á ráðherraráðið að fara í þessa vegferð. Það er athyglisvert að kanslari Þýskalands hefur lagst á sveif með honum í ljósi aðstæðna í Þýskalandi.

Evrópusambandið

Ráðgjafarnefnd um starfsmenntamál (ACVT)

Alþýðusamband Íslands á fulltrúa í ráðgjafarnefnd ESB um starfsmenntamál. Ráðgjafarnefndin er skipuð fulltrúum aðildarríkja ESB og EES, þremur fulltrúum frá hverju landi, frá stjórnvöldum, samtökum launafólks og atvinnurekenda. Ráðgjafarnefndin hittist að jafnaði tvisvar á ári, í byrjun vetrar og síðla vors. Hlutverk ráðgjafarnefndarinnar er að vera framkvæmdastjórn og öðrum stofnunum Evrópusambandsins til ráðgjafar um menntamál. Ljóst er að hafa má margvíslegt gagn af þessu samstarfi bæði til að afla upplýsinga og læra af því sem er að gerast í Evrópu á sviði starfsmenntunar og tengjast því sem þar er að gerast.

Fulltrúi ASÍ sótti fund nefndarinnar í desember 2015. Umræðan á fundinum sneri öll um mikilvægi þess að efla verk- og starfsmenntun, með áherslu á lykilfærni til að gefa öllum grunn til að standa á og hins vegar að tryggja gæða vinnustaðanám sem hluta af menntunarferlinu. Rætt var um samhengi grunnleikni; læsi á texta, tölur og tölvulæsi (stafræna leikni) og leikni til að stunda tiltekin störf/leysa tiltekin verkefni.

Þá var lögð áhersla á mikilvægi þess að hafa hæfa kennara og starfsþjálfara á vinnustöðunum og að tengja sem best saman það sem numið er í skóla og hvað er numið á vinnustaðnum. Einnig var lögð áhersla á mikilvægi raunfærnimats og að það sé gert með vönduðum, viðurkenndum og markvissum hætti.

Á fundinum var mikil umræða um hlutverk Evrópusambandsins og verkefna aðildarríkjanna þegar kemur að starfsmenntun, með hvaða hætti verkaskiptingin eigi að vera og hvernig sé best hægt að tvinna þetta tvennt saman. Í því samhengi var m.a. rætt um samstarfsverkefni Evrópuríkja um samningsbundið vinnustaðanám (apprenticeship) og mikilvægi þess að dýpka samstarf fyrirtækjanna og menntastofnana.

Loks var rætt um gildi og hlutverk hæfnirammans (EQF). Er hann til að auka gagnsæi eða á hann einnig að fela í sér formlega viðurkenningu sem nemendur geta tekið með sér á milli landa?

Ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd og Vinnuverndarstofnun Evrópu

Alþýðusamband Íslands á fulltrúa í ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd í áheyrnarfulltrúa í stjórn Vinnuverndarstofnunar Evrópu.

Á Evrópuvísu er ýmislegt að gerast í vinnuverndarmálum. Í gegnum EES-samninginn þá tókum við upp margt af því sem þar er gert.

Í vor var samþykkt að fjölga efnum á lista yfir hættuleg efni í andrúmslofti. Á þessum lista voru fyrir 12 efni og við bættust 13 önnur. Á þessum lista eru settar fram kröfur um hámark efniseinda í rúmmáli lofts á vinnustöðum. Má hér nefna magn einda úr krossviði þegar hann er sagaður niður.

Í þessu sambandi er einnig rétt að minnst á nýjan flokk efna, svokölluð „nano“ efni sem ekki hafa verið könnuð til hlítar hvaða áhrif þau hafa á líðan þeirra sem framleiða þau og þeirra sem síðan nota þau. Það eru margar skoðanir á þessu en nánari athuganir eru nauðsynlegar til að hægt sé að koma með niðurstöður um hvort þetta séu hættuleg efni eða ekki.

EFTA - EES

Ráðgjafarnefnd EFTA

Ráðgjafarnefnd EFTA er samstarfsvettvangur aðila vinnumarkaðarins í EFTA-löndunum. Nefndin hittist að jafnaði fjórum sinnum á ári. Síðla vetrar er í tengslum við fund nefndarinnar haldinn fundur með Stjórnarnefnd EFTA (Standing Committee). Að vori eru í tengslum við fund nefndarinnar haldnir fundir með ráðherrum EFTA-ríkjanna og Þingmannanefnd EFTA. Að hausti heldur nefndin vinnufund þar sem farið er yfir þau mál sem eru efst á baugi hverju sinni. Undir lok árs er haldinn fundur með þeim ráðherra EFTA-EES ríkjanna sem hefur forystu fyrir EFTA hverju sinni. Þá fundar ráðgjafarnefndin einu sinni á ári með fulltrúum frá Efnahags- og félagsmálanefnd ESB (EESC). Í ráðgjafarnefndinni sitja 16 fulltrúar samtaka launafólks og atvinnurekenda. Sex frá Noregi, fjórir frá Íslandi og Sviss og tveir frá Lichtenstein. Auk þess starfa fulltrúar frá skrifstofu EFTA með nefndinni og sérfræðingar frá aðildarsamtökunum í einstaka málum.

Eins og áður fjallaði ráðgjafarnefndin um fjölmörg mál á tímabilinu. Innri markaður EES-ríkjanna (ESB og EFTA-EES) og þau fjölmörgu álítaefni sem þar koma upp eru reglulega á dagskrá ráðgjafarnefndarinnar. Þá var á tímabilinu ítrekað fjallað um fríverslunarviðræðurnar á milli ESB og Bandaríkjanna, stöðu þeirra og möguleg áhrif fyrir EFTA-ríkin. Einnig voru til umfjöllunar staða og þróun félags- og vinnumarkaðsmála á Evrópuvísu, samskipti og hlutverk aðila vinnumarkaðarins og samskipti EFTA og ESB-ríkjanna. Einnig var rætt um hlutverk aðila vinnumarkaðarins í EFTA-ríkjunum gagnvart fríverslunarsamningum sem gerðir eru á EFTA-vísu.

Á fundi með EFTA-ráðherrunum í byrjun sumars 2016 notaði íslenski fulltrúinn tækifæri til að taka upp málefni starfsmanna sem sendir eru af þjónustu-/verktakafyrirtækjum yfir landamæri og þau vandamál sem tengjast undirboðum á vinnumarkaði af hálfu þessara fyrirtækja. Hvatti hann til þess að EFTA og einstaka aðildarríki EFTA beittu sér í þessum efnum og styddu frumkvæði framkvæmdastjórnar ESB sem byggir á þeirri grundvallarreglu að útsendir starfsmenn njóti a.m.k. sömu eða sambærilegra kjara og heimamenn sem starfa á sama sviði.

Ráðgjafarnefnd EES

Ráðgjafarnefnd EES er skipuð fulltrúum úr ráðgjafarnefnd EFTA (annarra en Svisslendinga) og fulltrúa Efnahags- og félagsmálanefndar ESB, á grundvelli EES-samningsins. Ráðgjafarnefndir hittast einu sinni á ári.

Á fundi ráðgjafarnefndarinnar, sem haldinn var í Vaduzí Liechtenstein 19.–20. maí 2016, voru samþykktar tvær ályktanir, um frjálsa för launafólks og hreyfanleika vinnuafls innan EES og um bættu reglusetningu til stuðnings fyrirtækjum og verndar launafólki innan EES. Í fyrri ályktuninni er tekið undir greiningu og tillögur framkvæmdastjórnar ESB um að tryggja þurfi betur réttindi starfsmanna sem sendir eru yfir landamæri.

Kynnisferð um Evrópumál

Dagana 24.–29. maí 2016 fór 40 manna hópur fulltrúa ASÍ og aðildarsamtaka þess í kynnisferð til Brussel í Belgíu. Ferðin og dagskrá hennar var skipulögð af Alþýðusambandinu í samstarfi við stofnanir og samtök á vegum íslenskra stjórnvalda, sendiskrifstofu Evrópusambandsins (ESB) á Íslandi, EFTA, Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), Alþjóðasambands verkalýðsfélaga (ITUC) og Evrópusambands verkalýðsfélaga (ETUC).

Markmiðið með heimsókninni til Brussel var að fá sem besta yfirsýn yfir eftirtalda þætti er varða Ísland, íslenskt launafólk og Evrópusamvinnuna:

- Staða Ísland og Evrópusamvinnan, með sérstakri áherslu á samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES)
- Sameiginlegi vinnumarkaðurinn og EES, með sérstakri áherslu á frjálsa för, útsenda starfsmenn og frjáls þjónustuviðskipti
- Samstarf á Evrópuvísu í menntamálum, með áherslu á starfsmenntun og endur- og eftirmenntun
- Lögð var áhersla á að fá sjónarhorn ólíkra aðila á framangreind viðfangsefni. Í því augnamiði var leitað til eftirtalinnna aðila:
- Evrópusambandið, þ.e. Evrópuþingið og framkvæmdastjórnar ESB, skrifstofa utanríkismála og atvinnu- og félagsmála (en undir hana falla

- einnig starfsmenntamálin og menntun á vinnumarkaði)
- Sendiráð Íslands í Brussel, EFTA og Eftirlitsstofnun EFTA (ESA)
- Evrópusamband verkalýðsfélaga (ETUC)

Þá fékk hópurinn sérstaka kynningu á Evrópuþinginu og á starfsemi og helstu viðfangsefnum Alþjóðasambands verkalýðsfélaga (ITUC).

Auk þess að fá upplýsingar og sjónarmið framangreindra aðila, áttu sér stað samræður og skoðanaskipti, þar sem fulltrúar ASÍ og aðildarsamtakanna höfðu tækifæri og komu á framfæri sínum skoðunum og áherslum.

Hér á eftir er tekinn saman lærdómur, vangaveltur og umræðupunktur í kjölfar þeirra upplýsinga sem komu fram og umræðu sem varð í ferðinni.

Evrópusambandið og Evrópusamvinnan almennt

Það kom skýrt fram hjá öllum sem tjáðu sig um málið að Evrópusamvinnan er í ákveðinni kreppu og að þeim öflum sem vilja ekki aðeins hægja á þróuninni, heldur draga úr samstarfi Evrópuríkja, verður stöðugt meira ágengt í aðildarríkjunum og á vettvangi Evrópusambandsins. Ekki síst þegar kemur að þeim þáttum er varða réttarbætur á vinnumarkaði og félagsmálin. Þetta er þróun sem hófst um síðustu aldamót með vaxandi fylgi hægri flokka í Evrópu og síðan með stækkun Evrópusambandsins til austurs. Síðan kom efnahagskreppan og viðbrögðin við henni sem einkenndust fyrst og fremst af aðgerðum sem fólust í að skerða kjör launafólks og draga úr réttindum þess. Þessi þróun endurspeglast í öllum stofnunum Evrópusambandsins, Evrópuþinginu, Ráðinu og Framkvæmdastjórninni. Þessi þróun endurspeglast vel í ágreiningnum sem nú er uppi um styrkingu tilskipunarinnar um útsenda starfsmenn og andstöðu 11 aðildarríkja ESB við henni.

Ísland, Evrópusamvinnan og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið

Það er samdóma álit allra þeirra sem rætt var við að EES-samningurinn sé mjög mikilvægur og verðmætur fyrir Ísland og að slíkur samningur yrði aldrei gerður í dag. Samningurinn veitir okkur aðgang að innri markaðinum og samstarfi á fjölmörgum öðrum sviðum sem varða hagsmuni Íslands og launafólks. Því er mikilvægt að Ísland virði skuldbindingar sem við höfum tekið á okkur samkvæmt samningnum og séum vakandi fyrir því að nýta þá kosti og möguleika sem í honum felast. Það eru þó alvarlegar takmarkanir við samninginn sem felast í því að Ísland hefur ekki beina aðkomu að ákvarðanatöku um þá löggjöf sem síðan þarf að taka upp í EES-samninginn.

Hér má benda á nokkra þætti sem vert er að hafa í huga og vinna með:

- Mikilvægt er að stöðugt sé í gangi hagsmunamat varðandi EES-samninginn, þá möguleika sem hann felur í sér og hvernig megi nýta þá sem best.
- Mikilvægt er að íslensk stjórnvöld í samráði við hagsmunaaðila hér á landi, ekki síst verkalýðshreyfinguna, setji upp lista yfir þau mál sem eru í deiglu á Evrópuvísu og sem varða sérstaklega hagsmuni Íslands og forgangsraði þeim. Þessi listi þarf að vera „lifandi“ og í stöðugri endurskoðun. Þessi vinna er nú hafin.
- Mikilvægt er að Íslendingar nýti sér betur en nú er og með markvissari hætti möguleika til að afla sér upplýsinga og reyna að hafa áhrif á mótnun gerða á vinnslustigi á Evrópuvísu. Þetta má gera í gegnum aðildina að undirnefndum og vinnuhópum EFTA, með því að nýta betur EFTA-skrifstofuna og með því að nýta þau tengsl sem sendiráðið í Brussel, íslensk stjórnvöld og hagsmunaaðilar (t.d. ASÍ í gengum Evrópusamband verkalýðsfélaga) hafa. Hér er einnig mikilvægt að hafa í huga „varnaðarorð“ sem heyra mátti í ferðinni um að þótt samstarfið við Noreg sé bæði jákvætt og gott á mörgum sviðum, þá er ekki alltaf þannig að hagsmunir Íslands og Noregs fari fullkomlega saman og því er mikilvægt að Ísland haldi sínum hagsmunum og áherslum á lofti.
- Nauðsynlegt er að koma upp rafrænum gagnagrunni þar sem hægt er að fylgjast með löggjöf á Evrópuvísu sem varðar EES-samninginn allt frá því að hugmynd/tillaga um slíka löggjöf kemur fram, meðan hún er í mótnun, þegar hún hefur verið samþykkt í ESB, samþykkt hennar í EES-nefndinni og innleiðingarferli hennar hér á landi, allt þar til því er lokið. Slíkur gagnagrunnur er til hjá EFTA (EEA-Lex), en þar vantar algerlega þann þátt sem snýr að innleiðingu löggjafarinnar hér á landi.
- Þegar upp koma mál eins og átökin um tillöguna að nýju tilskipuninni um útsenda starfsmenn er mikilvægt að Íslendingar sammælist um að beita sér eins og kostur er til að hafa áhrif á niðurstöðuna þótt við höfum ekki formlega aðkomu að ákvarðanatökunni innan ESB. Og að það sé gert með samræmdum hætti. Þetta má gera t.d. með því að:
- Stjórnvöld beiti sér á hinum pólitíska vettvangi í beinum samskiptum við ESB og í gegnum EFTA EES-samstarfið.
- Verkalýðshreyfingin (Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess) beiti sér með samræmdum hætti á vettvangi norrænnar og evrópskrar verkalýðshreyfingar.
- Til að styrkja rödd Íslands í Evrópusamstarfinu, auka áhuga og virðingu fyrir sjónarmiðum okkar og því sem við getum lagt til Evrópusamvinnunnar er mikilvægt að Ísland beiti sér fyrir því að setja á dagskrá málefni sem við teljum brýn og við getum lagt gott til. Þetta má m.a.

gera með ráðstefnum og málþingum sem Ísland stendur fyrir og/eða skipuleggur með öðrum.

- Á fundi með sendiherra Íslands í Brussel var tekið dæmi um slíkt mál, sem er nýi Jafnlaunastaðallinn. Ljóst er að hann hefur vakið athygli í Evrópu og að það er eftirspurn eftir frekari upplýsingum og umræðu. Sendiráðið gæti t.d. staðið fyrir málþingi um efnið í Brussel næsta haust og fengið fyrirlesara að heiman. Rætt var að þar gæti ASÍ lagt til mikilsvert framlag, enda höfðum við ákveðna forgöngu um málið og höfum fylgt því eftir síðan.
- Mikilvægt er að efla upplýsingamiðlun og samráð hér innanlands þegar kemur að EES-samningnum og rekstri hans, einkum á sviði vinnumarkaðs- og félagsmála. Lagt er til að af hálfu ASÍ verði sett fram ósk/krafa um að EES-samráðsnefnd velferðarráðuneytisins með aðilum vinnumarkaðarins verði endurreist og henni sett erindisbréf, þar sem kveðið verður á um reglubundið samráð og verklag.
- Mikil tækifæri felast í samstarfi Evrópuríkja á sviði menntamála. Það snýst ekki einvörðungu um þátttöku í menntaáætlunum og fjármunum þeim tengdum. Það snýst líka um þátttöku, samræðu og lærdóm sem draga má af stefnumótun og ákvarðanatöku á Evrópuvísu í menntamálum og margvíslegu samstarfi á því sviði, svo dæmi sé tekið.

Alþýðusambandið, verkalýðshreyfingin og Evrópusamvinnan

Það kom skýrt fram á fundum og í samtölum innan hópsins að mikilvægt er að Alþýðusambandið (og aðildarsamtök þess) skýri og skerpi á starfi sínu að Evrópumálunum. Málaflokkurinn er svo mikilvægur fyrir hagsmuni íslensks launafólks að leggja beri í hann bæði vinnu og fjármuni. Þá kom jafnframt fram að Alþýðusambandið hefur ýmsa möguleika til að beita sér og hafa áhrif og að mikilvægt er að nýta þá möguleika sem best. Sumt af því sem nefnt er hér að neðan er þegar til staðar en þarf mögulega að skerpa á meðan annað vantar alveg.

- Lagt er til að Alþýðusambandið taki saman yfirlit yfir aðkomu og áhrifamöguleika ASÍ og aðildarsamtakanna þegar kemur að Evrópusamstarfinu. Þetta efni er að nokkru leyti þegar til en þarf að uppfæra. Slíkt yfirlit er gagnlegt og mikilvægt fyrir starfið á Evrópuvísu (og alþjóðavettvangi) og skipulagningu þess.
- Mikilvægt er að fjalla um og meta hvort og þá með hvaða hætti Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess geta haft áhrif, hvar og hvernig og með hvaða hætti ASÍ og aðildarsamtökin geta stillt saman strengina til að ná sem mestum og bestum árangri í starfi sínu á Evrópuvísu (og

alþjóðavettvangi). Þetta snýst jafnframt um þekkingaruppbyggingu og miðlun innan verkalýðshreyfingarinnar. Það varðar m.a.:

- Upplýsingamiðlun og stefnumótun á vettvangi Alþýðusambandsins.
- Hlutverk alþjóðanefndar ASÍ og starfsmanna sambandsins.
- Skipulag alþjóðastarfs ASÍ, samstarf og verkaskiptingu á milli ASÍ og aðildarsamtakanna og verkaskiptingu á skrifstofu ASÍ.
- Samskiptin við sendiráð Íslands í Brussel og starfsmenn, undirnefndir og vinnuhópa EFTA.
- Þátttöku í starfi Evrópusambands verkalýðsfélaga (ETUC).
- Fylgja eftir óskinni/kröfunni um samráðsnefnd velferðarráðuneytisins og aðila vinnumarkaðarins, sbr. hér að framan.
- Sett var fram spurning/hugmynd um að Alþýðusambandið (í samstarfi við önnur samtök launafólks hér á landi) hafi starfsmann í Brussel sem sinni upplýsingaöflun og miðlun og hagsmunagæslu fyrir íslenskt launafolk á fjölmörgum sviðum, gagnvart EFTA, ESB og ETUC. Í það minnsta að skoða hvort og þá með hvaða hætti samtök launafólks hér á landi geta eftt samstarf sitt þegar kemur að Evrópumálunum.
- Mikilvægt er að Alþýðusambandið hafi frumkvæði að því að fylgjast með nýjum gerðum sem eru í mótun á Evrópuvísu og sem hafa bein og óbein áhrif á réttindi og hag launafólks og fylgja málum eftir eins og þörf krefur. Það getur m.a. falist í því að:
- Móta afstöðu til tillagna að nýjum gerðum þegar þær eru á mótunarstigi og koma til íslenskra stjórnvalda, EFTA og ETUC eftir því sem við á.
- Fylgjast með framgangi málsins hjá EFTA eftir að löggjöfin liggur fyrir á vettvangi ESB og fylgja eftir eins og þörf krefur.
- Gera tillögu um með hvaða hætti löggjöfin verði efnislega innleidd hér á landi og taka virkan þátt í þeirri vinnu.
- Fylgja því eftir að löggjöfin hafi tilætluð áhrif við að verja og bæta hag launafólks.

Dæmi um svona verkefni sem þegar liggur fyrir að vinna er tilskipun ESB um styrkingu tilskipunar um útsenda starfsmenn 2014/67/EU sem m.a. kveður á um möguleikann á keðjuábyrgð/samábyrgð, að gera má ríkari kröfur til erlendra fyrirtækja um upplýsingagjöf og um ríkari refsiseimildir ef brotið er gegn lögum um útsenda starfsmenn.

Annað dæmi er samstarfið á Evrópuvísu um baráttuna gegn svartri atvinnustarfsemi og með hvaða hætti ASÍ getur komið að framkvæmd þessa Evrópusamstarfs hér á landi.

- Þegar upp koma mál á vettvangi ESB sem varða launafolk og hagsmuni

Þess og sem valda ágreiningi er mikilvægt að Alþýðusambandið beiti sér eins og aðstæður leyfa, hvort sem er til að kveða málið niður eða styðja það. Það má m.a. gera:

- Með samskiptum við stjórnvöld hér á landi og að þau beiti sér.
- Með því að nýta tengsl og samstarf á vegum EFTA, s.s. í gegnum EFTA-skrifstofuna, ráðgjafarnefnd EFTA og ráðgjafarnefnd EES (í samstarfi við Efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins).
- Með þátttöku í starfi ETUC og málefnanefndum þess og innan norrænnar verkalýðshreyfingar.

Dæmi um svona mál sem er mjög aðkallandi núna eru átökin á Evrópuvísu um tillögu að nýrri og betri tilskipun um útsenda starfsmenn.

- Taka upp og hafa jafnvel frumkvæði að samstarfi á vettvangi Evrópusambands verkalýðsfélaga (ETUC) um upplýsingamiðlun og aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði í samstarfi verkalýðshreyfingarinnar í Evrópu.
- Það á að vera hlutverk Alþýðusambandsins að fylgjast með þróun mála á hnattræna vísu, bæði hvað varðar stöðu og réttindi launafólks og brot á þeim og umhverfismálin í hnattrænu samhengi. Jafnframt er mikilvægt að Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess styðji og veki athygli á baráttu alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar í þessum efnum og öðrum. Spurningin er hvornig það verður best gert.

Samak

Ársfundur SAMAK var haldinn í Rönneberga, skammt utan við Stokkhólm í Svíþjóð 14. – 15. janúar 2016. Meginviðfangsefni fundarins var mikilvægi norræna samninga- og velferðarmóðelsins á tímum vaxandi alþjóðavæðingu. Jafnframt var mikil umræða um ólíka afstöðu og viðbrögð norrænu ríkjanna til flóttamanna.

SAMAK er samtarfsvettvangur norrænu jafnaðarmannaflokkanna og heildarsamtaka launafólks – á Íslandi eru Samfylkingin og ASÍ aðilar að SAMAK. Samstarfið á sér sögu allt aftur til ársins 1886 þegar fyrsta samkoma pólitískra verkamannaflokka og verkalýðshreyfinga var haldin í Gautaborg. SAMAK er því 130 ára á þessu ári.

Síðustu ár hefur starf SAMAK verið sérstaklega virkt í að tryggja og þróa áfram norræna velferðarmódelið í gegnum viðtækt rannsóknarverkefni NordMod2030 og Sörmarka yfirlýsinguna frá 2014.

Fundir hagfræðinga á Norðurlöndunum

Hagfræðingar frá Alþýðusamböndum Norðurlandanna funduðu tvisvar á síðasta starfsári. Þann 18.-20. september var fundað í Stokkhólmi í Svíþjóð og sótti Róbert Farestveit fundinn fyrir hönd ASÍ. Fulltrúar landanna fluttu erindi um þær efnahagslegu áskoranir sem löndin standa frammi fyrir en meginþema fundarins var flóttamannavandinn. Þar fluttu prófessor Eskil Wadensjö frá Háskólanum í Stokkhólmi og dr. Joakim Ruist frá Gautaborgarháskóla erindi um staðreyndir og áskoranir í flóttamannamálum. Í framhaldi var aðkoma verkalýðshreyfingar og stjórnvalda rædd í samhengi við aðlögun flóttamanna á vinnumarkað. Ljóst er að erfitt verður fyrir Svía að styðja við bakið á svo miklum fjölda og tryggja aðlögun að sænskum vinnumarkaði.

Síðari fundur hagfræðinganna var haldinn í Reykjavík daganna 11.-12. maí. Meginþema fundarins var ólík kjarasamningslíkön Norðurlandanna. Katrín Ólafsdóttir og Þórarinn G. Pétursson fóru yfir þær efnahagslegu áskoranir sem Ísland stendur frammi fyrir ásamt því að hagfræðingar frá hagdeild ASÍ fóru yfir vinnu við nýtt kjarasamningslíkan hér á landi. Samhliða fundinum bauð hagdeild ASÍ formönnum og starfsmönnum allra aðildarféлага á ráðstefnu um norræn kjarasamningslíkön þar sem hagfræðingar frá hverju Norðurlandanna fluttu erindi.

105. þing ILO

Fulltrúi íslensks launafólks var Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands (ASÍ), en varamaður hans var Dagný Aradóttir Pind frá Rafiðnaðarsambandi Íslands. Meginmálefni þingsins voru að venju fjögur.

1. Mat á áhrifum yfirlýsingar ILO frá 2008 um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu. Magnús M. Norðdahl sat í þessari nefnd. Að fenginni uppástungu Alþjóðasamtaka verkalýðsfélaga (ITUC) var hann kjörinn varaformaður nefndarinnar og talsmaður launafólks í henni. Óskað var eftir því við ASÍ að hann tæki þetta starf að sér í febrúar sl. og fór undirbúningur fram fyrir þingið. Í hverri nefnd starfa 2 varaformenn og talsmenn, annars vegar fyrir launafólk og hins vegar fyrir atvinnurekendur og 1 formaður sem kemur úr ranni ríkisstjórnanna. Íslendingur hefur ekki fyrr í sögu ILO tekið stöðu varaformanns og talsmanns í þríhliða nefnd á þingum ILO en 4 Norðurlandabúar höfðu áður tekið slíka stöðu frá 1919. Í niðurstöðum nefndarinnar er farið yfir áhrif yfirlýsingarinnar og komist að þeirri niðurstöðu að þau hafi verið talsverð. Á grundvelli hennar hafi m.a. orðið til tilmæli um lágmark félagslegrar verndar (2012), nýr inngangur að samþykkt um nauðungarvinnu (2014) og tilmæli um flutning úr

óformlega hagkerfinu til þess formlega (2015). Breytingar hafi verið gerðar á þingi ILO, það stytt og gert einbeittara auk þess sem innra samstarf deilda innan ILO hafi verið aukið og reynt að straumlínulaga starfsemina. Hins vegar hafi ekki verið nægilega unnið að fullgildingu samþykktu og þær innleiddar í verkefni ILO í einstökum löndum. Atvinnurekendur fóru í upphafi þvert gegn því að minnst yrði á samþykktir ILO og gegn því að þess yrði getið að hugsanlega þyrfti að endurskoða þær og eftir atvikum setja nýjar. Þar höfðum við betur enda grundvallast allt starf ILO á þeim samþykktum og tilmælum sem þar verða til og sem setja öllum aðgerðum stofnunarinnar ramma. Í niðurstöðum eru tilgreind þau forgangsverkefni sem ILO skuli vinna að á næstu árum. Þessar niðurstöður eiga síðan að speglast inn í framkvæmdaáætlun og fjárlög stofnunarinnar og hafa sem slíkar mikil áhrif á starfsemina á næstu árum. Sérstaklega er fjallað um mikilvægi þess að grundvallarréttindi launafólks séu virt og þeim ýtt fram í verkefnum ILO í einstökum löndum og þess ætíð gætt að samþætta í það starf bæði jafnrétti kynjanna og banni við mismunun. Ákveðið var að leggja til nýjan umræðuhring en að þessu sinni styttri, eða 5 ár. Skýrsluskilum aðildarríkjanna yrði breytt og þau samræmd umræðu hvers árs. Sérstök áhersla er síðan lögð á hlutverk ILO og samstarf ILO við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, Alþjóðabankann o.fl. auk þess sem ILO taki að sér að leiða þann hluta 2030-áætlunar Sameinuðu þjóðanna sem lýtur að réttindum launafólks og atvinnu. Sérstakan kafla er síðan að finna þar sem aðildarríkin eru hvött til þess að samþætta störf innan stjórnsýslunnar hvað varðar málefni atvinnulífsins og til þess að vinna að innleiðingu Samþykktu ILO.

2. Mannsæmandi störf í hnattrænum aðfangakeðjum – almenn umræða. Hnattrænar aðfangakeðjur (GSC) fela í sér hnattrænt vandamál en ekki „nordur suður vandamál“ – „þróuð ríki – þróunarríki“ og kallar á hnattrænar lausnir. Mikilvægt er að meta hvort GSC styðji við réttláta þróun efnahagslífs og vinnumarkaðar eða vinni gegn henni. Helstu áskoranir líta að þeirri staðreynd að þeim fylgja brot á grundvallarréttindum launafólks, hvort heldur litið er til aðbúnaðar og öryggis eða félagafrelsis. Ástæðan er fyrst og fremst sú að stórir framleiðendur og stór vörumerki í eigu tiltölulega fárra þrýsta verði á aðföngum niður sem endanlega lendir á kjörum þeirra sem eru neðst í keðjunni. Mörg ljón eru í vegi þess að mæta vandamálunum á heimavígstöðvum. Öll keðjan getur verið samsett úr aragrúa smárra framleiðenda og sá sem mestu ræður staddur víðsfjarri og án beins boðvalds yfir restinni af keðjunni. Þróunarríkin eru sólgín í erlenda

fjárfestingu og í að keyra upp efnahag sinn með útflutningi. Störf skapast þó þau séu ekki „góð“ störf í skilningi þeirra kjara og réttinda sem í boði eru. Ríkisstjórnir reyna að lokka þetta einnig til sín með því að setja um „útflutnings framleiðslu svæði“ (EPZ _ Export processing zones) sem eru undanskilin nánast öllum lögum og reglum. Stóru fyrirtækin þvinga einnig þessi ríki til þess að fella niður eða lækka skatta á opinbera þjónustu og opinber aðföng þ.a. að þótt vinna skapist fer auðurinn að mestu úr landi. Hann er síðan færður fram og til baka um heiminn og skattast að lokum í einhverjum „paradísnum“ eða jafnvel alls ekki. Vandamálið nær yfir framleiðslu á vörum, tækjum, matvælum þ.m.t. fiski þar sem sjómenn eru neðstir í fæðukeðjunni, þjónustu o.fl. Allt þetta var ávarpað í störfum nefndarinnar en störf hennar einkenndust af miklum átökum, svo miklum að á tímabili leit út fyrir að niðurstaða fengist ekki. Eitt af markmiðum verkalýðshreyfingarinnar var að tryggja að ILO myndi ávarpa þennan vanda sérstaklega og betur m.a. með það fyrir augum að sett yrði ný samþykkt. Í niðurstöðum er viðurkennt að núverandi reglur séu ef til vill ekki fullnægjandi og þess vegna ákveðið að kalla til sérstaks fundar sérfræðinga sem muni skilgreina vandann betur, finna hvar þörf sé aðgerða m.a. hvað varðar nýja reglusetningu.

3. Mannsæmandi störf til að stuðla að friði, öryggi og viðnámi gegn vá. Breyting á Tilmælum nr. 71 frá 1944 um aðlögun frá stríði til friðarfyrrri umræða. Hér eru á ferðinni tilmæli frá árinu 1944 og bera þau þess skýr merki. Heimsmyndin hefur mikið breyst síðan þá og eðli átaka og styrjalda breyst. Talsverð átök voru í nefndinni og mikil tortryggni m.a. frá Rússum, Kínverjum og nokkrum Afríkuríkjum. Þar sem þetta var fyrrri umræða liggja nú fyrir drög að breyttri samþykkt sem tekin verða til endanlegrar afgreiðslu á þinginu 2017.
4. Nefnd um framkvæmd Samþykkt. Eins og áður hefur komið fram ríkti upplausn í störfum þessarar nefndar frá 2012 til 2015 þegar tókst að láta nefndina starfa eðlilega. Atvinnurekendur hafa, eins og fram hefur komið í fyrrri skýrslum, haldið því fram að eftirlitskerfi ILO sé komið langt út fyrir umboð sitt og samþykktir ILO með því m.a. að fjalla um mál út frá þeirri forsendu að verkfallsréttur launafólks sé verndaður af reglum ILO. Þau sjónarmið eiga sér enga stoð í áratuga viðurkenndri framkvæmd og túlkun stofnunarinnar. Að þessu sinni tókst að ná fram samþykkt skrá yfir þau 24 mál sem tekin yrðu fyrir og þeim tókst öllum að ljúka, þ.m.t. þeim 10 sem sem lutu að Samþykkt nr. 87 sem m.a. verndar verkfallsréttinn og þeim 5 sem lutu að Samþykkt 98.

Genfarskólinn. Genfarskólinn starfaði að venju með miklum krafti undir stjórn Mervi Ylitalo frá Finnlandi en auk hennar starfaði Peter Waldorff við skólann sem kennari. Íslensku þátttakendurnir, þær Dagný og Jakobína, tóku virkan þátt í starfi skólans ásamt öðrum nemendum frá hinum Norðurlöndunum. Jafnframt heimsótti skólann Sonja Ýr Þorbergsdóttir, lögfræðingur BSRB, en hún situr í nemendaráði hans. Nemendur fylgdust með störfum mismunandi nefnda þingsins, fengu fyrirlestra um starfsemi ILO og samstarf við aðrar alþjóðastofnanir. Unnið var í ákveðnum málefnaþópum og í lok þingsins skilaði hverhópur skýrslu um þann málaflokk sem hann valdi að fylgja eftir meðan á þinginu stóð.

Mat o.fl. Magnús M. Norðdahl stýrði, eins og fyrir segir, einni af nefndum þingsins en í því felst veruleg vinna allan þingtímann og raunar talsverður undirbúningur áður en þing hefst. Því miður er sendinefnd Íslands það fámenn að ekki er hægt að manna nefndir en æskilegt væri að geta mannað þær allar en það gera flest aðildarríkin. Þingið var starfsamt og dagskrá þétt. Í fyrra var gerð tilraun til þess að stytta þingið um nokkra daga og þótti það takast vel. Þessu var framhaldið og mun að líkindum festa sig í sessi til frambúðar. Samtök atvinnulífsins tefldu að þessu sinni fram nýjum fulltrúa fyrir hálfan þingtímann, Bergþóru Halldórsdóttur, og velferðarráðuneytið einnig, Evu Margréti Kristinsdóttur. Hvað SA varðar veit það vonandi á meiri og virkari þátttöku þeirra í störfum þingsins. Ráðuneytisstjóri velferðarráðuneytisins heimsótti þingið sem eflaust mun stuðla að meiri skilningi ráðuneytisins á mikilvægi virkrar þátttöku. Kosið verður í stjórn ILO á næsta ári og þá til þriggja ára. Gert er ráð fyrir því að Ísland taki sæti á árinu 2020.

Þríhliðanefnd ILO á Íslandi

Nefndin kom saman til 4 funda á síðasta starfsári. Til meðferðar er ennþá fullgilding á viðauka við samþykkt 29 um nauðungarvinnu, 189 um starfsmenn á heimilum, 185 um persónuskilríki sjómanna, 188 um fiskimenn, 186 um farmenn og 187 um aðbúnað og hollustuhætti. Fullgilding strandar fyrst og fremst á afstöðuleysi SA sem ekki virðist vera fært um að taka afstöðu í einstökum málum. Í nefndinni voru samþykkt drög að verklagsreglum um afgreiðslu þeirra mála sem á borð hennar koma. Það er gert annars vegar vegna fyrirsjáanlegra mannskípta í ráðuneytinu og hins vegar til þess að mál sitji ekki föst í nefndinni árum saman. Fyrir nefndinni liggur einnig þýðing á viðbótum við Félagsmálasáttmála Evrópu sem ætlunin er að fullgilda af Íslands hálfu en ráðuneytið hefur enga áherslu lagt á að málið verði klárað og SA þvælst fyrir.

Norræna ILO samstarfið

Fundir voru 3 á árinu en þeir eru ætlaðir til samráðs og stuðnings við fulltrúa Norðurlandanna í stjórn ILO sem nú er Jens Erik Ohrt frá danska alþýðusambandinu. Tekinn var þáttur í þeim öllum í gegnum fjarfundarbúnað. Það mæltist misjafnlega fyrir og reynt verður að sækja fleiri á næsta starfsári en sérstaklega er mikilvægt að sækja þann sem haldinn er til undirbúnings þingi ILO. Einn fundur verður haldinn hér á landi á árinu 2017.

Fríverslunarsamningur Íslands og Kína

Samningurinn gerir ráð fyrir a.m.k. þremur stigum samráðs. Reglulegt pólitískt samráð utanríkisráðherra, starf sameiginlegu fríverslunarnefndarinnar og loks samráð á sviði vinnumála sem ASÍ skal eiga aðild að. Ítrekað hefur verið gengið eftir því við velferðarráðuneytið að formlegt samráð hefjist en viðkomandi ráðuneyti hefur ekki enn skipað samstarfsaðila af sinni hálfu.

Alþjóðlegur samráðsfundur um mannsæmandi störf í hnatt-rænum aðfangakeðjum (GSC)

ACTRAV – skrifstofa launafólks hjá ILO boðaði til fundarins til þess að undirbúa þing ILO 2016 þar sem umræðuefnið verður GSC. Hugtök þau sem verið er að nota eru þessi: GSC – Global Supply Chains (alþjóðlegar aðfangakeðjur) og GVC – Global Value Chains (alþjóðlegar virðisaukakeðjur) en þýða ekki alveg það sama því GSC ná betur utan um breytta framleiðslu-hætti, þ.e. niðurbrot framleiðslunnar og dreifingu hennar um allan heim og til sjálfstæðra framleiðenda eða birgja og áhrif þess meðan GVC lýtur meira að virðisauka tiltekinnar framleiðsluvöru. Á fundinum kom fram, að GSC fela í sér hnattrænt vandamál en ekki „nordur suður vandamál“ – „þróuð ríki – þróunarríki“ og kallar á hnattrænar lausnir. Mikilvægt er að meta hvort GSC styðji við réttláta þróun efnahagslífs og vinnumarkaðar eða vinni gegn henni. Helstu áskoranir lúta að þeirri staðreynd að þeim fylgja brot á grundvallarréttindum launafólks, hvort heldur litið er til aðbúnaðar og öryggis eða félagafrelsis. Ástæðan er fyrst og fremst sú að stórir framleiðendur og stór vörumerki í eigu tiltölulega fárra þrýsta verði á aðföngum niður sem endanlega lendir á kjörum þeirra sem eru neðst í keðjunni. Mörg ljón eru í vegi þess að mæta vandamálunum á heimavígstöðvum. Öll keðjan getur verið samsett úr aragrúa smárra framleiðenda og sá sem mestu ræður staddur víðsfjarri og án beins boðvalds yfir restinni af keðjunni. Þróunarríkin eru sölgin í erlenda fjárfestingu og í að keyra upp efnahag sinn með útflutningi. Störf skapast þó þau séu ekki „góð“ störf í skilningi þeirra kjara og réttinda sem í boði eru. Ríkisstjórnir reyna að lokka þetta einnig til sín með því að

setja um „útflutnings framleiðslu svæði“ (EPZ _ Export processing zones) sem eru undanskilin nánast öllum lögum og reglum. Stóru fyrirtækin þvinga einnig þessi ríki til þess að fella niður eða lækka skatta á opinbera þjónustu og opinber aðföng þ.a. að þótt vinna skapist fer auðurinn að mestu úr landi. Hann er síðan færður fram og til baka um heiminn og skattast að lokum í einhverjum „paradísnum“ eða jafnvel alls ekki. Vandamálið nær yfir framleiðslu á vörum, tækjum, matvælum þ.m.t. fiski þar sem sjómenn eru neðstir í fæðu-keðjunni, þjónustu o.fl. Meiningin með samráðsfundinum var að reyna að greina og ná utan um vandamálið á þingi ILO 2016 þ.a. stofnunin hafi skýrt umboð til starfa á þessu sviði og til þess að kanna hvort og þá hvernig megi setja alþjóðlegar og skuldbindandi reglur hér um. Á þinginu átti sér síðan stað umræða sem grein er gerð fyrir undir frásögn af þingi ILO.

NFJS- Samráðsfundur lögfræðinga aðildarsamtaka NFS

Þann 26. ágúst sl. var haldinn árlegur fundur lögfræðinga heildarsamtaka stéttarféлага á Norðurlöndunum. Fundurinn var að þessu sinni haldinn í Reykjavík, nánar tiltekið í húsnæði ASÍ við Guðrúnartún 1.

Fundir þessir eru ætlaðir til samræmingar og upplýsingaskipta fyrir lögfræðinga sem starfa fyrir heildarsamtök stéttarféлага og var fundurinn að þessu sinni auk hefðbundinna upplýsingaskipta um helstu mál sem í gangi eru, skiptur upp í tvenn meginþemu: Annars vegar um vinnustöðvanir gagnvart fyrirtækjum sem starfa þvert á landamæri; og hins vegar um keðjuábyrgð verktaka og þá sérstaklega í ljósi nýlegrar innleiðingar á tilskipun 2014/67/EU á hinum Norðurlöndunum.

Hvað varðar vinnustöðvanir þvert á landamæri var margt áhugavert sem fram kom. Danir og Svíar hafa eilítla sérstöðu í þessum málum þar sem að kjarasamningar starfsgreina þar í landi hafa ekki algild áhrif (ergo omnes áhrif) á vinnumarkaðinn og því leggja þeir mikið upp úr því að gera kjarasamninga við þau fyrirtæki sem koma varanlega eða tímabundið til landsins. Umræðurnar voru mjög fróðlegar og upplýsandi. Ljóst er að aukin alþjóðavæðing og rafvæðing starfa kallar á mikið af lagalegum álitamálum til úrlausnar fyrir stéttarfélög á komandi misserum og því er mjög mikilvægt að fylgjast með þróuninni hjá systursamtökum til að fá fordæmi.

Umræður um grósku undanfarinna ára varðandi keðjuábyrgð verktaka voru mjög áhugaverðar. Norðmenn riðu á vaðið 2011 og útbjuggu með löggjöf mjög öflugt keðjuábyrgðarkerfi sem hefur tekið mjög vel til á markaðnum hjá þeim. Svíar og Danir hafa nýlega sett á fót slíkt kerfi hjá sér og aðgreina sig frá Norðmönnum á þann hátt að myndaður var sérstakur sjóður sem ber hina fjárhagslegu ábyrgð ef vanefndir verða hjá undirverktökum. Ljóst er að nokkrar leiðir eru færar í þessum málum og mikilvægt fyrir okkur á Íslandi

að fylgjast með þróun komandi misseri á þeirri framkvæmd sem myndast á þessum ólíku kerfum.

Framangreint var það sem hæst bar á fundinum. Að öðru leyti gerðu fulltrúar landanna grein fyrir stöðunni í sínu landi og þeim helstu vinnuréttarlegu álitamálum sem þar eru í gangi og var skipst á skoðunum og þekkingu hvað það varðar.

Netlex – Network of Legal Experts

Dagana 27.–28. janúar sl. var haldinn árlegur Netlex fundur í Brussel á vegum ETUC. Fundir þessir eru stærsta samkoma lögfræðinga er vinna að málefnum stéttarféлага í Evrópu ár hvert.

Að venju var dagskráin umfangsmikil og fjallaði um það helsta sem er í deiglu hvað varðar vinnurétt á hinum sameiginlega vinnumarkaði ríkja evrópska efnahagssvæðisins. Í fyrstu var fjallað með ítarlegum hætti um þær breytingar sem hafa orðið á stöðu stéttarféлага undanfarin misseri. Sótt sé að úr mörgum áttum, ekki einungis frá atvinnurekendum heldur einnig ríkisstjórnunum sem oft eru beitt miklum þrýstingi frá stórum fyrirtækjum um að bæta svokallaða „samkeppnishæfni“ landa með því að takmarka réttindi almenns launafólks. Í gangi sé mikið „kapphlaup á botninn“ við ný framleiðsluríki utan Evrópu. Þetta birtist m.a. með því að hinir fjölmörgu alþjóðlegu sáttmálar um félagsleg réttindi eigi undir högg að sækja. Stjórn málin og atvinnurekendur beiti nú mjög fyrir sér aðgerðum er varða „betri reglur“ og minni reglubyrði til að ýta undir aukna framleiðslu í álfunni. Vandinn er hins vegar að þetta er ólýðræðislegt og umræðan einskorðuð við hagsmuni atvinnulífsins í þröngum skilningi.

Stærsti dagskrárliðurinn fjallaði að venju um þróun mála er varðar málefni vinnandi fólks sem fer á milli landa. Sérfræðingar ETUC reifuðu þær hugmyndir sem þeir hafa sett fram sem eigi að stuðla að bættum réttindum farandverkfólks og um leið að sjálfsögðu draga úr undirboðum í þeim ríkjum sem við á. Framkvæmdastjórnin hafi ekki enn sýnt fram á hvernig hún ætli að efna loforðið um að „jafnlaunaregla“ eigi að gilda á milli svokallaðra útsendra starfsmanna annars vegar og þeirra starfsmanna sem búsettir eru í viðkomandi gistiríki.

Þriðja stóra umræðuefnið laut að þeim breytingum sem eru að eiga sér stað og munu gera í enn meiri mæli á vinnumarkaðnum í tengslum við nýja og bættari tækni. Ljóst er að á komandi árum muni vinnumarkaðurinn, með tilkomu t.d. róbóta, breytast mjög mikið. Netvæðingin hafi nú þegar breytt störfum mjög mikið og t.a.m. hafi skilgreiningin á hugtakinu „vinnustaður“ breyst mjög mikið. Rætt var um þær áskoranir og þau tækifæri sem eru fram undan í þessum efnunum.

Fundurinn var að venju mjög upplýsandi um þau stóru mál sem eru í gangi í álfunni. Enginn er eyland og nauðsynlegt er að leita þekkingar út fyrir landsteinana enda hefur sýnt sig að á sameiginlegum evrópskum vinnumarkaði skiptir samvinna og eining verkalýðsfélaga mjög miklu. Lögfræðingar hafa unnið saman að stórum málum og deiling á þekkingu hefur átt þátt í þeim stóru sigrum sem unnist hafa nýlega, og ber þar helst að nefna finnsku málin er varða skilgreiningu á lágmarkslaunum útsendra starfsmanna og rétt verkalýðsfélaga til að tempra starfsemi starfsmannaleiga með ákvæðum kjarasamninga.



LAGABREYTINGAR OG SKIPULAGSMÁL

Laganefnd

Laganefnd kom saman á 3 fundum á starfsárinu og afgreiddi á fundum sínum lagabreytingar 5 aðildarfélaga. Engar lagabreytingar voru afgreiddar með fyrirvara og var mælt með staðfestingu allra. Miðstjórn samþykkti allar tillögur laganefndar.

Skipulags- og starfsháttanefnd

Skipulags- og starfsháttanefnd kom saman á 4 fundum á starfsárinu. Nefndin lauk umfjöllun á afgreiðslu á bindandi reglum um bókhald og ársreikninga aðildarfélaga í samræmi við breytt lög ASÍ. Miðstjórn staðfesti reglurnar síðan endanlega og tóku þær gildi 1.1 2016. Nefndin afgreiddi einnig til staðfestingar í miðstjórn, verklagsreglur um framkvæmd rafrænna kosninga. Rafrænar atkvæðagreiðslur stéttarfélaganna byggja á ákvæðum um leynilegar atkvæðagreiðslur í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 og reglugerð ASÍ um leynilegar allsherjaratkvæðagreiðslur meðal félagsmanna aðildarsamtaka ASÍ. Í þeirri reglugerð er tekið fram að heimilt sé að framkvæma allsherjaratkvæðagreiðslu með atkvæðagreiðslu á kjörstað/kjörstöðum, með póstatkvæðagreiðslu eða rafrænt. Til að tryggja að rafræn

atkvæðagreiðsla sé leynileg og uppfylli skilyrði laga og reglugerða samþykkti nefndin fyrrgreindar verklagsreglur. Nefndin staðfesti á árinu 7 breytingar á reglugerðum sjúkrasjóða og fylgdi að venju eftir skilum á ársreikningum og skýrslum í aðdraganda sambandsþings.

Verklag við rafrænar atkvæðagreiðslur

Miðstjórn samþykkti að tillögu skipulags- og starfsháttanefndar eftirfarandi reglur um rafrænar atkvæðagreiðslur:

Rafrænar atkvæðagreiðslur stéttarfélaganna byggja á ákvæðum um leynilegar atkvæðagreiðslur í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 og reglugerð ASÍ um leynilegar allsherjar atkvæðagreiðslur meðal félagsmanna aðildarsamtaka ASÍ.

Í ofangreindri reglugerð er tekið fram að heimilt sé að framkvæma allsherjaratkvæðagreiðslu með atkvæðagreiðslu á kjörstað/kjörstöðum, með póstatkvæðagreiðslu eða rafrænt.

Til að tryggja að rafræn atkvæðagreiðsla sé leynileg og uppfylli skilyrði laga og reglugerða skal viðhafa eftirfarandi verklag. Um framkvæmdina fer að öðru leyti skv. reglugerð ASÍ þ.m.t. hvað varðar framlagningu kjörskrár.

Kjörskrá

1. Kjörstjórn útbýr kjörskrá.
2. Kjörstjórn sendir þjónustufyrirtæki sem annast vistun kosningar kjörskrána í excel-skrá eða á öðru því formi sem nauðsynlegt er þar sem fram kemur nafn og kennitala kjósenda.
3. Hver kjósandi fær úthlutað notendanafni.
4. Þjónustufyrirtækið útbýr lykilorð fyrir hvern kjósanda og vistar skjal með notendanafni og lykilorði á öruggum og læstum stað.
5. Kjörskrá ásamt lykilorðum skal einungis vistuð hjá þjónustufyrirtæki þar sem hún er varin fyrir aðgangi annarra en þeirra sem setja upp aðgang fyrir kjósendur á vefnum.

Kjörgögn

6. Kjörstjórn samþykkir kynningarefni og útbýr önnur kjörgögn sem send verða kjósendum.
7. Kjörstjórn prentar eða sendir kjörgögn til prentunar. Samkvæmt gögnum frá þjónustufyrirtækinu eru gögnin prentuð og merkt nafni, notandanafni og lykilorði hvers kjósenda.

8. Kjörgögn send út eða til prentsmiðju sem hefur milligöngu um útsendingu kjörgagna.
9. Þess skal gætt að kjörseðill sé stuttur og skýrt orðaður þ.a. engum dyljist til hvers tekin er afstaða. Gefinn skal möguleiki á að taka ekki afstöðu en jafnframt upplýst að slík atkvæði teljist með greiddum atkvæðum. Í leiðbeiningum vegna afgreiðslu kjarasamninga eða vegna verkfalla skal taka fram hver áhrif það hefur ef ekki er tekin afstaða.

Vefaðgangur

10. Kjörstjórn sendir þjónustufyrirtækinu upplýsingar um uppsetningu, kynningu, spurningu á „kjörseðli“ og valkosti fyrir rafræna kosningu á heimasíðu stéttarfélagsins.
11. Þjónustufyrirtækið útbýr vefaðgang fyrir hvern kjósanda inni á vef stéttarfélagsins. Enginn hefur aðgang að upplýsingum um notendur/kjósendur nema þeir starfsmenn þjónustufyrirtækisins sem vinna við uppsetninguna og tæknilega útfærslu kosninganna.
12. Þess skal gætt að ekki fleiri en tveir starfsmenn þjónustufyrirtækisins hafi slíkan aðgang og skal aðgengi takmarkað með lykilorðum.
13. Tryggja verður að ekki sé hægt að rekja greidd atkvæði til tiltekins eða tiltekinna kjósenda þ.e. skilja ber að notendanafn og greitt atkvæði þ.a. að ekki sé hægt að rekja saman.
14. Rafræn atkvæði skulu ekki sett í sameiginlegt safn til talningar fyrr en kosningu og afgreiðslu kjörskrárkæra er lokið.
15. Atkvæði greidd á pappír utan kjörfundar verði geymd þar til talning fer fram. Komi í ljós að atkvæði hafi áður verið greitt rafrænt þá gildir það.
16. Kjörstjórn tekur við kærnum inn á kjörskrá og úrskurðar þær. Sé félagsmaður úrskurðaður inn á kjörskrá, útbýr þjónustufyrirtækið notendanafn og lykilorð fyrir kjósenda.
17. Kjörstjórn eða starfsfólk stéttarfélagsins, sem alla jafna hafa aðgang að stýrikerfi félagsins, skulu ekki hafa aðgang að notendaupplýsingum eða öðrum upplýsingum sem varða kosninguna beint inni á vef félagsins eða í stýrikerfi heimasíðunnar fyrr en að aflokinni kosningu.
18. Þegar uppefinn tími kosningarinnar er liðinn skal þjónustufyrirtækið loka fyrir möguleika á kosningu. Þeim sem hafið hafa rafræna kosningu fyrir lokun skal gefinn 10 mínútna frestur til þess að klára hana.
19. Þjónustufyrirtækið veitir kjörstjórn eða tilnefndum starfsmanni þess aðgang að niðurstöðum kosninganna í gegnum stjórnborð heimasíðu félagsins þegar kosningu er lokið eða kemur niðurstöðu til þeirra með öðrum hætti.

20. Gögnum vegna kosningar skal ekki eytt fyrr en að liðnum a.m.k. 6 mánuðum frá kosningu.

Kosning í gegnum þjónustusiður stéttarfélaganna

21. Þau stéttarfélög sem bjóða upp á þjónustusiður geta nýtt sér eftirfarandi verklag við framkvæmd kosninga rafrænna kosninga að breyttu breytanda. Aðgangur að þjónustusiðunni skal vera bundinn við notendanafn og lykilorð, rafræn skilríki, auðkennislykil skattstjóra eða sambærilega auðkenningu. Þegar kjörskrá er útbúin skal einnig útbúa einkvæman aðgangsslykil að kjörseðli fyrir þá sem eru á kjörskrá. Aðgangur að kjörseðlinum skal þá vera í gegnum þjónustusiðurnar og skal þess gætt að hvert auðkenni/kennitala geti aðeins kosið einu sinni og aðeins þeir sem eru á kjörskrá. Valkvætt er hvort kjörseðill er hýstur á sjálfum þjónustusiðum stéttarfélaganna eða hjá þjónustuaðila, aðgangur að honum skal þó vera bundinn við innskráningu á þjónustusiðu félagsins.

ASÍ – UNG

Stjórn ASÍ-UNG sem kjörin var á þinginu 2014 lauk nú nýlega seinna starfsári sínu. Fulltrúar í stjórn á tímabilinu voru: Unnur Rán Reynisdóttir (Félag hársnyrtisveina), Freydís Ösp Leifsdóttir (Báran), Linda Rós Reynisdóttir (VR), Eiríkur Þór Theódórsson (StéttVest), Ingólfur Björgvin Jónsson (Efling), Friðrik Guðni Óskarsson (FIT), Einar Magnús Einarsson (Framsýn), Eva Hrund Aðalbjarnadóttur (Mjólkurfræðingafélagi Íslands). Guðni Gunnarsson (VM) sagði af sér formennsku í júní 2015 og tók því ekki þátt á seinna starfsári stjórnarinnar.

Árið fór erfiðlega af stað og var fundarsókn dræm. Á fyrsta fundi vetrarins sagði Eva Hrund Aðalbjarnadóttir sig úr stjórn. Fella þurfti niður fundi á árinu vegna lítillar mætingar og starfsárið var almennt erfitt sökum þess. Stjórnin fundaði alls sjö sinnum á árinu í stað 10 skipta eins og stóð til. Seinni hluti starfsársins fór í að undirbúa 4. Þing ASÍ-UNG.

Í ljósi þessara erfiðleika í starfssemi ASÍ-UNG var kallaður saman rýnihópur til að fara yfir stöðuna og meta hvaða lausnir væru vænlegastar til árangurs. Hópurinn var skipaður eftirfarandi einstaklingum: Aðalbjörn Jóhannsson, Ingólfur B. Jónsson, Agnes Valgeirsdóttir, Svanborg Hilmarsdóttir (fjarverandi á fundinum), Halldór oddson og Kristín Ýr Gunnarsdóttir. Hópurinn hittist á einum fundi og sendi í kjölfarið frá sér eftirfarandi erindi til forseta og varaforseta ASÍ.

Tillögur rýnihóps um stöðu og framtíð ASÍ-UNG

Þann 18. ágúst sl. var haldinn fundur óformlegs rýnihóps sem skipaður var

af framkvæmdastjóra ASÍ í samráði við forseta ASÍ um stöðu og framtíð ASÍ-UNG í ljósi lítillar virkni stjórnarinnar sbr. eftirfarandi sem tekið er úr fundargerð miðstjórnar í júní sl.:

„...virkni stjórnar samtakanna er mjög lítil af ýmsum ástæðum. Á sama tíma er ánægjulegt að sjá að það er verið að efla starf ungliða meðal sumra aðildarsamtakanna. Spurningin er að taka samræðu um fyrirkomulag og markmið með starfi ASÍ-UNG sem fellur betur að hugmyndum, áhuga og aðstæðum ungs fólks innan verkalýðshreyfingarinnar. Þessi samræða verður tekin strax eftir sumarleyfi. Í því samhengi var m.a. vísað í starf SGS með ungum félagsmönnum og reynslunnar af því.“

Rýnihópurinn hefur haft óformlegt samráð við núverandi stjórn ASÍ-UNG sem styður niðurstöður hópsins.

Eftirfarandi tillögur byggja á ályktunum rýnihópsins:

1. Raddir og skoðanir ungs fólks ná ekki að heyrast í stéttarfélögum m.a. vegna þess að ungt fólk hefur minni frítíma en fólk á miðjum aldri. Stéttarfélög verða því að horfast í augu við að þetta er hópur sem er berskjaldaður og „undirmannaður“ í stéttarfélögum. Lausleg könnun leiðir í ljós að aldursdreifing fulltrúa í stjórnnum stéttarfélaga, landsambanda og ASÍ er mjög langt frá því að endurspeglar aldursdreifingu á vinnumarkaði.
2. Meiri hreyfing er á félagsaðild ungs fólks en á eldra fólki og því er ekki rétt að binda ungliðahreyfingar um of við skipulag ASÍ, þ.e. t.d. að mönnum á þing og fundi miðist við félagsaðild.
3. Ungt fólk á vinnumarkaði er jaðarhópur sem þarf sérstakan stuðning þeirra sem betur standa.
4. Uppbygging ASÍ er þannig að valdið kemur að „neðan“ (frá grasrótinni). Heildarsamtök um grasrótastarfsemi sem er varla til staðar virkar ekki. Nauðsynlegt er að sá fræjunum á rétta staði til að heildarsamtök virki sem slík.
5. Stéttarfélög verða að vera reiðubúinn að fjárfesta meira í yngra fólki m.a. með beinum styrkjum til ungra félagsmanna í viðburðum er varða málefni ungs fólks.

Með vísan í framangreint gerir rýnihópurinn eftirfarandi tillögur:

1. ASÍ-UNG í núverandi mynd verður „sett í pásu“ og þess í stað verði ASÍ-UNG um sinn aðgerðarhópur skipaður fimm einstaklingum af miðstjórn og með stöðu málefnanefndar, með það verkefni að efla þátttöku og stuðla að aukinni grasrótastarfsemi ungs fólks innan verkalýðshreyfingarinnar

m.a. með því að halda óformbundna viðburði fyrir ungt fólk um málefni og hagsmuni þess.

1. ASÍ-UNG í núverandi mynd verður „sett í pásu“ og þess í stað verði ASÍ-UNG um sinn aðgerðarhópur skipaður fimm einstaklingum af miðstjórn og með stöðu málefnanefndar, með það verkefni að efla þátttöku og stuðla að aukinni grasrótastarfsemi ungs fólks innan verkalyðshreyfingarinnar m.a. með því að halda óformbundna viðburði fyrir ungt fólk um málefni og hagsmuni þess.
 - a. Hvað þarf að gera? 1) Breyta/afnema 29. gr. laga ASÍ. 2) Breyta/afnema samþykktir ASÍ-UNG
2. Til að bregðast við því að formaður ASÍ-UNG á því ekki lengur sem slíkur sæti í miðstjórn ASÍ skal setja í lög ASÍ reglu um að a.m.k. einn meðlimur miðstjórnar ASÍ þurfi að vera 35 ára eða yngri.
 - a. Hvað þarf að gera? Breyta lögum ASÍ
3. Skoðað verði enn frekari „kvótareglur“ í lög ASÍ og aðildarfélaga. Rýnihópurinn telur að öll aðildarfélög ASÍ eigi að hafa a.m.k. einn stjórnarmeðlim sem er 35 ára eða yngri og a.m.k. 1/4 fulltrúar hvers aðildarfélags á þingi ASÍ eigi að vera 35 ára eða yngri.
 - a. Hvað þarf að gera?: Próa umræðuna frekar / Breyta lögum ASÍ / breyta lögum aðildarfélaga.
4. Ath. í þessu samhengi er rétt að upplýsa að stjórn ASÍ-UNG leggur mögulega fram tillögu þess efnis á komandi þingi ASÍ.

Forsetar ASÍ fóru yfir þessar tillögur og leyst vel á þær breytingar sem gætu orðið á ASÍ-UNG. Varðandi aldurskvóta þá þarf að skoða það sér og í öðru samhengi. Einnig var rætt um að kjósa ætti fulltrúa á þingi ASÍ-UNG án aðkomu miðstjórnar og hlaut það góðar undirtektir. Miðstjórn var á sama máli. Miklar umræður urðu um málið þar. Mikilvægt er að áréttta að starf ASÍ-UNG hefur skilað verulegum árangri við að kynna sjónarmið ungs fólks innan hreyfingarinnar og hefur þannig áhrif á starf hennar og stefnu að mati miðstjórnar.

4. þing ASÍ-UNG haldið 23. september 2016

Fjórða þing ASÍ-UNG var sett í Rafiðnaðarskólanum, Stórhöfða 27, föstudaginn 23. september 2016.

50 aðildarfélag eru í ASÍ, af þeim gátu 48 félög sent einn aðalmann og einn aukafulltrúa á þing ASÍ-UNG eða samtals 96 fulltrúa.

Fjórða þingið sátu samtals 32 fulltrúar, 23 aðalmenn, 6 aukafulltrúar og 3 fráfarandi stjórnarmenn ASÍ-UNG.

Ingólfur Björgvin Jónsson, stjórnamaður ASÍ-UNG, setti þingið vegna fjarveru Friðriks Guðna Óskarssonar varaformanns. Hann lagði til að Árni Steinar Stefánsson yrði fundarstjóri og var það samþykkt einróma. Árni lagði til að Ingólfur tæki að sér varafundarstjórn sem einnig var samþykkt einróma. Lagt var til að Eiríkur Þór Theodorsson yrði fundarritari og var það samþykkt.

Því næst gaf fundarstjóri Gylfa Arnbjörnssyni forseta ASÍ orðið. Gylfi fór yfir sögu ASÍ-UNG. Hann sagði markmiðið vera að fá ungt fólk til þess að fjalla um þau mál sem snerta hagsmuni þess. Hann nefndi dæmi um húsnæðisályktun sem ASÍ-UNG sendi frá sér eftir síðasta þing, hún reyndist vel og náði langt. Hann sagði hreyfingu ungliða innan Alþýðusambandsins þurfa sýna þolinmæði og þrautseigju og að baráttan taki tíma. Hann sagði ASÍ-UNG hafa áhrif og vera mikilvæg fyrir verkalýðshreyfinguna.

Næst tók Hrönn Jónsdóttir, stjórnamaður ASÍ-UNG, við og fór yfir for sögu ASÍ-UNG. Hún hvatti til þess að ASÍ horfi til þess hvernig systurfélögin á Norðurlöndunum fara að því það sé margt sem við getum lært af þeim. Hún sagði mikilvægt að 18 og 19 ára einstaklingar hafi sömu laun og annað ungt fólk og að viðbótarsparnaður og séreignarsparnaður sé ekki eitthvað sem eigi að tæma í húsnæðiskostnað. Það þurfi að finna aðrar lausnir.

Gréta Sóley Sigurðardóttir var næst í ræðustól. Hún vann á Lebowskybar fyrir tveimur árum og áttaði sig fljótlega á að það væri verið að brjóta á henni. Hún sagði mjög erfitt að vinna bug á brotum á ungu fólki. Fólk væri hrætt og hún fann það meðal samstarfsfélaga sinna. Hún var á jafnaðarkaupi sem var undir taxa. Hún sagðist vera alin upp í að vera meðvitund um réttindin sín og leitaði því til stéttarfélagsins síns. Í kjölfarið var henni sagt upp vinnunni. Hún fór yfir það að mikilvægt væri að vera vakandi yfir því hver launin eru og það sé nauðsynlegt að koma í veg fyrir svarta atvinnustarfsemi. Hún hvatti alla til að standa með sér, hún tók baráttuna ein því engin annar þorði að standa upp. Hún sagði hugarfarsbreytingu þurfa að verða og sterkan samtakamátt þurfa til að breyta þessu.

Dóri DNA uppistandari tók síðan við og létti aðeins á fólki með sínu frábæra gríni.

Halldór Oddson, lögfræðingur hjá ASÍ, fór yfir þær tillögur sem settar hafa verið fram um breytingar á samþykktum ASÍ-UNG. Breytingar urðu á stjórn, í stað þess að kosið væri 9 manna stjórn og 9 manna varastjórn er nú 9 manna stjórn og 5 manna varastjórn. Ingólfur steig í pontu og rökstutti tillöguna. Hann sagði virkni hafa verið litla meðal stjórnarmanna síðasta árið og erfitt að fá fólk til starfa. Þetta væri því leið til þess að krefjast þess ekki að fólk sé í stjórn til að fylla upp í tölu. Betra væri að hafa þá sem óska eftir að vera þó það séu færri. Í upphafi var lagt til að eingöngu yrðu þrír varamenn en vegna aðsóknar í stjórn var þeim fjölgað upp í fimm.

Una Jónsdóttir sté því næst í ræðustól og fjallaði um stöðu ungs fólks á húsnæðismarkaði. Hún sagði þinglýsta leigusamninga ekki sýna rétta mynd af húsnæðismarkaði. Yngri aldurshópar hafa lækkað hlutfallslega í tekjum síðastliðinn 25 ár en þeir eldri hækkað. Ungt fólk á því ekki fyrir útborgun í íbúð. Hlutfall leigjenda sem búa við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað hefur hækkað mikið síðustu ár. Fólk á leigumarkaði er líklegra til að búa við fátækt og því vill lítill hluti leigjenda vera á leigumarkaði til frambúðar. Una sagði nauðsynlegt að lækka leiguverð og leiðréttá húsaleigubætur. Það er erfitt fyrir unga fólki að safna fyrir íbúð á meðan það býr í dýru leiguhúsnæði.

Þar á eftir fór Halldór Oddson með erindi um vinnumarkaðinn og fjölskylduna. Hann sagði ungt fólk almennt hafa lítið af dauðum tíma. Ungt fólk vinnur mikið og þess á milli þarf að sinna börnum og félagslífi sé tími til þess. Það gæti því verið erfitt að sinna félagsstörfum eins og ASÍ-UNG. Það er ekki til orka í allt. Hann lagði áherslu á að endurskoða þurfi ASÍ-UNG út frá þessu og nýta sér tæknina jafnvel til fundarsetu, nota spjallforrit eða hópamtöl. Hann fór yfir að við vinnum meira en nágrannalöndin, tölvur, símar og tölvupóstur gerir það að verkum að við erum í raun alltaf í vinnunni. Vinnudagurinn er því alltaf að lengjast því það er erfitt að vita mörkin á hvenær vinnudagurinn endar með allri þeirri tækni sem komin er.

Hann fór einnig yfir að hann metur það svo að kerfið okkar sé að hrynja því við eignum of lítið af börnum. Nú eru eingöngu 1,8 börn á konu en til að viðhalda þjóðinni þarf 2,2 börn á konu. Haldi börnum áfram að fækka er ekki hægt að reka kerfið eins og það er í dag. Hann segir því hag barnafólks skipta miklu máli. Hann segir of mikið um að fólk sé í fátæktargildru. Hann segir samstöðu vera málið og hvetur til þess að ungt fólk standi vörð um réttindi sín.

Matarhlé var gert og eftir það farið í hópavinnu. Þar var tillaga rýnihóps um stöðu ASÍ-UNG kynnt og má sjá hana hér að ofan. Í hópavinnunni var staða ungs fólks í hreyfingunni rædd og þar var umræðan sú að kraft þyrfti í starfið og að ASÍ-UNG þarf að halda áfram þó að breytingar verði á fyrirkomulaginu. Spurningarnar sem ræddar voru í hópavinnunni voru annars eftirfarandi:

- Hvert á hlutverk ASI – ung að vera? – á það að hafa hlutverk?
- Hvernig er hægt að auka með beinum hætti þátttöku ungs fólks í starfi stéttarféлага?
- Aldurskvóti – á að vera kvóti – gera þær kröfur að það sé ákveðið hlutfall yngra fólks?
- Félagsaðild meira fljóttandi hjá yngra fólki – á að takmarka fjölda fulltrúa á þing ASÍ – UNG eins og nú er? Á að heimila fleirum þátttöku? Erum við of föst við aðildarfélagakvóta?

Þegar þetta er ritað var ekki búið að vinna úr gögnum sem urðu til í hópavinnunni.

Því næst bar kjörnefnd upp tillögu að nýrri stjórn og var hún samþykkt. Stjórnina skipa:

Aðalbjörn Jóhannsson, Framsýn stéttarfélag
Agnar Ólason, VM, félag vélstjóra og málmþæknimanna
Alma Pálmadóttir, Efling
Bóas Ingi Jónasson, Félag málmíðnaðarmanna á Akureyri
Eiríkur Theódórsson, Stéttarfélag vesturlands
Eva Demireva, VR
Hafðís Ásbjarnardóttir, Eining iðja
Helgi S. Jóhannsson, Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri
Svanborg Hilmarsdóttir, Félag íslenskra rafvirkja

Varstjórn skipa:

Atli Hilmar Skúlason, VM, félag vélstjóra og málmþæknimanna
Fjóla Helgadóttir, VR
Guðbjörg Gunnarsdóttir, Stéttarfélag vesturlands
Kristinn Örn Arnarson, Efling
Valgeir Eyþórsson, AFL



STARFSEMI OG SKIPULAG Á SKRIFSTOFU ASÍ

Starfsemi á skrifstofu ASÍ byggir á starfs- og fjárhagsáætlun sem unnin er af forseta og fjármálastjóra ASÍ í samráði við starfs- og fjárhagsnefnd og síðan samþykkt afmiðstjórn ASÍ. Starfs- og fjárhagsáætlun var lögð fyrir miðstjórn um miðjan desember, þar sem línur voru lagðar fyrir starfsemi skrifstofunnar fyrir árið 2016 og hún síðan samþykkt á fundi miðstjórnar í janúar 2016.

Fjölmörg mál koma til kasta Alþýðusambandsins og starfsfólks þess á hverju ári. Þar má nefna margvísleg mál er tengjast túlkun kjarasamninga, útreikninga og lög, auk hagfræðilegra úrlausnarefna af ýmsu tagi.

Auk hefðbundinna verkefna skrifstofu ASÍ hefur starfsemin einkum markast af því að Alþýðusambandið fagnar 100 ára afmæli á árinu og hefur þessara tímamóta verið minnst með margvíslegum hætti allt árið. Einnig var farið af stað með tvö stór átaksverkefni á árinu, annars vegar KLUKK tímaskráningarapp og hins vegar verkefnið „Einn réttur – Ekkert svindl“. Í upphafi ársins var í fyrsta sinn í sögu Alþýðusambandsins ráðist í sameiginlega atkvæðagreiðslu allra aðildarfélaga ASÍ um nýjan kjarasamning við Samtök atvinnulífsins. Atkvæðagreiðslan fór fram með rafrænum hætti. Eins og fram kom í Skýrslu forseta árið 2015 verður þing sambandsins nú

í október rafrænt og pappírslaut. Þessum verkefnum og öðrum þeim sem skrifstofa Alþýðusambandsins hefur verið að sinna eru gerð nánari skil á öðrum stöðum í þessari skýrslu.

Margvísleg upplýsingagjöf er sífellt stærri hluti af starfsemi skrifstofu Alþýðusambandsins. Sem dæmi um umfang þjónustunnar er samantekt frá lögfræðideild ASÍ yfir fimm mánaða tímabil (frá 2. febrúar til 31. maí á þessu ári), um veitta þjónustu deildarinnar til aðila utan skrifstofunnar. Á þessu tímabili svöruðu lögfræðingar á skrifstofu ASÍ 568 munnlegum erindum og tölvupóstum um réttindi einstaklinga og um túlkun kjarasamninga, eða að jafnaði 6 á dag. Meirihluti þeirra, eða 273, bárust frá starfsfólki aðildarsamtakanna, 93 frá félagsmönnum, 137 frá opinberum stofnunum, 33 frá atvinnurekendum og loks 33 frá fólki sem taldi sig utan félaga. Mörg erindanna leiddu til frekari upplýsingaöflunar, heimildavinnu og svara. Þessi vinna leiddi jafnframt til breytinga á framsetningu og upplýsingum á vinnuréttarvef ASÍ.

Framkvæmdum við viðbyggingu á Sætúni 1 er að mestu lokið en lokun á stíghúsi er í skoðun auk þess sem endanlegur lóðafrágangur bíður enn þess að samkomulag náist við borgaryfirvöld í Reykjavík í fyrirkomulag bílastæða fyrir húsið.

Starfsfólk á skrifstofu ASÍ 1. október 2016

Starfsfólk Alþýðusambands Íslands var þann 1. október 2016 sem hér segir: Ása Jónsdóttir gjaldkeri, Ástríður Andrésdóttir fulltrúi, Dröfn Haraldsdóttir sérfræðingur í vinnustaðaeftirliti, Eyrún Björk Valsdóttir deildarstjóri MFA fræðsludeildar, Guðmundur Hilmarsson, sérfræðingur og kennari við Félagsmálaskóla alþýðu, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ, Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri og deildarstjóri félagsmáladeildar, Halldór Oddsson lögfræðingur, Hanna Elísdóttir matráður, Henný Hinz, hagfræðingur og deildarstjóri hagdeildar, Kristín Ýr Gunnarsdóttir, sérfræðingur í upplýsinga- og kynningardeild og fræðsludeild og starfsmaður ASÍ-UNG, Kristjana Birgisdóttir, verkefnisstjóri Verðalagseftirlits, Lena Dúa Grétarsdóttir, aðstoðarmaður í mötuneyti, Magnús Norðdahl, lögfræðingur og deildarstjóri lögfræðideildar, María Haraldsdóttir, bókari og starfsmaður Félagsmálaskóla alþýðu, Maríanna Traustadóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum, Ólafía B. Rafnsdóttir, varaforseti ASÍ, Róbert Farestveit hagfræðingur, Sif Ólafsdóttir fulltrúi, Sigurður Bessason, varaforseti ASÍ, Sigurlaug Gröndal, verkefnisstjóri Félagsmálaskólans, Snorri Már Skúlason, deildarstjóri upplýsinga- og kynningardeildar og Una Jónsdóttir hagfræðingur.

Þær breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi ASÍ frá síðasta ári að Ólafur

Darri Andrason hagfræðingur og deildarstjóri hagdeildar lét af störfum og var Henný Hinz hagfræðingur ráðin sem deildarstjóri hagdeildar í hans stað. Jafnframt lét Dina Decicco, aðstoðarmaður í mötuneyti af störfum og var Lena Dúa Grétarsdóttir ráðin í hennar stað. Auk þess hefur Dröfn Haraldsdóttir, sérfræðingur í vinnustaðaeftirliti, bæst í hóp starfsfólks skrifstofunnar.



LISTASAFN ASÍ

Rekstrarstjórn Listasafns ASÍ skipa: Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ, sem jafnframt er formaður rekstrarstjórnar, Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands og Sverrir Mar Albertsson, framkvæmdastjóri Afls-Starfsgreinafélags.

Listráð: Ekkert listráð hefur verið starfandi frá 1. janúar 2016 en fram að þeim tíma var ráðið skipað Margréti Elísabetu Ólafsdóttur listfræðingi og Sigurði Guðjónssyni, adjúntkt við Listaháskóla Íslands, auk forstöðumanns safnsins, Kristínar G. Guðnadóttur.

Auk forstöðumanns í 100% starfi eru tveir starfsmenn í 34% starfshlutfalli starfandi við safnið, myndlistarmennirnir Steinunn Helgadóttir og Sindri Leifsson.

Safnið á aðild að alþjóðaráði safna ICOM, sem er hluti af UNESCO og starfsemi safnsins tekur mið af samþykktum og siðareglum þess.

Safnið hefur hlotið viðurkenningu Safnaráðs samkvæmt safnalögum nr. 141/2011. Viðurkenndum söfnum ber að starfa í samræmi við ákvæði safnalaga og skilyrði reglugerðar um viðurkenningu safna. Safnaráð hefur lögum samkvæmt eftirlit með safnastarfsemi í landinu.

Listasafn ASÍ er til húsa að Freyjugötu 41. Safnið er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 13.00-17.00. Aðgangur er ókeypis. Safnið er lokað í júlí.

Heimasíða safnsins er www.listasafnasi.is

Breytingar á rekstrarformi safnsins

Rekstrarstjórn tilkynnti í apríl 2016 að Listasafn ASÍ myndi hætta starfsemi sinni að Freyjugötu 41 þann 3. október og til staði að selja húsið. Húseignin var seld í maí. Meginástæða þessara breytinga er rekstrarvandi safnsins. Safnið mun starfa áfram með breyttu fyrirkomulagi, án þess að reka eigið sýningarrými. Safneigninni verður komið fyrir í góðum geymslum og skrifstofa safnsins flyst í Guðrúnartún. Áhersla verður lögð á að sinna safneigninni og stefnt er að því að setja árlega upp tvær til þrjár sýningar úr safneigninni í samstarfi við söfn og sýningarrými um allt land. Einnig mun safnið áfram bjóða upp á vinnustaðasýningar. Allir starfsmenn safnsins láta af störfum þann 1. nóvember og nýr forstöðumaður verður ráðinn í 50% starfshlutfall.

Sýningar og aðrir viðburðir

Á tímabilinu október 2015 til september 2016 voru haldnar þrettán sýningar í húsakynnum safnsins, sjá meðfylgjandi lista. Sýningardagskrá var með hefðbundnu sniði, en að jafnaði var skipt um sýningu í safninu mánaðarlega en safnið er lokað í júlí. Eins og meðfylgjandi listi ber með sér voru sýningar ársins fjölbreyttar. Ólíkir listamenn sem vinna með ólíka miðla og tjáningarform voru valdir til að sýna í safninu. Á sýningunum mátti sjá málverk, teikningar, ljósmyndir, skúlptúr, myndbandsverk og innsetningar. Listamennirnir eiga það eitt sameiginlegt að skapa áhugaverða myndlist á eigin forsendum og eru sýningarnar í heild brot af því besta sem íslensk listmenning hefur upp á að bjóða. Sýningum safnsins hefur jafnan verið vel tekið, þær hlotið jákvæðar umsagnir og ágæta aðsókn.

Í febrúar tók safnið þátt í Safnanótt með gjörningi í tengslum við sýninguna *Keep frozen*, 4. hluti og leiðsagnir um sýninguna *Feral Attraction*.

Í maí tók safnið þátt í Listahátíð í Reykjavík með samsýningu á verkum Hreins Friðfinnssonar og John Zurier.

Á Menningarnótt stóð yfir sýning Þóru Sigurðardóttur í öllu húsinu.

Sýningadagskrá

Október 2015–september 2016

Ásmundarsalur, Gryfja og Arinstofa

3.-25.október: BRYNHILDUR ÞORGEIRSDÓTTIR. Samkoma. Skúlptúrar úr gleri, steinsteypu, sandi, tré. Innsetning úr steinum og torfi á svölum. Kynning

á verkefninu Visua lWorld, a landscape installation á gangi. Listamannaspjall. 3.-25. október: MAGNÚS ÁRNASON. Rafsegulsvið æskunnar. Myndbandsverk, skúlptúrar, hljóð, smásjár ljósmyndir.

31. október-22. nóvember: OLGA BERGMANN. Hvarfpunktur. Skúlptúrar, klippimyndir, postulínsverk, myndbandsverk.

28. nóvember -20. desember: BRYNDÍS HRÖNN RAGNARSDÓTTIR, SIRRA SIGRÚN SIGURÐARDÓTTIR ásamt GUNÞÓRUNNI SVEINSDÓTTUR alþýðulistakonu. Gáttir - Gleym mér ei. Sýning í sýningarröðinni Stefnumót, þar sem verk í eigu safnsins eru sýnd ásamt verkum starfandi listamanna. Vatnslitamyndir, myndbandsverk, skúlptúrar, innsetningar. Sýningarskrá með texta eftir Helgu Þórsdóttur mannfræðing.

9.-31. janúar: HULDA VILHJÁLMSDÓTTIR og MARTA MARÍA JÓNSDÓTTIR. Roði, strokur, andrá. Málverk og teikningar. Sýningarskrá með texta eftir Jón K.B. Ransu, myndlistarmann. Listamannaspjall.

9.-31. janúar: ANNE HERZOG - L' ileinfernale/ Vítiseyjan. Vatnslitamyndir og teikningar. Textablað með texta eftir Æsu Sigurjónsdóttur listfræðing.

5.-28. febrúar: BRYNDÍS SNÆBJÖRNSDÓTTIR OG MARK WILSON. FeralAttraction: The Museum of Ghost Ruminants. Villikindurnar í Tálkna. Rannsóknargögn, ljósmyndir, ullarreifi ofl. Textablað með texta eftir listamennina. Listamannaspjall.

5.-28. febrúar: HULDA RÓS GUÐNADÓTTIR. Keepfrozen, 4. hluti. Myndbandsverk, skúlptúrar, málverk, textaverk. Málþing í Listaháskóla Íslands undir stjórn Aldísar Snorradóttur. Listamannaspjall ásamt Val Antonssyni. Gjörningur á Safanótt: löndunarmenn frá Reykjavíkurböfn fluttu net frá höfninni og í safnið og settu upp sem skúlptúr. Bókin Keep Frozen – Art practice as research. The Artists view, ritstjóri Hulda Rós Guðnadóttir. Textablað með texta eftir listakonuna.

5. mars-3. apríl: GERSEMAR ÚR SAFNEIGN LISTASAFNS ASÍ. Afmælisýning í tilefni af 100 ára afmæli ASÍ. Sýningarstjóri Kristín G. Guðnadóttir. Eldri jafnt sem yngri listaverk úr safneigninni, málverk, vatnslitamyndir, skúlptúrar.

9. apríl-8. maí: HELGI ÞORGILS FRÍÐJÓNSSON OG EGGERT PÉTURS-

SON. Gengið í björg. Málverk, teikningar og innsetning sem listamennirnir unnu saman. Listamannaspjall. Bók með texta eftir Helga Þorgils Friðjónsson. Útgefin af Crymogeu í 300 eintökum, þar af 100 myndskreytt og árituð af listamönnunum. Listamannaspjall.

21. maí-26. júní: HREINN FRÍÐFINNSSON OG JOHN ZURIER. Við vorum einu sinni nágrannar. Málverk og innsetning. Sýningin var hluti af Listahátíð í Reykjavík 2016.

12. ágúst 2016–september: ÞÓRA SIGURÐARDÓTTIR. Rými/teikning. Teikningar, ljósmyndir, innsetning, myndbandsverk. Sýningarskrá með texta eftir sýningastjórnann Becky Forsythe. Sýningastjóraspjall.

10. september-2. október EYJÓLFUR EINARSSON. Eyjar á himni og jörð. Málverk, vatnslitamyndir, skúlptúrar.

Gunnfríðarstöpull

Stöpullinn í garði safnsins er frá þeim tíma, sem Gunnfríður Jónsdóttir myndhöggvari bjó í húsinu en stöpullinn var notaður undir verk eftir hana. Listamönnum hefur verið boðið að sýna á stöplinum og þeir gera ný verk sérstaklega fyrir hann. Sá listamaður sem sýnir hverju sinni velur hver sýnir næst, ekki má velja listamann af sömu kynslóð og sama kyni.

5. september 2015–1. janúar 2016: BJÖRK GUÐNADÓTTIR. #hæll #augnhár #sjálfstýring, 2015. Pappír, lím, stál.

9. janúar–14. maí: ÞÓR SIGURÞÓRSSON. Hangs, 2016. Steypt járn.

21. maí 2016-2. október: MARGRÉT HELGA SESSELJUDÓTTIR. Undur sem er hógvær guð, 2016. Plast, timbur.

Safneign og safnauki

Auk sýningagerðar er hefðbundið safnastarf annar meginþátturinn í starfsemi safnsins svo sem skráning safngripa, varðveisla og viðhald þeirra auk rannsókna á safneigninni. Þessum þáttum er sinnt eins og hægt er í ljósi starfsmannafjölda og fjárveitinga til safnsins.

Safneign safnsins hefur að mestu leyti verið skráð í menningarsögulega gagnasafnið SARP sem er netlægur gagnagrunnur, <http://sarpur.is/> Á ytra vef Sarps eru þó einungis birtar færslur verka sem Listasafn ASÍ á höfundarrétt að eða hefur fengið leyfi handhafa höfundarréttar til að birta myndir af. Safnið á höfundarrétt verka Sigrid Valtingoer og hefur leyfi til birtingar á myndum

af verkum Elínar Pjet. Bjarnasonar. Ríkisvaldið afsalaði sér höfundarrétti á verkum Kristins Péturssonar til safnsins í fjárlögum ársins 2016, en höfundarrétturinn var í eigu ríkisvaldsins, þar sem listamaðurinn átti enga lögerfingja. Sótt hafði verið um það til menntamálaráðuneytis 2014 að safnið fengi höfundarréttinn framseldan, þar sem safnið varðveitir stærstan hluta verka listamannsins.

Hjörtur Marteinson gaf safninu skúlptúrinn Þeir yðar sem erfiði og þunga eru haldnir, 2002. MDF. Tvífaralíkneski af Kristi frá Ufsum í Eyjafirði, tólf ferðatöskur og þurrkaðar flatkökur á masónít.

Vinnustaðasýningar

Mikilvægur þáttur í starfsemi safnsins eru vinnustaðasýningar sem safnið setur upp í fyrirtækjum og stofnunum gegn gjaldi og hefur safnið boðið upp á þessa þjónustu um langt árabíll. Nú eru í gangi um 30 vinnustaðasýningar í Reykjavík og á landsbyggðinni, hjá opinberum aðilum og einkafyrirtækjum. Þessi starfsemi er mikilvæg til að kynna almenningi myndlist og hefur mælst vel fyrir á vinnustöðum. Verk safnsins eru einungis sýnd í safnhúsinu fáa mánuði á ári, en vinnustaðasýningar gefa kost á að gera safneignina sýnilega og ná til fólks sem hugsanlega myndi ekki sækja sýningar safnsins.



VIRK - STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Árið 2015 var viðburðaríkt í starfsemi VIRK. Mikil fagleg þróun átti sér stað á mörgum sviðum auk áframhaldandi uppbyggingar á samvinnu við aðrar stofnanir velferðarkerfisins.

Árið 2015 var hins vegar það fyrsta í sögu VIRK þar sem ekki fjölgaði nýjum einstaklingum samanborið við árið á undan og þannig má segja að náðst hafi ákveðið jafnvægi í starfseminni eftir gríðarlega mikla og hraða uppbyggingu mörg ár þar á undan. Það er rétt að halda því til haga að jafnvel þótt tiltekið jafnvægi hafi náðst í starfsemi VIRK á undanförunum misserum þá getur það vel breyst með breytingum í ytri aðstæðum svo sem við upptöku starfsgetumats í stað örorkumats eða við aðrar kerfis- eða samfélagsbreytingar sem kalla á aukna þjónustu á sviði starfsendurhæfingar og faglegt mat á getu einstaklinga til starfa.

Hlutverk og stefna

VIRK starfar í samræmi við lög nr. 60/2012 og skipulagsskrá. Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarþjónustu. Hlutverki sínu gegnir VIRK í samstarfi við flesta aðila innan velferðarkerfisins og starfsemin er bæði flókin, viðkvæm og dreifð um allt land. Á árinu 2015 var farið í stefnumótunarvinnu með þátttöku stjórnar, starfsmanna, ráðgjafa og ýmissa sérfræðinga sem vinna fyrir VIRK og niðurstöður hennar má m.a. sjá í mynd 1 þar sem fram koma upplýsingar um gildi VIRK og dregnar eru saman helstu niðurstöður er varða hlutverk og framtíðarsýn. Í kjölfar þessa voru settir fram helstu þættir starfsáætlunar fyrir árið 2016 sem síðan voru nánar útfærðir innan sviða og deilda.

HLUTVERK VIRK

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða sjys með árangursríkni starfsendurhæfingarþjónustu.

- VIRK skipuleggur, fjármagnar og hefur umsjón með störfum ráðgjafa, sérfræðinga og þjónustuaðila sem koma að mótun og framkvæmd einstaklingsmiðaðs áætlaða í starfsendurhæfingu
- VIRK metur raunhæfi starfsendurhæfingar og starfsgetu einstaklinga sem búa við skerta starfsgetu vegna heilsuþrests
- VIRK nýtir þekkingu, rannsóknir og reynslu til að tryggja samþætta, árangursríka og örugga þjónustu á sviði starfsendurhæfingar og starfsgetumats
- VIRK stuðlar að auknum rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar
- VIRK stuðlar að samstarfi mismunandi aðila sem koma að starfsendurhæfingu einstaklinga
- VIRK vinnur með fagaðilum, fyrirlækjum og stofnunum að því að skapa fjölbreytt lækilífi fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu á vinnumarkaði

FRAMTÍÐARSÝN VIRK

- VIRK hefur í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir skilað samfélagslegum ávinningi með aukinni fjölbreyttu einstaklinga á vinnuarkaði
- Samanlagt starfsgetumat er grunnur að ákvarðanatöku vörðandi vinnugetu einstaklinga
- Almenningsur, fyrirtæki, stofnanir og stjórnvöld eru vel upplýst um ávinning af starfsemi VIRK
- VIRK er virt þekkingarsetur og leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar

GILDI VIRK

Fagmennska

- Við búum yfir þekkingu, færni og reynslu
- Við erum áreiðanleg
- Við leggjum áherslu á trúnað, öryggi og traust

Virðing

- Við berum virðingu fyrir sjálfum okkur og samferðafólki okkar
- Við leggjum áherslu á samvinnu og samstarf í öllum verkefnum
- Við erum sveigjanleg
- Við leggjum áherslu á umburðarlygni og auðmýkt

Metnaður

- Við höfum kraft og hugreki til að fara nýjar leiðir
- Við sjumum frumkvæði og framsækni
- Við lærum af reynslunni og viljum stöðugt gera betur

ISO 9001 vottun

Á árinu 2015 var unnið markvisst að því að skýra og bæta alla þjónustuferla hjá VIRK eftir mikinn vöxt á undanförunum árum og sú vinna hefur haldið áfram á árinu 2016. Mikil áhersla er lögð á bæði gæði og öryggi í þjónustu og því var tekin ákvörðun um það á árinu 2015 að stefna markvisst að formlegri vottun gæðakerfis VIRK. Fagsgild skoðunarstofa BSI á Íslandi lauk síðan ytri úttekt á starfsemi VIRK í janúar 2016 og í niðurstöðum úttektarinnar voru engin frávik skráð. Frá og með 1. febrúar 2016 hefur því gæðakerfi VIRK verið formlega vottað samkvæmt alþjóðlega gæðastaðlinum ISO 9001. Hér er um að ræða stóran áfanga hjá VIRK þar sem markmiðið er að tryggja gæði og öryggi þjónustunnar til framtíðar.

Mannauður VIRK

Að starfsemi VIRK kemur mikill fjöldi hæfra sérfræðinga með fjölbreytta menntun og reynslu. Á skrifstofunni starfa 32 starfsmenn í 29 stöðugildum og 48 ráðgjafar eru starfandi í samstarfi við stéttarfélög um allt land. Auk þessa þá koma um 40 utanaðkomandi sérfræðingar að uppbyggingu á endurhæfingaráætlunum og mati á starfsgetu einstaklinga í þjónustu. Þessi hópur hefur víðtæka menntun og reynslu á sviði starfsendurhæfingar og veitir ráðgjöfum og einstaklingum í þjónustu mikilvæga aðstoð við uppbyggingu og eftirfylgni starfsendurhæfingaráætlana.

Þjónustuaðilar í starfsendurhæfingu

Auk þeirra einstaklinga sem starfa hjá VIRK og á vegum VIRK þá kemur mikill fjöldi þjónustuaðila að því að veita þjónustuna og stærsti hluti útgjalda VIRK fer í kaup á ýmiss konar starfsendurhæfingarþjónustu. Um er að ræða úrræði eins og þjónustu sérhæfðra starfsendurhæfingarstöðva, sálfræðiþjónustu, sjúkraþjálfun, sjálfsstyrkingu, námskeið, vinnuprófanir og ýmislegt fleira. Fjöldi og fjölbreytni þessara úrræða er sífellt að aukast sem er mjög jákvætt fyrir þróun á starfsendurhæfingarþjónustu hér á landi.

Samstarf innan velferðarkerfisins

VIRK gegnir í dag mikilvægu hlutverki innan velferðarkerfisins og hefur lagt mikið afl í að samþætta þjónustu atvinnutengdrar starfsendurhæfingar við þjónustu annarra stofnana. Áhersla er alltaf lögð á það að finna einstaklingum réttan farveg í góðu samstarfi við aðra fagaðila innan kerfisins. VIRK leggur einnig mikla áherslu á að leiðbeina einstaklingum um mögulegar þjónustuleiðir innan velferðarkerfisins hvort sem einstaklingurinn getur nýtt sér þjónustu VIRK eða ekki. Nefna má nokkur dæmi um það hvað VIRK hefur lagt fram í þessu samstarfi:


- Ráðgjafar VIRK halda utan um endurhæfingaráætlanir sem eru forsenda þess að einstaklingar geti fengið endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins. Mikill meirihluti þeirra einstaklinga sem fær greiddan endurhæfingarlífeyri frá TR er í þjónustu hjá VIRK.
- Sérfræðingar VIRK bjóða upp á fundi á heilsugæslustöðvum um allt land. Þar gefst heimilislæknum tækifæri til að fara yfir mál sinna einstaklinga og gott upplýsingaflæði er tryggt.
- Ráðgjafar VIRK eru með aðsetur á Hvítabandinu og á Kleppi einu sinni í viku. Þessi viðvera hefur skipt miklu máli fyrir einstaklinga sem glíma við langvinna og alvarlega geðsjúkdóma og hefur orðið til þess að tengja betur saman þjónustu heilbrigðiskerfis og atvinnutengdrar starfsendurhæfingar.
- Reglubundnir fundir eru milli sérfræðinga VIRK og sérfræðinga á geðdeildum LSH – bæði á geðdeild LSH við Hringbraut og á Kleppi.
- VIRK hefur verið í sérstöku samstarfi við geðdeild LSH á Laugarásvegi sem hefur byggt á hugmyndafræði IPS (Individual Placement and Support). VIRK hefur lagt til atvinnuráðgjafa í verkefnið sem hefur aðstodað unga einstaklinga með alvarlegar geðgreiningar við að finna starf við hæfi. Þetta samstarf hefur nú þegar skilað miklum ávinningi og fyrirhugað er að efla þetta starf verulega á komandi árum.
- Reglulegir fundir eru milli sérfræðinga VIRK og Reykjalundar og milli VIRK og Grensás þar sem markmiðið er að tryggja samfelldan þjónustuferil fyrir einstaklinga.
- VIRK vinnur markvisst með félagsþjónustu víða um land þar sem fagaðilar frá VIRK og félagsþjónustunni fara sameiginlega yfir mál einstaklinga sem eru á „gráu svæði“ með það að markmiði að finna árangursríkar leiðir að vinnumarkaði. Hér leggur VIRK t.d. til aðgengi að fagaðilum sem geta boðið einstaklingum upp á nánari skoðun með það í huga að finna færar leiðir hvort heldur sem er innan VIRK eða á vegum félagsþjónustunnar.
- Reglulegir fundir eru með Vinnumálastofnun þar sem þverfagleg teymi fara yfir mál einstaklinga og koma þeim í réttan farveg.

Þessi listi er ekki tæmandi og VIRK hefur lagt mikla áherslu á gott samstarf við alla aðila innan velferðarkerfisins með það að markmiði að tryggja góðan og samfelldan þjónustuferil fyrir einstaklinga.

Samstarf við lífeyrissjóði

VIRK er í samstarfi við flesta stærstu lífeyrissjóði landsins. Samstarfið felst í því að allar nýjar umsóknir um örorku eru rýndar af sérfræðingum VIRK

og einstaklingum er boðið upp á starfsendurhæfingarþjónustu ef metið er að hún sé raunhæf og geti skilað árangri fyrir viðkomandi einstakling. Þetta samstarf hefur verið í þróun undanfarin ár og fleiri og fleiri lífeyrissjóðir hafa bæst inn í samstarfið. Það kemur einnig í ljós að það er mun algengara nú en áður að einstaklingar eru komnir inn í þjónustu VIRK áður en þeir sækja um örorkulífeyri og er það þróun í rétta átt. Það er hins vegar verkefni bæði VIRK og lífeyrissjóða um allt land að þróa samstarfið áfram til enn meiri árangurs en nú er.



Mynd 2



Mynd 3

Einstaklingar í þjónustu

1794 nýir einstaklingar komu í þjónustu á árinu 2015 og frá upphafi hafa komið 10.344 einstaklingar í þjónustu VIRK ef miðað er við stöðuna 8. september 2016. Til VIRK leitar fjölbreyttur hópur einstaklinga á öllum aldri með mismunandi menntun og úr ólíkum starfsgreinum - eins og sjá má á í VIRK í tölum hér fyrir aftan - og um 1900 einstaklingar eru í þjónustu VIRK að jafnaði hverju sinni. Aðstæður allra þessara einstaklinga eru misjafnar og krefjast þess að útbúin sé starfsendurhæfingarátætlun sem sniðin er að þörfum hvers og eins.

Upphaf þjónustu

Til að eiga rétt á þjónustu VIRK þurfa einstaklingar að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Að geta ekki sinnt starfi sínu eða tekið þátt á vinnumarkaði vegna hindrana af völdum heilsubreysts sem rekja má til veikinda eða slysa.
- Að markmiðið sé að verða aftur virkur þátttakandi á vinnumarkaði eða auka þátttöku á vinnumarkaði, svo fljótt sem verða má.
- Geta og vilji sé til staðar til að taka markvissan þátt í starfsendurhæfingunni og þjónustan sé líkleg til árangurs á þeim tíma sem hún er veitt.

Almennt er miðað við að formleg tilvísun frá lækni liggi fyrir áður en einstaklingur fer í fyrsta tíma hjá ráðgjafa VIRK. Ef mál einstaklings eru flókin og um er að ræða langa fjarveru frá vinnumarkaði þá er einstaklingum oft vísað í raunhæfimat starfsendurhæfingar hjá VIRK áður en þjónusta hefst. Markmiðið er að meta hvort starfsendurhæfingarátt sé raunhæf og geti orðið árangursrík miðað við stöðu viðkomandi einstaklings á þeim tíma sem umsókn berst. Ef starfsendurhæfing er ekki metin raunhæf þá er einstaklingi vísað í önnur úrræði innan velferðarkerfisins og þá oft í samstarfi við aðrar stofnanir.



Mynd 4


Aðstæður einstaklinga

Árið 2015 var fyrsta árið í sögu VIRK þar sem nýjum einstaklingum fylgðaði ekki á milli ára. Einnig voru útskrifaðir mun fleiri einstaklingar árið 2015 en árin þar á undan. Áfram er þróunin sú að til VIRK leitar nú stærri hópur en áður með fjölpættan og flókinn vanda sem veldur því m.a. að hlutfallslega færri einstaklingar útskrifast í fullt starf á vinnumarkaði þó vissulega náist mikill árangur með flesta einstaklinga sem njóta þjónustu VIRK. Eftirfarandi þættir einkenndu annars þann hóp sem kom inn í þjónustu á árinu 2015:

- Fleiri koma inn í þjónustu með framfærslu utan vinnumarkaðar – þ.e. með engar tekjur eða á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Þetta má m.a. sjá á mynd 2.
- Mun fleiri einstaklingar koma í þjónustu VIRK sem glíma við fjölpættan og alvarlegan vanda. Þannig er mikil fjölgun milli ára á fjölda einstaklinga sem glíma við bæði stoðkerfisvanda og geðrænan vanda við komu til VIRK. Þetta má m.a. sjá á myndum 3 og 4. Við skoðun á þessum myndum ber að hafa það í huga að einstaklingar geta merkt við fleiri en eina ástæðu fjarvista frá vinnumarkaði.
- Meðalaldur þeirra einstaklinga sem leita til VIRK fer lækkandi og það fjölgar hlutfallslega í yngstu aldurshópnum. Þetta má m.a. sjá á mynd 5.



Mynd 5



Mynd 6

Lok þjónustu

Í lok þjónustu fara flestir einstaklingar í virka þátttöku á vinnumarkaði. Þeim sem ekki útskrifast frá VIRK með fulla starfsgetu er boðið að fara í starfsgetumat þar sem fagaðilar leggja formlegt mat á starfsgetu sem byggir bæði á gögnum og upplýsingum í starfsendurhæfingarferlinu sem og klínísku mati þeirra lækna og annarra sérfræðinga sem koma að matinu.

1346 einstaklingar luku þjónustu hjá VIRK á árinu 2015 og er það mesti fjöldi sem hefur útskrifast frá VIRK á einu ári. Það sem einkum einkennir þann hóp sem útskrifaðist frá VIRK á árinu 2015 er eftirfarandi:

- Hlutfallslega fleiri ungir einstaklingar útskrifuðust á árinu 2015 en árin þar á undan. Þetta er í takt við þá þróun í aldursdreifingu sem kemur fram í mynd 5.
- Um er að ræða nokkuð stóran hóp sem hefur verið lengi í þjónustu VIRK og vandi þeirra því fjölþættur og flókinn. Þetta má m.a. sjá á mynd 6 sem sýnir tímalengd í þjónustu VIRK eftir útskriftarári. Þess má einnig geta að ýmsar breytingar í vinnuferlum hjá VIRK hafa leitt til þess að auðveldara er nú að taka ákvörðun um lok þjónustu en áður.
- Færri stöðugildi einstaklinga eru með laun á vinnumarkaði við útskrift miðað við árin þar á undan. Þetta orsakast m.a. af stöðu þessa hóps við upphaf þjónustu og alvarleika þeirra vandamála sem þessir einstaklingar hafa glímt við eins og fram kemur m.a. í myndum 3 og 4. Ef hins vegar eru teknar saman upplýsingar um vinnumarkaðsþátttöku einstaklinga (en ekki stöðugildi) við lok þjónustu þá er hún svipuð á árinu 2015 og árin þar á undan eða um 75%, eins og sjá má á mynd 7. Þ.e. svipað hlutfall einstaklinga fer í einhverja þátttöku á vinnumarkaði á árinu 2015 og árin þar á undan en fleiri fara þá í hlutastarf eða í nám að hluta á mótí öðrum greiðslum. Ástæða þessa er m.a. sú að fleiri einstaklingar með flóknari vanda hafa bæði leitað til VIRK og útskrifast frá VIRK á undanförunum tveimur árum en var árin þar á undan.

Starfsemi VIRK er mjög ung, þjónustan hefur einungis verið veitt í um 7 ár. Það er eðlilegt í þróun á starfsemi sem þessari að hlutfallslega fleiri útskrifaðir einstaklingar fari í vinnu í upphafi starfseminnar en þegar frá líður því í upphafi starfseminnar er stærri hópur útskrifaður sem þurfti minni þjónustu og styttri þjónustutíma. Þeir einstaklingar sem glíma við flóknari og fjölþættari vanda og þurfa lengri tíma útskrifast ekki á fyrstu árum starfseminnar en hafa verið að útskrifast í meira mæli á síðustu tveimur árum. Þess má líka geta að eftir setningu laga nr. 60/2012, þ.e. á árunum 2013-2015, hefur mun stærri hópur komið í þjónustu VIRK sem hefur litla eða enga sögu á vinnumarkaði og ekki hefur alltaf verið mögulegt að auka vinnugetu þessara einstaklinga.



Mynd 7

Árangur VIRK

Hlutverk VIRK er skýrt - það er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarþjónustu. Markmiðið er síðan að koma fleiri einstaklingum í virka þátttöku á vinnumarkaði í samstarfi við aðra aðila velferðarkerfisins. Það er hins vegar flókið að meta árangur af starfsemi eins og VIRK. Til að unnt sé að gera það þá þarf bæði að finna rétta mælikvarða á árangur starfseminnar og eins að vera mögulegt að greina áhrif VIRK á einstaklinga í flóknu samspili við fjölda þjónustuaðila innan velferðarkerfisins. Kerfið inniheldur þar að auki ýmsar hindranir sem koma stundum í veg fyrir að einstaklingar fari í virka þátttöku á vinnumarkaði í kjölfar starfsendurhæfingar eins og nánar verður vikið að hér á eftir.

Eðli málsins samkvæmt þá getum við aldrei vitað hvað yrði um þá einstaklinga sem hafa farið í gegnum þjónustu VIRK ef VIRK hefði ekki verið til staðar. Einhverjir einstaklingar hefðu bjargað sér og náð upp vinnugetu án starfsendurhæfingarþjónustu en talsverður hópur hefði án efa ekki gert það. Hér er líka rétt að hafa í huga að einstaklingum er ekki vísað til VIRK vegna einfaldra vandamála heldur vegna þess að vandi þessara einstaklinga er það flókinn og margþættur að þjónusta heilbrigðiskerfisins ein og sér dugar ekki til að koma þeim aftur á vinnumarkaðinn.



Mynd 8

Mynd 8 sýnir framfærslustöðu einstaklinga sem hafa lokið þjónustu VIRK. Myndin sýnir stöðugildi, þannig að ef einstaklingur fer í hálf starf þegar þjónusta er lokið er það skráð sem hálf stöðugildi og önnur framfærsla skráð á móti. Eins og sjá má eru um 60% stöðugilda þeirra sem útskrifast með framfærslustöðu sem gefur til kynna starfsgetu og virka þátttöku á vinnumarkaði, þ.e. þeir eru annaðhvort í launadri vinnu, í virkri atvinnuleit eða í lánshæfu námi. Hlutfallslegur fjöldi einstaklinga sem tekur þátt í starfi eða námi við lok þjónustu er hins vegar 75% eins og sjá má á mynd 7. Árangur VIRK út frá þessum mælikvarða verður því að teljast góður, sérstaklega þegar haft er í huga að þeir einstaklingar sem leita til VIRK eru undantekningarlítið að glíma við mjög flókinn og fjölpættan vanda og margir hafa verið lengi frá vinnumarkaði.

Tölur um framfærslustöðu einstaklinga við lok þjónustu geta gefið okkur ákveðnar vísbendingar en þær geta hins vegar aldrei verið algildur mælikvarði á árangur VIRK þar sem fjölmargir aðrir þættir en starfsendurhæfing hafa áhrif á framfærslustöðu einstaklinga í lok þjónustu hjá VIRK. Þannig hafa lög, reglur, kjarasamningar, venjur og hefðir mikil áhrif á starfsemi og möguleika VIRK á að koma einstaklingum til virkrar þátttöku í atvinnulífinu. Enda er raunin sú að margir einstaklingar ljúka þjónustu hjá VIRK með talsverða starfsgetu en fara samt á fulla örorku hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Við þetta má einnig bæta að talsverður hópur kemur inn í þjónustu VIRK þar sem alls óvíst er hvort starfsendurhæfing geti gagnast t.d. vegna alvarleika

veikinda. VIRK hefur hins vegar ákveðið að gefa þessum hópi tækifæri til að reyna starfsendurhæfingu sem úrræði í nokkra mánuði því mikilvægt er að einstaklingar fái að njóta vafans í slíkum tilfellum. Slíkar ákvarðanir geta haft slæm áhrif á tölfraði um framfærslu í lok þjónustu en eru án efa samfélagslega mjög hagkvæmar þar sem hver einstaklingur sem nær árangri í starfsendurhæfingu skiptir miklu máli. Því er mikilvægt að skoða árangur VIRK út frá fleiri mælikvörðum og viðmiðum.



Mynd 9

Það skiptir einnig máli hvernig einstaklingar upplifa þjónustuna sem þeir fengu hjá VIRK og hvaða áhrif hún hefur haft á þeirra líf og lífsgæði. Allir einstaklingar sem ljúka þjónustu hjá VIRK fá senda þjónustukönnun, sem þeir eru beðnir að svara, með ýmsum spurningum um þjónustuna og einstaka þætti hennar. Mynd 9 inniheldur upplýsingar úr þessari könnun en þar má sjá að einstaklingar telja að þjónusta VIRK hafi haft mikil áhrif á stöðu þeirra hvað varðar bæði bættu sjálfsmynd og aukna vinnugetu.

Mat á ávinningi starfsendurhæfingar

VIRK hefur fengið ráðgjafafyrirtækið Talnakönnun til að leggja sjálfstætt mat á ávinning af starfsemi á árunum 2013, 2014 og 2015 út frá þeim upplýsingum um einstaklinga sem skráðar eru af ráðgjöfum í gagnagrunn VIRK. Þessar upplýsingar eru svo settar í samhengi við útgjöld VIRK á hverju ári fyrir sig. Skoðuð er framfærslustaða einstaklinga við lok þjónustu hjá VIRK á þessum árum og ýmsar lýðfræðilegar breytur sem skráðar hafa

verið í gagnagrunn VIRK. Þessar upplýsingar eru síðan settar í samhengi við upplýsingar um laun mismunandi starfsgreina og bótafjárhæðir hjá TR og lífeyrissjóðum.



Mynd 10

Til að gera þetta þarf Talmakönnun að gefa sér tilteknar forsendur þar sem ekki er vitað hvað hefði orðið um einstaklinga sem ljúka þjónustu hjá VIRK ef þjónustan hefði ekki verið til staðar. Sumir hefðu getað náð árangri upp á eigin spýtur á meðan aðrir hefðu hugsanlega hlotið varanlega örorku. Til að nálgast þetta gaf Talmakönnun sér eftirfarandi forsendur:

- Ef einstaklingur er á örorkulífeyri hjá lífeyrissjóðum eða TR við komu til VIRK og útskrifast á vinnumarkað er reiknað með að einstaklingurinn hefði farið á varanlega örorku án aðkomu VIRK. Þetta er í takt við þá staðreynd að mjög fáir einstaklingar á örorkulífeyri fara aftur á vinnumarkað.
- Ef einstaklingur er á endurhæfingarlífeyri hjá TR við komu til VIRK og útskrifast á vinnumarkað er reiknað með að helmingur þeirra hefði farið á örorku út starfsævina. Þetta er í samræmi við þær tölur sem hafa komið frá TR en þær sýna að um helmingur þeirra sem fer á endurhæfingarlífeyri endar á örorkulífeyri. Reiknað er með að hinn helmingurinn hefði komist á vinnumarkað eftir 60 mánuði.
- Reiknað er með að aðrir en þeir sem útskrifuðust á endurhæfingar- og örorkulífeyri hefðu verið óvinnufærir í fimm ár ef þeir hefðu ekki notið þjónustu VIRK en enginn hefði farið á varanlega örorku. Frá þessum

fimm árum (60 mánuðum) dragast síðan mánuðir í starfsendurhæfingu. Þetta er mjög varfærin forsenda. Ekki er gert ráð fyrir varanlegri örorku hjá neinum, en hún kostar samfélagið mjög mikið.

Út frá þessum forsendum var niðurstaða fyrir hvern og einn reiknuð út og þannig fundin heildartala fyrir þá sem fara í launaða vinnu. Niðurstaða þessara útreikninga gefur um 9,7 milljarða króna í ávinning á árinu 2013, 11,2 milljarða króna á árinu 2014 og 13,8 milljarðar króna á árinu 2015. Ábatinn af starfsemi skilar sér til Tryggingastofnunar, lífeyrissjóða og ríkisins í formi aukinna skatttekna og til einstaklinganna sem um ræðir. Þessar stærðir eru settar í samhengi við rekstrarkostnað VIRK á þessum árum í mynd 10.

Það er auðvitað ekki einfalt að finna einhlítan mælikvarða á árangur VIRK en mikilvægt er að skoðaðar séu sömu kennitölur á hverju ári og að aðferðin byggji á skynsamlegri nálgun. Þessi nálgun Talmakönnunar byggir á fremur varfærum forsendum og jafnvel þó forsendum sé talsvert hníkað til þá er niðurstaða Talmakönnunar sú að starfsemi VIRK sé mjög arðbær.

Flókin framfærsluferfi og misvísandi skilaboð

Í starfsendurhæfingu þá skipta tímasetningar miklu máli. Það er mikilvægt að koma snemma að málum þar sem rannsóknir og reynsla hafa sýnt fram á að það getur verið mjög erfitt að endurhæfa einstaklinga til vinnumarkaðsþátttöku sem hafa verið frá vinnumarkaði mánuðum eða árum saman. Á sama hátt þá er líka mikilvægt að hefja ferlið ekki of snemma þar sem í flestum tilfellum heilsuþreks þá dugur þjónusta heilbrigðiskerfisins til að koma viðkomandi aftur til starfa og rannsóknir hafa sýnt fram á að of mikil þjónusta of snemma getur lengt þann tíma sem viðkomandi er frá vinnumarkaði. Hjá VIRK miðum við því við það að einstaklingar komi þegar liðnar eru 4-6 vikur frá upphafi heilsuþreks og ljóst er að hindranir eru til staðar fyrir atvinnuþátttöku í kjölfar veikinda eða slyss. Það er líka mikilvægt að einstaklingar fái skýr og samræmd skilaboð um ábyrgð og mikilvægi atvinnuþátttöku frá bæði framfærsluaðilum og þjónustuaðilum innan velferðarkerfisins. Til að geta haldið uppi öflugum velferðarkerfi þurfum við að gera þá kröfu til einstaklinga að þeim beri skylda til að sjá fyrir sér með launuðu starfi svo fremi sem þeir hafi möguleika og getu til þess. Sú aðstoð sem veitt er sé aðstoð til aukinnar sjálfshjálpar þar sem ábyrgð þjónustuaðila, framfærsluaðila og einstaklings sé skýr.

Hér á landi koma fjölmargir aðilar að framfærslugreiðslum til einstaklinga í veikindum. Atvinnurekendur gegna miklu hlutverki í upphafi, síðan taka við sjúkrasjóðir stéttarfélag, lífeyrissjóðir, Tryggingastofnun ríkisins og jafnvel tryggingafélag. Þessir aðilar starfa eftir mismunandi lögum og/eða reglum og það er oft erfitt fyrir einstaklinga að átta sig á rétti sínum. Kerfið er flókið

og ógagnsætt fyrir einstaklingana og veldur það oft streitu og álagi á erfiðum tímum. Það er þannig vel þekkt hjá ráðgjöfum VIRK að streita einstaklinga vegna óvissu um framfærslu næstu mánaða veldur því að minni árangur næst í starfsendurhæfingu og hún tekur lengri tíma en ella.

Sumir framfærsluáðilanna líta einnig á sig eingöngu sem greiðendur bóta samkvæmt tilteknu reglakerfi en gera engar kröfur á þátttöku í starfsendurhæfingu eða mati á getu einstaklinga í starfsendurhæfingarferli. Þeir sjá hlutverk sitt meira sem fjármálastofnanir eða tryggingaraðila sem beri að greiða tiltekna framfærslu eða tilteknar bætur ef vottað er af lækni að viðkomandi glímur við heilsubrest. Það er hins vegar ekkert endilega samasemmerki á milli þess að glíma við heilsubrest og geta tekið þátt á vinnumarkaði enda eru fjölmargir einstaklingar sem glíma við heilsubrest af ýmsum toga virkir á vinnumarkaði á hverjum tíma. Rannsóknir og reynsla benda enn fremur til þess að vinna er almennt góð fyrir bæði líkamlega og andlega heilsu og langur tími frá vinnumarkaði getur ógnað heilsu og lífsgæðum meira en margir hættulegir sjúkdómar.

Einnig þarf að fræða og virkja heilbrigðisstarfsfólk hvað þetta varðar þannig að bæði læknar og annað heilbrigðisstarfsfólk fari varlega í að meta og dæma einstaklinga af vinnumarkaði vegna heilsubrests, þar sem hæfileg vinna getur oft flýtt verulega fyrir bata og verið forsenda þess að einstaklingar nái að hámarka starfsgetu sína og möguleika á vinnumarkaði.

Til að ná árangri og tryggja það að einstaklingar fái nógu snemma viðeigandi þjónustu á sviði starfsendurhæfingar þá er mikilvægt að tryggja aukna samvinnu og betra samspil milli starfsendurhæfingar, framfærsluáðila og heilbrigðiskerfis. Það er sú leið sem OECD hefur mælt með og sú leið sem mörg ríki innan OECD hafa verið að setja upp og þróa með það að markmiði að draga úr fjarveru á vinnumarkaði vegna heilsubrests. Sem dæmi um það má nefna að í Noregi er skýrt kveðið á um ábyrgð einstaklings, atvinnurekenda og heilbrigðisstarfsfólks og eftir atvikum endurhæfingaraðila hvað varðar áætlun um endurkomu til vinnu og strax eftir fjórar vikur í veikindum þá ber starfsmanni og atvinnurekanda að útbúa formlega áætlun þess efnis. Markmiðið er að koma í veg fyrir langa fjarveru frá vinnumarkaði og draga þannig úr örorku til framtíðar.

Hér á landi eru mikil tækifæri til að gera betur í þessum efnum með aukinni samvinnu ólíkra aðila undir hatti samræmdrar stefnumörkunar í þessum málaflokki. Í dag er það þannig að einstaklingar í starfsendurhæfingu á vegum VIRK fá oft og tíðum allt önnur skilaboð frá framfærsluáðilum en þau sem gefin eru hjá VIRK þar sem markvisst er stefnt að aukinni atvinnuþátttöku og dæmi eru um það að einstaklingar hafi hætt í árangursríku ferli starfsendurhæfingar um leið og þeir fá niðurstöðu um rétt til fullrar örorku hjá

framfærsluaðila. Hér eru því klárlega tækifæri til að bæta kerfið í heild sinni og mikilvægt að hefja þá umræðu og vegferð sem allra fyrst.

Kerfislægar hindranir við aukna atvinnuþátttöku

Vinnumarkaðsþátttaka einstaklinga í kjölfar starfsendurhæfingar ræðst af fjölmörgum þáttum svo sem möguleikum á vinnumarkaði, félagslegri stöðu og stuðningi í umhverfi einstaklinga. Einnig getur fyrirkomulag framfærslukerfisins haft mikil áhrif á það hvort einstaklingur hafi möguleika á virkri atvinnuþátttöku í kjölfar starfsendurhæfingar. Þó nokkur hópur einstaklinga lýkur þjónustu hjá VIRK án þess að ná fullri starfsgetu en hefur þó getu til að takast á við ýmis störf í hlutastarfi. Þessir einstaklingar þurfa að hafa möguleika á því að fá bæt看ur að hluta á móti launuðu starfi en í dag er sá möguleiki í raun ekki fyrir hendi hjá Tryggingastofnun ríkisins nema að takmörkuðu leyti þar sem ekki er mögulegt að fá hálfar örorkubætur á móti t.d. hálfu starfi. Þannig má t.d. nefna að um þriðjungur þeirra einstaklinga sem fór í gegnum starfsgetumat hjá VIRK og síðan á fullan örorkulífeyri hjá Tryggingastofnun ríkisins var metinn með yfir 50% starfsgetu í lok þjónustu VIRK. 50% örorkulífeyrir er hins vegar ekki fyrir hendi hjá TR og því hafa þessir einstaklingar ekki möguleika á öðru en að sækja þar um fullan örorkulífeyri.

Annað dæmi um kerfislægar hindranir er skattfrjáls barnalífeyrir einstæðra foreldra sem eru á örorkulífeyri hjá Tryggingastofnun ríkisins. Þessar greiðslur geta valdið því að einstæðir foreldrar á örorkulífeyri eru með ráðstöfunartekjur sem ágæt störf á vinnumarkaði geta ekki keppt við og það gengur því ákaflega illa að ná árangri í starfsendurhæfingu með þessa einstaklinga þar sem fjárhagslegur hvati til vinnumarkaðsþátttöku er nær enginn. Það er gott að gera vel við barnafólk en það væri mun skynsamlegra að styðja þá almennt vel við alla einstæða foreldra með takmörkuð fjárráð – hvort heldur sem þeir eru á vinnumarkaði eða á örorku.

Ráðgjafar og sérfræðingar VIRK sjá einnig oft hvaða afleiðingar bótakerfið getur haft á einstaklinga á miðjum aldri sem hafa verið á örorkulífeyri en eru að reyna að fóta sig á vinnumarkaði þegar barnalífeyrir vegna barna þeirra er ekki lengur til staðar og framfærslutekjur þeirra detta niður í grunnlífeyrisgreiðslur. Þessir einstaklingar eru oft ákaflega illa staddir þar sem þeir hafa farið á mis við þau tækifæri sem bjóðast á vinnumarkaði hvað varðar framgang í launum, starfsframa og félagslegan þroska. Í þessum tilfellum hefur bótakerfið í raun fangað einstaklinga í gildrur fátæktar og félagslegrar einangrunar sem getur valdið varanlegum skaða til framtíðar bæði fyrir viðkomandi einstaklinga og samfélagið í heild sinni.

Í þessu samhengi má einnig benda á að hlutfallslega eru um tvisvar

sinnum fleiri einstæðir foreldrar í þjónustu VIRK miðað við hlutfall þeirra af íbúum landsins samkvæmt tölum Hagstofunnar. Ástæður þessa geta verið margvíslegar. Það er ekki ólíklegt að margir einstæðir foreldrar eigi erfðara með endurkomu á vinnumarkað í kjölfar veikinda eða slysa vegna aðstæðna sinna og bent hefur verið á að þessi hópur hafi farið mjög illa út úr hruninu. Fyrirkomulag bótakerfisins býr hins vegar einnig til talsverðan hvata fyrir þennan hóp til að sækja um örorkulífeyri við erfðar aðstæður í stað þess að áhersla sé lögð á að aðstoða og styðja þessa einstaklinga til aukinnar þátttöku á vinnumarkaði. Það má líka benda á það í þessu samhengi að framfærsluaðilar eins og bæði Tryggingastofnun ríkisins og margir lífeyrisgjóðir setja það oft sem skilyrði örorkulífeyris að einstaklingar hafi lokið starfsendurhæfingaráþjónustu og vísa því mörgum þessara umsækjenda um örorkulífeyri til VIRK.

Það er ljóst að árangursrík starfsendurhæfing er ein af allra arðbærustu fjárfestingum í okkar samfélagi og því mikilvægt að standa vörð um uppbyggingu hennar til framtíðar. Um leið er mikilvægt að aðrir aðilar velferðarkerfisins og innan atvinnulífsins styðji við þessa fjárfestingu með því að hvetja einstaklinga til sjálfshjálpar og leggja áherslu á mikilvægi þátttöku á vinnumarkaði á öllum þjónustustigum. Þetta á bæði við um þá sem bera ábyrgð á framfærslu einstaklinga í veikindum og einnig fagaðila innan félags- og heilbrigðiskerfisins.


Það þarf að vera til staðar skýr sýn og stefna sem tryggir að mismunandi aðilar velferðarkerfisins vinni saman að þessu markmiði.

Með uppbyggingu á VIRK eru lagðir miklir fjármunir í starfsendurhæfingu og það er mikilvægt að þeir skili ávinningi til einstaklinga og samfélags. Talsverður ávinningur hefur nú þegar náðst með starfsemi VIRK en til að tryggja ávinning til framtíðar þá þarf líka að tryggja það að til staðar sé heildstæð stefna í þessum málaflokki og að þjónustuaðilar, framfærsluaðilar og stofnanir velferðarkerfisins vinni saman í takt við sameiginlega heildarsýn. Hér er því verk að vinna og talsverð tækifæri í að byggja upp betra velferðarkerfi sem bæði dregur fram styrkleika einstaklinga í meira mæli og hvetur og styður þá til sjálfshjálpar.


Virk í tölum




Mynd 11



Mynd 12



Mynd 13



Mynd 14



Mynd 15



UMSAGNIR UM ÞINGMÁL

Frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2016, 2. mál

Frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2016 verður að skoðast í nánú samhengi við fjárlagafrumvarpið. Á fundi sínum þann 18. september 2015 samþykkti miðstjórn ASÍ eftirfarandi ályktun um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2106:

„Miðstjórn Alþýðusambandsins gagnrýnir forgangsöröðun sem fram kemur í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Frumvarpið ber vissulega með sér bættan hag í ríkisrekstrinum en um leið blikka ljósinn sem vara við ofpenslu í efnahagslífinu. Það er ljóst að eitt helsta verkefni ríkisstjórnarinnar á næstu misserum er að hemja vöxtinn svo ofpensla og verðbólga keyri ekki hér um þverbak með afleiðingum sem þjóðin þekkir því miður allt of vel.

Áherslur í fjárlagafrumvarpinu eru rangar að mati miðstjórnar ASÍ. Velferðarþjónusta í landinu situr á hakanum þar sem aukin framlög dekka fyrst og fremst miklar kostnaðarhækkanir. Framlög til þjónustu í velferðarkerfinu eru ekki að aukast að raungildi sem er dapurlegt þegar hagar þjóðarinnar fer batnandi, en ljóst er að endurreisa þarf velferðarþjónusta eftir hrún. Miðstjórn ASÍ telur að stór velferðarverkefni sé enn sem komið er ófjármögnuð:

1. Heilbrigðisþjónustan, einkum kostnaður vegna lækniþjónustu.
2. Endurskipulagning öldrunarþjónustu, búsetuúrræði og þjónusta.
3. Menntaúrræði fyrir þá sem hafa litla formlega menntun.
4. Félagslegt húsnæðiskerfi – jákvætt skref er stigið en dugar engan veginn til.

Miðstjórn ASÍ telur þetta allt brýn úrlausnarefni sem nauðsynlegt er að ráðast í. Það er því gagnrýnivert að fyrstu viðbrögð ríkisstjórnarinnar til að draga úr þensluáhrifum í hagkerfinu sé að halda velferðarþjónustunni niðri. Það er röng forgangsröðun í landi sem vill kenna sig við norrænt velferðarsamfélag og mun þegar til lengri tíma er litið ýta undir ójöfnuð og ágreining.“

Alþýðusamband Íslands mótmælir velferðaráherslum frumvarps til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2016. ASÍ telur með öllu óásættanlegt að með frumvarpinu er verið að draga úr vægi bæði vaxta- og barnabóta. Viðmiðunarfjárhæðir barnabóta hækka einungis um 3% og halda þannig ekki í við áætlaðar hækkanir á vísitölu neysluverðs milli ára hvað þá við launapróun. Þá eru tekjuskerðingarmörk ekki hækkuð milli ára. Þannig á að verja lægri fjárhæð til barnabóta á árinu 2016 en í fjárlögum 2015. Viðmiðunarfjárhæðir vaxtabóta og reiknireglur eiga að vera óbreyttar milli ára. Gangi það eftir verður það sjötta árið í röð sem þær eru óbreyttar. Niðurstaðan er að verja á 1,5 milljörðum minna til vaxtabóta á árinu 2016 en í fjárlögum 2015.

Þá lýsir Alþýðusambandið yfir áhyggjum af efnahagslegum áhrifum fjárlagafrumvarpsins og frumvarps til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2016. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að 15,3 milljarða afgangi af fjárlögum. Á þá eftir að taka tillit til áhrifa gerðardóms frá því í ágúst á laun þeirra ríkisstarfsmanna sem eru innan vébanda BHM og Félags hjúkrunarfræðinga. Þá vantar einnig inn í forsendur fjárlaganna áhrif þeirra samninga sem ekki var lokið í sumarbyrjun. Því má gera ráð fyrir að í meðförum þingsins verði að leiðrétta launaforsendur fjárlaganna til hækkunar. Þá hafa einnig verið gefin vilyrði fyrir auknum útgjöldum á næsta ári sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Því má reikna með því að afgangur af fjárlögum 2016 verði nokkru minni en gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Samkvæmt mati fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að lækkun skatta og tolla á árinu 2016 muni lækka tekjur ríkissjóðs um 7,5 milljarða og um rúma 14 milljarða á árinu 2017.

Hagvísar benda til þess að þensla fari vaxandi í hagkerfinu. Þannig mældist rúmlega 5% hagvöxtur á fyrri hluta ársins, Hagstofan gerir ráð fyrri 4,5% verðbólgu á næsta ári og að launavísitalan hækki um 8% 2016. Við þessar aðstæður er mikilvægt að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar eins og hún birtist í fjárlögum og peningastefna Seðlabankans vinni í sömu átt. Því miður

er misbrestur á því, eða eins og segir í yfirlýsingu Peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands frá 30. september: „Að teknu tilliti til hagsveiflu felur vænt afkoma ríkissjóðs í ár og frumvarp til fjárlaga 2016 hins vegar í sér slökun á aðhaldi í ríkisfjármálum sem að óbreyttu kallar á meira peningalegt aðhald en ella.“ Þetta er ekki ásættanlegt og mun að óbreyttu leiða til meiri verðbólgu en ella og hærri vaxta.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, (hækkun lífeyris í 300 þús. kr.) , 3. mál

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ákvæði til bráðabirgða sem kveði á um hækkun elli- og örorkulífeyris almannatrygginga um 8,86% frá 1. maí 2015, 6,12% frá 1. maí 2016 og um 7,14% frá 1. maí 2017 þannig að lífeyrir almannatrygginga fylgi þróun lægstu launa samkvæmt kjarasamningum og verði 300 þúsund krónur á árinu 2018.

Alþýðusamband Íslands styður markmið breytinganna og telur eðlilegt að kjör elli- og örorkulífeyrisþega fylgi launaþróun í landinu svo tryggt sé að þessir hópar dragist ekki aftur úr í líf skjörum og möguleikum til samfélagsþátttöku. Í þessu sambandi er þó rétt að líta til þess að nú stendur yfir vinna við heildarendurskoðun á lögum um almannatryggingar í fjölskipaðri nefnd sem áætla að skila tillögum til ráðherra á næstu vikum. ASÍ telur eðlilegt að umræddar tillögur verði settar í samhengi við þá heildarendurskoðun, einkum þar sem brýnt er að draga úr vægi tekjuskerðinga vegna sérstakrar uppbótar á lífeyri sem í dag skerðist krónu á móti krónu vegna annarra tekna.

Alþýðusambandið hvetur því til þess að Alþingi tryggi hraðan framgang væntanlegra tillagna nefndar um endurskoðun almannatrygginga.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum, nr. 129/1997, um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (eignarhald, lýðræði í lífeyrissjóðum), 7. mál

Frumvarpið gerir ráð fyrir að horfið verði frá því að val stjórnarmanna í lífeyrissjóðum sé á forræði þeirra aðila sem að sjóðnum standa og kveðið er á um í samþykktum hvers sjóðs. Um þennan þátt hafa aðilar vinnumarkaðarins, sem standa að sjóðum launafólks á almennum vinnumarkaði, gert með sér kjarasamning allt frá árinu 1969.

Alþýðusamband Íslands leggst gegn frumvarpinu sem gengur þvert á ákvæði heildarkjarasamnings aðila vinnumarkaðarins um málefni lífeyrissjóðanna og lítur á það sem alvarlegt inngrip í gildandi kjarasamninga. Jafnframt lýsir Alþýðusambandið yfir miklum efasemdum um að ákvæði frumvarpsins muni í reynd verða til þess að auka lýðræði í lífeyrissjóðunum sem breytingunum er ætlað að tryggja samkvæmt greinargerð frumvarpsins.

Í kjarasamningi aðila vinnumarkaðarins er kveðið á um að lífeyrissjóðir skuli starfræktir á stéttarfélagsgrundvelli og endurspeglar samningurinn þá áherslu að rekstur og gæsla lífeyrissjóða launafólks á almennum vinnumarkaði sé á sameiginlegri ábyrgð atvinnurekenda og launafólks. Stjórnkerfi sjóðanna byggir á fulltrúalýðræði þar sem kjörnir fulltrúar þeirra samtaka sem að sjóðnum standa kjósa stjórnarmennina, en líkt og við gerð kjarasamninga ríkir jafnræði milli launafólks og atvinnurekenda. Sjóðfélagar hafa þannig aðkomu að vali á fulltrúum sínum í lífeyrissjóðunum í gegnum stéttarfélög sín. Aðilar vinnumarkaðarins eru og hafa verið bakhjarlar í uppbyggingu og þróun íslenska lífeyrissjóðakerfisins sem tryggt hefur að umfjöllun um þróun þess er nátengd þróun launa og annarra kjara. Hefur það fyrirkomulag reynst vel á undanföllum áratugum og tryggt Íslendingum lífeyrissjóðskerfi í fremstu röð. Með því samkomulagi sem undirritað var árið 1969 um stofnun og starfrækslu lífeyrissjóða fyrir allt launafólk í landinu, sýndu aðilar vinnumarkaðarins mikla framsýni og ábyrgð sem bætt hefur kjör lífeyrisþega til muna og komið í veg fyrir að lífeyrisbyrði komandi kynslóða verði velt yfir á sífellt minnkandi kynslóðir vinnandi fólks í framtíðinni. Sú söguskýring sem sett er fram í greinargerð frumvarpsins, um að hvatinn að stofnun almennu lífeyrissjóðanna hafi fremur verið skortur á lánsfé en þörf fyrir lífeyri, er afar hæpin. Fyrir gerð kjarasamnings aðila vinnumarkaðarins um stofnun almennu lífeyrissjóðanna var ellilífeyrir verkafólks og sjómanna, sem áttu engin lífeyrisréttindi önnur en í almannatryggingakerfinu, um fjórðungur af dagvinnukaupi verkafólks. Það var því útilokað fyrir almennt launafólk sem lokið hafði starfsævinni að sjá sér farborða af lífeyrinum einum saman. Margir drógu í lengstu lög að láta af störfum þrátt fyrir aldur og bága heilsu og eldra fólk var margt algerlega háð afkomendum sínum um framfærslu. Það var við þessar aðstæður sem forystumenn verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda sömdu um stofnun lífeyrissjóða fyrir allt launafólk og fjarri sanni að segja að hvatinn að þeim samningum hafi ekki verið knýjandi þörf á úrbótum í lífeyrismálum sem tryggðu eldra fólk sjálfstæði og fjárhagslegu öryggi.

Verði kjör til stjórna lífeyrissjóðanna með þeim hætti sem boðað er í frumvarpinu er með engu móti tryggt að allir hópar sem að sjóðnum standa eigi sér fulltrúa innan stjórnar. Þetta getur auðveldlega leitt til átaka milli einstakra hópa innan sjóðanna, s.s. mismunandi aldurshópa eða starfsstétta og jafnvel kynja, sem hafa oft á tíðum mjög misjafna hagsmuna að gæta. Stjórnarmenn yrðu samkvæmt frumvarpinu kjörnir sem einstaklingar inn í stjórnir sjóðanna en ekki sem fulltrúar fyrir ákveðinn hóp launamanna annars vegar og atvinnurekenda hins vegar. Núverandi fyrirkomulag tryggir, í gegnum samkomulag þeirra aðila sem að sjóðnum standa, að sjónarmið allra hagsmunaaðila endurspeglast á ársfundi og inni í

stjórn sjóðsins sem er nauðsynleg forsenda fyrir sæmilegri sátt innan þeirra. Þetta viðheldur sömuleiðis mikilvægum tengslum aðila vinnumarkaðarins við lífeyrissjóðakerfið sem tryggt hefur ábyrgð þeirra og íhlutun með viðhaldi og framgangi kerfisins á hverjum tíma. Þessi tengsl hafa skilað sér í því að hér á landi hefur verið byggt upp almennt samtryggingarkerfi með sjóðasöfnum þar sem öllum launamönnum er tryggður jafn aðgangur óháð þáttum eins og kyni, aldri, heilsufari og fjölskylduáðstæðum. Þetta er ekki sjálfgefið og hefur skapað vandamál hjá mörgum nágrannaþjóða okkar sem glíma nú við mikinn vanda vegna þungra lífeyrisbyrða sem að óbreyttu munu leggjast á komandi kynslóðir.

Í stórum lífeyrissjóðum fengju, samkvæmt þeim hugmyndum sem settar eru fram í frumvarpinu, tugir þúsunda manna atkvæðisrétt út á það eitt að hafa einhverju sinni greitt inn til sjóðsins og flestir launamenn fengju að líkindum atkvæðisrétt í mörgum sjóðum. Þá er gert ráð fyrir að atkvæðisréttur sjóðfélaga fari eftir áunnum og framreiknuðum iðgjöldum sem veitir tekjuhærri sjóðfélögum eðli máls samkvæmt meira atkvæðavægi en þeim tekjulægri. Áleið er hvort slíkt fyrirkomulag tryggi jafnræði milli sjóðfélaga og starfshópa sem til sjóðsins greiða.

Við þetta má einnig bæta að í stórum lífeyrissjóðum yrði bæði erfitt og kostnaðarsamt að koma kynningu á frambjóðendum til alls þess fjölda sjóðfélaga sem hefði atkvæðisrétt. Ljóst er að það útheimtir talsverða fjárhagslega burði sem hlýtur að vekja spurningar um hvernig jafnræði og möguleikar sjóðfélaga til framboðs yrðu í reynd.

Ef tilgangurinn er að auka lýðræði í sjóðunum er vandséð með hvaða hætti þær breytingar sem frumvarpið boðar muni stuðla að því.

Varðandi 1. og 2. gr. grein frumvarpsins: Merking ákvæðanna um eign sjóðfélaga á lífeyrissjóði er óljós. Lífeyrissjóðir þeir sem lög þessi ná til eru samtryggingarsjóðir og eru þeir sameign sjóðfélaga.

Alþýðusamband Íslands leggst alfarið gegn þeim breytingum á fyrirkomulagi stjórnarkjörs í lífeyrissjóðum sem frumvarpið kveður á um. Með frumvarpinu er án alls samráðs hlutast til um skipulag sem grundvallast á frjálsum kjarasamningi milli aðila vinnumarkaðarins. Þessir aðilar munu, hér eftir sem hingað til, gegna mikilvægu hlutverki við að tryggja rekstur og viðgang lífeyriskerfisins og því vekur það furðu að lagðar séu fram tillögur um slíkar grundvallarbreytingar án alls samráðs við þessa aðila.

Þingsályktunartillaga um bráðaáðgerðir til að tryggja öllum húsnæði á viðráðanlegum kjörum, 15. mál

Alþýðusambandið tekur undir það sjónarmið sem fram kemur í tillögunni að nauðsynlegt sé að stjórnvöld grípi nú þegar til aðgerða til að bregðast við þeim

mikla vanda sem við blasir á húsnæðismarkaði þar sem stórir hópar fólks búa við viðvarandi óryggi í húsnæðismálum og húsnæðiskostnað sem er svo hátt hlutfall tekna að af hlýst verulegur fjárhagslegur og félagslegur vandi.

Í ályktun 41. Þings Alþýðusambands Íslands um húsnæðismál segir:

Efndir ekki nefndir

Aðgangur að öruggu húsnæði á viðráðanlegum kjörum eru mannréttindi – ekki forréttindi. Stórir hópar í okkar samfélagi eru utanveltu á húsnæðismarkaði, hafa ekki bolmagn til kaupa á húsnæði, ráða ekki við að greiða markaðsleigu og fá ekki aðgang að félagslegu húsnæði. Þingfulltrúar krefjast því tafarlausra aðgerða í húsnæðismálum.

Nú þegar þarf að koma á húsnæðisbótakerfi í stað vaxta- og húsaleigubóta sem taki mið af fjölskyldustærð og tekjum og tryggi sambærilegan stuðning við leigjendur og kaupendur húsnæðis. 41. þing ASÍ telur að um þetta hafi verið rætt nógu lengi og krefst athafna nú þegar.

Þingið krefst þess að ríki og sveitarfélög skapi nú þegar hagstæðari umgjörð fyrir uppbyggingu almennra húsaleigufélaga sem boðið geta öruggt framtíðarhúsnæði.

Þingfulltrúar krefjast þess að stjórnvöld setji þegar í stað verulegt fjármagn í uppbyggingu á félagslegu leiguhúsnæði sem geri lágtekjufólki kleift að búa við húsnæðisöryggi á viðráðanlegum kjörum.

Koma þarf á nýju húsnæðislánakerfi sem tryggir heimilum hagstæðari fjármögnun íbúðarhúsnæðis og dreifir áhættu við efnahagsáföll með réttlátari hætti milli lántakenda og lánveitenda. Leita þarf leiða til að auðvelda ungu fólki að eignast húsnæði. Þetta má m.a. gera með því að hvetja til sérstaks húsnæðisþarnaðar með skattaávilnun.

Verkalýðshreyfingin hefur löngum haft forgöngu um lausnir í húsnæðismálum. Alþýðusamband Íslands hefur þegar lagt fram útarlegar tillögur í húsnæðismálum og bent á leiðir til úrbóta.

Stjórnvöld bera ábyrgð á því ófremdarástandi sem nú ríkir í húsnæðismálum og ber félags- og húsnæðismálaráðherra ekki bara skylda til að veita málaflöknum forystu og finna lausnir heldur einnig að veita nauðsynlegum fjármunum til málaflöksins. Til þess eru stjórnámálameð kosnir.

Fulltrúar á 41. þingi Alþýðusambands Íslands krefjast úrbóta nú þegar því margir félagar okkar eru í húsnæðiserfiðleikum og geta ekki bedið lengur. Ekki fleiri nefndarfundi, nú er kominn tími á efndir.

Alþýðusambandið hefur á undanföllum árum ítrekað bent á þann mikla vanda sem stöðjar að á húsnæðismarkaði og nauðsyn þess að móta heildstæða langtímastefnu í húsnæðismálum. Mikil vinna hefur verið lögð í

hugmyndavinnu og stefnumótun í húsnæðismálum á vegum stjórnvalda sem ASÍ hefur átt aðkomu að ásamt breiðum hópi hagsmunaaðila. Þá hefur ASÍ lagt fram útfærðar tillögur að uppbyggingu og fjármögnun á félagslegu húsnæðiskerfi með aðkomu ríkis og sveitarfélaga sem tryggir tekjulægri heimilum og ungu fólki viðráðanlegan húsnæðiskostnað og húsnæðisöryggi. Húsnæðismál skipuðu einnig veigamikinn þátt við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði sl. vor og lagði verkalýðshreyfingin ríka áherslu á að stjórnvöld gerðu tafarlaust úrbætur í brýnum húsnæðismálum. Lýstu stjórnvöld því þá m.a. yfir að lagður yrði grunnur að nýju félagslegu leigubúðakerfi með aðkomu ríkis og sveitarfélaga og ráðist í byggingu 2.300 nýrra íbúða innan þess, stuðningur við leigjendur yrði aukinn með nýjum húsnæðisbótum, skattlagning leigutekna af einni íbúð endurskoðuð og stutt við þá sem kaupa sína fyrstu íbúð. Nauðsynlegar lagabreytingar vegna þessa skyldi afgreiða eigi síðar en á haustþingi 2015.

Alþýðusambandið skorðar því á Alþingi að beita sér fyrir því að þær nauðsynlegu aðgerðir í húsnæðismálum, sem fyrir liggur að ráðast þurfi í og samið hefur verið um, verði tafalaust hrint í framkvæmd. Hér um eitt brýnasta velferðar- og lífshjúðamál launafólks að ræða sem ekki þolin lengri bið.

Þingsályktunartillaga um styrkingu leikskóla og fæðingarorlofs, 16. mál

Eitt af baráttumálum verkalýðshreyfingarinnar hefur verið að stuðla að samræmingu fjölskyldulífs og vinnu. Óvissa um dagvistun ungbarna eftir að fæðingarorlofi lýkur getur haft áhrif á gæði fjölskyldulífs. Það er einnig mikilvægt fyrir einstaklinga á vinnumarkaði að búa við það öryggi að vistunarmöguleikar ungbarna eftir að fæðingarorlofi lýkur séu traustir.

Alþýðusamband Íslands hefur ætíð stutt allar þær aðgerðir sem stuðla að eflingu og styrkingu réttar foreldra til fæðingarorlofs og eflingu aðgengis að traustri vistun ungbarna á leikskólaaldri.

Frá því í febrúar sl. hefur á vegum félags- og húsnæðismálaráðherra starfað starfshópur sem ASÍ á fulltrúa í ásamt öðrum aðilum vinnumarkaðarins, þ.m.t. fjármálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Vinnumálastofnunar.

Verkefni starfshópsins er meðal annars að móta tillögu um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum þar sem sérstaklega er hugað að því hvernig unnt sé að tryggja þeim markmiðum laganna um fæðingar- og foreldraorlof þar sem áhersla er á að tryggja barni samvistir við báða foreldra sína verði best náð á sama tíma og foreldrunum verði gert kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Einnig á starfshópurinn að koma með tillögu að því að tryggja samfellu milli fæðingarorlofs og þeirra dagvistunarræða sem eru fyrir hendi þegar fæðingarorlofi lýkur. Í því starfi hefur starfshópurinn til hliðsjónar skýrslu

starfshóps sem skilaði skýrslu í maí sl.: Skýrsla starfshóps vegna þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi.

ASÍ tekur undir það sem fram kemur í greinargerðinni sem fylgir tillögunni til þingsályktunar, að mikilvægt sé að tryggja örugga leikskólavistun fyrir öll börn og að treysta hag barna í menntunarlegu og félagslegu tilliti. ASÍ telur að áður en nýr starfshópur verður myndaður, að það eigi að bíða eftir niðurstöðum starfshópsins sem þegar er starfandi og er að fjalla um styrkingu og framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum og dagvistunarúrræðum.

Þingsályktunartillaga um lýðháskóla, 17. mál

ASÍ hefur lagt mikla áherslu á að viðurkenna mikilvægi þess að fólk sem komið er út á vinnumarkaðinn hafi tækifæri til að auka þekkingu sína og færni, einkum að fólk með litla formlega viðurkennda menntun fái „annað tækifæri til náms“ og fái það metið.

Undanfarin ár hefur verið lögð meiri áhersla á að færa menntun og fræðslu nær atvinnulífinu. Mikil umræða hefur verið síðustu misseri um mikilvægi þess að efla og bæta verk- og listnám á framhaldsskólastigi og innleiða nýja kennsluhætti. Á vettvangi framhaldsfræðslunnar starfa símenntunarstöðvar og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Lög um framhaldsfræðslu, sem samþykkt voru 2010, ásamt heildarendurskoðun á lagaumhverfi íslensks menntakerfis var ætlað að styrkja heildstæða stefnu í menntamálum, þar sem horft er á menntakerfið sem eina heild frá leikskóla til háskóla, til framhaldsfræðslu og til óformlegrar menntunar sem fer fram utan skólakerfisins.

Hugmyndafræði lýðháskóla gengur m.a. út á að búa nemendur undir lífið, hvetja til lýðræðislegrar þátttöku og að áherslan sé á hið talaða orð, umræður og rökræður og er það vel. Mikil umræða hefur verið í gangi síðustu misseri með það að markmiði að efla og bæta verk- og listnám á framhaldsskólastigi og innleiða nýja kennsluhætti. Þær 11 símenntunarstöðvar sem eru starfandi um land allt, hafa fjölbreytnina að leiðarljósi í námsframboði, ásamt því að lögð hefur verið áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og nálgun. Þá er skoðun ASÍ að beina eigi kröftum samfélagsins og fjármunum í að efla það menntaframboð sem fyrir er, með það að markmiði að allir finni sér nám við hæfi. Það gildir um ungt fólk sem er að afla sér grunnmenntunar og þá einstaklinga sem komnir eru út á vinnumarkaðinn og vilja sækja sér frekari menntun.

Frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum, nr. 140/2012 (kaup á vörum og þjónustu), 19. mál

Alþýðusamband Íslands styður eindregið þau markmið sem liggja að baki þessu frumvarpi sem eru þau fyrst og fremst að tryggja aðgang að upplýsingum um ráðstöfun sameiginlegra fjármuna og auka þannig aðhald og

ráðdeild. Tvímælalaust mun frumvarp þetta, ef að lögum verður, jafnframt vinna gegn spillingu. ASÍ vekur hins vegar athygli á því, að ein aðferð til þess að fela upplýsingar og draga athygli almennings frá þeim, getur falist í of umfangsmikilli birtingu þeirra. Innkaup að fjárhæð kr. 150.000.- eru ekki há tala og líklega er fjöldi reikninga vegna innkaupa af þessari stærðargráðu verulegur. Lægsta viðmið skv. www.USASpending.gov eru 3000. - bandaríkjadalir eða c.s. 380.000.- ÍKR. Smærri innkaup eru birt reglulega ef verslað hefur verið með kreditkorti. Þannig er birting stærri innkaupa skilin frá þeim smærri sem eykur gildi upplýsinganna í heild sinni. Bandaríkin ganga einnig lengra og birta reglulega yfirlit sömu aðila um svo sem verksamninga, lán, styrki og ábyrgðir (laun, bætur og annað þess háttu undanskilið) ef fjárhæð er umfram 3.000.000.- ASÍ telur æskilegt að gildissvið laganna yrði jafnframt látið taka til þessara þátta.

Frumvarp til laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og málefni aldraðra (uppfærsluréttur íbúðarréttar), 35. mál

Frumvarpi þessu er ætlað að bæta réttarstöðu aldraðra vegna kaupa á íbúðarétti hjá sjálfseignarstofnunum og styður Alþýðusamband Íslands þau markmið. ASÍ vill um leið vekja athygli á því, að full þörf er á því að taka búsetumál aldraðra og ábyrgð á þeim í heild sinni til endurskoðunar m.a. með tilliti til skilgreiningar og flokkunar á búsetuúrræðum með tilliti til þess hvaða þjónusta fylgi hverju búsetuúrræði og hver ber ábyrgð á þeirri þjónustu svo sem hvort um sé að ræða öryggisíbúðir, þjónustuíbúðir o.fl.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands o.fl. (skipulag), 91. mál

Í apríl 2015 sendi ASÍ inn umsögn um sama frumvarp (þingskjal 1004 – 579. mál). Afstaða sambandsins er óbreytt en í þeirri umsögn segir:

„Þróunarsamvinnumál hafa verið málaflókkur sem almenn og breið pólitísk samstaða hefur verið um hér á landi. Íslendingar hafa unnið að þróunarsamvinnu í mjög langan tíma og Þróunarsamvinnustofnun Íslands – ÞSSÍ var sett á laggirnar árið 1971 þegar fyrstu lög um tvíhliða þróunarsamvinnu Íslendinga voru samþykkt á Alþingi. ÞSSÍ hefur markvisst unnið að því að móta sér skýrar verklagsreglur og aðlagast að þeim breytingum sem hafa á undanförunum árum orðið á viðhorfi og nálgun í þróunarsamvinnu. ÞSSÍ hefur lagt áherslu á vægi árangurs og getu stofnunarinnar og starfsmanna til að starfa að árangursmiðaðri þróunarsamvinnu og skipulagi stofnunarinnar breytt til að fylgja eftir þeim markmiðum.

ÞSSÍ hefur unnið eftir þeim markmiðum og skipulagi sem Alþingi hefur sett stofnuninni og sem hafa fengist staðfest og viðurkennt af DAC,

Þróunarsamvinnunefndar OECD. Í greinargerð með frumvarpinu er vísað í skýrslu/rýni á vegum DAC sem unnin var árið 2013. Það kemur hvergi fram að ástæða sé til þess að leggja Þróunarsamvinnustofnun niður, heldur þvert á móti er áhersla lögð á að styrkja tengsl PSSÍ og utanríkisráðuneytis.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur einnig fram að það sé að verulegu leyti byggt á skýrslu sem unnin var fyrir utanríkisráðuneytið árið 2014, – Þróunarsamvinna Íslands, skipulag, skilvirkni og árangur. Í þeirri skýrslu er fjallað almennt um skipulag og framkvæmd þróunarsamvinnu og velt er upp mörgum áhugaverðum tillögum m.a. um nýtingu fjár og mælanlegan árangur. Það vekur furðu ASÍ að svo veigamikil stjórnáskilgreiningar skulu vera gerð á grunni skýrslu sem leggur fram margvíslegar tillögur til umræðu og áframhaldandi vinnu.

Einnig má benda á að fyrsta Þróunarsamvinnuáætlun Íslands var sett fram fyrir árin 2013-2016 og því ástæða til að bíða uns meiri reynsla er komin á framkvæmdina og mögulega vankanta áður en róttækar hugmyndir um breytt skipulag er lagt fram.

Eins og fram hefur komið þá hefur ASÍ efasemdir um ágæti þeirra róttæku breytinga sem framangreint frumvarp leggur til. Helstu rök breytinganna samkvæmt frumvarpinu eru meðal annars að með því að færa framkvæmdina á eina hendi er verið að einfalda skipulagið. Betri heildarsýn mun nást yfir málaflökkinn og stefnumótun verði markvissari þegar um einn ábyrgðaraðila er að ræða.

Alþýðusambandið telur að með því að færa framkvæmd þróunarsamvinnu yfir á eina hendi, þ.e. alfarið á ábyrgð utanríkisráðuneytis, dvíni sá faglegi árangur sem PSSÍ hefur náð. Hætta er á að diplómatiskar áherslur fari að blandast inn í þróunarsamvinnuna – þ.e. að framlagsríki fari að reka hana með eigin hagsmuni að leiðarljósi en ekki hagsmuni fátækra ríkja eingöngu.

Alþýðusambandið telur að áður en ákvörðun um að færa alla alþjóðlega þróunarsamvinnu undir utanríkisráðuneytið þurfi að leita svara við mörgum spurningum sem upp koma við lestur skýrslunnar – Þróunarsamvinna Íslands, skipulag, skilvirkni og árangur, sem frumvarpið byggir á að mestu. Helstu spurningar sem upp koma eru;

- Fagleg rök sem liggja til grundvallar áformum um sameiningu?
- Hvort önnur lög málaflökkur gilda um þróunarmál en aðra málaflökka í ljósi þess að almennt hefur stjórnáskilgreiningar þróast æ meira á þann veg að stefnumörkun og eftirlit með framkvæmd hennar er á hendi ráðuneyta en framkvæmdin sjálf á hendi faglegra stofnana?
- Álit þróunarsamvinnunefndar OECD / DAC á sameiningu. Af hverju er

ekki beðið niðurstöðu DAC á skipulagi og árangri þróunaraðstoðar sem fyrirhuguð er árið 2016?

- Hvort athugað hefur verið reynsla annarra ríkja af því að hafa sjálfstæða stofnun utan um þróunarsamvinnu, eins og t.d. Svíþjóð?

Alþýðusamband Íslands leggur til að frestað verði ákvörðun um breytingu á lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands og að ofangreindum spurningum ásamt öðrum verði svarað af fagaðilum áður en endanlega ákvörðun verður tekin.“

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013, með síðari breytingum (varúðarregla, almannaréttur, sérstök vernd, framandi tegundir o.fl.), 140. mál

Alþýðusamband Ísland leggur áherslu á, líkt og í fyrri umsögnum sambandsins um frumvarp til laga um náttúruvernd nr. 60/2013, að breið sátt náist um efnistöð þess þar sem skiptar skoðanir ólíkra hópa samfélagsins koma óhjákvæmilega fram. Lög um náttúruvernd fjalla jafnt um almannarétt og verndun náttúruverndar og er mikilvægt að lögin endurspegli þann samhljóm sem þar þarf að vera.

ASÍ bendir á að mikilvægt er að standa vörð um þá hugmyndafræði sem liggur að baki undirbúningsvinnu laga um náttúruvernd, þar sem unnið var út frá þeirri forsendu að umhverfi er hin ytri náttúra umsköpuð af tæknilegu valdi mannsins.

ASÍ telur einnig mikilvægt að í lögum um náttúruvernd, sé tekið tillit til sjónarmiða þeirra atvinnugreina sem eiga beina hagsmuni að gæta s.s. ferðaþjónustunnar.

Frumvarp til laga um bann við mismunun (réttindi fatlaðs fólks), 144. mál

Alþýðusamband Íslands styður eindregið samþykkt þessa frumvarps en efni þess hvað vinumarkað varðar, samræmist þeim laga- og kjarasamnings-túlkunum sem sambandið hefur beitt. Athygli er vakin á því að enn hefur ekki verið lagt fram frumvarp um jafna meðferð á vinnumarkaði en efni þess styður sambandið heilshugar enda undirstrikar það viðhorf og stefnu ASÍ.

Þingsályktunartillaga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 180. mál

Alþýðusamband Íslands styður eindregið samþykkt þessarar tillögu. Athygli er vakin á því að enn hefur ekki verið lagt fram frumvarp um jafna meðferð á vinnumarkaði en efni þess styður sambandið heilshugar enda undirstrikar það viðhorf og stefnu ASÍ m.a. um réttindi fatlaðs fólks á vinnumarkaði.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007, með síðari breytingum (barnalífeyrir), 197. mál

Með jafnréttissjónarmið og hagsmuni barns að leiðarljósi styður ASÍ framgang málsins.

Frumvarp til laga um 40 stunda vinnuviku (stytting vinnutíma), 259. mál

Skipulag vinnutíma er flókið mál sem bæði er átt við í lögum og kjarasamningum. ASÍ er þeirrar skoðunar að breyting á lögum um 40 stunda vinnuviku sem nú yrði gerð, fæli í sér ótímabært inngríp í heildarendurskoðun aðila vinnumarkaðar um skipulag vinnutíma en við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði á árinu 2015 var gerð eftirfarandi bókun um viðræður um skipulag vinnutíma.

„Aðilar kjarasamningsins stefna að breytingum á skilgreiningum vinnutíma og nálgast þannig skipulag vinnutíma sem algengast er á Norðurlöndum. Meginmarkmið breytinganna er að stuðla að fjölskylduvænum vinnumarkaði með styttri heildarvinnutíma, sem jafnframt getur falið í sér hagræðingu og einföldun launakerfa á öllum vinnumarkaðnum. Í viðræðum um breytingu vinnutímaákvæða kjarasamninga verður m.a. fjallað um upptöku „virks vinnutíma“ og endurskoðun álagstímabila og álagsgreiðslna vegna vinnu utan dagvinnutímabils. Álagsgreiðslur vegna vinnu utan skilgreinds dagvinnutímabils eru hærri hér á landi en almennt gerist á Norðurlöndunum og hefur það m.a. þau áhrif að dagvinnulaun eru lægra hlutfall heildarlauna. Meginmarkmið breytinga verður að auka hlut dagvinnulauna í heildarlaunum og hvetja til umræðu á vinnustöðum um bætt skipulag vinnutíma og aukna framleiðni. Með því færast íslenskur vinnumarkaður nær því fyrirkomulagi sem þekktist víða á Norðurlöndunum. Bætt skipulag getur einnig stuðlað að styttri vinnutíma og þar með að fjölskylduvænni vinnumarkaði. Breytingar í þessa veru bæta stöðu Íslands í alþjóðlegum samanburði, bæði hvað varðar vinnutíma og grunnlaun, og getur þannig styrkt stöðu Íslands í samkeppni um starfsfólk. Gegn vinnutímabreytingum hækka launataxtar kjarasamninga auk þess sem lágmarkslaun einstakra starfa geta tekið breytingum ef sérstaklega þarf að bregðast við áhrifum breyttra álagsgreiðslna. Lágmarkstekjutrygging mun þó ekki hækka. Aðilar samkomulagsins munu skipa í vinnuhópa fyrir júnílok 2015 til þess að vinna að undirbúningi breytinga á vinnutímaákvæðum kjarasamninga. Um skipulag viðræðna skal gerð sérstök viðræðuáætlun, sbr. 23. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Stefnt er að því að samkomulag liggi fyrir í október 2016 og verði það borið undir atkvæði í nóvember 2016. Vinnutímabreytingar og launabreytingar því samhliða tækju gildi 1. maí 2017. Aðilar munu frá upphafi vinnunnar leita liðsinnis ríkissáttasemjara við

verkstjórn. Um atkvæðagreiðslu verður samið sérstaklega, en gengið er út frá því að einfaldaldan meirihluta þurfi til að samkomulagið öðlist gildi.“

Vinnuhópar hafa verið skipaðir og stefnt að verklokum eins og í bókuninni segir haustið 2016.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000 með síðari breytingum, 261. mál

Lög um fæðingar- og foreldraorlof frá árinu 2000 með síðari breytingum, hafa annars vegar að markmiði að tryggja barni samvistir við báða foreldra og hins vegar að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Starfshópur um mótun tillögu að framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum skilaði í síðasta mánuði tillögum til félags- og húsnæðismálaráðherra og í þeirri vinnu voru ofangreind markmið höfð að leiðarljósi.

Alþýðusamband Íslands átti fulltrúa í starfshópnum og er hér með vísað til skýrslunnar og þeirra megintillagna sem þar koma fram. ASÍ bendir sérstaklega á meðfylgjandi afstöðu sambandsins sem fylgdi með tillögunum.

„ASÍ telur að þær tillögur sem fram koma í skýrslu starfshóps um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum styrki markmið laganna um fæðingar- og foreldraorlof frá árinu 2000, þar sem annars vegar er kveðið á um að tryggja barni samvistir við báða foreldra og hins vegar að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Þótt ASÍ hefði viljað hraða þessum breytingum styður sambandið þá málamiðlun sem tillögur starfshópsins endurspeгла og sem fram koma í skýrslunni. Á þetta bæði við um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði til foreldra í fæðingarorlofi, lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði og skiptingu fæðingarorlofsins milli foreldra.

Í skýrslunni er lagt til að lenging fæðingarorlofsréttar hefjist 1. janúar 2019 og verði komin til fullra framkvæmda 1. janúar 2021. Þótt ASÍ hefði viljað sjá lengingu fæðingarorlofsréttar koma mun fyrr til framkvæmda, styður það tillöguna á þeim forsendum að hún feli í sér raunhæfa aðlögun í framkvæmd.

Samkvæmt útreikningum ASÍ eiga tillögur starfshópsins, eins og þær eru lagðar fram í skýrslunni, að rúmast innan þess tryggingargjalds sem Fæðingarorlofssjóður fékk á árunum 2012-2013, þ.e. 1,28% af tryggingagjaldinu, en gjaldið var lækkað um næstum helming árið 2014.

ASÍ telur mikilvægt að árétta þá afstöðu sína, að sambandið er alfarið á móti því að lækkun almenns tryggingargjalds komi niður á hlutdeild Fæðingarorlofssjóðs af tryggingargjaldinu. Endurreisn fæðingarorlofskerfisins og frekari framþróun þess verður hér að hafa forgang.“

Dingsályktunartillaga um stefnu og aðgerðir í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára, 338. mál

Alþýðusambandið tekur undir meginmarkmið tillögunnar um bætta geðheilsu og virkari samfélagsþátttöku einstaklinga sem glíma við geðraskanir. Tillögunni fylgir metnaðarfull aðgerðaráætlun til næstu fjögurra ára þar sem tekið er á mörgum brýnum verkefnum. Í henni er hins vegar ekki að finna langtíma stefnumörkun í geðheilbrigðismálum sem mikilvægt er að marka.

Í lið A.9. í aðgerðaráætluninni er fjallað um að unnið verði að því að mæta uppsafnaðri þörf geðfatlaðs fólks fyrir húsnæði og þjónustu. Markmið áætlunarinnar varðandi þennan þátt er að bjóða geðfötluðum sem útskrifaðir eru af geðsviði Landspítala en dvelja enn á spítalanum vegna skorts á búsetuúrræðum húsnæði. Hér er vissulega um brýnan bráðavanda að ræða sem nauðsynlegt er að ráða bót á nú þegar. Hins vegar ber að horfa til þess að viðvarandi skortur er á viðeigandi húsnæðisúrræðum fyrir einstaklinga með geðraskanir. Biðlistar eftir húsnæði í búsetukjörnum Reykjavíkurborgar og eftir félagslegu húsnæði á vegum sveitarfélaganna og annarra sem reka húsnæðisúrræði s.s. Brynja hússjóður eru langir og húsnæðisaðstæður margra ótryggjar og ófullnægjandi. Aðkallandi er að móta langtímastefnu í húsnæðismálum geðfatlaðra og tryggja nægilegt framboð á hentugu húsnæði fyrir þennan hóp. Alþýðusambandið ítrekar í þessu sambandi mikilvægi þess að gera gangskör í uppbyggingu á nýju félagslegu íbúðakerfi og tryggja að allir landsmenn búi við þá grundvallarvelferð að hafa húsnæðisöryggi í samræmi við þarfir.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999, (réttur til sambúðar á stofnunum), 352. mál

ASÍ styður framgang málsins.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðissamvinnufélög nr. 66/2003, 370. mál

Samkvæmt markmiðum sínum er frumvarpinu ætlað að skýra og styrkja réttarstöðu húsnæðissamvinnufélaga og félagsmanna þeirra. ASÍ tekur undir þau markmið og gerir ekki athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins. Frumvarpið hefur tekið minniháttar breytingum frá því að það var síðast lagt fram. Þær breytingar eru þó ekki tilgreindar sérstaklega. Svo virðist sem ekki hafi verið tekið tillit til tæknilegra athugasemda sem Íbúðalánasjóður gerði í umsögn sinni þá er málið var lagt fram á síðasta þingi en ASÍ tók undir þær athugasemdir og gerir enn.

Frumvarp til laga um siglingalög o.fl. (réttindi farþegaskipa, gerðarviðurkenning, skilgreiningar o.fl., EES-reglur), 375. mál

Engar athugasemdir gerðar.

Frumvarp til laga um um fasteignalán til neytenda, 383. mál

ASÍ styður markmið frumvarpsins eins og þau eru sett fram í 1. gr. þess þ.e. að tryggja neytendavernd við kynningu, ráðgjöf, veitingu og miðlun fasteignalána til neytenda. ASÍ vill hins vegar vekja athygli á því, að frumvarpið leiðir ekki til þess að hagnaður lánveitenda af endursölu og annarri fénýtingu þeirra traustu og veltryggðu verðbréfa sem til verða í viðskiptum lánveitenda og neytenda, skili sér í formi lægri vaxta til lántakenda. Sá vaxtamunur sem verður til í þeim viðskiptum, rennur alfarið til viðkomandi lánveitanda. Þessu er með öðrum hætti skipað m.a. í Danmörku þar sem lánveitendum er gert skylt að skilja að fasteignalánastarfsemi sína og aðra og áhættusæknari lánastarfsemi. Þeim er gert skylt að halda jafnvægi milli útlána sinna í þessu efni og þeirrar fjárflounar sem þeir eru í til þess að standa undir henni. Lánveitanda er tryggður eðlilegur hagnaður af starfseminni en hagnaðurinn (vaxtamunurinn), leiðir að öðru leyti til lægri vaxta hjá lántakendum. Þetta er gert í gegnum sérstakar húsnæðisveðlánastofnanir.

Frumvarp til laga um húsnæðisbætur (heildarlög), 407. mál

Frumvarpið er í meginráttum samhljóða frumvarpi sem lagt var fram á 144. þingi – mál 788.

Alþýðusambandið ítrekar fyrri umsögn sína um málið og leggur áherslu á að stórir hópar fólks búa við mikið óryggi á húsnæðismarkaði og hafa húsnæðiskostnað sem er langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Þetta veldur fjölskyldum bæði félagslegum og fjárhagslegum vanda sem er ólíðandi. Aukinn stuðningur við leigjendur er mikilvægur liður í að koma til móts við þennan vanda. Alþýðusambandið hefur á liðnum misserum komið að víðtækri stefnumótun í húsnæðismálum þar sem ítrekað hefur verið fjallað um nauðsyn þess að auka stuðning við leigjendur og auka jafnræði milli kaupenda og leigjenda. Húsnæðismál skipuðu einnig veigamikinn þátt við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði sl. vor og lagði verkalýðshreyfingin ríka áherslu á að stjórnvöld gerðu tafarlaust úrbætur í brýnum húsnæðismálum. Liður í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um húsnæðismál til að greiða fyrir kjarasamningum á almennum vinnumarkaði frá 28.maí 2015 var að stuðningur við leigjendur yrði aukinn og skyldi frumvarp þess efnis afgreitt á vörpingi 2015.

Alþýðusambandið styður framgang málsins og væntir þess að Alþingi afgreiði það tafarlaust.

Frumvarp til laga um almennar íbúðir (heildarlög), mál nr. 435

Frumvarpið er afrakstur víðtæks samráðs. Það byggir í grundvallaratriðum á þeirri stefnu sem Alþýðusambandið markaði sér haustið 2012 og sem kynnt var og útfærð í aðdraganda síðustu alþingiskosninga. Frumvarpið er enn fremur liður í aðgerðum ríkisstjórnar Íslands til að greiða fyrir gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði, sbr. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28. maí 2015. Framgangur þess er jafnframt mikilvægur þáttur þeirrar heildarlausnar sem aðilar vinnumarkaðar leita nú við endurskoðun kjarasamninga og sem ljúka þarf nú á fyrstu vikum ársins. ASÍ leggur mikla áherslu á að með þessu frumvarpi er lagður mikilvægur grunnur að því að hér myndist með tíð og tíma mikill félagsauður í formi íbúða fyrir tekjulága einstaklinga og tekjustreymi af húsaleigu þegar stofnlán hafa verið endurgreidd sem duga munu til þess að tryggja fjármögnun nýrra íbúða til að mæta þörfum nýrra kynslóða. ASÍ styður því eindregið framgang málsins og væntir þess að alþingismenn sameinist um afgreiðslu þess.

Þrátt fyrir þennan eindregna stuðning við framgang málsins vill ASÍ vekja athygli á því, að texti frumvarpsins geymir ekki með skýrum hætti það markmið sem skýrt kemur fram í greinargerð og fylgiskjölum, að framlög ríkis og sveitarfélaga skuli að jafnaði leiða til þess að leiga einstaklings með lágar tekjur nemi ekki hærra hlutfalli en 20–25% af tekjum. Ljóst er að við þenslu á fasteignamarkaði og hækkun fasteignaverðs getur 18% framlag ríkis og 12% framlag sveitarfélaga ekki dugað til þess að halda leigu innan framangreinds hlutfalls af tekjum. Á sama hátt geta þessi framlög verið það há þegar samdráttur verður á fasteignamarkaði og fasteignaverð lækkar, að leiga verður talsvert undir þessum mörkum. ASÍ telur því æskilegt að lögin geri ráð fyrir að hlutföll þessi geti verið breytileg og að þau á hverjum tíma verði stillt af m.v. framangreind hlutföll af tekjum. ASÍ vekur athygli á því að slíkt getur einnig leitt til þess að á samdráttartímum verði byggingamagn aukið en úr dregið á þenslutímum en hvorutveggja styður efnahagslegan stöðugleika og hvetur til aukinna framkvæmda og atvinnusköpunar á samdráttartímum en dregur úr umsvifum þegar þensla verður of mikil.

Frumvarp til laga um helgidagafrið (brottfall laganna), 575. mál

Almennir kjarasamningar gera ráð fyrir dagvinnu virka daga vikunnar frá mánudegi til föstudags. Fyrir vinnu utan dagvinnutímabils á virkum dögum, á laugardögum, sunnudögum og á samningsbundnum frídögum, greiðist ýmist almennt yfirvinnuálag (1,0385% af mánaðarlaunum) eða sérstakt stórhátíðarálag (1,375% af mánaðarlaunum). Ef samningsbundnir frídagar eru ekki unnir og falli þeir á virka daga eru þeir greiddir án vinnuframlags með dagvinnulaunum.

Samningsbundnir frídagar eru í tveimur flokkum:

Stórhátíðadagar þar sem greitt er stórhátíðarálag (1,375% af mánaðarlaunum) séu þeir unnir, teljast vera:

Nýársdagur (l. 32/1997 og l. 88/1971)

Föstudagurinn langi (l. 32/1997 og l. 88/1971)

Páskadagur (l. 32/1997 og l. 88/1971)

Hvítasunnudagur, (l. 32/1997 og l. 88/1971)

17. júní (l. 88/1971)

Aðfangadagur eftir kl. 12.00 (l. 32/1997 frá kl. 18, l. 88/1971 frá kl. 13)

Jóladagur (l. 32/1997 og l. 88/1971)

Gamlársdagur eftir kl. 12.00 (l. 32/1997 frá kl. 18, l. 88/1971 frá kl. 13)

Aðrir frídagar þar sem greitt er yfirvinnuálag (1,0385% af mánaðarlaunum) teljast vera auk laugardaga og sunnudaga:

Skírdagur (l. 32/1997 og l. 88/1971)

Annar í páskum (l. 32/1997 og l. 88/1971)

Uppstigningardagur (l. 32/1997 og l. 88/1971)

Sumardagurinn fyrsti (l. 88/1971)

1. maí (l. 88/1971)

Annar í hvítasunnu (l. 32/1997 og l. 88/1971)

Annar í jólum (l. 32/1997 og l. 88/1971)

Fyrsti mánudagur í ágúst (l. 88/1971)

Dagar þeir sem lög nr. 32/1997 telja upp eru skv. framansögðu ýmist launaðir með venjulegu yfirvinnuálagi eða stórhátíðarálagi.

Samkvæmt því frumvarpi sem til umsagnar er, skulu allir helgidagar sem taldir eru upp í lögum um 32/1997 um helgidagafrið, taldir eftirleiðis upp í lögum nr. 88/1971 auk þess sem 2.mgr. 6.gr. þeirra laga heldur sér en hún gerir fyrsta mánudag í ágúst að frídegi. Ekki er gert ráð fyrir því að breyta heimildum aðila vinnumarkaðar til þess að semja um frávík frá lögum 88/1971.

Samkvæmt framansögðu verður ekki séð að brottfall laga nr. 32/1997 muni hafa áhrif á kjarasamninga en æskilegt væri til þess að taka allan vafa af í því efni, að láta koma fram í greinargerð með lögnum, að þeim sé ekki ætlað að hafa nein áhrif á ákvæði kjarasamninga.

ASÍ hefur talað fyrir þessu fyrirkomulagi um nokkurra ára skeið og gaf út sérstaka skýrslu um þetta efni, Nýtt húsnæðislánakerfi að danskri fyrirmynd, og kynnti á 40. þingi sambandsins í október 2012. Skýrslan fylgir umsögn þessari. Þar er einnig að finna Frumvarp til laga um húsnæðisveðlán og húsnæðisskuldabréf ásamt greinargerð og byggir það á danskri fyrirmynd.

ASÍ hvetur eindregið til þess að sami háttur verði tekinn upp í þessu efni

hér á landi, eins og í Danmörku og Alþingi tryggi gildistöku slíkrar löggjafar samhliða þeirri sem nú er veitt umsögn um.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999, með síðari breytingum (framlenging gildistíma, hækkun á hlutfalli endurgreiðslu o.fl.), 618. mál Óskað hefur verið eftir umsögn Alþýðusambandsins vegna ofangreinds frumvarps. Færa má rök fyrir því að framlenging á gildistíma muni styðja enn fremur við vöxt íslenskrar kvikmyndagerðar ásamt því að geta frekar byggt upp jákvæða ímynd Íslands og íslenskrar náttúru. Hins vegar eru ekki færð sterk rök fyrir hækkun endurgreiðsluhlutfalls nema þau að hafa hlutfallið í samræmi við nýlegt endurgreiðsluferfi Norðmanna. Slík skattasamkeppni getur verið varasöm og vert að benda á að fleiri þættir ráða samkeppnishæfni aðrir en endurgreiðslur.

Óhjákvæmilegt er hins vegar að vekja sérstaka athygli á því að þau verkefni sem falla undir endurgreiðslur eru gjarnan unnin á skömmum tíma, við mikið álag og langa vinnudaga. Þeir hópar sem að verkefnum starfa eru svo gjarnan fjölbjóðlegir og hafa því litla þekkingu á almennum réttindum á íslenskum vinnumarkaði.

Í ofangreindu samhengi þykir ASÍ rétt að benda á að á Íslandi er við lýði skipulagður vinnumarkaður og í gildi eru lög og kjarasamningar sem gilda um öll störf. Rökstuddur grunur er uppi um að algengt sé að lög- og kjarasamningsbundin réttindi starfsfólks er starfar við kvikmyndagerð séu brotin. Hvað það varðar vísast m.a. til innsendrar umsagnar Félags kvikmyndagerðarmanna við frumvarp þetta.

ASÍ telur óbreytt kerfi ekki ganga án þess að mörkuð sé stefna um þátt launafólks í starfsemi. Það er skoðun ASÍ að ráðstöfun úr sameiginlegum sjóðum eigi ekki rétt á sér til starfsemi þar sem kjarasamningsbrot og launaþjófnaður tíðkast. ASÍ telur því nauðsynlegt að skilyrða fjárstuðning ríkissjóðs á þann hátt að greiðslur séu háðar því að framleiðslufyrirtæki og undirverktakar þeirra virði réttindi launafólks. Slík breyting myndi stuðla að heilbrigðum kvikmyndaiðnaði til framtíðar og jafnframt tryggja með betri hætti skiptingu þess ávinnings sem af fjárstuðningnum hlýst. ASÍ skorar því á atvinnuálanefnd Alþingis að stuðla að slíkri breytingu og ASÍ lýsir sig jafnframt reiðubúið að koma með frekari hætti að slíkri vinnu sé þess óskað.

Frumvarp til laga um rannsóknarnefndir, 653. mál

Alþýðusamband Íslands vekur athygli á því, að skv. 4.-6. mgr. 2. gr. frumvarpsins er einungis gert ráð fyrir að staða opinberra starfsmanna, þá er þeir eru kvaddir til rannsóknarstarfa, sé varin gagnvart launagreiðanda og

hvað varðar réttindi þeirra og réttarstöðu á vinnumarkaði. Mikill fjöldi hæfra einstaklinga, lögmanna og annarra er starfandi á almennum vinnumarkaði, innan fyrirtækja, hjá sjálfstæðum stofnunum og félagasamtökum. Brýnt er að Alþingi hafi val um nefndarmenn sem ekki séu í beinu ráðningarsambandi við hið opinbera og sem ekki eiga starfsframa sinn og velferð á vinnumarkaði undir framkvæmda- eða dómsvaldi, þeim hinu sömu og þeim kann að vera falið að rannsaka. ASÍ leggur til að frumvarpinu verði breytt í þessu tilliti og öðrum en opinberum starfsmönnum gert fært að taka sæti í rannsóknarnefnd eða vera einir í slíkri nefnd án þess að glata starfi og/eða réttindum á vinnumarkaði. Þetta á m.a. við rétt til launalauss leyfis og varðveislu og áframhaldandi ávinnslu réttinda sem tengjast starfstíma.

Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (tryggingagjald, samsköttun milli skattþrepa o.fl.), 667. mál

Líkt og m.a. fram kom í bókun Alþýðusambands Íslands með skýrslu starfshóps um framtíðarskipan fæðingarorlofsmála frá því mars sl. skilyrðir ASÍ samþykki sitt fyrir lækun tryggingagjalds við að sú lækun komi ekki niður á hlutdeild Fæðingarorlofssjóðs af tryggingagjaldi. Samkvæmt úrreikningum sambandsins rúmast tillögur starfshópsins innan þess tryggingagjalds sem Fæðingarorlofssjóður fékk á árunum 2012-2013, þ.e. 1,28% en framlagið var á árinu 2014 lækkað um nærri helming. Með þessu hafa stjórnvöld raskað mikilvægu jafnvægi iðgjalda til Fæðingarorlofssjóðs sem brýnt er að leiðrétta þannig að unnt sé að gera nauðsynlegar umbætur í fæðingarorlofsmálum.

Alþýðusambandið tekur undir efni 3. og 5. gr. frumvarpsins varðandi afnám heimildar til samsköttunar hjóna milli skattþrepa en sambandið hefur áður gagnrýnt þá ívilnun sem í þessu felst gagnvart hátekjufólki.

Frumvarp um breytingu á ýmsum lögum til að styðja við fjármögnun og rekstur nýsköpunarfyrirtækja og smærri fyrirtækja í vexti, 668. mál

Í frumvarpinu er meðal annars lagt til að skattaafsláttur verði veittur erlendum sérfræðingum með það að markmiði að auðvelda íslenskum fyrirtækjum að laða til sín ákveðna sérfræðipækkingu sem ekki finnst hér á landi. Byggt er á sænska fyrirkomulaginu sem felur í sér að 25% af heildartekjum, eftir greiðslu í lífeyrissjóð og tryggingagjalds, eru undanskildar skattgreiðslum. Meðfylgjandi athugasemdir snúa að þessum hluta frumvarpsins (3. gr. og 5. gr.).

Umræða um skort á færni og sérþekkingu á íslenskum vinnumarkaði er ekki ný af nálinni og á við um fjölbreyttan hóp starfa, ekki einungis þá sérfræðinga sem taldir eru upp í frumvarpinu (þ.e. sérfræðingar rannsóknnum, þróun, stjórnun, markaðssetningu, verkfræði, fjármálum, upplýsingatækni

o.fl.) heldur hefur um langt skeið verið víða vakin athygli á skorti á fjölbreyttum hópi iðnaðarmanna hér á landi t.d. í málmiðnaði. Það er jákvætt að tekin séu skref til að mæta þessum vanda, en vandinn er tvíþættur og þótt skattaafsláttur til erlendra sérfræðinga kunni að bæta stöðuna til skamms tíma á ákveðnum sviðum er brýnt að menntakerfið taki betur mið af eftirspurn vinnumarkaðarins til framtíðar.

Alþýðusambandið telur að verið sé að fara flókna leið með skipun nefndar sem horfir á þröng skilyrði um sérfræðinga og menntun. Þannig er sérþekking ekki alltaf bundin við menntun, og þá sérstaklega í nýjum og vaxandi greinum. Önnur leið væri að miða við tekjur t.d. líkt og gert er í Danmörku þar sem þeir teljast sérfræðingar sem hafa að lágmarki 62.394 DKK á mánuði. Í Svíþjóð eru þeir sjálfkrafa taldir sérfræðingar sem hafa yfir 82.000 SEK í tekjur á mánuði en geta þó verið taldir sérfræðingar með lægri tekjur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Alþýðusambandið telur að skýra þurfi nánar hvort markmiðið sé eingöngu að laða að erlenda sérfræðinga eða hvort það eigi einnig að taka til Íslendinga, en þetta er ekki skýrt í frumvarpinu og þau fimm ár sem miðað er við kunna að vera skammur tími ef skattaafsláttur nær til Íslendinga. Í Svíþjóð njóta þeir ekki skattaafsláttar sem áður hafa búið í Svíþjóð og í Danmörku hefur verið brugðist við með ákvæði sem setur skilyrði um að þeir njóti ekki skattaafsláttar sem hafi verið skattskyldir innan Danmerkur í 10 ár.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (hámarksgreiðslur sjúkratryggðra og þjónustustýring), 676. mál

ASÍ hefur á liðnum árum ítrekað fjallað og ályktað um nauðsyn þess að draga úr kostnaðarþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu og koma í veg fyrir að einstaklingar geti þurft að greiða tugi og jafnvel hundruð þúsunda vegna heilbrigðisþjónustu og lyfja. Auknum beinum útgjöldum sjúklinga fylgir verulega hættu á að kostnaður verði hindrun á aðgengi að nauðsynlegri þjónustu fyrir viðkvæma hópa sem eykur misskiptingu, bæði fjárhagslega, félagslega og heilsufarslega.

Alþýðusamband Íslands tekur heilshugar undir þann megintilgang frumvarpsins að setja hámark á þann kostnað sem sjúklingar þurfa að greiða fyrir heilbrigðisþjónustu, en gerir alvarlegar athugasemdir við fyrirætlanir um að fjármagna þakið eingöngu með aukinni kostnaðarþátttöku allflestira notenda heilbrigðisþjónustunnar. Ekki stendur til að auka fjármagn til málaflokksins og draga úr heildarkostnaðarþátttöku sjúklinga í heilbrigðisþjónustunni, sem í dag er of mikil hjá öllum hópum, heldur einungis að flytja kostnað á milli

hópa. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu leiðir þetta til þess að heildarkostnaður um 85.000 almennra notenda heilbrigðisþjónustunnar hækkar um 31% og um 37.000 aldraðra og öryrkja um 73% í kjölfar breytinganna. Enn fremur telur Alþýðusambandið það kostnaðarþak sem sett er fram í frumvarpinu (95.200 /63.500) of hátt ekki síst í ljósi þess að frumvarpið gerir ráð fyrir því að lyf séu áfram í sérstöku greiðsluþáttökukerfi og sálfræðiþjónusta, sem er mjög dýr fyrir einstaklinga, er áfram undanskilin greiðsluþáttöku sjúkratrygginga. Þar að auki eru þættir eins og tannlækningar, hjálpartæki, ferðakostnaður, o.fl. sem ekki eru hluti af almenna greiðsluþáttökukerfinu. Kostnaður vegna þessara þátta bætist þannig við hámarkskostnað sjúklinga skv. frumvarpinu. Margir munu því áfram hafa heilbrigðiskostnað sem fer talsvert umfram það hámark sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Þá lýsir Alþýðusambandið verulegum áhyggjum af því að sálfræðiþjónusta skuli ekki færð undir nýtt greiðsluþáttökukerfi í ljósi þess vaxandi fjölda sem glímir við andleg veikindi en aðgengi að þjónustu fyrir þennan hóp er takmarkað og kostnaður vegna hennar mörgum ofviða. Þetta hefur margvíslegar alvarlegar afleiðingar bæði fyrir einstaklinga og samfélagið allt. Umsóknir um greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarféлага bera þessu glöggt vitni en stór hluti umsækjenda eiga við andlega vanheilsu að stríða og svipaða sögu er að segja um þann hóp sem leitar ráðgjafar hjá Virk starfsendurhæfingar-sjóði.

Með frumvarpinu er að auki gert ráð fyrir heimild til þjónustustýringar með því að heimila að gjald fyrir ákveðna þætti heilbrigðisþjónustunnar (sérfræðilækna, rannsóknir og myndgreiningar) verði hærra, ef sjúklingur sækir þjónustu án tilvísunar frá heilsugæslulækni. Alþýðusambandið telur slíka breytingu til bóta, að því gefnu að heilsugæslan sé í stakk búin til að sinna hlutverki sínu sem fyrsti viðkomustaður sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Slík er ekki raunin í dag og til að svo geti orðið er nauðsynlegt að byrja á að styrkja rekstrargrundvöll heilsugæslunnar og tryggja öllum landsmönnum gott aðgengi að þjónustu hennar. ASÍ leggst þess vegna gegn því að tilvísunarákvæði verði tekið upp að sinni.

Nánari greining:

Staðan í dag

Kostnaðarþátttaka sjúklinga í heilbrigðiskerfinu hefur á síðustu þremur áratugum nær tvöfaldast og í dag standa heimilin undir um 20% af öllum heilbrigðisútgjöldum með beinni greiðsluþáttöku í heilbrigðiskerfinu. Heilbrigðisútgjöld heimila hafa þannig vaxið mun hraðar en útgjöld hins opinbera á undanförunum áratugum. Auknum beinum útgjöldum sjúklinga fylgir sú hætta að kostnaður verði hindrun á aðgengi að nauðsynlegri þjónustu

fyrir ákveðna hópa sem eykur misskiptingu, bæði fjárhagslega, félagslega og heilsufarslega.

Vísbendingar um þetta sjáum við í tölum um fjölda þeirra sem ekki sækja sér nauðsynlega lækniþjónustu vegna kostnaðar. Samkvæmt rannsókn Eurostat er mun hærra hlutfall fólks sem sækir sér ekki nauðsynlega heilbrigðisþjónustu vegna kostnaðar hér á landi en í nágrannalöndunum. Samkvæmt nýjustu tölum segjast um 3% Íslendinga ekki hafa sótt sér nauðsynlega lækniþjónustu vegna kostnaðar en innan við 0,5% á hinum Norðurlöndunum. Mikill munur er á svörum eftir tekjum en meðal tekjulægsta hópsins hér á landi eru um 6% sem hafa ekki sótt sér lækniþjónustu vegna kostnaðar en 0,6% þeirra tekjuhæstu. Þegar skoðaðar eru tölur um tannlæknaþjónustu er myndin enn verri en nærri fimmtungur tekjulægsta hópsins hér á landi segist ekki hafa sótt sér tannlæknaþjónustu vegna kostnaðar.

Bein greiðsluþátttaka sjúklinga vegna heilbrigðisþjónustu hér á landi er margþætt og misjafnar reglur gilda eftir því hvers konar heilbrigðisþjónusta er veitt, hvar hún er veitt og hvaða heilbrigðisstéttir það eru sem veita þjónustu. Greiðsluþátttökukerfi í heilbrigðisþjónustunni eru því í reynd fjölmörg og nokkuð flókin og samspil þeirra á milli í sumum tilvikum ekkert. Þannig geta mismunandi sjúklingahópar haft mjög misjafnan kostnað vegna veikinda sinna eftir því hvaða þjónustu þeir þurfa og hvar hún er veitt. Dæmi um þetta er að t.a.m. kostnaður einstaklings sem sækir þjónustu á göngudeild sjúkrahúss getur verið umtalsverður en liggja hann inni á sjúkrahúsinu er þjónustan gjaldfrjál. Einstaklingur sem fær kvilla sem meðhöndla má með lyfjum er mun betur varinn fyrir háum kostnaði en sá sem þarf langtímameðferð á göngudeild eða hjá sjúkrahjálfa. Þegar þörf er á fjölþættri þjónustu í heilbrigðiskerfinu, eins og við á í mörgum tilvikum þegar sjúklingur þarf t.a.m. bæði lækniþjónustu, rannsóknir, lyfjagjöf og jafnvel þjálfun, koma saman mörg greiðsluþátttökukerfi með ólíkar reglur og viðmið sem leiðir til þess að heildarkostnaður sjúklinga vegna veikinda getur orðið mjög hár.

Reglur um afsláttarfyriromulag þegar greidd hefur verið ákveðin upphæð fyrir tiltekna heilbrigðisþjónustu koma ekki í veg fyrir háan kostnað þar sem áfram er greitt fyrir þjónustuna, þótt verðið sé lægra. Auk þess nær afslátturinn eingöngu til ákveðinna þátta heilbrigðisþjónustunnar og gildir eingöngu innan almanaksárs sem þýðir að heildarkostnaður sjúklings getur ráðist að verulegu leyti af því hvenær ársins hann veikist. Almennt eru sjúklingar því illa varðir fyrir háum útgjöldum vegna veikinda. Segja má að sjálfsábyrgð sjúkratryggðra einstaklinga hér á landi geti því verið mjög há þar sem ekkert raunverulegt þak er á heildarkostnaði sjúklinga innan heilbrigðiskerfisins. Þannig geta alvarlega veikir einstaklingar þurft að greiða hundruð þúsunda úr eigin vasa og langveikir hafa margir fastan heilbrigðiskostnað sem er

verulegur hluti af mánaðarlegum ráðstöfunartekjum þeirra og takmarka mjög fjárráð til annarra þátta. Óhóflega gjaldtaka getur sömuleiðis takmarkað aðgengi, einkum tekjulægri einstaklinga og fjölskyldna og leitt til þess að nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu er sleppt vegna mikils kostnaðar.

Áformaðar breytingar

Með frumvarpinu er lagt til að komið verði á nýju greiðsluþáttökukerfi í heilbrigðisþjónustu þar sem sett verður hámark á kostnað sjúklinga vegna lækniþjónustu, rannsókna og þjálfunar auk þess sem reglur um gjaldtöku eru einfaldaðar og greiðsluhópar samræmdir milli þjónustubátta. Áfram er miðað við að lyf séu í sérstöku greiðsluþáttökukerfi og sálfræðiþjónusta er áfram utan almenna greiðsluþáttökukerfisins. Ekki er gert ráð fyrir að hlutdeild sjúklinga í heilbrigðiskostnaði lækki í heildina við breytingarnar heldur verði kostnaði dreift með öðrum hætti en nú er. Þetta mun leiða til þess að kostnaður þeirra sem þurfa fremur sjaldan að leita til heilbrigðisþjónustunnar hækkar talsvert en lækkar hjá þeim sem þurfa mikla þjónustu. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að unnt verði að beita þjónustustýringu í meira mæli en nú er til að styrkja heilsugæsluna sem fyrsta viðkomustað sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Þannig verði heimilt að gjald fyrir heilbrigðisþjónustu verði herra ef sjúklingur sækir þjónustu án tilvísunar frá heilsugæslu/heimilislækni. Einnig er gert ráð fyrir heimild til þess að gjaldtaka verði hærri ef þjónusta er sótt á aðra heilsugæslustöð en þá sem viðkomandi er skráður hjá. Ekki er þó gert ráð fyrir að nýta þessar heimildir að svo stöddu nema gagnvart börnum þar sem sérfræðilækniþjónusta, rannsóknir og myndgreiningar verða gjaldfrjáls ef tilvísun liggur fyrir frá heilsugæslu en að öðrum kosti greiða börn talsvert herra gjald fyrir þjónustuna en nú er.

Áhrif breytinganna á mismunandi hópa

Með breytingunum er tryggt að sjúklingar greiði ekki meira en sem nemur tiltekinni hámarksfjárhæð fyrir heilbrigðisþjónustu í hverjum mánuði og þak sett á þann kostnað sem myndast getur á 12 mánaða tímabili. Þetta fyrirkomulag tryggir að sjúklingar eru betur varðir fyrir óhóflega háum heilbrigðiskostnaði en nú er. Auk þess eru þeir sem eru langveikir og hafa að jafnaði fastan heilbrigðiskostnað allt árið betur varðir þar sem uppbygging kerfisins tryggir að ávallt er litið til kostnaðar undanfarinna mánaða við ákvörðun greiðsluþáttöku. Á hinn boginn gera þau drög að reglugerð þar sem upphæðir greiðsluþáttöku eru ákvarðaðar ráð fyrir að gjaldtaka aukist hjá öllum meginþorra notenda heilbrigðisþjónustunnar sem þurfa tilfallandi þjónustu. Þannig er ekki gert ráð fyrir að hlutdeild sjúklinga í heilbrigðiskostnaði breytist heldur verði kostnaði dreift með öðrum hætti

en nú er. Heildarkostnaður sjúklinga vegna umræddrar heilbrigðisþjónustu nam um 6,5 milljörðum króna árið 2015 og er miðað við að sú upphæð verði óbreytt að teknu tilliti til verðlagsþróunar.

Breytingin mun leiða til þess að kostnaður hækkar mest hjá almennum notendum og lífeyrisþegum sem þurfa sjaldan að nota heilbrigðisþjónustu en lækka hjá þeim sem þurfa mikla þjónustu og börnum. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu má gera ráð fyrir að kostnaður um 48% sjúkratryggðra einstaklinga hækki við breytingarnar en lækki hjá um 30%. Þannig hækkar heildarkostnaður ríflega 85.000 almennra sjúklinga um 688 milljónir króna á ári, eða sem nemur 31% og tæplega 37.500 lífeyrisþega um 503 milljónir króna, eða 73%. Á móti lækkar heildarkostnaður tæplega 27.000 almennra sjúklinga um 852 milljónir króna og 17.600 lífeyrisþega um 259 milljónir, eða 36%.

Yfirlit yfir heildarkostnað í núverandi greiðsluþátttökukerfi og nýju kerfi skv. frumvarpi

Hópur	Fjöldi í hóp	Heildarfjárhæð í núverandi kerfi milljónir kr.	Heildarfjárhæð í nýju kerfi milljónir kr.	Breyting milljónir kr.	Breyting í %	Meðaltalsbreyting á ársgrundvelli kr.
Almennir sjúklingar	85.143	2.218	2.906	+ 688	+ 31%	+ 8.100
	47.817	266	266	0	0	0
	26.971	2.359	1.507	- 852	- 36%	- 31.600
Aldraðir og öryrkjar	37.431	687	1.190	+ 503	+ 73%	+ 13.400
	261	0	0	0	0	0
	17.590	727	468	- 259	- 36%	- 14.900

Samkvæmt drögum að breytingum á reglugerð um greiðsluþátttöku sjúklinga í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu sem fylgir frumvarpinu er gert ráð fyrir umtalsverðum gjaldskrárhækkunum samhliða breytingunni einkum hjá sérfræðilæknum og í myndgreiningum hjá almennum sjúklingum en gjaldskrár öryrkja og aldraðra hækka umtalsvert fyrir flesta þjónustuþætti. Sjá nánar samantekt um breytingar á gjaldtöku einstakra þátta í viðauka I sem fylgir umsögninni.

Samantekt:

Alþýðusambandið tekur undir eftirfarandi þætti frumvarpsins:

- Gerð er breyting á greiðsluþátttökukerfinu sem tryggir að þak á kostnaðarþátttöku sjúklinga fyrir ákveðna þætti heilbrigðiskerfisins sem ver

sjúklinga betur en nú er fyrir óhóflega háum kostnaði vegna veikinda og slysa. Alþýðusambandið gagnrýnir hins vegar upphæð og fjármögnun þaksins.

- Sjúkra-, tal- og iðjuþjálfun er færð undir greiðsluþátttökukerfið sem mun draga úr kostnaði margra sem þurfa á þeirri þjónustu að halda.
- Greiðsluþátttökukerfið er einfaldað nokkuð og jafnræði sjúklingahópa eykst.
- Tímasetning veikinda innan árs ræður ekki lengur heildarkostnaði sjúklinga þar sem miðað er við sk. fljótandi greiðslutímabil og ávallt horft á kostnað sjúklinga innan kerfisins á undangengnum mánuðum.
- Sérstakt tillit er tekið til barna og barnmargra fjölskyldna þar sem horft er á samlagðan kostnað allra barna innan sömu fjölskyldu.

Alþýðusambandið gerir athugasemdir við eftirfarandi þætti frumvarpsins:

- Pak á kostnaðarþátttöku er eingöngu fjármagnað með tilfærslu á kostnaði frá þeim sem nú greiða mjög háan heilbrigðiskostnað yfir til þeirra sem þurfa sjaldnar á þjónustu að halda. Þetta leiðir til þess að kostnaður alls meginþorra þeirra sem þurfa á tilfallandi heilbrigðisþjónustu að halda hækkar talsvert, bæði hjá almennum notendum en ekki síður hjá lífeyrisþegum og getur orðið til þess að viðkvæmir hópar sækja sér síður nauðsynlega tilfallandi heilbrigðisþjónustu vegna kostnaðar. Þannig mun heildarkostnaður þeirra 85.000 almennu sjúklinga sem hafa tilfallandi heilbrigðiskostnað hækka um 31% og þeirra 37.000 lífeyrisþega sem hafa tilfallandi heilbrigðiskostnað hækka um 73%.
- Lyf eru áfram aðskilin frá annarri heilbrigðisþjónustu og sérstakt greiðsluþátttökukerfi í gildi vegna þeirra. Þetta leiðir til þess að sjúklingar sem þurfa bæði meðferð með lyfjum og annarri heilbrigðisþjónustu geta haft kostnað sem nemur samanlögðu hámarki innan beggja kerfa, eða um 157.000 krónur á ársgrundvelli (95.200+62.000) og 104.500 (63.500+41.000) hjá öldruðum og öryrkjum. ASÍ telur að kostnaður vegna lyfja og annarrar heilbrigðisþjónustu skuli falla undir eitt og sama greiðsluþátttökukerfið.
- Sálfræðiþjónusta sem er áfram undanskilin almennri greiðsluþátttöku sjúkratrygginga. Vaxandi fjöldi fólks glímur við andleg veikindi en aðgengi að þjónustu fyrir þennan hóp er takmarkað og kostnaður vegna hennar mörgum ofviða. Þetta hefur margvíslegar alvarlegar afleiðingar bæði fyrir einstaklinga og samfélagið allt. Í þessu samhengi má benda á að algengt er að kostnaður hvern meðferðartíma hjá sjálfstætt starfandi sálfræðingi sé á bilinu 12.000-15.000 krónur.

- Það kostnaðarþak sem sett er fram í frumvarpinu (95.200 /63.500) er of hátt, ekki síst m.t.t. þess að lyf og sálfræðiþjónusta er utan þess hámarks ýmissa annarra þátta heilbrigðisþjónustunnar, s.s. tannlækningar, hjálpartæki, ferðakostnaður, o.fl. Kostnaður vegna þessara þátta bætist þannig við hámarkskostnað sjúklinga skv. frumvarpinu. Margir munu því áfram hafa heilbrigðiskostnað sem fer talsvert umfram það hámark sem frumvarpið gerir ráð fyrir.
- Nauðsynlegt er að heilsugæslan sé í stakk búin til að sinna því hlutverki að vera fyrsti viðkomustaður sjúklinga í heilbrigðiskerfinu áður en þjónustustýringu er beitt þannig að gjaldtaka sé hærrí fyrir tiltekna þjónustuþætti hafi sjúklingur ekki tilvísun frá heilsugæslu. Fjöldi fólks hefur í dag ekki fastan heimilislækni og biðtími í heilsugæslunni er víða of langur. Nauðsynlegt er að byrja á að styrkja rekstrargrundvöll heilsugæslunnar og tryggja öllum aðgengi að henni áður en þetta skref er stigið. ASÍ leggst gegn því að tilvísunarákvæði verði tekið upp að sinni.
- Ekkert mið er tekið af samanlögðum heildarkostnaði einstaklinga innan sömu fjölskyldu. Þannig getur samanlagður heildarkostnaður heimilis vegna heilbrigðisþjónustu og lyfja áfram verið umtalsverður.
- Gjaldtaka hjá sérfræðilæknum og vegna rannsóknar og greiningar er enn ógagnsæ og erfitt fyrir sjúklinga að átta sig á heildarkostnaði sínum.

Frumvarp til lyfjalaga (heildarlög, EES-reglur), 677. mál

Lyf eru ólík öðrum neytendavörum þar sem þau eru í reynd mikilvægur hluti af heilbrigðiskerfinu. Það er réttlætismál að jafnræðis sé gætt í verðlagningu á þessari heilbrigðisþjónustu eins og annarri, gagnvart öllum neytendum, hvar sem er á landinu.

Markmið frumvarpsins er meðal annars að stuðla að hagkvæmri dreifingu lyfja á grundvelli eðlilegrar samkeppni. Í því ljósi er mikilvægt að tryggja að upplýsingar um vörur og verð séu aðgengilegar neytendum, öðruvísi þrífst ekki heilbrigð samkeppni. Alþýðusambandið hefur áður vakið athygli á því að erfitt er að nálgast upplýsingar um verð lausasölulyfja þar sem þau eru gjarnan staðsett fyrir aftan afgreiðsluborð og merkingar litlar og ólæsilegar. ASÍ hefði viljað sjá aukna áherslu á verðupplýsingar lausasölulyfja til neytenda í frumvarpinu.

Alþýðusambandið fagnar rýmkun heimilda til þess að selja lausasölulyf utan hefðbundinna lyfjabúða þar sem aðgengi fólks, sér í lagi á dreifðari landsvæðum, kemur til með að aukast við það.

Alþýðusambandið tekur undir mikilvægi þess sem fram kemur í 62. grein frumvarpsins að söluaðilar sem vilja selja ávísunarskyld lyf á lægra verði en

hámarksverði skv. lyfjaverðskrá skulu tilkynna það til Lyfjastofnunar sem birtir það í næstu útgáfu lyfjaverðskrár auk þess sem söluaðilum er gert að selja það á sama verði á öllum sölustöðum sínum.

Í 62. grein er einnig fjallað um skipun ráðgjafanefndar um lyfjaverð og greiðsluþátttöku. Í nefndinni eiga Öryrkjabandalagið og Neytendasamtökin fulltrúa en athygli vekur að aðrir sjúklingahópar, eldri borgarar og launafólk eiga ekki fulltrúa í nefndinni eins og eðlilegt væri. ASÍ telur æskilegt að endurskoða þetta.

Þingsályktunartillaga um rannsókn á aflandsfélögum Íslendinga og skattundanskotum, 711. mál

Alþýðusamband Íslands styður eindregið framgang þessarar tillögu og þá nauðsynlegu rannsókn og greiningu sem hún boðar.

Frumvarp til laga um útlendinga, 728. mál

Í athugasemdum segir m.a. um þau markmið sem frumvarpinu er ætlað að ná fram: „Ný löggjöf þarf að taka mið af og samræmast þörfum íslensks samfélags með tilliti til hagvaxtar, aukinnar kröfu um samkeppnishæfni landsins og leggja aukna áherslu á mannúð og réttindavernd þeirra sem hingað koma.“ Hér eru sett fram háleit og mikilvæg markmið.

Á þeim stutta tíma sem gefist hefur til að fjalla um frumvarpið frá því það var sent til umsagnar eru engar forsendur til að meta hvort efni þess mæta framangreindum markmiðum. Þá er ljóst að ýmsum spurningum er ósvarað varðandi skipulag og stuðning af hálfu ríkis, sveitarfélaga og annarra sem málið varðar til að mæta þeim kröfum sem frumvarpið gerir til aðstoðar og þjónustu við útlendinga sem hingað koma og hér dvelja á grundvelli nýrra laga, einkum umsækjenda um alþjóðlega vernd. Þá verður ekki séð að farið hafi fram heildstætt mat á því hvaða mögulegu áhrif það getur/mun hafa á framkvæmdina m.a. út frá vinnumarkaðssjónarmiðum og mögulegar afleiðingar fyrir vinnumarkaðinn og samfélagið allt verði frumvarpið að lögum. Slíkt mat snýr að mögulegum áhrifum á vinnumarkaðinn. Slíkt mat varðar jafnframt sveitarfélögin, kostnað þeirra og getu til að veita þá þjónustu og úrræði sem felast í frumvarpinu. Það sama gildir um ríkið og stofnanir þess. Æskilegt hefði verið að slíkt mat lægi fyrir.

Almenn afstaða Alþýðusambands Íslands

Samhliða nýjum lögum um útlendinga eru lagðar til breytingar á lögum um atvinnuréttindi útlendinga til samræmis. Alþýðusambandið hefur litið þannig á að lögini um atvinnuréttindi útlendinga séu fyrst og fremst vinnumarkaðsmál og að veiting atvinnuleyfa eigi almennt að vera á þeim grundvelli. Þetta sé

meginregla þótt aðrir þættir komi til s.s. er varðar umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Þá hefur Alþýðusambandið bent á að íslenskur vinnumarkaður sé vel skipulagður og í öllum meginatriðum sátt um það fyrirkomulag sem hér ríkir og að því er fast fylgt eftir af stéttarfélögunum að réttindi allra sem hér starfa séu virt. Áhersla hefur jafnframt verið lögð á að mikilvægt sé að vera útlendinga á íslenskum vinnumarkaði raski ekki því fyrirkomulagi sem fyrir er eða leiði til undirboða á vinnumarkaði og svartrar atvinnustarfsemi:

- ° Það eru hagsmunir þeirra sem fyrir eru á vinnumarkaði.
- ° Það eru hagsmunir þeirra útlendinga sem hingað koma til starfa.

Hvoru tveggja eru félagsmenn stéttarfélaganna sem við gætum hagsmuna fyrir.

Allir sem hingað koma til dvalar og starfa eiga að njóta fullra réttinda og vera fullgildir á vinnumarkaði. Þessu hefur okkur tekist að ná í öllum aðalatriðum, í þenslunni/bólunni á síðasta áratug – og samdrættinum sem á eftir fylgdi. Það hefur hins vegar kostað mikla vinnu.

Tryggja verður að þeir útlendingar sem hér starfa njóti allra réttinda sem þeim ber, séu vel upplýstir um stöðu sína og réttindi og geti leitað réttar síns með einföldum og skilvirkum hætti. Það á að vera sameiginlegt úrlausnarefni stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins (þar sem stéttarfélögin eru helsti samskiptaadilinn).

Í því samhengi er mikilvægt að benda á þann ört vaxandi vanda sem við stöndum frammi fyrir á vinnumarkaði vegna alltof margra fyrirtækja, erlendra og íslenskra, sem stunda undirboð á vinnumarkaði og ólöglega atvinnustarfsemi. Vandinn er stærstur þar sem vöxturinn er mestur, í byggingariðnaði og mannvirkjagerð og ferðaþjónustunni. Og brotastarfsemin beinist að þeim sem „eru veikastir fyrir“. Þekkja minnst þau kjör og réttindi sem hér gilda og hafa síst þrek og áræði til að sækja sinn rétt. Við erum að tala um útlendingana sem hingað koma til starfa og eru sóttir til fátækustu ríkja Evrópu og þriðja heimsins þar sem kjör og öll réttindi eru allt önnur og lakari en hér þekkist. Við sjáum jafnframt að aðferðunum sem er beitt eru „þróaðri“ og brotastarfsemin ósvífnari en áður.

Verst eru brotin gagnvart erlenda verkafólkinu sem borgað eru laun langt undir því sem kjarasamningar segja til um. Þar sem starfsreynsla og starfsréttindi eru einskis virt. Yfirvinnu- eða vaktavinnulaun ekki greidd. Þar sem öryggi og aðbúnaður á vinnustað er með öllu óásættanlegt. Og þeim er gert að gista á verkstæðisloftum og iðnaðarhúsnæði. Eða í hálfgerðum gettóm þar sem þeim er troðið, mörgum saman, í litlar herbergiskytrur og látnir borga fyrir okurleigu.

Og atvinnurekendurnir gera allt til að koma í veg fyrir að þetta erlenda verkafólk fái upplýsingar um rétt sinn og halda því markvisst frá stéttarfélagunum. Reyndi það engu að síður að sækja sinn rétt er því hótad atvinnumissi og að það verði sent úr landi. Í atvinnuleysið og örbirgðina heima fyrir. Þannig er spilað á varnarleysi, hræðslu og ótta. Verstu tilfellingur eru mansal, þar sem erlenda launafólkið er hneppt í hreinan þrældóm og haldið föngnu, eins og nýleg dæmi sanna.

Við fáum nú innsýn í skuggahliðar hnattvæðingar, skipulagðrar brotastarfsemi og óbilgirni erlendra og íslenskra fyrirtækja, sem ekki víla fyrir sér að misnota og brjóta á erlendu verkafólki til að skapa sér samkeppnisforskot á markaði og auka gróða sinn.

Nýjasta dæmið er síðan svokölluð „sjálfboðaliðastarfsemi“ og „starfsþjálfun“. Þar sem ungt fólk erlendis frá er látið vinna launalaust við framleiðslu- og þjónustustörf, einkum í ferðaþjónustu, í samkeppni við fyrirtæki sem virða kjarasamninga og lög og greiða sínu starfsfólki laun.

Það er sammerkt með allri þessari brotastarfsemi að reynt er með öllum tiltækum ráðum að komast undan því að greiða skatta og skyldur til samfélagsins.

Á þessari brotastarfsemi tapa allir nema svindlararnir.

Í fyrsta lagi tapar útlenda launafólkið og ungmennin sem brotið er á.

Í öðru lagi tapar allt íslenskt launafólk, því með undirboðum á vinnumarkaði er grafið undan kjörum og réttindum sem hér gilda. Árangri af áratuga starfi og baráttu verkalyðshreyfingarinnar og íslensks launafólks er stefnt í hættu.

Í þriðja lagi tapa öll heiðarleg fyrirtæki sem jafnframt eru kjölfestan í íslensku atvinnulífi og koma fram af virðingu við sitt starfsfólk og greiða sín gjöld til samfélagsins. Með undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi er grafið undan samkeppnisstöðu þeirra.

Í fjórða lagi tapar samfélagið allt. Fyrirtæki sem stunda félagsleg undirboð og svarta atvinnustarfsemi eru jafnframt að koma sér undan því að greiða skatta og leggja sitt til samfélagsins. Þau grafa undan heilbrigðis-, velferðar-, menntakerfinu, því velferðarsamfélagi sem við viljum hafa.

Í umræðu og lagasetningu um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði er mikilvægt að hafa framangreindar staðreyndir í huga. Þá varðar ekki síst þá löggjöf sem hér er til umfjöllunar, þótt fleira komi til, enda beinast brotin ekki síður að EES-borgurum sem hingað koma til starfa. Alþýðusambandið hefur lagt ríka áherslu á að gegn framangreindri brotastarfsemi verði allir sem málið varðar að leggja sitt af mörkum: Aðilar vinnumarkaðarins, stjórnvöld, löggjafarvaldið, fjölmiðlar og allur almennigur.

Í framangreindu ljósi verður að skoða þær ábendingar og athugasemdir sem hér fylgja á eftir.

Ábendingar og athugasemdir

Á þeim skamma tíma sem fékkst til að lesa yfir efni frumvarpsins og athugasemdir með því (alls 190 bls.) hefur ekki gefist tækifæri til að fara í saumana á öllum ákvæðum þess, auk þess sem heildstætt mat á mögulegum áhrifum frumvarpsins liggur ekki fyrir eins og áður hefur verið vikið að.

Þá er rétt að geta þess að mörg atriði í frumvarpinu eru sannanlega til bóta s.s. hvað varðar kærunefndina sbr. 6. gr. og móttökumiðstöð sbr. 27. gr. Einnig má segja að breytingar sem lagðar eru til að lögnum um atvinnuréttindi útlendinga séu margar til bóta og gera lögin skýrari þannig að auðveldara er að vinna eftir þeim fyrir alla aðila sem að þessum málum koma. Þá fær Vinnuálastofnun auknar heimildir til að kalla eftir upplýsingum frá atvinnurekendum til að sannreyna forsendur atvinnuleyfa og er það vel.

Hér á eftir verður fjallað um nokkra þætti er varða sérstaklega vinnumarkaðinn. Umfjöllunina ber að skoða m.a. í ljósi þess sem segir hér að framan um vaxandi brotastarfsemi á íslenskum vinnumarkaði, þar sem útlendingar eiga í hlut. Hvernig sú brotastarfsemi grefur undan þeim vinnumarkaði og þeim réttindum sem áunnist hafa með áratuga baráttu og almenn samstaða er um í dag.

65. gr. Dvalarleyfi vegna náms.

Mikilvægt er að tekin verði af öll tvímæli um að þegar um er að ræða „starfsnám á vinnustað“ eða „starfsþjálfun á vinnustað“ sem hluta af námi þá sé um raunverulegt nám eða starfsþjálfun að ræða, en ekki ólaunaða eða lítt launaða vinnu, sem að öðrum kosti væri unnin að starfsmanni sem njóta á launa og annarra starfskjara í samræmi við íslenska kjarasamninga eða lög. Þannig er eðlilegt að gerðar séu kröfur um að námið/starfsþjálfunin sé á grundvelli ítarlegs samnings sem kveður m.a. á um í hverju námið/starfsþjálfunin skuli fólgin. Námið/starfsþjálfunin sé í umsjá og undir leiðsögn til þess bærts fagaðila og að neminn komi ekki í stað launaðs starfsmanns. Að öðrum kosti á reglan um atvinnuleyfi skv. lögum um atvinnuréttindi útlendinga við og þau skilyrði sem henni fylgja.

Í þessu sambandi skal einnig vísað til 122. gr. frumvarpsins um breytingar á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, þar sem lögð er til breyting 1. mgr. 23. gr. laganna í þá veru að undanþágan nái líka til „doktors- og starfsnema“, án þess að hugtakið starfsnemi sé skilgreint með fullnægjandi hætti.

Koma mætti framangreindum skilyrðum fyrir í reglugerð vegna 65. gr. en ekki er gert ráð fyrir slíku í frumvarpinu.

67. gr. Dvalarleyfi fyrir sjálfboðaliða og trúboða.

Fagna ber þessari grein frumvarpsins, enda virðist hún ramma ágætlega inn þær takmarkanir sem eðlilegt er að gera hvað varðar starfsemi sjálfboðaliða. Greinin og efni hennar eru í ágætu samræmi við þær áherslur sem Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins hafa í þessum efnunum.

68. gr. Dvalarleyfi vegna vistráðningar.

Dvalarleyfi vegna vistráðninga hafa lengi verið umdeild í ljósi ítrekaðra dæma sem komið hafa upp um að framkvæmdin hefur verið með öllu óásættanleg og viðkomandi einstaklingar í reynd notaðir sem ódýrt vinnuafli, þar sem reglur um greiðslur og vinnutíma eru að engu hafðar.

Mikilvægt er að lögnum fylgi strax frá upphafi skýrar reglur varðandi þá þætti sem tilteknir eru í síðustu mgr. 68. gr. og þeim fylgt eftir af festu.

122. gr. Breyting á lögum um atvinnuréttindi útlendinga.

Fjórði töluliður. Breytingar á 8. gr. laganna. Í stað orðanna „eins árs“ í 1. másl. 4. mgr. kemur: tveggja ára.

Gerð er tillaga um það að atvinnuleyfi sem veitt sé í fyrsta skipti skuli nú veitt til tveggja ára strax í upphafi í stað eins árs og síðan til tveggja ára komi til framhaldsumsóknar eins og verið hefur.

Sérstök ástæða er til að gjalda varhug við þessari breytingu.

Eins og lögin og framkvæmdin er núna er leitað til stéttarfélaganna þegar atvinnuleyfi er endurnýjað til að fá endurnýjaða umsögn viðkomandi félags á atvinnuleyfinu og þá sannreynt hvort viðkomandi hafi greitt til stéttarfélags eins og ráðningarsamningurinn segir til um, og notið þannig verndar kjarasamnings og laga. Þá er einnig yfirfarið hvort viðkomandi sé enn á réttum launum og hafi fengið samningsbundnar hækkanir á tímabilinu.

Með því að lengja þennan tíma í tvö ár eykst hættan á að viðkomandi sé hlunnfarinn um laun og önnur starfskjör án þess að brugðist sé við í tíma. Þannig eykst hættan á undirboðum á vinnumarkaði og annarri brotastarfsemi gagnvart útlendingum sem hér starfa. Þá verður ekki séð að það séu einhver málefnaleg rök fyrir að lengja tímamann sem atvinnuleyfið er veitt í fyrsta skipti. Það sem vísað er til í athugasemdum um „þarfir atvinnulífsins“ á ekki við, þar sem framlenging er veitt, nema fram komi alvarlegar athugasemdir við framkvæmdina og þá hvað varðar brot gagnvart viðkomandi starfsmanni.

Sextándi töluliður. Breyting verði á 1. mgr. 23. gr. laganna: Í stað orðanna „fjórar vikur“ í 1. másl. kemur: 90 daga.

Bent skal á að undanþágan nær m.a. til:

e. Ökumenn fólksflutningabifreiða sem skráðar eru í erlendu ríki, enda hafi þeir komið með erlenda ferðamenn í bifreiðunum til landsins.

g. Starfsmenn, ráðgjafar og leiðbeinendur sem vinna að sérhæfðri samsetningu, uppsetningu, eftirliti eða viðgerð tækja.

Í ljósi vaxandi áhyggna af brotastarfsemi í ferðaþjónustu og þess að skilgreiningin á því hverjir falla undir g. lið er óljós og að komið hafa upp álitá- og ágreiningsmál hvað það varðar leggst ASÍ gegn því að undanþágan verði lengd, a.m.k. í tilfellum e. og g.

Sextánda töluliður. Breyting verði á 1. mgr. 23. gr. laganna: A-liður orðast svo: Vísinda- og fræðimenn, þ.m.t. doktors- og starfsmenn, í tengslum við kennslu-, fræði- eða vísindastörf hér á landi eða sambærilega starfsemi, og skal þá viðkomandi útlendingur hafa lokið háskólanámi í tengslum við það starf sem um ræðir.

Hér vísast til umsagnar um 65. gr. frumvarpsins. Þegar hafa komið upp mál þar sem „starfsmenn“ hafa verið notaðir til undirboða á vinnumarkaði. Það er því varhugavert að útvíkka heimildina með þeim hætti sem lagt er til og leggur ASÍ til að breytingartillagan verði felld niður.

Að lokum

Alþýðusambandið leggur til að við afgreiðslu frumvarpsins verði tekið tillit til framangreindra ábendinga og athugasemda.

Þingsályktunartillaga um alþjóðlegar viðskiptaþvinganir gagnvart lág-skattaríkjum, 733. mál

Alþýðusamband Íslands styður eindregið framgang þessarar tillögu.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum (þunn eiginfjármögnun), 735. mál

Alþýðusambandið tekur undir markmið frumvarpsins um að vinna gegn möguleikum á skattasniðgöngu með sk. þunnri eiginfjármögnun þar sem félög eru yfirskuldsett með lánum frá tengdum aðilum. Með frumvarpinu er komið í veg fyrir að tengdir aðilar geti hagrætt skattstofni sínum með því að flytja tekjur og gjöld milli landa og komið sér þannig hjá því að greiða skatta til sameignlegra sjóða.

Alþýðusambandið styður eindregið framgang málsins.

Þingsályktunartillaga um fjármálastefnu og fjármálaáætlun fyrir árin 2017-2021, 740. og 741. mál

Í ályktun miðstjórnar ASÍ um ríkisfjármálaáætlun 2017-2021 frá 18. maí sl. segir:

Miðstjórn Alþýðusambandsins gagnrýnir hardlega forgangsroðun í ríkis-

fjármálum sem fram kemur í þingsályktun um fjármálaætlun fyrir árin 2017-2021. Í áætluninni er hvorki að finna merki þess að efnahagsstefna stjórnvalda til næstu ára muni treysta efnahagslegan stöðugleika né undirbyggja félagslega velferð og aukinn jöfnuð í samfélaginu.

Slaki í ríkisfjármálum samhliða vaxandi spennu í hagkerfinu og uppgangi á vinnumarkaði mun ýta undir ofpenslu og óstöðugleika og vinna gegn peningamálastefnunni. Það mun auka verðbólguþrýsting og hækka vexti.

Samhliða þessu er misskipting aukin og dregið úr félagslegum stöðugleika með því að veikja mikilvæg stuðningskerfi á borð við barna- og húsnæðisbótakerfin. Brýnar velferðarumbætur eins og uppbygging félagslegs húsnæðiskerfis, innleiðing nýs húsnæðisbótakerfis og endurskoðun almannaþrygginga eru án fullnægjandi fjármögnunar í áætluninni.

Ekki er tryggt nauðsynleg fjármögnun á þjónustu heilbrigðiskerfisins og lækun á sjúklinga. Í allt of ríkum mæli byggir framtíðarsýn stjórnvalda í velferðarmálum á þeirri forsendu, að jöfnun byrða eigi að afmarkast við viðkomandi hópa. Þannig á að fjármagna þak á útgjöld til heilbrigðismála með hækkun á almenna þjónustu, fjármagna á félagslegt húsnæðiskerfi og húsnæðisbótakerfi með skerðingum á öðrum þáttum velferðarkerfisins og breytingar á almannatryggingakerfinu eiga í of ríkum mæli að fjármagnast með auknum tekjutengingum.

Þessi stefnumörkun stjórnvalda styður á engan hátt við þau markmið sem sett voru fram í rammisamkomulagi aðila vinnumarkaðarins, um bætt og breytt vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Rammisamkomulag þessara aðila byggir á sameiginlegri ábyrgð á eflingu kaupmáttar byggðum á efnahagslegum og félagslegum stöðugleika. Verkalýðshreyfingin mun ekki sætta sig við að stjórnvöld skili auðu og leggi enn og aftur byrðarnar á herðar launafólks.

Alþýðusambandið fagnar þeim breyttu vinnubrögðum sem nýleg lög um opinber fjármál kveða á um varðandi framlagningu fjármálaáætlunar um markmið í opinberum fjármálum til næstu fimm ára. Að setja slíkan ramma er mikilvægur liður í að skapa aga og yfirsýn um rekstur hins opinbera og móta stefnu á langtímagrundvelli. Sú forgangsroðun sem birtist í áætluninni veldur hins vegar verulegum vonbrigðum, einkum í ljósi þeirrar samræðu og vinnu sem staðið hefur yfir undanfarin misseri við innleiðingu á nýju samningalíkani á íslenskum vinnumarkaði.

Seðlabankinn bendir í nýútkomnum Peningamálum á að nokkur slaki sé nú þegar til staðar í ríkisfjármálunum sem er samdóma mati hagdeildar ASÍ. Áætlunin gerir ráð fyrir áframhaldandi slaka samhliða vaxandi spennu í hagkerfinu og uppgangi á vinnumarkaði sem ýtir undir ofpenslu og

óstöðugleika og vinnur gegn peningamálastefnunni. Afleiðingarnar og viðbrögð Seðlabankans eru fyrirsjáanleg. Verðbólguþrýstingur eykst, vextir hækka og þrýstingur á gengi krónunnar eykst.

Í fjármálaáætluninni birtast vísbendingar um hvernig stjórnvöld hyggjast nýta opinber fjármál til að forgangsraða verkefnum og skipta byrðum í samfélaginu næstu árin. Það er mat ASÍ að sú stefna sem sett er fram í áætluninni viðhaldi þeirri vegferð sem stjórnvöld hafa verið á við að auka misskiptingu og veikja innviði velferðarsamfélagsins. Frá byrjun kjörtímabilsins hafa skattkerfisbreytingar einkum miðað að því að lækka skatta á tekjuhærri heimili og eignafólk en þar er skemmst að minnast afnáms auðlegðarskatts og lækkunar veiðigjalda auk þess sem fyrir liggur að 80 milljarða króna framlag sem varið var til lækkunar verðtryggðra húsnæðislána féll tekjuhærri heimilum í skaut í mun meira mæli en þeim tekjulægri. Samhliða þessu hafa jöfnunartæki á borð við barnabætur, vaxtabætur og húsaleigubætur markvisst verið veikt sem dregur úr vægi og jöfnunarhlutverki stuðningskerfanna. Ekki er annað að sjá en að þessari meginstefnu sé áfram fylgt í nýrri fjármálaáætlun og gert sé ráð fyrir að veikja stuðningskerfin enn frekar og þrengja þann hóp sem þau ná til. Þetta eykur ójöfnuð og grefur undan félagslegum stöðugleika.

Velferðarumbætur á borð við uppbyggingu félagslegs húsnæðiskerfis og innleiðingu nýs húsnæðisbótakerfis eru ófjármagnaðar í áætluninni og ekki annað að sjá en að gert sé ráð fyrir að draga úr öðrum húsnæðisstuðningi til að fjármagna þær. Stefnan er þannig að jafna innan þess hóps sem þarf húsnæðisstuðning en ekki milli hans og annarra hópa. Þetta er svipuð stefna og mörkuð er gagnvart gjaldtöku af sjúklingum í heilbrigðiskerfinu þar sem ekki er lagt fram neitt viðbótarfjármagn heldur einungis gert ráð fyrir að jafna kostnaði innan þess hóps sem þarf heilbrigðisþjónustu. Óljót er sömuleiðis hvernig fjármagna á brýnar umbætur í almannatryggingakerfinu sem samstaða er um að nauðsynlegt sé að ráðast í. Þessi hugmyndafræði er ekki til þess fallinn að dreifa byrðum og auka jöfnuð.

Ekki grundvöllur að nýju samningamódeli á vinnumarkaði

Síðastliðið haust undirrituðu aðilar vinnumarkaðarins rammisamkomulag um bætt og breytt vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Samkomulagið byggir á að aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld axli sameiginlega ábyrgð á því að auka kaupmátt byggðan á efnahagslegum og félagslegum stöðugleika. Í því sambandi hefur verið horft til hinna Norðurlandanna um fyrirmyndir. Afstaða Alþýðusambandsins til nýs samningalíkans hefur ávallt byggt á því að eining um trausta félagslega velferð sé órjúfanleg forsenda þess að launafólk axli ábyrgð á efnahagslegum stöðugleika í kjarasamningum. Ljóst er að sú stefnu-mörkun stjórnvalda í opinberum fjármálum sem birtist í fjármálaáætluninni

er ekki sá nauðsynlegi grundvöllur að nýju samningamódeli á íslenskum vinnumarkaði sem til þarf.

Til að treysta efnahagslegan stöðugleika og félagslega velferð sem skapar grundvöll fyrir nýtt samningamódel á vinnumarkaði leggur ASÍ til að:

- Skattkerfisbreytingar verði endurskoðaðar og m.a. horft til þess að:
 - Tekinn verði að nýju upp auðlegðarskattur
 - Veiðigjöld verði hækkuð
 - Lagður verði alvöru hátekjuskattur á ofurlaun
- Barna- og húsnæðisbótakerfin verði eflað sem mikilvæg tekjujöfnunartæki, ekki síst fyrir ungt fólk
- Nægilegu fjármagni verði varið í myndarlega uppbyggingu á nýju leiguþúðakerfi til að leysa húsnæðisvanda tekjulágra heimila
- Heilbrigðiskerfinu og öldrunarþjónustunni verði tryggt nægilegt rekstrarfé og dregið verði úr greiðsluþátttöku sjúklinga
- Fjármagn verði tryggt til nauðsynlegra umbóta á almannatryggingakerfinu sem bæta samspil við lífeyrissjóðina og auka áherslu á starfsendurhæfingu
- Fæðingarorlofsgreiðslur verði hækkaðar og fæðingarorlof lengt til samræmis við niðurstöður starfshóps um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum.

Frumvarp til laga um félagasamtök til almannaheilla, 779. mál

Alþýðusamband Íslands styður það markmið frumvarpsins að auka gegnsæi og ábyrgð félagasamtaka sem gefa sig út til þess að starfa til almannaheilla og sem vilja njóta tiltekinna réttarstöðu gagnvart stjórnvöldum og trúverðugleika gagnvart samfélaginu.

Ein af niðurstöðum úr því nefndarstarfi sem gerð er grein fyrir í athugasemdum var sú að „Löggjöfin mætti ekki verða íþyngjandi fyrir félagasamtök og gæta yrði að því að þrengja ekki að möguleikum félagasamtaka til að ákvarða sitt innra skipulag.“ Það frumvarp sem óskað er umsagnar um er nokkuð ítarlegt og mælir einnig fyrir um strangar refsingar í 9. kafla vegna tiltekinna brota og er fyrirmynd þess sótt í hlutafélagalög.

Um er að ræða ramma utan um frjáls félagasamtök sem njóta verndar stjórnarskrár. Ætla má að því ítarlegri sem ramminn sé aukist líkur á því að lögin kunni að geta stangast á við stjórnarskrá en þessi félög gegna ekki sérstöku lögbundnu hlutverki líkt og á við um stjórnmalaflokka, stéttarfélög, lífeyrissjóði o.fl.

Sértaka athygli vekja m.a. í þessu efni heimildir stjórnvalda í 35. gr. til

þess að slíta félagi hafi það m.a. „... brotið verulega gegn skilgreindum tilgangi samkvæmt samþykktum sínum.“. Sama á við um ákvæði 9. kafla. Þar er í b.lið 45. gr. og í 46. gr. mælt fyrir um allt að tveggja ára fangelsi vegna brota á því sem lýtur m.a. að innri málefnum félags auk þess sem almenn hegningarlög mæla fyrir um refsingar fyrir sumt af því sem þarna er fjallað er um. Um sérrefsilöggjöf er því að ræða sem lýtur að starfsemi frjálsra félagasamtaka af þeirri ástæðu einni að þau fá skráningu sem almannaheillafélög.

Það er álit ASÍ að vel fari á því að Alþingi hyggi vel að því hvort þessu frjálsa félagsformi sé ekki sniðinn of þröngur stakkur í fyrirliggjandi frumvarpi og bendir í því sambandi m.a. á eftirfarandi ákvæði þess: a. liður 10. gr., 2. mgr. 13. gr., 1. mgr. 22. gr., 2.tl. 1. mgr. 23. gr., 1. mgr. 26. gr., 27. gr., 28. gr. og 7. kafla í heild sinni.

Frumvarp til laga um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum o.fl., 787. mál

Alþýðusambandið styður eindregið markmið frumvarpsins um reglusetningu og aðgerðir til að sporna gegn skattsvikum vegna eigna í lágskattaríkjum. Upplýsingar sem fram hafa komið undanfarið gefa vísbendingar um gríðarleg skattaundanskot vegna eigna í skattaskjólum. Stjórnvöldum ber með öllum tiltækum ráðum að koma í veg fyrir að útvaldir hópar geti með slíkum leiðum komið sér hjá því að greiða réttmætan hlut til sameiginlegra sjóða landsmanna.

Þingsályktunartillaga um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2016-2019, 764. mál

Alþýðusamband Íslands fagnar tillögu um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir tímabilið 2016-2019 sem lögð hefur verið fram.

Eins og fram kemur í athugasemdum sem fylgja þingsályktunartillögunni þá kemur Ísland vel út í úttekt Alþjóðæfnahagsráðsins sem fjallar um jafnrétti kynja. Við trónum þar efst á lista og höfum verið þar í nokkur ár. En skýrslan endurspeglar ekki þann raunveruleika sem við búum við í dag. Það eru vankantar á aðferðarfræði ráðsins, meðal annars er ekki tekið tillit til eða spurt um vinnutíma, álag í starfi, skiptingu heimilisstarfa eða ábyrgð á uppeldi barna og umönnun aldraðra þótt rannsóknir sýna fram á að framangreindir þættir hafa mikil áhrif á stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði.

Í framkvæmdaáætluninni er kafli merktur B. Vinnumarkaður – Launa-jafnrétti kynja.

Í maí 2015 var gefin út yfirlýsing mikil rannsóknarskýrsla Staða kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði – staðreyndir og staða þekkingar. Skýrslan staðfestir að staða kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði er ólík þótt framfarir hafi orðið í jafnréttisátt. Fram kemur í skýrslunni að konur séu líklegri til að vinna hlutastörf og hverfi frekar af vinnumarkaði til að

sinna ólaunuðum umönnunarstörfum. Tekjur kvenna endurspeglast í lægri lífeyrisgreiðslum sem að stórum hluta eru greiddar úr sameiginlegum sjóðum. Einnig kemur fram að atvinnuþátttaka hér á landi er ein sú mesta sem mælist meðal OECD-ríkja. Vinnuvikan er löng, karlar í fullu starfi vinna að meðaltali 47 klukkustundir á viku og konur 42 klukkustundir á viku. Við bætist ólaunuð heimilis- og umönnunarstörf sem konur sinna að stórum hluta.

Undir lið B. er einnig fjallað um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum. Mikilvægt er að endurreisa fæðingarorlofskerfið sem hefur verið mörgum fyrirmynd vegna mikillar þátttöku fedra, en á því hefur verið breyting undanfarin ár. Þátttaka fedra hefur dregist saman og framkvæmd fæðingarorlofsins verið gagnrýnd harðlega, sérstaklega hvað varðar upphæðir greiðslna. Þessar breytingar á hámarksgreiðslum hafa haft þær afleiðingar að sifellt færri fedur nýta 3 mánaða rétt sinn og fleiri mæður nýta sinn rétt og sameiginlegan rétt.

ASÍ bendir á tillögur starfshóps um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum sem skipaður var fulltrúum stjórnvalda og aðilum vinnumarkaðarins. Starfshópurinn skilaði skýrslu í apríl sl. og eru þar helstu tillögur eftirfarandi:

- Foreldrar fái fyrstu 300.000 kr. af viðmiðunartekjum óskertar.
- Foreldrar fái 80% af viðmiðunartekjum sem eru umfram 300.000 kr.
- Hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði verði 600.000 kr.
- Samanlagður réttur foreldra verði 12 mánuðir.

Einnig má geta þess að Hagstofan birti tölur í júní sl. um fæðingar og frjósemi fyrir árið 2015. Þar kemur fram að fæðingartíðni hér á landi hefur aldrei verið lægri en það ár. Gjarnan er talað um að fæðingartíðni þurfi að vera hærri en 2,1 til að viðhalda mannfjöldanum en á Íslandi hefur fæðingartíðni verið lægri en 2,1 nær allar götur frá 1995 ef frá eru talin árin 2008-2011. Síðan þá hefur hún tekið skarpa dýfu niður á við og á síðasta ári, samkvæmt gögnum Hagstofunnar, var fæðingartíðni 1,805 og því aldrei verið lægri.

Mörg lönd mæta lægri fæðingartíðni með því að hvetja til aukinna barneigna m.a. með betri samhæfingu vinnu og fjölskyldu, hækkun barnabóta og betra foreldraorlofi. Umræða um versnandi kjör ungs fólks hér á landi hefur verið áberandi undanfarið. Ljóst er að stuðningur við barnafólk, fæðingarorlof og kostnaður við barneignir og daggæslu er hluti af þeirri umræðu.

Eitt af stærstu verkefnum vinnumarkaðarins er að jafna kjaramun kynjanna og vinna gegn hinni þrálátu kynskiptingu vinnumarkaðarins. Því telur ASÍ mikilvægt að fulltrúar sambandsins sitji í öllum þeim nefndum, vinnuhópum og eða ráðum þar sem fjallað er um og ákvarðanir teknar um stöðu kynja á vinnumarkaði.

Þingsályktunartillaga um staðfestingu samnings Íslands og Evrópu-sambandsins um viðskipti með landbúnaðarvörur, 783. mál

Utanríkismálanefnd hefur óskað eftir afstöðu Alþýðusambandsins á samningi Íslands og Evrópusambandsins um viðskipti með landbúnaðarvörur. Málið er nátengt búvörusamningum en Alþýðusambandið hefur lagt skýra áherslu á að horfa þurfi til viðtækra hagsmuna í tengslum við stefnumótun í landbúnaði, ekki einungis hagsmuni framleiðenda og afurðastöðva heldur einnig launafólks í greininni og neytenda. Líkt og rakið er í greinargerðinni á tollasamningurinn sér þó nokkurn aðdraganda þar sem upphaf þeirra má rekja til þess að innlendir aðilar höfðu áhuga á auknum tollfrjálsum útflutningi inn á markaði Evrópusambandsins.

Meginmarkmið búvörusamninga (þ.e. mjólkurframleiðslu) hafa frá árinu 2004 verið að stuðningur við greinina eigi að stuðla að hagræðingu, aukinni samkeppni og lægra vöruverði til neytenda. Þar er einnig getið að greinin eigi að fá svigrúm til að takast á við erlenda samkeppni en sátt ríkti um þessi markmið í vinnu nefndar sem vann að stefnumótun í mjólkurframleiðslu. Ljóst er að heilmiklar breytingar hafa orðið á mjólkurframleiðslu frá 2004 en fákeppni og einokun hamla því að tækniframfarir, samþjöppun og stækkun búa skili sér í lægra verði til neytenda. Í því samhengi er rétt að benda á nýlega ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að leggja 480 m.kr. sekt á Mjólkursamsöluna vegna alvarlegra brota á samkeppnislögum en í úrskurði Samkeppniseftirlitsins segir m.a. „að MS hafi með mjög alvarlegum hætti brotið Samkeppnislög“ og „Var þetta til þess fallið að veita þeim verulegt samkeppnisforskot gagnvart keppinautum. Með þessu móti var geta keppinauta til þess að keppa við MS og tengd félög skert með alvarlegum hætti og markaðsráðandi staða MS varin. Er það til þess fallið að skaða á endanum hagsmuni neytenda og bænda.“

Alþýðusambandið hefur lengi kallað eftir lækkun tolla og einnig talið mikilvægt að samkeppni aukist með landbúnaðarvörur ásamt því að mótuð sé sókndjörf landbúnaðarstefna með það að markmiði að auka framleiðslu, gæði og bæta hag neytenda, launafólks og bænda. Réttá leiðin í þeim efnum er að gerðir séu samningar um gagnkvæma opnun markaða. Með þessum hætti verða til tækifæri til aukins útflutnings innlendirar framleiðslu en með ofangreindum samningi verður til tollfrjáls kvóti fyrir svínakjöt, alifuglakjöt, unnið lambakjöt og ost ásamt því að tollfrjáls kvóti fyrir skyr nærri tífaldast ásamt verulegri aukningu lambakjötskvóta á mörkuðum Evrópusambandsins. Að sama skapi aukast tollkvótar fyrir erlendar vörur hér á landi sem stuðla að samkeppni og hvetja framleiðendur til aukinnar hagræðingar í framleiðslu.

Ólíkt fyrirkomulag stuðnings og styrkja í landbúnaði og framleiðslu gerir það að verkum að mikill munur er á áhrifum samningsins á ólíkar greinar enda ljóst að töluverður munur er á stuðningi í mjólkurframleiðslu, sauðfjárrækt

annars vegar og svo alifugla og svínarækt hins vegar. Það er því jákvætt að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hafi skipað starfshóp sem sérstaklega er ætlað að kanna áhrif samningsins á einstakar búgreinar, þá sérstaklega svína- og alifuglaræktendur.

Tollar voru felldir niður í garðyrkju árið 2002 ásamt því að komið var á beingreiðslukerfi. Reynslan af breytingunum var jákvæð þar sem verð til neytenda á gúrkum, papriku og tómötum lækkaði á bilinu 30-50%. Innlend framleiðsla hefur aukist á gúrkum og tómötum ásamt því að framleiðendur hafa haldið markaðshlutdeild á meðan framleiðslu á papriku hefur gefið eftir.

ASÍ hvetur því Alþingi til að staðfesta samning Íslands og Evrópusambandsins um viðskipti með landbúnaðarvörur.

Frumvarp til laga um námslán og námsstyrki, 794. mál

Um alllangt skeið hefur verið unnið að endurskoðun laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna (21/1992). Hér er um mikilvægt hagsmunamál að ræða fyrir þá einstaklinga sem málið varðar, atvinnulífið og samfélagið allt. Hlutverk sjóðsins er að gefa námsmönnum tækifæri til að mennta sig án tillits til efnahags og skila til samfélagsins vel menntuðum einstaklingum. Alþýðusambandið telur að þær breytingar sem lagðar eru til á fyrirkomulagi námsaðstoðar í frumvarpinu, bæði er varðar námslengd, námsstuðning og endurgreiðslubyrði séu á heildina til þess fallnar að draga úr jöfnuði og jafnrétti til náms. Þá styðji breytingarnar ekki nægilega við þá sem stunda iðn- og verknám en mikil þörf er á að fjölga nemendum í þeim greinum.


Með það í huga vill Alþýðusamband Íslands gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Námsstyrkur

- Hver og einn nemandi fær 65.000 kr. á mánuði, 9 mánuði ársins í námsstyrk óháð stöðu, þó að hámarki í 45 mánuði (5 ár). Námsmaður getur tekið lán sem nemur mismuninum á framfærslugrunni LÍN og styrkupp hæðinni.


Að mati Alþýðusambandsins er jákvætt að innleiða námsstyrki, en sú leið sem farin er að greiða öllum hópum sömu upphæð í námsstyrk og hækka á sama tíma vexti, afnema tekjutengingu og takmarka lánstíma, dregur verulega úr jöfnunaráhrifum námslánakerfisins. Að hafa styrkupp hæðina þá sömu óháð framfærslubyrði og félagslegri stöðu leiðir til þess að lántökuþörf þeirra sem hafa mikla framfærslu lækkar hlutfallslega mun minna en þeirra sem hafa litla framfærslubyrði. Þar af leiðir að afnám tekjutengingar á endurgreiðslum, hækkan vaxta og takmörkun á endurgreiðslutíma mun þyngra verulega

endurgreiðslubyrði þeirra sem hafa mesta námslánaþörf, nema hjá tekjuhærri einstaklingum.



Mynd 1

Eins og sjá má á mynd 1 er námsstyrkurinn hærra hlutfall af framfærsluþörf eftir því sem framfærslubyrði er minni. Þetta endurspeglast svo í samanburði höfuðstóls námslána að námi loknu. Sem dæmi sýnir mynd 2 samanburð á stöðu höfuðstóls við fyrstu afborgun í núverandi kerfi og í nýju kerfi eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Við útreikning lánsins var gert ráð fyrir að námsmaður tæki fullt lán fyrir þriggja ára námi. Lánsfjárhæð miðast við það sem úthlutunarreglur skólaársins 2016-2017 gerir ráð fyrir, nema í nýja kerfinu er styrkurinn dreginn frá og vextir hærri (2,5% auk þess sem gert var ráð fyrir 0,5% aukaálagi)



Mynd 2


Samanburðurinn leiðir í ljós að einhleypir og barnlausir hagnast hlutfallslega mest á breytingunni. Fyrir einhleypan námsmann sem býr í foreldrahúsum er höfuðstóll námsláns við lok náms í nýju kerfi ríflega 80% lægri en í því gamla þar sem styrkuppghæðin er hlutfallslega há í samanburði við framfærslu. Minnstu munar á höfuðstólnum við lok námstímans í nýja og gamla kerfinu hjá einstæðum foreldrum, eða um 20%, enda er styrkurinn mun minni hluti framfærsluþarfar þess hóps.

Sú leið sem lögð er til í frumvarpinu að greiða námsstyrk sem hlutfall af námsframvindu umfram 22 ETCS einingar og takmarka tímalengdina við 45 mánuði, takmarkar styrkveitingar til þeirra sem ekki hafa tök á að stunda fullt nám þar sem þeim er ekki gert kleift að dreifa styrkveitingunni yfir lengra tímabil. Auk þess eru þær takmarkanir að hafa hámarkið aðeins 45 mánuði, til þess fallnar að t.a.m. námsmaður sem nýtt hefur námsstyrkinn til sveinsprófs (sem að jafnaði er þrjú ár), fer svo eitt ár í aðfarnám og þaðan í háskóla, hefur aðeins möguleika á styrk í eitt ár í háskólanámi. Hann mun fullnýta styrkinn áður en hann lýkur námi og þurfa að taka fullt lán.


Endurgreiðslur

- Hætt verður að tekjutengja endurgreiðslur námslána líkt og nú er. Þess í stað er fer endurgreiðslutíminn eftir aldri námsmanns, nú er gert ráð fyrir að námslán sé greitt upp fyrir 67 ára aldur en uppgreiðslutíminn getur að hámarki orðið 40 ár. Endurgreiðslur námslána hefjast einu ári eftir að námi lýkur í stað tveggja ára í núgildandi kerfi. Nýbreytni er að lánsfjárhæð lækkar um 10% á ári eftir 50 ára aldur, og lánsréttur fellur þannig niður við 60 ára aldur.

Ljóst er að hingað til hafa félagsleg sjónarmið ráðið því fyrirkomulagi sem verið hefur á endurgreiðslu námslána, þar sem miðað hefur verið við að endurgreiðslurnar séu ekki verulega íþyngjandi fyrir viðkomandi. Við endurgreiðslur lána í nýju frumvarpi, er mikil breyting frá núverandi kerfi. Byrja þarf að greiða af lánnum einu ári eftir námslok, greitt verður mánaðarlega og samhliða öðrum lánnum sem þegar hafa verið tekin hjá LÍN. Miðað er við höfuðstól lánsins óháð tekjum eins og verið hefur og einnig fjölda endurgreiðsluára og aldurs. Áfram er gert ráð fyrir að námslánin séu eftirágreidd. Nemendur á fyrstu námsönn eru undir það seldir að taka bankalán eða útvega sér framfærslu með öðrum hætti. Í þessu felst ljóslega aukakostnaður (fyrir námsmanninn og kerfið í heild), auk þess sem fjárhagsaðstæður viðkomandi geta hamlað því að hann geti skapað sér framfærslu (þ.m. fengið lán hjá lánastofnun). Skiptir þar ekki öllu að greiða á vaxtastyrki. Fyrir liggur að framangreindar kröfur hafa skapað fjölmörgum vanda síðustu misseri vegna aðstæðna mikils fjölda einstaklinga, bæði lántakenda og mögulegra ábyrgðamanna, í framhaldi af hruninu. Mikilvægt er að þessar staðreyndir verði hafðar í huga við setningu laganna nú. Að öðrum kosti kunna framangreind skilyrði að leiða til alvarlegrar mismununar á grundvelli efnahags. Leggur ASÍ áherslu á að teknar verði upp samtímagreiðslur. Myndir 3 og 4 sýna samanburð á afborgunum láns vegna þriggja ára náms. Sýnd eru mismunandi dæmi eftir hjúskaparstöðu, og fjölda barna, þ.e. þær breytur sem ákvarða upphæð lánsins og svo aldri þegar námi lýkur en það er sú stærð sem hefur áhrif á afborgunartímabil og þar með fjárhæð mánaðarlegra afborgana.




Mynd 3




Mynd 4

Mánaðarlegar afborganir yrðu lægstar ef námsmaður er undir 27 ára aldri þegar námi lýkur og getur fullnýtt sér réttinn til þess að borga niður lánið á 40 árum. Afborganirnar hækka svo eftir því sem námsmaður er eldri þegar námi lauk. Þar sem engin tekjutenging er á lánunum er greiðslubyrði hærri eftir því sem höfuðstóll/framfærslubyrði námsmanns er hærri. Þannig er mánaðarleg afborgun einstæðs foreldris með tvö börn um 32.000 krónur á mánuði við upphaf afborgana ef viðkomandi er yngri en 27 ára þegar endurgreiðsla hefst, en um 15.500 hjá barnlausum einstaklingi. Sé námsmaður 40 ára þegar endurgreiðsla hefst er mánaðarleg greiðslubyrði hjá einstæðu foreldri með tvö börn tæplega 39.000 á mánuði samanborið við t.a.m. um 19.000 hjá barnlausum einstaklingi.

Greiðslubyrði námslána er í dag tekjutengd, þannig að greitt er 3,75% af tekjum ársins, þó aldrei lægra en föst greiðsla sem var um 127.000 krónur á árinu 2016. Til að bera saman greiðslubyrði sem hlutfall af tekjum í nýju og núverandi námslánakerfi má skoða hversu háar tekjur námsmaður þarf að hafa til þess að greiðslubyrði í nýja námslánakerfinu sé sambærileg og í núverandi kerfi – þ.e. 3,75% af tekjum ársins. Á myndum 5 og 6 má sjá hvaða einstaklingur þarf að hafa í laun til að greiðslubyrði í nýju kerfi sé óbreytt hlutfall tekna m.v. að tekið sé fullt námslán fyrir 3 ára nám. Sé námsmaður yngri en 27 ár þegar endurgreiðsla hefst (mynd 5) þarf einstætt foreldri með tvö börn t.a.m. að hafa ríflega 848.000 krónur á mánuði til þess að greiðslubyrði sé ekki meiri en 3,75% af tekjum líkt og í núverandi kerfi. Séu tekjurnar lægri verður greiðslubyrðin hlutfallslega þyngri.



Mynd 5



Mynd 6

Ef skoðuð er endurgreiðslubyrði sem hlutfall af launum fyrir námsmann sem tekur fullt námslán í þrjú ár og hefur endurgreiðslu fyrir 27 ára aldur (tafla 1) annarsvegar og sá sem hefur endurgreiðslu fyrir 40 ára aldur (tafla 2), má sjá eftirfarandi niðurstöður.

Mánaðarlaun	Einhleypur í foreldrahúsum	Einhleypur barnlaus	Einhleypur - 1 barn.	Einhleypur - 2 börn	Sambúð - 1 barn	Sambúð - 2 börn
400.000	0,5%	3,9%	6,6%	8,0%	4,5%	5,7%
500.000	0,4%	3,1%	5,2%	6,4%	3,6%	4,6%
600.000	0,3%	2,6%	4,4%	5,3%	3,0%	3,8%
700.000	0,3%	2,2%	3,7%	4,5%	2,6%	3,3%
800.000	0,3%	1,9%	3,3%	4,0%	2,2%	2,9%

Tafla 1

Mánaðarlaun	Einhleypur í foreldrahúsum	Einhleypur barnlaus	Einhleypur - 1 barn.	Einhleypur - 2 börn	Sambúð - 1 barn	Sambúð - 2 börn
400.000	0,6%	4,7%	8,0%	9,7%	5,5%	6,9%
500.000	0,5%	3,8%	6,4%	7,8%	4,4%	5,6%
600.000	0,4%	3,1%	5,3%	6,5%	3,6%	4,6%
700.000	0,4%	2,7%	4,6%	5,5%	3,1%	4,0%
800.000	0,3%	2,4%	4,0%	4,8%	2,7%	3,5%

Tafla 2

Glöggjt má sjá að endurgreiðslubyrði (sem hlutfall af launum) þeirra sem eru einhleypir hækkar umtalsvert. Einnig er staða fólks í sambúð með tvö börn afleit. Það er alveg ljóst að staða þeirra sem hefja nám eftir hlé versnar umtalsvert. Þeir sem útskrifast af verk- og iðnnámsbrautum eru að meðaltali 27 ára og því að jafnaði eldri þegar þeir hefja háskólanám. Það segir sig sjálfst að þeim er gert erfiðara fyrir skv. tillögum frumvarpsins, þar sem búið er að afnema tekjutengingu, setja hámarksárafjölda á lánin og því verður greiðslubyrðin hærri eftir því sem fólk er eldra sem hefur nám. Ljóst er að með afnámi tekjutengingar aukast líkur á því að lánþegar geti lent í greiðsluerfiðleikum, auk þess sem búast má við að það hafi áhrif á námsval. Þarna er ekki um jöfnuð að ræða og alls ekki tekið tillit til þeirra sem eru á vinnumarkaði og hafa verið lengi og vilja snúa aftur í nám. Tryggja verður jöfn tækifæri til náms án tillits til efnahags og að horft verði m.a. til fjölskyldustærðar, búsetu og annarra félagslegra þátta.

Vextir og álag

- Vextir námslána hækka úr 1% í 2,5% að viðbættu álagi sem er ákveðið í úthlutunarreglum hvers árs og jafngildir væntum afföllum af

endurgreiðslu. Vextir reiknast frá fyrstu útborgun láns í nýju kerfi ólíkt því sem nú er þegar engir vextir reiknast fyrir en skuldabréfi er lokað að námi loknu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að álag til að mæta afskriftarþörf lánasjóðsins skuli ákveðið í úthlutunarreglum hvers árs. Ekki er gert ráð fyrir neinu hámarki á það álag og lántökum þannig ætlað að bera að fullu áhættuna af afföllum sjóðsins. Eins og rakið er hér að framan mun þessi breyting bitna harðast á þeim hópum sem hafa hvað mesta þörf fyrir námsaðstoð og hafa þyngsta framfærslu.

Stjórn

Í 21. grein frumvarpsins er fjallað um skipun stjórnar og verkefni. Það er eindregin skoðun ASÍ að eðlilegt sé að aðilar stærstu samtaka vinnumarkaðarins eigi fulla aðild bæði að lánsþæfismatsnefnd og stjórn LÍN, enda ljóst að samkvæmt frumvarpinu er bæði nefndinni og stjórninni færð mikil völd um útfærslu og framkvæmd laganna.

Að lokum

Að mati Alþýðusambands Íslands er mikilvægt að nýta það tækifæri sem nú gefst með endurskoðun laganna um Lánasjóð íslenskra námsmanna til að mæta þeim kröfum um breyttar áherslur sem settar hafa verið fram á síðustu árum. Miklu varðar að hér takist vel til og að lögin í endanlegum búningi endurspegli framsækna menntastefnu og sýn á það hvernig nýta má námslána- og námsstyrkjakerfið til að auka jafnrétti til náms og stuðla að auknu menntunarstigi þjóðarinnar.

Forsendur útreikninga í umsögn ASÍ um frumvarp til laga um námslán og námsstyrki 794. Mál.

Við útreikninga var gert ráð fyrir að:

- Námsmaður tæki fullt lán fyrir þriggja ára námi.
- Lánsfjárhæð miðast við úthlutunarreglur/framfærsluviðmiðum LÍN fyrir skólaárið 2016-2017
- Í nýju kerfi er styrkuppþæðin dregin frá framfærsluviðmiðum LÍN og lánsfjárhæð miðuð við það.
- Í núverandi kerfi er m.v. gildandi vaxtakjör námlána, 1% en í nýju kerfi við 3% vexti (2,5%+ 0,5% álag).
- Námslán í núverandi kerfi bera vexti frá því skuldabréfi er lokað að námi loknu en í nýju kerfi bera lánin vexti frá útborgunardegi láns.

Í öllum tilvikum eru námslán verðtrygð skv. vísitölu neysluverðs. Í öllum útreikningum er miðað við 2,5% verðbólgu á ársgrundvelli allan lánstímann. Áhrif á vaxta- barna- og húsaleigubætur: Námslán teljast ekki til tekna við ákvörðun þessara bóta í dag og því hefur breyting á lánsfjárhæð ekki áhrif á útreikning þeirra. Ef námsstyrkur mun teljast til skattskyldra tekna og hefur áhrif til skerðingar á húsnæðisstuðningi og barnabótum mun það skerða ráðstöfunartekjur námsmanna sem því nemur.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, með síðari breytingum (verðtryggt lán), 817. mál

Með frumvarpinu er lagt til að frá og með 1. janúar 2017 verði óheimilt að veita neytendalán til lengri tíma en 25 ára sé það verðtryggt með jafngreiðslufyrirkomulagi. Þó verði áfram heimilt að veita slík lán ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- Lántaki er yngri en 35 ára á lántökudegi má lána til allt að 40 ára
- Lántaki er 35-39 ára á lántökudegi má lána til allt að 35 ára
- Lántaki er 40-44 ára á lántökudegi má lána til allt að 30 ára
- Skattskyldar tekjur næstliðins árs eru lægri en 3,5 milljónir hjá einstaklingi (292.000 á mánuði) eða 6 milljónum hjá þörum (500.000 á mánuði)
- Veðsetningarhlutfall er ekki hærra en 50% á lántökudegi

Samkvæmt greinagerð frumvarpsins er markmið breytinganna að stemma stigum við þeirri hættu sem felst í verðtrygðum langtímafasteignalánum. Þar kemur einnig fram að á árinu 2015 hafi verðtryggti jafngreiðslulán til 40 ára numið um 78% allra nýrra íbúðalána. Gera megi ráð fyrir að 30-50% lántaka falli undir undanþáguákvæði frumvarpsins vegna aldurs, 5-10% vegna tekna og 5-15% vegna veðsetningar. Í heildina má því gera ráð fyrir að allt að 75% lántaka falli undir undanþáguákvæði frumvarpsins og hafi þannig áfram heimild til að taka verðtryggt jafngreiðslulán til lengri tíma en 25 ára.

Með hliðsjón af þessu er óljóst hver áhrif frumvarpsins verða í reynd og hvernig breytingin á að tryggja að markmið frumvarpsins nái fram að ganga. Líkt og farið er yfir í greinagerð frumvarpsins mun reynast ungu fólki og tekjulágum heimilum erfitt eða jafnvel ómögulegt að ráða við greiðslubyrði styttri lána og/eða óverðtrygðra lána. Með frumvarpinu er því lagt til að þessum hópum verði áfram veitt hin áhættusömu verðtryggtu jafngreiðslulán til 40 ára.

Með þessum breytingum er ekki gerð nein tilraun til að takast á við hinn raunverulega vanda sem fellst í háum vöxtum og gölluðu húsnæðislánakerfi. Í

stað þess eru viðkvæmstu hóparnir skildir eftir með þann eina raunhæfa kost að fjármagna húsnæðis kaup með dýrasta lánsforminu.

Alþýðusambandið hefur um nokkurt skeið talað fyrir því að farið verði í gagngerar breytingar á húsnæðislánakerfinu sem tryggja að hagnaður lánveitanda af viðskiptum með vel tryggð skuldabréf með veði í húsnæði fólks skili sér í formi lægri vaxta til lántakenda. Í dag rennur þessi vaxtamunur alfarið til lánveitandans.

Í því samhengi hefur verið horft til danska húsnæðislánakerfisins þar sem lánveitendum er skylt að skilja að fasteignalánastarfsemi sín og aðra áhættusæknari lánastarfsemi með sérstökum húsnæðisveðlánastofnunum. Þá er þeim gert að halda jafnvægi milli útlána og fjármögnunar (eigna- og skuldahliðar) í húsnæðislánastofnunum til að koma í veg fyrir að misvægi valdi óþarfa áhættu sem lendi á lántökum.

Alþýðusambandið hefur gefið út ýtarlegt efni um þetta fyrirkomulag m.a. í skýrslunni Nýtt húsnæðislánakerfi að danskri fyrirmynd sem áður hefur verið kynnt Alþingi. Skýrsluna má m.a. finna sem viðhengi við umsögn ASÍ um mál nr. 383 á yfirstandandi löggjafalþingi.

Alþýðusambandi mælist eindregið til þess að Alþingi taki upp þessar hugmyndir og geri nauðsynlega bragabót á húsnæðislánakerfinu.

Frumvarp til laga um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, 818. mál

Samkvæmt frumvarpinu verður þeim sem hafa ekki áður átt fasteign heimilt að nýta séreignarsparnað sinn skattfrjálst í allt að 10 ár til óflunar íbúðarhúsnæðis. Heimildin nær til bæði eigin framlags launamanns (allt að 4% af launum) og framlags launagreiðenda (2% af launum), samtals að hámarki kr. 500.000 á einstakling á hverju 12 mánaða tímabili. Til að fullnýta heimildina þurfa mánaðarlaun að vera a.m.k. 694.444 kr. Ráðstöfunin nær til iðgjalda í séreignarsparnað sem greidd eru á 10 ára tímabili sem getur hafist í fyrsta lagi frá gildistöku laganna þann 1. júlí 2017. Aðgerðin nær þannig eingöngu til þeirra sem kaupa sína fyrstu eign eftir 1. júlí á næsta ári.

Það er mat ASÍ að skattfrjáls nýting séreignarsparnaðar til kaupa á fyrstu íbúð gagnast í bráð fyrst og fremst þeim sem eiga eigið fé og hafa greiðslugetu til þess að standast greiðslumat hjá fjármálastofnun. Fyrir þann hóp munu viðbótargreiðslur úr séreignarsparnaði inn á húsnæðislán vissulega flýta eignarmyndun og draga úr vaxtakostnaði til lengri tíma. Aðgerðin gagnast hins vegar lítið þeim sem eru í mestum vanda á húsnæðismarkaði.

Reynsla liðinna ára hefur sýnt að of mikil skuldsetning og of hátt lánshlutfall getur reynst dýrkeypt í efnahagssveiflum. Það kann því að vera skynsamlegt að gefa ungu fólki kost á að nýta séreignarsparnað sinn fyrstu árin skattfrjálst til að safna fyrir útborgun í húsnæði. Það er hins

vegar ekki skyndilausn á húsnæðisvanda ungs fólks. Raunverulegar lausnir í húsnæðismálum fyrir ungt fólk og tekjulág heimili felast þess vegna í því að ráðast að rót vandans sem eru háir vextir, gallað húsnæðislánakerfi og vöntun á hagkvæmu leiguhúsnæði. Þess vegna telur Alþýðusambandið brýnt að forgangsraða nægu skattfé í húsnæðisstuðning og til uppbyggingar í nýja almenna leiguíbúðakerfinu sem gæfi ungu fólk tækifæri á öruggu húsnæði á viðráðanlegum kjörum á meðan það safnar sér upp nauðsynlegu sparifé til kaupa á eigin húsnæði. Þær 400 almennu íbúðir á ári sem stjórnvöld áætla að styðja byggingu á næstu árin duga þar engan veginn til.

Í viðauka má sjá útreikninga og dæmi um það hámarks eigið fé sem einstaklingar og pör geta lagt fyrir skattfrjálst skv. úrræðinu m.v. mismunandi tekjur og þann tíma sem tekur að safna fyrir útborgun í íbúð auk dæma um greiðslumat og greiðslubyrði. Útreikningarnir sýna hversu langan tíma það tekur að safna raunhæfri útborgun í hóflegri fasteign og að úrræðið eitt og sér dugar fáum. Þá má sjá að þrátt fyrir að fólk eigi eigið fé til útborgunar er greiðslumatið þröskuldur fyrir marga.

Samandregið:

- Skattfrjáls nýting séreignarsparnaðar til kaupa á fyrstu íbúð gagnast fyrst og fremst þeim hópi sem á eigið fé og hefur greiðslugetu til þess að standast greiðslumat hjá fjármálastofnun. Fyrir þann hóp mun úrræðið flýta eignarmyndun og draga úr vaxtakostnaði.
- Úrræðið mun í bráð ekki leysa vanda þeirra sem eru verst staddir á húsnæðismarkaði – ungt fólk sem á ekki eigið fé til útborgunar í húsnæði og/eða hefur ekki tekjur til þess að standast greiðslumat hjá lánastofnunum.
- Reynslan hefur kennt okkur að of mikil skuldsetning og of hátt láns hlutfall getur reynst dýrkeypt í efnahagssveiflum. Það kann því að vera skynsamlegt að gefa ungu fólki kost á að nýta séreignarsparnað sinn fyrstu árin skattfrjálst til að safna fyrir útborgun í húsnæði. Það er hins vegar ekki skyndilausn á húsnæðisvanda ungs fólks.
- Raunverulegar lausnir í húsnæðismálum fyrir ungt fólk og tekjulág heimili felast þess vegna í því að ráðast að rót vandans sem eru háir vextir, gallað húsnæðislánakerfi og vöntun á hagkvæmu leiguhúsnæði.
- Rétt væri að byrja á að forgangsraða nægilegu skattfé í húsnæðisstuðning og til uppbyggingar í nýja almenna leiguíbúðakerfinu sem gæfi ungu fólk raunhæft tækifæri á öruggu húsnæði á viðráðanlegum kjörum á meðan það safnar sér upp nauðsynlegu sparifé til kaupa á eigin húsnæði.
- Þær 400 almennu íbúðir á ári sem stjórnvöld áætla skv. fjármálaáætlun til

næstu fimm ára að styðja byggingu á duga þar engan veginn til. Mat ASÍ er að fjölga þurfi almennum íbúðum um a.m.k. 1.000 á ári næstu árin.

- Auka þarf fjármagn til húsnæðisbótakerfanna og styðja betur við ungt fólk en undanfarin ár hafa þessi kerfi verið veikt verulega og dregið úr stuðningnum. Fimm ára fjármálaáætlun gerir hins vegar ráð fyrir að húsnæðisstuðningskerfin verði veikt enn frekar.
- Samkvæmt frumvarpinu mun heimild til nýtingar á séreignarsparnaði til kaupa á fyrstu fasteign taka gildi þann 1. júlí 2017 og nær þannig ekki til þeirra sem kaupa húsnæði fram að þeim tíma. Þetta kann að hafa talsverð áhrif á fasteignamarkaði, þar sem miklir hagsmunir í formi skatthlunninda eru í húfi verður ríkur hvati til að fresta fyrstu kaupum fram að gildistöku frumvarpsins.
- Áhrif heimildarinnar á fasteignaverð ræðst einnig að miklu leyti af framboði af hentugu húsnæði fyrir kaupendur fyrstu fasteignar og þátttöku í aðgerðinni. Þótt íbúðafjárfesting hafi tekið við sér undanfarid hefur hún ekki verði nægileg til að mæta mannfjöldapröun, aukinni eftirspurn með vaxandi kaupmætti og uppsafnaðri þörf eftir hrunárin þegar lítið sem ekkert var byggt af nýju húsnæði. Því er nauðsynlegt að stuðla að aukinni uppbyggingu á hentugu húsnæði fyrir fyrstu kaupendur.
- Áhrif aðgerðarinnar á tekjur ríkis og sveitarfélaga til framtíðar eru nokkuð óljós. Nauðsynlegt er að greina þau betur m.a. með tilliti til tekju-skiptingar ríkis og sveitarfélaga.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, með síðari breytingum (losun fjármagnshaftha), 826. mál

Alþýðusambandið tekur undir mikilvægi þess að losa eins fljótt og kostur er um þær takmarkanir sem settar voru á fjármagnsflutninga einstaklinga og fyrirtækja í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008. Ofangreint frumvarp er liður í því ferli.

Alþýðusambandið leggur áherslu á að við losun fjármagnshaftha verði stigin varfærin skref og þess gætt í hvívetna að ógna ekki efnahagslegum stöðugleika með gengisfalli og verðbólgu sem leiði til kjararýrnunar launafólks. Í því tilliti má benda á að gildandi kjarasamningar á almennum vinnumarkaði hvíla á þeirri forsendu að kaupmáttur launa aukist á samningstímanum. Gangi það ekki eftir skapast hætt á óróleika á vinnumarkaði og uppsögn kjarasamninga.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum (stefnumótun á sviði húsnæðismála og breyting á hlutverki Íbúðalánasjóðs), 849. mál

Með frumvarpinu eru lagt til að gerðar verði grundvallar breytingar á starfsemi

Íbúðalánasjóðs og hætt almennum lánveitingum til einstaklinga. Auk þessa eru í frumvarpinu ákvæði sem fela Íbúðalánasjóði umsjón með veitingu stofnframlaga til almennra íbúðafélaga og brýn ákvæði um stefnumótun, upplýsingaöflun og ráðgjöf um húsnæðismál.

Lánveitingar til einstaklinga takmarkist við sértæk lán

Samkvæmt frumvarpinu verður Íbúðalánasjóði ekki heimilt að veita almenn húsnæðislán til einstaklinga og lánveitingar takmarkaðar við sértæk lán sem bundinn eru þeim skilyrðum að einstaklingar sýni fram að þeir fái ekki lán á ásættanlegum kjörum vegna fasteignar hjá fjármálastofnun svo sem vegna staðsetningar fasteignar eða af öðrum ástæðum sem ekki eru tilgreindar í frumvarpinu.

Samkvæmt frumvarpinu skal stjórn sjóðsins ákvarða lánakjör sértækra lána og skal hún hafa hliðsjón af markaðsvöxtum á sértækum skuldabréfum að viðbættu vaxtaálagi sem tekur mið af útlánatöpum og vaxtaáhættu. Í greinagerð með frumvarpinu segir að með þessu sé reynt að ná fram því markmiði að allir landsmenn sitji við sama borð varðandi aðgang að lánsfé og kjör þeirra og því sé nærtækast að vextir sértækra lána verði sem næst því sem gengur og gerist á almennum markaði.

Sú leið sem lögð er til í frumvarpinu að takamarka lánveitingar Íbúðalánasjóð til einstaklinga við sértæk lán til þeirra sem ekki fá lán hjá öðrum fjármálastofnunum mun hafa víðtækar afleiðingar á starfsemi Íbúðalánasjóðs og auka verulega áhættu í lánasafni sjóðsins. Að öðru óbreyttu mun það leiða til þess að vaxtakjör sjóðsins versna og þeir hópar sem ekki eiga annarra kosta vól en að taka lán hjá sjóðnum, sem ætla má að verði einkum íbúar á landsbyggðinni og tekjulægri heimili, greiða hærri vexti af húsnæðislánunum sínum en aðrir landsmenn.

Gagnrýnisvert er að í mati á áhrifum breytinganna er ekki gerð nein tilraun til að meta áhrif þeirra á starfsemi, lánasafn og áhættu Íbúðalánasjóðs né á vaxtakjör og húsnæðislánamarkaðinn í heild.

Alþýðusambandið telur umræddar breytingar á heimildum Íbúðalánasjóðs á lánveitingum til einstaklinga með öllu ótækar og leggst alfarið gegn þeim.

Bókhaldslegur aðskilnaður

Við breytingarnar er gert ráð fyrir að gerður verði bókhaldslegur aðskilnaður milli þeirrar starfsemi sjóðsins er lýtur að veitingu stofnframlaga og nýrra sértækra lána annars vega og hins vegar umsýslu með eign- og skuldasafn sjóðsins vegna starfsemi sjóðsins fyrir gildistöku frumvarpsins. Með þessu sé komið í veg fyrir að áhætta vegna fortíðarvandan sjóðsins flytjist með og falli á nýju starfsemina.

Eins og fram kemur í greinagerð með frumvarpsdrögunum fór umræða um hlutverk stjórnvalda við veitingu almannaþjónustu á húsnæðislánamarkaði fram í samvinnuhópi um framtíðarskipan húsnæðismála þar sem Alþýðusamband Íslands átti m.a. sæti. ASÍ lýsti sig þar alfarið andvígt því að Íbúðalánasjóður dragi sig út af almennum húsnæðislánamarkaði en tekur undir nauðsyn þess að leysa fortíðarvanda sjóðsins, sem kemur í veg fyrir að hann geti í dag sinnt hlutverki sínu, með bókhaldslegum aðskilnaði á þeim hluta starfseminnar. Þá lagði ASÍ áherslu á nauðsyn þess að gera umbætur á húsnæðislánakerfinu með þeim hætti að skilyrða veitingu fasteignalána við sérstakar húsnæðisveðlánastofnanir að danskri fyrirmynd. Húsnæðislánastofnanir miðla eingöngu fjármagni milli fasteignakaupenda og fjárfesta með útgáfu sértryggðra skuldabréfa. Fasteignalán eru þannig ekki fjármögnuð með innlánum og áhættustarfsemi og vextir fasteignalána ekki ákvarðaðir af lánastofnun líkt og nú, heldur á markaði.

Í skýrslu samvinnuhópsins kemur fram eftirfarandi álit ASÍ:

... Jafnframt telur ASÍ mikilvægt að fortíðarvandi Íbúðalánasjóðs verði leystur með því að taka þau lán sem Íbúðalánasjóður tók með sölu úppgreiðanlegra skuldabréfa á markaði á grundvelli löggjafarinnar frá 2004, ásamt þeim útlánnum sem sjóðurinn veitti á grundvelli þessarar útboða, í sérstakan sjóð sem unnið verði sérstaklega úr. Það sem þá stendur eftir af efnahagsreikningi Íbúðalánasjóðs (húsnæðislán á grundvelli eldri lánakerfa), að öllum líkindum um 100 milljarðar króna, ásamt núverandi eigin fé sjóðsins verði lagt til grundvallar nýju hlutafélagi í eigu ríkisins sem starfi á grundvelli nýrra laga um húsnæðisveðlánastofnanir að danskri fyrirmynd. Þetta verði gert samhliða lagasetningu um nýjar húsnæðisveðlánastofnanir. Þannig verði þegar í upphafi til öflugt húsnæðisveðlánafyrirtæki með mikla þekkingu á almennum húsnæðismarkaði og íslenskum verðbréfamarkaði og sem starfa mun samhliða og í samkeppni við aðrar húsnæðisveðlánastofnanir. Afar mikilvægt er, að við svo mikla en nauðsynlega umbreytingu húsnæðislánamarkaðarins verði reynt að byggja í eins ríku mæli á meginstoðum núverandi kerfis sem almenningur bæði þekkir og treystir. Engin rök eru fyrir að við slíkar breytingar byrji ríkið á því að leggja niður eigin stofnanir í stað þess að breyta þeim í almenn hlutafélög sem starfi á sama grunni og einkarekin fyrirtæki. Þannig var íslenska fjármálakerfinu, sem að mestu var rekið af ríkisbönkum, breytt fyrir nokkrum árum og ekki ástæða til annars nú. Þessi húsnæðisveðlánastofnun gæti þjónustað smærri fjármálafyrirtæki á borð við sparisjóði eða lífeyrissjóði eins og fram kemur í skýrslunni.

Úthlutun stofnframlaga og greiningar á húsnæðismálum

Í frumvarpinu eru einnig tillögur að breytingum er lúta að því að fela Íbúðalánasjóði verkefni við úthlutun stofnframlaga til almennra íbúða í samræmi við lög um almennar íbúðir. Auk þess eru ákvæði er lúta að stefnumótun, greiningu og áætlanagerð í húsnæðismálum, þ.m.t. ákvæði er skylda sveitarfélög til gerðar á húsnæðisáætlunum, hlutverk íbúðalánasjóðs við söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði húsnæðismála og mat á húsnæðisþörf. Þá er ráðherra gert að leggja fram þingsályktun um stefnumótun á sviði húsnæðismála í kjölfar kosninga til að tryggja aðkomu Alþingis að húsnæðisstefnu og lagt til að húsnæðisþing verði haldið á tveggja ára fresti þar sem samráð er átt við hagsmunaaðila um stefnumótun í húsnæðismálum. Alþýðusambandið tekur undir efni þessara ákvæða og mælist til samþykktar þeirra.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð og lögum um málefni aldraðra, með síðari breytingum (einföldun bótakerfis, breyttur lífeyristökualdur o.fl.), 857. mál

Meginefni frumvarpsins snýr að grundvallarbreytingu og einföldun á bótakerfi almannatrygginga gagnvart ellilífeyrisþegum, auknum sveigjanleika til töku ellilífeyris og hækkun á lífeyrisaldri um þrjú ár á næstu 24 árum. Þá er í frumvarpinu lagt til að komið verði á fót tilraunaverkefni um nýtt greiðslufyrirkomulag um greiðsluþátttöku íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

A/ Ellilífeyrir almannatrygginga

Sá þáttur frumvarpsins sem snýr að bótakerfi og réttindum ellilífeyrisþega í almannatryggingakerfinu er í samræmi við niðurstöðu nefndar um endurskoðun almannatryggingar sem skilaði tillögum sínum til félags- og húsnæðismálaráðherra í mars síðastliðnum.

Einföldun bótakerfis almannatrygginga gagnvart ellilífeyrisþegum


Lagt er til að bótakerfi almannatrygginga gagnvart ellilífeyrisþegum verði einfaldað verulega með sameiningu bótaflokka, afnámi frítekjumarka og mismunandi skerðingarreglum eftir uppruna tekna. Tekinn verði upp einn sameinaður bótaflokkur ellilífeyris sem lækki um 45% af samanlögðum tekjum öðrum en séreignarsparnaði. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að ellilífeyrisaldur hækki í skrefum úr 67 árum í 70 ár á 24 ára tímabili auk þess sem sveigjanleiki almannatrygginga til töku lífeyris er aukinn. Þannig verði heimilt að flýta töku ellilífeyris til 65 ára aldurs gegn varanlegri lækkun lífeyris á tryggingafræðilegum grunni og að sama skapi fresta töku ellilífeyris

til 80 ára aldurs gegn varanlegri hækkun. Auk þess sem tekin verður upp heimild til töku hálfis ellilífeyris sem einnig eykur möguleika til sveigjanleika í starfslokum.


Líkt og rakið er í greinargerð frumvarpsins hefur vinna við endurskoðun almannatrygginga staðið yfir nær samfleytt síðastliðinn ellefu ár í þverpólíttiskum nefndum með aðkomu fjölmargra hagsmunaaðila. Núverandi áfangi endurskoðunarinnar má rekja til nefndar sem félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði haustið 2013. Segja má að leiðarljós endurskoðunarinnar hafi frá upphafi snúið að því að einfalda bótakerfi almannatrygginga og auka gagnsæi, bæta samspil þess við lífeyriskerfið, auka sveigjanleika og efla starfsendurhæfingu. Efni frumvarpsins er afrakstur þessarar vinnu og mun einfalda til muna bótakerfi almannatrygginga gagnvart ellilífeyrisþegum. Er nú svo komið að fyrir allan almenning er nánast ógerningur að hafa yfirsýn yfir réttindi sín í almannatryggingakerfinu og áhrif breytinga á tekjum á þau. Í dag eru bætur almannatrygginga samsettar af grunnlífeyri, tekjutryggingu, framfærsluuppbot og heimilisuppbot til þeirra sem búa einir – þessir bótaflokkar skerðast með mismunandi hætti eftir uppruna tekna (lífeyrissjóðstekjur, atvinnutekjur eða fjármagnstekjur) og hafa mis há frítekjumörk. Auk þess valda skerðingarreglur fyrir bótaflokkinn framfærsluuppbot, sem skerðist krónu fyrir krónu gagnvart öllum tekjum, því að ellilífeyrisþegar hafa í reynd lítinn eða jafnvel engan ávinning af því að hafa greitt iðgjald til lífeyrissjóða í áratugi. Þannig hefur einhleypur ellilífeyrisþegi sem fær 60.000 krónur greiddar úr lífeyrissjóði á mánuði engan ávinning af þeim tekjum og fái hann 100.000 krónur heldur hann eftir um 19.000 krónum. Þessi mikla tekjuskerðing vegur að stóðum lífeyrissjóðakerfisins og getur til lengdar eyðilagt þá sátt sem ríkja þarf um sjálfbærni kynslóðanna í fjármögnun lífeyrisbyrðarinnar. Þetta er ótækt. Sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu um að sameina bótaflokkana grunnlífeyri, tekjutryggingu og framfærsluuppbot í einn bótaflokk, ellilífeyri sem skerðist um 45% af tekjum mun einfalda kerfið til muna og bæta samspilið við lífeyriskerfið umtalsvert. Þetta mun einkum bæta kjör þess hóps sem í dag hefur tiltölulega lágur greiðslur úr lífeyrissjóði en þar á meðal er sú kynslóð sem ekki náði að safna fullum réttindum í lífeyrissjóð á starfsævinni. Áhrif breytinganna á samspil tekna frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum má sjá nánar á myndum að neðan.

Líkt og úrreikningar nefndar um endurskoðun almannatrygginga sýna munu allflestir ellilífeyrisþegar fá hærri lífeyrisgreiðslur úr almannatryggingunum verði frumvarpið að lögum. Breytingin er þó viðamikil og getur haft ólík áhrif á afkomu einstaklinga. Vegna hlutfallslegar hárra frítekjumarka á atvinnutekjur munu tekjur lítills hóps ellilífeyrisþega sem hefur atvinnutekjur á bilinu 105.000 – 374.000 t.a.m. lækka við breytinguna. Til þess að skapa ekki


Óvissu um afkomu er brýnt að tryggja með sólarlagsákvæði líkt og lagt er til í frumvarpinu að greiðslur frá almannatryggingum lækki ekki við yfirfærslu í nýtt kerfi. Í þessu samhengi má einnig benda á að með heimild til töku á hálfum ellilífeyri sem verður án tekjutengingar líkt og lagt er til í frumvarpinu mun hvati og sveigjanleiki til atvinnuþátttöku lífeyrisþega aukast til muna.




Mynd 1: Núverandi bótakerfi almannatrygginga og samspil við lífeyrissjóðstekjur



Mynd 2: Samanburður á heildartekjum lífeyrisþega með lífeyrissjóðstekjur í núverandi bótakerfi almannatrygginga og skv. tillögum frumvarpsins



Mynd 3: Hlutfallsleg breyting heildartekna ellilífeyrisþega með lífeyrissjóðstekjur skv. tillögum frumvarpsins.



Mynd 4: Samanburður á ávinningi af lífeyrissjóðstekjum í núverandi bótakerfi almannatrygginga og skv. tillögum frumvarpsins.

Hækkun ellilífeyrisaldurs og aukinn sveigjanleiki

Aukin velsæld og framfarir í læknávisindum hafa síðustu áratugi stöðugt aukið

líflíkur. Frá því samið var um stofnun almennu lífeyrissjóðanna árið 1969 hefur meðalævi íslenskra karla lengst úr tæpum 72 árum í tæpt 81 ár og kvenna úr 77,5 í tæpt 84 ár. Sextug kona gat árið 1970 vænst þess að lifa í 21,7 ár til viðbótar og vera á lífeyri í 14,7 ár miðað við 67 ára eftirlaunaaldur. Í dag getur sextug kona vænst þess að lifa í rúm 25 ár og vera rúm 18 ár á lífeyri. Þessi jákvæða þróun hefur áhrif á samfélagið allt og er nú víðast horft til hækkunar á almennum eftirlaunaaldri til að mæta þessari þróun. Slík breyting dugar ekki ein og sér þar sem þessari þróun fylgja fjölmargar áskoranir fyrir lífeyris- og velferðarkerfið og ekki síður fyrir atvinnulífið. Í því felst m.a. að auka verður möguleika eldra fólks til lengri og virkari þátttöku á vinnumarkaði með auknum sveigjanleika í starfslokum og töku lífeyris. Í frumvarpinu er komið til móts við þetta með tillögu um að lífeyrisaldur hækki í hægum skrefum næstu 24 árin og verði árið 2041 orðin 70 ár. Samhlið því er sveigjanleiki til töku lífeyris aukinn verulega bæði með því að heimila töku ellilífeyris almannatrygginga frá 65-80 ára aldurs gegn varanlegri lækun/hækkun á lífeyrinum auk þess sem tekin er upp sú mikilvæga nýbreytni að unnt verður að taka hálfan ellilífeyri, t.d. samhliða hlutastarfi, án tekjuskerðinga.

Alþýðusambandið fagnar ofangreindum breytingum á ellilífeyri almanna-trygginga og hvetur eindregið til samþykktar þeirra. Að baki tillögunum liggur áralöng þverpólítísk vinna fjölmargra aðila þar sem samhljómur hefur ríkt um nauðsyn slíkra breytinga án þess að til þeirra hafi komið.

Athugasemdir

Alþýðusambandi vekur athygli á því að samkvæmt frumvarpinu er áfram gert ráð fyrir að séreignarlífeyrissparnaður sé undanskilin við mat á tekjum og hafi því ekki áhrif á útreikning ellilífeyris almannatrygginga. Þetta getur þýtt að hópar sem hafa miklar séreignarlífeyristekjur fái jafnframt óskertar bætur almannatrygginga á sama tíma og þeir sem fá greiðslur úr samtryggingarlífeyrissjóðum eða fjármagnstekjur af öðrum sparnaði eru skertir. Eðlilegt er að stefnt sé að því að séreignarsparnaður sé gerður jafnsettur öðrum sparnaði, þannig að greint sé á milli höfuðstóls og ávöxtunar.

ASÍ áréttar einnig afstöðu sína um nauðsyn þess að gera breytingar á barnalífeyri almannatrygginga sem tryggja jafnræði í framfærsluþvingi við tekjulágt barnafólk, óháð því hvort það hefur launatekjur á vinnumarkaði eða lífeyristekjur.

Líkt og ASÍ gagnrýndi í umsögn sinni um tillögu til þingsályktunar um fjármálastefnu og fjármálaáætlun fyrir árin 2017-2021, (þingmál 740. og 741 á 145. löggjafarþingi), eru umræddar umbætur á almannatryggingarkerfinu ófjármagnaðar þrátt fyrir að legið hafi fyrir áform þar um. Á þetta er einnig bent í kostnaðarumsögn velferðarráðuneytisins með frumvarpinu.

Þá ítrekar ASÍ þá skoðun sína að til viðbótar við ofangreindar breytingar á almannatryggingakerfinu er brýnt að ráðast nú þegar í heildarendurskoðun á ákvæðum almannatryggingalaga varðandi örorkulífeyrisþega í samræmi við niðurstöður nefndar um endurskoðun almannatrygginga. Ný nálgun í mati á starfsgetu og sambærileg endurskoðun á bótakerfi almannatrygginga gagnvart örykjum er löngu tímabær og fyrir liggur að langan tíma mun taka að innleiða breytingarnar að fullu.

B/ Tilraunaverkefni um nýtt greiðslufyrirkomulag um greiðsluþátttöku íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum

Í stefnu Alþýðusambands Ísland í lífeyrismálum frá árinu 2013 segir:

Horfið verði frá tekjutengingum milli heilbrigðiskerfisins og lífeyris- tekna í gjaldtöku á dvalar- og hjúkrunarheimilum fyrir aldrada. Skilgreindur verði almennur húsnæðis- og fæðiskostnaður en hjúkrunar- kostnaður verði á vegum opinberra aðila.

Alþýðusambandið fagnar áformum um breytingar á fyrirkomulagi greiðslu- þátttöku íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum sem miðar að því að íbúar fái greiddan lífeyri sinn og greiði milliliðalaust framfærslu- og húsnæðiskostnað á heimilunum en greiðsluþátttaka fyrir lyf og aðra heilbrigðisþjónustu líti almennum reglum sem um það gilda.

Frumvarp til stjórnskipunarlag, 841. mál

Alþýðusamband Íslands hefur stutt að stjórnarskrá Íslands verði breytt og m.a. tekin upp ákvæði um beint og milliliðalaust lýðræði og studdi stofnun stjórnlagaráðs á sínum tíma og það opna ferli sem komst á í vinnu ráðsins.

Það frumvarp sem nú er lagt fram tekur ekki á öllum þeim álitamálum sem uppi hafa verið á undanförunum árum og áratugum. Frumvarpið tekur hins vegar á þremur brýnum breytingum sem á stjórnarskránni þarf að gera og sem breið sátt hefur náðst um innan Alþingis og á milli þings og þjóðar. Frumvarpið, ef það verður samþykkt, markar ekki endalok á endurskoðun stjórnarskrárrinnar og ætla má að vinnu verði haldið áfram við heildarendurskoðun hennar.

Alþýðusamband Íslands styður því eindregið að frumvarp það sem nú er til meðferðar og varðar ný ákvæði um vernd náttúrunnar, auðlindir í náttúru Íslands og beint lýðræði fái afgreiðslu á yfirstandandi þingi.

Frumvarp til laga um kjararáð, 871. mál

Alþýðusambandið telur nauðsynlegt að kveða með skýrum hætti á um það í lögnum að gera skuli grein fyrir og birta opinberlega úrskurði kjararáðs sem

og ákvarðanir ráðherra eða sérstakrar starfseiningar sem ákvarðar forsendur launaákvarðana embættismanna og forstöðumanna ríkisstofnanna.

Alþýðusambandið gerir að öðru leyti ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

FULLTRÚAR ASÍ Í NEFNDUM OG RÁÐUM

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Nýsköpunarmiðstöð Íslands – Ráðgjafanefnd

Tilnefning: 20. apríl 2016

Signý Jóhannesdóttir. Til vara Róbert Farestveit

Skipunartími: Til maí 2019

Nýsköpunarsjóður

Tilnefning: 20. apríl 2016

Ólafía B. Rafnsdóttir. Til vara Kristján Þórður Snæbjarnarson

Skipunartími: Til aðalfundar Nýsköpunarsjóðs 2017

Forsætisráðuneytið

Íslenska upplýsingasamfélagið

Tilnefning: 30. janúar 2008

Snorri Már Skúlason

Skipunartími: Ótilgreindur

Ráðgjafanefnd um opinberar eftirlitsreglur

Tilnefning: Júlí 2013

Halldór Oddsson. Til vara Magnús M. Norðdahl

Skipunartími: 3 ár

Vísinda- og tækniráð

Tilnefning: 2. september 2016

Eyrún Valsdóttir og Róbert Farestveit

Til vara: Finnbjörn A. Hermannsson og Kristján Þórður Snæbjarnarson

Skipunartími: 3 ár

Hagstofan

Ráðgjafanefnd um vísitölu neysluverðs

Tilnefning: Henný Hinz

Skipunartími: Ótilgreindur

Innanríkisráðuneytið

Samráðshópur vegna mansals

Tilnefning: 12. júní 2013

Marianna Traustadóttir

Til vara: Drífa Snædal

Skipunartími: Ótilgreindur

Mennta-og menningarmálaráðuneytið

Fræðslusjóður – stjórn

Tilnefning: 17. september 2014

Fjóla Jónsdóttir og Halldór Grönvold

Til vara: Ólafía B. Rafnsdóttir og Hilmar Harðarson

Skipunartími: 12. október 2018

Höfundaréttarráð

Tilnefning: 12. febrúar 2014

Magnús M. Norðdahl

Skipunartími: Til 2019

Starfsgreinaráð skv. lögum um framhaldsskóla

